Nd. **1. Frumvarp til laga**

um viðauka við lög nr. 109 31. des. 1945, um togarakaup ríkisins.

(Lagt fyrir Alþingi á 68. löggjafarþingi, 1948.)

1. gr.

Auk þeirra togara, sem um ræðir í 1. gr. laganna, er ríkisstjórninni heimilt að láta smíða eða kaupa allt að 10 togara erlendis og skal ráðstafa þeim á sama hátt og í lagagreininni segir.

Til þessara framkvæmda er ríkisstjórninni heimilt að taka allt að 30 millj. kr. lán, er greiðist upp þegar skipin hafa verið seld.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Frumvarp þetta er lagt fyrir Alþingi samkvæmt fyrirmælum 28. gr. stjórnarskrárinnar og vísast til fylgiskjalsins um ástæður fyrir því.

Fylgiskjal.

Bráðabirgðalög um viðauka við lög nr. 109 31. des. 1945, um togarakaup ríkisins.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Forsætisráðherra hefur tjáð mér, að í samræmi við stefnuskrá ríkisstjórnarinnar hafi hún látið fram fara athugun á kaupum nýrra togara til landsins, til viðbótar þeim togurum, sem áður hefur verið samið um smíði á. Athuganir þessar hafa sýnt, að öruggasta leiðin til þess að fá togara byggða erlendis fljótt og með hagkvæmum kjörum sé, að ríkisstjórnin gerist aðili að væntanlegum samningum um togarasmíðina.

Með því að ég fellst á, að brýn nauðsyn sé á því að setja bráðabirgðalög samkvæmt 28. gr. stjórnarskrárinnar um framangreint efni, gef ég út bráðabirgðalög á þessa leið:

1. gr.

Auk þeirra togara, sem um ræðir í 1. gr. laganna, er ríkisstjórninni heimilt að láta smíða eða kaupa allt að 10 togara erlendis og skal ráðstafa þeim á sama hátt og í lagagreininni segir.

Til þessara framkvæmda er ríkisstjórninni heimilt að taka allt að 30 millj. kr. lán, er greiðist upp þegar skipin hafa verið seld.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört í Reykjavík, 16. júní 1948.

Sveinn Björnsson.

(L. S.)

Stefán Jóh. Stefánsson.

Nd. 2. Frumvarp til laga [2. mál]

um heimild fyrir ríkisstjórnina til þess að leyfa innflutning á síldarbræðsluskipi.

(Lagt fyrir Alþingi á 68. löggjafarþingi, 1948.)

1. gr.

Ráðherra er heimilt að leyfa innflutning skips, sem í verða sett síldarbræðslutæki, þótt eldra sé en 12 ára, sbr. 38. gr. laga nr. 68/1947.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Um frumvarp þetta, sem lagt er fyrir Alþingi samkvæmt 28. gr. stjórnarskrárinnar, vísast til fylgiskjalsins hér á eftir.

Fylgiskjal.

Bráðabirgðalög um heimild fyrir ríkisstjórnina til þess að leyfa innflutning á síldarbræðsluskipi.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Samgöngumálaráðherra hefur tjáð mér, að tekizt hafi að festa kaup á skipi í Bandaríkjunum til þess að setja í það síldarbræðslutæki, en þar sem skip þetta sé eldra en 12 ára, beri brýna nauðsyn til, að heimild sé veitt til innflutnings skipsins, sbr. 38. gr. laga nr. 68/1947.

Vegna þessa gef ég út bráðabirgðalög samkvæmt 28. gr. stjórnarskrárinnar á þessa leið:

1. gr.

Ráðherra er heimilt að leyfa innflutning skips, sem í verða sett síldarbræðslutæki, þótt eldra sé en 12 ára, sbr. 38. gr. laga nr. 68/1947.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört í Reykjavík, 16. júlí 1948.

Sveinn Björnsson.

Emil Jónsson.

Ed. 3. Frumvarp til laga [3. mál]

um breyting á lögum nr. 54/1928, um Menningarsjóð, og lögum nr. 70/1936, um breyting á þeim lögum.

(Lagt fyrir Alþingi á 68. löggjafarþingi, 1948.)

1. gr.

Meginmál 1. gr. laga nr. 70/1936 orðist svo:

Menningarsjóður skal auk þess árlega fá greitt af óskiptum rekstrarhagnaði áfengisverzlunar ríkisins, í viðbót við þær tekjur, sem hann hefur af sektum fyrir brot á áfengislöggjöfinni, fjárhæð, er nægi til þess, að heildartekjur sjóðsins ár hvert

nemi 60 þús. kr., auk verðlagsuppbótar. Fyrsta framlag áfengisverzlunar samkvæmt framansögðu miðist við árið 1948.

2. gr.

2. málsl. 2. gr. laga nr. 54/1928 orðist svo:

Sjóðsstjórnin skal ár hvert skipta innborguðum tekjum sjóðsins frá síðastliðnu ári í þrjá jafna hluta.

3. gr.

3. málsl. 7. gr. laga nr. 54/1928 orðist svo:

Reikningar Menningarsjóðs skulu árlega endurskoðaðir í aðalendurskoðun ríkisins og síðan birtir í Stjórnartíðindum eða Lögbirtingablaði.

4. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Að beiðni menntamálaráðherra flutti menntamálanefnd efri deildar frumvarp svipaðs efnis og þetta á síðasta Alþingi (þskj. 577). Þar var þó gert ráð fyrir 75 þús. kr. árstekjum Menningarsjóðs, auk verðlagsuppbótar, og svo til ætlazt, að ákvæði frv. verkuðu aftur til ársins 1945, en hér er miðað við árið 1948. Segir svo m. a. í greinargerð, er því frv. fylgdi:

Með frv. þessu er lagt til, að tekjustofn Menningarsjóðs verði gerður öruggari en verið hefur. .... Ákvæðið um lágmarkstekjur sjóðsins er nú 50 þús. kr., en á þá fjárhæð hefur eigi fengizt greidd verðlagsuppbót, þar sem talið mun, að til þess bresti lagaheimild. Menntamálaráð lítur þó svo á, að Menningarsjóði beri réttur til að fá verðlagsuppbót á lágmarkstekjur sínar, ef tekjur sjóðsins umfram lágmarksupphæðina nema eigi sem svarar fullri verðlagsuppbót. Til skýringar þessu skal bent á reikning Menningarsjóðs frá árinu 1945. Þá námu tekjurnar kr. 107203.60. Meðalverðlagsvísitala ársins 1945 var 277.25 stig. Heildartekjur sjóðsins það ár hefðu því átt að nema, ef reiknað hefði verið með verðlagsuppbót, kr. 138 625.00. Til þess skorti kr. 31 421.40. Ákvæðið um 50 þús. kr. lágmarkstekjur Menningarsjóðs gekk í gildi árið 1936. Svo sem kunnugt er hefur allt verðlag og peningagildi í landinu breytzt stórlega síðan, sbr. það, að öll laun og margir opinberir styrkir eru nú greiddir með verðlagsuppbót.

Menningarsjóði er því ótvírætt nauðsyn að eiga það tryggt að fá verðlagsuppbót á tekjur sínar, ef þær fara niður fyrir ákveðið lágmark. Að þessu liggja svo augljós rök, að ekki er ástæða til að skýra það frekar.

Hér er einnig lagt til, að lágmarksgrunntekjur Menningarsjóðs verði .... hækkaðar .... Þessi ósk er fram borin af tveimur höfuðástæðum:

1. Langflestir, ef ekki allir kostnaðarliðir í starfsemi Menningarsjóðs hafa hækkað síðan árið 1936 meira en verðlagsvísitalan gefur til kynna.

2. Starfsemi Menningarsjóðs hefur aukizt mikið, síðan 50 þús. kr. lágmarkstekjur sjóðsins voru ákveðnar, og mun vaxa enn á næstunni.

Til skýringar þessu fer hér á eftir yfirlit um starfsemi Menningarsjóðs og nokkur helztu verkefni í náinni framtíð.

Deildir sjóðsins eru þrjár: Bókadeild, náttúrufræðideild og listadeild. Til gleggra yfirlits verður vikið hér nokkuð að hverri deild um sig.

Bókadeildin.

Árið 1940 hóf Menningarsjóður í samvinnu við Hið ísl. þjóðvinafélag nýja og mjög umfangsmikla bókaútgáfu. Mönnum var gefinn kostur á að gerast félagar í útgáfunni fyrir mjög lágt gjald og fá í staðinn nokkrar bækur á ári. Með þessari

starfsemi var stefnt að því að gera hverju einasta heimili á landinu fært að mynda sitt eigið bókasafn. Þessu nýja skipulagi var tekið mjög vel. Félagsmenn urðu strax á 13. þús. talsins og hafa verið svo síðan. Er því sýnt, að útgáfan hefur náð mjög athyglisverðri útbreiðslu. Á s. l. 7 árum hafa félagsmenn fengið 38 bækur fyrir félagsgjaldið, sem á þessu tímabili hefur numið alls aðeins 110 kr. Þetta sýnir, að bækur útgáfunnar hafa verið mjög ódýrar, enda getur hún eigi fullnægt ætlunarverki sínu, nema hún bjóði mikinn og góðan bókakost við sem vægustu verði.

Hér skulu nefndar nokkrar af bókum útgáfunnar, bæði þær, sem þegar hafa verið gefnar út, og eins þær, sem eru í undirbúningi.

Íslenzk úrvalsrit: Í þessum flokki hafa verið gefnar út bækur eftir Jónas Hallgrímsson, Bólu-Hjálmar, Hannes Hafstein, Matthías Jochumsson og Grím Thomsen. Í undirbúningi eru úrvöl eftir Guðmund Friðjónsson og Stefán Ólafsson. Í hverri bók er ýtarleg ritgerð um skáldið og verk hans. Fullyrða má, að útgáfa þessara handhægu bóka glæðir áhuga fyrir lestri fagurra ljóða, ekki síst meðal unglinga.

Ársrit: Hin gömlu og þjóðlegu ársrit, Andvari og Almanak Þjóðvinafélagsins, eru að sjálfsögðu meðal hinna árlegu félagsbóka. Rætt hefur verið um að stækka Andvara og gera hann fjölbreyttari að efni, en til þess þarf meira fjármagn en útgáfan hefur nú.

Erlend skáldrit: Reynt er að velja sígild skáldrit, sem geta sómt sér vel í bókasöfnum heimilanna eftir tugi ára ekki síður en nú. Sem dæmi má nefna „Önnu Kareninu“ eftir Tolstoj. Skáldsagan „Tunglið og tíeyringurinn“ eftir W. S. Maugham mun koma út á þessu ári. Einnig er í undirbúningi úrvalssafn norskra smásagna, sem væntanlega kemur út á næsta ári.

Útgáfa fornrita: Njáls saga og Egils saga hafa þegar verið gefnar út. Prentun Heimskringlu verður lokið á næsta ári. Þótti fara vel á því að gefa þá bók út í vandaðri almenningsútgáfu um sama leyti og Norðmenn heiðra með sérstökum hætti minningu Snorra Sturlusonar.

Fræðslurit: Í þeim flokki eru m. a. bækurnar Mannslíkaminn og störf hans eftir Jóhann Sæmundsson lækni og saga síðustu heimsstyrjaldar eftir Ólaf Hansson menntaskólakennara. Heiðinn siður á Íslandi, bók um trúarlíf Íslendinga til forna, eftir mag. art. Ólaf Briem, hefur einnig verið gefin út af Menningarsjóði. Sú bók var ekki félagsbók, heldur seld gegn sérstöku gjaldi.

Saga Vestur-Íslendinga: Geta má þess, að Bókaútgáfa Menningarsjóðs annast aðalútsölu hér á landi á Sögu Íslendinga í Vesturheimi fyrir Þjóðræknisfélagið í Winnipeg og tekur ekki nein laun fyrir þá vinnu.

Af öðrum einstökum ritum skal nefna þessi:

Saga Íslendinga: Þetta á að verða heildarsaga þjóðarinnar frá upphafi Íslandsbyggðar til vorra daga, alls 10 stór bindi, hvert um 30 arkir. Þrjú bindi eru þegar komin út. Kappkostað verður að hraða útgáfu þeirra, sem eftir eru.

Hómerskviðurnar: Hinar óviðjafnanlegu þýðingar Sveinbjarnar Egilssonar eru nú ófáanlegar. Getur það ekki talizt vansalaust. Svo mikla þýðingu hafa þær haft fyrir íslenzkt mál og menningu. Þeir Kristinn Ármannsson yfirkennari og dr. Jón Gíslason hafa því verið ráðnir til að sjá um vandaða útgáfu á Ilions- og Odysseifskviðu. Er hin síðarnefnda nú í prentun.

Heildarútgáfa á ritum Jóns Sigurðssonar: Menntamálaráð lítur svo á, að slík útgáfa væri veglegur og verðugur minnisvarði um hina miklu frelsishetju okkar Íslendinga. Gerð hefur verið lausleg athugun um stærð verksins. Ekki er hægt að segja enn, hvort úr framkvæmdum verður, þar sem útgáfa þessi yrði mjög kostnaðarsöm.

Lýsing Íslands: Þessi væntanlega nýja Íslandslýsing er stærsta fyrirtækið, sem Menningarsjóður hefur hingað til ráðizt í. Hún mun verða a. m. k. 10 bindi, 450—500 bls. að stærð hvert, í nokkru stærra broti en Saga Íslendinga. Í fyrsta og öðru bindi verður almenn lýsing á Íslandi og um myndun þess og ævi. Þriðja og

fjórða bindi munu fjalla um þjóhætti, fimmta til níunda bindi verða héraðslýsingar. Síðasta bindið verður um hálendið og flytur auk þess efnisyfirlit. Steindór Steindórsson menntaskólakennari er ritstjóri alls verksins.

Samtímis Íslandslýsingunni er í ráði að semja og gefa út allsherjar lýsingu sögustaða, svipaða þeirri, sem Kaalund ritaði á síðustu öld. Staðalýsing þessi mundi ná til ársins 1874. Í henni yrði notaður allur sá fróðleikur, sem fram hefur komið um þetta efni, síðan Kaalund samdi lýsingu sína. Slík söguleg staðalýsing ætti að geta orðið virkur þáttur í því að tengja hina uppvaxandi kynslóð við land sitt.

Ýmis fleiri rit eru í undirbúningi á vegum Menningarsjóðs, þótt ekki sé rúmsins vegna vikið að þeim hér.

Þetta stutta yfirlit sýnir, hvert stefnt er með starfsemi bókaútgáfunnar. Það er augljóst mál, að slík starfsemi krefst meiri fjárstyrks en hún nýtur nú, ef hún á ekki að falla niður eða lamast stórkostlega.

Náttúrufræðideildin.

Markmið þeirrar deildar hefur frá öndverðu verið að styrkja náttúrufræðinga til rannsóknarferða um landið. Á síðustu árum hafa þessar ferðir orðið mörgum sinnum dýrari en áður vegna stóraukins ferðakostnaðar. Náttúrufræðingum, sem hafa með höndum hagnýtar, vísindalegar rannsóknir, hefur einnig fjölgað mikið. Þörfin fyrir styrki til rannsóknarferða hefur því margfaldazt frá því, sem áður var, þótt gætt sé fyllsta sparnaðar um styrkveitingar. Þess skal sérstaklega getið um styrki þá, sem Menntamálaráð veitir vegna rannsókna, að þeir eru einungis ferðastyrkir. Menntamálaráð greiðir vísindamönnum ekki kaup fyrir rannsóknirnar, heldur hjálpar þeim aðeins til að greiða nauðsynlegan ferðakostnað.

Á undanförnum árum hafa verið framkvæmdar ýmsar merkilegar rannsóknir, sumpart fyrir styrkveitingar úr náttúrufræðideild Menningarsjóðs. En það er ekki nóg að gera slíkar rannsóknir. Árangur þeirra þarf að birta, svo að hann geti komið almenningi að notum.

Það er íslenzku þjóðinni bæði til vansa og tjóns, að ekkert yfirlitsverk um náttúru landsins skuli hafa verið gert, síðan Íslandslýsing Þorvaldar Thoroddsen var samin nokkru eftir síðustu aldamót. Síðan hafa margir ágætir íslenzkir vísindamenn rannsakað landið, og nú hefur þjóðin á að skipa margföldum mannafla til náttúrurannsókna, samanborið við það, sem áður hefur verið. Þessir menn verða að leggja saman í eina vandaða Íslandslýsingu.

Hér hefur þegar verið minnzt á hina fyrirhuguðu Íslendslýsingu Menntamálaráðs. Í henni á að sameina þá þekkingu, sem til er um Ísland og íslenzku þjóðina. Þar verður gerð grein fyrir meginatriðunum í náttúrufræði landsins, samin lýsing á atvinnuháttum og lífi þjóðarinnar og héraðslýsingar við alþýðuhæfi.

Undirbúningskostnaðinn við útgáfu Íslandslýsingarinnar verður að taka að nokkru leyti úr bókadeildinni. Hann mun þó að verulegu leyti koma á náttúrufræðideildina. Sérstakar rannsóknir verður að gera vegna útgáfu þessa verks og ekki má hefta nauðsynlegar rannsóknarferðir með því að neita um styrki til þeirra.

Menntamálaráði er ljóst, að það hefur ráðizt í mikið og erfitt verk með því að gefa út þessa Íslandslýsingu. En mál þetta er tekið upp vegna þess, að sjálfstæð þjóð getur ekki sæmdar sinnar vegna látið slíkt undirstöðuverk ógunnið. Jafnframt er augljóst, að eigi þetta mikla menningarmál ekki að stöðvast í miðjum klíðum, verður að tryggja Menningarsjóði öruggari tekjur en hann hefur nú.

Listadeildin.

Á undanförnum árum hefur starf listadeildarinnar einkum beinzt að því að styrkja þá listamenn, sem eru efnilegir, en átt hafa erfitt með að koma verkum sínum í verð. Jafnframt hefur verið unnið að því, að ríkið eignaðist það úrval íslenzkra listaverka, sem dygði til þess, að hér gæti orðið til listasafn, sem sýndi það

bezta, er íslenzk myndlist hefur að þjóða. Er þetta í samræmi við lögin um Menningarsjóð.

Síðan peningavelta óx hér á landi, hefur verð listaverka margfaldazt. Vegna þessa hefur Menntamálaráð oft átt erfitt með að kaupa ýmis þau listaverk, sem verið hafa á boðstólum og mestur fengur hefur verið að fyrir væntanlegt listasafn.

Fjárráð listadeildarinnar hafa verið og eru allt of lítil til þess, að hún geti keypt það úrval íslenzkra listaverka, sem nú er bezt fáanlegt á ári hverju. En auk þess er sjáanlegt, að útgjöld listadeildarinnar munu með nýjum verkefnum aukast mjög á næstu árum frá því, sem nú er.

Meginhluti þeirra listaverka, sem ríkið á og eiga að verða uppistaða í listasafninu, þegar það fær húsnæði, eru nú dreifð í skólum og öðrum opinberum byggingum víðs vegar um landið, og sum þeirra eru jafnvel erlendis. Þegar hið væntanlega húsnæði listasafnsins er fullbúið, verður að safna öllum listaverkunum saman og velja síðan úr þeim það, sem á að vera að staðaldri til sýnis í safninu. Menntamálaráð telur einnig rétt, fyrst listaverkunum verður safnað saman hvort sem er, að efna til umferðasýninga á úrvali þeirra í helztu kaupstöðum landsins. Slíkar sýningar yrðu hafðar svo sem 1—2 vikur á hverjum stað. Með þessu móti væri af hálfu ríkisins gert það, sem með sanngirni er hægt að gera ráð fyrir, til þess að alþjóð fengi yfirlit um hið bezta og lærdómsríkasta í íslenzkri myndlist. En uppeldisáhrif góðrar myndlistar eru svo þýðingarmikil og almennt viðurkennd, að um þau þarf ekki að fjölyrða.

Öllum mun ljóst, hversu það er þýðingarmikið fyrir álit þjóðarinnar út á við, að vel takist um val þeirra mynda, sem settar verða á listasafnið. Þegar þeim listaverkum, sem ríkið á, hefur verið safnað á einn stað, má gera ráð fyrir, að í ljós komi, að mikið skorti á, að úrval þeirra gefi eins góða og rétta mynd af íslenzkri myndlist og hægt væri. Af þeim sökum yrði sem fyrst að bæta við verkum frá þeim listamönnum vorum, sem kunna að hafa orðið út undan við kaup og söfnun listaverka fyrir ríkið á undanförnum árum.

Þegar litið er á þau atriði, sem hér hefur verið lauslega drepið á, mun ljóst vera, að hið aukna framlag til listadeildarinnar, sem hér er farið fram á, er sízt of hátt.

Fyrir kynningu íslenzkrar menningar er ekkert, sem gefur skjótari árangur en hið bezta, sem myndlistarmenn vorir hafa lagt af mörkum til íslenzkrar menningar á undanförnum árum.

Nú hefur verið gefið yfirlit um starfsemi hinna þriggja deilda Menningarsjóðs. Má af því verða ljóst, að sjóðurinn þarfnast meira starfsfjár til þess að hann geti sinnt hinu mikla og margþætta hlutverki sínu. Er það með öllu óviðunandi, að hinar árlegu tekjur sjóðsins séu háðar brotum á áfengislöggjöfinni.

Um 2. gr.

Reynslan hefur sýnt, að innheimtu á tekjum Menningarsjóðs er ekki lokið fyrr en um eða eftir mitt ár eftir á. En að sjálfsögðu er ekki hægt að skipta tekjum sjóðsins frá s. l. ári fyrr en þeirri innheimtu er lokið. Hér er því lagt til, að ákvæðið um að skipta tekjunum í apríl verði fellt niður. Þessi skipting er í rauninni ekkert annað en bókhaldsatriði og er að sjálfsögðu framkvæmd hverju sinni, þegar reikningar sjóðsins eru gerðir.

Um 3. gr.

Hér er gerð tillaga um, að reikningar Menningarsjóðs verði endurskoðaðir í aðalendurskoðun ríkisins. Er sú tilhögun eðlileg. Sú venja hefur líka þegar skapazt að láta endurskoða þar hina sérstöku reikninga Bókaútgáfu Menningarsjóðs.

Nd. 4. Frumvarp til laga [4. mál]

um hvalveiðar.

(Lagt fyrir Alþingi á 68. löggjafarþingi, 1948.)

1. gr.

Rétt til að stunda hvalveiðar í íslenzkri landhelgi og til að landa hvalafla, þótt utan landhelgi sé veitt, svo og til að verka slíkan afla, skulu íslenzkir ríkisborgarar einir hafa, enda hafi þeir verið búsettir hér á landi í 1 ár og hlotið löggildingu atvinnumálaráðuneytisins.

Ef um félag er að ræða, skal meira en helmingur hlutafjárins vera í eigu manna, sem uppfylla skilyrði fyrstu málsgreinar þessarar greinar, enda sé stjórn félagsins skipuð slíkum mönnum, er eigi heimilisfang og varnarþing á Íslandi.

Leyfishafi skal á hverjum tíma veita allar þær upplýsingar um starfsemi sína og starfsháttu, sem atvinnumálaráðuneytið telur nauðsynlegar.

2. gr.

Til hvalveiða má einungis nota skip, sem atvinnumálaráðuneytið samþykkir að notuð séu. Leyfi til notkunar erlendra skipa skulu eigi veitt til lengri tíma en eins árs í senn.

3. gr.

Óheimilt er að veiða

a. hvalkálfa og hvali, sem kálfar fylgja;
b. tilteknar tegundir hvala og hvali undir tiltekinni lágmarksstærð, eftir því sem atvinnumálaráðuneytið ákveður nánar í reglugerð með hliðsjón af alþjóðasamningum um hvalveiðar, sem Ísland er eða kann að gerast aðili að.

4. gr.

Með reglugerð getur atvinnumálaráðuneytið

a. bannað hvalveiðar á tilteknum svæðum;
b. takmarkað veiðar við ákveðinn tíma árs;
c. takmarkað heildarveiðimagn, veiðimagn ákveðins fyrirtækis, leiðangurs eða landstöðvar;
d. takmarkað veiðiútbúnað;
e. bannað íslenzkum ríkisborgurum og þeim, sem heimilisfang eiga á Íslandi, að taka þátt í hvalveiðum, sem ekki eru háðar jafnströngum fyrirmælum og þeim, sem á Íslandi gilda, og
f. sett hvers konar önnur ákvæði, sem talin eru nauðsynleg vegna þátttöku Íslands í alþjóðasamningum um hvalveiðar.

5. gr.

Verkun hvalafla má einungis fara fram á þeim stöðum, sem atvinnumálaráðuneytið samþykkir. Ráðuneytið setur nánari fyrirmæli um fyrirkomulag verkunarinnar, þannig, að af henni hljótist sem minnst ónæði fyrir aðra. Jafnframt skulu sett fyrirmæli um nýtingu hvals til fullnustu.

6. gr.

Atvinnumálaráðuneytið setur reglur um eftirlit með hvalveiðum samkvæmt lögum þessum, og skal þar gert ráð fyrir, að skipaðir verði opinberir eftirlitsmenn, er laun taki úr ríkissjóði.

Jafnframt má ákveða leyfisgjald fyrir löggildingu samkvæmt 2. gr. laga þessara til að standast kostnaðinn af eftirlitinu.

7. gr.

Eigandi hvalveiðiskips ber ábyrgð á því, að ekki sé brotið í bága við lög þessi með notkun skipsins.

8. gr.

Atvinnumálaráðuneytið getur gefið sérstakt leyfi til hvalveiða í vísindalegu augnamiði. Leyfið skal háð þeim skilyrðum, sem ráðuneytið ákveður, og þarf þá ekki að fylgja fyrirmælum laga þessara.

9. gr.

Ráðningarkjör hvalveiðimanna skulu ákveðin þannig, að tekjur byggist að miklu leyti á tegund, stærð og verðmæti veiddra hvala, en ekki einungis á fjölda þeirra.

Engin laun má greiða fyrir ólöglega hvalveiði, jafnvel þótt fullnægjandi ástæður séu færðar fyrir veiði hvalsins.

10. gr.

Fyrir brot gegn lögum þessum skal refsað með sektum og fangelsi allt að 6 mánuðum. Sömu refsingu skal sá sæta, sem sekur er um hlutdeild í slíku broti. Ólöglegur afli og veiðarfæri skulu upptæk.

Leggja má löghald á skipið og selja það, að undangengnu fjárnámi, til lúkningar sektum og kostnaði.

11. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi. Jafnframt falla úr gildi lög nr. 72 7. maí 1928, um hvalveiðar, og lög nr. 6 6. marz 1896, um hvalleifar.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Vegna þátttöku Íslands í alþjóða hvalveiðisamningum (sbr. Stj.tíð. A. 55/1947), er nauðsynlegt að endurskoða gildandi löggjöf um hvalveiðar. Samningar þessir eru byggðir á þeirri meginreglu, að alþjóðasamvinna sé nauðsynleg til þess að vernda hvalstofninn gegn rányrkju og eru því sett ákvæði um, að hvalveiðar megi eigi stunda á tilteknum svæðum, að vissar tegundir hvala séu algerlega friðaðar, að enn aðrar tegundir megi einungis veiða er þær hafa náð tiltekinni lágmarksstærð o. s. frv. Hefði verið hugsanlegt að lögfesta samningsákvæðin í heild, en gera verður ráð fyrir, að nýir samningar verði gerðir um breytingar á friðunarákvæðunum eftir því sem vísindalegar rannsóknir gefa tilefni til. Sýnist því hagkvæmara, að hin ýmsu ákvæði verði nánar tiltekin í reglugerð með stoð í allrúmri lagaheimild. Hefur sú leið verið farin í frumvarpi þessu.

Um 1. gr.

Ákvæðið í 4. gr. (f.) nær til veiða íslenzkra ríkisborgara utan landhelgi í þeim tilgangi, að afli sé lagður upp í landi, sem ekki er aðili að hvalveiðisamningunum.

Upplýsingaskylda sú, sem gert er ráð fyrir í 3. mgr. þessarar greinar, er aðallega miðuð við eftirlit og skýrslugjafir til alþjóðahvalveiðinefndarinnar.

Um 2. gr.

Ekki hefur þótt ástæða til að setja ákvæði, er banni sölu hvalveiðiskipa úr landi, því að lög nr. 2 18. janúar 1917, um bann við sölu og leigu skipa úr landi, myndu einnig ná til þess.

Nauðsynlegt er að atvinnumálaráðuneytið hafi heimild til að leyfa notkun erlendra hvalveiðiskipa, því að óhentugt getur verið, að hvalveiðiskip séu keypt til landsins örar en reynsla gefur tilefni til.

Um 3. gr. og 4. gr.

Í hvalveiðisamningunum eru nákvæm fyrirmæli um þau atriði, sem rædd eru í þessum greinum. Þeim ákvæðum virðist hagkvæmast fyrir komið í reglugerð. Í núgildandi hvalveiðisamningum eru ákvæði um algera friðun gráhvala og sléttbaka, svo og hvala þeirra, er a-liður 3. gr. ræðir um. Þá eru þar einnig ákvæði um lágmarksstærð skíðishvala, sem heimilt er að veiða. Friðunarákvæði samkvæmt b-lið 3. gr. myndu eigi ná til smáhvalaveiða þeirra, sem tíðkast hafa hér við land, t. d. fyrir Vestfjörðum.

Ákvæðið í a-lið 4. gr. myndi ná til þess að banna hvalveiðar á tilteknum svæðum, sem alþjóðasamningarnir ná ekki til, t. d. í sambandi við síldveiðar.

Um 5. gr.

Nauðsynlegt þykir að atvinnumálaráðuneytið geti séð um, að verkun afla fari ekki fram á þeim stöðum, sem óhentugir mega teljast vegna annarra þýðingarmikilla hagsmuna.

Um 6. gr.

Samkvæmt þessari grein myndi heimilt að setja ákvæði í reglugerð varðandi merkingu skipa, bókhald o. fl.

Í hvalveiðisamningunum er lögð sú skylda á samningsríkin, að „fullnægjandi eftirlit“ sé haft með hvalveiðistöðvum af þar til skipuðum mönnum, er laun taki úr ríkissjóði. Hins vegar myndi kostnaður, sem af því leiddi, vera bein afleiðing af hvalveiðunum, og þykir því sanngjarnt, að sá atvinnuvegur standi straum af honum að einhverju leyti eða öllu.

Um 7. og 8. gr.

Þarfnast eigi skýringa.

Um 9. gr.

Ákvæði þetta er byggt á hvalveiðisamningunum.

Um 10. gr.

Þarfnast eigi skýringa.

Um 11. gr.

Gert er ráð fyrir, að ákvæði Jónsbókar um rekahval haldi gildi sínu, sbr. og orðalag 1. gr. frumvarpsins („stunda hvalveiðar“).

Nd. 5. Frumvarp til laga

um breyting á lögum nr. 91 frá 19. júní 1933, um innflutningsbann á niðursoðinni mjólk.

Flm.: Jón Pálmason.

1. gr.

Fyrstu grein laganna skal orða svo:

Bannað er að flytja til landsins niðursoðna mjólk og þurrmjólk.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Á árunum 1946 og 1947 reisti Sláturfélag Austur-Húnvetninga á Blönduósi þurrmjólkurstöð með aðstoð ríkisins. Byrjaði framleiðsla mjólkurdufts um síðustu áramót og hefur gengið ágætlega síðan.

Fyrst framan af gekk sala á duftinu vel, en síðustu mánuði hefur verið tregt um hana. Var talið, að orsökin væri skortur annarra efna til framleiðslu þeirra fyrirtækja, sem aðallega nota þessa vöru.

Fyrir fáum dögum fékk ég af tilviljun fregnir af því, að eitt viðskiptafyrirtæki hér í bænum hafi flutt inn allmikið af mjólkurdufti á þessu ári og fengið til þess leyfi viðskiptanefndar. Kom mér þetta mjög á óvart, því að bæði Búnaðarráð og síðan Framleiðsluráð landbúnaðarins höfðu gefið loforð um að sjá til þess, að eigi yrði flutt inn mjólkurduft, ef framleiðslan fullnægði eftirspurn, sem í upphafi var eigi fullvíst.

Ég hef nú fengið að vita hjá framkvæmdastjóra Framleiðsluráðs, að umræddur innflutningur hefur átt sér stað án vitundar þeirrar stofnunar. En við athugun fékk framkvæmdastjórinn upplýst, að flutt hefur verið inn af mjólkurdufti á þessu ári 17.4 smálestir fyrir ca. 128 þús. krónur. Samtímis liggja miklar birgðir af þessari vöru hjá því fyrirtæki, sem stofnsett hefur verið til að framleiða hana, framleiðendum sveitanna til hags. Er hér eitt dæmi um meðferð gjaldeyris og framkvæmd viðskiptamálanna.

Þess vegna er það frumvarp flutt, sem hér liggur fyrir. Vil ég eigi framvegis eiga það undir geðþótta nefnda eða ráða, hvort þetta endurtekur sig eða eigi, og vænti þess, að Alþingi samþykki það greiðlega, að þurrmjólkin hlíti að þessu leyti sömu lögum og mjólk, sem soðin er niður í fljótandi ástandi.

Nánar í framsögu.

Nd. 6. Frumvarp til laga [6. mál]

um breyting á vegalögum, nr. 34 22. apríl 1947.

Flm.: Sigurður Bjarnason.

1. gr.

1. Á eftir B. 50 í 2. gr. laganna koma nýir liðir:
   a. *Sandeyrarvegur:* Frá Bæjum á Snæfjallaströnd að Sandeyri.
   b. *Strandavegur:* Frá Sætúnsbryggju í Grunnavík um Staðarheiði og Skorarheiði í Furufjörð.
2. Á eftir B. 51 í sömu gr. kemur nýr liður:
   Vatnsfjarðarvegur: Úr Ísafjarðarbotni um Reykjanes og Reykjarfjörð í Vatnsfjörð.
3. Á eftir B. 53 í sömu gr. kemur nýr liður:
   Skálavíkurvegur: Frá Bolungavík til Skálavíkur.
4. Á eftir B. 55 í sömu gr. kemur nýr liður:
   Fjarðavegur: Frá Súðavík um Álftafjörð, Seyðisfjörð, Hestfjörð og Skötufjörð í Ögur.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Þegar akvegasamband hafði verið skapað við Ísafjarðardjúp sumarið 1946 með opnun Þorskafjarðarheiðarvegarins, var langþráðu takmarki náð í vegamálum Vestfirðinga. En fram undan lágu þá mikil verkefni í samgöngumálum byggðarlaganna við Ísafjarðardjúp. Það þurfti að tengja hin einstöku byggðarlög héraðsins saman innbyrðis með þjóðvegum.

Síðan hefur verið unnið að því að tengja saman sjávarþorpin við sunnanvert Djúpið. Er þeirri vegagerð svo langt komið nú, að vænta má, að á miðju næsta sumri

verði akvegur opnaður milli Bolungavíkur og Ísafjarðar og í lok sumarsins milli Súðavíkur og Ísafjarðar, ef allt fer eins og nú er ætlað. Er þá kominn akvegur milli allra sjávarþorpanna við sunnanvert Djúpið. Mun sú samgöngubót hafa mikla og margvíslega þýðingu fyrir þessi byggðarlög, sem fram til þessa tíma hafa aðeins notið samgangna á sjó. Akvegasamband þorpanna, Bolungavíkur, Hnífsdals og Súðavíkur, sín í milli og við Ísafjarðarkaupstað er þess vegna ekki aðeins stór viðburður í samgöngumálum þessara byggðarlaga, heldur og í félagsmálum þeirra og atvinnumálum.

En samgöngumál landbúnaðarbyggðanna við Ísafjarðardjúp eru sem næst jafnóleyst með vegagerðinni milli sjávarþorpanna við utanvert Djúpið. Þær eru gersamlega veglausar, þegar frá eru teknir vegarspottar um Langadalsströnd og Skutulsfjörð í nágrenni Ísafjarðarkaupstaðar. Er óhjákvæmilegt að snúa sér hið bráðasta að því að leggja vegi um þessar sveitir, sem margar eru ágæt landbúnaðarhéruð. Má í því sambandi geta þess, að í ár og undanfarin ár hafa verið fluttar þúsundir af ósýktu fé úr þeim til héraða þeirra, er fjárpestirnar hafa herjað. Er það ekki ómerkur þáttur landbúnaðarins við Djúp og víðar á Vestfjörðum í baráttunni við versta vágest íslenzkrar sauðfjárræktar.

Í frv. þessu er í fyrsta lagi lagt til, að þjóðvegurinn meðfram Ísafjarðardjúpi norðanverðu verði framlengdur sem næst út á enda Snæfjallastrandar. Enn fremur að vegurinn frá Sætúnsbryggju í Grunnavík um Grunnavíkurhrepp í Furufjörð á Ströndum verði tekinn í þjóðvegatölu. Enginn akvegur liggur um þennan hrepp, sem er mjög víðlendur og nær um sunnanverða Jökulfirði og norður um Hornstrendur allt til takmarka Ísafjarðarsýslu og Strandasýslu. Ber því mikla nauðsyn til vegagerða þar. Því verður ekki til lengdar haldið fram, að fólkið í þessum byggðarlögum eigi síður rétt á samgöngubótum en annað fólk í þessu landi.

Þá er og í frumvarpi þessu lagt til, að vegurinn til Bolungavíkur verði framlengdur út í Skálavík, en þar eru nokkrir bæir og mikil og góð skilyrði til ræktunar. Vegagerð þangað er nokkuð komin áleiðis, en mikið brestur á, að hún komi að fullu gagni. Með góðum akvegi til Skálavíkur má telja víst, að mjólkurframleiðsla þar muni aukast mjög verulega. En í Bolungavík, eins og flestum öðrum sjávarþorpum á Vestfjörðum, ríkir mjólkurskortur mikinn hluta ársins.

Þá er og lagt til, að Súðavíkurvegur, sem samkvæmt vegalögum endar nú í Súðavík, verði framlengdur um Álftafjörð, Seyðisfjörð, Hestfjörð og Skötufjörð inn í Ögur, en þangað er ráðgert, að lagður verði vegur úr botni Ísafjarðardjúps. Í öllum þessum fjörðum, nema Hestfirði, er byggð og góður búskapur. Þrátt fyrir nokkrar samgöngur á sjó búa þessar byggðir við verulega örðugleika af völdum samgönguskorts. Framtíðartakmarkið í vegamálum byggðanna við sunnanvert Ísafjarðardjúp er samfelldur akvegur eftir strandlengju Djúpsins, þótt hún sé mjög vogskorin. Þar eins og annars staðar hljóta bættar samgöngur að vera skilyrði þess, að byggð haldist og blómgist. Samfelldur akvegur um þessi byggðarlög mundi auk þess koma höfuðstað Vestfjarða, Ísafjarðarkaupstað, í samband við akvegakerfi landsins. Því hefur að vísu verið hreyft, að það mál mætti leysa þannig að leggja veg af Þorskafjarðarheiði yfir Vestfjarðahálendið til Dýrafjarðar eða Arnarfjarðar. Um möguleika þeirrar vegagerðar skal að vísu ekki fjölyrt að sinni. Þeir hafa ekki verið fullrannsakaðir. En hitt má fullyrða, að slíkur vegur um Vestfjarðahálendið yrði aðeins fær tiltölulega litinn hluta ársins, e. t. v. aðeins 2—3 mánuði eða skemur. Hann mundi ekki heldur koma fjarðabyggðunum við sunnanvert Djúpið að neinu gagni. Það er þess vegna tvímælalaust réttara að leggja fyrst veg um byggðina sjálfa. Slíkur vegur hlyti að verða athafnalífi byggðanna, lífi og starfi fólksins, að miklu meira liði en hafjallavegur, sem yrði nær allt árið undir snjó. Með hinum fyrrnefnda mundi einnig skapazt miklu tryggara akvegasamband við Ísafjörð. Vegalengdin frá Súðavík í Ögur er að vísu alllöng, 87 kílómetrar. En með hinum fullkomnu tækjum, sem nú eru notuð við vegagerðir, mundi vegalagning þessa leið ekki taka nema nokkur ár.

Að lokum er í frumvarpi þessu lagt til, að vegur til héraðsskólans í Reykjanesi verði tekinn í þjóðvegatölu, og yrði sá vegur þá jafnframt lagður til byggðarinnar umhverfis hið forna höfuðból Vatnsfjörð í Reykjarfjarðarhreppi.

Í sambandi við flutning þessa frv. verður að leggja á það áherzlu, að þeir vegir, sem þar er ráðgert að taka í þjóðvegatölu, eiga allir að liggja um byggðarlög, þar sem engir akfærir vegir eru fyrir. Það er ekki hægt að færa rök fyrir því, að á sama tíma, sem margir akvegir eru lagðir samhliða um sum héruð landsins, þá sé það heimtufrekja að krefjast nokkurra samgöngubóta í héruðum, sem eru með öllu veglaus.

Sþ. 7. Tillaga til þingsályktunar

um undirbúning að stofnun sjóminjasafns.

Flm.: Hermann Guðmundsson.

Alþingi ályktar að skora á ríkisstjórnina að hefja nú þegar undirbúning að stofnun sjóminjasafns.

Greinargerð.

Þingsályktunartillögu samhljóða þessari flutti ég á síðasta þingi, en þar sem hún var flutt í þinglokin, var hún ekki tekin fyrir, og náði því eigi fram að ganga.

Þingsályktunartillögunni fylgdi þá svo hljóðandi greinargerð:

Það leikur ekki á tveim tungum, að til skaða er og skammar fyrir þjóð eins og Íslendinga, sem á jafnmikið undir sjávarútveginum, að ekki skuli vera til hér á landi safn, þar sem geymdir eru þeir ýmsu hlutir, sem hægt er að hafa á slíku safni og snerta sjávarútveginn að fornu og nýju. Allar þær þjóðir, sem fiskveiðar stunda og verzlun, hafa fyrir löngu komið upp hjá sér sjóminjasöfnum, og eiga sumar þessara þjóða mörg söfn og merkileg.

Það er því eigi að undra, þótt hugmyndin um að stofna sjóminjasafn sé fyrir löngu fram komin, en meira en fimmtíu ár munu liðin, síðan hugmyndin um safnið varð til og var sett á framfæri opinberlega í blaðinu Ísafold í sambandi við utanför Jóns Þórarinssonar, skólastjóra í Flensborg og alþingismanns, en hann fór út til Noregs á sýningu, sem þar var haldin. Eftir heimkomuna beitti Jón Þórarinsson sér fyrir, að stofnað yrði hér sjóminjasafn, og fékk málið góðar undirtektir í byrjun, en vegna tómlætis og sofandaháttar tíðarandans lognaðist það út af.

Árið 1930 komst svo skriður á málið á ný og þá í sambandi við byggingu húss Fiskifélags Íslands, en fyrirkomulag þess var í upphafi hugsað þannig, að þar mætti koma fyrir sjóminjasafni á efri hæð hússins. Var af forráðamönnum félagsins safnað ýmsum munum, en af frekari safnmyndun varð ekki og húsnæðið tekið til annarrar notkunar.

Leið svo til ársins 1939, að Sjómannadagsráðið beitti sér fyrir sjávarútvegssýningu, hinni fyrstu, sem haldin hefur verið hér á landi. Þar með komst skriður á málið.

Alþingi samþykkti að verja 3500 kr. styrk til sjóminjasafns, og skipuð var sérstök sjóminjasafnsnefnd. Nefnd þessi keypti nokkur gömul áraskip, sem sýna gerðir báta í ákveðnum landshlutum. Að öðru leyti hefur lítið farið fyrir störfum þessarar nefndar.

1946 var svo fyrir forgöngu þáverandi atvinnumálaráðherra, Áka Jakobssonar, sett á laggirnar nefnd, sem gekkst fyrir sjávarútvegssýningu, sem var sæmileg eftir atvikum, miðað við skamman undirbúningstíma að sýningunni og húsnæði af skornum skammti. En þrátt fyrir þetta var aðsókn að sýningunni gífurleg, og meira en 25 þúsund manns sóttu hana fyrir utan skólabörn. Sannaði það svo rækilega, að

ekki verður um villzt, að þjóðin hefur áhuga fyrir sjóminjasafni og ekki þarf að kvíða því, að það verði litið skoðað, ef það kemst einhvern tíma upp.

Það orkar ekki tvímælis, að frekari bið og athafnaleysi í safnmálinu er óverjandi með öllu. Hitt er sjálfsagt, að nú þegar sé ötullega hafizt handa og þá fyrst og fremst af ríkisstjórninni.

Nú hagar svo til, að risin er af grunni hér í höfuðstaðnum vegleg bygging, þjóðminjasafnshúsið nýja, sem fyrst um sinn að minnsta kosti ætti að geta hýst þá muni alla, sem verða í eigu væntanlegs sjóminjasafns.

Það, sem einkum er aðkallandi og vinda þarf að bráðan bug, er þetta:

Leita þarf vandlega og skipulega í verstöðvum landsins að gömlum sjóminjum. Athuga þarf, hvað horfið er með öllu af gömlum tækjum og áhöldum, er útveginn snerta, gera af þeim eftirmyndir eftir tilsögn gamalla manna, sem margir geta með öruggri vissu sagt til um gerð þeirra. Þessi söfnun má ekki dragast öllu lengur. Hvert ár, sem líður, getur orðið dýrt og grafið ýmsa merkilega hluti í sand gleymskunnar.

Þá þarf að ákveða skipulag og tilhögun safnsins, hvort það verður sérstök deild í þjóðminjasafni eða algerlega óháð öðrum söfnum, svo og hvort safnið verður eingöngu sjóminjasafn um liðinn tíma eða fjölbreytt sjávarútvegssafn, er geri skil bæði fortíð og nútíð, en einmitt um hið síðasta hafa verið nokkuð skiptar skoðanir. Þó hefur sá maðurinn, sem á síðari árum hefur barizt skeleggastri baráttu fyrir stofnun sjóminjasafns, Gils Guðmundsson, rithöfundur og ritstjóri sjómannablaðsins Víkings, sett fram ákveðna skoðun í málinu, sem vafalaust á fylgi flestra þeirra, er hugsað hafa um mál þetta og láta það sig nokkru skipta. Þessa skoðun sína og hugmynd setti Gils Guðmundsson fram opinberlega í útvarpserindi, er hann flutti 1946, og fylgir hér á eftir síðari hluti útvarpserindis þessa:

„Þess hefur nokkuð orðið vart, að menn greinir á um skipulag og tilhögun sjóminjasafns. Ýmsir kjósa það helzt, að komið yrði upp sérstöku húsi fyrir safnið og yrði safnið algerlega óháð stofnun. Aðrir telja, að það eigi að vera deild í þjóðminjasafni. Ég skal ekki fjölyrða mikið um þennan ágreining, enda þótt ég hafi ákveðnar skoðanir á því, hvað hentast sé í því máli. Það eitt vil ég fullyrða, að söfnunin sjálf þolir ekki að bíða eftir því, að sérstakt hús verði reist, heldur verður að hefja hana af krafti nú þegar. Finnst mér þá alveg sjálfsagt, að komið verði upp vísi að safni í salarkynnum þjóðminjasafnsins, hvað svo sem yrði síðar.

Þá hefur mér fundizt það nokkuð á reiki fyrir mönnum, hversu víðtækt safn þetta eigi að vera. Sumir virðast hugsa sér það eingöngu minningarsafn um liðna tímann. Það er sannast sagna, að þá yrði það harla lítið og fátæklegt. Minjar okkar frá fyrri tímum eru því miður lítilfjörlegar. Ég tel, að stefnan, langmiðið, eigi að vera: ekki aðeins sjóminjasafn, heldur fjölbreytt sjávarútvegssafn, sem gerði skil bæði fortíð og nútíð. Íslenzk sjávarútvegs- og siglingasaga yrði að sjálfsögðu höfuðuppistaðan, en þó virðist mér þörf á nokkru almennu yfirliti um þróun skipa og siglinga almennt í heiminum, ef vel ætti að vera.

Þótt ég telji mestu máli skipta, að nú verði brugðið rösklega við og því bjargað, sem er að fara í glatkistuna, þykir mér við eiga að fara nokkrum orðum um spurninguna: Hvernig á íslenzkt sjávarútvegssafn að vera og með hverjum hætti yrði því bezt skipt í deildir? Mér er það ljóst, að skipulag slíks safns hlýtur að mótast og breytast smám saman, eftir því sem reynslan vex og safnið eflist. Það verður heldur ekki sett á stofn samkvæmt tillögum eins manns eða örfárra manna, heldur verður þekking og athugun ýmissa aðila að koma til. Tillögur mínar eru að sjálfsögðu hvergi nærri tæmandi. Þær eru hugsaðar sem grundvöllur, er byggja mætti á frekari umræður, beinagrind, sem eftir er að klæða holdi og blóði.

Það skal tekið fram, áður en lengra er haldið, að húsnæði hins væntanlega sjávarútvegssafns hlýtur að ráða miklu um skipulag þess og niðurröðun alla. Verði engir annmarkar af völdum húsakynna, hefur mér dottið í hug, að skipta mætti

safninu í 12 deildir. Skal nú reynt að bregða upp nokkrum skyndimyndum af væntanlegu efni þessara deilda.

Fyrsta deild yrði almennt og alþjóðlegt yfirlit um þróunarsögu skipa og siglinga frá fyrstu tíð og fram á þennan dag. Þetta tel ég mjög hentugan og jafnvel bráðnauðsynlegan inngang, áður en komið er að hinni íslenzku siglinga- og útgerðarsögu. Helzt þyrftu að vera í deild þessari líkön af helztu skipagerðum allt frá örófi alda og fram á þennan dag. Líkönin ættu öll að vera gerð í sama mælikvarða, svo að auðvelt sé að bera saman stærðarhlutföll skipa frá ýmsum löndum.

Önnur deild ætti að vera helguð landnámsöld okkar og söguöld. Mætti hún jafnvel ná allt til loka þjóðveldistímans. Myndarleg líkön af víkingaskipum yrðu að prýða þá stofnun ásamt sýnishornum af farviði og öðrum búnaði slíkra skipa. Fundur Grænlands og Vínlands yrði að hljóta þarna myndarlegt rúm. Ýmiss konar kort og skýringarmyndir yrðu stór liður í þessari sýningardeild. Kort yrðu þar yfir helztu siglingaleiðir Íslendinga hinna fornu og annað, er sýndi mikilvægustu siglingahafnir íslenzkar fyrr á öldum. Þá yrði með myndum, dekorationum, að minna á fiskveiðar fornmanna, en neðan við myndirnar kæmu valdar tilvitnanir úr fornritunum. Þarna ætti að hafa í sýningarskápnum ljósprentanir merkra skinnhandrita, þar sem fjallað er um sjávarútveg, t. a. m. sæfarabálka Grágásar og Jónsbókar.

Þriðja deild yrði helguð bátaútvegi Íslendinga, eins og hann hefur verið rekinn um aldir. Það verður að ýmsu leyti vandasamt að gera þá deild myndarlega úr garði, vegna þess að hún mundi ná yfir langt tímabil, en eiginlegar sjóminjar eru nær engar til frá meginhluta þess tíma. Þá yrði með myndum, máli og línuritum að gera nokkra grein fyrir vexti fiskveiða á 14. og 15. öld, benda til þess, hvernig verzlunarhömlur og loks einokun héldu sjávarútveginum niðri og komu í veg fyrir eðlilega þróun hans í þrjár eða fjórar aldir. — Frá 19. öld eru ýmsar merkilegar minjar, sem tilheyra þessari deild. Gera þarf eftirmyndir af allmörgum áraskipum, stórum og smáum. Sýna verður mismun þeirra í landshlutum, en hann er mikill, bæði um skipulag og gerð segla. Þá þyrfti einnig að gera nákvæmar eftirmyndir af verbúðum, naustum, fiskhjöllum, eins og þetta var algengast í nokkrum helztu verstöðvum landsins. Svo yrðu þarna að sjálfsögðu öll skinnklæði og veiðarfæri þau, sem árabátaútvegi fylgdu, ásamt hvers konar útbúnaði vermanna.

Fjórða deild ætti að gefa yfirlit um þróunina frá opnu áraskipunum yfir til þilskipa, vélbáta og togara. Rakin yrði saga þilskipanna allt frá dögum Bjarna Sívertsens og fram til loka skútualdar. Gefið yrði yfirlit um hákarlaveiðarnar, sýnd líkön af hákarlaskipum og hákarlaveiðarfæri. Líkan yrði hér af fyrsta vélbátnum, fyrsta togaranum og þróunarsaga þessara skipa síðan rakin í stórum drættum með lesmáli, teikningum, myndum, töflum og línuritum. Loks yrði í þessari deild gerð nokkur grein fyrir myndun sjávarþorpa og bæja, sem risið hafa upp á grundvelli vaxandi útgerðar.

Fimmta deild fjallaði um nútíma veiðar og veiðiaðferðir. Þar yrðu kort, er sýndu helztu fiskimið við Ísland. Önnur kort sýndu verstöðvar kringum landið. Síðan kæmu togveiðar, línuveiðar, dragnótaveiðar, herpinótaveiðar, reknetaveiðar o. s. frv. Ef vel ætti að vera, þyrfti að láta gera nákvæmar eftirmyndir, er sýndu skipin við veiðarnar, hvernig veiðarfæri liggja í sjónum og á hvern hátt aflanum er náð. Þetta er algengt í erlendum söfnum og tiltölulega auðvelt að gera það svo úr garði, að safngestir skilji vel, hvernig hin ýmsu veiðitæki eru notuð.

Sjötta deild mundi vera um hagnýtingu aflans. Þar kæmi síldariðnaðurinn. Sýnd yrðu líkön af síldarverksmiðjum og komið fyrir myndasamstæðu, er sýndi starfsemi þeirra allra, frá því er síldinni er skipað á land og þar til lýsið rennur í geymana og mjölið í pokana. Á sama hátt yrðu þarna líkön af hraðfrystihúsum og myndir, er sýndu vinnu í þeim. Enn fremur yrði minnzt á niðursuðu, lýsisframleiðslu, saltfiskverkun, harðfiskverkun, og fiskmjölsvinnslu. Loks mætti koma fyrir í þessari deild ýmsum upplýsingum um fiskveiðarnar og þjóðarbúskapinn,

t. d. mannafla við fiskveiðarnar, aflamagnið, þátt sjávarafurða í utanríkisverzluninni og fleira af því tagi.

Í sjöundu deild yrði gerð grein fyrir fiskveiðum annarra þjóða við Ísland, bæði fyrr og síðar. Er það allmikið verkefni og furðulítið rannsakað af fræðimönnum vorum, svo að eins og sakir standa, er þar helzt til ótryggur grundvöllur á að byggja. Þó er vitað um mörg atriði, svo að þessi sýningardeild getur orðið allfróðleg, ef vel er til vandað.

Áttunda sýningardeildin gæti fjallað um kaupsiglingar Íslendinga, en þar sem saga þeirra er stutt ennþá, mætti sennilega hafa þar einnig aðra þætti, svo sem ýmislegt, er snertir vitamál og hafnargerðir.

Í níundu deild kæmu síðan siglingatæki, öryggis- og björgunartæki. Þar mundi kenna margra grasa, því að margvísleg eru þau tæki orðin, sem notuð eru á nútíma skipum, bæði af skipstjórnarmönnum og loftskeytamönnum. Þegar þar við bættust helztu björgunaráhöld nútímans, mætti ætla, að mörgum landkrabbanum þætti eitt og annað athyglisvert í þessari deild. Þarna mætti hafa sýnishorn af gömlum og nýjum sjókortum, veðurkort, skipsdagbækur o. s. frv.

Tíunda deild yrði véladeild og skipasmíðadeild. Þar yrðu líkön og sýnishorn af aflvélum í skip, báta og verksmiðjur. Þessi deild þyrfti að geyma líkan af fyrstu íslenzku gufuvélinni, skrúfuna af fyrsta gufubátnum, en hún mun enn til, eftirmynd af fyrstu mótorvélinni og loks líkan af nútíma gufuvél, venjulegri hráolíuvél og dieselvél.

Þá yrðu að vera þarna upplýsingar, er snertu bátasmíðar innanlands, bæði nú og áður. Líkön yrði að gera af bátum og skipum, eins og þau líta út, á meðan þau eru í smíðum, á ýmsum stigum smíðanna. Væri slíkri deild vel fyrir komið, gæti hún orðið einkar fróðleg og athyglisverð.

Ellefta deild ætti að fjalla um fiskrannsóknir og hafrannsóknir, auk þess sem þar mætti koma fyrir upplýsingum um félög þau og stofnanir, sem vinna að sjávarútvegsmálum. — Fiskrannsóknir og hafrannsóknir Íslendinga eru enn að heita má á byrjunarstigi. Hins vegar eru þar ótæmandi verkefni fyrir höndum, sem nauðsynlegt er, að verði unnin með atorku og elju, ef Íslendingar vilja vera hvort tveggja í senn í framtíðinni: fiskveiða- og menningarþjóð. Sem betur fer höfum við nú eignazt nokkra álitlega vísindamenn í þessum greinum, og von er til þess, að fleiri bætist við á næstu árum. Árangur af athugun þessara manna ætti að sjálfsögðu heima í sjávarútvegssafni. Væri þess óskandi, að vísindagrein þeirri, sem hér um ræðir, fleygði svo ört fram á skömmum tíma, að hún legði undir sig heila deild í safninu. En til að byrja með mætti vel hugsa sér, að í sömu deild yrðu upplýsingar ýmsar um félagsmálastörf í þágu útvegsins. Þar yrði gefið yfirlit um tryggingarstarfsemi alla, er útveginn snertir, gerð grein fyrir þeim félögum og opinberum stofnunum, sem um þessi mál fjalla.

Loks mætti hugsa sér, að tólfta og síðasta deild safnsins héti minningardeild. Tilgangur hennar væri einkum sá að heiðra minningu látinna sjómanna og þá sér í lagi þeirra, sem fallið hafa við störfin á hafinu. Þyrfti að fá beztu og hugkvæmustu listamenn vora til að skreyta þá stofu og segja fyrir um tilhögun, svo að hún gæti orðið sem smekklegust og virðulegust.

Ég er þá kominn að lokum þessa máls. Sjávarútvegssafnið mun rísa upp, á því er enginn vafi. En hvert árið, sem líður, án þess að hafizt sé handa, svo að um munar, flytur eitthvað með sér í sjó gleymskunnar, sem aldrei rekur aftur að landi. Því heiti ég á þá aðila, sem eiga að veita máli þessu forustu, að hefjast nú þegar handa. Trúi ég ekki öðru en að Alþingi, útgerðarfélög og ýmsar stofnanir sjávarútvegsins muni bregðast vel við, ef til þeirra yrði leitað um styrk við þetta nauðsynjamálefni. Látum nú hendur standa fram úr ermum, og komum upp veglegu sjávarútvegssafni íslenzkri sjómannastétt og þjóðinni allri til varanlegrar sæmdar.“

Nd. 8. Frumvarp til laga

um Landsbókasafn.

(Lagt fyrir Alþingi á 68. löggjafarþingi, 1948.)

1. gr.

Landsbókasafnið er þjóðbókasafn Íslands.

2. gr.

Hlutverk Landsbókasafnsins er:

1. Að annast söfnun og varðveizlu íslenzkra rita og rita, er varða Ísland eða íslenzk efni, fornra og nýrra, prentaðra og óprentaðra;
2. að halda uppi safni erlendra bókmennta í öllum greinum vísinda, lista, tækni og samtíðarmálefna;
3. að annast rannsóknir í íslenzkri bókfræði;
4. að vinna að kynningu íslenzkra bókmennta og íslenzkrar menningar á erlendum vettvangi.

3. gr.

Landsbókasafn skal þaulsafna öllu prentuðu máli á íslenzku eða því, sem Ísland og íslenzk málefni varðar. Það skal varðveita ónotað eitt eintak af öllu íslenzku prentmáli, sem kostur er á, og skal þeim eintökum fengin sérstaklega örugg geymsla.

4. gr.

Landsbókasafnið varðveitir handritasafn og skal vinna að söfnun íslenzkra handrita og erlendra handrita, er varða íslenzk efni, og greiða fyrir rannsókn þeirra og útgáfu. Það skal vinna að öflun eftirrita eða mynda af íslenzkum handritum, sem erlendis eru, ef frumritin eru eigi fáanleg.

5. gr.

Landsbókasafn skal halda uppi rannsóknum í íslenzkri bókfræði og gefa út skrár íslenzkra bóka og handrita og önnur rit, er íslenzka bókfræði varða, eftir því sem fé er veitt til í fjárlögum.

6. gr.

Landsbókasafn veitir viðtöku skyldueintökum frá íslenzkum prentsmiðjum og annast ráðstöfun þeirra samkvæmt reglugerð.

Safnið skal reka miðstöð bókaskipta við erlend söfn og visindastofnanir.

7. gr.

Landsbókasafn skal hafa samvinnu við Háskólabókasafn og sérfræðibókasöfn, sem ríkisstofnanir og félög eiga, um bókakaup og bókalán. Halda skal uppi sérstakri skráningarmiðstöð fyrir söfn þessi, og má fela Háskólabókasafni forstöðu hennar að fengnu samþykki háskólaráðs.

8. gr.

Forseti skipar landsbókavörð. Landsbókavörður stýrir safninu undir yfirstjórn menntamálaráðuneytisins.

Menntamálaráðherra skipar allt að 6 bókaverði, að fengnum tillögum landsbókavarðar.

9. gr.

Laun landsbókavarðar og bókavarða fara eftir launalögum.

10. gr.

Landsbókavörður ræður bókakaupum til safnsins, eftir því sem fé endist til.

Háskólaráð skipar safninu ráðunauta um bókaval, svo marga og í þeim fræðigreinum, sem ástæða þykir til. Starf þeirra er ólaunað.

Landsbókavörður skal leita tillagna ráðunautanna um bókakaup til safnsins.

11. gr.

Menntamálaráðuneytið setur reglugerð um stjórn og starfshætti safnsins, samvinnu þess við önnur bókasöfn og önnur atriði, er ástæða þykir til. Í reglugerð má ákveða viðurlög við brotum notenda á starfsreglum safnsins.

12. gr.

Með lögum þessum falla úr gildi lög nr. 56 22. nóv. 1907, um stjórn landsbókasafnsins, og lög nr. 33 4. júní 1924, um sameiningu yfirskjalavarðarembættisins og landsbókavarðarembættisins.

13. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Frv. þetta var borið fram sem stjórnarfrv. á síðasta Alþingi, en hlaut eigi afgreiðslu. Fylgdu því svofelldar athugasemdir:

„Á s. l. hausti (1947) skipaði menntamálaráðuneytið bókasafnsnefnd með því verkefni að

„1. gera tillögur til ráðuneytisins um, hvert vera skuli verksvið Landsbókasafns og Háskólabókasafns, hvors um sig;
2. endurskoða gildandi ákvæði um skyldueintök rita handa bókasöfnum;
3. gera tillögur um önnur atriði varðandi bókasöfn, er nefndinni virðist ástæða til."

Í nefndina voru skipaðir þeir Björn Sigfússon, háskólabókavörður, Finnur Sigmundsson, landsbókavörður, Jakob Benediktsson, ritstjóri, Sigurður Nordal, prófessor, og Þorkell Jóhannesson, prófessor. Nefndin varð sammála um frv. þetta.

Frv. er ætlað að marka stefnuna í vísindalegum bókasafnsmálum þjóðarinnar. Landsbókasafnið er þjóðbókasafn Íslands, svo sem verið hefur. Háskólabókasafn og önnur sérsöfn eiga sérstökum hlutverkum að gegna og lýtur hvert sínum tilgangi og sinni stjórn, sem ekki er ástæða til að setja löggjöf um í þessu sambandi. En gert er ráð fyrir samvinnu safnanna með frjálsu samkomulagi og hafi Landsbókasafn forystu um þá samvinnu.

Hlutverk Landsbókasafns verður eins og áður fyrst og fremst varðveizla íslenzkra rita, prentaðra og óprentaðra, og rita, er Ísland og íslenzk efni varða. Jafnframt heldur safnið uppi almennum erlendum bókakosti, svo víðtækum sem tök eru á. Starfssvið safnsins og notkun verður eingöngu miðað við fræðimenn. Það getur ekki gegnt hlutverki almannabókasafns. Það hlutverk verður að ætla bæjar- og héraðsbókasöfnum og lestrarfélögum.

Fram til síðustu áratuga hefur Landsbókasafn verið hið eina vísindalega bókasafn þjóðarinnar. En nú hafa risið upp eða eru að rísa nokkur önnur vísindaleg bókasöfn. Stærst þeirra er Háskólabókasafn. En auk þess hafa ýmsar stofnanir efnt til bókasafna vegna starfsemi sinnar eða rannsókna, svo sem atvinnudeild háskólans, rannsóknastofa háskólans, náttúrugripasafnið o. fl. Hvert þessara safna er miðað við þarfir sinnar stofnunar og ætlað það hlutverk framvegis. En samvinna allra slíkra safna er eðlileg og nauðsynleg, og er Landsbókasafni ætlað að gangast fyrir henni.

Koma á upp skráningarmiðstöð safnanna. Er gert ráð fyrir því, að Háskólabókasafn annist hana, að fengnu samþykki háskólaráðs. Það er talið heppilegt fyrirkomulag, því að mörg sérsafnanna eru tengd háskólanum.

Með þeirri skráningarmiðstöð notast bókakostur safnanna að fullu, hvar sem bækurnar eru varðveittar. Menn geta gengið að skránni og fengið þar yfirlit um bókakost safnanna og gengið síðan að bókunum, þar sem þær eru.

Auk þess sem þetta fyrirkomulag tryggir hina fyllstu notkun bókakosts þess, sem til er, stuðlar það einnig að hagkvæmri meðferð þess fjár, sem til bókakaupa er varið, og kemur í veg fyrir óþörf kaup sama rits til tveggja bókasafna eða fleiri.

Gert er ráð fyrir því, að söfnin komi sér saman um nánara fyrirkomulag þessarar samvinnu, svo sem skráningu bókanna, röðun þeirra og notkun og lán bókasafna á milli. En hvert safn, sem þátt tekur í þessari samvinnu, skuldbindur sig um leið til að hlíta þeim reglum, sem um hana verða settar.

Í frv. er gert ráð fyrir því, að Landsbókasafn reki miðstöð bókaskipta við erlend söfn og vísindastofnanir. Til þeirrar starfsemi ver það fyrst og fremst skyldueintökum þeim, sem ekki þarf að ráðstafa innanlands. Má ætla, að safnið geti á þennan hátt aukið bókakost sinn að dýrmætum verkum á hagkvæman hátt. Að sjálfsögðu getur miðstöð bókaskiptanna einnig orðið sérsöfnunum til stuðnings á sama hátt. En auk þess má ætla, að íslenzkir útgefendur mundu vilja eiga samvinnu við slíka miðstöð og njóta hennar til þess að kynna bækur sínar erlendis.

Slík miðstöð bókaskipta ætti að verða mikilvæg til kynningar íslenzkra bókmennta og bókagerðar erlendis og tekur upp hlutverk, er hingað til hefur ekki verið unnið að á markvissan hátt.

Loks er Landsbókasafni fengið það hlutverk að annast rannsóknir í íslenzkri bókfræði og gefa út nauðsynlegar bókaskrár. Hlýtur það að teljast skylda þjóðbókasafnsins fremur en annarra, og er mjög brýn nauðsyn á, að það verk verði unnið skjótlega."

Háskólaráð hefur látið ráðuneytinu í té umsögn um frv. þetta og frv. til laga um afhending skyldueintaka til bókasafna. Fer bréf háskólaráðs hér á eftir, svo og svar nefndarinnar, er frumvörpin samdi.

Fylgiskjal I.

HÁSKÓLI ÍSLANDS

Reykjavík, 25. sept. 1948.

Háskólaráð hefur á fundi 24. þ. m. rætt tvö lagafrumvörp, er lögð voru fyrir Alþingi 1948, frumvarp til laga um Landsbókasafn og frumvarp til laga um afhending skyldueintaka til bókasafna. Háskólaráð samþykkti að gera eftirfarandi almennar athugasemdir við frumvörp þessi:

Fyrir Alþingi 1948 voru lögð tvö lagafrumvörp varðandi bókasöfn, frumvarp til laga um Landsbókasafn og frumvarp til laga um afhending skyldueintaka til bókasafna. Frumvörp þessi, er samin voru af nefnd, sem að nokkru leyti var skipuð að tilhlutun háskólaráðs, voru send háskólaráði til umsagnar og gat ráðið ekki léð því meðmæli sín að þau yrðu gerð að lögum. Skal hér gerð nokkur grein fyrir ástæðum þess.

Í skipunarbréfi nefndar þeirrar, er frumvörpin samdi, ákvað menntamálaráðuneytið að hlutverk hennar skyldi fyrst og fremst vera að gera tillögur um, hvert vera skuli verksvið Landsbókasafns og Háskólasafns hvors um sig. Háskólasafnið hefur hingað til fyrst og fremst verið vísindalegt bókasafn. Hefur það þegar eignazt álitlegan stofn að bókasafni í þeim vísindagreinum, sem þar eru kenndar, einkum guðfræði, læknisfræði, lögfræði og íslenzkum fræðum, þótt enn vanti að sjálfsögðu mikið á, að sá bókakostur sé fullnægjandi. Í þremur hinum fyrstnefndu fræðigreinum er bókakostur Landsbókasafnsins mjög ófullkominn og ósamstæður og stendur

hann langt að baki bókakosti háskólabókasafnsins, enda mun Landsbókasafnið nú um langt árabil mjög litlu fé hafa varið til kaupa á bókum í þessum fræðigreinum. Vísindaleg störf í þessum efnum eru að mestu tengd við háskólann, enda eru starfsskilyrðin þar bezt og háskólanum verður það óhjákvæmileg nauðsyn að halda bókasafni sínu í þessum greinum við og auka það á komandi árum. Í frv. til laga um Landsbókasafn, 1. gr. 2. tölul., er Landsbókasafni ætlað það hlutverk „að halda uppi safni erlendra bókmennta í öllum greinum vísinda“ og þá þar með einnig í nefndum vísindagreinum. Ef Landsbókasafn á að geta rækt þessa skyldu, þyrfti það fyrst og fremst að koma sér upp sæmilegum stofni þessara bókmennta og halda honum síðan við árlega og myndi slíkt vera fullkominn óþarfi því Háskólabókasafnið myndi verða að gera hið sama. Væri hér stofnað til tveggja bókasafna í sömu greinum í stað þess, sem sjálfsagt sýnist, að fela Háskólabókasafninu einu þetta hlutverk og flytja í það það litla sem Landsbókasafn á nú af bókum í þessum greinum.

Annað atriði í frumvörpum þessum vildum við einnig benda á. Gert er ráð fyrir, að nokkru af skyldueintökum þeim, sem prentsmiðjurnar eiga að skila, skuli varið til bókaskipta við erlend bókasöfn. Er þetta vel ráðið og mætti verða að miklu gagni bæði til að auðga íslenzk söfn að erlendum ritum og erlend að íslenzkum, en það má vera oss áhugamál, að erlend bókasöfn eigi góð söfn íslenzkra bóka. Þetta atriði, bókaskiptin, er algerlega lagt til Landsbókasafnsins. Hvergi er gert ráð fyrir að Háskólabókasafnið njóti neins góðs af þeim. Frá sjónarmiði háskólans er ekki önnur tilhögun viðunandi í þessu máli, en að skyldueintökum þessum sé skipt milli safnanna og ráði hvort safnið sínum bókaskiptum.

Í 7. gr. frv. til laga um Landsbókasafn er rætt um skráningarmiðstöð og gert ráð fyrir, að Háskólabókasafni sé falin forstaða hennar, og er það hið eina verk, sem Háskólabókasafninu er ætlað sérstaklega í þessari löggjöf. Það má vel vera að háskólaráð myndi samþykkja það, að bókasafnið taki verk þetta að sér. Slík skráningarmiðstöð gæti orðið að miklu gagni. En talsverður kostnaður verður af henni, hver sem hefur hana með höndum og ef það kemur í hlut Háskólabókasafnsins, yrði óhjákvæmilegt að auka starfslið þess um a. m. k. einn mann. Það er galli á frv. til laga um Landsbókasafn, að þar er algerlega gengið fram hjá kostnaðarhlið þessa máls, hvergi á það minnzt, hvaðan taka skuli það fé, sem til þess þarf, að þetta verk verði unnið.

Af framangreindum ástæðum teljum vér frumvörpum þessum svo áfátt, að ekki verði sagt, að með þeim fáist viðunandi lausn á máli þessu, og getum því ekki mælt með því, að þau verði gerð að lögum óbreytt.

Alexander Jóhannesson.

Til menntamálaráðuneytisins.

Fylgiskjal II.

Reykjavík, 3. október 1946.

Nefnd sú, sem skipuð var af menntamálaráðuneytinu 26. nóv. 1947, hefur kynnt sér athugasemdir þær við frv. til laga um Landsbókasafn og frv. til laga um afhending skyldueintaka til bókasafna, er borizt hafa menntamálaráðuneytinu frá háskólaráði, en ráðuneytið hefur sent nefndinni til umsagnar með bréfi dags. 27. sept. Skal nú vikið að athugasemdum þessum, hverri fyrir sig.

1. Sú var skoðun nefndarinnar, sem kemur fram í frv. til laga um Landsbókasafn og þá einkum í 2. gr. frv., að Landsbókasafnið eigi að vera þjóðbókasafn og sé því ekki viðeigandi að setja því neinar takmarkanir með lögum. Hins vegar er augljóst, að ýmsar ríkisstofnanir hafa nokkurn bókakost, sumar allverulegan, og þurfa að hafa. Með ákvæðum um skráningarmiðstöð í 7. gr. frv. um Landsbókasafn er stefnt að því, að þessi bókakostur verði aðgengilegur öllum, sem á þurfa að halda

á hverjum tíma, samkvæmt þeim reglum, sem um það verða settar á hverjum stað. Þetta er að nefndarinnar dómi nauðsyn vegna þess, að fjárráð ríkisbókasafnsins og ríkisstofnana til kaupa á erlendum vísindaritum eru og hljóta að vera takmörkunum háð, svo að nauðsynlegt er að sjá svo til, að sem bezt og almennust not verði að þeim bókakosti, sem aflað er, Það mun ekki ofmælt, að þótt sérhver vísindastofnun, í hvaða grein sem er, verji eins miklu fé til bókakaupa í sinni grein og hún hefur frekast tök á og verji því vel, hljóti mikið að skorta á, að öllum þörfum sé fullnægt. Nefndin hefur hvorki séð fært að takmarka með lögum bókakaup einstakra ríkisstofnana né skipta verkum með söfnunum á þann hátt, sem að er vikið í greinargerðinni frá háskólaráði. Verksvið Háskólabókasafns verður ekki ákveðið með lögum, nema bein ósk um það komi frá háskólanum sjálfum. Þótt nefndin viðurkenni þörf einstakra vísindastofnana á því að hafa nokkurn bókakost í sérgrein sinni, er henni ljóst, að fæstar þeirra hafa fjárráð eða húsrúm til að koma upp stórum og fullkomnum söfnum. Nefndin gerir ráð fyrir, að úr bókasöfnum einstakra stofnana hljóti af hagkvæmniástæðum (kostnaði, vörzlu, geymslurúmi o. fl.) sumt að hverfa inn í geymslur ríkisbókasafnsins jafnharðan og þarf að endurnýja þennan bókakost. Með líkum hætti er eðlilegt, að ýmis ritverk, er snerta sérgreinar í ýmsum fræðum og keypt eru af ríkisbókasafninu, verði um lengri eða skemmri tíma lánuð stofnunum, sem einkum þurfa á þeim verkum að halda. Þetta er fyrirkomulagsatriði, sem hlýtur að leiða af samstarfi því um bókaöflun og bókaval, sem frv. stefnir að. Auk þessa telur nefndin þess háttar verkskiptingu með Háskólabókasafni og Landsbókasafni, sem að er vikið í bréfinu frá háskólaráði, lítt framkvæmanlega frá bókasafnssjónarmiði, enda mundi aldrei hafa orðið samkomulag um það í nefndinni, að Landsbókasafn afhenti bókakost sinn í þeim fræðum, sem tiltekin eru í bréfi háskólaráðs. Þess gerist ekki heldur þörf, því að bæði hefur Landsbókasafn jafnan léð greiðlega allar þær bækur, sem beðið hefur verið um til nota í Háskólabókasafni, og samkv. frv. nefndarinnar ætti sú samvinna að aukast og auðveldast eftir þeim leiðum, sem þar er vísað á. Í annan stað mundi slík skipting binda ríkinu þyngri bagga með starfsmannahaldi, en það hlyti m. a. að hafa í för með sér, að þeim mun meira af því fé, sem ríkið getur varið á hverjum tíma til bókasafna, gengi til annars en bókakaupa, og væri sú breyting því spor stigið aftur á bak, án þess að við hana ynnist nokkuð til gagnsmuna. Hins vegar mundi nánari samvinna þessara tveggja stofnana, Háskóla Íslands og Landsbókasafns, um bókaöflun og hagnýting bókakosts, svo sem hér er gert ráð fyrir, eflaust verða að mjög miklu gagni.

2. Misskilningur kemur fram í því, sem segir í greinargerð háskólaráðs um bókaskipti við erlendar stofnanir og um skiptimiðstöð bóka. Að sjálfsögðu mun háskólinn hér eftir sem hingað til hafa öll þau bókaskipti við háskóla, bókasöfn og vísindastofnanir, sem honum býður við að horfa. Hins vegar er það sjálfsagt framkvæmdaratriði, að hin umrædda skiptimiðstöð sé á einum stað, en að sjálfsögðu mun Háskólabókasafn njóta góðs af þeirri bókaöflun, sem takast kann á vegum hennar, samkvæmt því, sem fyrr var sagt um samvinnu allra vísinda- og sérfræðistofnana og Landsbókasafns og Háskólabókasafns sér í lagi, en sú samvinna ætti að verða enn nánari vegna fyrirhugaðs fyrirkomulags með ráðunauta frá háskólanum við bókaval Landsbókasafnsins.

3. Um kostnað, sem verða kann af því að starfrækja skráningarmiðstöð, er réttilega tekið fram í greinargerð háskólaráðs, að ekki kemur til greina að varpa honum á bak einum né neinum án þess, að greitt sé fyrir, og að sjálfsögðu hefur aldrei verið til þess ætlazt. Frv. nefndarinnar felur aðeins í sér heimild til að fela Háskólabókasafni þetta starf með samningi við háskólaráð, en því er í sjálfsvald sett að áskilja fulla greiðslu fyrir.

Að þessu athuguðu getur nefndin fyrir sitt leyti ekki fallizt á að gera neinar tillögur um breytingar á umræddum frumvörpum vegna bréfs háskólaráðs.

Að síðustu vill einn nefndarmanna, Björn Sigfússon háskólabókavörður, gera þessa viðbótargrein fyrir áliti sínu: Auk þess sem ég tel, að frumvörp nefndarinn-

ar miði að verulegum bótum nú þegar á bókakosti háskólakennara og vinni háskólanum hvergi nema gagn, og sé þess vegna samþykkur hinu framanritaða, virðist mér lögfesting þessara frv. stærsta skrefið, sem í bili sé hægt að taka til þeirrar sameiningar vísindalegu safnanna, sem er án efa eina framtíðarlausnin á þeim vandkvæðum, sem komið hafa háskólaráði til að óska þess, að Háskólabókasafn verði höfuðbókasafn landsins í guðfræði, lögfræði og læknisfræði. Alls þessa vegna teldi ég mjög illt að stöðva samþykkt frumvarpanna.

Sigurður Nordal. Þorkell Jóhannesson. Jakob Benediktsson.
Björn Sigfússon. Finnur Sigmundsson.

Til menntamálaráðuneytisins.

Nd. 9. Frumvarp til laga [9. mál]

um afhending skyldueintaka til bókasafna.

(Lagt fyrir Alþingi á 68. löggjafarþingi, 1948.)

1. gr.

Öllum prentsmiðjum hér á landi og öðrum fyrirtækjum, sem margfalda prentað eða ritað mál, nótur, myndir og uppdrætti (með ljósprentun, steinprentun, koparstungu, fjölritun o. s. frv.), er skylt að láta Landsbókasafni í té ókeypis af framleiðslu sinni sem hér segir:

a. fjögur eintök af smáprenti öllu, sem minna er en ein örk, þar með taldar myndir og uppdrættir, sem ekki eru hluti bóka eða blaða, svo og bókum, tímaritum og blöðum, sem fjölrituð eru í 50 eintökum eða fleiri;
b. átta eintök af blöðum, sem út koma einu sinni á viku eða oftar;
c. tólf eintök af öllu öðru prentmáli.

Af bókum og ritum, sem íslenzkir bókaútgefendur láta prenta erlendis, skal kostnaðarmaður skyldur að afhenda Landsbókasafni ókeypis eintök eftir sömu reglum, sem að ofan greinir.

Bækur og tímarit skulu afhent heft, og sé rit prentað á fleiri tegundir pappírs en eina, skulu að minnsta kosti þrjú eintök vera á þeirri pappírstegund, sem bezt er.

Afhendingarskyldar eru endurprentanir og sérprentanir úr blöðum og tímaritum, nýjar útgáfur og endurprentanir bóka, séu breytingar gerðar á efni þeirra eða fyrirkomulagi, enda þótt sama letursteypa sé notuð og bókin ekki talin ný útgáfa.

2. gr.

Enn fremur skulu útgefendur þeir, stofnanir, félög eða einstaklingar, sem njóta styrks af almannafé til útgáfu á ritum, afhenda Landsbókasafni ókeypis allt að 10 eintökum hvers slíks rits, ef landsbókavörður óskar þess.

3. gr.

Það prentað mál, sem er algert trúnaðar- eða einkamál og aðeins ætlað ákveðnum þröngum hópi manna, getur útgefandi ákveðið að bókasöfn leyfi ekki að nota, fyrr en að ákveðnum tíma liðnum. Sá tími má þó ekki fara fram úr 50 árum, og geymast þessi rit á meðan hvergi nema í Landsbókasafni, ef útgefandi óskar.

Undanþegin afhendingarskyldu eru verðbréf og hlutabréf, bankaseðlar og annar prentaður gjaldmiðill.

4. gr.

Landsbókasafn veitir skyldueintökum viðtöku. Menntamálaráðuneytið ákveður í reglugerð að fengnum tillögum landsbókavarðar, hve oft og hvar afhending skuli fara fram á ári hverju. Í lok hvers árs skulu allar prentsmiðjur og aðrar stofnanir, sem lög þessi ná til, senda landsbókaverði skrá í minnst 10 eintökum um allt prentmál, smátt og stórt, sem í þeim hefur verið prentað eða margfaldað á árinu.

5. gr.

Af skyldueintökum þeim, sem talin eru í 1. gr., skal Landsbókasafn varðveita tvö, eitt skal lagt til Háskólabókasafns og eitt til bókasafns Norðurlands á Akureyri. Öðrum skyldueintökum skal Landsbókasafn ráðstafa til bókasafna og vísindastofnana. Menntamálaráðuneytið setur í reglugerð að fengnum tillögum landsbókavarðar nánari ákvæði um skiptingu þeirra.

6. gr.

Verði prentsmiðja gjaldþrota eða hætti störfum, áður en afhending skyldueintaka hefur farið fram, er þrotabúinu eða kostnaðarmönnum prentmálsins skylt að sjá um, að ákvæðum 1. gr. sé fullnægt.

7. gr.

Vanskil á prentmáli varða sektum frá 50—5000 kr., sé eigi bætt úr vanrækslu, þegar áminnt er um það. Mál um brot gegn lögum þessum skulu rekin sem almenn lögreglumál.

8. gr.

Með lögum þessum eru úr gildi numin lög um prentsmiðjur nr. 23 4. des. 1886, með þeim breytingum, sem gerðar hafa verið á þeim fram að þessu.

9. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Frv. þetta var borið fram sem stjórnarfrv. á síðasta Alþingi, en hlaut eigi afgreiðslu. Fylgdu því svofelldar athugasemdir:

„Hinn 26. nóv. 1947 skipaði menntamálaráðuneytið dr. Sigurð Nordal, dr. Björn Sigfússon, Finn Sigmundsson, landsbókavörð, Jakob Benediktsson, magister, og dr. Þorkel Jóhannesson í nefnd til athugunar á bókasafnsmálum. Hefur nefndin samið frumvarp þetta og lét fylgja því svofellda greinargerð:

Samkvæmt 2. lið í erindisbréfi sínu hefur bókasafnanefnd gert þetta frumvarp.

Sökum þess að lög nr. 18 31. maí 1927 fjalla um prentsmiðjur, jafnt og um aðra iðju og iðnað, ber að afnema prentsmiðjulögin, nr. 23 4. des. 1886, en setja ný lög um skyldueintök til bókasafna.

Frv. bókasafnsnefndar til laga um Landsbókasafn gerir í 6. gr., ef að lögum verður, breyting á afhendingu skyldueintakanna og enn meiri breyting á fyrirkomulagi þess, hvernig ráðstafað verður skyldueintökum til bókasafna erlendis. Af þeim rökum verða hin nýju lög um skyldueintök mjög frábrugðin prentsmiðjulögunum, og ber að geta nokkurs um einstakar greinar:

Um 1. gr.

Fækkað er skyldueintökum af smáprenti niður í 4 eintök. Þar er meginefnið auglýsingar, áætlanir farartækja, verzlunarnótur, uppdrættir, hvers konar myndaprent, sem eigi er partur bókar, grafljóð, söngskrár og ýmsar sérprentanir. Þessa 4 eintaka skyldu þykir nauðsyn að leggja á allt fjölritað mál, sem birt er í minnst 50 ein-

tökum innan félags eða á almennari vettvangi. Þar eru oft fólgnar merkar söguheimildir og merki félagsmálaþróunar, staðbundnar fréttir, gamanmyndir, frumútgáfur smásagna og ljóða. Af félagsblöðum og skólablöðum eru árgangar sumir oft fjölritaðir, en sumir prentaðir, og yrði varðveizla slíkra rita gloppótt án þessa ákvæðis og meir undir tilviljunum komin er við verður unað lengur.

Í stað 12 eintaka, sem prentsmiðjum hefur undanfarið verið skylt að láta af blöðum öllum og ýmsum tímaritum, þykir rétt að ákveða 8 eintök dagblaða og vikublaða, þótt 12 eintök verði tekin af öðru. Fæst hin minni bókasöfn eiga nægilegt bókbandsfé og húsrúm til að varðveita vansæmdarlaust um alla framtíð skyldueintök blaðanna. Þeim verður hvorki gagn né álitsauki að hlöðum óbundinna blaða, sem þau hafa eignazt, en sjaldan fengið svo heil, að kostandi þætti til bandsins. Með vaxandi skyldum verður fjórðungsbókasöfnum enn brýnna en fyrr að spara á þessum lið, og þykir nefndinni hæfilegt að ætla einungis þrem innlendum söfnum skylduna að varðveita blöðin öll og smáprentið.

Til útlanda eiga samkvæmt gildandi lögum að fara 4 skyldueintök af blöðum sem öðru prentmáli, og þykir eigi rétt að skerða skuldueintakafjöldann meir en svo, að hægt væri að halda við öllum skiptisamböndum, sem nú eru, ef samningar þættu æskilegir þannig, sbr. 5. gr. um ráðstöfunarrétt Landsbókasafns.

Öll söfn, sem talsverða aðsókn hafa, þurfa að fá einhver fréttablöð og nota þau um leið og þau koma út. Til þess hafa amtsbókasöfnum aldrei dugað skyldueintök, sem berast þeim ári eftir prentun, svo að skyldueintakasvipting rænir þau engu, sem við þá þörf miðast. En ætla má, að hvert það safn, sem opna lesstofu hefur, muni geta fengið helztu flokksblöðin send með vægum skilmálum.

Nefndin hefur að öðru leyti haldið óbreyttum 12 eintaka fjölda þar, sem hann var ákveðinn í prentsmiðjulögunum, og hækkað eintakafjölda annars prentmáls úr 11 í 12 eintök. Bókaútgefendur munu ekki telja þetta viðbótareintak eftir, þar sem það getur engin áhrif haft á sölu bókar innanlands.

Rit, sem innlendir útgefendur láta prenta erlendis og flytja inn í landið, eru gerð afhendingarskyld, eins og gert er með öðrum þjóðum, þótt hér hafi skort um það lagafyrirmæli.

Mikill hluti rita hefur verið afhentur söfnunum heftur, þótt það hafi ekki verið lögskylt. Nú þykir söfnum nauðsyn að lögfesta um það reglu. Hitt þótti nefndinni eigi fært, að neitt yrði lögleitt um bókband á skyldueintökum. En vitað er, að sum bókasöfn muni leita samninga við útgefendur um að kaupa venjulegt forlagsband á mörg hinna heftu skyldueintaka, og er heftingin meðal annars þjóðingarmikið spor til að auðvelda þau viðskipti.

Sjálfsagt þykir að samræma tvenn núgildandi ákvæði um pappírsgæði þriggja eintaka í það horf, sem gert er í frv., en fella niður í staðinn óframkvæmanlegan lagastaf um eintök prentuð á skrifpappír.

Um 2. gr.

Sakir nauðsynja Landsbókasafns að afla sendilegra rita fyrir skiptimiðstöð sína, sbr. 6. gr. í frv. til laga um Landsbókasafn, þykir sanngjarnt að veita landsbókaverði þennan rétt. Þegar útgefendur vita fyrirfram um kvöðina, sem styrk fylgir, kostar hún þá litlu meira en nemur pappír og framhaldsprentun þessara eintaka. Afhendingin getur ekki dregið úr innanlandssölu bókar, en þarflegt getur reynzt, að Landsbókasafnið útbreiði þessi rit erlendis.

Um 3. gr.

Ákvæði þessi eru ný, en nauðsynleg. Ekki er æskilegt, að leyndarskylda sé lengri en þarf, og mætti, þegar reynsla er fengin, takmarka hana nánar eftir tegundum efnis og setja um það ákvæði í reglugerð Landsbókasafns. Rangt þykir að láta eigi söfnunarskylduna ná til rita, þótt hvergi séu til sölu höfð.

Um 4. gr.

Með ákvæðum þessarar greinar er því starfi létt af lögreglustjórum að annast og ábyrgjast innheimtu og dreifingu skyldueintaka. Þetta eykur starf í Landsbókasafni, en hindrar tvíverknað, tafir og óþægindi fyrir marga aðila. Reynsla hefur sýnt, að bæði lögreglustjórar og bókaverðir hafa talið sér hagræði að sniðganga lög um þetta efni og koma á milliliðalausum viðskiptum safnanna og prentsmiðjanna. Með því hefur þó skapazt eftirlitsleysi og glundroði, sem ekki er hægt að sporna við, nema móttaka eintakanna sé öll á valdi Landsbókasafns. Vitanlega er það ekki tilgangur þessarar greinar, að bækur prentaðar á Akureyri skuli fyrst fluttar til Reykjavíkur í Landsbókasafnið og skyldueintak sömu rita til bókasafnsins á Akureyri flutt að því búnu þangað norður. Þess vegna ákveður reglugerð, hvar afhending fer fram o. s. frv.

Ákvæðið um bókaskrár er staðfesting venjunnar, sem nú ríkir.

Um 5. gr.

Núgildandi ákvæði eiga að haldast um skyldueintakavarðveizlu Landsbókasafns, Háskólabókasafns og bókasafns Norðurlands á Akureyri.

Um ráðstöfun annarra skyldueintaka má hiklaust ætla, að reglugerð dugi.

Meðan Ísland var í löggjafartengslum við Danaveldi, var ekki óeðlilegt, að löggjöf ákvæði um þau þrjú skyldueintök, sem prentsmiðjulögin ráðstafa þangað, og um skyldueintak til háskólans í Winnipeg var látin ná sama regla. Eftir skilnað Íslands og Danmerkur á þetta eftir eðli málsins að breytast í bókaskiptasamninga, sem þjóðbókasöfnin verði meginaðilar að, og um skyldueintakasendingu til Vesturheims er bezt, að gildi sama regla. Lagabreytingin, sem hér er lagt til að gera, fyrirbyggir ekki, að bókasendingar til hinna erlendu aðila verði nær óbreyttar frá því, sem er, en fastræður ekkert um, að þær skuli vera óbreyttar. Menntamálaráðherra og landsbókaverði hlýtur að verða annt um það á hverjum tíma, að reglugerðarákvæðin um bókaskipti við útlönd séu haganleg landsmönnum og samvinnunni milli þjóða.

Bókasafn Ísafjarðarkaupstaðar, bókasafn Austurlands á Seyðisfirði og bókasafn Vesturlands í Stykkishólmi eru samkvæmt prentsmiðjulögunum skyld að taka til varðveizlu allt prentmál í sama mæli og hin stærri og efnaðri söfn. Bókasafnsnefnd hugði að auka þyrfti mjög tekjur og skyldur þessara safna, en beina vexti þeirra þangað meir sem notkunarþarfir eru brýnastar. Þess vegna vildi hún taka burt frá þeim kvöðina um alhliða varðveizlu, en treysta menntamálaráðherra, sem er háður þingvilja, til að tryggja þessum söfnum í reglugerð þann rétt, sem þeim er hollastur, til að kjósa ókeypis allar nauðsynlegar bækur og tímarit úr skyldueintökum. Um val þeirra safna á skyldueintökum blaða verður miklu þrengra, eins og sýnt er í skýringunni við 1. gr. Og nokkurn kost blaða hlýtur reglugerðin að ætla þjóðskjalasafni, sem tekið hefur við skyldueintökum þeirra að lögum. En líkur eru til, að blaðaeftirspurn útlendu bókasafnanna verði minni en nemur þeim 4 eintökum blaða, sem þeim eru ætluð nú í lögum, og verða þá möguleikar innlendu safnanna til blaðasöfnunar eitthvað minna skertir en ætla má af 1. gr.

Um 6.—8. gr.

þarf ekki að fjölyrða.“

Fylgiskjöl.

Sjá fylgiskjöl með frv. til laga um Landsbókasafn.

Nd. 10. Frumvarp til laga [10. mál]

um heimild fyrir ríkisstjórnina til að selja f. h. ríkissjóðs lóð á horni Þverholts og Stakkholts í lögsagnarumdæmi Reykjavíkur.

(Lagt fyrir Alþingi á 68. löggjafarþingi, 1948.)

1. gr.

Ríkisstjórninni heimilast að selja fyrir hönd ríkissjóðs lóð á horni Þverholts og Stakkholts, í lögsagnarumdæmi Reykjavíkur, að stærð 525,5 fermetrar.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Árið 1944 fékk frú M. Rasmus, fyrrverandi forstöðukona Málleysingjaskólans, fyrirheit ráðherra um sölu á þessari tilteknu lóð, er hún hafði undanfarin ár haft til afnota og goldið af opinber gjöld. Frúin hefur nú óskað eftir því, að formlega verði gengið frá sölunni, og því er þetta frumvarp borið fram.

Ed. 11. Frumvarp til laga [11. mál]

um heimild fyrir ríkisstjórnina til að innheimta skemmtanaskatt með viðauka árið 1949.

(Lagt fyrir Alþingi á 68. löggjafarþingi, 1948.)

1. gr.

Skemmtanaskatt samkvæmt lögum nr. 56 31. maí 1927 skal árið 1949 heimilt að innheimta af kvikmyndasýningum með 200% álagi og af öðrum skemmtunum með 20% álagi. Þó skulu leiksýningar, hljómleikar og söngskemmtanir innlendra manna undanþegnar álagningu, svo og sýningar á íslenzkum kvikmyndum.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Samskonar frv. og þetta hafa verið samþykkt að undanförnu. Þó er þetta um það frábrugðið, að eigi er krafizt skattauka af íslenzkum kvikmyndum. Nokkrir menn hafa á síðustu árum lagt fé og vinnu í kvikmyndatöku hér á landi. Telur menntamálaráðuneytið eigi rétt að bregða svo fæti fyrir viðleitni þeirra að heimta sama skemmtanaskatt af sýningu íslenzkra kvikmynda og erlendra.

Nd. **12. Frumvarp til laga** [12. mál]

um meðferð opinberra mála.

(Lagt fyrir Alþingi á 68. löggjafarþingi, 1948.)

I. KAFLI
Um það, til hvaða mála lögin taka.

1. gr.

Þau mál öll, sem handhafar ríkisvaldsins höfða til refsingar lögum samkvæmt, skulu fara eftir ákvæðum laga þessara, nema þau sæti meðferð sérdómstóla, er lög þessi taka ekki til.

2. gr.

Einnig skulu eftirfarandi mál sæta rannsókn og meðferð samkvæmt lögum þessum:

1. Mál, sem höfðað er af hálfu ríkisvaldsins til félagsslita samkvæmt ákvæðum stjórnskipulaga um félög.
2. Rannsókn út af brotum barna og unglinga, sbr. lög um vernd barna og ungmenna.
3. Mál til þess að sanna dauða horfins manns.
4. Mál til sviptingar lögræðis og til brottnáms lögræðissviptingar.
5. Mál til sviptingar erfðarétti sakir brota erfingja gagnvart arfleifanda eða samerfingja.
6. Mál til upptöku eigna vegna brota á landslögum.
7. Mál til staðfestingar lögbanni við útbreiðslu rita, mynda eða annars slíks, er ríkisvaldið hefur látið banna.
8. Mál vegna heitinga.
9. Mál til ógildingar hjúskap.
10. Mál til ákvörðunar atriða samkvæmt VII. kafla almennra hegningarlaga.
11. Mál til brottnáms ólögmæts ástands eða til að koma fram viðurlögum fyrir það, öðrum en refsingu, enda eigi fyrirsvarsmaður almenningshagsmuna aðild.
12. Rannsókn slysa og annarra ófara eða atriða lögum eða venju samkvæmt eða eftir sérstöku boði dómsmálaráðherra.

3. gr.

Kröfur borgararéttar eðlis, er af refsiverðri háttsemi rísa, má hafa uppi, rannsaka og dæma í opinberu máli samkvæmt ákvæðum laga þessara.

II. KAFLI
Um dómendur í héraði.

4. gr.

Sýslumenn utan kaupstaða og bæjarfógetar í kaupstöðum utan Reykjavíkur rannsaka og fara með opinber mál fyrir dómi og kveða upp dóm í þeim.

Í kaupstöðum, þar sem sérstakur lögreglustjóri er skipaður, innir hann af hendi sömu störf í opinberum málum.

Í Reykjavík sæta opinber mál rannsókn, meðferð og dómsuppsögu sakadómara, er vera skulu þrír til fimm eftir ákvörðun dómsmálaráðherra, og skipar hann einn þeirra forstöðumann embættisins. Starfar hver þeirra sjálfstætt og á sína ábyrgð að málum þeim, sem hann fær til meðferðar samkvæmt ákvörðun forstöðumanns, enda skiptir hann störfum með sakadómurum að öðru leyti og hefur yfirstjórn embættisins og fyrirsvar út á við.

Sakadómarar taka laun samkvæmt 8. gr. 1. tölul. laga nr. 60/1945.

5. gr.

Saksóknari getur kveðið svo á, að rannsókn máls og meðferð, annaðhvort eða hvort tveggja, skuli fara fram í Reykjavík, eða annars staðar á landinu, þar sem honum þykir bezt við eiga, enda þótt það skyldi annars sæta rannsókn og meðferð dómara í öðru lögsagnarumdæmi, ef mál er vandasamt eða umfangsmikið.

Dómsmálaráðherra getur skipað sérstakan dóm einum eða fleirum dómurum, er halda megi dómþing hvar sem vera skal á landinu, ef málið þykir ofvaxið hinum reglulega dómanda vegna embættisanna eða af öðrum ástæðum.

Í Reykjavík geta þrír sakadómarar annað hvort eftir ákvörðun forstöðumanns eða eftir boði dómsmálaráðherra farið með mál eftir rannsókn þess og dæmt það í sameiningu, enda þyki vafi vera um mikilsverð sönnunar- eða lagaatriði.

Dómur getur kvatt tvo kunnáttumenn til dómstarfa með sér í málum, þar sem sérkunnáttu þykir sérstök þörf.

6. gr.

Sjó- og verzlunardómur starfar að þeim málum, er í 1. og 2. tölul. 200. gr. laga um meðferð einkamála í héraði greinir. Siglingadómur fer með þau mál, sem í lögum nr. 68/1947 segir. Um meðferð þessara refsimála fer eftir lögum þessum og ákvæðum 205. og 206. gr. laga um meðferð einkamála í héraði.

Nú verður það uppvíst í sjó- eða verzlunardómsmáli eða ástæða þykir til að ætla, að sökunautur hafi einnig framið aðrar refsiverðar athafnir, og skal þá einnig rannsaka og dæma þær í þeim dómi ásamt sjó- eða verzlunarbrotunum.

Nú kemur það upp í almennu refsimáli eða ástæða þykir til að ætla, að sökunautur hafi einnig framið refsivert sjó- eða verzlunarbrot, og skal rannsókn og meðferð þess brots eða þeirra brota sameina rannsókn og meðferð almenna brotsins eða almennu brotanna, enda skal þá nefna meðdómendur samkvæmt 1. málsgrein.

7. gr.

Kirkjudómur fer með refsimál vegna afbrota biskups og presta þjóðkirkjunnar út af hneykslanlegu framferði þeirra í embættisathöfnum eða einkalífi, enda sé ekki um almenn refsiverð brot að tefla. Forsæti í kirkjudómi skipar viðkomandi héraðsdómari (í Reykjavík elzti sakadómari), en til meðdómenda kveður hann tvo þjónandi þjóðkirkjupresta.

Ákvæði 2. og 3. málsgr. 6. gr. eiga með samsvarandi hætti við mál samkvæmt 1. málsgrein.

8. gr.

Skylt er hverjum manni, karli sem konu, er fullnægir lögmæltum skilyrðum, að taka við kvaðningu héraðsdómara til meðdómendastarfa.

Undan kvaðningu eru skildir:

1. Dómarar og ritari hæstaréttar, aðrir embættisdómarar og fulltrúar þeirra.
2. Ráðherrar og skrifstofustjórar í stjórnarráði.
3. Biskup og prestar þjóðkirkjunnar, nema í kirkjudómi.
4. Löggiltir málflutningsmenn og fulltrúar þeirra.
5. Embættislæknar og ljósmæður.

9. gr.

Almenn skilyrði til meðdómendastarfa eru þessi:

1. Nægilegur andlegur þroski og andleg og líkamleg heilbrigði.
2. Óflekkað mannorð.
3. Lögræði og fjárforræði.
4. Aldur frá 25—70 ára.
5. Sérþekking á sakarefnum.

10. gr.

Um skilyrði meðdómenda til þátttöku í meðferð einstaks máls fer samkvæmt ákvæðum laga um meðferð einkamála í héraði.

11. gr.

Um skyldu og skilyrði meðdómenda samkvæmt 8.—10. gr. dæmir héraðsdómari, en skjóta má úrlausn hans til hæstaréttar eftir reglum um kæru til æðra dóms. Sama er um forföll meðdómenda.

12. gr.

Áður en meðdómandi tekur til starfa fyrsta sinni, skal hann undirrita í þingbók heit að viðlögðum heiðri sínum og drengskap um það, að hann skuli leysa starfann af hendi, svo sem hann hyggur sannast og réttast og helzt að lögum.

Um greiðslu til meðdómenda fer samkvæmt 2. málsgr. 203. gr. laga um meðferð einkamála í héraði.

13. gr.

Í málum samkvæmt 5. gr., 4. málsgr., kveður héraðsdómari meðdómendur til að frumprófi loknu eða síðar, ef þá reynist ástæða til. Taka meðdómendur þátt í rannsókn, málsmeðferð og dómsuppsögu. Héraðsdómari stýrir dómi og kveður einn upp úrskurði, þá er efni verða til, skipar verjanda, ákveður málshöfðun, gefur út stefnur, nefnir skoðunar- og matsmenn, spyr sökunaut og vitni og tekur við staðfestingu þeirra á skýrslum sínum, sér um samningu dóms og áfrýjun og kemur yfir höfuð fram út á við fyrir hönd dómsins. Í fjölskipuðum dómi löglærðra manna framkvæma þeir allir þessar athafnir.

14. gr.

Nú missir meðdómanda við, og kveður héraðsdómari þá annan til, er taki við máli, þar sem hinn þraut, nema héraðsdómara þyki sérstök ástæða til að endurtaka það, sem áður hefur farið fram í málinu. Annars fer sem í 192. gr. laga um meðferð einkamála í héraði segir.

15. gr.

Dómari getur látið löggiltan fulltrúa sinn framkvæma rannsókn fyrir dómi og kveða upp úrskurði, sem nauðsynlegir eru hennar vegna, enda fullnægi hann skilyrðum 1. málsgr. 33. gr. laga um meðferð einkamála í héraði.

Að öðru leyti gilda ákvæði II. kafla laga um meðferð einkamála í héraði, eftir því sem við á.

16. gr.

Málsmeðferð fyrir dómi er opinber, nema dómara þyki ástæður þær, er í 2. mgr. segir, standa því í vegi.

Rannsókn fer fram fyrir luktum dyrum:

a. ef dómari telur þess þörf til að leiða sannleikann í ljós, t. d. á frumstigi rannsóknar;
b. til hlífðar sökunaut, þegar sérstaklega stendur á, eða nánustu vandamönnum hans, vitnum eða öðrum;
c. ef sökunautur er undir 18 ára;
d. af velsæmisástæðum eða
e. annars vegna hagsmuna ríkis eða almennings.

Dómari getur bannað að skýra opinberlega frá atriðum í opinberri rannsókn eða að gera uppdrætti eða myndir af mönnum í þinghaldi eða öðru, sem þar fer fram eða er til sýnis.

17. gr.

Rannsókn opinberra mála og dómsmeðferð að öðru leyti fer fram fyrir sakadómi og á þeim stað og tíma, sem dómari eða dómsformaður ákveður hverju sinni. Dómsmálaráðherra getur þó, að fengnum tillögum viðkomandi dómara, ákveðið, að sakadóm í kaupstöðum eða kauptúnum, sbr. 2. málsgr. 4. gr., til meðferðar opinberra mála skuli halda ákveðna vikudaga og á ákveðinni klukkustund, ef mál eru fyrir hendi.

18. gr.

Hverju héraðsdómaraembætti utan Reykjavíkur og embætti sakadómara í Reykjavík skal fylgja sakadómsbók, ein eða fleiri, þar sem skrá skal að efni til það, sem fram fer í opinberum málum, nema ræður málflytjenda, og sérstök dómabók, þar sem skrá skal dóma í opinberum málum.

Nú er rannsókn framkvæmd á hendur sökunaut vegna margra sakaratriða eða á hendur fleiri sökunautum, og skal þá, ef kostur er, skráð þannig í þingbók, að síðar megi, þegar eftirrit er tekið úr bókinni, hafa samfellt eftir föngum það, sem varðar eitt og sama sakaratriði. Dómsmálaráðherra getur sett nánari fyrirmæli um þetta.

Rétt er að hraðrita eða taka á talvél skýrslur í opinberu máli.

Rannsóknarstjóri skal halda sakaskrá fyrir land allt. Dómsmálaráðherra setur fyrirmæli um sakaskrá og sakavottorð.

19. gr.

Ritlaun greiðast ekki fyrir eftirrit úr bókum þeim, er í 18. gr. getur, eða fyrir eftirrit af skjölum, er til opinbers máls heyra, ef eftirritið er nauðsynlegt til sóknar þess eða varnar eða í sambandi við rannsókn þess eða málskot, eða það er veitt til þess að koma fram skaðabótakröfu í opinberu máli eða í þágu handhafa ríkisvaldsins. Eftirrit þessi skal í té láta, svo fljótt sem framast er unnt.

Að öðru leyti gilda ákvæði III. kafla laga um meðferð einkamála í héraði um opinber mál, eftir því sem við getur átt.

III. KAFLI

Um ákæruvaldið.

20. gr.

Dómsmálaráðherra kveður á um rannsókn, höfðun og áfrýjun opinbers máls, þar sem svo er sérstaklega mælt í lögum, og gefur saksóknara fyrirmæli um framkvæmdir og leggur samþykki sitt á ákæruskjal. Dómsmálaráðherra hefur eftirlit með framkvæmd ákæruvaldsins að öðru leyti og getur krafið saksóknara skýrslna um einstök mál.

21. gr.

Forseti skipar opinberan ákæranda, er nefnist saksóknari ríkisins. Hann skal fullnægja skilyrðum þeim, sem sett eru í lögum til þess að fá skipun í dómaraembætti í hæstarétti og hafa sömu laun og lögkjör að öðru leyti sem hæstaréttardómarar, eftir því sem við verður komið.

Dómsmálaráðherra skipar saksóknara til aðstoðar fulltrúa með lögfræðisprófi.

22. gr.

Saksóknari fer með ákæruvaldið. Hann skal hafa vakandi auka á brotum, sem framin verða, og kveður á um rannsókn opinberra mála og hefur yfirstjórn hennar og eftirlit. Getur hann gefið lögreglumönnum fyrirmæli og leiðbeiningar um rannsóknir almennt eða í einstökum atriðum og verið við þær staddur.

Saksóknari kveður á um höfðun opinberra mála, sbr. þó 115.—117. gr., svo og um áfrýjun þeirra.

23. gr.

Nú er saksóknari svo riðinn við mál eða aðilja, að hann mætti eigi gegna dómarastörfum í því, og skipar dómsmálaráðherra þá annan löghæfan mann til meðferðar þess máls.

24. gr.

Nú skal mál því aðeins höfðað, að sá krefjist þess, sem misgert er við, og skal þá handhafi ákæruvalds og dómari rannsaka það af sjálfsdáðum, hvort sá, er málshöfðunar krefst, er réttur aðili. Ef svo þykir ekki vera, skal málshöfðunar synja og vísa máli frá dómi, ef það hefur farið til dóms.

25. gr.

Saksóknari skal jafnan leita umsagnar viðkomandi ráðuneytis, áður en hann ákveður málshöfðun á hendur starfsmanni til refsingar fyrir brot í opinberu starfi. Ráðuneytinu ber að láta saksóknara í té rökstudda umsögn og tillögur, svo fljótt sem kostur er.

26. gr.

Ef verknaður felur bæði í sér brot, er opinberri málshöfðun skal sæta, og brot er sætir málshöfðun einstaks aðilja, getur saksóknari höfðað mál fyrir bæði brotin, ef sá aðili óskar þess, enda ber þá að dæma þau og ákveða refsingu í einu lagi. En láta skal þó mál falla niður fyrir það brot, er einstakur aðili átti sök á, ef hann krefst þess, unz dómur er uppkveðinn í héraði.

27. gr.

Nú þykir verknaður að vísu refsiverður að landslögum, en þó þykir mega telja, að hvorki almenningshagsmunir né almenningsálit krefjist málshöfðunar né refsidóms, svo sem ef langt er liðið síðan brot var framið, án þess þó að refsikrafa sé fyrnd, og sökunautur hefur síðan hegðað sér óaðfinnanlega, ef telja má álit manna á verki hafa breytzt sökunaut í hag, síðan refsiákvæði var sett, ef telja má brot mjög lítilsvert eða miklar eru málsbætur, brot hefur valdið sökunaut sjálfum sérstaklega óvenjulegum þjáningum o. s. frv., og getur þá héraðsdómari sent saksóknara tillögur um niðurfellingu saksóknar. Saksóknari getur bæði að hvötum héraðsdómara og af sjálfsdáðum gert tillögur um niðurfellingu saksóknar, þegar svo stendur á, sem nú var sagt. Dómsmálaráðherra ákveður síðan eða gerir tillögu um, hvort neyta skuli heimildar stjórnarskrár eða annarra laga, er þar um kynnu að vera sett, um niðurfellingu saksóknar.

Binda má niðurfelling saksóknar skilyrðum, svo sem að sökunautur sæti eftirliti einstakra manna, félags eða stofnunar, að honum verði komið í vist á góðu heimili tiltekinn tíma, að hann fremji ekki refsiverðan verknað tiltekinn tíma, allt að fimm árum, neyti ekki áfengra drykkja eða deyfilyfja tiltekinn tíma, greiði tiltekna sekt eða bætur, ef því er að skipta o. s. frv.

IV. KAFLI
Um varnarþing.

28. gr.

Aðalrannsókn opinbers máls fyrir dómi skal þar fara fram, sem varnarþing þess er samkvæmt ákvæðum þessa kafla, að svo miklu leyti sem því verður við komið. En auk þess skal rannsaka mál þessi fyrir dómi eða utan dóms eftir þörfum, þar sem hentugt og nauðsynlegt þykir.

Dómara opinbers máls er rétt að sækja eða láta sækja sökunaut í annað lögsagnarumdæmi og láta birta þar stefnur og aðrar tilkynningar án atbeina héraðsdómara þar.

Nú leikur vafi á því, hvaða héraðsdómari eigi að rannsaka opinbert mál eða hvar hagfelldast sé, að rannsókn þess fari fram, og má þá bera þessi atriði undir saksóknara, sem sker úr því til fullnaðar. Með sama hætti getur saksóknari af sjálfsdáðum kveðið á um það, fyrir hvaða dómi rannsókn skuli fara fram.

29. gr.

Nú er einn maður fyrir sök hafður, og má mál þá höfða í lögsagnarumdæmi, þar sem brot var framið (afbrotavarnarþing). Nú er vafasamt, í hvaða lögsagnarumdæmi telja skal brot framið eða eitt eða fleiri brot eru framin í fleirum en einu lögsagnarumdæmi, og má þá höfða mál í hvoru eða hverju þeirra, sem hagfelldast þykir.

Nú verður því ekki komið við, eða óhagfellt þykir, að höfða mál á afbrotavarnarþingi, og má þá mál höfða í lögsagnarumdæmi, þar sem sökunautur kann að hafa verið handtekinn, eða þar sem brotið kemst upp eða á heimilis- eða dvalarvarnarþingi hans hér á landi, eftir því sem við verður komið eða hagfelldast þykir.

30. gr.

Nú er brot framið hér á landi utan allra lögsagnarumdæma og ákvæðum næstu greinar hér að ofan verður ekki við komið, og ákveður þá héraðsdómari, hvar mál skuli höfðað, en bera má hann það mál undir saksóknara, enda þoli málið þá bið, er þar af verður.

Ef brot er framið á íslenzku skipi eða flugfari utan íslenzkrar hafnar, má höfða mál út af því í lögsagnarumdæmi, þar sem skipið eða flugfarið tekur fyrst höfn þar eftir hér á landi, nema saksóknara þyki hagfelldara að reka það annars staðar. Ef ekki hefur þá verið ger reki að málinu, skal fara eftir fyrirmælum 1. málsgreinar.

Nú er brot framið erlendis og sótt verður hér á landi sök út af því, og má þá sækja hana, þar sem sökunautur stígur hér fyrst þar eftir á land, nema saksóknara þyki hentugra að reka það annars staðar. Nú hefur þá ekki verið ger reki að málinu, og fer þá eftir 1. mgr.

31. gr.

Nú eru fleiri menn en einn á refsiverðan hátt riðnir við brot, eitt eða fleiri, og skal þá að jafnaði sök sækja í einu lagi á hendur þeim báðum eða öllum, enda þótt þeir eigi ekki sama varnarþing samkvæmt ákvæðum undanfarandi greina, þar sem sækja má einn þeirra eða fleiri samkvæmt ákvæðum hér að framan. Ef mál hefur verið höfðað gegn einum eða fleirum sér í lagi eða sitt í hvoru eða hverju lögsagnarumdæmi, getur saksóknari ákveðið, að það eða þau skuli niður falla og sökunautar sóttir í einu máli á sama varnarþingi. Með sama hætti getur hann kveðið svo á, að aðgreina skuli mál, er höfðuð hafa verið saman á hendur fleiri en einum manni, ef hann telur málin ekki saman eiga eða óhentugra að sækja þau í einu lagi.

Nú hafa fleiri menn en einn framið brot saman, en sumir þeirra eða allir hafa einnig framið önnur brot, og skal þá að jafnaði höfða mál út af öllum brotunum í einu lagi.

32. gr.

Nú er héraðsdómari í vafa um, á hvaða varnarþingi mál skuli höfða, eða hvort höfða skuli mál gegn fleiri mönnum en einum saman, og getur hann þá borið það atriði undir saksóknara, sem sker úr því til fullnaðar.

Saksóknari getur, eftir því sem honum virðist henta, valið á milli afbrotavarnarþings, handtökuvarnarþings og heimilis- og dvalarvarnarþings eða annars varnarþings, ef það þykir hentugra til þess að afla sakargagna, til að hraða máli eða vegna ráðstafana, sem gera þarf gagnvart sökunaut. Ákvörðunum saksóknara um þessi efni verður ekki haggað í dómi, enda verður málsmeðferð í héraði ekki ómerkt af því einu, að mál hafi verið sótt á röngu varnarþingi.

33. gr.

Mál samkvæmt 2. gr. laga þessara skal höfða á varnarþingi, sem saksóknari ákveður.

34. gr.

Ákvæði þessa kafla taka og til þeirra mála, er því aðeins skal höfða, að sá krefjist þess, er misgert er við, eftir því sem við getur átt.

V. KAFLI

Um lögreglumenn og upphaf rannsóknar.

35. gr.

Sýslumenn eru lögreglustjórar utan kaupstaða og bæjarfógetar í kaupstöðum utan Reykjavíkur. Í kauptúnum, þar sem sérstakur lögreglustjóri er skipaður, fer hann með lögregluvald. Þar sem sérstakir lögreglumenn eru skipaðir, eru þeir lögreglustjóra til aðstoðar. Annars staðar aðstoða hreppstjórar lögreglustjóra.

Forseti skipar rannsóknarstjóra. Skal hann hafa leyst af hendi lögfræðispróf og aflað sér samkvæmt vottorðum hæfrar stofnunar rækilegrar sérmenntunar í þeim efnum, er eftirgrennslan brota varða. Hann skal lúta saksóknara, hafa skrifstofu í Reykjavík, stýra rannsóknum þar og fara með stjórn þeirra lögreglumanna, sem ætlað er að rannsaka brot, að því er þau störf varðar. Þá skal hann og stjórna rannsóknum hvarvetna annars staðar á landinu, þegar saksóknari telur þess þörf, enda getur hann sent fulltrúa sinn eða rannsóknarlögreglumenn héraðsdómurum til aðstoðar bæði utan réttar og fyrir dómi. Dómsmálaráðherra setur lögreglumönnum fyrirmæli um rannsókn brota að fengnum tillögum rannsóknarstjóra og lögreglustjóra í Reykjavík.

Rannsóknarstjóri nýtur sömu launakjara sem lögreglustjórinn í Reykjavík. Skipa má rannsóknarstjóra fulltrúa með lögfræðisprófi.

36. gr.

Hver, sem skipaður er lögreglumaður, skal hafa lokið prófi, er sýni, að hann sé þeim kostum búinn og hafi þá kunnáttu, sem nauðsynleg er til starfans. Skulu þeir einir valdir til starfans, sem telja má valinkunna og vandaða. Allir lögreglumenn, bæði þeir, sem nú eru, og þeir, er síðar verða skipaðir, skulu vinna svofellt heit: Því heiti ég og legg við drengskap minn og heiður, að lögreglumannsstarfa minn skal ég rækja með kostgæfni og samvizkusemi í hvívetna og vinna að því eftir fremsta megni að halda uppi stjórnarskrá lýðveldisins og öðrum lögum þess.

Dómsmálaráðherra setur reglur um kennslu lögreglumanna, prófkröfur og önnur hæfiskilyrði að fengnum tillögum saksóknara, lögreglustjóra í Reykjavík og rannsóknarstjóra. Rannsóknarstjóri hefur umsjón með kennslu og prófun lögreglumanna í öllu, er lýtur að rannsókn brota.

Dómsmálaráðherra setur lögreglumönnum erindisbréf.

37. gr.

Lögreglumönnum ber að sýna árvekni í starfa sínum og kunna glögg skil á ábyrgð þeirri, sem starfa þeirra fylgir. Hlutverk þeirra er að halda uppi lögum og reglu, greiða götu manna, þar sem það á við, stemma stigu við ólögmætri hegðun og vinna að upplýstran brota, sem framin eru, og vera rannsóknardómara til aðstoðar í hvívetna. Þeir skulu kynna sér þau lög og reglur, sem þeir eru settir til að viðhalda, svo sem refsilöggjöf, umferðalöggjöf, áfengislöggjöf, lögreglusamþykktir o. s. frv. Þeir skulu vera kunnugir staðháttum á starfssvæði sínu, svo sem föng eru á, og vita skil á brotamönnum og háttum þeirra. Þeim ber að afla sér sérstakrar

þekkingar og æfingar í rannsókn vettvangs, þannig að sakargögn fari ekki forgörðum. Kunna skulu þeir að taka skýrslur af mönnum, færa þær skilmerkilega í letur og rita greinargóðar frásagnir um atburði í starfa sínum.

38. gr.

Nú fá lögreglumenn vitneskju eða rökstuddan grun um, að refsiverð háttsemi, er beri undir opinbera ákæruvaldið, hafi drýgð verið í umdæmi þeirra, hvort sem það er fyrir kæru eða skýrslu annarra manna eða með öðrum hætti, og ber þeim þá að hefja af sjálfsdáðum rannsókn málsins og gera þær ráðstafanir, sem löglegar, nauðsynlegar og heppilegar eru til að afla sakargagna og gæta þess, að þau spillist ekki, svo og framkvæma hvað eina, er horfir til glöggvunar á málavöxtum og lög leyfa, svo sem:

1. Leita þeirra, sem brot hafa framið eða grunaðir eru um brot, prófa þá m. a. um háttsemi og dvalarstaði á þeim tíma, sem brot var framið.
2. Finna sjónarvotta og heyrnar og aðra, sem skýrslu kunna að geta gefið til skýringar sakaratriðum, og prófa þá, svo fljótt sem kostur er, þ. á m. afla sem nákvæmastrar frásagnar um orð, útlit og háttsemi grunaðs manns, og þess sem kveðst hafa orðið fyrir broti, þegar eftir að það tjáist hafa verið framið, athuga fjármeðferð og efnahag grunaðs manns, bæði fyrir brot og eftir, er því er að skipta.

   Þegar sannreyna skal, hvort maður endurþekki annan mann, skal hann látinn benda á þann mann í hópi fleiri manna, ef þess er kostur.
3. Rannsaka vettvang, gera af honum glöggvan uppdrátt, framkvæma þar mælingar, afgirða hann eða teppa umferð um hann í bili og varna þar við röskun á ummerkjum, unz vettvangsrannsókn hefur farið fram.
4. Hafa uppi á munum, sem brot hefur verið framið með eða ætla má til þess ákveðna, svo og munum, sem brot hefur komið niður á eða gerðir hafa verið með refsiverðum verknaði, og athuga, hvort grunaður maður hefur nokkra þá muni í vörzlum sínum, er benda til vistar hans á vettvangi.
5. Athuga, hvort verknaður hefur látið eftir sig merki á mönnum eða munum, svo sem á líkama manna, klæðum, hjólför á vegi, merki eftir verkfæri, fingraför og fóta, og rannsaka eða láta rannsaka þau.
6. Hlutast til um sérfræðilega rannsókn á mönnum, munum og vettvangi, eftir því sem ástæða er til, svo sem blóðrannsókn og aðra læknisrannsókn, efna- og eðlisfræðilega rannsókn, leturrannsókn o. s. frv.
7. Annast töku ljósmynda af vettvangi, mönnum og munum eftir þörfum.

Gefa skulu lögreglumenn rannsóknarstjóra í Reykjavík og annars staðar héraðsdómara skýrslu um aðgerðir, svo fljótt sem verða má.

Nú er svo mælt í lögum, að einstakur maður eigi ákæruvald eða skuli taka þátt í því, og skulu lögreglumenn þá tilkynna yfirboðara sínum málavöxtu og gera nauðsynlegar ráðstafanir til að vernda það ástand, sem er, eða til þess, að síðari rannsókn megi fara sem heppilegast fram, ef reki verður gerður að málinu samkvæmt kröfu aðilja.

39. gr.

Nú fer maður með starfa og brýtur öryggisreglur, sem um hann eru settar, og skal lögreglumaður þá til bráðabirgða varna honum að rækja starfann, m. a. með því að taka af honum atvinnuskírteini, stöðva farartæki hans, loka starfhýsi hans eða með öðrum viðeigandi hætti, ef það er nauðsynlegt til að afstýra hættu eða brot er stórfellt.

40. gr.

Lög nr. 112 18. maí 1935, um hæstarétt, 22., 23. og 30. gr., að því leyti sem hún tekur til opinberra mála.

Svo eru öll önnur fyrirmæli í lögum, er fara í bága við lög þessi, úr gildi numin.

Sérstök meðferð almennra lögreglumála er úr lögum numin.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Hinn 23. júní 1947 skipaði dómsmálaráðherra þá dr. juris Einar Arnórsson og hæstaréttardómarana Gizur Bergsteinsson og Jónatan Hallvarðsson til þess að semja frumvarp til laga um meðferð opinberra mála. Hafa þeir unnið að þessu verki síðan og samið frumvarp það, sem hér liggur fyrir, með athugasemdum. Ræddu þeir um einstök atriði við dómsmálaráðherra, er síðan tók frumvarpið til athugunar, og var nokkrum atriðum breytt í samræmi við óskir hans.

Í athugasemdum með frumvarpi til laga um meðferð opinberra mála, sem lagt var fyrir Alþingi 1939, eru rakin höfuðatriði íslenzkra laga um meðferð opinberra mála hér á landi fyrr á tímum, og þykir mega vísa til þess.

Höfuðeinkenni meðferðar opinberra mála hér á landi nú eru þessi: Lögreglumenn og dómari hefja venjulega af sjálfsdáðum rannsókn brotamála utan réttar eða fyrir dómi, enda ber dómara að afla gagna í embættisnafni. Sönnunarbyrði um sekt sökunauts hvílir yfirleitt á ákæruvaldinu. Sökunaut má þvinga með ógnun um fangelsi við vatn og brauð til þess að svara spurningum dómara. Rannsókn fer fram fyrir lokuðum dyrum. Sökunaut er enginn verjandi settur, meðan á rannsókn stendur. Dómari fer með ákæruvald og getur því höfðað mál, nema öðru vísi sé sérstaklega mælt í lögum, en dómsmálaráðherra er æðsti handhafi ákæruvaldsins. Sækjandi er enginn í héraði, en ákærða er skipaður verjandi, ef hann æskir þess. Dómari annast áfrýjun eftir kröfu ákærða, ef refsing er dæmd.

Þessi rannsóknaraðferð og meðferð er nú lögð af í flestum menningarlöndum. Meginreglur um meðferð opinberra mála eru þær, að ákæruvald og dómsvald eru aðskilin. Lögreglan rannsakar brotamál á frumstigi þeirra, venjulega fyrir luktum dyrum. Er lögreglu og þeim, sem fer með ákæruvald, þykir tími til kominn, er leitað atbeina dómara um undirbúningsrannsókn, og fylgir þeirri rannsókn eftir fyrir dómi fyrirsvarsmaður ákæruvaldsins, enda fær sökunautur sér þá þegar oft skipaðan verjanda. Ef ákæruvaldið telur, að þeirri rannsókn lokinni, nægileg gögn fengin um sekt sökunauts, er ákæra samin á hendur honum og birt. Víða í stórmálum fer málsmeðferð fram fyrir löglærðum dómara eða dómurum og kviðdómi, þar sem sækjandi og verjandi tína fram sakargögn, spyrja og gagnspyrja sökunaut, ef hann kýs að svara, vitni skoðunar- og matsmenn. Að því loknu er flutt sókn og vörn í málinu. Síðan rekur hinn löglærði dómari málsatvik og skýrir réttarreglur fyrir kviðmönnum. Þeir meta síðan sekt eða sýknu, en dómari eða dómarar ákveða refsingu, ef því er að skipta. Sumstaðar er einnig höfð sú meðferð í sumum tegundum mála, að ólöglærðir dómendur dæma með löglærðum. Þar sem kviðdómur dæmir, er sýknudómur venjulega fullnaðardómur, nema dómglöp hafi orðið.

Nú munu allir vera sammála um það, að breyta verði þeim hætti, sem nú er hafður á rannsókn og meðferð opinberra mála á landi hér. En landshagir hér eru mjög frábrugðnir því, sem víðast er annars staðar, sakir fámennis og strjálbýlis. Verður því mjög að gjalda varhuga við skilyrðislausri upptöku erlends skipulags á rannsókn og meðferð opinberra mála. Fyrst og fremst má ekki taka upp skipulag, er yrði landinu ofviða og of kostnaðarsamt, heldur einungis það, sem telja mætti ríkinu meðfærilegt og veitti þó einstaklingum nægilegt öryggi. Þessi sjónarmið hafa leitt til þess, að eigi er gerð meiri breyting frá gildandi skipulagi en svo, að hvoru tveggja framangreindu sjónarmiði sé fullnægt. Til tryggingar öryggi almennings geymir frumvarpið allrækileg ákvæði um starf lögreglumanna og nokkrar reglur um skipulag lögreglunnar, aðallega í Reykjavík, þar sem og mestu varðar. Þá hefur ekki þótt fært að aðgreina að fullu ákæruvald og dómsvald, með því að það mundi hafa í för með sér mjög mikinn kostnaðarauka, enda eigi annað kunnugt en að dómarar hér á landi fari skynsamlega og mildilega með það vald. En þáttur dómara í ákæruvaldinu er þó allverulega takmarkaður, þar sem hann er bundinn við alveg glögg mál og sætir að þessu leyti eftirliti aðalhandhafa ákæruvaldsins. Ætlazt er til, að almenna ákæruvaldið verði tekið úr höndum dómsmálaráðherra og fengið óháð-

um embættismanni, saksóknara ríkisins, sem fari með ákæruvald í öllum málum, sem ekki eru sérstaklega undanskilin í lögum. Auðvitað er gert ráð fyrir því, að dómendur verði fullkomlega sjálfstæðir um allar dómsathafnir, eins og víða kemur fram í frumvarpinu, sbr. t. d. 77. gr.

Eigi hefur þótt fært að leggja til, að hér yrðu hafðir kviðdómar eða ólöglærðir meðdómendur í málum almennt. Veldur þar um fámenni, kunningsskapur og kostnaður. Hins vegar hefur þótt rétt, að þrír löglærðir dómendur dæmi saman vandasöm mál og að dómur geti kvatt til dómstarfa með sér tvo kunnáttumenn, ef sérþekkingar er þörf.

Meðal hinna fjölmörgu nýmæla frumvarpsins þykir rétt að benda þegar á ákvæði 133.—139. gr. um opinbera dómsmeðferð í tilteknum vandasömum flokkum stórmála.

Við samningu frumvarpsins hafa verið rannsökuð og höfð til hliðsjónar erlend lög, en reynsla um meðferð opinberra mála hér á landi hefur þó ráðið mestu um efni þess.

Um I. kafla.

Nú á tímum eru þau ein mál kölluð opinber mál, sem höfðuð eru af hálfu ríkisvaldsins til refsingar, en önnur mál eru kölluð einkamál. En sú meðferð, sem höfð er um refsimál, þykir einnig henta um fleiri en þau. Hefur verið gerð rannsókn á því, hver slík mál væru, og eru þau talin upp í 2. gr., 1.—12. tölul. Um þau mál öll má segja, að rannsóknarmeðferð opinberra mála hæfi þeim betur en einkamálameðferð.

Um einstaka töluliði 2. gr. athugast:

1. liður tekur til mála, er risið geta til fullnustu ákvæðum 73. gr. stjskr.

2. liður tekur til mála þeirra, er í 30. gr. hgnl. og lögum nr. 29/1947 greinir.

Um 3. lið sjá lög nr. 23/1922.

Um 4. lið sjá lög nr. 95/1947.

Um 5. lið sjá 265. gr. hegningarlaga nr. 19/1940.

6. liður tekur til mála um upptöku eigna, einnig þótt refsikrafa sé eigi gerð.

7. liður mundi taka til mála, er í 14. gr. tsk. 9. maí 1855 og 210. gr. hegningarlaganna segir.

Um 8. lið sjá 66. gr. hegningarlaganna.

9. liður tekur til mála samkvæmt lögum nr. 39/1921, 89. gr.

Um 10. lið. Þarf eigi skýringar.

Um 11. lið. Hér munu koma til greina ýmis brot á lögreglusamþykktum, byggingarsamþykktum, landbúnaðarlöggjöf o. fl.

Um 12. lið. Hér er almenn heimild til handa dómsmálaráðherra til að fyrirskipa rannsókn á hvers konar atburðum, sem nauðsynlegt eða heppilegt þykir að rannsaka vegna almenningshagsmuna.

Um 3. gr.

Ákvæði þessarar greinar staðfesta langvarandi venju. Sjá nánar XVII. kafla frumvarpsins.

Um II. kafla.

Um 4. gr.

Í þriðju málsgrein er það nýmæli, að sakadómarar í Reykjavík skulu vera 3 til 5 eftir ákvörðun dómsmálaráðherra. Rök til þessa ákvæðis er hinn mikli og sívaxandi fjöldi mála, sem nú verður að rannsaka, dæma og afgreiða í Reykjavík. Kemst einn dómari ekki til þess að fara með nema lítinn hluta af þeim málum, svo að raunverulega fara fulltrúar sakadómara nú sjálfstætt með þau mál, sem hann felur þeim, en dómar í sakamálum eru þó kveðnir upp af sakadómara, þótt hann hafi raunverulega ekki farið með málin og því ekki haft aðstöðu til þess að stýra

rannsókn eða kynnast málinu nægilega að öðru leyti. Hefur svo verið nú um árabil. Sýnist því einsætt, að sú breyting verði á gerð, að fullábyrgir dómarar rannsaki og dæmi málin í sjálfs sín nafni. Dómarastörf þessi eru svo mikilvæg, að hina hæfustu menn þarf til þess að gegna þeim. En meðan svo er að þeim búið, sem nú er, má gera ráð fyrir því, að þeir leiti sér betri starfa og fari úr stöðunni, jafnskjótt og þeir hafa fengið þar æfingu. Með því að hinir ábyrgu dómarar koma í stað núverandi fulltrúa, á ekki að verða af þessu kostnaðarauki, sem um munar, og alls ekki í hann horfandi vegna endurbóta þeirra á núverandi skipulagi, sem ákvæði frumvarpsins mundu hafa í för með sér.

Um 5. gr.

Ákvæði 1. mgr. miða til þess að tryggja það, að rannsókn máls geti farið fram á sem tryggastan og heppilegastan hátt og þar sem skilyrði eru bezt til meðferðar máls hverju sinni, sbr. og IV. kafla frv. Ákvæði 2. mgr. er í samræmi við gildandi venju. En þá getur bæði verið talsmál um að skipa dómara hinum reglulega dómara til samstarfs eða dómara í stað hans, á hvaða stigi rannsóknar sem er. Ákvæði 3. málsgr. er nýmæli. Þegar farið er með mál samkvæmt ákvæðum 133.—139. gr., gæti oft verið ástæða til þess, að þrír löglærðir menn skipuðu dóm, þótt ekki hafi það verið gert að ófrávíkjanlegri reglu í frv.

Í mörgum málum getur dómara verið þægilegt að hafa sér við hönd menn með sérþekkingu þegar við rannsókn málsins, t. d. í gjaldþrotamálum. Er dómara því veitt heimild til að kveðja til dómsstarfa tvo kunnáttumenn, og tekur þetta einnig til fjölskipaðs dóms.

Um 6.—15. gr.

Þessar greinar virðist ekki þurfa að skýra.

Um 16. gr.

Það er höfuðregla í flestum menningarlöndum, að rannsókn og meðferð opinberra mála fyrir dómi fari fram í heyranda hljóði, ef engar sérstakar ástæður mæla því gegn. En í því sambandi er þess að gæta, að undirbúningsrannsókn erlendis er í ríkara mæli en hér hefur tíðkazt framkvæmd af lögreglumönnum, og lögregluransókn fer fram fyrir luktum dyrum. Meginregla sú, sem getið var, er tekin upp í frv. með þeim takmörkunum, sem leiðir af eðli málsins, að dómari hér hlýtur oft að hafa svo að segja alla rannsókn máls á hendi. Á frumstigi rannsóknar er venjulega óhjákvæmilega nauðsynlegt að halda leyndu því, sem fram kemur, t. d. til þess að samsekir menn geti ekki hagað sér eftir því. Oft er ástæða til að hlífa þeim, sem fyrir broti hafa orðið, t. d. í fjárkúgunarmálum, kynferðismálum o. s. frv., svo og einnig nánustu vandamönnum sökunauts. Þá getur og, þegar sérstaklega stendur á, verið ástæða til hlífðar sökunaut sjálfum í þessu sambandi, t. d. ef vernda þarf hann fyrir árásum eða telja má, að minnkun, sem hann yrði fyrir, ef rannsókn færi fram í heyranda hljóði, yrði óeðlilega mikil, miðað við brot hans. Ákvæði c- og d-liðar þurfa ekki skýringar við, en ákvæði e-liðs mundi oft rétt að beita, t. d. í njósnamálum og til varnar leynd um viðskipti milli ríkja. Sá, er með á samkvæmt 96. og 97. gr. frv., gæti t. d. sett það skilyrði fyrir leyfi sínu, að vitnaleiðsla fari fram fyrir luktum dyrum. Svo gæti og dómari samkv. 98. gr. haft samsvarandi meðferð.

Um 17. gr.

Þessi grein virðist ekki þurfa skýringar við.

Um 18. gr.

Ákvæði 2. mgr. er nýmæli, sem sett er til verkdrýginda og hægðarauka þeim, sem síðar eiga að fjalla um málið. En með því að búast má við, að framkvæmd þessa atriðis verði mismunandi á ýmsum stöðum, þykir rétt að heimila dómsmálaráðherra að setja fyrirmæli um hana. Bókanir þær, er nú eru framkvæmdar, eru

hæði seinlegar og erfiðar og veita sennilega ekki alltaf næga tryggingu. Er því sett nýmæli það, er felst í þriðju málsgr. Sérstaklega er ástæða til að hraðrita eða taka á talvél skýrslur sökunauts og vitna um mikilsverð atriði. Á þetta ekki hvað sízt við, þegar með mál er farið samkvæmt 133.—139. gr.

Um 19. gr.

Þessi grein þarf ekki skýringar við.

Um III. kafla.

Um skipun ákæruvaldsins í nokkrum löndum skal þetta sagt:

1. **Danmörk.** Í Danmörku er dómsmálaráðherra æðsti handhafi ákæruvaldsins og hefur auk þess eftirlit með öðrum handhöfum þess valds. Getur hann gefið þeim fyrirskipanir um að hefja, halda áfram og fella niður opinbera saksókn. En í framkvæmd virðist hann ekki beita þessu valdi sínu í víðtækum mæli. Næst æðsti handhafi ákæruvaldsins er ríkissaksóknarinn. Sér hann um flutning allra opinberra mála fyrir hæstarétti og fyrir landsréttunum, þegar honum þykir þess við þurfa, og hefur í raun réttri yfirstjórn allra annarra saksóknara í landinu. Sér við hönd hefur hann undirsaksóknara (Statsadvokat), sem hann getur látið annast einstök störf sín. Við landsréttina starfa undirsaksóknarar, þrír við hvern, sem annast saksókn eða ákæru vegna allra brota, enda eigi ekki einstaklingar eða lögregluyfirvöld saksókn. Tekur saksóknarvald þeirra til mála, hvort sem þau eru rekin fyrir landsrétti, siglinga- og verzlunardómi eða héraðsdómi. Enn fremur annast þeir áfrýjun héraðsdóma í lögreglumálum og hafa eftirlit með framkvæmd lögreglustjóra á ákæruvaldi í þeim málum. Gefa skulu undirsaksóknarar ríkissaksóknara skýrslur, er þeir fá mjög vandasöm mál til meðferðar. Undirsaksóknarar hafa fulltrúa sér við hönd, sem mega framkvæma einstakar athafnir fyrir þá eða eftir boði þeirra. Sérstakir ákærendur flytja mál fyrir siglinga- og verzlunardómi eftir boði undirsaksóknara. Í sökum, sem undirsaksóknarar sækja, fela þeir að jafnaði lögreglustjórum að koma fram fyrir hönd ákæruvaldsins við frumpróf og meðan málið er á byrjunarstigi. Loks fara lögreglustjórar undir yfirstjórn undirsaksóknara með ákæruvald fyrir héraðsdómi og siglinga- og verzlunardómi í miklum fjölda tilgreindra mála, t. d. vegna brota á umferðarlöggjöf, heilbrigðislöggjöf o. fl.

2. **Noregur.** Í Noregi er konungur á ábyrgð ráðherra æðsti handhafi ákæruvaldsins, og ákveður hann saksókn í ýmsum tilgreindum málum, m. a. gegn embættismönnum fyrir misferli í embættisrekstri þeirra. Næstur honum að völdum er ríkissaksóknarinn, sem fer með ákæruvald í tilgreindum stórsökum, svo og í öðrum málum, sem hann telur skipta svo hagsmuni almennings, að hann vill láta þau til sín taka. Hefur hann sér við hönd undirsaksóknara, sem annast störf hans í forföllum hans. Auk þess starfa a. m. k. 11 undirsaksóknarar (Statsadvokater) við lögmannsréttina undir yfirstjórn ríkissaksóknarans. Lögreglustjórarnir fara og í tilteknum minni háttar málum með saksóknarvaldið undir yfirstjórn undirsaksóknara. Þeir geta annars í öllum málum hafið eftirgrennslan og krafizt frumprófs, ef bráðan ber að.

3. **Svíþjóð.** Saksóknari ríkisins (Justitiekanslern), sem stendur beint undir konungi, er æðsti handhafi ákæruvaldsins og hefur og yfirstjórn annarra handhafa þess. Sækir hann mál fyrir hæstarétti og mál út af embættisbrotum fyrir yfirdómi (Hovrätt). Næstir honum standa undirsaksóknarar (landsfogdarna, í Stokkhólmi landsfiskalen). Undir þeim standa aftur héraðssaksóknarar. Ríkissaksóknari og undirsaksóknarar geta, hvenær sem þeim lízt, tekið í sínar hendur meðferð máls, sem annars ber undir héraðssaksóknara.

4. **England.** Samkvæmt enskum lögum frá 1879, er gengu í gildi 1. jan. 1880, var stofnað embætti saksóknara ríkisins (Director of Public Prosecutions). Hefur hann yfir að ráða stórum flokki undirsaksóknara, er sækja málin af hendi ríkisvaldsins, en hann stendur aftur undir eftirliti The Attorney-General. Saksóknari skal

hefja saksókn í málum, þar sem mjög miklir almanna hagsmunir eru í húfi, t. d. í málum út af morðum, landráðum, stórbrennum, sviksamlegum gjaldþrotum, meinsærismálum, innbrotsmálum, ránum o. s. frv. eða þar sem hann hefur fengið sérstök fyrirmæli um það frá The Attorney-General eða ráðherra. Lögreglan hefur og heimild til þess að sækja menn til refsingar svo og stofnanir og einstaklingar, sem brot hefur komið niður á, en saksóknari getur tekið meðferð opinbers máls í sínar hendur úr höndum einstaklings og haldið því áfram, ef honum þykir almennir hagsmunir krefjast þess. Árið 1927 rak saksóknari 643 opinber mál, en á sama tíma voru 621708 menn saksóttir fyrir minniháttar brot og 65163 fyrir meiriháttar brot.

Hér á landi er erfitt að finna góða tilhögun um meðferð saksóknarvaldsins vegna fámennis og sérstakra aðstæðna. Reynt hefur verið með hliðsjón af erlendum reglum að finna þá leið, sem ætla má, að bezt hæfi landsháttum.

Kafli þessi geymir nýmæli um skipan þessara mála. Skipa skal sérstakan embættismann, er fer með vald þetta og nefndur er saksóknari ríkisins. Dómsmálaráðherra skal samkvæmt frumvarpinu einungis kveða á um höfðun og áfrýjun opinberra mála, þegar svo er sérstaklega mælt í lögum, en hefur hins vegar eftirlit með framkvæmd ákæruvaldsins. Vald héraðsdómara til að höfða mál af sjálfsdáðum er mjög takmarkað frá því, sem nú er, sbr. 115.—117. gr.

Samkvæmt 29. gr. stjórnarskrárinnar fer forseti með vald til niðurfellingar saksóknar. Verður því valdi þessu ekki skipað með almennum lögum á annan hátt, enda þótt það sé umstangsmikið að leita til forseta um niðurfelling saksóknar í minni háttar málum. En til leiðbeiningar saksóknara og héraðsdómurum þótti rétt að greina ýmis tilvik, þar sem líkur eru til, að ráðherra geri tillögur um niðurfellingu saksóknar, sbr. 27. gr. frv.

Víða erlendis er vald þetta í höndum handhafa ákæruvalds, og t. d. í Englandi jafnvel í höndum dómarans í minni háttar málum.

Um IV. kafla.

Ákvæði þessa kafla miða að því, að rannsókn og meðferð opinberra mála geti farið fram þar, sem hentugast er hverju sinni. Þarf eigi að skýra þau.

Um V. kafla.

Í flestum málum, einkum í kaupstöðum, er rannsókn á fyrsta stigi í höndum lögreglumanna. Eru úrslit máls því oft undir þeirri rannsókn komin, þar sem sakargögn fara oft forgörðum, ef þeim er eigi þegar haldið til haga. Þá er og öryggi almennings mjög undir því komið, að lögreglumenn fari rétt með vald sitt. Það hefur því þótt hlýða að setja ýtarleg ákvæði um starfsaðferðir lögreglumanna, réttindi þeirra og skyldur.

Ákvæði þessa kafla virðast vera það ræki leg, að ekki þurfi að láta þeim fylgja skýringar. Þó skal eftirfarandi tekið fram:

Í 35. gr. eru fyrirmæli um lögreglustjórn. Sakadómari í Reykjavík fer nú með stjórn rannsóknarlögreglu þar. En eigi þykir það hentug skipan, enda á sakadómari að meta verk rannsóknarlögreglumanna. Nú á tímum er það og eitt af grundvallaratriðum réttarfars í opinberum málum að skilja glöggt á milli dómsvalds annars vegar og lögreglustjórnar hins vegar. Er því hér það nýmæli sett, að rannsóknarstjóri skuli hafa stjórn þeirra lögreglumanna í Reykjavík, sem ætlað er að rannsaka brot, að því er þau störf varðar, svo og, er þörf þykir og við verður komið, stýra rannsókn annars staðar á landinu. Þykir miklu skipta, að maður, er hafi fullkomna menntun og æfingu í lögregluranns ókn, hafi yfirstjórn hennar, leiðbeini lögreglumönnum og hafi umsjón með kennslu þeirra og þjálfun. Ætlazt er til, að lögreglustjóri í Reykjavík fari með lögreglustjórn þar að öðru leyti, svo sem verið hefur, enda hvorum tveggja ætlað ærið verkefni, með því að bærinn vex og brot færast sífellt mjög í vöxt. Reynt hefur verið í fáum orðum að greina helztu rann-

sóknaratriði í opinberum málum. Rétt þykir að benda sérstaklega á ákvæði 39. gr., sem heimilar lögreglumanni að varna því til bráðabirgða, að sakaður maður haldi áfram starfsemi, sem hann væntanlega hefur ekki skilyrði til að rækja eða hættulegt eða alls kostar óviðurkvæmilegt er, að hann ræki. Þá skal og leidd athygli að nýmæli 1. mgr. 43. gr., sem er í samræmi við reglur nútímamenningarlanda. Loks er rétt að minna á nýmæli í 45. gr., sem sett eru almenningi til verndar.

Um VI. kafla.

Í þarfir opinberrar rannsóknar er oft óhjákvæmilegt að framkvæma ýmsar aðgerðir, sem skerða þau umráð, sem menn annars hafa yfir eignum sínum, og er nauðsyn, að þeir, sem rannsóknir eiga að framkvæma, viti glögg skil á því, hvaða aðgerðir þeim eru leyfilegar. Verður þá að reyna að finna leiðir, sem veiti lögreglu og rannsóknardómurum nægilegt olnbogarúm, en trufli hins vegar hvorki um of einkahagi almennings né brjóti gegn ákvæðum stjórnarskrárinnar um mannréttindi og eignhelgi. Verður þar vitaskuld álitamál, hversu víðtækar heimildir rannsóknarmönnum skuli veittar í þessu efni. Þess skal getið, að ákvæði frumvarpsins auka öryggi almennings gagnvart ríkisvaldinu, frá því sem nú er, með því að nú eru engin efnisleg takmörk fyrir aðgerðum þeim, er greinir í þessum kafla, önnur en þau, að ætla megi, að um refsiverða háttsemi sé að tefla, svo og að framkvæmd aðgerðarinnar sé gerð samkvæmt úrskurði dómara, sbr. 66. gr. stjórnarskrárinnar.

Í kafla þeim, sem hér er um að tefla, eru greind þau lágmarksskilyrði, sem hæfileg hafa þótt til þess, að lagt verði hald á muni manna. Eru reglurnar settar innan þeirra vébanda, sem 66. gr. stjórnarskrárinnar ákveður, en samdar og lagaðar með hliðsjón af því, sem bezt mundi hæfa íslenzkum landsháttum, þótt erlend ákvæði séu höfð til hliðsjónar. Benda má á í þessu sambandi, að ákvæði XVIII. kafla um fébætur fyrir hald á munum o. s. frv. eru í góðu samræmi við meginregluna í 67. gr. stjórnarskrárinnar. Það athugast, að skilyrði til aðgerða samkvæmt 47. gr. er, að hámarksrefsing fyrir brot, sem um er að tefla, geti orðið 20000 króna sekt eða þyngri refsing. Í 50. gr. eru talin skilyrði til þess, að úrskurða megi hlustun í síma, sem sökunautur hefur eða ætla má, að hann noti. Hefur víða um lönd verið mikið um það ritað og rætt, með hvaða skilyrðum skyldi leyfa hlustun síma í rannsókn opinberra mála. Virðist nauðsynlegt í heildarfrumvarpi um meðferð opinberra mála að kveða á um heimildir í þessu efni. Eru í greininni sett mjög ströng skilyrði fyrir því, að þessi rannsóknaraðferð verði notuð, og eru þau sniðin eftir ákvæðum nýrra sænskra laga.

Um VII. kafla.

Þau almennu sjónarmið, sem nefnd voru, er rætt var um í VI. kafla, liggja einnig til grundvallar ákvæðum þessa kafla. Það skal ítrekað, að ákvæði kaflans miða að því að auka öryggi almennings, frá því sem nú er, en veita rannsóknarmönnum hins vegar skýrar reglur til þess að fara eftir. Enn hefur þess verið gætt, að halda reglunum innan marka 66. gr. stjórnarskrárinnar og að ganga ekki of nærri mannréttindum.

Reynt hefur verið að hafa einstakar greinar það glöggar, að ekki þurfi að láta þeim fylgja sérstakar skýringar. Yfirleitt er ætlazt til, að dómari kveði upp úrskurð um aðgerðir þær, sem hér greinir. En með því að oft ber svo bráðan að, að bið eftir úrskurði dómara mundi valda því, að sakargögn færu forgörðum, þeim verði spillt eða komið undan, er nauðsynlegt að veita lögreglumönnum heimild til aðgerða af sjálfsdáðum, þegar svo stendur á.

Um VIII. kafla.

Hér eru talin skilyrði til handtöku. Enn eru það sömu sjónarmið og fram komu, er rætt var um VI. kafla, sem gerð hafa verið að mælisnúru.

Ákvæði 1. mgr. 62. gr. eru í samræmi við gildandi reglur. Ákvæði 2. mgr. sömu

greinar er nýmæli, sem þó staðfestir að sumu leyti reglur, er ætla má, að nú gildi, en þær verða að teljast mjög óljósar. Ákvæði 2. og 3. tölul. 63. gr. staðfesta reglur, er nú gilda um þetta efni. Reglur þær, sem raktar eru í 64. gr. eru glöggvari en þær, sem nú gilda, og takmarka ef til vill nokkuð heimildir lögreglunnar, frá því sem nú er, en veita henni hins vegar skýr fyrirmæli.

Heimild sú, sem lögreglumönnum er veitt í 65. gr., er byggð á nauðsyn þess að varna því, að sakaður maður komist undan og að sakargögn fari forgörðum.

Upphafsákvæði 66. gr. er í samræmi við 65. gr. stjskr. Áframhald málsgreinarinnar á að tryggja rétta meðferð sökunauts, unz til dómara næst, og varna sakarspellum. Rétt þótti að setja ákvæði 2. mgr. um meðferð manns, sem nauðsynlegt er að handtaka, enda þótt hann sé ekki sakaður um refsiverða hegðun. 67. gr. hefur fyrirmæli til lögreglumanna, er miða að því að tryggja rétta og milda meðferð á handteknum mönnum. 68. grein hefur að geyma heimild til að beita sakaðan mann aðgerð, sem gengur skemmra en handtaka, og þarf ekki frekari skýringar við.

Um IX. kafla.

Í 65. gr. stjskr. eru rakin nokkur grundvallaratriði um gæzluvarðhald, svo sem að hvern þann, sem tekinn er fastur, skuli án undandráttar leiða fyrir dómara. Sé hann eigi jafnskjótt látinn laus, skal dómari, áður en sólarhringur er liðinn, leggja rökstuddan úrskurð á, hvort hann skuli settur í varðhald. Engan má setja í gæzluvarðhald fyrir sök, er aðeins varðar fésekt eða einföldu fangelsi (nú varðhaldi). Þessi ákvæði stjskr. hvíla á þeim meginreglum, sem þegar hefur verið lýst: Annars vegar að veita rannsóknarmönnum færi á að leiða sannleikann í ljós og hins vegar að tryggja öryggi almennings. Hin nánari fyrirmæli kaflans um gæzluvarðhald og framkvæmd þess eru í samræmi við þessi ákvæði stjskr. og reist á sömu sjónarmiðum. Það leiðir af eðli málsins, að sólarhringsfrestur sá, sem nefndur er í stjskr., hefst fyrst, er dómari hefur færi á því að prófa handtekinn mann. Rétt er og að benda á það atriði 69. gr. frv., að gæzluvarðhaldi skal jafnan markaður ákveðinn tími. Eru ákvæði stjskr. hér fyllt út, og er aukinn settur til öryggis sökunaut.

Svo sem áður segir, er tiltekin lágmarkshegning skilyrði þess, að maður verði settur í gæzluvarðhald, sbr. 1. tölul. 72. gr. En þótt maður sé sakaður um brot, er varðar svo hárri refsingu, að gæzluvarðhaldi megi beita, er oft þarflaust að beita því, t. d. ef brotið er leitt í ljós og sökunautur játar það á sig og eigi er hætta á, að hann komist undan. Rannsókn hefur verið gerð á því, hvenær eðlilegt þætti og nauðsynlegt að beita gæzluvarðhaldi, og eru dómara í 70. gr. gefin fyrirmæli og leiðbeiningar í því efni. Upptalningin í 1.—6. tölul. virðist ekki þurfa nánari skýringa við. Ákvæði 2. mgr. sömu gr. eru í samræmi við 66. gr. hegningarlaga nr. 19/1940. Er hér um að tefla öryggisráðstöfun, og tekur því ákvæði 65. gr. stjórnarskr. um refsimörk ekki til þess. Niðurlagsákvæði 71. gr. er sett til að auðvelda sakborningi kæru gæzluvarðhaldsúrskurðar til æðra dóms, ef því er að skipta. Ákvæði 1. og 2. tölul. 72. gr. eru í samræmi við 49. og 65. gr. stjskr., og ákvæði 3. og 4. tölul. sömu greinar miða að því að tryggja ungmennum, sjúklingum og vanfærum konum þá meðferð, er þeim hæfir. Í 73. gr. eru allýtarlegar reglur um meðferð gæzlufanga. Lúta þær annars vegar að því að tryggja góða reglu og hins vegar að öryggi og tilhlýðilegum aðbúnaði gæzlufanga. Þarfnast þær ekki frekari skýringa.

Í 65. gr. stjskr. er gert ráð fyrir því, að sökunaut, sem annars skyldi settur í gæzluvarðhald, megi láta halda frelsi sínu gegn því, að trygging sé sett um návist hans. Ákvæði 74. gr. halda nánari reglur um þetta efni. Svo sem þar greinir, skal tryggingarfé eða ábyrgðar ganga til greiðslu á fébótum til þess, er sökunautur hefur misgert við, en renna að öðru leyti í ríkissjóð, ef hann rýfur heit sitt um návist.

Svo skal um búið, að ganga megi þegar að tryggingarfé eða ábyrgðar, ef því er að skipta. Ef sökunautur brýtur heit sitt, en kemur af sjálfsdáðum aftur til dómara innan mánaðar þar frá, er dómara heimilt að ákveða, að tryggingu eða ábyrgð sé ekki fyrirgert, nema að því leyti sem heitrof hans hefur valdið sérstökum kostn-

aði. Ástæða væri einkum til þess að beita þessu ákvæði, ef heitrof sökunauts verður ekki metið honum huglægt til áfellis. Annars virðist ákvæði greinarinnar ekki þurfa skýringar við. Ákvæði 75. gr. eru í samræmi við venju hér á landi. En eins og kunnugt er, skortir hér mjög fangahús, einkum til sveita.

Um X. kafla.

Eins og getið var í upphafi, er sá háttur hafður erlendis á rannsókn opinberra mála, að fyrirsvarsmaður ákæruvaldsins snýr sér til dómara, þegar er lögreglumenn hafa framkvæmt sína rannsókn, og æskir þess, að dómari hefji frumpróf um sakarefni. Hins vegar hefst dómari að jafnaði ekki handa af sjálfsdáðum. Eru þar því glögg skil gerð á milli ákærustarfa og dómarastarfa. Þessi háttur á meðferð opinberra mála hlýtur vitaskuld að hafa í för með sér mjög aukinn kostnað, með því að fleiri opinberir starfsmenn taka þá þátt í rannsóknarstörfum en hér tíðkast, og ef slík skipun yrði hér upp tekin, yrði ákæruvaldið að hafa mörgum embættismönnum á að skipa. Það hefur því ekki þótt fært kostnaðar vegna að taka hér upp hið erlenda skipulag, en hins vegar er þó gert ráð fyrir auknum starfskröftum í þágu ákæruvaldsins, og reynt hefur verið að fara nokkurn meðalveg, svo sem með stofnun embættis rannsóknarstjóra. Vald dómara til málshöfðunar er, eins og áður segir, mjög skert með frumvarpinu, frá því sem nú er, sbr. 115.—117. gr. Hins vegar er dómara rétt og skylt samkvæmt 76. gr. að hefja rannsókn af sjálfsdáðum, enda þótt frumkvæði dómara komi ekki eins til greina, þar sem rannsóknarstjóra nýtur við, og annars staðar. Áherzla er í frv. lögð á sjálfstæði dómara gagnvart ákæruvaldinu, sbr. t. d. 2. mgr. 76. gr. og 77. gr. Að öðru leyti þykir ekki ástæða til þess að hafa mörg skýringarorð um 76.—79. gr. Hins vegar geymir 80. gr. ýmis nýmæli. Í upphafi greinarinnar er fyrirmæli um það, að dómari skal rannsaka mál sjálfstætt, enda þótt lögreglumenn hafi um það fjallað. Þá er það og nýmæli í greininni, að sökunaut skal frá því skýrt, að honum sé óskylt að svara spurningum dómara. Meiri áherzla er lögð á það í frumvarpinu heldur en nú er, að svör sökunauts við spurningum séu skráð orðrétt eða tekin á talvél. Réttur sökunauts til þess að hlýða á prófun vitnis eða matsmanns og gæta þar réttar síns er aukinn og lögfestur, þótt hann vitaskuld takmarkist af nauðsyn þess að leiða sannleikann í ljós. Ef mál er þess eðlis, að ætla megi, að það sæti meðferð samkvæmt 133.—139. gr., verður það mjög undir álitum komið, hversu víðtæk undirbúningsrannsókn dómara eigi að vera. Nauðsyn ber til þess, að hún taki til þeirra atriða, sem annars kynnu að verða vanskýrð, en hins vegar á hún ekki að nauðsynjalausu að vera svo víðtæk, að rannsókn samkvæmt nefndum greinum verði lítið annað en endurtekning hennar. Eigi þarf að skýra ákvæði 81. gr.

Um XI. kafla.

Því var allrækilega lýst í athugasemdum við X. kafla frv., að ekki hefði þótt fært kostnaðar vegna að hafa sérstakan fyrirsvarsmann ákæruvalds við allar réttarrannsóknir í opinberum málum. Þetta sjónarmið hefur leitt til þess, að í 1. mgr. 82. gr. frv. er gert ráð fyrir því, að sækjandi verði einungis skipaður, er mál sæta meðferð samkvæmt reglum 133.—139. gr. frv., og er ætlazt til, að rannsóknarstjóri eða fulltrúi hans sæki án sérstaks endurgjalds mál þessi í umdæmi sínu svo og annars staðar eftir ákvörðun saksóknara, en annars kostar skipar saksóknari mann með lögfræðisprófi til starfa sækjanda. Í 2. mgr. sömu greinar er lögfest sú meginregla um starfa sækjanda, að hann skal vinna að því, að leiða sannleikann í ljós og stuðla að greiðri og öruggri málsmeðferð. Þótt sækjandi sé þannig aðeins skipaður í hinum mikilvægustu málum, þykir rétt til öryggis sökunaut, að honum sé skipaður verjandi í málum, þar sem töluverðir hagsmunir hans eru í húfi eða högum hans er svo sérstaklega háttað, að verjanda þykir þörf. Geymir 83. gr. fyrirmæli um það, í fyrsta lagi, er skipa skal verjanda samkvæmt ósk sökunauts og í öðru lagi, er dómari skal gera það af sjálfsdáðum. En ekki skal skipa verjanda, ef sökunautur játar af-

dráttarlaust á sig brot og þeim öðrum skilyrðum er fullnægt, sem greinir í niðurlagi greinarinnar. Í þessu sambandi er þó rétt að minna þegar á niðurlagsákvæði 84. gr., að sökunaut er heimilt að ráða verjanda á sinn kostnað, er dómari samþykkir. Annars skulu dómarar samkvæmt 84. gr. leiðbeina sökunaut og annast um, að hann fái verjanda, ef því er að skipta. Eigi virðist þörf að skýra 85.—88. gr. Í 89. gr. er verjendum settar allrækilegar lífsreglur. Ætlazt er til, að þeir hlutist til um, að atriði, er skjólstæðingi þeirra má til málsbóta verða, verði í ljós leidd, en gæti þess jafnframt að vinna ekki gegn því, að hið sanna og rétta komi fram. Sérstaklega verður að brýna það fyrir verjendum að misnota ekki þann rétt, sem þeim er veittur til þess að tala einslega við sökunaut, meðan hann er í gæzlu, og torvelda með því rannsókn máls. Er rétt að taka það fram, að verjandi, er gerði sig sekan um slíkt atferli, mundi verða látinn sæta hörðum viðurlögum, sbr. 91. gr. Önnur ákvæði kafla þessa þykir ekki þurfa að skýra sérstaklega.

Um XII. kafla.

Kafli þessi geymir margar og mjög víðtækar breytingar á gildandi lögum. Það er nú almenn regla, að hver maður er skyldur að bera vitni í opinberu máli, enda þótt sökunautur sé náskyldur honum eða nátengdur. Virðist regla þessi í mörgum tilvikum vera mjög ómannúðleg. Vitni getur oft átt um tvennt að velja: Annað hvort að sanna sök með vætti sínu á hendur nánasta venzlamanni eða verða sjálft sekt um falsvitni. Virðist hér of langt í því gengið að fórna högum einstaklings til hagsbóta almenningi. Samkvæmt þessum sjónarmiðum er í 92. gr. gert ráð fyrir því, að nánir venzlamenn sökunauts geti skorazt undan vitnisburði í máli hans. Ákvæði greinarinnar virðast ljós. Ekki hefur þó þótt rétt að láta undanþágurétt unnusta eða unnustu vera óskoraðan, ef vitnisburður varðar atvik, er gerðust, áður en þau heitbundust. Í 93. gr. er dómara veitt heimild til að leysa þar greinda venzlamenn undan vitnaskyldu, ef sambandið er mjög náið. Eigi þykir þurfa að skýra 94. og 95. gr. Með ákvæðum 96. gr. er tilteknum fyrirsvarsmönnum ríkisvaldsins veitt heimild til að meta það, hvort meira skuli virða hagsmuni almennings um að ýmis málefni ríkisins fari leynt, eða að sannleikurinn verði leiddur í ljós í refsimáli. Ef þeir vilja halda sakargögnum leyndum, kemur það sökunaut til hagsbóta. Ákvæði 97. gr. miða að því að vernda þar talin trúnaðarmál og þar með styrkja trúnaðarsambandið milli aðiljanna. 98. og 99. gr. þurfa ekki skýringa við.

Reynsla er fyrir því, að börn taka oft vel eftir því, sem gerist í kringum þau, og geta því oft gefið greinargóðar skýrslur um atburði. Ber að hafa það í huga, er ákvörðun er um það tekin samkvæmt 100. gr., hvort vitnisburðar þeirra skuli leitað. Ekki þykir ástæða til að skýra 101. og 102. gr. sérstaklega.

Í 103. gr. er gert ráð fyrir þeirri veigamiklu breytingu frá eldri lögum, að vitni skuli heitfest, áður en þau bera vætti í máli. Verður að ætla, að þessi meðferð tryggi það, að vitni vandi betur til vættis síns, en háttur sá, er nú er hafður á heitfestingu vitna. Þá má og benda á það, að tími og fé sparast fyrir þá meðferð, sem gert er ráð fyrir í frv., með því að oft verður samkvæmt gildandi reglum að leiða vitni tvisvar, fyrst til skýrslutöku og síðar til staðfestingar. Leidd skal og athygli að ákvæðum 3. tölul. 2. mgr., þar sem gert er ráð fyrir því, að dómari hafi við heitfestingu vitna, sem dvalizt hafa lengi erlendis, þá aðferð, er tíðkast í heimalandi þeirra, með því að ætla má, að þau virði þá aðferð mest. Eigi þarf að skýra 104. gr. Í 105. gr. eru dómara settar reglur um prófun vitna. Eigi virðist þurfa að skýra 1. mgr. Rétt er að leggja áherzlu á ákvæði 2. mgr., að dómara ber að prófa vitni rækilega og sjálfstætt og kynna því eigi framburð þess fyrir lögreglu eða önnur sakargögn, fyrr en séð verður, hvað vitnið hefur að bera. Er fyrirmæli þetta sett í því skyni, að dómari samreyni, hversu öruggt og greinargott vitnið er. Reynsla er fengin fyrir því, að miklu minna er að jafnaði leggjandi upp úr vætti þeirra vitna, sem gefið hafa utanréttarvottorð um sakarefni, áður en þau koma fyrir dóm til vættisburðar. Má búast við því, að vætti slíkra vitna hafi jafnan ósjálfrátt litazt meira eða minna af sjónar-

miðum þess, er utanréttarvottorðsins aflaði. Er regla frumv. sett til þess að tryggja sem hlutlægastan vitnisburð. Í sama skyni er og sett reglan í 3. mgr., að vitni hvert skuli prófa sér, án þess að önnur vitni hlýði á. Niðurlagsákvæði greinarinnar um bókun vitnisburðar leggur meiri áherzlu en nú tíðkast á það, að svör vitna, er máli skipta, séu bókuð rækilega og orðrétt. Að öðru leyti virðist ekki ástæða til að skýra greinina. Ekki virðist þörf að skýra 106.—110. gr. sérstaklega.

Um XIII. kafla.

Ákvæði þessa kafla eru í samræmi við gildandi rétt. Meginreglan er sú, að sönnunarbyrðin fyrir sekt manns hvílir á ákæruvaldinu, en heimilt er dómstólum að meta, hvort svo sterkar líkur eru fram komnar á hendur sökunaut, að sekt hans verði ekki véfengd með skynsamlegum rökum, enda þótt hvorki játning sökunauts né vætti fullgildra vitna sé til að dreifa. Má í þessu sambandi benda á, að sannist í máli atriði, er benda eindregið til sektar sökunauts, getur honum orðið nauðsyn að færa fram skýrslur og gögn, er draga úr sönnunargildi fyrrgreindra atriða og skýra þau þannig, að hann geti þrátt fyrir þau sýkn verið. Má hér nefna hið gamla dæmi um það, er stolnir munir finnast í vörzlum manns. Má segja, að þegar svo stendur á, sem nú var lýst, hverfi sönnunarbyrðin að nokkru yfir á hendur sökunauts. Vitaskuld ber ávallt að gæta hinnar ýtrustu varfærni, er um það er að tefla að dæma mann eftir líkum.

Um XIV. kafla.

Ekki virðist þörf að skýra 114. gr. sérstaklega.

Í 115.—117. gr. eru talin upp þau tilvik, er dómari getur lokið máli án atbeina saksóknara ríkisins. Eru tilvik þessi skýrt greind, afmörkuð og mjög takmörkuð, frá því sem nú er. En um heimild dómara til saksóknar og afstöðu hans til saksóknara ríkisins hefur verið rætt bæði í upphafi athugasemda þessara og er fjallað var um X. kafla frv. Í lögum nr. 20/1891 er heimild til þess, að dómari lúki almennu lögreglumáli með áminningu. Í sömu lögum svo og 10. gr. tilskipunar frá 24. janúar 1838 er dómara og heimilað að lúka málum með því, að sökunautur gangist inn á greiðslu hæfilegrar sektar. Sama heimild var og í 300. gr. hinna almennu hegningarlaga frá 1869. Eru samsvarandi ákvæði í 1. og 2. tölul. 115. gr. orðuð skýrar og fyllra. Í 2. tölul. er nýmæli um það, að dómari geti ákveðið eignarupptöku, er sökunautur er ókunnugur eða finnst ekki, enda fari verðmæti ekki fram úr 3000 krónum. Miðar þetta ákvæði að því að skapa handhæga og skýra heimild, t. d. í smyglunarmálum. Ekki þykir vegna sjálfstæðis dómara gagnvart ákæruvaldinu hæfa, að saksóknari geti fellt ákvörðun dómara samkvæmt þessari grein úr gildi. Hins vegar þótti rétt að veita honum færi á því að skjóta úrlausn dómara til æðra dóms, ef hún telst mjög fjarstæð, en tilætlunin er, að slík mál sæti ekki kæru, nema brýna nauðsyn beri til.

Víða um lönd hafa verið settar sérstakar reglur um meðferð einfaldra og óbrotinna opinberra mála, þar sem um tiltölulega lítil brot er að tefla og veigamiklir hagsmunir eru ekki í húfi. Er þetta gert til þess að spara tíma opinberra starfsmanna og þar með fé, enda sökunaut oft haganlegt að þurfa ekki að eiga í miklu umstangi vegna brota, sem ekki geta talizt stórvægileg. Er í 116. gr. frv. gerð tillaga um meðferð slíkra mála, og er það nýmæli í íslenzkri löggjöf. Samkvæmt þessum ákvæðum er hægt að dæma manni áfall, þótt hann hafi ekki komið fyrir dóm, ef skilyrðum þeim, sem rakin eru í 1.—4. tölul. er fullnægt. Þegar þessi skilyrði eru athuguð, virðast hagsmunir sökunauts vera fulltryggðir, en bæði hann og opinberir starfsmenn losna við umsvifin af frekari málarekstri. En með því að sum skilyrði greinarinnar, einkum í 3. og 4. tölul., eru mjög komin undir álitum dómara, en sitt getur sýnzt hverjum, þá er í næstsíðustu málsgrein sett ákvæði þess efnis, að eigi skuli í æðra dómi ómerkja gerðir dómara samkvæmt þessari grein, nema honum hafi missýnzt í mjög mikilsverðum atriðum. Við samanburð á 1. tölul. 2. mgr. 178.

gr. sést, að dómfelldi mun yfirleitt ekki hafa heimild til áfrýjunar málum, sem dæmd hafa verið samkvæmt 116. gr., en saksóknara, sem á að fá skýrslur um mál þessi hjá dómara, er rétt og skylt að áfrýja þeim, ef skilyrði til þess samkvæmt 2. tölul. 1. mgr. 178. gr. eru fyrir hendi.

Í 117. gr. er geymd sú meginbreyting frá gildandi lögum, að héraðsdómari hefur að öðru leyti málshöfðunarheimild í einungis sérstaklega glöggum og vandalausum málum. Ástæður þessa ákvæðis hafa verið raktar áður í athugasemdum þessum. Í 118. gr. eru ýtarleg og ný fyrirmæli um það, hvernig ákæra skuli úr garði gerð. Virðist það einsætt, að ákvæði þessi eru til bóta. Ákæruvaldinu ber skylda til þess að gera sér fulla grein fyrir, eftir því sem kostur er, hverjar sakir það vill bera á hendur þeim, sem það ætlar að höfða mál gegn. Ákærða er og nauðsynlegt að vita, fyrir hvaða hegðun hann er sóttur, til þess að hann geti haldið uppi vörn fyrir sig. En með því að ný sakargögn geta komið í ljós eftir útgáfu ákæruskjals og þeim, sem með ákæruvald fara, getur missýnzt, er þeim með 121. gr. veitt heimild til að gefa út framhaldsákæru. Þá er og í síðustu málsgr. þeirrar greinar veitt heimild til að dæma áfall, þótt ýmis minniháttar atriði séu ekki rétt greind í ákæru, svo og að dæma ákærða eftir öðrum refsiákvæðum en segir í ákæru, enda sé þess vandlega gætt, að hegðun sökunauts sé í öllum aðalatriðum rétt lýst í ákæruskjali og að sökunaut og verjanda hans sé áður gefið færi á því að tjá sig um það efni. Virðist regla þessi, sem er í samræmi við fyrri dómvenju og erlend lög, eiga fullan rétt á sér, því að annars kynnu málalok að verða andstæð réttarvitund almennings. Til skýringar skal eftirfarandi dæmi tekið: Maður er samkvæmt ákæruskjali sóttur til refsingar samkvæmt 155. gr. hegningarlaganna fyrir skjalafals, en dómarar komast að þeirri niðurstöðu, að brot hans, sem er stórfellt auðgunarbrot, sé fjársvik og varði við 248. gr. sömu laga. Ákvæði síðustu málsgr. 121. gr. frv. eiga að girða fyrir það, að sýknudómur verði kveðinn upp, þegar svo stendur á, sem nú var sagt. Með þessu er ekki hallað rétti sökunauts, því að tryggilega er frá því gengið, að hann fái fullnægjandi vörn. Skýring á 120. gr. verður gerð í sambandi við 132. gr. Ákvæði 122. gr. eiga að stuðla að því, að menn þurfi ekki lengur en nauðsyn ber til að vera í óvissu um það, hvaða aðgerðir ákæruvaldið ætlar að framkvæma gagnvart þeim. Aðrar greinar kaflans þarf ekki að skýra.

Um XV. kafla.

Hér eru greindar reglur um flutning opinberra mála fyrir héraðsdómi.

Efni 124.—131. gr. virðist það glöggt, að ekki þurfi að láta fylgja þeim sérstakar skýringar.

Í 116. gr. frv. voru rakin nokkur tilvik, er dæma mátti sökunaut, þótt hann hefði alls ekki komið fyrir dóm. Ákvæði 132. gr. eru nýmæli og varða tilvik, er dómur gengur í máli manns að honum fjarstöddum. Ber að skýra hana í sambandi við 120. gr. frv. Samanburður á þessum greinum leiðir þetta í ljós: Ef sökunautur hefur verið fyrir dómi og mál hans rannsakað og er þess eðlis, sem segir í 117. gr., eða saksóknari og dómari telja það fullrannsakað og honum hefur verið veittur kostur á því að koma fram vörn, þá nægir, að ákæra á hendur honum sé birt opinberlega í Lögbirtingablaðinu, ef óvíst er um dvalarstað hans. Gæti þetta ákvæði komið til greina, ef maður hefur falið sig eða strokið, eftir að rannsókn á máli hans var svo langt komið, sem nú var lýst. Er þá oft ástæða til að láta dóm ganga í máli hans, þótt tvísýna kunni að vera á því, að honum yrði fullnægt. Oft getur verið ástæða að gera upptæka eign manns, sem óvíst er um eða dvalarstað hans, t. d. ef skip erlends manns hefur verið notað við vörusmygl til Íslands eða smyglvörur óþekkts aðilja eru settar hér á land. Er þá heimild til að birta opinberlega stefnu á hendur honum í Lögbirtingablaði samkv. 120. gr. og dæma mál hans samkv. 3. tölul. 132. gr.

Þess hefur verið getið að nokkru áður, að í flestum menningarlöndum, þar sem meðferð opinberra mála er komin á hátt stig, er henni þannig háttað, að sökunautur og vitni eru spurð af dómurum svo og sækjanda og verjanda á dómþingi, sem haldið

er venjulega í heyranda hljóði. Leiðir sækjandi þar fram þau vitni, er hann styður ákæruna við framburð þeirra, og leggur fram önnur sakargögn. Verjandi fær færi á því að reyna þolrifin í vitnum sækjanda með því að leggja gagnspurningar fyrir þau. Með sama hætti leiðir verjandi þau vitni, er hann telur styðja málstað ákærða, og sækjandi reynir þau með gagnspurningum. En dómari eða dómendur vaka yfir því, að allt fari fram að lögum, og spyrja ákærða og vitni, eftir því sem þeir telja ástæðu til. Ákærða er í sjálfsvald sett, hvort hann vill svara spurningum, en þess má geta, að oftast mun hann velja þann kostinn, til þess að þögn hans verði ekki skýrð honum í óhag. Má t. d. vísa til brezks réttarfars um það efni. Hafa brezkir málflytjendur öðlazt geysimikla leikni í því að þrautreyna með spurningum og gagnspurningum eftirtektargáfu vitnis, minni þess, sannleiksást o. s. frv. (cross examination). Þegar mál er flutt með þessum hætti fram fyrir dómendur, fá þeir töluverða persónulega þekkingu á sökunaut og vitnum og geta myndað sér skoðun um, hversu trúverðug og örugg vitnin eru í framburði sínum, svo og, hvort skýrslur ákærða hafi á sér blæ sannleikans. Þar sem slík meðferð er höfð erlendis, eru venjulega fjölskipaðir dómar, kviðir eða ólöglærðir meðdómendur ásamt einum eða fleirum embættisdómendum. Ákvæði 133.—139. gr. frv. hafa að geyma reglur, sem miða að því að koma á líkri skipan um vandamestu opinber mál, sem koma hér fyrir dómstóla. Að vísu er það ekki óhjákvæmilegt skilyrði samkvæmt þessum ákvæðum, að fleiri en einn dómari fari með mál, og veldur þar um sparnaðarviðleitni. En ákjósanlegt væri það og mundi svo oft verða samkvæmt ákvæðum 5. gr., að fjölskipaður dómur löglærðra manna fari að jafnaði með þessi mál, enda reynir þessi meðferð mjög á skarpskyggni, mannþekkingu og verklægni dómenda. Skiptir það miklu, að þegar í upphafi verði vandað til meðferðar mála samkvæmt þessum ákvæðum og að saksóknari, sem er falin ákvörðun þess, samkvæmt 133. gr., hvenær þessari meðferð skuli beita í öðrum tilvikum en þeim, þar sem það er skýlaust boðið, skapi skýrar og haldgóðar venjur um þetta efni af sinni hálfu. Ekki þykir ástæða til þess að ræða sérstaklega um einstakar greinar. Þótt heimilt sé að ákveða skriflegan flutning í málum þessum samkvæmt 138. gr., er tilætlunin sú og reglurnar miðaðar við það, að dómsmeðferðin fari fram í heyranda hljóði og sérstaklega, að sökunautur og vitni verði spurð með þeim hætti, sem nánar er lýst í 137. gr., svo og að skriflegur málflutningur verði aðeins hafður, þegar sérstaklega stendur á, t. d. í flóknum reikningsmálum.

Um XVI. kafla.

Flest ákvæði kafla þessa eru fylling og lögfesting á gildandi reglum, og þarf yfirleitt ekki að skýra þau. Rétt þykir þó að leiða athygli að nýmælum í 2. málslið 1. mgr. 143. gr. um, að dæma skuli sakarkostnað á hendur ákærða að einhverju leyti eða öllu, þótt hann sé að öðru leyti sýkn dæmdur, ef hann hefur orðið kostnaðarins valdur með þeim hætti, sem þar greinir.

Um XVII. kafla.

Ákvæði þessa kafla eru að mestu staðfesting og fylling á gildandi reglum. Ákvæði 152. gr. er reist á skyldum sjónarmiðum og reglurnar í XVIII. kafla, og verður þeim lýst hér á eftir.

Um XVIII. kafla.

Það leiðir af líkum, að í rannsókn opinberra mála verður oft að framkvæma aðgerðir, sem ganga mjög nærri einstaklingum, t. d. að leggja verður hald á muni þeirra, framkvæma leit hjá þeim bæði í húsum og hirzlum svo og á þeim sjálfum, skerða frelsi þeirra með handtöku og varðhaldi, framkvæma rannsókn á heilsu þeirra, líkamlegri og andlegri, o. s. frv. Aðgerðir þessar geta verið réttmætar, eins og á stendur, en koma stundum hart og óverðskuldað niður á mönnum, sem ekki hafa til saka unnið. Þá getur og framkvæmd þeirra orðið óþarflega harkaleg og særandi, mistök átt sér stað af hendi opinberra starfsmanna eða villandi sakargögn valdið

rangri niðurstöðu. Þau sjónarmið hafa rutt sér meira og meira til rúms, að þjóðfélaginu beri skylda til að bæta fé þeim mönnum, er þannig hafa orðið hart úti vegna nauðsynja þjóðfélagsins, en sú bótaskylda getur fallið niður, ef aðili hefur með framferði sínu beint aðgerðum gegn sér, þótt brot það, sem um er að tefla, sannist ekki á hann.

Lög nr. 28/1893 um skaðabætur fyrir gæzluvarðhald að ósekju o. fl. geyma einu ákvæðin, sem eru í íslenzkum lögum um þetta efni. Verður að telja lög þessi alls kostar ófullnægjandi, og má t. d. staðhæfa, að þau fari í bága við reglur þjóðaréttarins. Setja þau dómara þess vegna í þann mikla vanda að verða að beita lögum, sem þeir telja ekki samrýmast reglum þjóðaréttarins. Ákvæði þessa kafla eru reist á þeim sjónarmiðum, sem lýst var, og miða að því að rétta hlut þeirra, sem borið hafa skarðan hlut frá borði í þessum efnum. Rétt er og að vekja athygli á því, að reglur frumv. virðast vera í miklu betra samræmi við ákvæði stjórnarskrárinnar en lög þau, sem nú gilda. Maður, sem hefur í þágu almennings og án saka orðið að sæta skerðingu á umráðum yfir eign sinni, virðist eiga rétt á bótum samkvæmt meginreglu 67. gr. stjórnarskrárinnar. Maður, sem undir sama skilorði hefur sætt frelsisskerðingu, virðist og eiga rétt á bótum samkv. sjónarmiðum þeim, sem liggja til grundvallar ákvæðum stjskr. um mannréttindi. Virðist einsætt, að mikil nauðsyn sé til að lögfesta reglur þessar. Bent skal á það, að samkv. 156. gr. er bótaskyldan viðtækari en ella, ef maður hefur hlotið refsidóm saklaus. Þá skal og leidd athygli að því, að aðilja, er fengið hefur bætur samkvæmt þessum kafla, ber að dæma til endurgreiðslu þeirra, ef síðar kemur í ljós, að grundvöllur sá, er bótakrafan var reist á, er ekki fyrir hendi. Ákvæði 161. gr. er við það miðað, að aðili hirði eigi um fébætur, heldur vilji einungis fá viðurkenningu fyrir því, að nefndar aðgerðir hafi komið niður á honum án saka af hans hendi. Að öðru leyti þykir ekki ástæða til að skýra einstök ákvæði kaflans.

Um XIX. kafla.

Hér eru ákvæði m. a. um réttarfarssektir á hendur málflytjendum, er vanrækja starfa sinn, svo og á hendur hverjum þeim, sem hefur í frammi ósæmilegt atferli fyrir dómi. Sérstök ástæða er til að leiða athygli að því ákvæði 1. mgr. 164. gr., er mælir refsingu á hendur þeim, sem truflar meðferð opinbers máls með þeim hætti, er í greininni segir. Að öðru leyti þykir ekki ástæða til að ræða þenna kafla.

Um XX. kafla.

Ákvæði þessa kafla virðast ekki þarfnast sérstakra skýringa.

Um XXI. kafla.

Það er vitaskuld álitamál, í hve víðtækum mæli leyfa skuli áfrýjun einstakra dómsathafna, meðan á rekstri máls stendur, svo og einstakra atriða í dómi, eftir að hann er genginn, án þess að málinu sé áfrýjað í heild. Kærumeðferð á einstökum atriðum máls léttir málsmeðferðina, en sé hún leyfð í of ríkum mæli, má allt af búast við því, að hún verði misnotuð, og er reynsla fengin fyrir því í einkamálum. Reynt hefur verið að þræða meðalveg í kafla þessum og veita ekki heimild til að kæra dómsathafnir, þar sem hjá því þykir mega komast, án þess að sakarspjöllum valdi, sjá 173. gr. Nokkrum dómsathöfnum er þannig háttað, að nauðsyn getur borið til að kæra þær, en ekki þykir fært að veita einstaklingum heimild til þess vegna hættu á misnotkun. Hefur því sú leið verið valin að fela saksóknara einum að ákveða, hvort þær skuli kærðar. Getur hann þá tekið til greina beiðni einstaklings um kæru, ef honum þykir hún á rökum reist, sjá 174. gr. Í 175. gr. eru talin þau tilvik, er hver sá, sem hlut á að máli, getur kært til æðra dóms. Öll þessi tilvik eru svo mikilvæg, að ekki þykir annað fært en leyfa aðilja að kæra þau. Að öðru leyti þykir ekki ástæða til að skýra kafla þenna.

Um XXII. kafla.

Víða um lönd eru miklar takmarkanir í lögum á heimild til að áfrýja opinberum málum. Er þessi háttur einkum á hafður í löndum, þar sem kviðdómur fer með mál. Verður þá sýknudómum venjulega ekki áfrýjað, a. m. k. ef dómglöp hafa ekki orðið, og sektardómum verður áfrýjað í nokkuð takmörkuðum mæli. Í sumum löndum verður dómum einungis áfrýjað, að því er varðar skýringu lagaatriða og jafnvel refsihæð, en ekki að því er tekur til sönnunaratriða. Frá brezkum kviðdómum verður ekki áfrýjað sýknudómum, en dómfelldi getur áfrýjað áfellisdómi. Þeim áfrýjunarrétti eru þó ýmsar skorður settar til að fyrirgirða þarflausa áfrýjun. Þegar litið er á þá skipan, sem ætlazt er til, að verði á meðferð opinberra mála í héraði hér á landi, þykir ekki fært að leggja til að takmarka mjög áfrýjunarheimild. Hins vegar virðist vera nauðsyn til þess að takmarka hana að mun, frá því sem nú er, enda er nú samkvæmt gildandi lögum engin takmörkun á heimild aðilja til áfrýjunar. Hefur af því leitt, að mörgum opinberum málum hefur af hálfu dómfellda verið áfrýjað gersamlega að tilefnislausu og oft, að því er virðist, í þeim tilgangi einum að fá frest á afplánun refsingar. Ákvæði 178. gr. eru reist á þeim sjónarmiðum, er nú var lýst. Takmörkuð er heimild dómfellda til áfrýjunar á minniháttar málum, en saksóknara er rétt og skylt að áfrýja þeim málum einnig, ef honum virðist hallað á dómfellda. Nánum tilteknum venzlamönnum er veitt heimild til að áfrýja vegna ákærða, ef hann er andaður. Annars þykir ekki ástæða til þess að rekja nákvæmlega einstakar greinar þessa kafla, þótt margt í þeim sé nýmæli, enda virðast ákvæðin það skýr, að þau þarfnist ekki athugasemda. Rétt þykir þó að benda sérstaklega á ákvæði 181. gr. um réttindamissi. Samkvæmt 182. gr. hefur saksóknara verið settur sérstakur áfrýjunarfrestur. Er það gert til þess, að ákærðir menn þurfi ekki lengi að vera í óvissu um það, hvort máli þeirra verði skotið til æðra dóms. Þá skal og leidd athygli að ákvæði 186. gr., þar sem gert er ráð fyrir því, að hæstiréttur haldi sjálfur próf í málum, ef honum virðist þess þörf og því verður við komið.

Um XXIII. kafla.

Í 30. gr. laga um hæstarétt nr. 112/1935 er svo kveðið á, að dómsmálaráðherra geti að fengnum tillögum hæstaréttar leyft, að mál, sem þar hefur verið dæmt, verði af nýju tekið til meðferðar, ef það hefur sannazt eða mikil líkindi eru til þess, að það hafi verið svo rangt flutt, að niðurstaðan mundi hafa orðið önnur í verulegum atriðum, ef svo hefði eigi verið, enda megi beiðandi sjálfum sér eigi um kenna. Önnur almenn ákvæði um endurupptöku dæmdra mála eru ekki í íslenzkum lögum. Ákvæði 30. gr. hæstaréttarlaganna virðist aðallega vera miðað við einkamál og mundi vera nokkuð erfitt að beita því í ýmsum tilvikum opinberra mála. Er því mjög brýn þörf á því, að sett séu rækileg ákvæði um þetta efni, að því er tekur til opinberra mála. Ákvæði kafla þessa eiga að vera það glögg, að ekki þurfi að láta þeim fylgja langar athugasemdir. Þó skal þess getið um 195. gr., að ekki er í öllum tilvikum ástæða til að taka upp af nýju mál manns, sem sýknaður hefur verið með óáfrýjuðum eða óáfrýjanlegum dómi, þótt þær sakir kæmu síðar fram á hendur honum, sem leitt hefðu til einhvers áfellis, ef þær hefðu verið kunnar, er dómur gekk í upphafi. Þegar það er metið, hvort taka skuli mál manns upp af nýju samkvæmt 195. gr., er rétt að líta bæði á stórleik brotsins, sök ákærða á framkomu rangra sakargagna svo og á það, hversu langur tími er liðinn frá því, að dómur gekk.

Um XXIV. kafla.

Ákvæði þessa kafla virðist ekki þurfa að skýra.

Nd. 13. Frumvarp til laga [13. mál]

um veitingu ríkisborgararéttar.

(Lagt fyrir Alþingi á 68. löggjafarþingi, 1948.)

1. gr.

Ríkisborgararétt skulu öðlast:

1. Christensen, Rannveig Halldórsdóttir, frú í Reykjavík, fædd 18. júlí 1903 á Íslandi.
2. Gunnar Már Nehm Pétursson, skrifstofumaður í Reykjavík, fæddur 16. okt. 1919.
3. Grímur Hákonarson, bóndi í Auðsholti í Ölfusi, fæddur á Íslandi 1. sept. 1887.
4. Henckell, María Bjarnadóttir, frú í Reykjavík, fædd 25. júní 1911 á Íslandi.
5. Hulda Laufey Sigurðardóttir, frú í Reykjavík, fædd 11. marz 1918 á Íslandi.
6. Jensen, Guðlaug Aðalheiður Benediktsdóttir, frú í Reykjavík, fædd 29. sept. 1913 á Íslandi.
7. Jón Ebenezersson Halldórsson, lögreglumaður í Reykjavík, fæddur 23. febr. 1919 á Íslandi.
8. Kristín Guðmundsdóttir Klingbeil, frú í Reykjavík, fædd 30. júlí 1911 á Íslandi.
9. Münch, Helga Einarsdóttir, frú í Reykjavík, fædd 4. ágúst 1897 á Íslandi.
10. Nagel, Salome Þorleifsdóttir, frú í Reykjavík, fædd 19. ágúst 1897 á Íslandi.
11. Sigurður Sveinbjörnsson, trúboði í Reykjavík, fæddur 1. apríl 1875 á Íslandi.
12. Strand, Þórdís Einarsdóttir, frú í Reykjavík, fædd 3. sept. 1898 á Íslandi.
13. Timmermann, Þóra Ingibjörg Bjarnadóttir, bókari í Reykjavík, fædd 28. apríl 1912 á Íslandi.
14. Eikesdal, Bent, fyrrv. bóndi, Meiri-Hattardal, Álftafirði, fæddur 5. júlí 1875 í Noregi.
15. Farestveit, Einar Knutsen, verzlunarmaður í Reykjavík, fæddur 9. apríl 1911 í Noregi.
16. Felixson, Aaslaug, þjónustustúlka í Reykjavík, fædd 23. júlí 1901 í Noregi.
17. Goldstein, Peter Lothar, loftskeytamaður, fæddur 7. nóv. 1927 í Þýzkalandi.
18. Jakobsen, Johan Viktor, verkamaður í Reykjavík, fæddur 15. júní 1878 í Svíþjóð.
19. Lindberg, Johan Vilhelm, umboðssali í Reykjavík, fæddur 11. júní 1882 í Danmörku.
20. Pedersen, Martin Schönning Kristian, rafsuðumaður á Raufarhöfn, fæddur 27. júní 1887 í Noregi.
21. Bender, Carl Christian, verzlunarmaður í Reykjavík, fæddur 26. apríl 1880 í Danmörku.
22. Albina, Maria, Hafnarfirði, fædd 7. maí 1887 í Þýzkalandi.
23. Barbara, Maria, Hafnarfirði, fædd 5. marz 1904 í Þýzkalandi.
24. Elise, Maria, Reykjavik, fædd 21. okt. 1902 í Þýzkalandi.
25. Emerentia, Maria, Reykjavík, fædd 4. apríl 1906 í Þýzkalandi.
26. Felicia, Maria, Hafnarfirði, fædd 20. júlí 1901 í Þýzkalandi.
27. Gabrielle, Maria, Reykjavík, fædd 24. júní 1904 í Þýzkalandi.
28. Julitta, Maria, Reykjavík, fædd 25. sept. 1896 í Póllandi.
29. Monika, Maria, Hafnarfirði, fædd 2. maí 1908 í Þýzkalandi.
30. Pouline, Anne, Reykjavík, fædd 17. febr. 1911 í Þýzkalandi.
31. Remberta, Maria, Hafnarfirði, fædd 22. sept. 1877 í Þýzkalandi.
32. Xaveria, Maria, Hafnarfirði, fædd 12. júlí 1896 í Þýzkalandi.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

I. Umsækjendur nr. 1—13 (incl.), sem samkvæmt frumvarpinu er ætlað að öðlast íslenzkan ríkisborgararétt, hafa verið íslenzkir ríkisborgarar, en misst ríkisborgararétt, er þeir hafa öðlazt annan ríkisborgararétt.

Nr. 1, 4, 5, 6, 8, 9, 10, 12 og 13 hafa misst ríkisborgarrétt sinn vegna hjónabanda við erlenda ríkisborgara. Hjónaböndum nr. 1, 5, 6 er slitið með skilnaði og nr. 10 og 12 vegna dauða eiginmanna. Nr. 2 er fæddur í Danmörku og dvaldi þar fram yfir 22 ára aldur. Nr. 3, 7 og 11 hafa fengið sér ríkisborgararétt í Vesturheimi.

II. Umsækjendur nr. 14—32 (incl.), sem samkvæmt frumvarpinu er ætlað að öðlast íslenzkan ríkisborgararétt, eru útlendingar, sem aldrei hafa haft íslenzkan ríkisborgararétt, en hafa dvalið hér á landi í langan tíma, frá 12 til 55 ár.

Nr. 22 til 32 eru nunnur.

Ed. 14. Frumvarp til laga [14. mál]

um kyrrsetningu og lögbann.

(Lagt fyrir Alþingi á 68. löggjafarþingi, 1948.)

I. KAFLI
Almenn ákvæði.

1. gr.

Ákvæði laga þessara taka til bráðabirgðagerða fógetadóms, kyrrsetningar á fjármunum og mönnum og lögbanns. Fógetagerðir þessar má framkvæma, þótt eigi sé heimild til aðfarar.

Eigi er það skilyrði til framkvæmdar gerða þessara, að sönnur séu leiddar að rétti gerðarbeiðanda, en synja skal beiðni um þær, ef tvímælalaust má telja, að gerðarhafi eigi ekki réttindi þau, er hann hyggst að tryggja, eða að mál um þau sæti ekki úrlausn dómstóla.

2. gr.

Fógetagerðir samkvæmt lögum þessum framkvæmir héraðsdómari (í Reykjavík borgarfógeti) á þeim stað, er gerð skal fram fara, og nefnist þá fógeti. Þar sem sérstakur lögreglustjóri er skipaður í kauptúni, framkvæmir hann þar gerðir þessar.

Nú er svo skjótrar aðgerðar þörf, að ekki næst nægilega fljótt til fógeta, og getur hreppstjóri þá framkvæmt kyrrsetningu á fjármunum og lagt farbann á menn eða lagt lögbann við tiltekinni athöfn. Hreppstjóri skal hafa votta tvo við og skrá má gerð í hreppsbók, enda gæti hann ákvæða laga þessara um skilyrði til kyrrsetningar eigna, um tryggingu aðilja, bókanir, uppskrift og virðingu kyrrsettra muna, skilyrða 8. gr. til farbanns og skilyrða 26. gr. til lögbanns. Veita skal hreppstjóri gerðarbeiðanda eftirrit af gerðinni, og skal gerðarbeiðandi senda það fógeta með beiðni um staðfesting hans á henni, enda sé beiðnin komin til fógeta innan viku frá lokum gerðar. Annarskostar fellur gerð þegar niður. Fógeti sker síðan, svo fljótt sem unnt er, úr því fyrir dómi og að öðru samkvæmt lögum þessum, hvort gerðin skuli, með breytingum eða óbreytt, standa. Ef fógeti fellir gerð niður, getur hann framkvæmt nýja gerð, ef efni standa til.

3. gr.

Hverju héraðsdómaraembætti skal fylgja fógetabók samkvæmt fyrirmælum 42. gr. laga nr. 85/1936, enda skal þar skrá nöfn aðilja og umboðsmanna þeirra, ef því

er að skipta, kröfur aðilja og helztu rök til þeirra, um tryggingu, er sett kann að verða, og annað, er að framkvæmd og úrslitum gerðar lýtur, um þýðingu hennar, bann við brotum á henni og hvað við þeim liggi.

4. gr.

Votta tvo skal hafa við hverja gerð. Þar, er virða þarf fjármuni, má láta votta framkvæma virðingu, nema sérþekkingar sé þörf, enda skal þá kveðja til menn, er starfann megi leysa af hendi. Virðingamenn skulu undirrita heit um samvizkusama framkvæmd virðingar, áður en þeir taka til starfa.

5. gr.

Ákvæði laga nr. 85/1936 um meðferð einkamála í héraði taka til fógetagerða samkvæmt lögum þessum, eftir því sem við getur átt, nema öðruvísi sé sérstaklega mælt.

II. KAFLI

Um kyrrsetningu.

6. gr.

Fjármuni skuldunauts má kyrrsetja til tryggingar fullnustu lögvarinnar kröfu til peninga eða peningaverðmætis, enda sé krafan fallin í gjalddaga, eigi nægilega veðtryggð og eigi megi tryggja hana með aðför.

Kyrrsetning má þó gera, enda þótt krafa sé ekki fallin í gjalddaga:

1. Ef ástæða er til ótta um undanskot, eyðslu eða spjöll á fjármunum, þar á meðal á veði, af hálfu skuldunauts eða annarra, áður en aðför verði gerð.
2. Ef annars má óttast það eftir högum eða framferði skuldunauts, að hann muni sérstaklega torvelda fullnustu kröfu, eða ef aðför þyrfti að gera erlendis, ef fjármunir hans yrðu ekki kyrrsettir hér á landi.

Um sjólánsveð fer eftir ákvæðum siglingalaga.

Eigi má kyrrsetningu gera til tryggingar sektagreiðslu, nema svo sé sérstaklega mælt í lögum.

7. gr.

Eigi má kyrrsetja verðmæti, sem undan aðför eru þegin að lögum, né innstæður eða vöxtu þar af í stofnunum, sem undan kyrrsetningu eru þegnar lögum samkvæmt.

8. gr.

Kyrrsetja má mann, ef svo er farið, að hann er á förum eða hyggst bráðlega að fara af landi burt, án afturkomu eða óvíst má telja, að hann hyggi á afturkomu til landsins, og hann á að svara til kröfu, sem sækja má fyrir hérlendum dómi, enda megi telja kyrrsetningu nauðsynlega til tryggingar fullnustu þeirrar kröfu og eigi sé fullnægjandi trygging sett eða næg verðmæti finnist hér á landi til kyrrsetningar.

Kyrrsetning á manni má verða með tvennum hætti:

1. Varðhaldsvist. Þá má aðbúnaður og meðferð gerðarþola eigi lakari vera en fanga í gæzluvarðhaldi, enda skal taka til greina sérhagi hans með sama hætti sem sérhagi gæzlufanga. Gerðarhafi skal greiða fyrir fram á hverjum tveggja vikna fresti fúlgu með gerðarþola eftir ákvörðun fangavarðar, sem bera má þó undir fógeta til fullnaðarúrlausnar.
2. Farbann. Skal þá bjóða gerðarþola að halda sig í ákveðnu marki, enda má þá fela tilteknum manni að hafa eftirlit með honum. Fógeti ákveður þá hverju sinni, hvort fúlgu skuli greiða og hversu mikla. Nú rýfur gerðarþoli farbann, og má þá varðhaldsvist beita.

Kyrrsetning fellur niður, jafnskjótt sem aðför má gera til tryggingar kröfu, og ef fúlga greiðist ekki svo sem mælt er.

Eigi má varðhaldsvist hafa, ef krafa að innstæðu til nemur minna en 500 krónum eða 500 kr. virði, og aldrei má kyrrsetning á manni standa sex mánuðum lengur.

Sama mann má einungis einu sinni kyrrsetja vegna sömu kröfu.

Eigi má kyrrsetja skipverja ferðbúins skips, sem skrásett er á landi hér, nema skipstjóri leyfi eða útgerðarmaður, ef um skipstjóra er að tefla.

Eigi má kyrrsetja alþingismann, meðan Alþingi stendur.

Haldast skulu ákvæði framfærslulaga um aðgerðir gagnvart þeim, er eigi gegna framfærsluskyldum sínum.

9. gr.

Gerðarbeiðni skal vera skrifleg. Skal þar greina nöfn aðilja nægilega skýrt, kröfu og af hvaða rót hún sé runnin, gjalddaga, ef því er að skipta, og rök til beiðni, ef krafa er ekki fallin í gjalddaga. Skjöl þau, sem krafa er reist á, skulu venjulega fylgja beiðni.

Fógeti getur sett það skilyrði fyrir aðgerðum af sinni hendi, þegar er beiðni hefur verið honum í hendur fengin, að beiðandi setji hæfilega tryggingu fyrir greiðslu þess tjóns og miskabóta, er gerðarþola kann að leiða af gerðarbeiðni.

10. gr.

Fógeti tilkynnir gerðarbeiðanda stað og stund til gerðar með hæfilegum fyrirvara. Gerðarþola skal eigi tilkynna gerð fyrir fram, nema gerðarbeiðandi óski þess eða ótvírætt þyki, að slík tilkynning geti ekki valdið gerðarbeiðanda réttarspjöllum.

Ef aðiljar hafa ekki orðið á annað sáttir, hefst kyrrsetning á heimili eða dvalarstað gerðarþola, nema fógeta þyki nauðsyn á að byrja hana annars staðar, svo sem ef gerðarþoli á verðmæti utan heimilislögsagnarumdæmis síns, sem hentugra þykir að kyrrsetja en verðmæti í því lögsagnarumdæmi, ef hann er útlendingur, ef hann er á förum úr landi eða annars þykir vera hætta á spjöllum á rétti gerðarþola.

11. gr.

Í upphafi gerðar skal fógeti spyrja gerðarþola, ef hann er við staddur, um álit hans á kröfu þeirri, er kyrrsetning varðar, gjalddaga, veðtryggingu og önnur þau atriði, er máli skipta. Ef gerðarþoli er fjarstaddur, er fógeta heimilt og eftir atvikum skylt að veita honum kost á að koma fyrir dóm, enda verði hagsmunum gerðarbeiðanda ekki stofnað þar með í hættu. Rétt er fógeta að láta sækja gerðarþola með valdi, ef návist hans telst nauðsynleg vegna framkvæmdar gerðar.

Fresti má að jafnaði ekki veita gerðarþola gegn mótmælum gerðarbeiðanda, nema tryggt sé, að rétti hans verði eigi fyrir það spillt.

12. gr.

Áður en kyrrsetning byrjar, skal fógeti krefja beiðanda hæfilegrar tryggingar fyrir greiðslu tjóns og miskabóta, sem gerðarþola kann að stafa af gerðinni, nema:

1. Þegar hafi verið sett nægileg trygging, sbr. 9. gr., enda hafi fógeti borið það atriði undir gerðarþola, ef hann er við staddur eða eftir að til hans náðist.
2. Gerðarþoli hafi afsalað sér berum orðum tryggingu.
3. Krafa hafi verið eða sé berum orðum viðurkennd fyrir dómi og telja megi hana nægilega háa til greiðslu bóta, enda samþykki gerðarbeiðandi, að hún verði látin ganga upp í skaðabótakröfu eftir þörfum, ef því verður að skipta.
4. Ef krafa gerðarbeiðanda er slík, að eigi þurfi tryggingu að setja lögum samkvæmt.

Fógeti metur eða lætur meta tryggingu, ef með þarf, og gerir nauðsynlegar ráðstafanir aðrar, er hana varða.

Skylt er að skila tryggingarfé eða tryggingarskjali, ef gerðarþoli hefur ekki höfðað mál til bóta innan þess frests, sem í 3. málsgr. 24. gr. segir, eða gerðarbeiðandi hefur verið sýknaður af bótakröfu. Fógeti getur og skilað tryggingu, ef gerðar-

þoli hefur hvorki haft uppi bótakröfu í staðfestingarmáli né slegið þar varnagla um hana, enda eigi höfðað sérstakt mál í því skyni.

13. gr.

Nú er nægileg trygging sett fyrir greiðslu kröfu með vöxtum til áætlaðs greiðsludags eða gjalddaga, ef krafa er ekki fallin í gjalddaga, og kostnaði, og má kyrrsetning þá ekki fram fara, enda skal fella hana niður, jafnskjótt sem nægileg trygging kann síðar að verða sett. Um mat tryggingar fer samkvæmt 12. gr.

Tryggingu skal skila, þegar krafa sú fellur niður, sem tryggð er. Sama er, ef gerðarbeiðandi gerir ekki reka að viðurkenningu kröfu sinnar fyrir sátt eða dómi innan 4 vikna frá því, er trygging var sett, ef krafa var þá fallin í gjalddaga, en ella innan 4 vikna frá gjalddaga.

Rétt er gerðarþola að höfða mál til viðurkenningar á því, að krafan sé órétt-mæt, og til lausnar tryggingar.

14. gr.

Fógeti bókar þau verðmæti, er kyrrsetja skal, og áætlað verð hvers þeirra fyrir sig, nema kyrrsett sé eitt einstakt verðmæti, sem tvímælalaust megi telja nægilegt. Rétt er að kyrrsetja til bráðabirgða í einu lagi safn samkynja muna eða muna, sem nefndir eru sameiginlegu heiti, svo sem bókasafn, vörubirgðir, útistandandi skuldir samkvæmt verzlunarbók o. s. frv., enda séu varnir við því settar eftir föngum, að slíku munasafni verði raskað, enda skal gerðin tekin upp aftur, svo fljótt sem unnt er, og þá gerð sundurliðuð skrá um munina og áætlað verð þeirra eftir föngum.

Nú eru útistandandi skuldir kyrrsettar, og tekur kyrrsetning þá einnig til óheimtra vaxta, enda má kyrrsetja kröfu til þeirra sér. Rétt er, að fógeti eða sá, er hann nefnir til, heimti skuldir og vexti, og gerir fógeti skil í því efni, jafnskjótt sem fullnaðardómur gengur eða sátt er gerð um kyrrsetningarkröfu.

15. gr.

Gerðarþola er rétt og skylt að boði fógeta að benda á fjármuni til kyrrsetningar, enda skal fara að óskum hans um það, hvað kyrrsetja skuli, gerðarbeiðanda að meinalausu. Brýna skal fógeti fyrir gerðarþola að segja satt og rétt til um eignir sínar og benda honum á þá refsiábyrgð, sem vísvitandi rangar skýrslur um það efni hafa í för með sér. Rétt er fógeta, ef boð hans stoðar ekki og að undangengnum úrskurði, að opna hús og hirzlur gerðarþola og annarra, sem líklegir eru til að hafa fjármuni hans í vörzlu, og leita þar fjármuna hans, svo og leita á honum sjálfum, og öðrum undir sama skilorði. En jafnan skal svo með fara, að sem minnstur miski eða óhagræði verði af. Fógeti getur úrskurðað sömu refsingu þeim á hendur, sem þverskallast við að láta upplýsingar í té samkvæmt þessari grein, og beita má við vitni.

Nú er gerðarþoli ekki viðstaddur, og getur fógeti þá skorað á einhvern þann fulltíða mann, sem við kann að vera, svo sem konu gerðarþola, börn eða heimamenn, að segja til um eignir hans.

Skylt er fógeta að benda á rétt gerðarþola til þess að taka frá tiltekna muni og verðmæti að tilteknu marki samkvæmt ákvæðum aðfararlaga, enda skal hann jafnan gæta þess, að eigi séu kyrrsettir munir þeir, er lögum samkvæmt er bannað að taka fjárnámi.

Tilkynna skal gerðarþola kyrrsetningu, ef hann var ekki við hana staddur.

Þriðji maður, sem telur rétti sínum hallað, getur borið fram kröfur sínar fyrir fógeta til úrlausnar, meðan gerð er framkvæmd, enda getur þriðji maður þá kært úrskurð fógeta með venjulegum hætti.

16. gr.

Kyrrsettir munir skulu framvegis vera í vörzlu gerðarþola eða annarra, sem hann hefur falið geymslu þeirra. Þó skal fógeti eftir kröfu gerðarbeiðanda taka verðmæti til geymslu eða fá öðrum hana, ef þeim er svo varið eða högum eða fram-

komu vörzlumanns er svo háttað, að ástæða er til að telja gerðarbeiðanda hættu búna af varðveizlu þeirra í höndum hans, enda standi réttur þriðja manns vörzluskiptum ekki í vegi. Fógeti kveður á um tryggingu gerðarbeiðanda til handa gerðarþola og eftir kröfu hans vegna spjalla eða afnotamissis á kyrrsettum munum, er vörzluskiptum hafa sætt.

17. gr.

Gerðarþola er óheimilt að eyða eða spilla kyrrsettum munum, heimta eða semja um kyrrsettar kröfur eða flytja til kyrrsetta muni, svo að hætta sé á réttarspjöllum þar af, eða skjóta þeim undan. Venjuleg notkun, sem ekki hefur í för með sér eyðingu eða spjöll, er honum heimil, enda er honum skylt að geyma kyrrsetta muni eftir mætti og halda þeim við eins og venja er um samskonar muni.

Nú er fasteign kyrrsett með lausafjármunum, er henni fylgja, og er gerðarþola þá heimilt að eyða þeim og skipta á þeim og öðrum slíkum munum, að því leyti sem það er venjulegt til notkunar eignarinnar, enda tekur kyrrsetningin þá einnig til slíkra þeirra muna, sem aflað er til eignarinnar.

18. gr.

Óheimilt er gerðarþola að ráðstafa kyrrsettum munum með samningum, þannig að í bága fari við rétt gerðarbeiðanda, enda er gerðarbeiðandi ekki bundinn gagnvart þriðja manni við slíkar ráðstafanir. Þó vinnur þriðji maður rétt yfir fasteign og skipi 5 smálesta og stærra, nema kyrrsetning hafi verið þinglesin (innrituð í Reykjavík), og yfir viðskiptabréfum, nema athugasemd um kyrrsetningu hafi verið á þau skráð. Tilkynna þarf skuldunaut, ef krafa er kyrrsett, og geymslumanni kyrrsetts hlutar kyrrsetningu. Annars kostar er þeim rétt að greiða gerðarþola skuld eða skila honum hlut, ef þeir eru grandlausir um kyrrsetningu. Sama er um vaxtagreiðslur af skuld samkvæmt viðskiptabréfi.

19. gr.

Kyrrsetning víkur fyrir fjárnámi. Niður fellur kyrrsetning, er nauðasamningur milli gerðarþola og lánardrottna hans hlýtur staðfestingu, bú hans er tekið til gjaldþrotaskipta eða til skipta án ábyrgðar erfingja hans á skuldum.

20. gr.

Innan viku frá lokum kyrrsetningargerðar skal gerðarhafi gefa út og birta eða láta gefa út stefnu til héraðsdóms á því varnarþingi, er sækja má mál til greiðslu kröfunnar, til staðfestingar kyrrsetningar, enda sé stefnufrestur hæfilegur.

Nú hefur mál eigi verið höfðað um kröfu þá, er tryggja skyldi, og skal þá í einu lagi sækja mál til staðfestingar kyrrsetningu og til viðurkenningar kröfu, ef hún er ekki í gjalddaga fallin, en ella til aðfarardóms. Koma má að öllum vörnum, sem annars eru heimilar, bæði um kröfu sjálfa og kyrrsetningargerð að formi og efni, hvort sem varnarástæða er eldri eða yngri en gerðin og hvort sem vörn hefur verið uppi höfð fyrir fógetadómi eða ekki.

Nú er mál um kröfu fyrir héraðsdómi, þá er kyrrsetning fór fram, og skal þá sameina staðfestingarmál því máli, enda skal taka það upp af nýju, ef það hefur þegar verið tekið til dóms, en dómur enn eigi upp kveðinn. Skal síðan kveða upp dóm bæði um kröfu og kyrrsetningu í einu lagi.

Nú hefur dómur þegar verið kveðinn upp í héraði, er staðfestingarmál er þingfest, og er héraðsdómara þá rétt að fresta staðfestingarmáli, ef héraðsdómi hefur verið áfrýjað, áður en dómur gengur um það, unz dómur gengur í hæstarétti, enda er rétt að taka staðfestingarmál upp af nýju, þótt það hafi verið dómtekið, áður en dómur hæstaréttar gekk.

Nú hefur beiðni um kyrrsetningu verið synjað eða kyrrsetning fellur niður, áður en frestur samkvæmt 1. málsgr. er liðinn, og er gerðarbeiðanda þá rétt að höfða

mál til viðurkenningar á réttmæti gerða sinna eða kyrrsetningar, enda fer um það mál samkvæmt því, er mælt var, eftir því sem við á.

Þriðji maður, sem telur rétti sínum hallað í sambandi við kyrrsetningargerð, getur og haft uppi kröfur sínar þess vegna með meðalgöngu í staðfestingarmáli eða í sérstöku máli, hvort sem er til niðurfellingar kyrrsetningar, sem hann telur ranglega gerða á réttindum sínum, eða til skaðabóta af þeim sökum.

Eigi verður kyrrsetningargerð áfrýjað.

21. gr.

Nú hefur eign erlendis búsetts manns verið kyrrsett hér á landi, og er þá rétt að birta stefnu til staðfestingarmáls vörzlumanni fjármunanna eða einhverjum þeirra, ef þeir eru fleiri en einn. Ef fjármunir eru kyrrsettir í tveimur lögsagnarumdæmum eða fleirum, má mál sækja í hvoru eða hverju þeirra, er gerðarhafi kýs. Í slíku máli verður einungis dæmt um lögmæti kyrrsetningar og veitt heimild til aðfarar í munum þeim, sem kyrrsettir voru, nema skuldunautur komi sjálfur fyrir dóm eða löghæfur maður með umboði hans til flutnings málsins.

Ákvæði greinar þessarar koma því aðeins til framkvæmda, að ekki standi millirikjasamningur því í vegi.

22. gr.

Nú verður staðfestingarmál ekki þingfest sækjanda að vítalausu, því er vísað frá dómi eða það er hafið samkvæmt 3. eða 4. tölul. 119. gr. laga nr. 85/1936, og er þá rétt að höfða mál af nýju innan viku frá því, er sækjanda varð kunnugt um málalok. En eigi má oftar svo með fara, nema það megi telja sækjanda óviðráðanlegt, að máli hans lauk með þeim hætti.

Nú skyldi mál hafið samkvæmt 1. tölul. 119. gr. laga nr. 85/1936 eða kyrrsetning er niður fallin samkvæmt 19. eða 25. gr., og heldur þá mál til staðfestingar áfram, nema varnaraðili tjái sig engar kröfur gera vegna kyrrsetningar.

23. gr.

Nú er eigi að lögum leitað staðfestingar á kyrrsetningu, og er hún þá niður fallin frá því, er gerðarhafi mátti í síðasta lagi gefa út og birta eða láta gefa út stefnu til staðfestingar hennar samkvæmt 1. málsgr. 20. gr. eða 1. málsgr. 22. gr.

Nú er staðfestingar leitað, en kyrrsetning er felld niður með héraðsdómi, og stendur hún þó næstu 3 vikur talið frá dómsuppsögu, ef gerðarhafi var við hana staddur, en ella frá birtingu dóms fyrir honum. Að loknum fresti fellur kyrrsetning niður, nema gerðarhafi sanni innan þessa tíma fyrir fógeta, að hann hafi tekið út áfrýjunarstefnu til staðfestingar kyrrsetningu fyrir æðra dómi. Ef æðri dómur staðfestir ákvæði héraðsdóms um niðurfall kyrrsetningar, telst hún niður fallin frá dómsuppsögu.

Eigi má aflýsa innritaðri eða þinglýstri kyrrsetningu án samþykkis gerðarhafa, nema vottorð fógeta komi til um það, að eigi hafi verið áfrýjað samkvæmt 2. málsgr.

Um vörzluskipti kyrrsettra muna ber gerðarþola jafnan að leita aðgerða fógeta, þegar svo stendur á sem í 2. málsgr. segir, enda mega þau ekki verða, meðan gerðarhafa er kostur áfrýjunar samkvæmt henni.

24. gr.

Nú fellur kyrrsetning niður, hvort sem það er vegna sýknunar af kröfu þeirri, er tryggja skyldi, vegna galla á gerðinni sjálfri eða vegna þess, að henni hefur ekki verið réttilega haldið til laga, og ber gerðarbeiðanda þá að bæta gerðarþola þann miska og fjártjón, þar á meðal lánstraustsspjöll, er telja má hann hafa liðið sakir gerðarinnar. Bæta skal og, þótt kyrrsetning reynist aðeins að nokkru ólögmæt, og þótt hún falli niður sakir atvika, er gerðust eftir framkvæmd hennar, ef ætla má, að hún hefði haft bótaskyldu í för með sér annars. Þegar meta skal bætur, má bæði

hafa hliðsjón til þess, hvort gerðarbeiðandi hefur sýnt af sér vanrækslu eða gáleysi, og til þess, hvort gerðarþoli kann að hafa veitt sérstakt efni til aðgerðanna eða tilhögunar þeirra með framkomu sinni í sambandi við þær.

Bætur sakir beiðni, sem synjað hefur verið, skal eigi greiða, nema heimild sé til þess eftir almennu skaðabótareglunni.

Bótakröfu má hafa uppi í staðfestingarmáli bæði til skuldajafnaðar og til sjálfstæðs dóms. Annarskostar má höfða sjálfstætt mál á varnarþingi kyrrsetningar, þar sem dómari leitar sátta, innan þriggja mánaða frá því, er gerðarþola varð kunnugt um synjun kyrrsetningarbeiðni, frá úrslitum staðfestingarmáls eða niðurfalli kyrrsetningar annars, ef því er að skipta.

25. gr.

Samkvæmt kröfu gerðarhafa skal fógeti taka kyrrsetningargerð upp af nýju:

1. Ef nauðsynlegt má teljast til verndar hagsmunum hans, svo sem til þess að kyrrsetja meira en áður var gert, til vörzluskipta kyrrsettra muna o. s. frv.
2. Til skila á tryggingu, er hann hefur sett.

Samkvæmt kröfu gerðarþola skal fógeti taka upp kyrrsetningargerð af nýju:

1. Ef munir hafa teknir verið, er eigi skyldi kyrrsetja, kyrrsett hefur verið að mun meira en þörf var til, nauðsyn þykir vera á vörzluskiptum kyrrsettra muna o. s. frv.
2. Ef gerðarþoli leysist undan kröfu eftir að kyrrsetningargerð fór fram, svo sem vegna greiðslu eða sýknudóms, eða fram er boðin lögleg greiðslu eða trygging, fúlga greiðist ekki, frestur um kyrrsetning á honum sjálfum er liðinn o. s. frv.
3. Ef staðfestingar er ekki löglega leitað eða kyrrsetning hefur verið felld úr gildi með úrslitadómi, enda sé gerðarþola nauðsynlegt, að ráðstafanir séu gerðar til þess að afmá þær takmarkanir, sem gerðar hafa verið í umráðaheimild hans yfir kyrrsettum munum eða umráðamöguleika.

Samkvæmt kröfu þriðja manns skal fógeti taka gerð upp, ef þriðji maður telur hafa verið gengið ólöglega á rétt sinn með kyrrsetningu, svo sem ef telja má hann eiga þann hlut, sem kyrrsettur var o. s. frv.

Fógeti getur breytt fyrri ályktunum sínum, bæði ef ný atriði koma fram og atriði eldri en gerðin, ef þau hafa ekki komið áður fram eða eigi komið til greina við fyrri ákvarðanir fógeta.

Kæra má ákvarðanir fógeta, en ekki frestar kæra framkvæmd þeirra, nema sýnt megi þykja að dómi fógeta, að engin réttarspjöll stafi af frestun.

Nú fellir æðri dómur synjun fógeta um lausnargerð eða aðrar aðgerðir samkvæmt þessari grein úr gildi, og getur aðili þá heimtað bætur af gerðarhafa fyrir tjón það, er synjun kann að hafa bakað honum, eftir almennum skaðabótareglum.

Nú ónýtir æðri dómur lausnargerð, og ber fógeta þá að koma því í samt lag, er raskazt hefur vegna lausnargerðar hans, eftir því sem kostur er.

III. KAFLI

Um lögbann.

26. gr.

Lögbann má leggja við byrjaðri eða yfirvofandi athöfn einstaklings eða fyrirsvarsmanns félags eða stofnunar, er raskar eða raska myndi með ólögmætum hætti rétti gerðarbeiðanda. Við athöfn þeirra, er fara með framkvæmdavald ríkis eða sveitarfélaga, má undir sama skilorði beita lögbanni, ef athöfn varðar meðferð einstaklingsréttinda eða banna skal athöfn í þágu einstaks manns, enda eigi dómstólar úrlausn málsins, eða telja má aðilja fara út fyrir valdsvið sitt.

27. gr.

Ákvæði 9. gr., upphafsákvæði 10. gr., 11., 12., 15. gr. 2. málsgr., 16.—18. gr., 20. gr., 1. málsgr. 22. gr. og 23.—25 gr taka og til lögbanns, eftir því sem við á og eigi er öðru vísi mælt, sbr. 28. gr.

28. gr.

Lögbann hefst, þar sem sú eign er, er bann varðar, og annars, þar sem aðiljar verða á sáttir eða fógeti ákveður hverju sinni.

Fógeti kveður gerðarþola til, ef þess er kostur. Annarskostar skal birta honum bann.

Lögbanni verður venjulega ekki afstýrt með tryggingu, nema gerðarbeiðandi samþykki.

Miskabætur eða lánstraustsspjöll greiðast venjulega ekki sakir lögbanns.

Greina skal glöggt í fógetabók þann verknað, sem bannaður er, og þá eign, sem bann varðar, ef því er að skipta.

29. gr.

Nú brýtur gerðarþoli vísvitandi eða af stórvægilegu gáleysi lögbann, og varðar það sektum til ríkissjóðs eða varðhaldi, nema þyngri refsing liggi við að lögum.

Gerðarhafi á sókn þess máls.

30. gr.

Skylt er lögreglumönnum að veita aðstoð sína til þess að halda uppi lögbanni, enda er þeim rétt að beita valdi því til varnar, ef með þarf.

31. gr.

Gerðarþola er skylt að bæta skaða þann, er brot hans eða manna hans, framin af ásetningi eða gáleysi, á lögbanni, hafa í för með sér. Sama er um tjón á munum eða réttindum, er lögbann varðar.

IV. KAFLI

Niðurlagsákvæði.

32. gr.

Lög þessi koma til framkvæmdar 1. janúar 1949.

Frá sama tíma eru úr lögum numin ákvæði N. L. 1—19, sbr. konungsbr. 2. maí 1732, tilsk. 10. des. 1790, opið bréf 30. nóv. 1821 og önnur ákvæði laga, sem í bága fara við lög þessi.

33. gr.

Nú hafa aðgerðir samkvæmt lögum þessum farið fram fyrir 1. jan. 1949, og skal þá telja fresti þá, er ákveðnir eru í lögum þessum, frá þeim tíma.

Um gerð, er kynni að hafa verið framkvæmd af tveimur mönnum, skal fara eftir 2. málsgr. 2. gr. laga þessara, nema hún hafi verið lögð til dóms fyrir 1. jan. 1949.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Um bráðabirgðaaðgerðir til þess að tryggja kröfu voru ekki aðrar heimildir eftir Grágás en bann við för manns af landi, ef hann átti að svara eindagaðri skuld eða ef hann átti hér félausan ómaga. Eftir Jónsbók Kaupabálki 7 gat lánardrottinn hins vegar, ef tiltekin skilyrði voru til þess, tekið skuldunaut sinn fastan, haft hann til þings og boðið frændum hans að leysa hann undan skuld, en ella gat hann látið dæma manninn til að vinna af sér skuldina. Með konungsbr. 2. maí 1732 voru fyrirmæli N. L. 1—19 um kyrrsetningu og lögbann lögleidd að nafni til hér á landi, enda er víst, að eftir þeim hefur verið farið lengi síðan, og gert ráð fyrir gildi þeirra hér í yngri lögum og til þeirra vitnað í dómum íslenzkra dómstóla, eftir því sem efni hafa staðið til, eins og alkunnugt er.

Ákvæði N. L. hafa aldrei verið gefin út á íslenzku í löggiltum texta. Þau eru vitanlega ekki miðuð við íslenzka háttu og auk þess orðin fyrir löngu úrelt í ýmsum greinum, enda sum ákvæði þeirra alls ekki notuð, þó að þau hafi ekki verið úr lögum numin. Fráleitt má telja, að hafa enn lög landsins á erlendu máli. Það eitt væri nægileg ástæða til nýrrar lagasetningar um þetta efni.

Um I. kafla.

Bráðabirgðaaðgerðir þær, er í frumvarpi þessu greinir, eru tvenns konar: Önnur grein þeirra varðar aðgerðir til að tryggja greiðslu kröfu. Sú trygging fæst með því að kyrrsetja (eða, eins og það er líka nefnt, að leggja löghald á) fjármuni, er síðan megi taka fjárnámi, eða með því að hefta frelsi skuldunauts (kyrrsetning á manni). Orðið kyrrsetning er haft hér að samheiti þessum aðgerðum. Hin greinin varðar annars ýmsar athafnir manna og hefur lengi verið nefnd lögbann (lyritr í fornöld). Lögbann er almennt ekki lagt á til verndar fjárkröfum, heldur til varnar tilteknum athöfnum. Það er ekki undanfari fjárnáms, eins og kyrrsetning fjármuna. Með því að aðgerðir þessar hvíla ekki á dómi eða sátt, verður að leita staðfestingar á þeim með dómi eða sátt. Og eru þær því einungis bráðabirgðaaðgerðir. Þær skapa gerðarhafa ekki veðrétt í kyrrsettum munum, en hafa þó í för með sér einhvers konar hlutbundinn rétt, að því er talið hefur verið. Þær eru heimilaðar til verndar rétti manna, einkum þar sem bið mundi hafa í för með sér réttarspjöll, eða hætta þykir á slíku.

Um 1. gr.

Ágreiningur um kröfu þá, er tryggja skal, verður ekki látinn standa því í vegi, að kyrrsetning fari fram. Þess verður ekki heldur krafizt, að krafa sé sönnuð eða jafnvel gerð sennileg. Fyrirmælin um tryggingu af hendi gerðarbeiðanda og bótaskylda sú, er hann bakar sér, ef gerð reynist óréttmæt, eiga að koma í veg fyrir misbrúkun á heimildinni til að láta hana fara fram.

Um 2. gr.

Eftir N. L. 1—19—1 mátti láta tvo heiðursmenn framkvæma gerðir þessar, ef ekki náðist nógu fljótt til dómara (fógeta). Mun heimild þessi hafa sjaldan verið notuð hér á landi. En þó má enn vera, að réttarspjöll yrðu af, ef allt af þyrfti að bíða fógeta. Þó virðist þetta einungis mega verða utan kaupstaða. Er því lagt til, að hreppstjóri megi framkvæma gerð til bráðabirgða, en bera skal hana skjótt undir fógeta, sem síðan fellir hana úr gildi eða staðfestir, með eða án breytinga. Samsvarandi ákvæði er í lögtakslögum nr. 29/1885, 5. sbr. 9. gr.

Um 3. og 4. gr.

Virðist ekki þurfa að skýra.

Um 5. gr.

Almennar reglur um meðferð einkamála í héraði eiga að miklu leyti við um aðgerðir þær, sem í frumvarpi þessu greinir, svo sem um þinghöld, dómtúlka, skjalþýðendur, dómara, málflytjendur, sakarefni, aðilja- og sakasamlag, málsmeðferð, fresti að mestu, vitni, skjöl, yfirlýsingar aðilja, málskostnað, réttarfarssektir og úrskurði. Virðist ekki þörf á að rekja það allt í lögum um kyrrsetningu, enda ekki ofætlun dómurum að greiða úr því hverju sinni, hvað við eigi og hvað ekki. Fyrirmæli einkamálalaganna um stefnur og varnarþing eiga hinsvegar ekki við um aðgerðir þessar.

Um II. kafla.

Hér er safnað fyrirmælum um kyrrsetningu, bæði á fjármunum og mönnum.

Um 6. gr.

Ef réttur gerðarbeiðanda felur í sér heimtingu til annars en peningaverðmætis beinlínis, t. d. verkskyldu, þá verður kyrrsetning ekki höfð, fyrr en peningagreiðsla

hefur verið ákveðin í stað frumskyldunnar. Hins vegar mundi mega kyrrsetja muni, er gerðarþolandi skyldi fá gerðarbeiðanda í hendur, til að tryggja það, að ganga mætti að þeim að fenginni sátt eða dómi. Ef aðfarargrundvöllur er til, þá er kyrrsetning óþörf. Með því að augljóst er, að kyrrsetning má afstýra með því að setja tryggingu, þá er líka einsætt, að ekki skuli heimila kyrrsetningu vegna nægilegra veðtryggðrar kröfu.

Hingað til hefur það verið skilyrði, að krafa, er tryggja skyldi með kyrrsetningu, sé fallin í gjalddaga. En þær ástæður, sem almennt liggja þessari aðgerð til grundvallar, geta eins verið fyrir hendi, þótt ekki sé svo farið. Er því lagt til, að kyrrsetja megi til tryggingar kröfu, þótt ekki sé hún fallin í gjalddaga, ef svo er farið sem í 2. málsgr. segir. Svo er og mælt í 244. gr. norskra réttarfarslaga og 612. gr. hinna dönsku.

Um 7. gr.

Þarf eigi skýringar.

Um 8. gr.

Óglöggar eru reglur N. L. um kyrrsetningu á mönnum, og orka má því tvímælis, hvernig þeim skuli beita. Kyrrsetning á manni vegna skuldakröfu hlýtur jafnan að verða undantekning og koma einungis til greina, er alveg óvíst má telja, að hann verði hér áfram. Hins vegar virðist mega kyrrsetja mann, að öðrum skilyrðum fullnægðum, sem verkskylda hvílir á. Í lögum Norðmanna (réttarfarslög 256. gr. o. s. frv.) og Dana (618. gr. o. s. frv.) eru fyrirmæli um þetta efni, sem höfð hafa verið til hliðsjónar. Eru takmarkanir þær, sem hér eru lagðar til, í meginatriðum svipaðar, þó að nokkru mismuni. Er og mikið álitamál, hvernig skipa skuli einstökum atriðum, svo sem um það, hversu lengi kyrrsetning megi standa, hvort miða skuli tímalengd við kröfuhæð, eins og gert er í dönsku lögunum, o. s. frv. Hér virðist koma til greina, hversu langan tíma muni þurfa til þess að fá dóm um kyrrsetningu og kröfu, enda falli kyrrsetning jafnan niður, þegar sátt eða dómur er fenginn, er aðför megi gera eftir.

Um 9. gr.

Með því að beiðni ein um kyrrsetningu getur bakað gerðarbeiðanda skaðabótaskyldu eftir almennum skaðabótareglum, er fógeta veitt heimild til þess að krefjast tryggingar, áður en hann gerir frekara í málinu.

Um 10. gr.

Oft verður nauðsynlegt að hefja kyrrsetningu utan heimilis gerðarþola, með því að hann kann að eiga eignir utan heimilis, eða jafnvel utan lögsagnarumdæmis, sem einar verði teknar eða hentugra er að kyrrsetja. Ef eign er kyrrsett utan þess lögsagnarumdæmis, sem gerðarþoli á heima í, framkvæmir fógeti, þar sem eign er, kyrrsetningu að sjálfsögðu.

Um 11. gr.

Virðist ekki þurfa að skýra.

Um 12. gr.

Heppilegt virðist að setja reglu um það, hvenær gerðarbeiðandi geti heimtað tryggingu aftur. Nú er ekki sagt um það í lögum sérstaklega. Skaðabótakrafa á hendur gerðarbeiðanda fyrnist nú á 10 ára fresti, svo að lengi má bíða þess, að tryggingu sé skylt að skila. Eftir ákvæðum frv. verður það skjótlega ráðið, hvort slík krafa verður uppi höfð eða ekki, og þarf því ekki langur tími að líða, þar til er séð verður, hvort skylt verði að skila gerðarbeiðanda tryggingu þeirri, sem hann hefur sett. Ef þriðji maður hefur sett tryggingu, gildir að sjálfsögðu hið sama um frestinn.

Um 13. gr.

Ljóst er, að tryggingu skal skila, sem gerðarþolandi setur, ef krafa á hendur honum fellur niður, svo sem fyrir greiðslu, skuldajöfnuð, sýknudóm o. s. frv. Þegar

krafa fellur niður gegn því, að önnur krafa komi í staðinn, mundi það verða samkomulagsatriði hverju sinni, hvort trygging skuli standa eða ekki. Trygging þessi er sett fyrir greiðslu kröfunnar og hún fellur því ekki niður, þótt aðgerðir fógeta og gerðarbeiðanda hafi ekki verið staðfestar. Hins vegar er trygging gerðarþola ef til vill knúin fram, með því að kyrrsetning vofir annars yfir, og jafnvel þótt gerðarþoli neiti algerlega skyldu sinni til þess að svara til kröfunnar. Þess vegna sýnist rétt að búa svo um, að gerðarþoli geti sem fyrst fengið tryggingu leysta, ef krafan reynist ekki rétt. Tvær eru leiðir til þess: Önnur sú að gerðarbeiðandi verði innan hæfilegs tíma að gera gangskör að dómsviðurkenningu um kröfu sína, en hin sú, að veita gerðarþola heimild til þess að fá viðurkenning dóms um sýknu sína. Þá meðferð mundi hann aðallega hafa, ef krafan er ekki fallin í gjalddaga.

Um 14. gr.

Þegar útistandandi skuldir eru kyrrsettar, sýnist hentugt að heimila innheimtu þeirra með þeim hætti, sem í 2. málsgr. segir. Ef gerðarþoli verður sýknaður, þá gengur féð auðvitað til hans, en annars kostar upp í kröfu og kostnað af kyrrsetningu. Vitanlega ákveður fógeti, hvort útistandandi skuld verði innheimt. Venjulega mundi einungis til slíks koma, ef skuldin er viðurkennd og greiðist án réttaraðgerða. Eiginlegar innheimtuaðgerðir yrði væntanlega því að eins hafðar, að bið hefði í för með sér hættu á því, að skuld tapaðist.

Um 15. gr.

Í lög vantar nú fyrirmæli um vald fógeta til þess að opna hirzlur og hefja leit að munum á mönnum, ef ekki eru veittar fullnægjandi upplýsingar um eignir gerðarþola. Sams konar ákvæði eru í aðfararlögum, og virðist nauðsynlegt að hafa samsvarandi fyrirmæli um kyrrsetningu.

Um 16.—19. gr.

Ákvæði þeirra eru í samræmi við þær reglur, er nú gilda eða telja má gilda.

Um 20. gr.

Hér eru ákvæði um það, hvenær gerðarhafi skuli gera gangskör að því að fá kyrrsetningu staðfesta. Kyrrsetning er bráðabirgðaaðgerð, og er því rétt, að það sé sem skemmst í óvissu, hvort hún hafi verið réttilega gerð. Jafnframt eru gerðar tillögur um staðfestingarmálið, er miði að því, að mál um kröfu og kyrrsetningu verði samferða, og að andstæðir dómar um kröfu og kyrrsetningu verði ekki kveðnir upp.

Kyrrsetningu verður að sjálfsögðu ekki áfrýjað, nema sækja eigi fógeta til ábyrgðar vegna hennar og þá aðeins að því leyti, enda fer um slíkt mál eftir 34. gr. laga nr. 85/1936, sem óþarft er að taka sérstaklega í lög um kyrrsetningu.

Um 21. gr.

Hér eru ákvæði, er svara til fyrirmæla opins bréfs 30. nóv. 1821. Þau taka einungis til kyrrsetningar á eignum erlendis búsetts manns hér á landi, hvort sem hann er íslenzkur ríkisborgari eða ekki. Ef hann væri líka kyrrsettur, með því að hann ætti ekki nægar eignir hér, þá mundi 8. gr. taka til málsins. Varnarþing færi þá eftir því, hvar hann skyldi sækja.

Niður er fellt það ákvæði opna bréfsins 1821, að kyrrsetning skuli standa, þótt bú skuldunauts sé tekið til gjaldþrotaskipta erlendis. Sú regla hefur þótt illa samrýmast þeirri virðingu, er einu menningarríki beri að leggja á dómsathafnir annars menningarríkis.

Um 22. gr.

Sanngjarnt virðist, að gerðarhafi geti höfðað mál til staðfestingar kyrrsetningu sér að skaðlausu, þegar svo er farið sem í þessari grein segir. En um það er nú ekk-

ert ákvæði í lögum. Einungis er athugamál, hvort jafna megi þessum tilvikum til annarra líkra tilvika, sem í lögum er mælt um áfrýjun.

Um 23. gr.

Einsætt er, að kyrrsetning fellur niður, þá er ekki er lengur lögum samkvæmt unnt að leita staðfestingar á henni. Jafn einsætt er það, að kyrrsetning fellur niður, þá er dómur hæstaréttar fellir hana úr gildi. Og enn er ljóst, að áfrýjun héraðsdóms, þar sem kyrrsetning hefur verið staðfest, raskar henni ekki. Það, sem orka má tvímælis, er það, hvaða verkun áfrýjun héraðsdóms, sem fellt hefur kyrrsetningu úr gildi, eigi að hafa. Ef kyrrsetning félli niður þegar samkvæmt héraðsdómi, en hæstiréttur staðfesti hana síðan, gæti svo farið, að gerðarhafa kæmi hún að engu gagni. Hins vegar verður líka að taka til greina hagsmuni gerðarþola. Sýnist mega gera það með því að gera gerðarhafa þann kost, að hann áfrýi héraðsdómi svo skjótt sem ætla má honum unnt, og að kyrrsetning falli annars niður. Hann getur að vísu áfrýjað héraðsdómi fyrir lok hins venjulega áfrýjunarfrests með venjulegum hætti, en kyrrsetning fellur niður, ef hann gerir það ekki á fresti þeim, sem í greininni segir. Ákvæði greinarinnar um aflýsingu og vörzluskipti miða til tryggingar gerðarhafa og sýnast vera nauðsynleg í því skyni.

Um 24. gr.

Er að mestu samkvæm gildandi reglum. Bótaskylda er, bæði gildandi lögum samkvæmt og eftir grein þessari, vegna kyrrsetningar sem niður er felld eða niður fellur af ástæðum þeim, sem í greininni segir, sýnu víðtækari en almenna skaðabótareglan segir. Er ástæðan til þess sú, að kyrrsetning er heldur óvenjuleg bráðabirgðagerð, ef til vill framkvæmd án nokkurrar sönnunar um kröfu þá, er tryggja skal, og er, að minnsta kosti oft, löguð til þess að valda gerðarþolanda skapraun, álitshnekki og fjártjóni annars. Þegar hins vegar er ekki lengra komið en til beiðni um kyrrsetningu, sem fógeti synjar, eða kyrrsetningu er afstýrt með tryggingu eða greiðslu eða gerðarbeiðandi fellur frá beiðni sinni, þá sýnist mega takmarka bótaskyldu við almennu skaðabótaregluna, því að þá sýnist ekki komið á það stig, að skuldunaut verði til slíks álitshnekkis eða tjóns að öðru leyti sem ella.

Rétt hefur þótt að setja gerðarþolanda tiltekinn, stuttan frest til höfðunar skaðabótamáls. Nú getur gerðarbeiðandi átt skaðabótamál vofandi yfir sér allan fyrningartíma skaðabótakröfunnar, 10 ár. Sýnist slíkt óþarft og óhæfilegt.

Um 25. gr.

Í gildandi lögum er gert ráð fyrir því, að fógeti geti tekið upp kyrrsetningargerð, sbr. 17. gr. laga nr. 27/1921, en ekki eru reglur annars um það í lögum. En venjan hefur orðið sú, að fógeti hefur, er hentugt hefur þótt, tekið þessar og aðrar fógetagerðir upp, og reglur um þetta efni hafa verið orðaðar af fræðimönnum. Eru ákvæði þessarar greinar í samræmi við dómvenju og tillögur fræðimanna.

Um III. kafla.

Hér greinir sérreglur um lögbann. Í N. L. 1—19—22 er ákvæði um lögbann, sem vísar alveg til reglna N. L. 1—19 um kyrrsetningu. En gerðir þessar hlíta þó alls ekki að öllu sömu reglum, eins og sjást mun, er saman eru bornar þær ástæður, sem liggja til grundvallar kyrrsetningu annars vegar og lögbanni hins vegar, og einstök atriði í framkvæmd þessara fógetagerða, þó að margt sé eins eða líkt.

Um 26. gr.

Lögbann er ekki haft til þess að tryggja fullnustu kröfu, heldur til varnar athöfn, sem líkleg er eða líkleg þykir til að spilla rétti manns. Meðan það er skilyrði kyrrsetningar, að krafa sé fallin í gjalddaga, má að vísu orða það, að vernda megi, að

skilyrðum 2. málsgr. 6. gr. frv. fullnægðum, kröfu, sem ekki er komin í gjalddaga, með lögbanni. En slíkt yrði óþarft, ef fyrirmæli 2. málsgr. 6. gr. yrðu lög.

Það hefur naumast orkað tvímælis, að lögvarin réttindi yfirleitt mætti vernda með lögbanni við byrjaðri eða yfirvofandi athöfn, sem er eða líkleg þykir vera til að hafa í för með sér spjöll á rétti gerðarbeiðanda. Hins vegar hefur nokkur vafi leikið á heimild til þess að beita slíku banni gegn sumum athöfnum stjórnvalda. Allir munu þó vera sammála um það, að athafnir dómstóla og löggjafarvalds verði ekki heftar með lögbanni. Ekki má það heldur orka tvímælis, að lögbanni má beita gegn athöfn stjórnvalds, er það fer með einkstaklingsréttindi opinbers aðilja (ríkis, sveitarfélags), t. d. ef meðferðarmaður ríkisvaldsins lætur byrja mannvirkisgerð á lóð ríkis, en eigandi nágrannalóðar telur farið út fyrir lóðarmörk. Varla verður heldur véfengt, að lögbann sé heimilt við athöfn stjórnvalds, sem fram á að fara í þágu einstaks manns, t. d. hjónavígsla, skráning firma o. s. frv. Vitanlega er það undir skilið, að dómstólar eigi fullnaðarúrlausn á því máli. En mörg verða vafaatriði, þó að þessi séu frá talin. Ljóst er, að lögbanni verður ekki beitt, þegar enginn einstakur maður á aðild. Enginn einstakur maður getur því t. d. bannað bæjarstjórn Reykjavíkur að malbika almenningsveg á landi kaupstaðarins. Þar sem stjórnvald á fullnaðarúrlausn máls, verður lögbanni fráleit beitt, t. d. ákvörðun um sóttkvíun. Eftir 60. gr. stjórnarskrárinnar eiga dómstólar úrskurðarvald um ágreining um embættistakmörk yfirvalda, enda þótt hlýða verði skipun yfirvalds í bráð, unz dómsúrlausn er fengin. Fógeti fer með dómsvald, og hann er því bær um að skera úr slíkum ágreiningi. Ef aðili telur stjórnvald fara út fyrir valdsvið sitt, þá getur hann borið málið undir fógeta. Ef úrlausn fógeta gengur aðilja í vil, þá ætti fógeti að geta lagt bann við athöfn stjórnvalds. Ef sú athöfn er fullframkvæmd, verður banni auðvitað ekki beitt. En ef svo er ekki, þá ætti að mega banna frekari framkvæmdir. Hitt getur orðið álitamál, sem dómsvaldinu ber að leysa úr hverju sinni, hvort athöfn er svo langt á veg komin, að telja megi lögbann útilokað.

Ákvæði greinar þessarar eru í samræmi við það, er nú hefur verið sagt.

Um 27. gr.

Hér eru talin þau ákvæði II. kafla, sem annað hvort óbreytt eða að breyttu breytanda eiga við lögbann.

Um 28. gr.

Í grein þessari segir um tilvik, þar sem sérreglur gilda um lögbann, og ákvæði II. kafla koma því ekki til greina. Eru þær eðli málsins samkvæmar.

Um 29. gr.

Ákvæði hennar virðast nauðsynleg til þess að halda lögbanni uppi, en eru nýmæli.

Um 30. gr.

Ákvæði hennar eru ekki orðuð í lögum nú, en virðast einnig vera nauðsynleg.

Um 31. gr.

Ákvæði hennar eru ekki heldur orðuð í lögum, en eru í samræmi við almennu skaðabótaregluna. Þau miða einnig til að halda lögbanni uppi.

Um IV. kafla.

Um 32. og 33. gr.

Sanngjarnt virðist að telja fresti frá gildistökudegi frv., ef það verður að lögum. Svo virðist og rétt, að gerð, sem kynni að hafa verið framkvæmd af tveimur mönnum, en staðfestingarmál hefur enn eigi verið höfðað, sé lögð til fógeta eftir 2. málsgr. 2. gr. frv.

Nd. 15. Frumvarp til laga [15. mál]

um breyting á lögum nr. 28 23. apríl 1946, um virkjun Sogsins.

(Lagt fyrir Alþingi á 68. löggjafarþingi, 1948.)

1. gr.

8. gr. laga nr. 28 23. apríl 1946 orðist svo:

Stjórn Sogsvirkjunarinnar skipa 5 menn.

Þar til ríkissjóður er orðinn meðeigandi að helmingi Sogsvirkjunarinnar, tilnefnir bæjarstjórn Reykjavíkur 3 menn í stjórnina, en ríkisstjórnin 2.

Þegar ríkissjóður er orðinn eigandi að hálfu fyrirtækinu, tilnefnir bæjarstjórnin 2 menn í stjórnina, ríkisstjórnin 2, en hæstiréttur tilnefnir þá fimmta manninn.

Stjórnin skal skipuð til þriggja ára í senn.

Nánari fyrirmæli um stjórn og rekstur fyrirtækisins skulu þá sett með reglugerð, er ráðherra staðfestir.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Um frumvarp þetta, sem lagt er fyrir Alþingi samkvæmt 28. gr. stjórnarskrárinnar, vísast til fylgiskjalsins hér á eftir.

Fylgiskjal.

Bráðabirgðalög um breyting á lögum nr. 28 23. apríl 1946, um virkjun Sogsins.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Atvinnumálaráðherra hefur tjáð mér, að undanfarið hafi verið unnið að samningagerð á milli ríkisstjórnarinnar og bæjarstjórnar Reykjavíkur um að Sogsvirkjunin verði sameign ríkissjóðs og Reykjavíkurbæjar, og hafi náðst samkomulag meðal annars um eignarhlutföll í fyrirtækinu og það, að skipun stjórnar Sogsvirkjunarinnar verði með öðrum hætti en ákveðið er í 8. gr. laga nr. 28 23. apríl 1946, og beri því brýna nauðsyn til þess að breyta ákvæðum 8. gr. téðra laga þannig, að þau samrýmist ákvæðum samningsfrumvarpsins um skipun stjórnarinnar, svo að unnt verði að staðfesta samningsfrumvarpið.

Vegna þessa gef ég út bráðabirgðalög samkvæmt 28. gr. stjórnarskrárinnar á þessa leið:

1. gr.

8. gr. laga nr. 28 23. apríl 1946 orðist svo:

Stjórn Sogsvirkjunarinnar skipa 5 menn.

Þar til ríkissjóður er orðinn meðeigandi að helmingi Sogsvirkjunarinnar, tilnefnir bæjarstjórn Reykjavíkur 3 menn í stjórnina, en ríkisstjórnin 2.

Þegar ríkissjóður er orðinn eigandi að hálfu fyrirtækinu, tilnefnir bæjarstjórnin 2 menn í stjórnina, ríkisstjórnin 2, en hæstiréttur tilnefnir þá fimmta manninn.

Stjórnin skal skipuð til þriggja ára í senn.

Nánari fyrirmæli um stjórn og rekstur fyrirtækisins skulu þá sett með reglugerð, er ráðherra staðfestir.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört í Reykjavík, 23. september 1948.

Sveinn Björnsson.
(L. S.)

Bjarni Ásgeirsson.

Nd. 16. Frumvarp til laga [16. mál]

um áburðarverksmiðju.

(Lagt fyrir Alþingi á 68. löggjafarþingi. 1948.)

1. gr.

Ríkisstjórninni er heimilt að láta reisa og reka verksmiðju með fullkomnum vélum og öðrum nauðsynlegum útbúnaði, til framleiðslu þessara áburðarefna:

ammoniaks, úr vatni og lofti,
ammonium-nitrats,
ammonium-fosfats.

Vinnslugeta verksmiðjunnar skal miðuð við 2500—7500 smál. ársframleiðslu af köfnunarefni að minnsta kosti, en framleiðslunni skal að öðru leyti hagað á þann hátt, er ódýrastan má telja, en þó hagkvæman fyrir íslenzka jarðrækt. Jafnframt skal höfð hliðsjón af almennri þörf landsins og notum fyrir þau hráefni, sem verksmiðjan framleiðir á ýmsum stigum áburðarvinnslunnar.

2. gr.

Ríkissjóður leggur fram fé til stofnunar áburðarverksmiðjunnar samkvæmt ákvæðum fjárlaga, og er fé þetta óafturkræft. Ef fjárveitingar samkvæmt fjárlögum hrökkva ekki til stofnkostnaðar verksmiðjunnar, er verksmiðjustjórninni heimilt að taka það fé, sem á vantar, að láni með ábyrgð ríkissjóðs innan lands eða utan. Verksmiðjan skal endurgreiða slík lán á 15 árum að svo miklu leyti, sem það verður ekki gert með fjárframlögum úr ríkissjóði. Vexti af lánum þessum greiðir ríkissjóður að því leyti sem það telst nauðsynlegt, til að verð á íslenzkum köfnunarefnisáburði verði sambærilegt við erlendan áburð. Fjárframlag ríkissjóðs nær og til þess að tryggja verksmiðjunni nægilega raforku til áburðarvinnslunnar, ef þörf gerist.

3. gr.

Verksmiðjan er sjálfseignarstofnun, er lýtur sérstakri stjórn. Verksmiðjuna má hvorki selja né veðsetja, nema heimild sé veitt til þess af Alþingi.

4. gr.

Stjórn verksmiðjunnar skal skipuð þremur mönnum, er landbúnaðarráðherra skipar til 4 ára í senn. Verksmiðjustjórn hefur á hendi yfirstjórn verksmiðjunnar. Landbúnaðarráðherra setur henni erindisbréf og ákveður laun hennar.

5. gr.

Fyrsta stjórn verksmiðjunnar ákveður, hvenær og hvar hún skuli reist, enda komi samþykki landbúnaðarráðherra til. Áður en hafizt er handa um byggingu verksmiðjunnar, skal verksmiðjustjórnin hafa tryggt nægilegt fé til greiðslu stofnkostnaðar hennar. Verksmiðjustjórnin sér um byggingu verksmiðjunnar.

6. gr.

Verksmiðjustjórnin ræður framkvæmdastjóra með verkfræðilegri menntun til þess að hafa á hendi daglega stjórn verksmiðjunnar og umsjón með rekstri hennar. Framkvæmdastjóri hefur prókúruumboð fyrir verksmiðjuna og ræður starfsfólk, en hlítir að öðru leyti ákvæðum erindisbréfs, sem verksmiðjustjórnin setur honum. Til þess að skuldbinda verksmiðjuna þarf undirskrift tveggja stjórnenda.

7. gr.

Endurskoðendur verksmiðjunnar eru tveir, skipaðir af landbúnaðarráðherra til tveggja ára í senn, og ákveður hann þóknun þeirra að fengnum tillögum verksmiðjustjórnar.

8. gr.

Áburðarsala ríkisins kaupir af verksmiðjunni áburð til notkunar innanlands fyrir kostnaðarverk, er verksmiðjustjórn áætlar og ákveður fyrir 1. marz ár hvert, að fengnu samþykki landbúnaðarráðherra. Í hinu áætlaða kostnaðarverði skal reikna með nauðsynlegum og lögákveðnum tillögum í fyrningarsjóð og varasjóð verksmiðjunnar.

Skal áburðarsalan í byrjun hvers árs gefa verksmiðjustjórn til kynna áætlað áburðarmagn, sem framleiða þurfi það ár.

9. gr.

Áburðarverksmiðjan skal undanþegin öllum sköttum og opinberum gjöldum nema útsvari til sveitarsjóðs. Aldrei má leggja á hana hærra útsvar en nemi helmingi af tekjuafgangi hennar eða ½% af kostnaðarverði framleiðslunnar ár hvert. Heimilt skal þó jafnan að leggja á hana útsvar, er nemi allt að ¼% af árlegu kostnaðarverði framleiðslunnar.

10. gr.

Framlag áburðarverksmiðjunnar til fastra sjóða hennar skal vera á hverju ári sem hér segir:

a. Til fyrningarsjóðs 2½% af kostnaðarverði húsa, lóðar og annarra mannvirkja og 7½% af kostnaðarverði véla og annarra áhalda.
b. Til varasjóðs allt að 3% af kostnaðarverði framleiðslunnar.

11. gr.

Reikningsár verksmiðjunnar er almanaksárið. Skal stjórn hennar gera reikningsskil fyrir hvert starfsár svo fljótt sem auðið er og svo snemma, að endurskoðun geti farið fram fyrir lok aprílmánaðar ár hvert. Reikningar skulu sendir landbúnaðarráðherra þegar að lokinni endurskoðun undirritaðir af stjórn og framkvæmdastjóra og áritaðir af endurskoðendum. Reikningana skal birta árlega í B-deild Stjórnartíðinda.

12. gr.

Nánari ákvæði um rekstur og tilhögun verksmiðjunnar setur landbúnaðarráðherra með reglugerð, að fengnum tillögum verksmiðjustjórnarinnar.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Frumvarp þetta var flutt á síðasta Alþingi sem stjórnarfrumvarp, en varð ekki útrætt. Vísast til athugasemda þeirra, er þá fylgdu frumvarpinu. En til viðbótar skulu hér látnar fylgja nokkrar nánari upplýsingar um málið, sem aflað hefur verið síðan. Nú í sumar fór Jóhannes Bjarnason verkfræðingur til Bandaríkjanna að tilstuðlun atvinnumálaráðuneytisins, og leitaði upplýsinga hjá nokkrum helztu sérfræðingum þar, í þessari grein, um kostnað og annað er lýtur að byggingu og rekstri köfnunarefnisverksmiðja, með núverandi verðlagi og viðhorfi. Skilaði hann um

það ýtarlegrdi skýrslu til ráðuneytisins. Síðan fékk ráðuneytið þá Ásgeir Þorsteinsson verkfræðing og dr. Björn Jóhannesson, sem áður hafa unnið að athugun þessa máls til að vinna úr gögnum þessum, ásamt Jóhannesi, í áframhaldi af fyrri rannsóknum málsins. Birtist álitsgerð þeirra hér á eftir ásamt tveim köflum úr skýrslu Jóhannesar Bjarnasonar.

Úr álitsgerð Jóhannesar Bjarnasonar:

Stærð köfnunarefnisverksmiðju á Íslandi.

Það er aðallega þrennt, sem kemur til greina, þegar ákveða skal, hve stóra verksmiðju á að reisa hér á landi, og það er: 1. Hve mikil er áburðarþörf landsins. 2. Hve mikil raforka er fyrir hendi? 3. Möguleikar á að flytja út áburð.

1. Árið 1946 gerði Pálmi Einarsson landnámsstjóri áætlun um áburðarþörf landsins næstu 10 árin. Telur hann þar, að árið 1956 verði köfnunarefnisáburðarþörf landsins 3563 tonn af hreinu köfnunarefni. Telur hann, að þessi tala sé frekar of lág en of há. Einnig getur hann þess, að ekki sé innifalinn í þessari tölu sá áburður, sem gróðurhúsin nota, en sú notkun fer ört vaxandi. Hingað til höfum við Íslendingar reynzt of smátækir við flest mannvirki, sem reist hafa verið hjá okkur. Þau hafa reynzt of lítil mjög fljótlega, eftir að þau voru fullgerð og jafnvel áður. Slíkt má ekki koma fyrir með svo mikilvæga og dýra verksmiðju. Öruggt má telja, að á næstu árum verði enn meiri eftirspurn eftir áburði en hægt var að gera ráð fyrir árið 1946, sökum þess hve ört ræktun hefur aukizt síðustu árin og hve ört hún mun aukast næstu ár vegna hinna stórvirku ræktunartækja, sem nú eru til í landinu. Mun því óhætt að áætla, að árið 1956 verði eftirspurn á köfnunarefnisáburði ekki undir 4000 tonnum af hreinu köfnunarefni á ári.

   Óvarlegt er að gera ráð fyrir, að áburðarverksmiðjan geti verið komin í fullan gang fyrr en árið 1952. Yrði því 4000 tonna verksmiðja of lítil samkvæmt þessu, 4 árum eftir að hún væri fullgerð, en það má ekki koma fyrir. Því virðist ekki koma til mála að byggja minni verksmiðju en það, að hún gæti framleitt 5000 tonn af köfnunarefni.
2. Samkvæmt upplýsingum rafmagnsstjóra er ekki hægt að gera ráð fyrir, að næstu 5 til 10 árin verði fyrir hendi meiri raforka en það, að hún nægi til reksturs áburðarverksmiðju, sem framleiddi 7500 tonn af köfnunarefni á ári, nema sérstakar ráðstafanir yrðu gerðar til þess. Hætt er því við, að fáanleg raforka takmarki stærð verksmiðjunnar við 7500 tonn af köfnunarefni á ári.
3. Eins og getið var um í inngangi skýrslu þessarar, er köfnunarefnisþörf heimsins mjög mikil. Flest lönd Evrópu þurfa að flytja inn köfnunarefni. Litlar eða engar líkur benda til, að þau geti orðið sjálfbjarga um þessa áburðarframleiðslu, því þau skortir bæði kol og raforku. Þess vegna ættum við að hafa aðstöðu til að selja afgangsframleiðslu okkar til þessara landa.

   Það virðist engin fjarstæða, að reist verði verksmiðja, sem framleiddi 7500 tonn af köfnunarefni. Enn fremur mælir það sterklega með því, að verksmiðjan verði 7500 tonn, að framleiðsluverð á tonn verður töluvert lægra frá það stórri verksmiðju en ef um minni verksmiðju væri að ræða.

Í greinargerð fyrir frumvarpi til laga um áburðarverksmiðju, sem lagt var fram á síðasta þingi, er sagt, að 7500 tonna verksmiðja gæti framleitt áburð ódýrar en hægt sé að fá hann innfluttan, og einnig flutt hann út með nokkrum gróða. Þær upplýsingar, sem ég aflaði í ferð þessari, benda til þess, að þetta sé sízt ofmælt. Virðist því ekki koma til mála að reisa minni verksmiðju en 5000 tonna, en 7500 tonna verksmiðju gæti einnig verið um að ræða. Þá getur það einnig komið til greina að miða allar vélar verksmiðjunnar við 7500 tonna verksmiðju, en fullbyggja ekki í upphafi þann hlutann, er annast vatnsefnisframleiðsluna. Tækin til vatnsefnis-

framleiðslunnar eru um helmingur af stofnkostnaði verksmiðjunnar. Er því tiltölulega lítið dýrara að miða hin tæki verksmiðjunnar við 7500 tonna framleiðslu strax, og bæta síðan við vatnsefnisframleiðslutækin, þegar þörf krefur og geta leyfir. Er það mjög einfalt og þarf aðeins að fjölga rafmagnssellunum. Hins vegar myndi það alls ekki svara kostnaði að stækka hina hluta verksmiðjunnar úr 5000 tonnum í 7500 tonn, ef verksmiðjan væri upphaflega byggð fyrir 5000 tonn. Viðbótin yrði þá í rauninni ný 2500 tonna verksmiðja, sem þyrfti næstum jafnmargt starfsfólk og 7500 tonna verksmiðjan. Vélarnar yrðu einnig hlutfallslega dýrari, því að kostnaðarhlutföll verksmiðja breytast nærri eins og kvaðratrótin af stærðarhlutföllum, eftir því sem verksmiðjustærðin breytist. Þess vegna er helmingi stærri verksmiðja ekki helmingi dýrari. Sá eini hluti verksmiðjunnar, þar sem verðið fer nærri hlutfallslega eftir stærðinni, eru vatnsefnisframleiðslutækin.

Framleiðsluaðferðir.

Framleiðsla á tilbúnum köfnunarefnisáburði hófst í Þýzkalandi skömmu eftir aldamótin 1900. Síðan hefur sú aðferð, sem þá var notuð, verið endurbætt smátt og smátt, meðal annars af Birkeland & Eide í Noregi, en í grundvallaratriðum er það sama aðferðin.

Skal nú lauslega lýst þeirri aðferð, sem nú er mest notuð í Bandaríkjunum.

Í rauninni er köfnunarefnisverksmiðja þrjár verksmiðjur, sem taka við hver af annarri, þ. e. ammoniakverksmiðja, saltpéturssýruverksmiðja og saltpétursverksmiðja (Ammonium Nitrat).

Ammoniakverksmiðjan.

Ammoniakverksmiðjan er langstærsti hluti verksmiðjunnar og framleiðsluaðferðin margbrotnust þar. Sú aðferð, sem notuð yrði á Íslandi við ammoniakframleiðsluna, er í stuttu máli þannig, að rafmagnsstraumur er látinn kljúfa vatn í frumefni sín, súrefni og vatnsefni. Vatnsefninu er safnað í geymi. Síðan er loft gert fljótandi með því að þjappa því nóg saman um leið og það er kælt. Þá er súrefnið og köfnunarefnið í þessu fljótandi lofti skilið í sundur og köfnunarefnið látið í geymi. Þar næst er vatnsefni og köfnunarefninu af geyminum blandað í hlutföllunum 1:3. Er þá fengin sú blanda, sem þarf í ammoniakið. Svo er þessari blöndu þjappað saman í 350 loftþyngda þrýsting stig af stigi og svo leitt gegnum tæki (converter), sem inniheldur efni, sem auðvelda breytinguna (katalysatora). Efnið, sem með þessu fæst, er ammoniak. Það er lofttegund við venjulegan þrýsting og hitastig, en er að jafnaði geymt undir háum þrýstingi í geymum. Nánari lýsing á ammoniakverksmiðjunni ásamt skematiskum teikningum af henni fylgir hér með.

Saltpéturssýruverksmiðja.

Saltpéturssýran er framleidd með því, að tekinn er um helmingur af ammoniaki því, sem framleitt er í ammoniakdeildinni, og það sameinað súrefni loftsins undir þrýstingi. Þá fæst saltpéturssýra með um 60% styrkleika. Er þetta tiltölulega einföld verksmiðja.

Saltpétursverksmiðjan (Ammoniumnitratverksm.).

Við framleiðslu saltpéturs er viðhöfð sú aðferð, að blandað er saman saltpéturssýrunni, sem framleidd er í saltpéturssýruverksmiðjunni og hinum helmingnum af ammoniakinu, sem framleitt er í ammoniakverksmiðjunni. Við það fæst vatnsupplausn af saltpétri, sem hefur um 65% styrkleika. Til þess að fá fastan saltpétur þarf að láta vatnið gufa upp, og verður þá saltpéturinn eftir. Til að vinna saltpéturinn þessari upplausn hafa verið notaðar aðallega þrjár aðferðir.

Sú elzta, sem nú þykir orðin úrelt, er í því fólgin, að vatnið er látið gufa úr upplausninni í mörgum pönnum. Fæst þá saltpétursheila eða kaka, sem síðan er möluð í

grjón með sérstökum tækjum. Grjónin verður svo að húða með efni, sem veitir mótstöðu raka loftsins. Þessa aðferð kalla Ameríkumenn „graining".

Önnur aðferð, sem þykir taka þessari fram, var fundin upp í Canada á stríðsárunum. Hún er í því fólgin, að 65% upplausnin, sem fæst í verksmiðjunni, er hituð, þangað til að nægilegt vatn hefur gufað upp, svo að upplausnin verður 90%. Þá er henni dælt upp í háan turn og þar sprautað í gegnum fíngert sigti og látið falla niður á móti heitum loftstraumi, sem er blásið upp turninn. Við það þorna droparnir og saltpéturinn í þeim dettur niður sem grjón. Síðan eru grjónin húðuð sem fyrr, en þó minna. Þessi aðferð er ódýrari sé um stórar verksmiðjur að ræða og grjónin hafa meiri mótstöðu gegn raka loftsins. Aðferð þessa kalla Ameríkumenn „prilling".

Síðastliðin 4 ár hefur verið gerð tilraun með enn eina aðferð, sem þykir taka hinum báðum fram. Er nú verið að reisa mjög stóra verksmiðju í Ameríku, sem notar hana. Hún er í því fólgin, að upplausnin er kristaliseruð á sérstakan hátt undir loftþynningu (vacuum), þannig, að hver ögn er stór kristall. Veita þeir mjög mikla mótstöðu gegn raka loftsins. Þetta er langódýrasta aðferðin, sem nú þekkist. Ráðlögðu bæði Charles O. Brown og Chemical Construction Corp. þessa aðferð. Tel ég því líklegast, að hún yrði viðhöfð við væntanlega verksmiðju hér á landi. Er talið ólíklegt, að grjón þau, sem framleidd eru með þessari aðferð, þurfi að húða gegn raka loftsins.

Fékk ég eina krús af áburði þessum með mér frá Chemical Construction Corporation sem sýnishorn.

Álitsgerð Ásgeirs Þorsteinssonar, Björns Jóhannessonar og Jóhannesar Bjarnasonar:

Álitsgerð um áburðarverksmiðju.

Í álitsgerð, er fylgir með frumvarpi til laga um áburðarverksmiðju, sem lagt var fyrir síðasta Alþingi, er stofn- og rekstrarkostnaður áætlaður fyrir verksmiðju, er bindur 2500 smálestir af köfnunarefni á ári. Megin grundvöllur þessara áætlana eru eldri tilboð í minni verksmiðjur og því næsta ótryggur, þar eð einnig þurfti að áætla verðhækkun, frá því að nefnd tilboð voru gerð. Viðhorf eru enn fremur það breytt frá 1944, að óráð virðist að reisa verksmiðju, er bindi minna en 5000 smálestir af köfnunarefni á ári. Af þessum ástæðum fór Jóhannes Bjarnason, verkfræðingur, að tilhlutun atvinnumálaráðuneytisins til Bandaríkjanna í júnímánuði s. l., til þess að afla nýrra gagna, er verða mættu öruggari grundvöllur fyrir kostnaðar- og rekstraráætlanir áburðarverksmiðju. Af skýrslu Jóhannesar og þeim upplýsingum, er hann hefur aflað síðan, virðist ljóst, að ekki hefur verið gert ráð fyrir jafnmiklum verkhækkunum og raun er á. Áætlanir þær, sem amerísku firmu hafa látið í té, eru að vísu bráðabirgðaáætlanir, gefnar án ábyrgðar, en verða þó að skoðast sem sæmilegur grundvöllur á núverandi stigi málsins, og er innkaupsverð véla tekið samkvæmt þeim. Við áætlun á innlendum kostnaði er að verulegu leyti stuðzt við niðurstöðutölur frá byggingu varastöðvarinnar við Elliðaár. Áætlanirnar eru miðaðar við verksmiðju, er bindur 5000 smálestir af köfnunarefni, sem ammoníumnitrat. Þó að nokkur hluti köfnunarefnisins yrði notað sem ammoníak til áburðar, þá virðist það ekki muna ýkja miklu í stofnkostnaði verksmiðjunnar. Nægileg reynsla um notagildi þess við íslenzka staðhætti er enn ekki fyrir hendi. Kostnaður við dreifingu ammoníaks hefur ekki verið athugaður það vel, að hægt sé að gera fjárhagslegan samanburð þar á og á dreifingu ammoníumnitrats. Enda þótt verksmiðjan sé reist með það fyrir augum, að hægt sé að binda allt köfnunarefnið, sem ammoníumnitrat, þá er vitaskuld ekkert því til fyrirstöðu, að ammoníak yrði að einhverju leyti notað til áburðar, ef hagkvæmt þykir, þar eð allt köfnunarefnið er fyrst bundið sem ammoníak. Um stærðina er það að segja, að verksmiðjan verður tiltölulega ódýrari og hagkvæmari í rekstri því stærri sem hún er, svo sem sjá má af línuritum í fyrrnefndri álitsgerð frumvarpsins. Sé nægilegt fjármagn og raforka handbært, þá

er að öðru jöfnu ákjósanlegast að reisa verksmiðju með sem mestum afköstum. Samkvæmt neðangreindum áætlunum ætti að mega treysta því, að áburður framleiddur í 5000 smálesta verksmiðju yrði ekki dýrari en innfluttur áburður er nú, en öryggi fyrir því, að hægt yrði að framleiða á samkeppnisfæru verði til útflutnings, ykist vissulega, ef verksmiðjan yrði höfð stærri, t. d. um eða yfir 7000 smálestir. Gert er ráð fyrir, að áburðarverksmiðja fái raforku frá Sogsstöðvunum að lokinni næstu viðbótarvirkjun. En vart má ætla, að hægt yrði að fá raforku fyrir meiri framleiðslu en um 7500 smálestir af köfnunarefni á ári, og yrði enda í því tilfelli að hefja undirbúning að enn nýrri aukningu mjög bráðlega. Það er því fyrst og fremst fjármagni háð, hvor stærðin yrði valin. Verði reist 5000 smálesta verksmiðja, er sjálfsagt að reisa hana með tilliti til þess, að sem ódýrast yrði að auka afköst hennar upp í a. m. k. 7500 smálestir, enda þótt hún af þeim ástæðum yrði nokkru dýrari í fyrstu.

Stofnkostnaður 5000 smálesta verksmiðju er þannig áætlaður:

Innkaupsverð véla	kr.	17.0	millj.
Flutningskostnaður og tollar	—	6.5	—
Uppsetning véla	—	5.0	—
Byggingar og lóðamannvirki	—	4.5	—
Vaxtagreiðslur og lántökukostnaður	—	2.0	—
Almennur kostnaður	—	2.0	—
Samtals	kr.	38.0	millj.

Vaxtagreiðslur á byggingartímabilinu eru miðaðar við það, að bygging verksmiðjunnar taki 3 ár og vextir séu 3%.

Í almennum kostnaði er innifalinn undirbúningur, verkfræðileg aðstoð og önnur óviss útgjöld.

Ætla má, að 7500 smálesta verksmiðja yrði um 10 millj. kr. dýrari en 5000 smálesta verksmiðja, en framleiðslukostnaður myndi lækka a. m. k. um 10% við slíka stækkun.

Rekstrarkostnaður 5000 smálesta verksmiðju:

1. Umbúðir	kr.	850 000	
2. Ýmis rekstrarefni	—	150 000	
3. Til húðunar á ammoniumnitrati	—	200 000	
4. Vinnulaun	—	1 500 000	
5. Stjórnarkostnaður	—	400 000	
6. Raforka	—	1 700 000	
7. Skattar	—	50 000	
8. Í varasjóð	—	400 000	
9. Viðhaldskostnaður	—	550 000	
10. Afborganir og vextir af stofnláni	—	3 100 000	
Samtals	kr.	8 900 000	

Framleiðsluverð á kg af köfnunarefni yrði samkvæmt þessari áætlun kr. 1.78 og er það verulega lægra en útflutningsverð er nú á heimsmarkaði. Hér er gert ráð fyrir, að stofnlán séu greidd á 15 árum, frá því að verksmiðjan tekur til starfa og að vextir séu 3% p. a. Ef greiða ætti stofnlán með sömu vaxtakjörum á 10 árum og ekkert yrði lagt í varasjóð, yrði framleiðsluverð kr. 1.97 á kg köfnunarefnis. Sé reiknað með Marshallláni, vaxtalausu fyrstu 3 árin, og með jöfnum afborgunum næstu 7 ár með 3% vöxtum, þá yrði framleiðsluverð á grundvelli framangreindrar áætlunar kr. 2.25 á kg af köfnunarefni. Nú er ástæðulaust að afskrifa köfnunar-

efnisverksmiðju á skemmri tíma en 15 árum, og ýmsa hluta hennar, svo sem byggingar, þarf vitaskuld ekki að endurnýja á svo skömmum tíma. Því er sanngjarnt að miða við það framleiðsluverð, er fyrst var nefnt varðandi ákvörðun um framkvæmdir. Ef stofnlán yrðu greidd á skemmri tíma, er í rauninni verið að leggja fé til hliðar í varasjóði, er að sjálfsögðu mundu koma fyrirtækinu fyrr á öruggan grundvöll og hraða þróun þess til meiri og fjölþættari framleiðslu, en um leið yrði áburðurinn dýrari en ella fyrsta áratuginn. Gert er ráð fyrir, að verksmiðjan kaupi 10000 árskílówött sem umframorku á kr. 70.00 árskílówattið, en 5000 kílówött sem frumorku á kr. 200.00 árskílówatt.

7. ágúst 1948.

Ásgeir Þorsteinsson. Björn Jóhannesson. Jóhannes Bjarnason.

Atvinnumálaráðherra hefur beðið mig að gera á sama hátt áætlun fyrir verksmiðju, er bindi 7500 tonn af köfnunarefni á ári. Útreikningar þessir eru miðaðir við nýjustu upplýsingar, er bárust nýlega frá Chemical Construction Corporation.

Hér er miðað við, að árskílówattið af rafmagni kosti að meðaltali 111 kr., sem er það verð, sem nú er talið líklegast. Reiknað er með, að verksmiðjan sé starfrækt allan sólarhringinn 350 daga á ári.

Stofnkostnaður við 7500 tonna verksmiðju:

Innkaupsverð (erlendur gjaldeyrir) fob. fyrir vélar og tæki um $ 3 136 millj.	kr.	20.0 millj.
Flutningsgjöld og tollar áætlað um 37%	—	7.4 —
Vinnulaun og annar kostnaður við að setja upp vélar og tæki verksmiðjunnar áætlað 35% af innkaupsverði	—	7.0 —
Byggingar	—	5.5 —
Vextir á byggingartímabilinu og kostnaður við lántökur	—	2.5 —
Óviss kostnaður	—	2.0 —
Samtals	kr.	44.4 millj.

Rekstrarkostnaður við 7500 tonna verksmiðju:

Stofnkostnaður verksmiðjunnar er áætlaður kr. 44.4 millj. og sé reiknað með 3% og afskriftum á 15 árum verður reksturskostnaðurinn sem hér segir:

1.	Umbúðir	kr.	1 000 000
2.	Ýmis rekstrarefni	—	200 000
3.	Til húðunar ammonium nitrat	—	250 000
4.	Vinnulaun: 54 menn	—	1 650 000
5.	Stjórnar- og skrifstofukostnaður	—	400 000
6.	Raforka: 120 millj. kwst. á 0.013 kr./kwst.	—	1 560 000
7.	Skattar	—	70 000
8.	Í varasjóð	—	500 000
9.	Viðhaldskostnaður	—	650 000
10.	Afborganir og vextir af stofnlánum	—	4 270 000
	Samtals	kr.	10 550 000

Framleidd 7500 tonn af köfnunarefni eða 22500 tonn af ammoniaki:

Verð pr. tonn af köfnunarefni ..... $\frac{10\,550\,000}{7\,500} = 1410$ kr./tonn.

Verð pr. tonn af ammonium nitrati ... $\frac{10\,550\,000}{22\,500} = 470$ kr./tonn.

Niðurstöðurnar af þessum áætlunum eru því þessar:

5000 tonna verksmiðja:

Stofnkostnaður	kr. 38.0 millj.
Þar af erlendur gjaldeyrir	— 20.0 —

Framleiðsluverð kr. 1780 pr. tonn af köfnunarefni eða 535 pr. tonn af ammonium nitrati.

7500 tonna verksmiðja:

Stofnkostnaður	kr. 44.4 millj.
Þar af erlendur gjaldeyrir	— 24.4 —

Framleiðsluverð kr. 1410 pr. tonn af köfnunarefni eða kr. 470 pr. tonn af ammonium nitrati.

Núverandi innkaupsverð á áburði frá þeim löndum, sem mest framleiða af honum í heiminum og við verðum að kaupa hann frá, er sem hér segir kominn um borð í skip:

Heildsöluverð:
Canada: kr. 2030 pr. tonn köfnunarefni; 674 kr. pr. tonn af ammonium nitrati.
Noregur: kr. 2280 pr. tonn köfnunarefni; miðað við 34% köfnunarefnisinnihald 726 kr. pr. tonn.
Meðaltal: 2155 pr. tonn köfnunarefni; miðað við 34% köfnunarefnisinnihald 700 kr.

Við þetta verð bætast flutningsgjöld til landsins og tollar.

Af þessu sést, að 5000 tonna verksmiðja er vel samkeppnisfær og 7500 tonna verksmiðja er enn betur samkeppnisfær og tryggir, að við getum tvímælalaust keppt með útflutning á heimsmarkaðinum.

Af framleiðsluverðinu er aðeins um 10% til 15% af framleiðslukostnaðinum erlendur kostnaður, eftir því um hvaða verksmiðjur er að ræða. Eru það aðeins pokarnir og hluti af viðhaldskostnaðinum og ef til vill húðunarefni, þá eru vextir og afborganir af stofnláni ekki taldar með.

Eins og sagt er í skýrslunni þá borga þessar verksmiðjur sig gjaldeyrislega á 2 árum, þannig að ef ætti að kaupa þann áburð frá útlöndum, sem þær framleiða, þá kostar tveggja ára framleiðsla meira í erlendum gjaldeyri en nemur þeim erlenda gjaldeyri, sem þarf til að greiða verksmiðjuna.

Ef við tökum til dæmis 7500 tonna verksmiðjuna, þá er áætlað að hún kosti í erlendum gjaldeyri um 24 millj. kr. Ef ætti að kaupa framleiðslu hennar erlendis frá, þá myndi sú árframleiðsla kosta 15.8 millj. kr. í erlendum gjaldeyri.

Virðist hér ekki vera um að ræða annað en að velja á milli verksmiðju, sem til að byrja með framleiðir 5000 tonn af köfnunarefni, en hefur stækkunarmöguleika upp í 7500 tonn eða þá að reisa strax verksmiðju, sem framleiðir 7500 tonn af köfnunarefni.

Hin síðarnefnda sýnir sig að geta framleitt töluvert ódýrari áburð, og virðist því liggja beint fyrir að velja þá verksmiðju strax, þar sem nægur markaður er fyrir umframframleiðsluna til útflutnings fyrst um sinn að minnsta kosti á meðan er verið að afskrifa verksmiðjuna. Að þeim tíma liðnum má gera ráð fyrir, að áburðarþörfin innanlands verði komin upp í 7500 tonn á ári.

Reykjavík, 10. ágúst 1948.

Jóhannes Bjarnason.

Ed. 17. Frumvarp til laga [17. mál]

um kjötmat o. fl.

(Lagt fyrir Alþingi á 68. löggjafarþingi, 1948.)

1. gr.

Í lögum þessum merkir:

Sláturfénaður: Sauðfé, nautgripi, hross, svín, alifugla o. s. frv.

Læknir: Dýralækni þann, er kjötskoðunina annast, eða hvern þann lækni eða læknanema, sem löggiltur hefur verið til starfsins samkvæmt 7. gr. laga þessara.

Kjötmatsmaður: Hvern þann undirkjötmatsmann, er lýtur yfirkjötmatsmanni.

2. gr.

Sláturfénaði, sem slátra á í því augnamiði að flytja kjötið nýtt, fryst, saltað eða á annan hátt verkað á erlendan markað eða til sölu og neyzlu innanlands, í kjötbúðum og öðrum opinberum sölustöðum, skal slátra í löggiltum sláturhúsum og kæling og frysting kjötsins fara fram í löggiltum frystihúsum. Atvinnumálaráðuneytið löggildir sláturhús og frystihús að fengnum meðmælum frá yfirdýralækni eða hlutaðeigandi héraðsdýralækni, ef húsin eru að dómi þeirra svo fullkomin að gerð og öllum útbúnaði, að hægt sé þess vegna að fullnægja nauðsynlegum heilbrigðis- og hreinlætiskröfum.

Ráðherra getur þó, þar sem brýn nauðsyn krefur, leyft slátrun til eins árs í senn í sláturhúsum, sem ekki eru svo úr garði gerð, að löggilding geti farið fram á þeim, ef yfirdýralæknir eða hlutaðeigandi héraðsdýralæknir telja, að slátrun geti tekizt þar á viðunandi hátt, en stefna skal að því, að sem allra fyrst verði málum svo komið, að öll slátrun fari fram í löggiltum sláturhúsum, ef afurðirnar eru ætlaðar til sölu á opinberum markaðsstöðum, og getur ráðherra sett hlutaðeigandi aðilum ákveðinn frest til úrbóta.

Ráðherra setur reglur um útbúnað sláturhúsa og frystihúsa.

3. gr.

Við gildistöku þessara laga skulu allir sláturleyfishafar senda atvinnumálaráðuneytinu umsóknir, þar sem þeir óska eftir, að fram fari löggilding húsa til slátrunar og frystingar á sláturafurðum, söltunar o. s. frv. Ráðuneytið sendir síðan yfirdýralækni eða hlutaðeigandi héraðsdýralækni umsóknirnar til umsagnar, sbr. 2. gr.

Hver sá, sem síðar hyggst að hefja slátrun sauðfjár eða annars sláturfénaðar í þeim tilgangi að selja afurðir á opinberum markaðsstöðum, skal senda atvinnumálaráðuneytinu slíka umsókn. Eftir fyrstu löggildingu annast yfirdýralæknir eða héraðsdýralæknar eftirlit með slátur- og frystihúsum í hlutaðeigandi umdæmum. Ráðuneytið heldur skrá yfir löggilt sláturhús og frystihús, þar sem hvert þeirra hefur sérstakt löggildingarmerki.

4. gr.

Nú fullnægir löggilt slátur- eða frystihús eigi lengur skilyrðum þeim, sem sett voru fyrir löggildingu, og ber þá dýralækni, sem eftirlitið hefur annazt, að skýra ráðuneytinu frá því tafarlaust. Setur ráðuneytið umráðamönnum hússins hæfilegan frest til að lagfæra það, sem ábótavant er, og fellur löggildingin niður, ef eigi er bætt úr göllunum innan hins ákveðna frests. Ráðuneytið tilkynnir þá jafnframt aðilum þeim, sem sláturleyfin veita, að slátrun á þeim stað skuli þá þegar niður lögð, unz úr sé bætt.

5. gr.

Læknisskoðun skal fram fara á öllum sláturfénaði, sem um getur í lögum þessum, áður en slátrun fer fram, og mega ekki líða meira en 12 klst. frá þeirri skoðun

og til slátrunar. Enn fremur skal heilbrigðisskoðun á öllu kjöti og innyflum af þeim sláturfénaði, sem um getur í lögum þessum, fara fram áður en afurðirnar eru boðnar til sölu nýjar á opinberum markaði og enn fremur áður en kæling, frysting, söltun eða önnur verkun fer fram. Að skoðun lokinni skal dýralæknir eða hver sá, sem löggiltur hefur verið til starfsins, merkja kjötið samkvæmt reglugerð, er ráðherra setur um heilbrigðisskoðun og merkingu á kjöti og innyflum. Enn fremur getur ráðherra sett reglur um læknisskoðun og merkingu annarra sláturfjárafurða, eftir því sem þörf er á.

Í reglum þeim, sem ráðherra setur samkvæmt þessari grein, má ákveða hámarksþóknun fyrir læknisskoðun og merkingu kjöts og annarra sláturfjárafurða.

6. gr.

Sláturfjárafurðir, sem reynast spilltar eða sýktar, svo að hætta geti stafað af að nota þær til manneldis, eftir úrskurði kjötskoðunarlæknis, skulu þegar í stað ónýttar samkvæmt fyrirmælum ráðuneytisins, á þann hátt að tryggt sé, að engin hætta geti stafað af þeim.

Ekki má slátra í sláturhúsi sjúku sláturfé, er nokkur sýkingarhætta getur stafað af að áliti kjötskoðunarlæknis, nema sérstakur klefi sé til þeirra afnota einna í sláturhúsinu. Sjálfdauðar skepnur má ekki flytja inn í sláturhús né á lóð þess, nema til komi leyfi kjötskoðunarlæknis, enda geri hann sér þá þegar ljóst, hver dauðaorsökin hafi verið, og fyrirskipar ráðstafanir samkvæmt því.

7. gr.

Dýralæknar annast kjötskoðun og merkingu á kjöti og öðrum sláturfjárafurðum, sbr. 5. gr. laga þessara. Náist ekki til dýralæknis, skipar ráðherra að fengnum tillögum yfirdýralæknis lækni eða læknisefni, er að minnsta kosti hefur lokið fyrsta hluta læknisprófs, til starfsins, enda hafi hann lokið kjötskoðunarprófi hjá dýralækni hér á landi.

Nú reynist ókleift að fá lækni eða læknisefni til eftirlits og heilbrigðisskoðunar á kjöti og öðrum sláturfjárafurðum á einhverjum slátrunarstað og ekki unnt að framkvæma slíkt í tæka tíð, áður en afurðirnar eru boðnar til sölu nýjar eða áður en frysting, söltun eða önnur verkun fer fram, og getur ráðuneytið þá í samráði við yfirdýralækni löggilt til heilbrigðisskoðunar kjötmatsmann eða aðra greinagóða menn, enda hafi þeir kynnt sér kjötskoðun og lokið kjötskoðunarprófi hjá dýralækni. Þessi ráðstöfun kemur þó ekki til greina, ef kjötið er ætlað til útflutnings.

8. gr.

Allt kjöt og innyfli af sláturfénaði, sem um getur í lögum þessum, sem flutt er á erlendan markað eða til sölu innanlands í kjötbúðum og öðrum opinberum sölustöðum, skal metið, flokkað og merkt eftir tegundum og gæðum af kjötmatsmönnum, sem starfa undir umsjón yfirkjötmatsmanna.

Ráðuneytið setur reglugerð um flokkun, merkingu, frystingu, söltun, umbúðir, flutning og meðferð kjöts og innyfla, að fengnum tillögum kjötmatsformanns, framleiðsluráðs landbúnaðarins og helztu kjötsöluaðila.

Ef þörf þykir, getur ráðherra sett sérstakar reglur um slátrun, mat og merkingu á kjöti og innyflum til ákveðinna landa, eftir því hvaða kröfur eru gerðar í því efni.

9. gr.

Ráðherra skipar 4 yfirkjötmatsmenn, og hafi hver þeirra ákveðið starfssvæði.

Einn þeirra fjögurra skal ráðherra skipa kjötmatsformann, og skal hann hafa forgöngu um þau atriði í lögum þessum, er snerta verksvið yfirkjötmatsmanna. Einnig skal hann, eftir því sem við verður komið, gera athugun á kjöti og öðrum sláturfjárafurðum, sem fluttar eru á erlendan markað og til helztu sölustaða innanlands.

Yfirkjötmatsmenn skulu hafa sem bezta þekkingu á kjöti og öðrum sláturfjárafurðum og öllu því, er lýtur að meðferð sláturfjárafurða.

Ráðuneytið setur yfirkjötmatsmönnum reglur um störf þeirra og ákveður umdæmi þeirra.

Ekki mega yfirkjötmatsmenn þiggja neina þóknun hjá þeim, er við kjötsölu eru riðnir, né heldur hafa með höndum sölu á kjöti utanlands né innan eða milligöngu í því efni, er þeir geti haft hagnað af.

Árslaun yfirkjötmatsmanna skulu vera kr. 1 200.00 og kjötmatsformanns kr. 2 400.00.

Ferðakostnað í þágu yfirmatsins skulu þeir og fá greiddan samkvæmt reikningi, sem ráðuneytið úrskurðar.

Allan kostnað, sem af yfirmatinu leiðir, skal greiða úr ríkissjóði.

10. gr.

Lögreglustjóri skipar kjötmatsmenn, einn eða fleiri á hverjum slátrunarstað. Fer um tölu þeirra og val eftir tillögum yfirkjötmatsmanns.

Kjötmatsmenn annast hlutverk það og starf, sem þeim er falið með lögum þessum, samkvæmt reglugerð, sem ráðuneytið setur. Kaup kjötmatsmanna skal vera 25% hærra en venjulegt verkamannakaup á staðnum, þar sem matið fer fram, og greiða sláturleyfishafar, sem slátrunina framkvæma, kaupið.

Eigi mega kjötmatsmenn þiggja neina aukaþóknun eða hlunnindi hjá þeim, sem kjötverzlun annast, né sjálfir vera riðnir við sölu þess, svo að ætla megi þá hlutdræga í matinu.

Nú vanrækir kjötmatsmaður starf sitt, sýnir hlutdrægni við matið eða leysir það illa af hendi á einhvern hátt að dómi yfirkjötmatsmanns, og er yfirkjötmatsmanni þá heimilt að víkja honum frá um stundarsakir, en tilkynna skal hann hlutaðeigandi lögreglustjóra samstundis þessa ráðstöfun, sem þá víkur hinum brotlega kjötmatsmanni endanlega frá störfum og skipar annan matsmann í hans stað.

11. gr.

Nú eru nýjar sláturfjárafurðir fluttar til sölustaðar án þess að læknisskoðun hafi farið fram á þeim, og skal þá bæjarfélag eða hreppsfélag sjá fyrir löggiltu húsnæði til skoðunar á þeim gegn sanngjörnu gjaldi, er eigandi greiðir, samkvæmt nánari fyrirmælum ráðuneytisins.

Sé sláturhús á móttökustað eða sérstakar kjötmiðstöðvar, skal læknisskoðun fara þar fram og enn fremur gæðamat, samkvæmt reglugerð, sbr. 8. gr.

12. gr.

Nú flytur einhver eða lætur flytja út kjöt til sölu á erlendan markað eða til sölu innanlands án þess að gæta fyrirmæla laga þessara um læknisskoðun, merkingu, mat og flokkun, og varðar það sektum frá kr. 500.00 til 25 000.00. Önnur brot gegn lögum þessum eða reglugerðum, sem settar verða samkvæmt þeim, varða sektum allt að kr. 10 000.00. Fara skal með mál út af brotum þessum sem almenn lögreglumál.

Um refsingu fyrir brot kjötskoðunarlækna, yfirkjötmatsmanna og kjötmatsmanna gegn ákvæðum þessara laga fer sem um refsingu fyrir brot opinberra starfsmanna.

13. gr.

Með lögum þessum eru úr gildi felld lög nr. 39 frá 19. júní 1933, um kjötmat o. fl., lög nr. 3 frá 1. febrúar 1936 og lög nr. 115 30. des. 1943, um breyting á lögum nr. 39 19. júní 1933, svo og reglugerðir þær, sem settar hafa verið, og auglýsingar, sem út hafa verið gefnar samkvæmt þeim lögum.

14. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Frumvarp þetta var flutt á síðasta Alþingi sem stjórnarfrumvarp, en varð ekki útrætt. Vísast til athugasemda þeirra, er þá fylgdu frumvarpinu.

Nd. 18. Frumvarp til laga [18. mál]

um breyting á lögum nr. 61 31. okt. 1944, um byggingarmálefni Reykjavíkur.

Flm.: Gunnar Thoroddsen.

1. gr.

1. Í stað orðsins „sakadómara“ í 1. málsgr. 6. gr. l. nr. 61 31. október 1944 komi: lögreglustjóra.
2. Í stað orðsins „sakadómari“ í 2. mgr. sömu greinar komi: lögreglustjóri.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Ef húsbygging er hafin í Reykjavík án þess að byggingarleyfi sé fyrir hendi eða byggt er á annan hátt en leyfi stendur til, þarf gangur málsins að vera þessi samkvæmt gildandi lögum:

Þegar byggingarfulltrúinn fær vitneskju um slíkar óleyfisbyggingar, sendir hann kæru til sakadómara. Sakadómari rannsakar málið og kveður upp úrskurð um, hvort byggingin skuli bönnuð og niður rifin. Eftir að sá úrskurður sakadómara er upp kveðinn, þarf að senda úrskurðinn til lögreglustjóra, sem annast svo framkvæmd hans.

Reynslan hefur sýnt, að þetta fyrirkomulag er of þungt í vöfum. Það virðist óþarfi að láta þessi mál, sem yfirleitt eru mjög einföld, ganga gegnum svo margar hendur.

Frumvarp þetta felur í sér þá breytingu, að byggingarfulltrúi skuli kæra ólöglegar byggingar beint til lögreglustjóra, sem kveði þegar í stað upp úrskurð og framkvæmi hann. Þar sem nú er lögfest, að lögreglustjórinn í Reykjavík þarf að vera lögfræðingur og fullnægja almennum dómaraskilyrðum, virðist ekkert því til fyrirstöðu, að honum sé falið þetta úrskurðarvald. Þessi aðferð, sem hér er stungið upp á, yrði einfaldari, og líkur til, að málin fengju skjótari úrlausn en með því skipulagi, sem nú er ákveðið í lögum.

Frumvarp þetta er flutt í samráði við lögreglustjóra, sakadómara og byggingarfulltrúa Reykjavíkur.

Ed. **19. Frumvarp til laga** [19. mál]

um útsvör.

(Lagt fyrir Alþingi á 68. löggjafarþingi, 1948.)

I. KAFLI
Almenn ákvæði.

1. gr.

Í lögum þessum merkir:

Atvinnusveit: Hrepp eða kaupstað, þar sem gjaldþegn rekur eða stundar eða hefur rekið eða stundað atvinnu, án þess að eiga þar lögheimili.

Dvalarsveit: Hrepp eða kaupstað, þar sem aðili kann að verða eða hefur orðið útsvarsskyldur vegna dvalar, án þess að hann eigi þar lögheimili.

Gjaldár: Það ár, er niðurjöfnun útsvara fer fram.

Gjaldársútsvar: Útsvar, þar sem miðað er við gjaldstofn sama árs og útsvarið er á lagt.

Heimilissveit: Hrepp eða kaupstað, þar sem gjaldþegn á lögheimili.

Niðurjöfnunarnefnd: Niðurjöfnunarnefnd í kaupstöðum og hreppsnefnd í sveitum, nema sérstaklega sé öðruvísi um mælt.

Ráðherra: Þann ráðherra, sem útsvarsmál heyra undir.

Skattanefnd: Bæði skattanefnd og skattstjóra, eftir því sem við á.

Sveit: Bæði hrepp og kaupstað.

Sveitarstjórn: Bæði hreppsnefnd og bæjarstjórn.

Útsvarsár: Árið næst á undan niðurjöfnun.

2. gr.

Reikningsár sveitarfélaga er almanaksárið.

Fyrir lok nóvembermánaðar ár hvert skal sveitarstjórn gera áætlun um tekjur og gjöld sveitarfélags næsta reikningsár. Ræða skal áætlun kaupstaðar á tveim fundum, með a. m. k. viku millibili, en í hreppum á einum fundi, nema hreppsnefnd ákveði annað. Við síðari umræðu ber að athuga áætlunina lið fyrir lið, og greiða skal atkvæði um hverja grein fyrir sig og áætlunina í heild sinni. Áætlun skal vera til sýnis almenningi 2 vikur í desembermánuði á hentugum stað, er sveitarstjórn ákveður.

Áætlunin gildir síðan um fjárstjórn sveitarstjórnar á reikningsárinu.

3. gr.

Að því leyti, sem aðrar tekjur sveitarfélags hrökkva ekki til að greiða gjöldin, skal jafna niður á gjaldþegna hennar því, er á vantar, að viðbættum 5%—10%, og heitir það útsvör. Þau mega ekki nokkru sinni nema meiru en meðaltali útsvara í sveitarfélaginu 3 síðustu árin, að viðbættum fimmtungi, nema sýslunefnd veiti hreppsnefndum til þess samþykki sitt, en ráðherra bæjarstjórnum.

Nú þykir sveitarstjórn sýnt á gjaldárinu, að innheimtar tekjur hrökkvi ekki til greiðslu gjalda, og getur þá sveitarstjórn, að fengnu samþykki áðurnefndra stjórnarvalda, ákveðið framhaldsniðurjöfnun til greiðslu þess, er á vantar, þannig að því verði bætt við útsvar hvers einstaks gjaldanda eftir ákveðnu hundraðshlutfalli.

II. KAFLI
Um útsvarsskyldu.

4. gr.

Útsvarsskyldir eru:

A. Aðilar heimilisfastir á Íslandi:

I. Allir einstaklingar, karlar og konur, ungir og gamlir, í hverri stöðu sem eru, svo framarlega sem þeir teljast færir um að greiða útsvar.
Undanþegnir eru útsvari:

a. Forseti Íslands.

b. Fyrirsvarsmenn annarra ríkja hingað sendir og þjónustufólk þeirra, ef það er þegnar þess ríkis, sem það starfar fyrir.

c. Sendiherrar og annað starfsfólk við sendiráðin og ræðismannaskrifstofur Íslands erlendis, sem er íslenzkir ríkisborgarar og tekur laun úr ríkissjóði, þó heimilisfast sé á Íslandi, enda dveljist það erlendis meira en 9 mánuði af útsvarsárinu.

d. Konur, sem giftar eru, þegar niðurjöfnun fer fram. Þó má leggja útsvar á gifta konu:

1. Ef hún á séreign eða hjúskapareign, sem útsvarshæf þykir.
2. Ef hún hefur atvinnu, aðra en eigin heimilisstörf.
3. Ef hún hefur slitið samvistir við bónda sinn.

II. Félög. Þar til teljast:

1. Félög með ótakmarkaðri ábyrgð og félög með takmarkaðri ábyrgð, svo sem hlutafélög og gagnkvæm ábyrgðarfélög. Þegar útsvar hefur verið lagt á félag, má ekki leggja útsvar á félagsmann þess vegna eignar hans í félaginu og tekna né gagnkvæmt.

2. Samvinnufélög. Þau greiða útsvar af arði síðasta útsvarsárs, sem leiðir af skiptum við utanfélagsmenn, eftir sömu reglum og kaupmenn sama staðar, enda láti félagið fylgja skattaframtali sínu glögga skýrslu um skipti sín við utanfélagsmenn og ágóða af þeim. Ella áætlar niðurjöfnunarnefnd arð af skiptum þessum og byggir útsvarið á því.

Kæru yfir áætlun niðurjöfnunarnefndar samkvæmt þessum lið má skjóta til yfirskattanefndar og ríkisskattanefndar, eftir sömu reglum og gilda um áfrýjun útsvara, hvort heldur er sérstakri eða ásamt kæru yfir aukaútsvari því, sem niðurjöfnunarnefnd hefur lagt á arð af þessum viðskiptum.

Undanþegin útsvari eru:

a. Félög, sem leyst eru undan útsvarsskyldu með lögum, að því er snertir lögákveðin eða starfsviðsbundin verkefni þeirra.

b. Félög, sem enga atvinnu reka, svo sem félög til eflingar listum og vísindum, skemmtifélög, líknarfélög, stjórnmálafélög, trúarbragðafélög o. s. frv.

c. Félög, sem að vísu reka atvinnu, en verja öllum ágóða af starfsemi sinni beinlínis til almenningsheilla samkvæmt samþykktum sínum.

III. Aðrar stofnanir og sjóðir.

Undanþegin útsvari eru:

1. Ríkissjóður og aðrir sjóðir, sem standa undir umsjón ríkisstjórnarinnar, svo sem Ræktunarsjóður, Söfnunarsjóður, Thorkillisjóður o. fl.

2. Sjóðir og stofnanir, sem enga atvinnu reka.

3. Sjóðir og stofnanir, sem samkvæmt skipulagsskrá sinni verja tekjum sínum beinlínis til almenningsheilla.

4. Stofnanir og sjóðir, sem undanþegin eru útsvari samkvæmt sérstökum lögum, að því er snertir lögákveðna starfsemi þeirra.

IV. Bú, er skiptameðferð sæta og tekjur, eignir eða rekstur hafa.
Útsvarsskylda félaga og dánarbúa hefst:
a. Félags, þegar það hefur verið tilkynnt til firmaskrár.
b. Dánarbús: Við fráfall einstaklings, sem hefur eftir sig látið útsvarshæfar eignir, tekjur eða rekstur.

Útsvarsskylda hvílir á einstaklingi allan starfstíma eða dvalartíma hans hér á landi, og er heimilt að leggja á hann gjaldársútsvar, þegar svo stendur á, að hann hverfur af landi burt og einhver hluti af starfstíma eða dvalartíma hans hefur fallið undan útsvarsálagningu.

Hætti félag störfum eða sé dánarbúi skipt á þeim tíma árs, að ekki verði útsvar á lagt fyrir útsvarsár, má leggja gjaldársútsvar á, svo enginn tími, sem félag hefur starfað eða dánarbú staðið óskipt, falli undan útsvarsskyldu. Eigendur félags og erfingjar dánarbús bera sameiginlega og gagnkvæma ábyrgð á greiðslu útsvars, sem lagt kann að verða á, eftir að félagi er slitið eða dánarbúi skipt.

B. Aðilar heimilisfastir erlendis:
1. Þeir, er verið hafa á gjaldárinu starfandi á skipi eða flugfari, skrásettu hér á landi eða gerðu út héðan, einn mánuð eða lengur eða hafa stundað hér atvinnu eða dvalizt hér ekki skemmri tíma á gjaldárinu. Nú hefur aðili ekki dvalizt hér svo lengi, og er hann þá samt sem áður útsvarsskyldur, ef hann hefur hér a. m. k. 3 þús. kr. tekjur.
2. Þeir, er reka hér atvinnu í landi eða landhelgi á gjaldárinu, svo sem verzlun og hvers konar viðskipti, sjávarútveg, fiskverkun, iðnað, hafa hér laxveiði fyrir atvinnu eða laxár á leigu, afnot af jörð eða lóð, eiga hér arðbærar eignir, þar með talin verðbréf, sem vextir eða arður er greiddur af hér á landi, o.s.frv.
3. Erlend tryggingarfélög.

Aðili, sem hefur dvalizt hér svo lengi, að hann verður útsvarsskyldur, skal bera útsvar í hlutfalli við það, hve dvalartími hans er mikill hluti úr ári. Ef aðili stundar hér atvinnu, rekur hér atvinnu eða á hér eignir, þá skal einungis leggja á þá atvinnu, er hann hafði hér á landi á gjaldárinu, eignir hans hér og tekjur af þeim.

Útsvör erlendra tryggingarfélaga skal miða við skattskyldar tekjur þeirra hér á landi á útsvarsárinu og iðgjöld þess árs af tryggingum, er þau hafa tekizt á hendur fyrir milligöngu umboðsmanna sinna hér.

III. KAFLI

Hvar leggja skal á gjaldþegn hvern og hvaða sveit fær útsvar hans.

5. gr.

Útsvar skal jafnan leggja á gjaldþegn þar, sem heimildir eru fyrir, að hann eigi lögheimili, er niðurjöfnun fer fram, eða hafi átt samkvæmt manntali næst á undan niðurjöfnun. Nú leikur vafi á um lögheimili manns eða úrslit um það bíða dómsúrskurðar, og skal þá leggja á aðila þar, sem hann dvelur, er niðurjöfnun fer fram. Kröfuréttur á útsvarsgreiðslu hans þar fellur þó niður, ef dómsúrskurður fellur eða fullnægjandi upplýsingar koma á annan hátt fram um, að hann eigi lögheimili annars staðar, enda sé þá lagt á hann útsvar í þeirri sveit. Ef óvissa er á um lögheimili manns, sem lögskráður er á skip eða flugfar, sem gert er út hér á landi, telst dvalarsveit hans í þessu sambandi þar, sem skipið eða flugfarið er gert út.

Það skal vera aðalregla, að í heimilissveit gjaldþegns sé útsvar lagt á allar eignir hans og tekjur á útsvarsárinu. Þó má leggja á hann í annarri sveit, enda sé þá ekki lagt á hann að því leyti í heimilissveit:
1. Ef hann hefur heimilisfasta atvinnustofnun, svo sem útibú, utan heimilissveitar sinnar,

2. Ef hann hefur utan heimilissveitar sinnar ábúð á jörð eða jarðarhluta, leiguliðaafnot af landi, þó ekki fylgi ábúðarréttindi að lögum, þar með talin laxveiði-, selveiði- og rekaréttindi. Enn fremur ef um fasteign, tekjur af fasteign eða hvort tveggja er að ræða.
3. Ef hann er erlendis búsettur, en rekur atvinnu hér á landi, stundar hér atvinnu eða dvelst hér á gjaldárinu, á einum stað eða fleirum, svo að útsvarsskyldur verði, sbr. 4. gr. B. Á hverjum stað má þó aðeins leggja á þær eignir, sem hann á þar, og þær tekjur, sem þar er aflað, eða með tilliti til dvalartíma hans.
4. Ef hann rekur atvinnu utan heimilissveitar sinnar, enda þótt ekki sé um heimilisfasta atvinnustofnun að ræða, svo sem verzlun, iðnað, síldarverkun, síldarbræðslu eða síldarverzlun o. s. frv.
5. Ef viðleguskip stundar veiðar eða aðra atvinnu frá ákveðnum stað utan heimilissveitar útgerðarmanns eða eiganda í einn mánuð að samtöldu eða lengur á gjaldárinu.
6. Ef veiðiskip hefur það samband við ákveðinn stað utan heimilissveitar útgerðarmanns eða eiganda um tveggja mánaða skeið að samtöldu á gjaldárinu, að það býr sig þaðan á veiðar eða til söluferða, enda þótt afli þess sé hvergi lagður upp hér á landi, svo að útsvarsskylt verði samkv. næsta tölulið hér á undan.
7. Ef maður stundar atvinnu utan heimilissveitar sinnar og fær meira í kaup í atvinnusveit á því ári, sem útsvar miðast við, en 4000 krónur. Sama máli gegnir um þann, sem lögskráður er á skip eða flugfar og fær meira í kaup um skráningartímann en 6000 krónur. Til kaupgjalds í þessu sambandi reiknast fæði og önnur hlunnindi, er aðili kann að fá, verðlagt eins og yfirskattanefnd í umdæmi atvinnusveitar metur það til skattframtals.

   Heimilt er hvorri um sig, atvinnusveit og heimilissveit, að leggja heildartekjur aðila á árinu til grundvallar útsvarsútreikningi á hann og leggja á þær eftir gjaldstiga sínum, en aldrei skal gjaldkræft til atvinnusveitar meira en ⅗ hlutar þess útsvars, sem samkvæmt þessu kemur hlutfallslega á tekjur gjaldþegns í atvinnusveit. Heimilissveit er skylt að taka fullt tillit til atvinnusveitarútsvars, svo tryggt sé, að þar falli ekki útsvar á þann hluta tekna hans, sem ber uppi gjaldkræft útsvar í atvinnusveit.
8. Ef stjórn fyrirtækis eða félags, sem atvinnu rekur, er búsett í annarri sveit en fyrirtækið hefur atvinnustöðvar sínar í og reikningshald félagsins, meira en endurskoðun, fer fram þar, sem stjórnin er búsett, þá er heimilt að leggja þar á allt að 10% af útsvarsbærum tekjum fyrirtækisins á útsvarsárinu. Geymi fyrirtækið birgðir og hafi afgreiðslu eða útsölu annars staðar en atvinnustöðvar þess og framleiðsla eru, skal heimilt að leggja þar á allt að 25% af útsvarsbærum tekjum þess á útsvarsárinu. Miðast hámark þeirrar hlutdeildar við, að mestöll söluafgreiðsla félagsins fari þar fram. Heildartekjur gjaldþegns má leggja til grundvallar stighækkun á útsvari hans samkv. þessum lið.

6. gr.

Útsvör samkvæmt 4.—6. lið 5. gr. má ekki, nema sérstakt leyfi ráðherra komi til, nema meiru en ½% af söluverði framleiðslu, áætluðu, ef svo ber undir, og 1% af útsöluverði seldrar vöru þar á staðnum. Nái söluverðsupphæð gjaldþegns á því ári, sem útsvar miðast við, ekki 3 þús. krónum, fellur réttur atvinnusveitar til þeirrar útsvarsálagningar niður.

Útsvör samkv. 4.—7. lið 5. gr. má atvinnusveit leggja á með aukaniðurjöfnun á því ári, sem atvinna fer fram, enda hefur hún rétt til þá þegar að krefjast af gjaldþegnum og atvinnurekendum þeirra allra upplýsinga, sem til þess þarf og þeir geta í té látið. Eigi fellur þó álagningarréttur samkvæmt þessum tölulíðum niður til næstu aðalniðurjöfnunar.

Skylt er niðurjöfnunarnefnd, sem leggur á útsvör samkv. nefndum tölulíðum 5. gr., að senda hlutaðeigandi heimilissveit strax og niðurjöfnun hefur farið fram,

skrá yfir nöfn gjaldenda, upphæðir útsvara þeirra, tekjumagn, sem á hefur verið lagt, og vöruumsetningu, sem miðað hefur verið við.

Skylt er heimilissveit að taka hæfilegt tillit til útsvarsupphæðar, sem miðast við hundraðsgjald af umsetningu, sbr. 4.—6. lið 5. gr.

7. gr.

Nú flyzt maður milli sveita, og skal þá skipta því útsvari, sem á hann er lagt næst eftir flutninginn, milli þeirra sveita, sem hann hefur átt heima í, að tiltölu við þann tíma af útsvarsárinu, sem hann hefur átt heima í hvorri um sig. Þó fær sveit eigi hluta af slíku skiptaútsvari, ef heimilisfesta aðila þar hefur eigi staðið fulla 2 mánuði á því ári.

Heimilissveit gjaldþegns, þeirri er leggur útsvar á samkvæmt þessari grein, er skylt að innheimta útsvarið allt, en eigi ber hún ábyrgð á greiðslu fulls útsvarshluta samkvæmt skiptingarúrskurði, ef það sannast með árangurslausri lögtaksgerð, að útsvarið eða einhver hluti þess fáist ekki greitt.

33. gr.

Með lögum þessum eru úr gildi numin lög nr. 55 27. júní 1921, um skipulag kauptúna og sjávarþorpa, lög nr. 64 11. júní 1938, um breyting á þeim lögum, svo og önnur lagaákvæði, sem koma í bága við lög þessi.

34. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1949.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Með bréfi dags. 3. des. 1945 skipaði þáverandi félagsmálaráðherra, Finnur Jónsson, nefnd til þess að endurskoða löggjöfina um skipulag kauptúna og sjávarþorpa. Í nefndinni áttu sæti Jónas Guðmundsson, skrifstofustjóri í félagsmálaráðuneytinu, Hörður Bjarnason, skipulagsstjóri, og Tómas Jónsson, borgarritari í Reykjavík. Nefndin hóf störf sín, nokkru eftir að hún var skipuð og hefur unnið að því síðan að semja meðfylgjandi frumvarp til nýrra skipulagslaga.

Í frumvarpi þessu eru ýmis nýmæli, er ekki voru í hinum eldri lögum, og þykir rétt að víkja fyrst að þeim, því að breytinga þeirra, sem helztar verða á eldri gildandi ákvæðum, er getið í athugasemdum við einstakar greinar frumvarpsins, og þykir því ekki þurfa að minnast frekar á þær hér. Það skal fyrst talið, að í frumvarpið eru tekin mörg ný ákvæði varðandi verksvið hins nýja embættismanns, skipulagsstjóra ríkisins, sem nú fer að mestu með framkvæmd skipulagsmálanna fyrir ríkisins hönd.

Höfuðbreytingin á skipulagslöggjöfinni, sem í frumvarpi þessu felst, er þessi: Samkvæmt núgildandi lagaákvæðum um skipulag er það skipulagsnefnd ríkisins, sem ætlað er að sjá um framkvæmd skipulagsmálanna undir yfirstjórn ráðuneytisins, en samkvæmt frumvarpinu er það verk falið skipulagsstjóra ríkisins og skrifstofu hans, en skipulagsnefndin verður **ráðuneytinu til aðstoðar** við að dæma skipulagsuppdrætti, sem ráðuneytinu eru sendir af skipulagsstjóra til staðfestingar.

Um þessa breytingu má segja, að hún sá raunar nú þegar komin í framkvæmd að verulegu leyti, síðan embætti skipulagsstjóra var stofnað og skrifstofa hans tók til starfa.

Önnur helztu nýmæli frumvarpsins eru þessi:

Samkvæmt 11. gr. er gert ráð fyrir, að bæjarstjórnum sé heimilt að láta vinna sjálfar að skipulagsuppdráttum í umdæmi sínu og sérstakar skipulagsnefndir settar þar á fót. Ákvæðin, er snerta Reykjavík, eru tilkomin á þann hátt, að þeir menn, sem þar eru taldir, hafa nú um skeið starfað saman að því að undirbúa nýjan skipulagsuppdrátt af Reykjavík, og bendir það samstarf til, að rétt sé að lögfesta þetta fyrirkomulag.

Fimmti kafli frumvarpsins, um forkaupsrétt sveitarfélaga á fasteignum vegna skipulagsbreytinga, hefur að geyma ný ákvæði. Nefndin telur þá leið, sem þar er stungið upp á, líklega til þess að koma að gagni í því skyni að auðvelda framkvæmd skipulags á þeim svæðum, sem eru gömul og mikilla breytinga er þörf. Tilhögunin er einföld og létt í framkvæmd, og svara ákvæði þessi mjög svo til núgildandi ákvæða um forkaupsrétt sveitarfélaga á jörðum.

Merkasta nýmælið í frumvarpinu er vafalaust ákvæði VII. kafla um skipulagssjóði. Að tilhlutun félagsmálaráðherra var samið frumvarp árið 1940 um skipulagssjóði og lagt fyrir Alþingi það ár. Frumvarpi þessu var vísað til ríkisstjórnarinnar eins og fleiri frumvörpum varðandi skipulagsmál, þegar ákveðið var að endurskoða löggjöf þessa í heild. Hefur þetta frumvarp (þskj. 177 frá 1940) verið haft til hliðsjónar við samning þessa kafla frumvarpsins. Það, sem helzt þótti á skorta í frum-

varpinu frá 1940, var það, að skipulagssjóðum var ekki séð fyrir nægilegum tekjum eða sköpuð nein slík skilyrði, að þeir gætu staðið undir þeim miklu skuldbindingum, sem á þeim hljóta að hvíla, þegar þeir taka til starfa. Hér er reynt að bæta úr því með því að ætla þeim fastar tekjur — skatt af öllum fasteignum í umdæminu. — Til grundvallar þeirri tillögu liggur sú hugsun, að það séu fyrst og fremst eigendur fasteignanna á hverjum stað, sem mestan hagnaðinn hafa af góðu skipulagi, og þess vegna sé sanngjarnt, að þeir geri sitt til með gjaldi þessu, að sá árangur náist, sem að er stefnt með skipulagslöggjöfinni.

Í sambandi við þessar tilraunir til að útvega fé til að standa undir dýrum skipulagsbreytingum, er rétt að benda hér á, að það ákvæði 23. gr. þessa frumvarps, að sveitarstjórn geti með samþykki ráðherra greitt allt að helming eignarnámsverðs með ríkistryggðum skuldabréfum, er algert nýmæli og sett í frumvarpið til þess að auðvelda framkvæmd dýrra skipulagsbreytinga. Að sjálfsögðu er ekki ætlazt til, að því ákvæði verði beitt, nema mjög erfitt sé um fjárútvegun eftir öðrum leiðum, eða það þyki hagkvæmt af þeim aðilum, er hlut eiga að máli.

Þegar frumvarpið kom frá nefndinni, sem samdi það, var gert ráð fyrir, að gjald það, sem nú er tekið af nýbyggingum og gengur til að standa straum af kostnaðinum við skrifstofu skipulagsstjóra, yrði fellt niður og allur kostnaðurinn lagður á ríkissjóð. Á þá breytingu gat ráðuneytið ekki fallizt, og er það ákvæði því tekið upp í frumvarpið.

Tekjur þessar hafa á undanförnum árum verið sem hér segir:

1943	kr.	76726.09
1944	—	139462.87
1945	—	166290.26
1946	—	215827.65
1947	—	282394.45

Þá var og gert ráð fyrir því í frumvarpi nefndarinnar, að ráðherra væri skylt að staðfesta skipulagsuppdrátt, sem samþykktur hefði verið með ⅔ atkvæða í bæjarstjórn eða hreppsnefnd, en ráðuneytið getur ekki fallizt á að taka það ákvæði upp og hefur því fellt það niður og gert breytingar á frumvarpi nefndarinnar í samræmi við það.

Að öðru leyti en hér er sagt hefur frumvarpi nefndarinnar ekki verið breytt efnislega, en orðalagi vikið við á stöku stað.

Í ágústmánuði 1947 sendi ráðuneytið frumvarpið til umsagnar skipulagsnefnd ríkisins og bæjarstjórn Reykjavíkur. Athugasemdir við frumvarpið bárust ráðuneytinu frá skipulagsnefnd ríkisins í febrúar 1948, en engar athugasemdir hafa komið við frumvarpið frá bæjarstjórn Reykjavíkur.

Athugasemdir skipulagsnefndar ríkisins svo og aðrar athugasemdir, sem kunna að berast, verða sendar þingnefndum þeim, sem um málið fjalla á Alþingi.

Frekari almennar athugasemdir telur ráðuneytið ekki ástæðu til að gera í sambandi við frumvarpið.

Um einstakar greinar frumvarpsins þykir rétt að taka þetta fram:

Um 1. gr.

Greinin er að mestu samhljóða 7. og 17. gr. hinna gildandi laga, en rétt þótti að fella þessi skyldu ákvæði saman í eina heild. Hér hafa orðið þær breytingar einar, að nánar er kveðið á um þá staði, sem ætla má, að séu líklegir til vaxtar, enda þótt þeir nái ekki ákvæðum um skipulagsskyldu, sbr. 1. mgr.

Um 2. og 3. gr.

Greinar þessar koma í stað 8. greinar, 13. gr. 1. mgr., 14. og 15. gr. og 22. gr. 1. mgr. gildandi laga og þarfnast ekki skýringa.

Um 4. gr.

Greinin samsvarar 9. gr. 2. mgr. og 3. mgr. 13. gr. gildandi laga, með þeim breytingum, að í stað umsagnar skipulagsnefndar sé leitað umsagnar skipulagsstjóra um helztu byggingarframkvæmdir á þeim stöðum, sem enn hafa ekki fengið fullgerðan skipulagsuppdrátt.

Um 5. gr.

Greinin er að mestu samhljóða niðurlagi 7. gr. núgildandi laga, en bætt inn ákvæði um flugvellina. Greinin þarfnast ekki frekari skýringa.

Um 6.—10. gr.

Greinar þessar fjalla um mælingar skipulagsskyldra staða og samsvara 1.—6. gr. eldri laga. Helztu breytingar eru þær, að í stað þess að bæjarstjórn eða hreppsnefnd á hverjum stað var skylt að annast mælingarnar (sbr. 2. gr.), er framkvæmd mælinganna í höndum skipulagsstjóra, nema þar, sem hlutaðeigandi sveitarstjórn óskar þess að láta sjálf framkvæma mælingar. Er þessi tilhögun sjálfsögð og eðlileg, þar sem fæstir skipulagsskyldir staðir geta komið því við að láta kunnáttumenn framkvæma mælingar. Enda hefur það verið svo í framkvæmd, að skipulagsnefndin, fyrir atbeina vegamálastjórnar, og nú undanfarið teiknistofa skipulagsins, hefur jafnan lagt stöðunum menn til hinna nauðsynlegu mælinga. Um gerð uppdrátta (10. gr.) hafa verið tekin upp ýmis greinilegri ákvæði — sérstaklega um frágang uppdrátta — en áður var.

Um 11. og 12. gr.

Greinar þessar skýra sig að mestu sjálfar. Koma þær í stað 9. gr. 1. mgr., 10. gr., 13. gr. 2. mgr. og 11. gr. eldri laga, ásamt 22. gr. 2. mgr. Helztu nýmæli eru þau í 11. gr., að bæjarstjórnum er heimilt að láta sjálfar vinna að skipulagsuppdráttum, hverri í sínu umdæmi, og skipulagsnefndir eru teknar upp í kaupstöðum. Framkvæmd og þróun skipulagsmálanna hefur heimtað þessa tilhögun, þar sem því verður við komið, enda sjálfsagt, að hinir stærri skipulagsskyldu staðir hafi meiri íhlutun um framkvæmd skipulagsmálanna en unnt hefur verið að láta í té með ákvæðum núgildandi laga. Bætt hefur verið inn ýmsum nauðsynlegum ákvæðum um gerð skipulagsuppdrátta og um frágang uppdrátta, svo sem mælikvarða, séruppdrætti o. s. frv.

Um 13. gr.

Ný grein. Framkvæmd skipulagsuppdrátta — í hinum stærri kaupstöðum einkanlega — hefur sýnt fram á nauðsyn þess, að sérstök bæjarhverfi séu tekin út úr skipulagsuppdrætti og skipulögð sérstaklega, vegna breyttra aðstæðna. Er þá nauðsynlegt að geta staðfest slíka uppdrætti án þess að heildaruppdrættir séu staðfestir um leið, og hefur þessa einkum gætt að því er varðar skipulag Reykjavíkurbæjar, sem er vandamesta og erfiðasta viðfangsefnið í skipulagsmálum landsins.

Um 14. gr.

Er að mestu sama efnis og 12. gr. eldri laga, með nokkrum úrfellingum og viðbæti, og þarfnast ekki frekari skýringa.

Um 15. gr.

Greinin svarar til 16. gr. eldri laga. Í þessa grein er bætt inn ákvæði um, hvernig fara skuli með ágreining milli sveitarstjórnar og yfirstjórnar skipulagsmálanna, og hvernig málum skuli endanlega ráðið til lykta, ef ágreiningur er mikill um lausn skipulagsatriða.

Um 16. gr.

Greinin er að mestu samhljóða 13. gr. 3. mgr. núgildandi laga og þarfnast ekki frekari skýringa.

Um 17. gr.

Greinin kemur í stað 18., 19. og 20. gr. eldri laga, með nokkrum úrfellingum og viðbótarákvæðum. Hún þarfnast ekki frekari skýringa.

Um 18. gr.

Greinin er samhljóða 21. gr. eldri laga.

Um 19. gr.

Greinin er að mestu samhljóða 23. gr. eldri laga með nokkrum úrfellingum.

Um 20.—22. gr.

Greinar þessar eru nýjar. Er nánar vikað að þeim í upphafi greinargerðarinnar, og þykir ekki þörf að bæta þar við neinu sérstöku.

Um 23.—27. gr.

Greinarnar svara til 24.—28. gr. gildandi laga, með nokkrum nauðsynlegum viðbótum, og þarfnast ekki frekari skýringa.

Sþ. 21. Tillaga til þingsályktunar [21. mál]

um innflutning jeppabifreiða.

Flm.: Sigurður Bjarnason, Jón Pálmason, Stefán Stefánsson, Þorsteinn Þorsteinsson, Jón Sigurðsson, Eiríkur Einarsson, Pétur Ottesen, Ingólfur Jónsson.

Alþingi ályktar að skora á ríkisstjórnina að hlutast til um, að á næsta ári verði fluttar til landsins eigi færri en 600 jeppabifreiðar, sem eingöngu verði seldar bændum, enda verði settar strangar reglur, sem tryggi, að þær haldist í sveitum landsins í eigu þeirra, sem landbúnað stunda.

Greinargerð.

Fyrir forgöngu fyrrv. ríkisstjórnar og nýbyggingarráðs voru fluttar til landsins á árunum 1946 og 1947 um 1220 jeppabifreiðar. Var það áform þessara aðila, að bændum gæfist fyrst og fremst kostur á að kaupa þessi tæki og nota þau í senn til ýmiss konar bústarfa og sem samgöngutæki.

Sú varð raunin á, að jepparnir urðu mjög vinsæl tæki meðal bænda. Sóttu svo margir um kaup á þeim, að því fór mjög fjarri, að hægt væri að fullnægja eftirspurninni. Nokkur brögð urðu einnig að því, að kaupstaðamönnum væri úthlutað þeim, og hefur það sætt mikilli gagnrýni meðal bænda, sem fyrst og fremst höfðu verið ætluð þau. Þess voru og of mörg dæmi, að jeppar væru seldir úr sveitum til kaupstaða. Af báðum þessum ástæðum komu miklu færri jeppabifreiðar í hlut sveitanna en upphaflega hafði verið til ætlazt.

Eftirspurnin eftir þessum handhægu og tiltölulega ódýru tækjum er enn þá mjög mikil og e. t. v. aldrei meiri en nú. Bændur hafa kynnzt þeim og fallið þau mjög vel. Jeppabifreiðarnar hafa, auk þess sem þær hafa reynzt hentugar búvélar og samgöngutæki, haft mikla félagslega þýðingu í lífi fólks í mörgum sveitum landsins.

Þegar á það er litið, að bifreiðaeign Íslendinga var árið 1940 2180, árið 1946 7164 og nú um 11 þús. bifreiðar, og að langflestar þessar bifreiðar eru í kaupstöðum landsins, þá er það ekki óeðlilegt, að fram komi óskir um, að einnig bændum í sveitum landsins gefist kostur á að eignast slík tæki.

Jeppabifreiðin gegnir tvíþættu hlutverki, eins og áður er getið. Hana er hægt að nota til ýmiss konar bústarfa, heyskapar, dráttar og alls konar flutninga til og frá búum bænda. En hana er einnig hægt að nota sem samgöngutæki til lengri og skemmri ferðalaga.

Að áliti flm. þessarar tillögu er það mjög þýðingarmikið fyrir íslenzkan landbúnað, að bændum gefist á næstunni kostur á því að festa kaup á margs konar landbúnaðarvélum og tækjum. Meðal þeirra, sem þýðingarmest eru, eru jeppabifreiðarnar, vegna hinnar fjölþættu þýðingar þeirra fyrir líf og starf fólksins í strjálbýlinu.

Af þessum ástæðum er lagt til með þessari tillögu, að ríkisstjórnin hlutist til um, að fluttar verði til landsins á næsta ári eigi færri en 600 jeppabifreiðar, sem eingöngu verði seldar bændum. Telja flm. sjálfsagt, að gerðar verði sérstakar ráðstafanir til þess að koma í veg fyrir, að þessar bifreiðar verði eftir sniðgötum seldar öðrum en þeim, sem búa í sveitum landsins, og jafnframt tryggt, að þær haldist þar, þótt eigendaskipti verði að þeim. Hvort það tekst, veltur mjög á bændum sjálfum. Enn fremur verði gerðar ráðstafanir til þess að tryggja það, ef um síðari sölu er að ræða, að söluverð þeirra fari ekki fram úr kostnaðarverði.

Flutningsmenn gera að svo stöddu ekki tillögur um, hverjum verði falin úthlutun þessara tækja. Aðalatriðið er, að hún verði réttlátlega framkvæmd og að þeir bændur fái þau, sem mesta þörf hafa fyrir þau. En sjálfsagt virðist, að einhver af stofnunum bændastéttarinnar annast hana.

Gera má ráð fyrir, að innflutningsverð þessara 600 jeppabifreiða verði um 4.8 millj. króna samkvæmt þeim upplýsingum, sem fyrir liggja um verð þeirra.

Sþ. 22. Tillaga til þingsályktunar [22. mál]

um innflutning landbúnaðarvéla.

Flm.: Ingólfur Jónsson, Jón Sigurðsson, Jón Pálmason, Stefán Stefánsson. Sigurður Bjarnason, Eiríkur Einarsson, Þorsteinn Þorsteinsson, Pétur Ottesen, Gunnar Thoroddsen.

Alþingi ályktar að skora á ríkisstjórnina að hlutast til um, að á næsta ári verði fluttar til landsins ekki færri en 500 smærri dráttarvélar, svo og aðrar búvélar, eftir því sem þörf krefur. Enn fremur skurðgröfur og jarðýtur, svo fullnægt verði þörfum ræktunarsambanda og búnaðarfélaga fyrir þessar stórvirku vélar. Jafnframt verði séð fyrir nægilegum varahlutum.

Greinargerð.

Hin síðari ár hefur verið mikil eftirspurn eftir dráttarvélum og öðrum landbúnaðarvélum. Á annað þúsund pantanir á dráttarvélum frá bændum landsins munu liggja fyrir í þeim stofnunum, sem hafa með höndum sölu og dreifingu slíkra véla. Einnig er mikil eftirspurn eftir jarðýtum, skurðgröfum og öðrum landbúnaðarvélum, sem bændum er nauðsynlegt að fá. Eins og högum er nú háttað í sveitum landsins, er nauðsynlegt að hraða innflutningi búvéla. Landsfundur sjálfstæðismanna, sem haldinn var á Akureyri s. l. vor, gerði mjög merka ályktun í þessu efni. Í þeirri ályktun var samþykkt, að flokkurinn beitti sér fyrir, að á næstu þremur árum yrðu fluttar inn ekki færri en 1500 smærri dráttarvélar og aðrar landbúnaðarvélar, eftir því sem þörf krefur. Tillaga þessi er flutt í samræmi við fyrrnefnda ályktun. Þeir bændur, sem hafa verið svo lánsamir að fá nægileg tæki til ræktunar og framleiðslu landbúnaðarafurða, dásama mjög þýðingu þeirra fyrir landbúnaðinn og telja sig ómögulega geta án þeirra verið. En þeir bændur eru miklu fleiri, sem enn vantar

nægileg landbúnaðartæki, og það er vissulega ekki þýðingarminna fyrir þá, að innflutningur verði leyfður á landbúnaðarvélum í stórum stíl, svo að bændum verði almennt gefinn kostur á að afla sér tækjanna. Með tillögu þessari er farið fram á, að ríkisstjórnin hlutist til um, að fluttar verði til landsins á næsta ári 500 smærri dráttarvélar, auk annarra nauðsynlegra ræktunar- og búvéla til landbúnaðarins. Með innflutningi vélanna veitist landbúnaðinum betri aðstaða og bætt skilyrði til framleiðslu og ræktunar. Ræktun landsins, aukin véltækni, bættar samgöngur, húsabætur og rafmagn er það, sem enn vantar allt of víða í sveitunum. Þar, sem þessi þægindi eru ekki fyrir hendi, vill fólkið ekki vera. Það er nauðsynlegt að gera sér þetta ljóst, áður en það er of seint. Undanfarið hefur þjóðin flutt inn smjör og kartöflur fyrir fleiri milljónir króna. Um þessar mundir fer fram naum mjólkurskömmtun í kaupstöðum landsins, vegna þess að of lítið er framleitt af mjólk. Þetta eru allt eðlilegar afleiðingar af þróun síðari ára. Fólkinu fjölgar stöðugt í kaupstöðum landsins, þó sérstaklega í Reykjavík, en fækkar að sama skapi í sveitunum. Það er ljóst, að hér er þjóðfélagslegur háski á ferðum, sem verður að afstýra með djörfu átaki og miklum framkvæmdum. Innflutningur landbúnaðarvéla í stórum stíl er einn liður í þeim aðgerðum, og því er tillaga þessi flutt.

Nd. 23. Frumvarp til laga [23. mál]

um meðferð ölvaðra manna og drykkjusjúkra.

(Lagt fyrir Alþingi á 68. löggjafarþingi, 1948.)

I. KAFLI
Um meðferð ölvaðra manna.

1. gr.

Þá, sem teknir eru höndum sakir ölvunar og eigi er unnt að sleppa þegar úr haldi, skal lögreglan að fengnu læknisvottorði flytja í þar til gert sjúkrahús eða sjúkrahúsdeild, ef fyrir hendi er, en annars í venjulegt sjúkrahús, sem hefur tök á að veita viðtöku slíkum sjúklingum.

Nú er ekki völ á sjúkrahúsi eða rúmi í sjúkrahúsi í þessu skyni, og skal þá láta hlutaðeigandi sjúklinga sæta læknismeðferð, eftir því sem við verður komið.

2. gr.

Ölvaða menn, sem sæta meðferð samkvæmt ákvæðum 1. greinar, skal hafa í gæzlu, unz af þeim er runnið, og allt að tveimur sólarhringum til læknisrannsóknar, eftir því sem ástæða þykir til samkvæmt ákvæðum 3. greinar.

3. gr.

Læknir, sem stundar ölvaða menn samkvæmt ákvæðum 1. og 2. greinar, skal sjá um, að hlutaðeigandi sjúklingum sé látin í té viðeigandi aðhlynning, en auk þess gerir hann sér far um að kynna sér líkamlegt og andlegt ásigkomulag þeirra, svo og allar aðstæður með tilliti til drykkjuhneigðar þeirra og drykkjuskapar. Komist hann að raun um, að um drykkjusýki eða yfirvofandi drykkjusýki sé að ræða, tilkynnir hann hlutaðeiganda sjálfum, eða aðstandendum hans, eftir því sem við á, niðurstöður sínar og er til ráðuneytis um, hvernig við skuli bregðast.

4. gr.

Sveitarfélög, sem koma upp sjúkrahúsum eða sjúkrahúsdeildum til fullnægingar ákvæðum 1.—3. greinar, njóta til þess ríkisstyrks, er nemi helmingi eðlilegs bygg-

ingarkostnaðar, en að öðru leyti fer um þær framkvæmdir samkvæmt ákvæðum laga nr. 30 19. júní 1933, um sjúkrahús o. fl., sbr. lög nr. 33 12. febrúar 1945, um breyting á þeim lögum.

5. gr.

Ákvæði 1.—3. greinar raska ekki ákvæðum laga um viðurlög við ölvunarbrotum, enda mega ákvæði þessara laga ekki verða því til hindrunar, að þeim viðurlögum verði komið fram.

6. gr.

Kostnað af meðferð ölvaðra manna samkvæmt ákvæðum 1.—5. greinar skal greiða sem kostnað af löggæzlu, á sama hátt sem verið hefur.

7. gr.

Ráðherra setur nánari reglur um meðferð ölvaðra manna samkvæmt ákvæðum 1.—3. greinar, með sérstöku tilliti til þess, ef um endurtekin tilfelli, drykkjusýki eða yfirvofandi drykkjusýki er að ræða, að hlutaðeigendum gefist kostur á sem fullkomnustum leiðbeiningum og aðstoð sér til viðréttingar, og þá sérstaklega, ef unglingar eiga í hlut.

II. KAFLI

Um meðferð drykkjusjúkra manna.

8. gr.

Geðveikrahælið á Kleppi hefur með höndum yfirumsjón með gæzlu drykkjusjúkra manna þeim til umönnunar og lækningar samkvæmt ákvæðum laga þessara.

Á kostnað ríkisins skal reisa og reka í sambandi við geðveikrahælið og í hæfilegri nálægð þess gæzluvistarhæli fyrir drykkjusjúka menn, er fyrst og fremst sé miðað við þarfir þeirra sjúklinga, sem ætla má, að eigi sér sæmilegar batahorfur.

Nú vilja sveitarfélög, eitt eða fleiri saman, reisa og reka á sinn kostnað gæzluvistarhæli fyrir drykkjusjúka menn, er fyrst og fremst sé miðað við þarfir þeirra sjúklinga, sem ætla má að þarfnist vistar og umönnunar í slíku hæli í langan tíma, og fer þá um þær framkvæmdir og ríkissjóðsstyrk til þeirra eftir lögum nr. 30 19. júní 1933, um sjúkrahús o. fl., sbr. lög nr. 33 12. febrúar 1945, um breyting á þeim lögum.

Eftir athugun sjúklinganna á geðveikrahælinu á Kleppi, að svo miklu leyti sem því verður við komið, skal þeim ráðstafað í gæzluvist á þeim hælum, sem fyrir hendi eru, og skipt á hælin eftir því, hvers eðlis drykkjusýki þeirra er og hversu þeir eiga saman. Á sama hátt ráðstafar geðveikrahælið sjúklingum þessum þeim til viðréttingar í gæzluvist á völdum einkaheimilum, eftir því, sem á hverjum tíma telst henta. Læknar geðveikrahælisins hafa á hendi læknisefirlit með sjúklingum, sem ráðstafað hefur verið í gæzluvist samkvæmt ákvæðum þessarar greinar. Sérstakt eftirlit skal haft með aðbúnaði, atlæti, líðan og framferði sjúklinga, sem ráðstafað hefur verið í gæzluvist á einkaheimilum, og ræður geðveikrahælið til þess eftirlitsstarfs ármenn eða árkonur eftir þörfum.

9. gr.

Í gæzlu samkvæmt 8. gr. verða teknir:

1. Þeir, sem dæmdir eru til hælisvistar, sbr. 65. gr. laga nr. 19 12. febrúar 1940.
2. Þeir, sem sækja sjálfir um að verða aðnjótandi slíkrar gæzlu, eða lögráðamaður fyrir þeirra hönd, ef sjálfir eru ólögráða, eða dómsmálaráðuneytið samkvæmt ákvæðum 7. greinar, 6. b. í lögum nr. 95 5. júní 1947, um lögræði.

Taka skal fram í umsókn, hversu lengi umsækjandi skuldbindi sig til að hlíta gæzlunni, svo og að hann undirgangist að virða í einu og öllu reglur þær, sem um gæzlu og gæzluvistir eru settar.

10. gr.

Sá, sem tekinn hefur verið í gæzlu samkvæmt 1. tölulið 9. greinar, skal hlíta gæzlunni svo lengi sem segir í 65. gr. laga nr. 19 12. febrúar 1940.

Sá, sem tekinn hefur verið í gæzlu samkvæmt 2. tölulið 9. greinar, skal hlíta gæzlunni svo lengi sem yfirlæknir geðveikrahælis á Kleppi ákveður, þó aldrei lengur en sjúklingurinn samkvæmt umsókn er skuldbundinn til, nema samþykki hans eða lögráðamanns hans komi af nýju til.

Nú fer sá, sem tekinn hefur verið í gæzlu samkvæmt ákvæðum laga þessara, heimildarlaust af hæli eða heimili, þar sem hann er í gæzluvist, og er þá rétt að þröngva honum, eftir atvikum með lögregluvaldi, í gæzluna á ný og til að hlíta henni, unz lokið er gæzlutíma þeim, sem segir í 1. og 2. málsgrein þessarar greinar.

11. gr.

Gæzluvist fylgir vinnuskylda gæzluvistarmanns, eftir því sem yfirlæknir geðveikrahælisins á Kleppi segir fyrir um eða aðstoðarlæknar hans eða ármenn í hans umboði.

12. gr.

Hver sá, er gefur eða veitir áfengi þeim, sem vitanlega hefur verið tekinn í gæzlu samkvæmt ákvæðum laga þessara, eða aðstoðar hann við útvegun áfengis, skal sæta sektum.

13. gr.

Um greiðslu kostnaðar af meðferð drykkjusjúkra manna samkvæmt ákvæðum 8.—11. greinar fer á sama hátt sem um greiðslur fyrir aðra sjúklinga í sjúkrahúsum ríkisins.

14. gr.

Ráðherra setur nánari reglur um meðferð drykkjusjúkra manna samkvæmt lögum þessum, þ. á m. með hverjum skilyrðum þeir verði teknir í gæzlu, rekstur gæzluvistarhæla samkvæmt 8. gr., gæzluvist þar og á einkaheimilum, vinnu gæzluvistarmanna, svo og aðrar skyldur þeirra og réttindi.

III. KAFLI
Sjóðstofnun.

15. gr.

Af ágóða Áfengisverzlunar ríkisins skal á árunum 1949—1955 verja hálfri annarri milljón króna á hverju ári til að leggja í sjóð, gæzluvistarsjóð. Sjóðurinn hafi það hlutverk að standa undir kostnaði af framkvæmd laga þessara, eftir því sem heilbrigðisstjórnin ákveður, og þá fyrst og fremst af að reisa eða hjálpa til að reisa gæzluvistarhæli þau, sem um ræðir í 8. gr. laga þessara.

IV. KAFLI
Niðurlagsákvæði.

16. gr.

Lög þessi öðlast gildi þegar í stað og koma til framkvæmda, eftir því sem skilyrði verða fyrir hendi til að fullnægja ákvæðum þeirra. Jafnframt falla úr gildi lög nr. 108 30. desember 1943, um heilsuhæli fyrir drykkjumenn, svo og ákvæði annarra laga, er kunna að koma í bága við ákvæði laga þessara.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Ölvun er bráð áfengiseitrun (intoxicatio alcoholica acuta) á mismunandi háu stigi, en endurtekin ölvun leiðir iðulega til ofdrykkju (alcoholismus habitualis) og

þar af leiðandi langvinnrar áfengiseitrunar (alcoholismus chronicus). Á bráðri áfengiseitrun og fjölda annarra bráðra eitrana er enginn grundvallarmunur. Í frumvarpinu eru ofdrykkja og langvinn áfengiseitrun einu nafni nefndar drykkjusýki. Í samræmi við þetta er það, að rétt þykir að láta ölvaða menn sæta meðferð sem sjúklinga, er fyrst og fremst heyrir undir lækna að hafa afskipti af. Sérstaklega þykir hlýða að ákveða íhlutun læknis, þegar ölvaður maður lendir í höndum lögreglunnar, og er þá aðallega tvennt haft í huga. Í fyrsta lagi er aðeins á færi lækna að greina ölvun frá öðrum sjúkdómsfyrirbrigðum, og þ. á m. lífshættulegum sjúkdómum. Í öðru lagi er með þessu stefnt að því að koma fólki, er iðkar óhóflega víndrykkju, sem tímanlegast undir hendur lækna, allra helzt áður en það verður drykkjusýkinni að bráð, og þá með tilliti til þess, að yfirleitt sé auðveldara að girða fyrir, að menn steypi sér í þann brunn, heldur en að bjarga mönnum upp úr honum, eftir að þeir eru fallnir í hann. Enn má ætla, að viðhorf manna, einkum unglinga, gegn drykkjuslarki verði annað, er þeir mega gera ráð fyrir, að slarkið beri þá inn á sjúkrahús til læknisrannsóknar, heldur en þegar viðurlög eru eins og nú tíðkast. Er ætlazt til, að á þenna hátt megi uppeldisáhrif fyrirhugaðrar lagasetningar verða nokkurs megnug um að halda aftur af unglingum um iðkun siðlauss drykkjuskapar.

Um einstakar greinar frumvarpsins er þetta að segja:

Um 1. gr.

Ákvæði 1. greinar taka til ölvaðra manna, sem „teknir eru úr umferð", sem svo er kallað, en það eru þeir, sem lögreglan tekur í sína umsjá og setur í varðhald, hvort sem það er vegna óspekta, eða þeir eru ekki sjálfbjarga, og hvort sem það er samkvæmt ákvæðum lögreglusamþykkta, áfengislaga eða almennra refsilaga. Eftir sem áður er lögreglunni að sjálfsögðu heimilt að ráðstafa ölvuðum mönnum með því að fylgja þeim heim til sín, eins og tíðkazt hefur.

Umsögn um síðari málsgrein greinarinnar felst í niðurlagi umsagnar um 4. gr.

Um 2. gr.

Ákvæði þessarar greinar um, að hefta megi frelsi manna vegna ölvunar í allt að tvo sólarhringa til læknisrannsóknar styðst við ákvæði 2. málsgreinar 31. gr. laga nr. 95 5. júní 1947, um lögræði.

Um 3. gr.

Í þessari grein er mörkuð stefna frumvarpsins um opinber afskipti af ölvuðum mönnum. Auk þess sem ölóður maður þarfnast eftirlits og aðhlynningar, sem auðveldast er að láta í té á sjúkrahúsi, getur ölvun verið merki þess, að hlutaðeigandi sé þegar haldinn drykkjusýki eða eigi hana yfir höfði sér, en fyrirhuguð lagasetning er fyrst og fremst helguð baráttunni gegn þeirri plágu. Að sjálfsögðu er til þess ætlazt, að læknir, sem fær ölvaða menn til meðferðar samkvæmt ákvæðum laga þessara, gæti alls hófs um aðgerðir og fyllsta trúnaðar gagnvart skjólstæðingum sínum, nema velferð þeirra krefjist bersýnilega róttækari aðgerða og þ. á m. vitundar og afskipta þriðja aðila. Af reynslunni mun lærast, hvernig farsælast er að standa að aðgerðunum, og er þá tímabært að kveða nánara á um einstök atriði í reglugerð, sem heimilt er að setja samkvæmt 7. gr.

Um 4. gr.

Að sjálfsögðu skiptir mjög miklu máli um framkvæmd I. kafla þessara fyrirhuguðu laga í Reykjavík. Þar eru nú vistarverur og allur aðbúnaður ölvaðra manna og annarra þeirra, er lögreglan þarf að handtaka, með öllu ófullnægjandi. Ef frumvarp þetta næði fram að ganga, yrði einn liður þeirra framkvæmda að reisa í Reykjavík spítaladeild til að veita viðtöku ölvuðum mönnum úr höndum lögreglunnar. Um það þyrftu að takast samningar milli ríkis og Reykjavíkurbæjar, sem ætti að verða auðsótt mál á báða bóga. Í öðrum stærstu kaupstöðum landsins ætti að koma upp til þessara nota sérstökum deildum í sambandi við sjúkrahús kaupstað-

anna, og mundu slíkar deildir einnig geta komið í góðar þarfir að öðru leyti. Þar sem ekki eru ástæður til að vista ölvaða menn á sjúkrahúsum, verður ákvæðum síðari málsgreinar 1. greinar fullnægt með því, að lögreglan kalli jafnan, þegar því verður við komið, lækni til ölvaðra manna, er hún tekur í sína umsjá, og hagi meðferð þeirra eftir því, sem læknirinn segir fyrir um. En þar sem ekki er unnt að ná til læknis í þessum tilfellum, eiga ákvæði laganna að gefa vísbendingu um, hvernig lögreglunni beri að haga skiptum sínum við ölvaða menn, auk þess sem henni er ætlað að hafa stoð í ákvæðunum til að ráðstafa hlutaðeigendum til læknisrannsóknar eftir á með tilliti til drykkjusýki eða yfirvofandi drykkjusýki þeirra.

Hlutfallslegu framlagi ríkis og sveitarfélaga til sjúkrahúsdeilda fyrir ölvaða menn er haldið óbreyttu, frá því sem ákveðið er í lögum nr. 29 1. febrúar 1936, um fangelsi, þó að lítillega víki frá því, sem fyrir er mælt um styrki til almennra sjúkrahúsa (sbr. lög nr. 30 19. júní 1933 og lög nr. 33 12. febrúar 1945).

Um 5. gr.

Ekki þykir rétt að breyta ákvæðum gildandi laga um viðurlög við ölvunarbrotum, og er að sjálfsögðu til þess ætlazt, að hlutaðeigandi lögreglustjóri og læknir hafi vinsamlega samvinnu sín á milli og torveldi hvorugur annars aðgerðir.

Um 6. gr.

Sbr. einkum fyrrnefnd lög nr. 29 1. febrúar 1946, um fangelsi, og lög nr. 50 12. febr. 1940, um lögreglumenn.

Um 7. gr.

Sbr. niðurlag umsagnar um 3. gr. Í reglugerð þessa hlýðir að setja m. a. ákvæði um rekstur leiðbeiningarstöðvar eða stöðva fyrir drykkjuhneigða og drykkjusjúka menn og aðstandendur þeirra, hvort sem henta þykir að reka þá heilsuverndarstarfsemi í sjálfstæðri stofnun (stofnunum), eða í sambandi við yfirumsjón þessara mála á geðveikrahælinu á Kleppi eða sem einn þátt fyrirhugaðrar almennrar heilsuverndar samkvæmt lögum um almannatryggingar.

Um 8. gr.

Samkvæmt ákvæðum þessarar greinar er Kleppsspítali gerður að miðstöð allrar opinberrar gæzlu drykkjusjúkra manna, þeim til umönnunar og lækningar. Minnst þykir verða komizt af með tvö drykkjumannahæli, bæði fyrir karlmenn, og sé annað þeirra á vegum ríkisins og ætlað drykkjusjúkum mönnum, sem eiga sér líklegar batahorfur, en hitt fyrir þá, sem ætla má að þarfnist lengri hælisvistar. Er gert ráð fyrir, að Reykjavíkurkaupstaður reisi mjög bráðlega slíkt hæli, er svari ríflega þörfum kaupstaðarins, enda njóti styrks úr ríkissjóði til jafns við það, er sveitarfélag kemur sér upp almennu sjúkrahúsi. Í þriðja lagi kemur til greina vist drykkjusjúklinga á þar til völdum einkaheimilum undir nákvæmu eftirliti. Ætlazt er til, að eftirlitið hafi með höndum á vegum spítalans sérstakt starfslið, „social workers“, sem svo er kallað á ensku, en hér er nefnt ármenn eða árkonur. Er allvíða erlendis komin nokkur reynsla á slíka ráðstöfun ýmiss konar uppágerzlufólks og þykir gefast vel.

Um 9.—10. gr.

Ákvæði þessara greina eru að efni til óbreytt frá gildandi ákvæðum, sbr. 3.—5. gr. laga nr. 108 30. desember 1943, um hæli fyrir drykkjumenn.

Um 11. gr.

Vinnu drykkjumanna á hælum og í annarri gæzluvist ber ekki að telja til kvaða, með því að hæfileg vinna verður að teljast þeim nauðsynleg til lækningar og viðréttingar.

Um 12.—16. gr.

Skýringar ekki þörf.

Sþ. 24. Tillaga til þingsályktunar [24. mál]

um afnám sérréttinda í áfengis- og tóbakskaupum.

Flm.: Skúli Guðmundsson, Pétur Ottesen, Sigfús Sigurhjartarson, Páll Þorsteinsson, Hannibal Valdimarsson, Halldór Ásgrímsson, Steingrímur Steinþórsson.

Alþingi ályktar að skora á ríkisstjórnina að afnema þau sérréttindi, sem nokkrir viðskiptamenn áfengisverzlunar ríkisins og tóbakseinkasölu ríkisins njóta nú, að fá þar keypt vínföng og tóbak fyrir lægra verð en aðrir kaupendur þurfa að borga fyrir þær vörur.

Greinargerð.

Tillögur um afnám sérréttinda í áfengiskaupum hafa verið bornar fram á tveim síðustu þingum, en í bæði skiptin hefur það mál hrakizt lengi í þinginu og eigi komið til úrslita við atkvæðagreiðslu. Þykir rétt, að enn sé reynt að fá úrskurð Alþingis um það, hvort fáeinir menn, sem nú geta fengið keypt vínföng hjá áfengisverzlun ríkisins fyrir miklu lægra verð en aðrir þurfa að borga, eigi að njóta þeirra sérréttinda framvegis.

Flm. hafa fengið vitneskju um það, að svipuð hlunnindi séu veitt einstökum mönnum í viðskiptum við tóbakseinkasölu ríkisins. Er hér lagt til, að sú viðskiptavenja verði einnig afnumin við þá stofnun.

Sþ. 25. Tillaga til þingsályktunar [25. mál]

um afnám vínveitinga á kostnað ríkisins.

Flm.: Skúli Guðmundsson, Pétur Ottesen, Sigfús Sigurhjartarson, Páll Þorsteinsson, Hannibal Valdimarsson, Halldór Ásgrímsson.

Alþingi ályktar, að áfengir drykkir skuli ekki veittir á kostnað ríkisins eða ríkisstofnana.

Greinargerð.

Á tveim síðustu þingum hafa verið bornar fram tillögur um þetta efni, en í hvorugt skiptið hlotið fullnaðarafgreiðslu, og er því málið enn upp tekið.

Sþ. 26. Breytingartillaga [21. mál]

við till. til þál. um innflutning jeppabifreiða.

Frá Ásmundi Sigurðssyni, Hermanni Guðmundssyni og Sigurði Guðnasyni.

Við tillögugreinina bætist ný málsgrein, er orðist svo:

Jafnframt verði séð um, að svo mikið magn nauðsynlegra varahluta verði flutt inn í landið, að tryggt sé, að rekstur þessara nauðsynlegu tækja stöðvist ekki vegna skorts á varahlutum.

Ed. 27. Frumvarp til laga [26. mál]

um skattfrelsi vinninga o. fl. varðandi fyrirhugað happdrættislán ríkissjóðs.

(Lagt fyrir Alþingi á 68. löggjafarþingi, 1948.)

1. gr.

Nú ákveður fjármálaráðherra að nota gildandi lagaheimildir til lántöku fyrir ríkissjóð á þann hátt, að út verði boðið happdrættislán, og skulu þá vinningar þess undanþegnir hvers konar opinberum gjöldum öðrum en eignarskatti.

2. gr.

Krafa um áfallinn vinning fyrnist á þremur árum frá gjalddaga. Sé vinnings ekki vitjað innan þess tíma, verður hann eign ríkissjóðs.

3. gr.

Reglur XIX. kafla laga nr. 85 frá 23. júní 1936, um mál til ógildingar skjala o. fl., gilda ekki um skuldabréf happdrættisláns þess, er um getur í 1. gr.

4. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Um frumvarp þetta, sem lagt er fyrir Alþingi samkv. 28. gr. stjórnarskrárinnar, vísast til fylgiskjals hér á eftir.

Fylgiskjal.

Bráðabirgðalög um skattfrelsi vinninga o. fl. varðandi fyrirhugað happdrættislán ríkissjóðs.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Fjármálaráðherra hefur tjáð mér, að brýna nauðsyn beri til þess að gefa nú þegar út lög um skattfrelsi vinninga o. fl. varðandi fyrirhugað happdrættislán ríkissjóðs.

Ríkissjóður hefur í hyggju að nota gildandi lagaákvæði um lántökuheimildir ríkissjóðs og bjóða út nýtt innanríkislán með happdrættisformi.

Til þess að örva sölu skuldabréfa þykir nauðsynlegt að sett verði ákvæði um það, að happdrættisvinningar samkvæmt láni þessu verði skattfrjálsir. Þá þykir einnig þörf á því að ákveða skemmri fyrningarfrest á kröfum um áfallna vinninga en almennur er og enn fremur, að mönnum verði ekki veittur aðgangur til þess að ógilda skuldabréf, sem glatast eða hverfa, en þetta mundi hvort tveggja gera framkvæmdina of þunga í vöfum.

Fyrir því eru hér með sett bráðabirgðalög samkvæmt heimild 28. gr. stjórnarskrárinnar á þessa leið:

1. gr.

Nú ákveður fjármálaráðherra að nota gildandi lagaheimildir til lántöku fyrir ríkissjóð á þann hátt, að út verði boðið happdrættislán, og skulu þá vinningar þess undanþegnir hvers konar opinberum gjöldum öðrum en eignarskatti.

2. gr.

Krafa um áfallinn vinning fyrnist á þremur árum frá gjalddaga. Sé vinnings ekki vitjað innan þess tíma, verður hann eign ríkissjóðs.

3. gr.

Reglur XIX. kafla laga nr. 85 frá 23. júní 1936, um mál til ógildingar skjala o. fl., gilda ekki um skuldabréf happdrættisláns þess, er um getur í 1. gr.

4. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört á Akureyri, 17. ágúst 1948.

Sveinn Björnsson.
(L. S.)

Jóhann Þ. Jósefsson.

Ed. 28. Frumvarp til laga [27. mál]

um breyting á lögum nr. 84 6. júlí 1932, um bifreiðaskatt o. fl.

(Lagt fyrir Alþingi á 68. löggjafarþingi, 1948.)

1. gr.

Auk þess innflutningsgjalds af benzíni, sem innheimta skal samkvæmt fyrirmælum a-liðar 1. gr. laga nr. 84 6. júlí 1932, 4 aura af hverjum lítra, skal innheimta 5 aura innflutningsgjald af hverjum lítra á árinu 1948. Ákvæði nefndra laga nr. 84 1932 gilda um innheimtu og endurgreiðslu þessa viðbótarinnflutningsgjalds.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Um frumvarp þetta, sem lagt er fyrir Alþingi, samkvæmt 28. gr. stjórnarskrárinnar, vísast til fylgiskjals hér á eftir.

Fylgiskjal.

Bráðabirgðalög um breyting á lögum nr. 84 6. júlí 1932, um bifreiðaskatt o. fl.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Fjármálaráðherra hefur tjáð mér, að láðst hafi að framlengja fyrirmæli 1. gr. laga nr. 53 7. maí 1946, um 5 aura viðbótarinnflutningsgjald af benzíni. Í frumvarpi til fjárlaga fyrir árið 1948 var gert ráð fyrir þessu viðbótarinnflutningsgjaldi og í fjárlögunum er áætlun á innflutningsgjaldi af benzíni ekki lækkuð, þannig að sjá má að Alþingi hefur gert ráð fyrir viðbótinni. Nú skortir hins vegar lagaheimild til að innheimta umrædda viðbót, og telur ráðuneytið, að nauðsynlegt sé að fá slíka heimild, til þess að innflutningsgjaldið sé löglega innheimt.

Fyrir því eru hér með sett bráðabirgðalög samkvæmt heimild í 28. gr. stjórnarskrárinnar á þessa leið:

1. gr.

Auk þess innflutningsgjalds af benzíni, sem innheimta skal samkvæmt fyrirmælum a-liðar 1. gr. laga nr. 84 6. júlí 1932, 4 aura af hverjum lítra, skal innheimta 5 aura innflutningsgjald af hverjum lítra á árinu 1948. Ákvæði nefndra laga nr. 84 1932 gilda um innheimtu og endurgreiðslu þessa viðbótarinnflutningsgjalds.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört í Reykjavík, 16. júlí 1948.

Sveinn Björnsson.
(L. S.)

Jóhann Þ. Jósefsson.

Sþ. 29. Fyrirspurnir. [28. mál]

I. Til forsætisráðherra varðandi endurskoðun á gildandi lögum um hvíldartíma háseta á togurum.

Frá Hermanni Guðmundssyni og Sigurði Guðnasyni.

Hvað líður þeirri endurskoðun á gildandi lögum um hvíldartíma háseta á togurum, sem forsætisráðherra lofaði, að framkvæmd skyldi verða? Hvað hefur nefnd sú starfað, sem ráðherra skipaði til að vinna þetta verk, og hvenær skilar nefnd þessi áliti?

II. Til atvinnumálaráðherra um vélaþörf landbúnaðarins og innflutning landbúnaðarvéla.

Frá Skúla Guðmundssyni.

1. Hefur ríkisstjórnin aflað sér upplýsinga hjá búnaðarsamböndum og búnaðarfélögum um það, hvað bændur og félög þeirra telja sig þurfa og óska að fá keypt af vélum á næsta ári, svo sem skurðgröfum, beltisdráttarvélum, öðrum vélum og áhöldum til jarðyrkju, dráttarvélum til heimilisnota, jeppabifreiðum og heyvinnuvélum, og hafa verið gerðar áætlanir um verð þessara véla í erlendum gjaldeyri?
2. Hefur ríkisstjórnin gert nokkrar ráðstafanir eða áætlanir varðandi innflutning á landbúnaðarvélum?

Sþ. 30. Tillaga til þingsályktunar [29. mál]

um skipun nefndar til að gera tillögur um endurbætur á fyrirkomulagi um vöruskömmtun, innflutning og dreifingu skömmtunarvara o. fl.

Flm.: Katrín Thoroddsen, Arnfinnur Jónsson, Ásmundur Sigurðsson.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að skipa nú þegar þriggja manna nefnd, er endurskoði skömmtunarkerfi það, er nú tíðkast, og athugi jafnframt í samráði

við viðskiptanefnd, hverja nauðsyn beri til skömmtunar hinna ýmsu vöruflokka, svo og hverra birgða aðfluttra lífsnauðsynja sé að vænta á næsta ári og hvernig innflutningi þeirra og dreifingu muni hagað, hve mikill hluti þeirra fari til verzlana og þaðan til neytenda og hversu mikið gangi til iðnaðarframleiðslu og hvaða vörutegundum og magni sú framleiðsla skili af sér aftur á innlendan markað.

Að lokinni undirbúningsrannsókn semji nefndin tillögur um:

1. Hvaða vörur beri að undanþiggja skömmtun.
2. Á hvaða vörum beri að takmarka sölu.
   a. Hvernig þær skuli skilgreindar, svo að ekki verði um villzt, við hvað sé átt.
   b. Hverjar kröfur beri að gera til gæða þeirra, svo að notagildið sé sæmilega tryggt.
3. Hvernig skömmtunarvöruþörf einstaklinga og heimila skuli metin, þegar höfð er hliðsjón af hinum mismunandi aðstæðum hlutaðeigenda, svo sem aldursflokki, kynferði, atvinnugrein, heimilishögum o. þ. u. l.
4. a. Hve miklu skömmtunarvörumagni skuli alls úthlutað á ári komanda.
   b. Hve stóran skerf skuli þar af áætla einstaklingum og heimilum hinna ýmsu neytendaflokka.
   c. Hve langan tíma hver innkaupaheimild skuli hafa gildi.
5. Hvernig innflutningur og vörudreifing verði samræmd skömmtunarkerfinu, svo að öruggt sé, að vörur þær, sem innkaupaheimildin nær til, séu fyrir hendi, þannig að hlutaðeigendur eigi þess jafnan kost að fá keypta fyrirhafnarlítið og undirmálalaust þá vöru, sem þeim hefur verið ávísuð.
6. Hverjar nauðsynjavörur, aðrar en þær, sem skömmtun eru háðar, skuli sitja í fyrirrúmi fyrir öðrum innflutningi.

Nefndin skal þannig skipuð, að Alþýðusamband Íslands tilnefni einn mann, Bandalag íslenzkra kvenfélaga annan og Stéttarsamband bænda þann þriðja. Nefndinni til aðstoðar skipar ríkisstjórnin hagfræðing. Nefndin skal ljúka störfum og skila áliti sínu og tillögum fyrir miðjan desember næstkomandi.

Greinargerð.

Framkvæmd vöruskömmtunarinnar svonefndu, er upp var tekin hér á landi fyrir réttu ári, hefur verið með þeim hætti, að varla virðist einleikið, hve illa er unnið og óhöndulega. Afleiðing þessa hefur og orðið sú, að sjálf vöruskömmtunin hefur mistekizt hrapallega, en allur almenningur orðið sáróánægður og fengið svo illan bifur á skömmtuninni, að við liggur, að menn líti á hana sem beina árás á lífskjör sín, erfðavenjur, heilsu og hamingju. Til slíks hefði ekki þurft að koma, ef skipulega hefði verið til verks gengið og heill hugur fylgt máli.

Vöruskömmtun hlýtur einatt að vera fjölþætt fyrirtæki. Öðrum þræði fólgin í öflun og aðdrætti varanna, varðveizlu þeirra og dreifingu, en að hinu leytinu aðgæzlu, svo að komið verði í veg fyrir óhófseyðslu, óréttlæti, misskiptingu, svik og svartamarkaðsokur. — Hvert einasta þessara grundvallaratriða vöruskömmtunarinnar hefur verið vanrækt að meira eða minna leyti, eins og raun ber vitni um.

Það sæmir ekki, að Alþingi láti afskiptalaust mál, sem svo mjög snertir hag þjóðarinnar, og því er tillaga þessi borin fram.

Nd. 31. Frumvarp til laga [30. mál]

um breyting á lögum nr. 50 7. maí 1946, um almannatryggingar.

Flm.: Hermann Guðmundsson.

1. gr.

Við 45. gr. laganna bætist: Sama rétt á íþróttafólk, sem talið er í niðurlagi 46. greinar, og vandamenn þess.

2. gr.

Aftan við síðustu málsgr. 46. gr. laganna komi ný málsgr., svo hljóðandi:

Allir, sem taka þátt í íþróttaiðkunum, hvort er heldur æfingum eða keppni, og orðnir eru 16 ára, skulu tryggðir á sama hátt og launþegar.

3. gr.

Aftan við 1. málsgr. 114. gr. laganna komi ný málsgr., svo hljóðandi:

Íþróttafélög greiða iðgjöld fyrir íþróttafólk. Nánari ákvæði um það skal setja í reglugerð í samráði við Íþróttasamband Íslands.

4. gr

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Frumvarp þessu samhljóða hef ég flutt á tveim síðustu þingum, og urðu þau örlög þess þar, að það dagaði uppi í bæði skiptin. Þó að svo hafi til tekizt, tel ég ekki á það reynt til fullnustu, að þingvilji sé í andstöðu við frumvarp þetta, svo og að því athuguðu, að hér er um mikið hagsmunamál að ræða fyrir alla íþróttaiðkendur, sem yfirlýstur vilji íþróttahreyfingarinnar stendur á bak við, svo sem sjá má á því, að þessir aðilar hafa nú þegar skorað á Alþingi að samþykkja frumvarpið:

Íþróttasamband Íslands, Íþróttabandalag Reykjavíkur, Íþróttabandalag Hafnarfjarðar, Íþróttaráð Reykjavíkur, Íþróttafélagið Þór.

Flyt ég þetta frumvarp að nýju, og fer hér á eftir sú greinargerð, er áður hefur fylgt því:

„Breytingar þær, sem gert er ráð fyrir með frumvarpi þessu á almannatryggingunum, eru þær, að allir íþróttaiðkendur komi inn undir lögin og njóti stuðnings, ef slys verður, svo sem sjúkrakostnaðar og dagpeninga.

Eins og flestum, er til þekkja, mun vera kunnugt, koma oft fyrir slys við íþróttaæfingar og íþróttakeppni, án þess að um verði kennt óaðgætni eða slæmum útbúnaði íþróttatækja. Þeir, sem íþróttir stunda, eru oftast ungt fólk og oftast félítið.

Augljóst er, hversu erfitt er fyrir þetta fólk að mæta skakkaföllum, er það verður fyrir, svo sem eins og þeim að verða lengri eða skemmri tíma frá verki vegna slyss við íþróttaiðkanir. Um sanngirni þess, að íþróttaiðkendur njóti ákvæða almannatryggingalaganna um slysabætur, ætti eigi að vera þörf að rita langt mál eða leiða fram mörg rök fyrir því. Almenningur og Alþingi hafa nú viðurkennt hið þjóðnýta starf íþróttastarfseminnar í landinu, — almenningur með vakandi áhuga og skilningi fyrir íþróttahreyfingunni og Alþingi með því að verja allt að milljón krónum árlega úr ríkissjóði til byggingar á íþróttamannvirkjum.

Vænta má því, að frumvarp þetta mæti velvild og skilningi á nauðsyn þess, að slíkar tryggingar komist á, þar sem, eins og áður segir, flestir viðurkenna nú orðið gildi íþróttanna fyrir uppeldi og hreysti æskunnar í landinu.

Með frumvarpi þessu, ef að lögum verður, er ráðin bót á því öryggisleysi, sem ríkt hefur fyrir það fólk, er iðkað hefur íþróttir, og orðið við sanngjörnum og eðlilegum kröfum íþróttasamtakanna.“

Nd. 32. Frumvarp til laga [31. mál]

um, að 17. júní skuli vera þjóðhátíðardagur og 1. maí almennur frídagur.

Flm.: Hermann Guðmundsson, Sigurður Guðnason.

1. gr.

17. júní er þjóðhátíðardagur Íslendinga, og 1. maí er almennur frídagur.

2. gr.

Atvinnurekandi skal greiða full daglaun fyrir 17. júní eða 1. maí þeim launþegum, sem starfað hafa hjá honum síðustu 30 dagana á undan þeim þessara tveggja daga, sem um er að ræða.

Launþegar, sem af óhjákvæmilegum ástæðum verða að vinna nefnda daga, skulu fá greitt, auk venjulegra daglauna, sem svarar helgidagakaupi hlutaðeigandi atvinnugreinar.

Ráðherra getur með reglugerð sett nánari fyrirmæli um ákvæði greinar þessarar.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Frumvarp, sem var í meginatriðum samhljóða þessu, var flutt á haustþinginu 1946 af fyrri flutningsmanni frumvarpsins. Dagaði frumvarpið þá uppi. Síðan hefur það gerzt, að frændþjóð vor, Norðmenn, hefur (á árinu 1947) samþykkt lög, sem gera þjóðhátíðardag þeirra, 17. maí, og baráttudag verkalýðsins, 1. maí, að hátíðisdögum og skylda atvinnurekendur til að greiða starfsfólki sínu kaup fyrir þessa daga eftir ákveðnum reglum, sem lögin og reglugerð ákveða. Frumvarp þetta er mjög svipað þessum lögum Norðmanna, þótt í nokkru sé það frábrugðið, svo sem aðrar aðstæður gefa tilefni til.

Til frekari rökstuðnings fyrir frumvarpinu skal á það bent:

1. að 17. júní hefur um langt skeið verið einn af hátíðisdögum þjóðarinnar, sem við stofnun lýðveldisins 1944 fékk stórum aukið gildi, og er því sjálfsagt og í alla staði eðlilegt, að dagurinn verði lögfestur sem þjóðhátíðardagur Íslendinga;
2. að um langan tíma hefur það verið baráttumál verkalýðshreyfingarinnar að gera 1. maí að almennum frídegi, og hefur verkalýðsfélögum um land allt tekizt að fá daginn viðurkenndan sem slíkan í samningum við atvinnurekendur. En takmarkið hefur verið að fá daginn lögleiddan sem almennan frídag.

Sþ. 33. Breytingartillaga [21. mál]

við brtt. á þskj. 26 (Innflutningur jeppabifreiða).

Frá Steingrími Aðalsteinssyni.

Á eftir orðunum „nauðsynlegra varahluta“ bætist: til atvinnubifreiða.

Ed. **34. Frumvarp til laga** [32. mál]

um breyting á vegalögum, nr. 34 22. apríl 1947.

Flm.: Páll Zóphóníasson.

1. gr.

Á 2. gr. laganna eru gerðar þessar breytingar:

a. Í stað „að Hábæ í Þykkvabæ“ í A. 32 kemur: um Miðkot að Unhól í Þykkvabæ.
b. Í stað „Reykholtsdalsvegi“ í B. 14 kemur: á Borgarfjarðarbraut í Reykholtsdal.
c. Liðinn B. 21 skal orða svo:
Hvítársíðuvegur: Af Kleifavegi inn Hvítársíðu að Fljótstungu.
d. Á eftir B. 21 kemur nýr liður, er verður B. 22 (og breytast liðatölur á eftir samkvæmt því):
Hálsasveitarvegur: Frá Hvítársíðuvegi nálægt Bjarnastöðum yfir brú á Hvítá og á Borgarfjarðarbraut nálægt Reykholti.
e. Liðinn B. 46 skal orða svo:
Kaldrananesvegur: Af Reykjafjarðarvegi í Bjarnarfirði að Kaldrananesi.
f. Í stað „að Árnesi“ í B. 47 kemur: um Árnes að Eyri í Ingólfsfirði.
g. Í stað „að Gemlufalli við Dýrafjörð“ í B. 54 kemur: að ferjustað við Dýrafjörð undan Gemlufalli.
h. Í stað „að Sveinseyri“ í B. 66 kemur: um Sveinseyri að Stóra-Laugardal.
i. Í stað „Tungusveit“ í C. 14 kemur: Goðdali.
j. Í stað „Ríp“ í C. 17 kemur: um Ríp að Eyhildarholti.
k. Í stað „að Sandvík í Bárðardal“ í C. 37 kemur: um Sandvík að Bjarnastöðum.
l. Á eftir D. 6 komi nýr töluliður, er verður D. 7 (og breytast liðatölur á eftir samkvæmt því):
Jökuldalsvegur eystri: Af Austurlandsvegi undan Hjarðarhaga, yfir Jökulsá á Hjarðarhagabrú og á Austurlandsveg í Heiðarendanum.
m. Í stað „Fossi“ í D. 8 kemur: Lagarfossi.
n. Í stað „og Fagradalsbraut í Reyðarfirði“ í D. 19 kemur: á Fagradalsbraut innan við Búðareyri.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Breytingartillögur þær við vegalögin, sem hér eru fluttar, voru flestar fluttar í efri deild, er vegalögin voru þar til umræðu á næstsíðasta þingi, en fengust ekki samþykktar vegna þess, að því er sagt var í umræðum, að menn vildu ekki svo seint á þingi senda lögin milli deilda. Þess vegna eru þær nú fluttar í byrjun þings, og ætti þá að vinnast tími til að láta þær ganga formlega gegnum þingið. Um brtt. þessar skal þetta tekið fram:

a. Lagt er til að lengja akveginn, sem nú endar í Hábæ, að Unhól, eða um 3.5 km, en við það komast í akvegasamband margir bæir, sem daglega þurfa að senda frá sér mjólk.
b. Er leiðrétting á prentvillu.
c. Hvítársíðuvegurinn er lengdur um ca. 14 km og látinn ná að fremsta bæ sveitarinnar, en þar taka við fjallvegir norður yfir Arnarvatnsheiði, Tvídægru og Stórasand, sem með þessu tengdust vegakerfinu. Auk þess kemur hann í vegasamband nokkrum bæjum, sem daglega þurfa að senda frá sér mjólk.
d. Nú er svo ákveðið, að vegur liggi yfir Hvítá á brú undan Bjarnastöðum og á Hálsasveitarveg hjá Stóra-Ási. Hér er lagt til, að þessi vegur verði kallaður

Hálsasveitarvegur og hann látinn ná alla leið á Borgarfjarðarbraut hjá Reykholti.

e. Er nánast leiðrétting á prentvillu.

f. Lagt er til, að Reykjarfjarðarvegur verði ekki látinn enda í Árnesi, heldur framlengdur um 6 km og látinn enda í Ingólfsfirði, en þar er nú komin síldarverksmiðja, og er að rísa þar upp þorp, sem vitanlega á að tengja við akvegakerfi landsins.

g. Bílferja hefur verið sett yfir Dýrafjörð milli Þingeyrar og Gemlufalls, og liggur þá í augum uppi, að nauðsyn ber til að láta þjóðveginn enda við ferjustaðinn, en ekki heima á Gemlufalli, og er lagt til, að þannig verði þessu breytt, enda mun það nú hafa verið framkvæmt þannig, þó að lög mæli ekki svo fyrir.

h. Lagt er til, að veginum frá Sveinseyri að Stóra-Laugardal verði hér bætt í þjóðvegatölu, en hann er ca. 4 km.

i. Ekki er ákveðið, hvar Héraðsvötn eða Jökulsárnar verði brúaðar í fram-Skagafirði. Vegna þessa er því slegið föstu með tillögunni, að þó þau eða þær verði brúaðar utan Goðdala, þá skuli þjóðvegur ná þangað frameftir.

j. Með tillögunni er lagt til, að þjóðvegurinn verði lengdur frá Ríp að Eyhildarholti, en þar eru ferjustaðir bæði austur og vestur yfir Héraðsvötn. Þessi vegur hefur nú verið lagður fyrir lánsfé, og mun hreppurinn hafa staðið fyrir því, til þess að bærinn frammi á Nesinu geti komið frá sér mjólk, en það þurfa þeir að gera daglega, sérstaklega nú, eftir að þeir eru orðnir sauðlausir.

k. Með tillögunni er lagt til, að þjóðvegurinn fram Bárðardalinn endi ekki í Sandvík, eins og hann gerir nú, heldur á Bjarnastöðum.

l. Með tillögunni er lagt til að taka í þjóðvegatölu veg niður Jökuldal austanverðan, frá Jökulsárbrú undan Hjarðarhaga og niður dalinn að austan á Austurlandsveg í Heiðarendanum. Þarna er snjóléttara en að vestanverðu og leiðin auk þess nokkru styttri.

m. Er leiðrétting.

n. Er leiðrétting.

Sþ. 35. Tillaga til þingsályktunar [33. mál]

um undirbúning löggjafar um stjórn stærri kauptúna.

Flm.: Bernharð Stefánsson, Stefán Stefánsson.

Alþingi ályktar að skora á ríkisstjórnina að taka til athugunar, hvernig stjórn hinna stærri kauptúna verði bezt og haganlegast komið fyrir, og að undirbúa nauðsynlegar lagabreytingar um það efni fyrir næsta Alþingi.

Greinargerð.

Þegar fólki hefur fjölgað í kauptúnum og framkvæmdir vaxið þar, hefur reynzt erfitt að fá hæfa menn til að gegna þar hreppsnefndaroddvitastörfum í hjáverkum eða hafa aðrar framkvæmdir fyrir kauptúnið á hendi. Úr þessu hefur verið reynt að bæta á ýmsum stöðum með því að skipa sérstaka lögreglustjóra í kauptúnunum. En þessi lausn málsins hefur gefizt misjafnlega, m. a. hefur sums staðar ekki þótt fært að fela lögreglustjórunum oddvitastörfin nema til bráðabirgða, og hafa þá kauptúnin verið litlu nær að því leyti. Auk þess er þessi tilhögun tiltölulega dýr fyrir ríkissjóð. Oft kann og að haga svo til, að ekki sé þörf á sérstökum lögreglustjóra í kauptúni, þó að þörf sé á sérstökum starfsmanni fyrir kauptúnið, er hafi svipað verkefni og bæjarstjórar í bæjum.

Hér er því lagt til, að ríkisstjórnin taki mál þetta til athugunar og undirbúi nauðsynlegar breytingar á sveitarstjórnarlögunum, er fullnægi þörf kauptúnanna að þessu leyti.

Nd. 36. Breytingartillaga [6. mál]

við frv. til l. um breyt. á vegalögum, nr. 34 22. apríl 1947.

Frá Pétri Ottesen.

Við 1. gr. Framan við greinina bætist:

1. Á eftir B. 7 í 2. gr. laganna kemur nýr liður:
   Skorradalsvegur: Frá Háafelli um Fitja að Efstabæ.
2. Á eftir B. 8 í sömu lagagr. kemur nýr liður:
   Svínadalsvegur: Frá þjóðveginum hjá Hóli, norðan Laxár, á þjóðveginn í Kornahlíð, gegnt Geitabergi.
3. Á eftir B. 14 í sömu lagagr. koma nýir liðir:
   a. *Flókadalsvegur:* Af Bæjarsveitarvegi hjá Steðja, upp Flókadal um Skóga að Brennistöðum.
   b. *Reykdælavegur:* Af þjóðveginum hjá Kleppjárnsreykjum, sunnan Reykjadalsár, að brúarstæði á Reykjadalsá undan Steindórsstöðum.

Nd. 37. Frumvarp til laga [34. mál]

um breyting á lögum nr. 70 5. júní 1947, um fjárhagsráð, innflutningsverzlun og verðlagseftirlit.

Flm.: Skúli Guðmundsson, Steingrímur Steinþórsson, Halldór Ásgrímsson.

1. gr.

2. málsgr. 9. gr. laganna falli burt.

2. gr.

10. gr. laganna orðist svo:

Engar vörur má flytja til landsins, nema að fengnu innflutnings- og gjaldeyrisleyfi. Frá þessu getur fjárhagsráð þó gefið undanþágu með auglýsingu, að fengnu samþykki ríkisstjórnarinnar.

Fjárhagsráð úthlutar innflutnings- og gjaldeyrisleyfum til kaupa á þeim vörum, sem háðar eru leyfisveitingum, og getur sett þau skilyrði um innflutninginn, sem nauðsynleg kunna að vera vegna viðskiptasamninga eða af öðrum ástæðum.

Úthlutun innflutnings- og gjaldeyrisleyfa skal hagað samkvæmt fyrirmælum 11. gr. laga þessara.

3. gr.

11. gr. laganna orðist svo:

Innflutnings- og gjaldeyrisleyfum, sem fjárhagsráð ákveður að veita til kaupa á
kornvörum til manneldis,
kaffi og sykri,
ávöxtum og grænmeti,
fatnaði og vefnaðarvörum,
skófatnaði,
búsáhöldum og
hreinlætisvörum,

skal skipt jafnt milli allra landsmanna og leyfunum úthlutað til hvers einstaklings. Þó er heimilt að úthluta allt að 15 af hundraði af heildarinnflutningi á þessum vörum eftir öðrum reglum og að veita þeim, sem vegna atvinnu sinnar þurfa meira en aðrir af einhverjum vörutegundum, aukaleyfi til kaupa á þeim (vinnuföt, sjóklæði, kaffi og sykur, rúgmjöl til sláturgerðar o. s. frv.). Innflutnings- og gjaldeyrisleyfi fyrir kornvörum, kaffi og sykri séu miðuð við ákveðið vörumagn, en leyfi fyrir öðrum vörutegundum við verð.

Um gjaldeyrissölu bankanna gegn leyfum, sem miðuð eru við vörumagn en ekki ákveðna fjárhæð, skal farið eftir reglum, er um það verða settar. Innflutnings- og gjaldeyrisleyfi séu veitt fyrir eigi skemmra tímabil en 6 mánuði í einu. Að því er snertir þær af framangreindum vörum, sem framleiddar eru í landinu, að einhverju eða öllu leyti úr erlendum efnum, skal nokkur hluti leyfanna gilda til kaupa á efni til þeirrar framleiðslu.

Þegar fjárhagsráð veitir fjárfestingarleyfi samkv. 5. gr., skal það jafnframt veita þeim, er fá slík leyfi, innflutnings- og gjaldeyrisleyfi fyrir öllum þeim erlendu vörutegundum, sem þarf til framkvæmdanna og kosta yfir 200 krónur í erlendum gjaldeyri. Leyfi til framkvæmda utan Reykjavíkur séu veitt fyrir eitt ár í senn.

Verzlanir og fyrirtæki, sem fá þau innflutnings- og gjaldeyrisleyfi, er einstaklingum eru veitt samkv. 1. og 2. málsgr., skulu framvísa þeim hjá sýslumönnum og bæjarfógetum (í Reykjavík hjá fjárhagsráði). Þar séu upphæðir leyfanna lagðar saman og þeim skipt fyrir tölusett heildarleyfi, er innflytjendur síðan framvísa hjá tollyfirvöldum og bönkum.

Úthlutun innflutnings- og gjaldeyrisleyfa til kaupa á öðrum vörum en þeim, sem nefndar eru í 1. og 2. málsgr., fer eftir ákvörðun fjárhagsráðs og reglum, sem um það kunna að verða settar.

4. gr.

12. gr. laganna orðist svo:

Fjárhagsráð ráðstafar gjaldeyri til kaupa á þeim vörum erlendis, sem eigi þarf innflutningsleyfi fyrir, svo og til annarra nauðsynja.

Fjárhagsráð hefur heimild til að ráðstafa farmrými í skipum, sem íslenzkir aðilar hafa til vöruflutninga að og frá landinu, ef nauðsynlegt þykir.

Fjárhagsráð fer með verðlagsákvarðanir og verðlagseftirlit, að svo miklu leyti sem nauðsynlegt verður talið.

Ríkisstjórnin getur ákveðið skömmtun á einstökum vörutegundum, ef hún telur þess þörf, og skal þá framkvæmd skömmtunarinnar falin fjárhagsráði.

Ríkisstjórnin getur einnig ákveðið, að verzlunum og iðnaðarfyrirtækjum sé óheimilt að selja nafngreindar vörutegundir nema gegn innflutnings- og gjaldeyrisleyfum, enda sé þá jafnframt ákveðið hlutfall milli leyfisupphæðar og útsöluverðs vörunnar í hverjum vöruflokki.

5. gr.

Í stað orðanna „innflutnings- og gjaldeyrisdeildar“ í 1. málsgr. 13. gr. laganna komi: fjárhagsráðs.

6. gr.

15. gr. laganna orðist svo:

Fjárhagsráð getur ákveðið hámarksverð á hvers konar vörum, þar á meðal hámark álagningar, umboðslauna og annarrar þóknunar, sem máli skiptir um verðlag í landinu. Svo getur það og úrskurðað um aðra kostnaðarliði, sem til greina koma við verðlagningu á vörum. Þá getur fjárhagsráð einnig ákveðið gjöld fyrir flutninga á landi, sjó og í lofti, þar með talin farmgjöld og afgreiðslugjöld, enn fremur greiðslur til verktaka og verkstæða fyrir alls konar verk, svo sem pípu- og raflagningar, smíðar, málningu og veggfóðrun, saumaskap, prentun og því um líkt. Fjárhagsráð

getur enn fremur ákveðið hámarksverð á veitingum á greiðasölustöðum, fæði, snyrtingu, fatapressun og aðgöngumiðum að almennum skemmtunum og öðru slíku.

Ákvæði þessarar greinar taka ekki til vörutegunda, sem verðlagðar eru samkvæmt sérstökum lögum, né til vöru, sem seld er úr landi, eða launa fyrir verk, sem ákveðin hafa verið með samningum stéttarfélaga.

7. gr.

16. gr. laganna orðist svo:

Fjárhagsráð getur falið sérstökum trúnaðarmönnum eftirlit með verðlagi. Þeir, sem fara með verðlagseftirlit samkvæmt lögum þessum, geta krafið hvern sem er allra þeirra upplýsinga, skýrslna og annarra gagna, er þeir telja nauðsynleg í starfi sínu.

8. gr.

17. gr. laganna orðist svo:

Úrskurðum og ályktunum fjárhagsráðs um verðlagsmál verður ekki áfrýjað. Þó má taka mál til meðferðar á ný, ef ástæður hafa breytzt eða nýjar skýrslur komið fram, er máli skipta.

9. gr.

Upphaf 19. gr. laganna verði þannig:

Allar verðlagsákvarðanir, sem samþykktar eru af fjárhagsráði, skulu birtar þegar í stað, og ganga þær í gildi o. s. frv.

10. gr.

Í stað orðanna „innflutnings- og gjaldeyrisdeildar“ í 20. gr. laganna komi: fjárhagsráðs.

11. gr.

Upphaf 21. gr. laganna verði þannig:

Fjárhagsráðsmönnum og starfsmönnum fjárhagsráðs er bannað, o. s. frv.

12. gr.

Upphaf 22. gr. laganna orðist svo:

Hver sá, er vanrækir að láta fjárhagsráði eða starfsmönnum þess í té skýrslur þær, sem honum er skylt að gefa, o. s. frv.

13. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1949.

Greinargerð.

Á síðasta þingi, haustið 1947, var borið fram frumvarp um breytingar á lögum um fjárhagsráð, innflutningsverzlun og verðlagseftirlit, og var þar lagt til, að innflutnings- og gjaldeyrisleyfi til verzlana og iðnfyrirtækja fyrir skömmtunarvörum skyldi miða við afhenta skömmtunarseðla þeirra til viðskiptanefndar. Tillögur um þetta efni höfðu áður verið fluttar í fjárhagsráði af fulltrúum Framsóknarflokksins þar, Hermanni Jónassyni og Sigtryggi Klemenssyni. Með tillögum þessum var stefnt að því að veita almenningi óskertan ákvörðunarrétt um það, hjá hvaða verzlunum hann keypti skömmtunarvörurnar, og enn fremur að tryggja fullt samræmi í útgáfu skömmtunarseðla og veitingu innflutningsleyfa fyrir hinum skömmtuðu vörum.

Afdrif málsins á síðasta þingi urðu þau, að frumvarpið var samþykkt í neðri deild, en fellt með eins atkvæðis mun í efri deild þingsins.

Með flutningi þessa frv. er mál þetta tekið upp á ný. Samþykkt þessa frv. mundi koma verzlun með skömmtunarvörurnar í það horf, sem stefnt var að með frv. því, er flutt var á síðasta þingi. En hér er lagt til, að sú formsbreyting verði gerð, að vöruskömmtunin og úthlutun innflutnings- og gjaldeyrisleyfa verði sameinuð í eitt, þannig að framvegis verði innflutnings- og gjaldeyrisleyfum úthlutað til allra landsmanna í stað þeirra skömmtunarseðla, sem nú eru út gefnir. Með þeirri tilhögun er framkvæmd skömmtunar á nauðsynjavörum og leyfisveitinga til kaupa á þeim gerð einfaldari en nú er.

Í sambandi við þetta mál er ástæða til að minnast þess, að í s. l. febrúarmánuði var haldinn fundur í Reykjavík um viðskiptamál, og voru þar saman komnir yfir 20 fulltrúar frá kaupstöðum og kauptúnum á Norður-, Austur- og Vesturlandi. Allir fundarmenn voru á einu máli um það, að fyrirkomulagið á veitingu innflutnings- og gjaldeyrisleyfa væri óviðunandi fyrir allflest byggðarlög utan Reykjavíkur, þar sem fjöldi manna, er búa í öðrum landshlutum, þyrfti að leita til smásala í höfuðstaðnum um kaup á margs konar nauðsynjavörum, sökum vöruskorts á öðrum verzlunarstöðum. Á fundinum voru samþykktar tillögur um nýja tilhögun á veitingu innflutnings- og gjaldeyrisleyfa, og samkvæmt þeim skyldi úthlutun leyfa til verzlana í hverjum landsfjórðungi miðast við íbúatölu og vöruþarfir á því svæði.

Eftir að nefnd manna frá þessum fulltrúafundi hafði verið í Reykjavík í hálfan mánuð og rætt við fjárhagsráð og viðskiptanefnd, án þess að fá þar ákveðin svör við málaleitunum sínum, fól hún 8 alþingismönnum af Norður-, Austur- og Vesturlandi að ganga eftir svörum hjá þeim aðilum, er fara með viðskiptamálin, og vinna á annan hátt að framgangi málsins. Eftir að þingmennirnir höfðu rætt við viðskiptanefndina, tóku þeir þá ákvörðun að flytja tillögu um málið á Alþingi. Þar var máli þeirra yfirleitt vel tekið, og 24. marz s. l. var samþykkt í sameinuðu Alþingi, með 37 gegn 5 atkvæðum, ályktun um skiptingu innflutnings- og gjaldeyrisleyfa milli landshluta. Í þeirri ályktun var skorað á ríkisstjórnina að koma þeirri skipan á úthlutun innflutnings- og gjaldeyrisleyfa, sem gert var ráð fyrir í tillögunum frá fulltrúafundi verzlunarstaðanna.

Engar skýrslur hafa enn verið birtar um úthlutun innflutnings- og gjaldeyrisleyfa og því ekki kunnugt, hvort þessi þingsályktun hefur að einhverju leyti verið höfð til hliðsjónar við leyfisveitingar, síðan hún var samþykkt. En vöruskorturinn á verzlunarstöðum víða um land virðist sízt minni nú en á þeim tíma, þegar fulltrúafundurinn var haldinn, og bendir það til þess, að framkvæmd þessara mála sé enn langt frá því að vera í samræmi við áðurnefnda ályktun Alþingis frá 24. marz s. l.

Verði þetta frv. samþykkt, er þar með tryggt, að innflutnings- og gjaldeyrisleyfum fyrir þeim helztu nauðsynjavörum, sem almenningur þarf að nota, verði úthlutað í öll héruð landsins í samræmi við íbúatölu og vöruþörf, eins og að var stefnt með tillögum þeim, er samþykktar voru á fulltrúafundi verzlunarstaðanna á s. l. vetri.

Auk þess, sem þegar hefur verið nefnt, er hér lagt til, að þessar breytingar verði gerðar á lögunum um fjárhagsráð, innflutningsverzlun og verðlagseftirlit.

Innflutnings- og gjaldeyrisleyfi til kaupa á efni til framkvæmda, sem fjárfestingarleyfi þarf til, verði látin fylgja fjárfestingarleyfunum.

Fjárhagsráð annist úthlutun innflutnings- og gjaldeyrisleyfa, en innflutnings- og gjaldeyrisdeildin (viðskiptanefnd) verði lögð niður.

Vöruskömmtunin verði afnumin í því formi, sem hún nú er, sbr. þó næstsíðustu málsgr. 4. gr., og sú stofnun, sem nú annast skömmtunina, verði lögð niður.

Embætti verðlagsstjóra verði lagt niður, en fjárhagsráð hafi með höndum verðlagsákvarðanir og eftirlit með verðlagi, eftir því sem nauðsynlegt verður talið, enda geti ráðið falið sérstökum trúnaðarmönnum verðlagseftirlitið.

Skal hér gerð nokkru nánari grein fyrir þessum breytingartillögum.

Leyfi til innflutnings á nauðsynjavörum almennings hafa að undanförnu nær eingöngu verið veitt verzlunarfyrirtækjum, en ekki notendum vörunnar. Þrálátar deilur hafa staðið um skiptingu vöruinnflutningsins milli verzlana og landshluta. Verði sá háttur upp tekinn við veitingu innflutnings- og gjaldeyrisleyfanna, sem frv. þetta gerir ráð fyrir, að úthluta miklum hluta vöruinnflutningsins beint til notenda vörunnar, eru slíkar deilur um innflutning á þeim vörum settar niður, þar sem opinber íhlutun um það, hvaða aðilar flytja vörurnar til landsins, er þá úr sögunni. Ákvörðun um það verður þá á valdi allra landsmanna, sem fá innflutnings- og gjaldeyrisleyfin. Engin ástæða er til að óttast örðugleika manna við að hagnýta sér fengin leyfi, þar sem hér á landi er mikill fjöldi kaupsýslufyrirtækja, sem mun fúslega veita aðstoð við kaup á erlendum vörum.

Fjárhagsráð, skipað 5 mönnum, fer nú með stjórn á fjárfestingu, innflutnings- og gjaldeyrismálum, undir yfirstjórn ríkisstjórnarinnar. En önnur fimm manna nefnd, viðskiptanefndin, annast úthlutun innflutnings- og gjaldeyrisleyfa. Ekki virðist nauðsynlegt að hafa tvær nefndir við þessi störf, og er því lagt til, að viðskiptanefndin verði látin hætta störfum, en fjárhagsráð annist úthlutun innflutnings- og gjaldeyrisleyfanna.

Þeirri mótbáru kann að verða hreyft, að með því að fela fjárhagsráði úthlutun leyfanna sé hætta á, að það geti eigi unnið svo vel sem skyldi að öðrum verkefnum, sem því er ætlað að hafa með höndum, sem er stjórn á fjárfestingu landsmanna og heildarákvarðanir um utanríkisviðskiptin. En auðvelt ætti að vera að haga framkvæmd leyfisveitinganna þannig, að það verk eyði ekki of miklu af vinnutíma sjálfra ráðsmannanna frá öðrum störfum í ráðinu. Samkvæmt þeim tillögum, sem hér eru fram bornar, getur úthlutun innflutnings- og gjaldeyrisleyfanna að miklu leyti orðið verk skrifstofumanna í þjónustu fjárhagsráðs, þar sem úthlutun leyfa fyrir mestum hluta innflutningsins færi eftir fyrirfram ákveðnum reglum, og aðalstarf sjálfra fjárhagsráðsmannanna, varðandi úthlutunina, yrði eftir sem áður að taka ákvarðanir um upphæð leyfanna í heild.

Ein af undirdeildum fjárhagsráðs, skömmtunarskrifstofan, annast nú skömmtun á flestum helztu innfluttum nauðsynjavörum, sem almenningur þarf að nota. Hún gefur út skömmtunarseðla til allra landsmanna, og eiga þeir að gilda ákveðinn tíma. En reynslan hefur leitt í ljós, að fjöldi manna hefur ekki getað fengið keyptar vörur gegn skömmtunarseðlunum, nema að nokkru leyti. Mun þetta stafa af því, að seðlaútgáfa skömmtunarskrifstofunnar hefur verið í ósamræmi við innflutning á hinum skömmtuðu vörum. Þykir mönnum, að vonum, illt við þetta að búa.

Til þess að ráða bót á þessu er hér lagt til, að innflutnings- og gjaldeyrisleyfum fyrir þeim vörum, sem nú eru skammtaðar, verði framvegis úthlutað beint til notenda, jafnt til allra, en vöruskömmtunin verði afnumin í því formi, sem hún nú er. Í stað skömmtunarseðlanna fá menn þá innflutnings- og gjaldeyrisleyfi til kaupa á nauðsynjavörunum. Útgáfa og dreifing innflutnings- og gjaldeyrisleyfa til allra landsmanna þyrfti ekki að verða dýrari en útgáfa skömmtunarseðlanna er nú.

Með slíkri tilhögun er framkvæmd þessara mála gerð einfaldari en nú er. Veiting innflutningsleyfa og skömmtunin er þar með sameinuð í eitt. Um leið hverfur það ósamræmi, sem nú er í störfum fjárhagsráðs og undirdeilda þess á þessu sviði og mestu misrétti og vandræðum hefur valdið.

Um fjárfestingarleyfin, sem fjárhagsráð hefur gefið út, gildir að nokkru leyti það sama og um skömmtunarseðlana. Þess eru mörg dæmi, að handhafar fjárfestingarleyfanna hafa ekki getað fengið keypt efni til þeirra framkvæmda, sem leyfðar hafa verið. Hér er því lagt til, að allir þeir, sem fá fjárfestingarleyfi, fái jafnframt innflutnings- og gjaldeyrisleyfi fyrir því útlenda efni, sem þarf til framkvæmdanna.

Vel getur svo farið, að nauðsynlegt verði talið að skammta einstakar vörutegundir, aðrar en þær, sem úthlutað er til almennings samkv. 3. gr. frv., og er því ákvæði í næstsíðustu málsgr. 4. gr. um það, að fjárhagsráð skuli annast slíka skömmtun, ef hún verður ákveðin af ríkisstjórninni.

Til þess að tryggja það, að þær birgðir af skömmtunarvörum, sem kunna að vera til hjá verzlunum og iðnaðarfyrirtækjum, þegar lög þessi öðlast gildi, og þær vörur, sem fluttar verða inn síðar, dreifist hæfilega, er ákvæði í 4. gr. frv. um heimild fyrir ríkisstjórnina til að mæla svo fyrir, að ákveðnar, nafngreindar vörutegundir megi aðeins selja gegn innflutnings- og gjaldeyrisleyfum.

Með þeirri skipan viðskiptamálanna, sem frv. þetta gerir ráð fyrir, verður áreiðanlega minni þörf en nú er fyrir opinbert eftirlit með verðlagi á innfluttum vörum. Allir landsmenn fá þá í hendur innflutnings- og gjaldeyrisleyfi fyrir útlendum varningi og geta leitað aðstoðar við innkaupin hjá þeim verzlunarfyrirtækjum, sem þeir telja sér hagkvæmast að skipta við. Er þá verzlunin orðin svo frjálsleg sem hún getur orðið á haftatímum, og má þá vænta þess, að holl og eðlileg samkeppni skapist á verzlunarsviðinu, þrátt fyrir takmarkanir á innflutningi. En um leið minnkar þörfin fyrir opinbert verðlagseftirlit. Í frv. þessu er þó gert ráð fyrir, að fjárhagsráð fari með verðlagsákvarðanir og eftirlit með verðlagi, eftir því sem nauðsynlegt verður talið, og sé ráðinu heimilt að hafa sérstaka trúnaðarmenn sér til aðstoðar við þau störf, en hins vegar verði embætti verðlagsstjóra lagt niður.

Á fyrra helmingi ársins 1948 er talið, að kostnaðurinn við fjárhagsráð og deildir þess hafi numið samtals 1 milljón 619 þús. kr. Af þessari fjárhæð er kostnaður við ráðið sjálft um 418 þús. kr., en kostnaður við undirdeildir þess, þ. e. viðskiptanefndina, verðlagseftirlitið og skömmtunarskrifstofuna, samtals um 1 millj. 201 þús. kr. Sundurliðun á kostnaði við undirdeildirnar fyrstu 3 mánuði ársins liggur ekki fyrir, en á 2. ársfjórðungi, þ. e. mánuðina apríl—júní að báðum meðtöldum, kostuðu undirdeildirnar það, sem hér greinir:

Viðskiptanefndin	kr.	198 000.00
Verðlagseftirlitið	—	136 000.00
Skömmtunarskrifstofan	—	217 000.00

Eftir þessu að dæma má búast við, að kostnaður við þessar 3 undirdeildir fjárhagsráðs yfir árið verði samtals töluvert yfir 2 milljónir króna, en sjálft ráðið og skrifstofa þess kosti hátt upp í eina milljón.

Með því að afnema þessar 3 undirdeildar fjárhagsráðs, eins og hér er lagt til, sparast sennilega nokkur útgjöld. Að vísu má búast við, að fjárhagsráð þurfi að auka við starfslið sitt, ef það tekur við þeim verkefnum, sem frv. ætlar því, og útgáfa og dreifing innflutnings- og gjaldeyrisleyfanna myndi sennilega kosta svipaða upphæð og skömmtunarseðlarnir nú, en hækkun kostnaðar hjá ráðinu myndi þó tæplega nema þeirri fjárhæð, sem undirdeildirnar kosta nú. Og þess er einmitt brýn þörf að draga úr þeim mikla kostnaði, sem nú er orðinn við ríkisreksturinn, með því að gera starfskerfið einfaldara.

Um einstakar greinar frv. skal þetta enn fremur tekið fram:

Um 1. gr.

2. málsgr. 9. gr. laganna er um reglugerð varðandi hinar einstöku deildir fjárhagsráðs, en þar sem lagt er til í frv. þessu, að undirdeildirnar verði lagðar niður, eiga reglugerðarákvæði um þær einnig að sjálfsögðu að falla úr gildi. Í 25. gr. laganna eru fullnægjandi fyrirmæli um útgáfu reglugerðar um framkvæmd laganna.

Um 2. gr.

Ákvæði greinarinnar eru efnislega samhljóða þeim fyrirmælum, sem nú gilda, að öðru leyti en því, að fjárhagsráði er ætlað að úthluta gjaldeyris- og innflutningsleyfunum í stað þeirrar sérstöku nefndar, viðskiptanefndarinnar, sem nú úthlutar leyfunum í umboði fjárhagsráðs.

Um 3. gr.

Samkv. 1. málsgr. á að úthluta innflutnings- og gjaldeyrisleyfum til kaupa á kornvörum, kaffi og sykri, ávöxtum og grænmeti, fatnaði og vefnaðarvörum, skófatn-

aði, búsáhöldum og hreinlætisvörum, til einstaklinga, jafnt til allra landsmanna. Þó sé heimilt að úthluta allt að 15% af heildarinnflutningi á þessum vörum eftir öðrum reglum. T. d. getur verið nauðsynlegt að veita stofnunum, er starfa í þágu almennings, svo sem sjúkrahúsum, veitingahúsum og skólum, leyfi til innflutnings á nokkru af þeim vörum, sem hér eru nefndar. Þá sé og heimilt að veita aukaleyfi til þeirra, sem vegna atvinnu sinnar þurfa meira en aðrir af einstökum vörutegundum. Má í því sambandi nefna t. d. vinnuföt og sjóklæði, kaffi og sykur til sjómanna og rúgmjöl til sláturgerðar.

Innflutnings- og gjaldeyrisleyfin eiga að gilda fyrir ákveðnar fjárhæðir, eins og nú er, þó með þeirri undantekningu, að leyfi fyrir kornvörum, kaffi og sykri gildi til kaupa á ákveðnu vörumagni. Er þetta ákvæði sett til þess, að verðbreytingar hafi ekki áhrif á það magn af þessum vörutegundum, sem úthlutað verður. Sérstakar reglur verði settar um gjaldeyrissölu bankanna gegn þeim leyfum, sem miðuð eru við vörumagn, en ekki fjárhæð. Leyfi fyrir þeim vörum, sem nefndar eru í upphafi greinarinnar, verði veitt fyrir eigi skemmri tíma en 6 mánuði í einu. Vitanlega væri æskilegt, að leyfi væru gefin út í einu lagi fyrir heilt ár, ef viðskipaástæður væru þannig, að það teldist fært.

Nokkuð af þeim vörum, sem nefndar eru hér að framan, er framleitt innanlands, t. d. skófatnaður og hreinlætisvörur, en til þeirrar framleiðslu þarf innflutt efni. Er því lagt til, að nokkur hluti leyfa, sem veitt eru fyrir slíkum vörum, gildi fyrir hráefni, en ekki fullunnar vörur.

Innflutings- og gjaldeyrisleyfi til einstaklinga þurfa að vera þannig úr garði gerð, að hverjum vöruflokki sé skipt niður í nokkrar einingar á leyfunum, eins og nú er á skömmtunarseðlunum, til þess að menn þurfi ekki að kaupa hverja vörutegund í einu lagi eða á sama stað. Ekki mætti ógilda eldri leyfi um leið og öðrum nýjum er úthlutað, þar sem útvegun á vörum tekur nú oft langan tíma. Úthlutun leyfanna til einstaklinga mætti haga á sama hátt og úthlutun skömmtunarseðlanna nú.

Í 2. málsgrein er ákvæði um útgáfu innflutnings- og gjaldeyrisleyfa fyrir efni til framkvæmda, sem fjárfestingarleyfi eru veitt til, og verði þau látin fylgja fjárfestingarleyfunum til allra þeirra einstaklinga og fyrirtækja, sem fá slík leyfi. Þetta gildir þó ekki um þá hluti til framkvæmdanna, sem kosta innan við 200 krónur í erlendum gjaldeyri.

Verzlanir og fyrirtæki, sem fá innflutnings- og gjaldeyrisleyfin hjá einstaklingum og annast vörukaupin frá útlöndum, geta vitanlega ekki framvísað öllum þeim smáu leyfum við tollyfirvöldin og bankana. Eru því sett fyrirmæli um það, að þessir aðilar skuli fá leyfunum frá einstaklingum skipt fyrir stærri heildarleyfi. Í Reykjavík er fjárhagsráði ætlað að annast þessi skipti, en sýslumönnum og bæjarfógetum annars staðar á landinu. Heildarleyfin séu tölusett, til þess að innflytjendur geti gefið upp númer þeirra um leið og þeir panta vörurnar, eins og nú er gert.

Samkv. síðustu málsgr. greinarinnar er gert ráð fyrir, að úthlutun innflutnings- og gjaldeyrisleyfa fyrir öðrum vörum en þeim, sem fyrirmæli eru um í 1. og 2. málsgr., fari eftir ákvörðunum fjárhagsráðs og reglum, sem um það kunna að verða settar. Þó að ekki séu sett ákveðin fyrirmæli um úthlutun á þessum vörum, er þess að vænta, að hún verði framkvæmd í sem fyllstu samræmi við þá stefnu, sem mörkuð er í frv. þessu, að veita leyfin, að svo miklu leyti sem unnt er, beint til þeirra, sem þurfa að nota vörurnar.

Um 4. gr.

Í þessa grein eru tekin upp ákvæði úr gildandi lögum, með þeirri breytingu, að fjárhagsráði er ætlað að framkvæma það, sem nú heyrir undir þær deildir ráðsins, sem hér er lagt til, að hætti störfum. Meðal annars er þar ákveðið, að verði talið nauðsynlegt að skammta einstakar vörutegundir, sem ekki eru nefndar í 1. og 2.

málsgr. 3. greinar, skuli fjárhagsráð annast skömmtunina. Þar undir kemur t. d. benzínskömmtunin, verði henni haldið áfram.

Þá er og ákveðið, að ríkisstjórninni sé heimilt að mæla svo fyrir, að verzlunum og iðnaðarfyrirtækjum sé óheimilt að selja ákveðnar, nafngreindar vörutegundir öðruvísi en gegn innflutnings- og gjaldeyrisleyfum. Er þetta nauðsynlegt ákvæði til þess að koma í veg fyrir, að þær vörubirgðir, sem til eru í landinu, verði seldar hverjum sem hafa vill, utan við þá vörujöfnun, sem nú eru þörf fyrir.

Upphæðir útgefinna innflutnings- og gjaldeyrisleyfa miðast við verð vörunnar í erlendum gjaldeyri, en innlendur kostnaður er þar ekki innifalinn. Eru því hér fyrirmæli um, að ákveðnar skuli hlutafallstölur leyfisupphæðar og útsöluverðs vöru í hverjum vöruflokki, til þess að unnt sé að ákveða, hversu mikla fjárhæð í innflutningsleyfum þarf að afhenda verzlunum fyrir hverjar 100 krónur af útsöluverði vörunnar.

Um 8.—10. gr.

Þær breytingar, sem þessar greinar fjalla um, eru í sambandi við þá tillögu, sem áður er getið, að fjárhagsráð fari með verðlagsákvarðanir og verðlagseftirlit, í stað þess að sérstök stofnun fari með þau mál.

Um 11. og 12. gr.

Leiðréttingar í samræmi við aðrar greinar frv.

Nd. 38. Frumvarp til laga [35. mál]

um breyting á lögum nr. 70 1947, um fjárhagsráð, innflutningsverzlun og verðlagseftirlit.

Flm.: Sigfús Sigurhjartarson.

1. gr.

Á eftir 2. málsgr. 1. liðar 12. gr. laganna kemur: Meðan fleiri eða færri vörutegundir eru háðar skömmtun til neytenda, skulu innflutnings- og gjaldeyrisleyfi til verzlana eða iðnfyrirtækja fyrir hinni skömmtuðu vöru vera í samræmi við afhenta skömmtunarseðla þeirra til viðskiptanefndar. Komi í ljós, að verzlun eða iðnfyrirtæki hafi í byrjun skömmtunartímabils haft óeðlilega litlar birgðir, skal veita henni fyrirframleyfi eftir nánar tilteknum reglum.

Viðskiptamanni skal heimilt, ef verzlun eða iðnfyrirtæki hefur eigi nægilega mikið af tiltekinni skömmtunarvöru til að fullnægja eftirspurn, að afhenda verzluninni skömmtunarseðla sína og fela henni að annast útvegun vörunnar fyrir sig, enda ber þá að veita henni innflutnings- og gjaldeyrisleyfi til þess.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Frumvarp þetta var flutt á síðasta Alþingi og náði samþykki neðri deidar, en var fellt í efri deild með eins atkvæðis mun. Frumvarpi þessu fylgdi þá ýtarleg greinargerð, og vísast til hennar.

Nd. 39. Frumvarp til laga [36. mál]

um breyting á lögum nr. 42 5. apríl 1948, um útflutning og innflutning á íslenzkum og erlendum gjaldeyri.

(Lagt fyrir Alþingi á 68. löggjafarþingi, 1948.)

1. gr.

2. og 3. málsliður 1. mgr. 3. gr. laganna orðist svo:

Erlendan gjaldeyri, sem menn flytja til landsins, er eigi heimilt að selja öðrum en Landsbanka Íslands eða Útvegsbanka Íslands h/f, og skulu bankarnir færa upphæð hins selda gjaldeyris inn í vegabréf seljanda, ef hann er búsettur erlendis.

2. gr.

Lög þessi öðlast gildi þegar í stað.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Um frumvarp þetta, sem lagt er fyrir Alþingi samkvæmt 28. gr. stjórnarskrárinnar, vísast til fylgiskjals hér á eftir.

Fylgiskjal.

Bráðabirgðalög um breyting á lögum nr. 42 5. apríl 1948, um útflutning og innflutning á íslenzkum og erlendum gjaldeyri.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Viðskiptamálaráðherra hefur tjáð mér, að samkvæmt áliti tollstjórans og lögreglustjórans í Reykjavík sé erfitt að framkvæma ákvæði 3. gr. laga nr. 42 5. apríl 1948, um útflutning og innflutning á íslenzkum og erlendum gjaldeyri, sem skylda menn til að afhenda útlendingaeftirlitinu erlenda peningaseðla og erlenda skiptimynt, sem þeir flytja með sér frá útlöndum.

Vegna þessa gef ég út, samkvæmt 28. gr. stjórnarskrárinnar, svo hljóðandi bráðabirgðalög um breyting á lögum nr. 42 5. apríl 1948, um útflutning og innflutning á íslenzkum og erlendum gjaldeyri:

1. gr.

2. og 3. málsliður 3. gr. laganna orðist svo:

Erlendan gjaldeyri, sem menn flytja til landsins, er eigi heimilt að selja öðrum en Landsbanka Íslands eða Útvegsbanka Íslands h/f, og skulu bankarnir færa upphæð hins selda gjaldeyris inn í vegabréf seljanda, ef hann er búsettur erlendis.

2. gr.

Lög þessi öðlast gildi þegar í stað..

Gjört í Reykjavík, 16. júní 1948.

Sveinn Björnsson.

Emil Jónsson.

Nd. 40. Breytingartillaga [6. mál]

við frv. til l. um breyt. á vegalögum, nr. 34 22. apríl 1947.

Frá Jóni Sigurðssyni og Steingrími Steinþórssyni.

Við 1. gr. Aftan við gr. bætist:
Á C-lið sömu gr. laganna eru gerðar þessar breytingar:

1. C. 12 skal orða svo:
   Skagavegur: Af Gönguskarðsvegi hjá Skíðastöðum út Laxárdal að Hrauni.
2. Á eftir C. 12 kemur nýr liður:
   Reykjastrandarvegur. Af Gönguskarðsvegi hjá Skarði að Reykjum á Reykjaströnd.
3. Á eftir C. 13 kemur nýr liður:
   Sæmundarhliðarvegur: Af Sauðárkróksvegi hjá Geitagerði að Fjalli í Sæmundarhlíð.
4. Á eftir C. 14 kemur nýr liður:
   Dalavegur: Af Skagafjarðarvegi hjá Tunguhálsi um Jökulsárbrú hjá Goðdölum og Bústaði að Skatastöðum í Austurdal.
5. C. 18 orðast þannig:
   Hólavegur: Af Hofsósvegi hjá Miklhóli um Viðvík og Laufskálaholt að Hólum.
6. Á eftir C. 18 kemur nýr liður:
   Deildardalsvegur: Af Hofsósvegi að Kambi í Deildardal.

Nd. 41. Breytingartillögur [6. mál]

við frv. til l. um breyt. á vegalögum, nr. 34 22. apríl 1947.

Frá Helga Jónassyni og Ingólfi Jónssyni.

Við 1. gr. Framan við greinina bætist:

1. Á eftir A. 29 í 2. gr. laganna koma 2 nýir liðir:
   a. *Hamravegur:* Af þjóðveginum vestan við Hárbugsstaði að Syðri-Hömrum og Hamrahól.
   b. *Vetleifsholtsvegur:* Af þjóðveginum utan við Ægissíðu að Vetleifsholti.
2. Á eftir A. 33 í sömu lagagr. koma 2 nýir liðir:
   a. *Gunnarsholtsvegur:* Af þjóðveginum vestan við Varmadal um Gunnarsholt, Kot að Næfurholti.
   b. *Rangárvallavegur efri:* Af þjóðveginum utan við Eystri-Rangá um Stóra-Hof, Reyðarvatn, Geldingalæk, Heiði, Þingskála að Kaldbak.
3. Á eftir A. 35 í sömu lagagr. koma 4 nýir liðir:
   a. *Hólmvegur:* Af Landeyjavegi syðri hjá Búðarhóli um Guðnastaði að Hólmum.
   b. *Skúmsstaðavegur:* Af Bakkabæjarvegi hjá Bakkakoti að Skúmsstöðum um Grímsstaði að Ytri-Hól.
   c. *Rauðafellsvegur:* Um Seljavelli, Selkot, Raufarfell að Rauðafelli.
   d. *Mýravegur:* Af þjóðveginum hjá Fitjarmýri um Nýjabæ, Lambhúshól á þjóðveginn móts við Hvamm.

Ed. 42. Breytingartillögur [32. mál]

við frv. til l. um breyt. á vegalögum, nr. 34 22. apríl 1947.

Frá Þorsteini Þorsteinssyni.

Á eftir d-lið 1. gr. frv. bætast tveir stafliðir, svo hljóðandi:

a. Á eftir B. 33 bætast tveir nýir töluliðir:
   1. *Hörðudalsvegur:* Frá Skógarstrandarvegi að Hlíð.
   2. *Miðdalsvegur:* Frá þjóðveginum við Tunguá um Svarfhól að Fellsenda.

b. Á eftir B. 37 bætist nýr liður:
   Efribyggðarvegur: Frá þjóðveginum (Klofningsvegi) hjá Helluá um Túngarð og Stórutungu á þjóðveginn utan Kjarlaksstaða.

Sþ. 43. Fyrirspurn [37. mál]

til atvinnumálaráðherra um raforkumál.

Frá Páli Zóphóníassyni og Páli Þorsteinssyni.

Hefur ríkisstjórnin gert ráðstafanir til þess, að fullnægt verði sem fyrst rafmagnsþörf þeirra heimila í landinu, sem geta ekki fengið raforku frá stórum vatnsaflsstöðvum?

Ed. 44. Breytingartillaga [32. mál]

við frv. til l. um breyt. á vegalögum, nr. 34 22. apríl 1947.

Frá Birni Kristjánssyni.

Á eftir k-lið 1. gr. frv. bætist nýr stafliður, svo hljóðandi:
Á eftir C. 44 kemur nýr töluliður, er verður C. 45.
Eiðisvegur: Af Langanesvegi hjá Heiði að Eiði.

Nd. 45. Frumvarp til laga [38. mál]

um útrýmingu minka.

Flm.: Jörundur Brynjólfsson, Pétur Ottesen.

1. gr.

Frá 1. janúar 1949 skal minkaeldi með öllu bannað í landinu, og skal öllum aliminkum lógað fyrir þann tíma.

2. gr.

Landbúnaðarráðuneytið skal hafa eftirlit með eyðingu minka samkvæmt lögum þessum.

3. gr.

Sérstakar ráðstafanir skulu gerðar til útrýmingar villiminka.

4. gr.

Skylt er hreppsnefndum á þeim svæðum, þar sem vart hefur orðið villiminka, að gera skýrslur um útbreiðslu þeirra og dvalarstaði, eftir því sem unnt er. Skýrslur þessar sendir hreppsnefnd hlutaðeigandi sýslumanni.

5. gr.

Sýslumaður ákveður, að fram fari að minnsta kosti tvisvar á ári, að vetrar- og og vorlagi, allsherjar útrýming á þeim svæðum í lögsagnarumdæminu, þar sem villiminka hefur orðið vart.

Sýslumaður ákveður hverju sinni, hvenær útrýming skuli fram fara.

6. gr.

Hreppsnefnd sér um framkvæmd útrýmingarinnar eftir fyrirlagi sýslumanns.

7. gr.

Nú verður vart villiminka, eftir að allsherjar útrýming fór fram, og er hreppsnefnd þá skylt að ráða einn eða fleiri menn til útrýmingar dýranna.

8. gr.

Nú vinna menn villiminka, án þess að þeir hafi verið ráðnir til þess, og skulu þeir þá fá verðlaun úr ríkissjóði, allt að 60 kr. fyrir hvert dýr, sem unnið er, og hefur oddviti á hendi greiðslu verðlaunanna.

9. gr.

Skylt er mönnum að hlíta fyrirmælum hreppsnefndar um útrýmingu villiminka, enda fái þeir greiðslu úr ríkissjóði fyrir starfa sinn samkvæmt ákvæðum reglugerðar, er landbúnaðarráðuneytið setur. Auk þeirrar greiðslu, er hér um ræðir, skulu menn þessir, þegar þeir vinna að útrýmingu á vegum hreppsnefndar, fá hálf verðlaun samkvæmt ákvæðum 8. greinar fyrir hvert dýr, sem þeir vinna.

10. gr.

Landbúnaðarráðuneytið setur reglugerð um nánari framkvæmd laga þessara, svo sem hverra sannana beri að krefjast fyrir drápi villiminka, til þess að verðlaun skuli veitt.

11. gr.

Brot gegn lögum þessum og reglugerðum, er settar verða samkvæmt þeim, varða sektum, 200 til 5000 kr., nema þyngri refsing liggi við að lögum.

12. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Frumvarp um þetta efni var flutt á síðasta þingi, en hlaut ekki afgreiðslu.

Um ástæðurnar fyrir málinu vísast til greinargerðar þeirrar, er færð var fyrir málinu í fyrra (þingskjal 129).

Til viðbótar þeim ástæðum, er áður voru færðar, skal þess getið, að nú eru fengnar sannanir fyrir því, að villiminkur er kominn í Dalasýslu, Eyjafjarðarsýslu og Suður-Þingeyjarsýslu. Og í tveimur eyjum Breiðafjarðar varð hans vart í varplandinu í vor, er leið. Útlit er fyrir, að til auðnar horfi um helztu landsnytjar, æðarvarp, silungs- og laxveiðinot í flestum ám og vötnum, ef ekki er hafizt nú þegar handa um útrýmingu þessa skaðræðisdýrs.

Frumvarp þetta er um ýmis framkvæmdaratriði allmiklu fyllra en áður var, og verður gerð grein fyrir því í framsögu.

Nd. 46. Frumvarp til laga [39. mál]

um breyting á lögum nr. 80 11. júní 1938, um stéttarfélög og vinnudeilur.

Flm.: Jóhann Hafstein, Gunnar Thoroddsen, Sigurður Kristjánsson, Sigurður Bjarnason, Stefán Stefánsson, Ingólfur Jónsson, Sigurður E. Hlíðar, Jón Pálmason, Jón Sigurðsson, Pétur Ottesen, Auður Auðuns, Ólafur Thors.

1. gr.

Á eftir fyrri málsl. fyrri mgr. 3. gr. laganna komi nýr málsl.:

Skylt er að viðhafa hlutfallskosningu innan stéttarfélaga til stjórnar- og trúnaðarstarfa og við kosningu fulltrúa stéttarfélaga til stéttarsambands, ef ⅕ hluti félagsmanna krefst þess.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Frumvarp samhljóða þessu var flutt á haustþinginu 1946, og þykir nægja að vísa hér til greinargerðarinnar með því frumvarpi.

Ástæðan til þess, að málið er tekið upp aftur nú, er einkum sú, að sú reynsla, sem fengin er af þessum málum, síðan þingið felldi sams konar frumvarp fyrir tveimur árum, sýnir á mjög ótvíræðan hátt, að þær mótbárur, sem þá voru einkum hafðar á lofti gegn frumvarpinu, hafa ekki við rök að styðjast, en þvert á móti hafa átökin innan verkalýðssamtakanna, ekki sízt nú upp á síðkastið, mjög greinilega staðfest nauðsyn þess, að lýðræðislegra kosningafyrirkomulag og þar af leiðandi lýðræðislegri stjórnarhættir geti átt sér stað innan stéttarsamtaka verkalýðsins.

Nd. 47. Frumvarp til laga [40. mál]

um breyting á lögum nr. 6 10. janúar 1935, um tekjuskatt og eignarskatt.

Flm.: Gunnar Thoroddsen, Jóhann Hafstein, Sigurður Bjarnason.

1. gr.

Aftan við 9. grein laga nr. 6 1935, um tekjuskatt og eignarskatt, komi nýr stafliður, svo hljóðandi:

e. Eignaauki, er stafar af aukavinnu, sem einstaklingar leggja fram utan reglulegs vinnutíma við byggingu íbúða til eigin afnota. Fjármálaráðherra setur um þetta nánari reglur.

2. gr.

Tekjuskatt álagðan árið 1948 skal ákveða að nýju í samræmi við ákvæði 1. greinar, ef skattgreiðandi krefst þess innan þriggja mánaða frá gildistöku þessara laga.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Ýmsir efnaminni borgarar hafa lagt mjög að sér til þess að koma upp yfir sig íbúð, hafa unnið hverja frístund, kvöldvinnu, helgidagavinnu, til þess að fá þak yfir höfuðið.

En margir þessara manna hafa orðið mjög hart úti vegna þungra skatta. Skattayfirvöldin hafa metið aukavinnu þeirra við íbúðirnar til tekna og lagt á þá tekju-

skatt í samræmi við það. Hefur þetta stundum komið svo hart niður, að um þær mundir, er menn loks eftir mikið erfiði hafa lokið smíði íbúðarhúss, lenda þeir í algerum greiðsluþrotum vegna skattanna og jafnvel neyðast til að selja húsin.

Nú er það rík þjóðfélagsleg nauðsyn hér, eins mikil og húsnæðisvandræðin eru víða um land, að hvetja menn sem mest til þess að koma sjálfir upp íbúðum og ekki sízt að leggja fram eigin vinnu í það. Virðist sjálfsagt, að löggjafinn fremur hvetji menn til þess en dragi úr þeim með skattaálögum, sem koma hér mjög þungt niður, þar sem menn hafa í slíkum tilfellum ekki fengið beinar peningagreiðslur fyrir vinnu sína, heldur aðeins þann eignaauka, sem stendur fastur í húseigninni.

Frumvarp þetta fer fram á, að sá eignaauki, sem stafar af eigin aukavinnu manna við að byggja íbúð til eigin afnota, skuli ekki metinn til tekna, og jafnframt ákveðið, að tekjuskattinn fyrir yfirstandandi ár skuli endurskoða í slíkum tilfellum, ef skattgreiðandinn óskar þess.

Ed. 48. Breytingartillögur [27. mál]

við frv. til l. um breyt. á l. nr. 84 6. júlí 1932, um bifreiðaskatt o. fl.

Frá Ásmundi Sigurðssyni.

1. Í stað orðanna „á árinu 1948“ í fyrri málslið fyrstu gr. komi: frá og með 1. jan. 1948.
2. Á eftir greininni komi ný málsgrein, svo hljóðandi:
   Þeim tekjum, er fást samkvæmt ákvæðum laga þessara, skal varið til brúargerða, og skal fyrst byggja brú á Jökulsá í Lóni.

Ed. 49. Nefndarálit [11. mál]

um frv. til l. um heimild fyrir ríkisstjórnina til að innheimta skemmtanaskatt með viðauka árið 1949.

Frá fjárhagsnefnd.

Nefndin hefur athugað frumvarpið og leggur til, að það verði samþykkt óbreytt.

Alþingi, 28. okt. 1948.

Björn Ólafsson, form., frsm.	Guðm. Í. Guðmundsson, fundaskr.	Þorst. Þorsteinsson,
Bernh. Stefánsson.	Brynjólfur Bjarnason.	

Ed. 50. Nefndarálit [26. mál]

um frv. til laga um skattfrelsi vinninga o. fl. varðandi fyrirhuguð happdrættislán ríkissjóðs.

Frá fjárhagsnefnd.

Nefndin hefur athugað frv. nú í dag á fundi sínum, og er hún sammála um að mæla með því óbreyttu.

Alþingi, 28. okt. 1948.

Björn Ólafsson, form.	Guðm. Í. Guðmundsson, fundaskr.	Þorst. Þorsteinsson, frsm.
Bernh. Stefánsson.	Brynjólfur Bjarnason.	

Nd. 51. Breytingartillaga [6. mál]

við frv. til l. um breyt. á vegalögum, nr. 34 22. apríl 1947.

Frá Halldóri Ásgrímssyni.

Á eftir 4. lið 1. gr. frv. kemur:

1. Á eftir D. 5 kemur nýr liður:
   Sunnudalsvegur: Af þjóðveginum sunnan Hofsár um Hrappsstaði, Borgir, Síreksstaði að Hofi.
2. Á eftir D. 12 koma nýir liðir:
   a. *Hjaltastaðarvegur:* Af Úthéraðsvegi hjá Gagnstöð um Sandbrekku að Hjaltastað.
   b. *Borgarfjarðarvegur:* Af þjóðveginum hjá kauptúninu Bakkagerði inn Borgarfjörð norðan Fjarðarár um Húsavíkurheiði til Húsavíkur.

Ed. 52. Nefndarálit [27. mál]

um frv. til l. um breyt. l. nr. 84 6. júlí 1932, um bifreiðaskatt o. fl.

Frá meiri hl. fjárhagsnefndar.

Nefndin hefur athugað frumvarpið, og leggur undirritaður meiri hl. til, að það verði samþ. óbreytt.

Alþingi, 28. okt. 1948.

Björn Ólafsson, form.	Guðm. Í. Guðmundsson, fundaskr., frsm.	Þorst. Þorsteinsson.
	Bernh. Stefánsson.	

Sþ. 53. Tillaga til þingsályktunar [41. mál]

um endurskoðun laga um veiði, friðun fugla og eggja o. fl.

Flm.: Páll Þorsteinsson, Jón Gíslason.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að láta endurskoða lagafyrirmæli, er felast í tilskipun um veiði á Íslandi frá 20. júní 1849, og lög nr. 59 1913, um friðun fugla og eggja, og leggja síðan fyrir Alþingi frumvarp um þetta efni. Enn fremur að láta undirbúa löggjöf um vernd staða, sem eru sérstaklega merkir af sögu sinni eða náttúru.

Greinargerð.

Tillaga um sama efni var flutt á síðasta þingi, en hlaut þá ekki afgreiðslu. Þá fylgdi tillögunni svolátandi greinargerð:

„Það er kunnara en frá þurfi að segja, að ágengni er mikil um veiði fugla og annarra dýra, jafnvel svo, að óboðnir gestir vaða inn á lönd jarðeigenda í slíkum erindum. Lagaákvæði um þetta efni er að finna í tilskipun frá 1849. Lætur að líkum, að þau ákvæði, sem eru nálega aldar gömul, þurfi endurskoðunar við. Einnig er ástæða til að endurskoða lög um friðun fugla og eggja.

Lög um verndun fornminja fjalla um fornleifar, fornminjar og forngripi, þar sem menn hafa einhvern tíma lagt hönd að verki, en ná ekki til þess, sem til er orðið af náttúrunnar völdum, þótt merkilegt sé á einn eða annan hátt. Engin almenn laga-

fyrirmæli eru heldur til um náttúrufriðun. Vissir staðir, sem merkir eru vegna sögulegra atburða eða hafa til að bera náttúrufræðileg sérkenni, njóta ekki þeirrar vendar, sem vera ber. Hér er því lagt til, að ríkisstjórninni sé falið að láta undirbúa löggjöf um þetta efni. Að sjálfsögðu hafa náttúrufræðingar bezta þekkingu á þessu sviði, svo að vel færi á því, að undirbúningur sá að nýrri löggjöf og endurskoðun eldri laga, sem gert er ráð fyrir í tillögunni, verði gerður með aðstoð rannsóknaráðs ríkisins og forstöðumanns náttúrugripasafnsins."

Sþ. 54. Frumvarp til fjárlaga [42. mál]

fyrir árið 1949.

(Lagt fyrir Alþingi á 68. löggjafarþingi, 1948.)

I. KAFLI

Tekjur:

1. gr.

Árið 1949 er ætlazt til, að tekjur ríkissjóðs verði svo sem talið er í 2.—5. gr. og að þeirra verði aflað með tekjugreinum, sem þar eru taldar.

2. gr.

Áætlað er, að þessir skattar og tollar nemi:

	kr.	kr.
1. Tekju- og eignarskattur, að meðtöldum tekjuskattsauka	40 000 000	
2. Stríðsgróðaskattur 6000000		
Þar af hluti bæjar- og sveitarfélaga 3000000		
	3 000 000	
		43 000 000
3. Vörumagnstollur	20 000 000	
4. Verðtollur	60 000 000	
5. Innflutningsgjald af benzíni	4 000 000	
6. Gjald af innlendum tollvörum	3 000 000	
		87 000 000
7. Söluskattur		34 000 000
8. Fasteignaskattur	600 000	
9. Lestagjald af skipum	250 000	
10. Bifreiðaskattur	3 500 000	
		4 350 000
11. Aukatekjur	1 800 000	
12. Stimpilgjald	4 500 000	
13. Vitagjald	900 000	
14. Leyfisbréfagjald	150 000	
15. Erfðafjárskattur	300 000	
16. Veitingaskattur	1 500 000	
17. Útflutningsleyfisgjald	300 000	
		9 450 000
Samtals ...	. . .	177 800 000

3. gr.

Tekjur af rekstri ríkisstofnana eru áætlaðar:

	kr.	kr.
A.		
1. Rekstrarhagnaður landssímans	1 219 000	
2. — áfengisverzlunar	42 000 000	
3. — tóbakseinkasölu	17 500 000	
4. — ríkisútvarps	373 912	
5. — ríkisprentsmiðju	200 000	
6. — trésmiðju	90 000	
7. — olíuskipsins Þyrill	600 000	
		61 982 912
Samtals ...	. . .	61 982 912
Sundurliðun.		
1. Póstsjóður.		
I. Tekjur		6 850 000
II. Gjöld:		
1. Póststjórnarkostnaður	357 000	
2. Póststofan í Reykjavík	2 600 000	
3. Önnur pósthús	1 550 000	
4. Póstflutningar	1 950 000	
5. Önnur gjöld	389 000	
6. Fyrning	4 000	
		6 850 000
2. Landssíminn.		
I. Tekjur		19 460 000
II. Gjöld:		
a. Til notendasíma í sveitum að frádregnum stofngjöldum	300 000	
b. Til starfrækslu landssímanna m. m.:		
1. Kostnaður af aðalskrifstofu landssímans 825000		
2. Ritsímann í Reykjavík 2514000		
3. Loftskeytastöðin í Reykjavík 295000		
4. Stuttbylgjustöðin í Reykjavík 470000		
5. Bæjarsíminn í Reykjavík og Hafnarfirði að frádregnum stofngjöldum 3300000		
6. Áhaldahúsið 290000		
7. Ritsíminn á Akureyri 631000		
8. Ritsíminn á Seyðisfirði 300000		
9. Ritsímastöðin á Ísafirði 325000		
10. Símastöðin á Borðeyri 195000		
11. Símastöðin í Vestmannaeyjum 296000		
12. Símastöðin á Siglufirði 400000		
13. Til annarra símstöðva og eftirlitsstöðva 2300000		
	12 141 000	

3. gr.

	kr.	kr.
c. Eyðublöð, prentkostnaður, ritföng m. m.	300 000	
d. Viðbót og viðhald stöðva	1 100 000	
e. Viðhald landssímanna	3 300 000	
f. Framhaldsgjald	190 000	
g. Ýmis gjöld	100 000	
h. Fyrning á húsum og áhöldum	330 000	
i. Vextir af lánum	480 000	
		18 241 000
Fært á 3. gr. A. 1	. . .	1 219 000
Eignabreytingar landssímans.		
Út.		
I. Afborganir af lánum og til húsakaupa		600 000
II. Til viðauka símakerfa, smærri efnis- og áhaldakaupa		500 000
III. Til talstöðva í báta og skip		150 000
IV. Til loftskeytastöðva í skip		100 000
V. Til stækkunar á sjálfvirku stöðinni í Reykjavík		500 000
VI. Til stuttbylgjusambands við Vestmannaeyjar		400 000
Fært á 20. gr. Út I. 2. og II.	. . .	2 250 000
3. Áfengisverzlun ríkisins.		
I. Tekjur (brúttó hagnaður)		46 290 000
II. Gjöld:		
1. a. Grunnlaun 391080		
b. Verðlagsuppbót 782160		
	1 173 240	
2. Kostnaður við áfengisútsölur	415 000	
3. Annar rekstrarkostnaður	701 760	
4. Útsvar	2 000 000	
		4 290 000
Fært á 3. gr. A. 2	. . .	42 000 000
4. Tóbakseinkasala ríkisins.		
I. Tekjur (brúttó hagnaður)		19 570 000
II. Gjöld:		
a. Laun:		
1. Grunnlaun 180946		
2. Verðlagsuppbót 361892		
	542 838	
b. Annar rekstrarkostnaður	777 162	
c. Útsvar	750 000	
		2 070 000
Fært á 3. gr. A. 3	. .	17 500 000

3. gr.

		kr.	kr.
5. Ríkisútvarpið.			
I. Tekjur:			
a. Afnotagjöld		3 500 000	
b. Aðrar tekjur		700 000	
			4 200 000
II. Gjöld:			
a. Laun:			
1. Grunnlaun	455920		
2. Verðlagsuppbót	911840		
		1 367 760	
b. Útvarpsefni		1 060 000	
c. Skrifstofukostnaður		325 000	
d. Húsaleiga, ljós og hiti		130 000	
e. Til útvarpsstöðva		920 000	
f. Til hleðslustöðva, viðgerðaferða o. fl.		40 000	
g. Iðgjöld í Lífeyrissjóð og til Tryggingastofnunar ríkisins		85 000	
h. Óviss útgjöld		30 000	
i. Vextir		5 000	
j. Fyrning á húsum og vélum		85 000	
			4 047 760
			152 240
III. Rekstur viðtækjaverzlunar:			
a. Tekjur		600 000	
b. Gjöld:			
1. Laun:			
a. Grunnlaun	69600		
b. Verðlagsuppbót	139200		
	208800		
2. Annar kostnaður	169528		
		378 328	
			221 672
IV. Rekstur viðgerðarstofu og viðtækjasmiðju			
a. Tekjur		415 275	
b. Gjöld:			
1. Laun:			
a. Grunnlaun	70925		
b. Verðlagsuppbót	141850		
	212775		
2. Efni	110000		
3. Annar kostnaður	92500		
		415 275	
Fært á 3. gr. A. 4		. . .	373 912
Eignabreytingar:			
Afborgun af láni til stækkunar			33 525
Fært á 20. gr. Út II.		. . .	33 525

3. gr.

		kr.	kr.
6. Ríkisprentsmiðjan Gutenberg.			
I. Tekjur (prentvinna)			2 100 000
II. Gjöld:			
1. a. Laun starfsmanna:			
1. Grunnlaun	49133		
2. Verðlagsuppbót	98266		
		147399	
b. Vinnulaun og aðkeypt vinna:			
1. Grunnlaun	360000		
2. Verðlagsuppbót	720000		
		1080000	
		1 227 399	
2. Efnivörur		410 000	
3. Vélarekstur og viðhald		60 000	
4. Annar kostnaður		172 601	
5. Fyrning		30 000	
			1 900 000
Fært á 3. gr. A. 5		. . .	200 000
7. Áburðarsala ríkisins.			
a. Laun:			
1. Grunnlaun	28745		
2. Verðlagsuppbót	57491		
		86236	
b. Annar kostnaður		193763	
		280 000	
÷ Tekjur af vörusölu og fasteignum		280 000	
8. Grænmetisverzlun ríkisins.			
a. Laun:			
1. Grunnlaun	43118		
2. Verðlagsuppbót	86237		
		129355	
b. Annar kostnaður		250645	
		380 000	
÷ Tekjur af vörusölu og fasteignum		380 000	
9. Trésmiðja ríkisins.			
I. Tekjur (ágóði af seldri vinnu og vörum)			730 000
II. Gjöld:			
1. Laun starfsmanna:			
a. Grunnlaun		155000	
b. Verðlagsuppbót		310000	
		465 000	

3. gr.

	kr.	kr.
2. Vextir	25 000	
3. Ýmis kostnaður	75 000	
4. Fyrning	75 000	
		640 000
Fært á 3. gr. A. 6	. . .	90 000
Eignabreytingar:		
Afborganir af lánum		75 000
Fært á 20. gr. Út I. 2.	. . .	75 000
10. Tunnuverksmiðjur ríkisins.		
I. Tekjur (seldar tunnur)		5 700 000
II. Gjöld:		
1. Laun starfsmanna	1 275 000	
2. Efni	4 050 000	
3. Vextir	240 000	
4. Ýmis kostnaður	85 000	
5. Fyrning	50 000	
		5 700 000
11. Olíuflutningaskipið Þyrill.		
I. Tekjur (farmgjöld)		1 805 000
II. Gjöld:		
1. Laun og fæðiskostnaður skipshafnar	662 000	
2. Eldsneyti	85 000	
3. Vátryggingar	86 000	
4. Hafnargjöld, hafnsögugjöld og vatnsgjöld o. fl.	110 000	
5. Viðhald og endurbætur	120 000	
6. Annar kostnaður	142 000	
		1 205 000
Fært á 3. gr. A. 7.	. . .	600 000
B.		
Tekjur af fasteignum ríkissjóðs eru áætlaðar		10 000

4. gr.

Tekjur af verðbréfum, bankainnstæðum, hlutafjáreign o. fl.

	kr.	kr.
1. Vextir af veðdeildarbréfum Landsbanka Íslands		47 385
2. Vextir af stofnfé Landsbanka Íslands 6% af 3 millj. ..		180 000
3. Aðrir vextir		370 000
4. Arður af hlutafjáreign		367 070
Samtals ...	. . .	964 455

5. gr.

I. Innlend lán:

Vextir: (7. gr. 1.) Kr.	Afborganir: (20. gr. út. I.1,a) Kr.	
780 00	2 600.00	Lán vegna kaupa á Reykjatorfu.
752.04	4 177.94	Lán vegna kaupa á húseigninni „Gimli“.
965.25	5 850.00	Lán vegna kaupa á húseigninni Austurstræti 20.
7 931.98	8 483.28	Lán vegna kaupa á fasteignum á Eyrarbakka og Stokkseyri.
600.00	1 000.00	Lán vegna kaupa á Skálholti.
476.67	8 666.67	Lán vegna Skeiðaáveitu.
29 193.75	42 500.00	Innanríkislán 1938.
1 248.00	3 466.72	Lán vegna kaupa á Amtmannsstíg 1, Rvík.
2 197.31	5 231.83	Lán vegna kaupa á Kaldaðarnestorfu.
52 309.13	70 450.00	Innanríkislán 1940.
324 000.00	400 000.00	Innanríkislán 1941.
60 200.00	570 000.00	Innanríkislán 1944.
162 750.00	450 000.00	Innanríkislán 1944.
30 000.00	1 000 000.00	Lán til styrktar síldarútveginum 1945.
13 333.33	333 333.34	Lán til viðbótar framlags til fiskihafna.
2 925.00	25 000.00	Lán vegna kaupa á landeignum í Hveragerði.
89 798.40	374 160.00	Af eignakönnunarbréfum.
ca. 468 000.00	ca. 1 300 000.00	Lán í Landsbanka vegna framlags til Alþjóðabanka og gjaldeyrisvarasjóðs.
57 050.00	190 000.00	Lán til byggingar landshafnar í Njarðvíkum.
250 000.00	1 000 000.00	Lán til stuðnings síldarútveginum 1947.
31 250.00	125 000.00	Lán til byggingar þjóðminjasafnshúss.

360 000.00	1 600 000.00	Lán hjá Búnaðarbanka Íslands vegna laga um landnám, nýbyggðir o. fl.
9 900.00	180 000.00	Lán vegna kaupa á bæjarfógetahúsi á Siglufirði.
10 800.00	30 000.00	Lán hjá Helga Tryggvasyni v/ kaupa á blaðasafni.
5 000.00	100 000.00	Lán vegna þjóðminjasafns.
6 105.00	24 420.00	Lán vegna kaupa á búi kvenfélagsins Hringurinn í Kópavogi.
1 150 000.00	7 600 000.00	Fiskábyrgðir.
3 127 574.00	15 454 339.00	

II. Erlend lán:

Vextir: (7. gr. 2.) Kr.	Afborganir: (20. kr. út I.1,b) Kr.	
3 075.07	4 424.93	Forsörgelsesforeningen Biculben, Köbenhavn, (til Vífilsstaðahælis 1909).
33 648.87	96 351.13	Statsanstalten for Livsforsikring, Köbenhvan, (til veðdeildarbréfakaupa).
9 281.41	24 026.59	Det Forenede Danske Livsforsikringsaktieselskab „Hafnia", Köbenhavn, 1926, (til veðdeildarbréfakaupa).
51 399.22	78 014.78	Det Forenede Danske Livsforsikringsaktieselskab „Hafnia", Köbenhavn, 1927.
51 399.22	78 014 78	Dansk Folkeforsikringsanstalt, Köbenhavn 1927.
148 803.79	280 832.21	danskar krónur.
eða 201 733.30	380 724.23	íslenzkar krónur.
$ 57 500.00 = ísl. kr. 373 750.00.		Export-Import Bank, Washington, til kaupa á síldarvinnslutækjum o. fl. 1948.

Vextir af innlendum lánum hafa hækkað vegna þess, að lántökur innanlands hafa aukizt, eins og sjá má af samanburði við athugasemdir við fjárlagafrumvarpið 1948.

Um fiskábyrgðirnar skal þetta sérstaklega tekið fram: Samkvæmt lögum nr. 97 frá 28. desember 1946 og samkvæmt 14. kafla laga nr. 128 frá 29. desember 1947, var ríkisstjórninni gert að ábyrgjast fyrir hönd ríkissjóðs ákveðið verð á fiski til bátaútvegsins á árunum 1947 og 1948. Til þess að standa straum af útgjöldunum vegna þessara ráðstafana komst ríkisstjórnin að því samkomulagi við Landsbanka Íslands og Útvegsbanka Íslands h/f, að þeir tækju að sér að greiða mismuninn á söluverði og ábyrgðarverði fiskjar svo og annan kostnað, sem framkvæmd fyrrgreindra laga hefði í för með sér á árunum 1947—1948, gegn því að yfirdráttarskuld sú, sem við það skapaðist ásamt vöxtum, yrði endurgreidd með jöfnum afborgunum á árunum 1949, 1950 og 1951.

Um s. l. mánaðamót höfðu fiskábyrgðargreiðslur fyrir árið 1947 og 1948 numið rúmum 25 millj. króna. Þar eð mikið magn af freðfiski af framleiðslu þessa árs er enn þá óselt og fiskábyrgðargreiðslum verður að sjálfsögðu haldið áfram fyrir þann tíma, sem eftir er af árinu 1948, telur ráðuneytið, að fiskábyrgðargreiðslurnar fyrir árin 1947 og 1948 muni vart nema minni fjárhæð en 48 millj. króna, 23 millj. fyrir 1947 og 25 millj. fyrir 1948. Greiðslunum fyrir árið 1948 á að mæta með söluskatti álögðum í ár, en lán er tekið í bönkunum til greiðslu ábyrgðanna 1947, og á það að greiðast svo sem að framan segir. Verður því gert ráð fyrir kr. 7 600 þús. afborgun á næsta

ári og 5% ársvöxtum af 23 milljónum króna, með því að ekki er gert ráð fyrir, að afborgunin verði innt af höndum fyrr en í lok næsta árs.

Lán í dönskum krónum hafa ekki bætzt við á árinu, og stafar lækkun vaxtanna af eðlilegri niðurgreiðslu lánanna.

Í Bandaríkjunum var tekið lán 22. júlí þ. á. í sambandi við Marshallaðstoðina, að fjárhæð $ 2 300 000.00. Lánið ber 2½% vexti og er afborgunarlaust fyrstu 3 árin. Greiðist síðan með jöfnum misserislegum afborgunum á 7 árum.

Vextir af lausaskuldum ríkisins eru áætlaðir eftir því, að þær nemi að jafnaði 60 millj. króna á árinu og 6% vextir séu af þeim greiddir. Aðalskuldin er yfirdráttarlán í Landsbankanum, sem ekki er nú hægt að gera ráð fyrir, að verði mikið undir 60 millj. krónum til jafnaðar á næsta ári, nema ný lán verði tekin til þess að greiða upp í yfirdráttarlánið. Í ráði er að bjóða út í haust svonefnt happdrættislán, en með því hve óvíst er, hve stórt lán fæst, er engin áætlun um það gerð nú. Andvirði þess láns á að ganga upp í yfirdráttarskuldina.

Um 8. gr.

Til forsetaembættisins eru veittar kr. 287 344.00 samkvæmt sundurliðun í fylgiskjölunum með frumvarpinu. Laun ríkisráðsritara eru kr. 9 000.00 og halli á Bessastaðabúi áætlaður kr. 26 300.00. Í þessum lið hefur kostnaðurinn við fálkaorðu verið talinn. Hann varð kr. 26 073.00 árið 1947, en áætlast nú kr. 30 000.00.

Um 9. gr.

Alþingiskostnaður áætlast 2 300 000 kr. í samræmi við það, sem hann var s. l. ár.

Um 10. gr.

I. 1. og 2. Laun starfsmanna ráðuneytanna hækka frá fjárl. 1948 um rúmar kr. 270 000.00. Aðalbreytingarnar eru þær, að aukið hefur verið starfsliðið í fjármálaráðuneytinu og endurskoðunardeild þess. Meðal starfsmanna í forsætis- og menntamálaráðuneytinu eru nú taldir nokkrir, sem áður voru taldir meðal annarra starfsmanna í i-liðnum.

Utanríkisráðuneytið hefur einnig aukið starfsliðið.

3. Bætt hefir verið við starfslið ríkisféhirðis einum manni. Annar kostnaður varð kr. 52 183.97 árið 1946, og tilgangslaust að áætla hann lægri en 45 700.00 1949.

4. a. Á árinu 1947 eru greiddar rúmar kr. 20 000.00 fyrir prentun ríkisreiknings. Er því þessi áætlunarfjárhæð látin haldast óbreytt.

b. 2. Til pappírs og prentunar stjórnartíðinda var greitt kr. 106 722.66. Ekki er rétt að áætla þennan kostnað lægri en kr. 100 000.00 í frumvarpinu. Kostnaður við sendingu í póstum, sem reyndist 1946 kr. 7 294.25, áætlast kr. 7 000.00.

c. Undanfarin ár hefir verið varið allmiklu fé til umbóta og viðhalds á ráðherrabústað og stjórnarráðshúsi, þar með talinn sumarbústaður ráðherra á Þingvöllum. Þótt ekki sé að vænta neins sérstaks kostnaðar við hús þessi á næsta ári, er ekki varlegt að áætla þennan lið lægri en 30 000 krónur.

II. Laun hækka lítilsháttar frá 1948 vegna aukins starfsliðs. Kostnaður við pappír, prentun og hefting hagskýrslna er áætlaður jafnhár sem 1948, en prentun eyðublaða, sem stöðugt eykst, er áætluð kr. 1 000.00 hærri. Hagstofan flytur í nýtt húsnæði í ár, en ekki þykir samt ástæða til að hækka kostnaðinn við húsaleigu, ljós og hita upp úr því, sem nú er áætlað. Annar kostnaður er áætlaður kr. 15 000.00, vegna þess að ofan á ýmsan kostnað, sem 1947 varð um kr. 4 700.00 og í ár verður hærri, bætist leiga fyrir skýrslugerðarvélar, sem væntanlegar eru á næsta ári, kr. 10 000.00, hálf ársleiga.

III. 1. b. Laun starfsmanna utan launalaga hafa undanfarið verið of lágt talin. Hafa þau því verið hækkuð nokkuð.

c. Hækkun á staðaruppbót stafar af misritun í tillögum til fjárlagaáætlunar

1948. Var staðaruppbótin þar talin kr. 1 800.00 of lág, en nú hefur þetta verið leiðrétt.

d. Annar kostnaður varð 1946 rúmar kr. 23 100.00. Hann hefur undanfarið verið of lágt áætlaður, og er farið eftir tillögum sendiherra.

2. a. og c. Laun hafa lækkað nokkuð vegna breytinga á starfsliði. Annar kostnaður hefir verið áætlaður mun lægri, einkum símagjöld, enda mun vera gert ráð fyrir minni störfum hjá sendiráðinu nú en undanfarin ár.

3. Breytingar eru óverulegar aðrar en þær, að símakostnaður hefur verið áætlaður ca. kr. 4 500.00 hærri en í fyrra, og er hér byggt á reynslu undanfarinna ára.

4. Um þenna lið er sama að segja. Símakostnaðurinn hefur reynzt of lágt áætlaður undanfarið og enn fremur er nokkur hækkun á ljósi, hita og ræstingu.

5. Laun sendiherrans eru talin í kostnaði við sendiráðið í París. Hér eru aðeins talin laun, staðaruppbót og risna sendiráðsritarans, sem nú eru skv. tillögum sendiherrans ákveðin £ 5 400—0—0 á ári eða jafnvirði kr. 141 588.00. Af þessari fjárhæð bera sendiráðsritaranum kr. 9 000.00 í grunnlaun skv. launalögum, en afgangurinn telst staðaruppbót og risna. Launahækkun þessi, svo og hækkunin á b. og d. liðum stafar aðallega af því, að gengi rúblunnar hækkaði um 33⅓% á fyrra ári.

6. Lækkun á þessum lið stafar af lækkun á gengi frankans á fyrra ári.

7. Laun starfsmanna og staðaruppbót eru nokkru hærri en í fjárl. 1948 en þá voru þau ekki endanlega ákveðin.

8. Forstöðu aðalræðismannsskrifstofunnar í New York hefur nú ólaunaður ræðismaður. Laun þarf að greiða vélritunarstúlku $ 50.00 á viku eða ca. kr. 17 000.00 á ári. Annar kostnaður er lauslega áætlaður $ 1 000.00 á ári, ca. kr. 6 500.00.

9. Ferðakostnaður starfsmanna utanríkisþjónustunnar reyndist kr. 67 901.61 árið 1946, og er með tilliti til þess nú áætlaður kr. 75 000.00.

10. og 11. Liðir þessir reyndust árið 1947 kr. 277 773.76 og kr. 269 046.88, en árið 1947 ca. kr. 470 000.00 og ca. kr. 160 000.00. 10. liðurinn er nú áætlaður kr. 250 000.00, og 11. liðurinn jafnhá fjárhæð.

Í fjárlögum 1948 er dreginn frá 10. gr. III. tekjuafgangur samninganefndar utanríkisviðskipta. Nú hefur sú nefnd verið lögð niður, en störf hennar á utanríkisráðuneytið að annast. Útflutningsnefndargjald skv. reglugerð nr. 201/1947, sem ekki er greitt af sjávarafurðum, átti að koma í stað tekna samningsnefndar utanríkisviðskipta, en verður auðvitað ekki nema smáræði. Nú mun vera í ráði að láta gjald þetta ná til allra útfluttra vara og mætti þá áætla það 300 000 krónur miðað við 300 milljón króna útflutningsverðmæti 1949.

Tekjuliður þessi verður færður á 2. gr.

Um 11. gr. A.

1. Bætt hefur verið við dómverði hjá hæstarétti og hækka launin þess vegna. Þá hefur verið ákveðið að veita dómsforseta kr. 5 500.00 til risnu. Annar kostnaður er áætlaður kr. 25 000.00 hærri en í núgildandi fjárlögum og mun það miðað við, að hæstiréttur er nú fluttur í nýtt húsakynni, sem krefjast meiri kostnaðar en áður í hita, ljósi og ræsting.

2. Launin hækka frá núgildandi fjárlögum, vegna þess að bætt hefur verið við einum ritara.

Húsaleiga, ljós, hiti og ræsting kostaði rúmar kr. 26 000.00 1946 og nú áætlað kr. 30 000.00.

3. Svo til óbreytt frá fjárlögum 1948.

4. Bætt hefir verið við einum fulltrúa og einni vélritunarstúlku, auk aðstoðarmanns við sektainnheimtu. Hækka því launin talsvert. Húsnæði hefur verið aukið og hækka því húsaleiga, ljós, hiti og ræsting.

Annar kostnaður hækkar einnig nokkuð, en með því að lífeyrissjóðsgjöld, sem

færast eiga á 18. gr., eru talin með á tillögum sakadómara, er fjárhæð sú, sem hann áætlar, lækkuð niður í kr. 130 000.00.

5. Laun eru að mestu óbreytt.

Ljós, hiti, ræsting og húskostnaður varð kr. 94 556.00 árið 1946, en er nú áætlað kr. 99 674.00.

Annar kostnaður er áætlaður kr. 75 500.00, en hann varð kr. 89 360.00 árið 1946.

Hér er bætt við nýjum lið, aukavinnu og aðkeyptri vinnu vegna benzínskömmtunar, bifreiðaskoðunar, útlendingaeftirlits o. fl., alls kr. 75 000.00.

6. Laun sýslumanna, bæjarfógeta og lögreglustjóra utan Reykjavíkur eru áætluð eftir því, sem þau eru nú.

Sama er um skrifstofukostnað þeirra að segja, en annar kostnaður við embættin er áætlaður kr. 400 000.00, skv. tillögum dómsmálaráðuneytisins. Sá kostnaður varð rúmar kr. 500 000.00 1947.

Samkvæmt samningi endurgreiðir Tryggingastofnunin í ár kr. 300 000.00 af skrifstofukostnaðinum, vegna aukinna starfa við embættin, eftir að almannatryggingarnar komu til framkvæmda. Má búast við svipaðri endurgreiðslu næsta ár.

7. Fyrir fardagaárið 1946—1947 voru greidd hreppstjóralaun skv. lögum nr. 75/1947. Þegar frumvarpið var samið, höfðu borizt reikningar yfir hreppstjóralaun úr 190 hreppum af 218 og námu grunnlaunin kr. 137 993.00. Meðaltalið var kr. 726.00 á hrepp, og samkvæmt því yrðu hreppstjóragrunnlaunin í öllum hreppum landsins kr. 158 268.00. Þau eru því áætluð kr. 160 000.00.

8. Þessi liður hefur verið færður nokkuð öðruvísi nú en í síðasta fjárlagafrumvarpi, og mun það greinilegra, sem hér er. Gert er ráð fyrir 47 ríkislögregluþjónum, og laun þeirra eru miðuð við það, sem nú er greitt.

Einkennisfatakostnaður er áætlaður kr. 1650.00 á mann, svo sem lögreglustjórinn í Reykjavík gerir.

Tryggingar eru taldar kr. 440.80 á mann í bréfi lögreglustjórans, og er áætlunin miðuð við þá fjárhæð.

Allur annar kostnaður á þessum lið er áætlaður eftir tillögum lögreglustjórans í Reykjavík, sem dómsmálaráðuneytið hefur athugað, og tillögum dómsmálaráðuneytisins sjálfs, og munu þær byggjast á því, hver kostnaðurinn reyndist á síðasta ári.

9. Skipaútgerð ríkisins hefur samið áætlun um kostnað við landhelgisgæzlu á næsta ári, og dómsmálaráðuneytið hefur fallizt á þær tillögur. Áætlunin er á þessa leið:

Rekstrarkostnaður Ægis	kr.	1 722 000.00
—— Óðins	—	747 000.00
—— Sæbjargar	—	775 000.00
—— nýs varðbáts, sem er í smíðum, 5 mán. noktun	—	350 000.00
Leiga í 5 mánuði á varðbát fyrir Vestfirði	—	325 000.00
Leiga í 5 mánuði á varðbát fyrir Austfirði	—	325 000.00
Leiga í 5 mánuði á varðbát fyrir Faxaflóa	—	210 000.00
Fluggæzla	—	150 000.00
Eyðing tundurdufla	—	60 000.00
Eftirlaun	—	35 000.00
Annar kostnaður	—	280 000.00
Samtals	kr.	4 979 000.00

Í fjárlögum fyrir árið 1946 var kostnaður við landhelgisgæzlu áætlaður 3 millj. króna, en hann varð þá kr. 4 146 426.50. Áætlunin hér að ofan er að líkindum ekki of há, ef halda á út skipunum, sem þar eru greind, allan tímann.

Kostnaðurinn við landhelgisgæzluna vex ár frá ári. Öll skipin nema Ægir eru að flestra dómi svo lítil, að not af þeim til gæzlu landhelginnar eru mjög vafasöm, og sumir munu telja þau hverfandi. Úr kostnaðinum verður að draga, og því tekur

fjármálaráðuneytið ekki hærri fjárhæð í frumvarpið en 4 milljónir króna til hans. Fram úr þeirri fjárhæð má kostnaðurinn ekki fara á næsta ári, og verður rekstur varðskipanna að miðast við það.

10. a. Launin eru að mestu óbreytt. Áætlunin um annan kostnað er byggð á reynslu ársins 1947 og því, sem af er þessu ári.

Reykjavíkurbær greiðir helming kostnaðarins við hegningarhúsið.

b. Launin eru lítið breytt. Annar kostnaður reyndist kr. 235 794.08 1946, en er nú áætlaður kr. 242 600.00. Tekjur urðu rúmar kr. 162 000.00 á því ári og eru áætlaðar jafnháar hér.

c. Annar kostnaður er áætlaður töluverðu hærri en í núgildandi fjárlögum.

Reykjavíkurbæ greiðir helming kostnaðarins á þessum lið.

d. Kostnaður við önnur fangahús áætlast með sömu fjárhæð sem í núgildandi fjárlögum.

11. Dómsmálaráðuneytið leggur til, að kostnaður við sakamál og lögreglumál verði áætlaður kr. 200 000.00, þrátt fyrir það að sá kostnaður hafi orðið kr. 180 000.00 hærri á árinu 1947.

12. Laun sjódómsmanna hafa verið alltof lágt áætluð undanfarið. 1947 urðu þau rúmar kr. 30 000.00, en áætlast nú kr. 25 000.00.

13. Þessi liður hefur einnig verið alltof lágt áætlaður undanfarið. Er búizt við, að hann verði varla undir kr. 100 000.00 á næsta ári.

14. Hér er bætt við nýjum kostnaðarlið til útgáfu dómasafns. Fjárveiting til þess var á fjárl. 1946 og 1947, en var ekki notuð þá. Nú er útgáfunni að verða lokið, og fjárveiting er tekin hér upp, með því að engin fjárveiting er til þessa í ár.

15. Hækkun á kostnaði hér er miðuð við það, að á miðju þessu ári er hann orðinn yfir 27 000 kr.

Um 11. gr. B.

1. a. Hér eru talin einungis föst laun, en laun þeirra skipaskoðunarmanna, sem ekki taka föst laun, eru áætluð í b-lið.

b. Farið er eftir áætlun skipaskoðunarstjóra um þóknun þessa, sem ákveðin er með reglum nr. 13/1948 (B-deild). Þótt svo sé ákveðið, að verðlagsuppbót skuli greidd á þóknunina, er engin ástæða til þess hér að sundurliða grunnþóknun og verðlagsuppbót.

c.—d. Húsaleiga er 2000 kr. hærri vegna aukins húsnæðis. Að öðru leyti er liðurinn óbreyttur.

Samkvæmt IX. kafla laga nr. 68 1947 skal greiða gjöld fyrir skoðun skipa, sem renna í ríkissjóð. Enn er erfitt að gera sér grein fyrir því, hve miklu tekjur þessar nema, en hér verða þær áætlaðar kr. 300 000.00, og er þá stuðzt við tillögur skipaskoðunarstjóra.

2. Laun eru næstum óbreytt. Ferðakostnaður hefir verið of lágt áætlaður undanfarið og er nú hækkaður um 5 000 kr. Annar kostnaður er einnig hækkaður vegna væntanlegs prentunarkostnaðar á næsta ári. Þóknun skoðunarmanna, sem ekki eru á föstum launum úr ríkissjóði, er hér áætluð samkv. tillögu skipaskoðunarstjórans. Hún var áður talin í ýmsum kostnaði. Skoðunargjöld námu 112 033.13 kr. 1946 og eru nú áætluð kr. 111 000.00.

3. Bætt hefur verið við 2 eftirlitsmönnum, og laun 3 manna hafa hækkað. Annar kostnaður reyndist kr. 226 000.00 árið 1947 og áætlast hér kr. 200 000.00. Tekjur urðu um kr. 562 000.00 á árinu 1947, og má því ætla, að þær komi til með að standa undir kostnaðinum við eftirlitið á næsta ári.

4. Laun eru óbreytt frá núgildandi fjárlögum. Annar kostnaður varð kr. 73 708.05 1946, en er nú áætlaður kr. 53 860 eftir tillögum forstöðumannsins, og er það vafalaust ekki of hátt. Tekjurnar áætlar forstöðumaðurinn kr. 81 000, og sér þá ráðuneytið ekki ástæðu til að breyta þeirri áætlun. Tekjurnar urðu rúmar kr. 82 000 1946.

5. Kostnaðurinn við skipulagseftirlitið hefur vaxið hröðum skrefum síðustu ár. Árið 1946 var hann áætlaður kr. 214 785.00, en hann varð þá kr. 285 620.96. Nú er hann áætlaður kr. 378 100.00 í tillögum skipulagsstjóra, sem félagsmálaráðuneytið hefur enga athugasemd gert við. Úr kostnaðinum telur þetta ráðuneyti, að verði að draga, þótt framkvæmdirnar fari hægar þess vegna. Því verður mælingakostnaðurinn, helmingsþátttaka ríkissjóðs, að lækka um kr. 25 000.00 og ferðakostnaður að áætlast helmingi lægri en í tillögum skipulagsstjóra. Annar kostnaður þykir of hátt áætlaður og er lækkaður niður í kr. 40 000.00.

Tekjurnar eru skipulagsgjöld skv. lögum nr. 55/1921, sbr. lög nr. 64/1938, 3‰ af hverri nýbyggingu. Tekjur þessar námu rúmum kr. 282.000.00 á árinu 1947, en með því að ætla má, að ekki verði jafnmikið fullgert af nýbyggingum 1949 sem 1947, áætlast þær ekki hærri en kr. 250 000.00.

6. Launin hækka, vegna þess að við hefur bætzt mjólkurfræðingur og aðstoðarmaður héraðslæknis við mjólkureftirlit tekur nú laun á þessum lið, en tók þau áður samkv. lögum nr. 52/1942.

Rannsóknarkostnaðurinn er áætlaður nokkru hærri en í ár, en eftirlitið er samt áætlað að beri sig.

7. a. Um næstu áramót kemur til framkvæmda ný skipan á framkvæmd fiskimatsins skv. l. nr. 46/1948, en hér er byggt á áætlun, sem nefnd sú gerði, er samdi frumvarpið til fyrrnefndra laga.

b. Launin eru óbreytt en annar kostnaður hækkar nokkuð, og er þá miðað við það, að meðalsíldveiði verði. Kostnaður þessi virðist hafa verið fulllágt áætlaður áður, en er vafalaust nú nærri sanni.

c. Óbreytt.

d. Að mestu óbreytt.

e. Óbreytt.

f. Ferðakostnaður matsmanna varð kr. 48 687.87 1946, en er í núgildandi fjárlögum áætlaður kr. 89 300.00. Ekki virðist ástæða til að hækka þá áætlun, og er hún því ákveðin kr. 90 000.00.

8.—9. Óbreytt.

10. Allur kostnaður á þessum lið reyndist kr. 53 200.00 1947. Áætlunin 1949 er lítils háttar hærri vegna vaxandi viðgerðarkostnaðar bifreiðar.

12. Gjöldin á þessum lið hafa ekki verið sundurliðuð áður í fjárlögum. Nú þykir ekki rétt að hafa þau lengur ósundurliðuð, enda er ekki gert ráð fyrir, að leyfisgjöldin standi undir kostnaði við eftirlitið, nema þau verði lækkuð.

Áætlanirnar á gjöldunum eru miðaðar við reynslu fyrra árs og þessa. Launin eru áætluð samkvæmt því, sem þau eru nú.

Tekjurnar fara eftir innflutningnum á næsta ári (leyfisgjöld). Miðað við innflutningsáætlun þessa árs, ættu þau að verða um 1946 þúsund krónur, að óbreyttu gjaldeyrisleyfisgjaldinu, en fjármálaráðuneytið telur sjálfsagt, að það verði hækkað úr ½% í 1% af innflutningsverðmætinu. Í trausti þess, að svo verði gert, er áætlað, að tekjurnar hrökkvi fyrir gjöldunum á þessum lið, jafnvel þótt nokkuð kunni að draga úr innflutningi.

13. Kostnaður við húsaleigueftirlit er nú nokkuð sundurliðaður til glöggvunar. Laun yfirhúsaleigunefndar og húsaleigunefndar Reykjavíkur eru miðuð við það, sem nú er greitt, og annar kostnaður við þær nefndir einnig. Laun annarra húsaleigunefnda og kostnaður við þær er byggður á núverandi kostnaði.

14. Kostnað við embættiseftirlit er rétt að hækka nokkuð vegna aukins ferðakostnaðar. Hann varð kr. 12 100.00 1946 og áætlast nú kr. 12 500.00.

Um 11. gr. C.

I. a. 1. Launin hafa hækkað um ca. 16.000 kr. í grunn frá fjárlögum 1948. Eins og tollstjórinn gerir grein fyrir í tillögum sínum eru störf skrifstofu hans stöðugt að vaxa, og má búast við, að ekki dragi úr þeim, er gjaldgeta skattborgara minnkar.

2. Þrengsli voru orðin svo mikil á skrifstofuhúsnæðinu í Mjólkurfélagshúsinu, að viðbótarhúsnæði var tekið á leigu. Lið þennan verður því að áætla 15 000 kr. hærri en 1948.

3. Annar kostnaður reyndist kr. 296 401.21 1947 og skipti aukaaðstoðin þar mestu máli. Margt starfa tollstjóraskrifstofunnar er þess eðlis, að þeim þarf að ljúka fyrir ákveðinn tíma, og því nægir ekki vinnuafl það, sem fæst með fastráðnu fólki á venjulegum skrifstofutíma. Verður því að kaupa aukaaðstoð eða greiða eftirvinnukaup í allmiklum mæli. Kostnaður þessi verður sjálfsagt ekki undir kr. 300.000.00 1949.

b. 1. a. Á launaskrá eru tilfærð laun núverandi tollvarða, en 5 nýja tollverði er verið að ráða, og verða launagreiðslurnar 1949 þá svipaðar því, sem þær eru áætlaðar 1948, en þá var gert ráð fyrir aukningunni.

b. Húsaleiga, ljós og hiti reyndist kr. 75 060.81 1947 og áætlast því 80 000 kr. nú eins og 1948.

c. Aukavinna reyndist kr. 94 911.84 1947 og er áætluð kr. 100 000.00 hér. Annar kostnaður reyndist þá kr. 118 006.44 og áætlast kr. 120 000.00.

2. Laun og kostnaður hafa hækkað einkum vegna aukinna starfa í sambandi við tolleftirlit á flugvellinum í Keflavík.

II. a. 1. Laun nefndarmanna eru ákveðin án verðlagsuppbótar og því er grunnlaunafjárhæðin hér hærri en verðlagsuppbótin. Hækkunin frá 1948 stafar af því, að gert er ráð fyrir aukastarfsmönnum, svo sem launaskráin sýnir.

2. Annar kostnaður mun hafa verið fullhátt áætlaður í fjárlögum 1948.

b. Í greinargerð skattstjóra fyrir tillögum til fjárlagaáætlunar segir, hvernig störf skattstofunnar hafi stöðugt aukizt og einkum á síðasta ári vegna eignakönnunar o. fl. Verður á þetta fallizt og ekki talið fært að gera ráð fyrir minna starfsliði en skattstjóri telur þurfa. Launin hækka því frá fjárlögum 1948 um kr. 24 900.00 í grunn.

Af sömu ástæðum sem þeim, að starfslið hefir verið aukið, verður einnig að auka húsnæði, og hefur nú verið tekið á leigu húsnæði, sem framtalsnefnd hafði á Lindargötu 9 A. Þessi liður áætlast því nú kr. 120 000.00 eða 40 000 kr. hærri en í fjárlögum 1948. Til þess að létta störf framtalsnefndar varð það að samkomulagi að skattstofan léti nefndinni í té þjálfaða starfsmenn, en bætti við sig nýjum mönnum í þeirra stað. Þetta hefur auðvitað aukinn kostnað í för með sér, og því er tímavinna áætluð kr. 47 000.00 hærri en í fjárlögum 1948.

„Annar kostnaður“ reyndist kr. 108 321.45 árið 1947. Vegna nauðsynlegra áhaldakaupa verður hann nokkru hærri 1949.

c.—e. Til hliðsjónar við áætlun þessa kostnaðar er hér skrá yfir kostnaðinn 1947:

1.	Skattstofan á Akureyri	kr. 112 179.13
2.	Skattstofan í Hafnarfirði	— 72 182.70
3.	Skattstofan á Ísafirði	— 51 252.53
4.	Skattstofan í Vestmannaeyjum	— 59 531.71
		Kr. 295 146.07

	Yfirskatta-nefndir	Undirskatta-nefndir
Gullbr.- og Kjósarsýsla	27 300.00	42 264.00
Akranes	2 808.00	19 945.90
Mýra- og Borgarfjarðarsýsla	2 354,00	19 810,75

	Yfirskatta-nefndir	Undirskatta-nefndir
Snæfellsnes- og Hnappadalssýsla	4 973.00	21 335.20
Dalasýsla	3 678.00	6 606.85
Barðastrandarsýsla	5 114.00	19 096.00
Ísafjarðarsýsla	10 984.00	32 617.85
Strandasýsla	3 369.00	10 374.00
Húnavatnssýsla	6 926.50	16 178.90
Skagafjarðarsýsla	17 349.75	31 248.90
Siglufjörður	5 508.00	18 903.05
Ólafsfjörður	1 620.00	7 560.00
Eyjafjarðarsýsla	7 395.00	33 044.75
Þingeyjarsýsla	15 203.00	51 008.15
Norður-Múlasýsla	8 078.00	29 606.05
Suður-Múlasýsla (áætl.)	8 000.00	35 845.55
Neskaupstaður	1 450.00	24 938.35
Skaftafellssýsla	5 305.00	9 478.00
Vestmannaeyjar	11 827.10	1 702.60
Rangárvallasýsla	2 992.00	15 220.30
Árnessýsla	3 186.00	25 096.00
Reykjavík	24 000.00	
	171 428.35	471 881.15

Samdráttur:

Skattstofur utan Reykjavíkur	kr. 295 146.07
Yfirskattanefndir	— 171 428.35
Undirskattanefndir	— 471 881.15
	Kr. 938 455.57

Á árinu 1947 var þóknun undirskattanefnda reiknuð með kr. 38.00 lágmarksdagkaupi og kr. 54.00 hámarksdagkaupi. Í ár er lágmarkið 42 kr. og hámarkið 60 kr. Að óbreyttri vísitölu á næsta ári ætti dagkaupið að vera hið sama.

Meðaltalshækkunin á undirskattanefndarkostnaðinum frá 1947 er um 10%, og mætti því áætla hann 520 000 kr. hér, en yfirskattanefndarkostnaðurinn fylgir sömu hækkunarreglu, dagkaupið var 54 krónur 1947, en er nú 60 krónur. Hann þarf því að áætla kr. 190 000.00. Skattstofukostnaðinn utan Reykjavíkur er ekki varlegt að áætla með minni hækkun, og verður hann þá kr. 325 000.00. Allur liðurinn áætlast því kr. 1 035 000.00, og er það kr. 435 000.00 hækkun frá 1948.

g. Millimatskostnaður varð rúmlega kr. 40 000.00 árið 1947, og er tilgangslaust að áætla hann lægri hér.

Um 11. gr. D.

1. Liður þessi varð kr. 603 877.65 1947 og áætlast því 600 000.00.
2. varð kr. 220 139.50 og áætlast kr. 225 000.00.
3. varð kr. 470 886.25 og áætlast kr. 475 000.00.

Samtals hækka liðir þessir um kr. 450 000.00 frá fjárlögum 1948.

Um 12. gr.

I. a. Launin eru óbreytt frá 1948.

b. Undanfarin ár mun hafa fallið niður að áætla húsaleigu embættisins, sem 1947 var kr. 6 444.00. Áður varð kostnaður þessi kr. 11 244.00 árið 1946, og því er ekki hægt að gera ráð fyrir honum lægri en kr. 12 000.00, 1949.

II. Samkvæmt launaskrá eru grunnlaun héraðslækna nú kr. 475 325.00. Ekki verður nær komizt réttri áætlun á launanum 1949 en að miða hana við þetta.

III. Í tillögum stjórnarnefndar ríkisspítalanna er glögg grein gerð fyrir áætlun á kostnaði við spítalana, og er vísað til fylgiskjalanna með frumvarpinu. Við þetta er það að athuga, að í launaskránni er gert ráð fyrir hækkun á launum lækna við spítalana með hliðsjón af launum annarra lækna, en að vísu er þá gengið á snið við launalögin.

Launin á Landsspítalanum eru nú áætluð nokkru lægri en í ár, vegna þess að nokkuð af starfsfólki flyzt á fæðingardeildina. Annars staðar er ekki verulegur munur á launagreiðslum frá fjárlögum þessa árs. Hins vegar er allur annar kostnaður áætlaður mun hærri en í þessa árs fjárlögum, og er það gert eftir tillögum skrifstofu ríkisspítalanna, sem án efa byggir á reynslu.

Tekjurnar eru áætlaðar lægri í frumvarpinu en í fjárlögum þessa árs. Þetta stafar af því, að við undirbúning fjárlagafrumvarpsins fyrir 1948 haustið 1947 var höfð hliðsjón af verðlaginu, sem þá var, er daggjöld sjúklinganna voru ákveðin. Þegar ákveðið var að festa vísitöluna í 300 um áramótin 1947—1948 voru daggjöld sjúklinganna lækkuð, en það láðist að leiðrétta þetta í fjárlagafrumvarpinu. Tekjur ríkisspítalanna eru því ofhátt áætlaðar í núgildandi fjárlögum.

Fæðingardeildin er áætluð sérstaklega, enda greiðir Reykjavíkurbær ⅔ hluta rekstrarhallans.

Drykkjumannahælið í Kaldaðarnesi hefur verið lagt niður. Í tillögum sínum gerir heilbrigðismálaráðuneytið ráð fyrir því, að drykkjumannahæli verði starfrækt á árinu 1949, en með því að mestar líkur eru nú fyrir því, að svo verði ekki, er engin fjárveiting til slíks hælis tekin í frumvarpið.

Kostnaður við hjúkrunarkvenna- og ljósmæðraskólann er áætlaður undir Landsspítalaliðnum.

IV. a. Styrkur til berklasjúklinga er áætlaður kr. 3 000.000.00, og er þá reiknað með jafnháum legudagafjölda, sem ríkisspítalarnir í sínum tillögum áætla. Daggjöldin til berklahælanna eru kr. 27.50, til Landsspítalans kr. 28.50, til Klepps og Kleppjárnsreykja kr. 26.50 og til annarra sjúkrahúsa kr. 27.50. Ríkissjóður greiðir ⅘ hluta daggjaldanna í styrk.

b. Veitt hefur verið fé til þessa styrks í fjárlögum frá 1942 þangað til í fyrra. Þá féll hann niður, en er nú tekinn upp með 10 000 kr.

c.—d. Hér eru talin laun læknanna og þóknun til forstöðumanns deildarinnar. Laun skrifstofufólks eru færð með launum annarra starfsmanna stjórnarráðsins, en annar skrifstofukostnaður, svo sem húsaleiga, ljós, hiti, ræsting og bílakostnaður er færður að ⅝ hlutum á þennan lið, en ⅜ á 12. gr. V.

V. Í áætlun ríkisspítalanna er gert ráð fyrir 106.000 legudögum á næsta ári á Kleppi eftir stækkunina og tekjur eru áætlaðar samkvæmt því. Með því að legudagafjöldinn er óviss, þykir varlegra að reikna með hærri legudagafjölda til gjalda, og því eru þeir hér áætlaðir 112 000 á Kleppi og 14 500 annars staðar.

VI. Rekstrarstyrkur til sjúkrahúsanna er áætlaður hinn sami sem í fjárlögum 1948, enda hafa sjúkrahúsin á þessu ári fengið allmikla hækkun á daggjöldum ríkisframfærslusjúklinga.

VII. Heilbrigðismálaráðuneytið leggur til, að sama fjárhæð verði veitt nú sem 1948.

VIII. Landlæknir áætlar, að á næstu árum þurfi ríkissjóður að greiða byggingarstyrki til sjúkrahúsa og læknisbústaða, sem muni kosta um 15 milljónir króna. Ríkissjóður yrði að greiða ⅖ þessarar fjárhæðar, ef greitt yrði í styrk hámark þess, sem lög nr. 33/1945 leyfa. Vegna mjög óvissrar fjárhagsafkomu ríkissjóðs á næsta ári er ekki veitt til þessa nema kr. 500 000.00 í frumvarpinu.

IX. Landlæknir gerir grein fyrir því, að fjórðungssjúkrahúsið á Akureyri muni kosta um 5 millj. króna. Ef hámarksstyrkur yrði greiddur skv. lögum 33/1945, ⅗

hlutar kostnaðar, yrði ríkissjóður að greiða um 3 milljónir króna af andvirði hússins. Þegar hafa verið greiddar kr. 970 000.00, og eru þá eftir um 2 millj. króna, sem landlæknir leggur til, að greiddar verði á næstu 2 árum. Heilbrigðismálaráðuneytið leggur þó ekki til hærri styrkgreiðslu 1949 en 300 000 kr., og er sú fjárhæð sett í frumvarpið.

X. Með tilliti til þess að bólusetningarkostnaður hefur á árunum 1945—1947 numið til jafnaðar 13—14000 kr. á ári, er hann nú áætlaður kr. 15 000.00.

XI. Helzt óbreytt frá fyrra ári. Venjulega er ekki þörf að grípa til þessarar fjárveitingar. Ef hins vegar þarf að gera einhverjar sóttvarnarráðstafanir, má búast við að fjárhæðin hrökkvi skammt.

XII. Kostnaður þessi hefur undanfarin ár látið nærri áætluninni. Hann verður því óbreyttur.

XIII.—XIV. eru fastir launaliðir óbreyttir.

XV. Kostnaður þessi hefur á árunum 1945—1947 numið um kr. 12 000.00 til jafnaðar á ári.

XVI. Óbreytt.

XVII. Fastur launaliður, óbreyttur.

XVIII. Styrkir samkv. þessum lið hafa aukizt mjög síðustu ár, bæði vegna bættra samgangna og vegna þess, að í vöxt fer greining sjúkdóma, sem virkar aðgerðir þekkjast við á völdum stöðum erlendis, en ekki eru tök á að framkvæma hér. Þó er ekki gert ráð fyrir nema kr. 20.000.00.

XIX. Hluti ríkissjóðs af launum ljósmæðra nam rúmum kr. 260 000.00 á fardagaárinu 1946—1947, en þá var greitt samkv. kjarabótum þeim, sem ljósmæðurnar fengu á árinu 1947. Í frumvarpinu er liðurinn áætlaður kr. 270 000.00.

Um 13. gr. A.

I. 1. Laun eru nokkru lægri en í núgildandi fjárlögum.

2. Annar skrifstofukostnaður mun fara nokkuð fram úr áætlun í ár, einkum vegna þess að húsnæði hefur verið aukið töluvert. Með tilliti til þessa er þessi kostnaður áætlaður kr. 150 000.00.

3. Kostnaður þessi varð kr. 342 000.00 1947 og kr. 340 000.00 1946. Ef gera á ráð fyrir, að jafnmikil ferðalög verði nauðsynleg á næsta ári sem 1946 og 1947, er tilgangslaust að áætla ferðakostnaðinn miklu lægri. Hér er þó ekki gert ráð fyrir meiru en kr. 300 000.00.

II. 1. Vegamálastjóri leggur til, að veittar verði 7 milljónir króna til nýrra akvega. Eins og fjárhagsafkomu ríkissjóðs er nú komið er langt frá því, að hægt sé að taka þessa tillögu til greina. Fjármálaráðuneytið leggur til, að veittar verði 3 milljónir króna í þessu skyni, og þær verði notaðar til aðalsamgönguleiðanna, en verði ekki dreift til smávegagerða víða um landið. Það er vitað mál, að stórfé má spara við það að hætta slíkri dreifingu sem þeirri, er lögfest hefur verið á síðustu árum.

2. Til viðhalds og endurbóta þjóðveganna var varið kr. 11 847 000.00 1946 og kr. 13 960 000.00 1947. Í ár eru veittar kr. 9 000.000.00 til þessa og reynist algerlega ónóg fjárhæð, eins og vegamálastjóri gerir grein fyrir í tillögum sínum.

Að athuguðu máli telur ráðuneytið, að ekki sé fært að veita hærri fjárhæð til viðhalds þjóðvegunum en 9 milljónir króna, og verður hún að nægja að þessu sinni. Það skal hér tekið fram, að hér er ekki um áætlunarfjárhæð að ræða í fjárlögunum, og er ætlazt til þess, að það viðhald, sem ekki næst með 9 milljón króna fjárveitingu, sitji á hakanum.

III. Um sundurliðunina á fjárveitingu til brúargerða er svipað að segja sem um þjóðvegina. Í tillögum sínum gerir vegamálastjóri grein fyrir brúaþörfinni.

IV. Fjallvegum hefur fjölgað, og þarf nú meira fé til viðhalds þeirra en áður.

Um 13. gr. B.

I. Strandferðakostnaðurinn hefur aldrei verið sundurliðaður í fjárlögunum, þótt til þess hafi ekki verið minni ástæða en sundurliðun á ýmsum öðrum liðum þeirra. Farið hefur verið eftir tillögum skipaútgerðarinnar um áætlun á kostnaðinum, og hefur samgöngumálaráðuneytið engar athugasemdir við þær gert. M/s Þyrill er ekki rekinn fyrir reikning skipaútgerðarinnar og er heldur ekki strandferðaskip í venjulegum skilningi. Rekstur þess skips er rétt að færa á 3. gr. A., og er það gert í frumvarpinu.

Gert er ráð fyrir því, að „Súðin" verði seld bráðlega og að henni verði ekki haldið út á næsta ári. Er því felldur niður rekstrarhalli af útgerð hennar, kr. 510 000.00. Ráðuneytið vill taka það fram, að nauðsyn ber til þess að reyna að auka svo tekjur skipaútgerðarinnar, að strandferðirnar beri sig. Þá vill ráðuneytið einnig vekja athygli á því, að vöruafgreiðslan er áætluð með rekstrarhalla í tillögum skipaútgerðarinnar, en það telur ráðuneytið ófært og fellir burtu þann gjaldalið úr áætluninni í trausti þess, að rekstri hennar verði komið í það horf, að hún beri sig.

Liðurinn til vöruflutninga til Öræfa er felldur burtu, enda hefur engin tillaga borizt um hann, en gert er ráð fyrir, að hann verði færður undir II., ef hann verður tekinn upp og verði innifalinn í styrkfjárhæðinni, sem veitt verður á þeim lið.

II. Engin tillaga hefur borizt um fjárveitingu til bátaferða á flóum etc. Lagt er til, að kr. 300 000.00 verði á næsta ári varið til þessa.

III. Póststjórnin hefur með höndum rekstur sérleyfisbifreiða á leiðunum Reykjavík—Akureyri og Reykjavík—Hafnarfjörður. Rekstur þenna er rétt að færa á 13. gr. fjárlaga svo sem strandferðir, og er það gert nú, en áður hafði hann verið færður með póstkostnaði á 3. gr.

Í tillögum póst- og símamálastjórnarinnar til fjárlagaáætlunar 1948 er gert ráð fyrir kr. 2 300.000.00 kostnaði við rekstur bifreiðanna í ár og jafn miklum tekjum. Þetta er ósundurliðað, enda mun ekki hafa verið komin reynsla á reksturinn. Nú eru tillögurnar sundurliðaðar, rekstrarkostnaður áætlaður mun hærri og tekjur einnig.

Ráðuneytið vill vekja athygli á því, að enginn hagnaður er áætlaður af flutningum þessum, en þó var talið, að á undanförnum árum, er flutningarnir voru í höndum einstaklinga, hafi verið mjög góður hagnaður af þeim á stundum.

IV. Kostnaður við Ferðaskrifstofu ríkisins hefur ekki verið áætlaður fyrr í fjárlögum. Nokkuð álitamál kann að vera, undir hvaða grein fjárlaganna hún á að falla, en réttast þótti þó að færa hana hér. Samgöngumálaráðuneytið hefur fallizt á tillögur forstjóra ferðaskrifstofunnar, og eru þær teknar óbreyttar í frumvarpið. Gert er ráð fyrir rekstrarhalla, kr. 200.000.00, sem greiðist úr sérleyfissjóði.

V. Óbreytt að öðru en því, að fjárveitingin til bókasafns verkamanna er hækkuð um kr. 2000.00.

VI. 1. Óbreytt.

2. Framlagið til sýsluvegasjóða er bundið með lögum nr. 50/1947 og áætlast kr. 800.000.00. Framlagið var í fyrra áætlað allt of lágt.

VII. Óbreytt.

VIII. Hækkar um kr. 1000.00.

Styrkur til vetrarflutninga er felldur niður, sbr. greinargerð vegamálastjóra.

IX. Óbreytt að mestu, en engin sundurliðun fyrirskipuð í frumvarpinu.

X—XIII. Óbreytt.

XIV. Vegna hækkunar tryggingariðgjalda er fjárhæð þessi áætluð kr. 200 000.00. Árið 1947 reyndist hún kr. 288.400.00, en dagsverkum verkamanna hefur fækkað töluvert undanfarið vegna aukinnar vélanotkunar og lækka því iðgjöldin. Til iðgjaldahækkunarinnar hefur ekki verið tekið tillit í núgildandi fjárlögum.

XV. Orlofsfé mun vera of lágt áætlað í núgildandi fjárlögum og er hér hækkað um kr. 50 000.00.

Um 13. gr. C.

I. Launin lækka, vegna þess að það er einum verkfræðingi færra á launum nú en gert er ráð fyrir í núgildandi fjárlögum. Hins vegar hafa bætzt við aldurshækkanir á laun.

II. Laun vitavarða eru áætluð nokkru lægri en í ár með hliðsjón af útkomu ársins 1947.

III. Rekstrarkostnaður vitaskipsins er með tilliti til reynslu ársins 1947 áætlaður kr. 550 000.00, en annar rekstrarkostnaður vitanna en sá, sem þegar er talinn, er með hliðsjón af hinu sama áætlaður kr. 50 000.00 lægri en í ár.

IV.—VII. Óbreytt.

VIII.

IX. Samkvæmt 2. gr. laga nr. 93/1943 skal ríkissjóður leggja fram til hafnarbótasjóðs kr. 300 000.00 á ári.

Samkvæmt 4. gr. sömu laga, sbr. 1. gr. laga nr. 25/1945, skal endurgreiða úr ríkissjóði í hafnarbótasjóð þau framlög, sem úr honum eru lögð til viðbótar ríkissjóðsframlagi til hafnargerða skv. fjárlögum. Niðurlag síðarnefndu lagagreinarinnar mun eiga að skilja svo, að endurgreiðslurnar skuli verða inntar af hendi á næstu þremur árum, eftir að framlagið var lagt fram úr hafnarbótasjóði.

Fyrsta framlagið til hafnarbótasjóðs var greitt:

1944		kr. 3 000.000.
1945 voru greidd framlögin samkv. 2. gr. fyrir árin 1944 og 1945		— 600 000.
1946 var greitt framlagið skv. 2. gr. fyrir árið 1946		— 300 000,
og endurgreiðsluframlag skv. 4. gr.	kr. 1 500.000	
1947 var greitt framlagið skv. 2. gr. fyrir árið 1947		— 300 000,
og endurgreiðsluframlag skv. 4. gr.	— 850.000	
Fram til 1. okt. 1948 hefur verið greitt framlagið samkv. 2. gr. fyrir árið 1948		— 300 000.
og endurgreiðsluframlag samkv. 4. gr.	— 200 000	
	Kr. 2 550 000	kr. 4 500 000.

Viðbótarframlög til hafnarframkvæmda úr hafnarbótasjóði hafa verið þessi:

1945 kr. 1 360 000.00, sem endurgreiða á úr ríkissjóði á árunum 1946—1948.
1946 — 2 118 500.00, — — — — — — 1947—1949.
1947 — 2 543 691.90, — — — — — — 1948—1950.
1948 — 880 805.90, — — — — — — 1949—1951.

Samkvæmt framansögðu hefur þegar verið endurgreitt viðbótarframlagið, sem átti að endurgreiðast á árunum 1946—1948, kr. 1 360 000.00 og kr. 1 190 000.00 af því, sem endurgreiða átti á árunum 1947—1949.

Ef greidd verður á þessu ári sú 1 milljón króna, sem eftir stendur af fjárveitingum til hafnarbótasjóðs í fjárlögum þessa árs, verður búið að inna af höndum endurgreiðsluna á viðbótarframlögunum, sem greidd voru úr hafnarbótasjóði 1945 og 1946 og kr. 71 500.00 betur.

Nú er afkoma ríkissjóðs þannig, að ráðuneytið telur ekki verjandi að gera ráð fyrir endurgreiðslu í hafnarbótasjóð á næsta ári og telur þar að auki sjálfsagt, að framlagið, sem veitt verður í fjárlögum næsta árs hafnargerðum þeim, sem viðbótarframlags hafa notið, verði látið ganga upp í endurgreiðsluna til hafnarbótasjóðs.

Um 13. gr. D.

I. Kostnaður við stjórn flugmálanna er nú áætlaður kr. 44 000.00 hærri en í ár. Liðurinn er nú nokkuð sundurliðaður í fjárlagafrumvarpinu.

Laun 4 flugráðsmanna eru áætluð kr. 2000 á mann, auk verðlagsuppbótar, samtals kr. 24 000.00, en auk þessa laun formannsins, sem einnig er flugvallarstjóri, kr.

3 900.00 á ári, auk verðlagsuppbótar. Þegar kr. 11 900.00 í grunn bætast við áætlun flugráðsins verður því enn kr. 35 700.00 hækkun á þessum lið.

II. 1. Reykjavíkurflugvelli er ætlað að bera af kostnaði við flugumferðarstjórn

laun 4 aðstoðarflugumferðarstjóra	kr.	91 800.00,
30% af fyrningu á radiotækjum í flugturni	—	4 500.00
og af „öðrum kostnaði" við flugumferðarstjórn	—	55 000.00
Samtals kr.		151 300.00.

Er þetta samkvæmt alþjóðasamningi.

2. Kostnaður við slökkviliðsdeild er hér sundurliðaður. Hann er áætlaður kr. 10 000.00 hærri en í núgildandi fjárlögum.

3. Liður þessi er einnig sundurliðaður og áætlaður litlu hærri en í ár. 40% er áætluð þátttaka annarra flugvalla í kostnaði þessum, dregin frá hér en færð undir III.

4. Vélaverkstæðiskostnaður er hér einnig sundurliðaður og áætlaður rúmum kr. 70 000 hærri en í ár. Af þessum kostnaði er öðrum flugvöllum ætlað að borga 40%.

5. Liður þessi er áætlaður kr. 126 000 lægri en í núgildandi fjárlögum. Gert er ráð fyrir, að 40% af vinnu smiðanna sé í þágu annarra flugvalla, og færist andvirði hennar á III.

6. og 7. Kostnaður þessi var í núgildandi fjárlögum áætlaður miklu lægri en hér, sennilega allt of lágt.

III. Rétt þótti að áætla sérstaklega kostnaðinn við Reykjavíkurflugvöll og taka aðra flugvelli, sem sé Vestmannaeyja- og Melgerðisflugvöll í einu lagi. Viðhald þeirra og endurbætur er áætlað kr. 50 000 hærri en í núgildandi fjárlögum. Fyrir þátttökunni í kostnaðinum við Reykjavíkurflugvöll er gerð grein hér að ofan. Annar kostnaður er áætlaður 64 000 kr.

IV. Flugumferðarstjórnarkostnaður er nú nokkuð sundurliðaður í frumvarpinu. Allur er kostnaðurinn áætlaður kr. 687 200.00. Eins og að framan getur ber Reykjavíkurflugvöllur kr. 151 300.00 af þeim kostnaði, en af afganginum kr. 535 900.00 ber ríkissjóður samkv. alþjóðasamningi 17½%, en 82½% endurgreiðist með alþjóðatillagi.

V. Kostnaðurinn á þessum lið er áætlaður eins og í núgildandi fjárlögum. Af honum endurgreiðist samkv. alþjóðasamningi 95%.

VI. Rekstur fjarskiptistöðva, sem stöðugt er að fjölga, er áætlaður helmingi hærri en í núgildandi fjárlögum.

VII. Blindflugskólakostnaðurinn er sundurliðaður nokkuð í frumvarpinu og gjöldin áætluð kr. 20 000.00 lægri en í ár. Tekjurnar eru áætlaðar helmingi lægri en í ár.

VIII. Ferðakostnaður og mælingaskostnaður er áætlaður rúmum 30 000.00 kr. hærri en í ár.

IX. Kostnaður þessi er áætlaður óbreyttur frá þessa árs fjárlögum. Tillagið til ICAO er umsamið.

X. Hér eru talin laun 4 nema í flugumferðarstjórn.

XI. Óbreytt.

XII. Áætlað helmingi hærra en í ár.

XIII. Af tillögum póst- og símamálastjórnarinnar til áætlunar á rekstrargjöldum landssímans má sjá, að kostnaður símans vegna flugþjónustunnar er áætlaður kr. 2 648 000. Af kostnaðinum á ICAO samkv. samningi að greiða 82½%, sem þá áætlast kr. 2 184 600, en afgangurinn færist hér.

XIV. Vísast til athugasemdanna við 15. gr. IV. 2.

Tekjur flugvallanna eru ákveðnar með gjaldskrám nr. 123/1946 og nr. 89/1947.

Tekjur Reykjavíkurflugvallar sundurliðast svo:

Leiga fyrir benzíngeyma	kr.	200 000.00
Leiga fyrir flugskýli	—	200 000.00

Aðrar leigur	kr.	30 000.00
Lendingargjöld	—	40 000.00
Benzíngjald	—	230 000.00
	Kr.	700 000.00
Af Keflavíkurflugvelli:		
Lendingargjöld	kr.	200 000.00
Benzíngjöld	—	1 000.000.00
	Kr.	1 200 000.00

Um 14. gr. A.

I. 1. Laun hafa hækkað um eina aldursuppbót skrifstofustúlku.

2. Undanfarið hefur kostnaður við ljós og hita íbúðar biskupsins verið greiddur úr ríkissjóði, og verið færður á 19. gr. Með því að kostnað þenna mun eiga að halda áfram að greiða, er rétt, að hann komi hér á réttan lið fjárlaganna. Kostnaðurinn varð kr. 4 510.86 árið 1947 og áætlast nú kr. 4 500.00.

5. Ferðakostnaður biskups er ákveðinn kr. 8 000.00 eftir tillögu kirkjumálaráðuneytisins.

II. 1.—3. Laun sóknarpresta og prófasta og embættiskostnaður greiðast úr prestlaunasjóði. Samkvæmt lögum nr. 46/1907 voru tekjur prestlaunasjóðs þessar:

1. Eftirgjald af fasteignum prestakalla, arður af ítökum og prestsmata.
2. Sóknartekjur, þ. e. preststíundir, offur, lausamannsgjald, lambsfóður og dagsverk eða niðurjöfnunargjald.
3. Vextir af innstæðufé eða peningum prestakalla.
4. Framlög úr landssjóði, enda leggi landssjóður fram fé það, sem vanta kann, til þess að prestar og prófastar fái greidd laun sín og prestar eftirlaun sín af hinum öðrum tekjum sjóðsins.
5. Sektir samkvæmt lögum.

Með lögum nr. 40/1909 var preststíund af fasteign og lausafé, offur, lausamannsgjald, lambsfóður og dagsverk afnumið frá fardögum 1909, en í stað þess kom prestsgjald í prestlaunasjóð, sem einn hluti sóknargjalda.

Prestsgjaldið var fellt niður með lögum nr. 73/1941, og kom ekkert í þess stað í prestslaunasjóð. Tekjur sjóðsins samkv. 2.-lið 24. gr. laga nr. 46/1907 eru því horfnar.

Með lögum nr. 92/1936 var 1. töluliður 24. gr. laga nr. 46/1907 úr gildi numinn, og eru þá eftir tekjur samkv. 3.—5. tölulið. Prestslaunin, sem sjóðurinn átti að miklu leyti að standa undir, eru nú orðin hátt á þriðju milljón króna, en tekjur sjóðsins eru innan við 50 000.00 á ári. Hann er því ekki orðinn annað en nafnið tómt. Því er nú til hægðarauka hætt við að færa prestlaunasjóðinn sérstaklega, og er hann alveg felldur inn í ríkissjóðinn í ríkisbókhaldinu. Tekjur þær, sem samkv. lögum eiga að renna í prestlaunasjóð, færast sem óvissar tekjur á 5. gr. fjárlaga, og greiðslur þær, sem inna ber af hendi úr prestlaunasjóði verða færðar á 14. gr. A. og 18. gr. fjárlaganna. Því er nú ekkert framlag úr prestlaunasjóði fært til frádráttar prestlaununum í fjárlögum, enda var í rauninni rangt að orði komizt, er framlagið átti að koma úr ríkissjóði.

Samkvæmt launaskrá eru grunnlaun sóknarpresta nú kr. 878 550.00. Grunnlaun pófasta kr. 13 800.00 og grunn-embættiskostnaður kr. 67 650.00, og verður ekki nær komizt réttri áætlun 1949.

4. Eftir tillögum kirkjumálaráðuneytisins er veitt sama fjárhæð til endurbóta á gömlum íbúðarhúsum á prestsetrum, enda er þörfin talin mikil.

5. Nýr liður. Kostnaði þessum var áður ávísað úr prestlaunasjóði. Fardagaárið 1945—1946 varð hann kr. 31 810.53 og er nú áætlaður kr. 30 000.00.

IV. Eftir tillögum kirkjumálaráðuneytisins hefur fjárveiting til eflingar kirkju-

söngs verið hækkuð um kr. 7 500.00, húsaleigukostnað og annan óhjákvæmilegan kostnað vegna söngkennslu.

V.—VI. Óbreytt frá fyrra ári.

VII. Kirkjumálaráðuneytið leggur til, að styrkurinn til kirkjublaðsins verði hækkaður, með því að fjárhagur þess sé erfiður og blaðið kosti aðeins kr. 15.00 á ári. Þetta ráðuneyti vill ekki fallast á hækkun styrksins og leggur ekki til slíka hækkun í frumvarpinu.

Um 14. gr. B.

I. a. 1. Samkvæmt launaskrá eru grunnlaun nú kr. 383 832.00, en voru í fyrra kr. 395 400.00. Mismunurinn stafar aðallega af því, að laun dr. Gunnl. Claessens munu hafa verið færð á launaskrá háskólans í fyrra. Grunnlaunin verða í frumvarpinu áætluð kr. 383 850.00 eins og háskólarektor leggur til. Á laun sendikennaranna kemur engin verðlagsuppbót.

3. Hiti, ljós og ræsting kostaði kr. 183 500.00 árið 1947, og er ekki fært að áætla þann kostnað lægri 1949. Hann verður því áætlaður kr. 185 000.00.

4.—10. Allir þessir liðir eru óbreyttir frá núgildandi fjárlögum.

11. Fjárveitingin til verkfræðideildar er hækkuð um kr. 20 000.00, enda hefur nú verið bætt við kennara í stað Steinþórs Sigurðssonar, sem tók laun sín hjá rannsóknarráði.

12—13. Óbreytt.

14. Samkvæmt nýju fræðslulögunum er gert ráð fyrir því, að kennaraefni við skóla gagnfræðastigsins hljóti kennslu í uppeldis- og kennslufræðum við háskólann. Námstíminn er ætlaður minnst eitt háskólamisseri og búizt við, að komizt verði af með eitt námsskeið á ári fyrst um sinn. Kostnaðaráætlunin er miðuð við það.

15. Gert er ráð fyrir því, að íþróttahús háskólans borgi sig með því að reikna leigu fyrir afnot stúdenta af því. Sú leiga er ákveðin kr. 13 500.00.

16. Með tilliti til þess að ýmis gjöld reyndust árið 1947 kr. 169 242.00 verður að áætla þau miklu hærri 1949 en gert er í núgildandi fjárlögum. Með tilliti til þess að í ofangreindum liðum er tekinn nokkur sá kostnaður, sem 1947 var færður á ýmis gjöld, er liðurinn áætlaður kr. 140 000.00 í frumvarpinu.

b. Samkvæmt launaskrá virðast vera óráðnir nokkrir starfsmenn, sem menntamálaráðuneytið telur nauðsynlega. Það ráðuneyti leggur til, að grunnlaunin verði áætluð kr. 74 900.00 og er því fylgt hér.

Til annars kostnaðar leggur menntamálaráðuneytið til, að veittar verði kr. 150 000.00, og er það nokkru lægra en forstöðumaður tilraunastofunnar leggur til. Er hér farið eftir tillögum ráðuneytisins.

Stofnun þessi er svo ung, að ekki er enn hægt að byggja á kostnaði fyrri ára við hana.

Tekjur eru áætlaðar óbreyttar.

II. a. og b. Óbreytt fjárveiting samkv. tillögum menntamálaráðuneytisins.

c. Háskólaráðið annast nú um störf leiðbeiningaskrifstofunnar. Fjárveiting er óbreytt samkv. tillögu menntamálaráðuneytisins.

d. Fjárveiting óbreytt.

III. Menntamálaráðuneytið áætlar kostnaðinn við fræðslumálastjóraembættið óbreyttan frá núgildandi fjárlögum.

IV. Launabreytingin er sú, að Bogi Ólafsson, yfirkennari, lætur af störfum, en í hans stað kemur væntanlega maður á byrjunarlaunum. Menntamálaráðuneytið leggur til, að fjárveitingin til skólans verði að öðru óbreytt en því, að náms- og húsaleigustyrkir verði hækkaðir í kr. 20 000.00.

V. Laun eru óbreytt. Stundakennsla er áætluð nokkru lægri en í fjárlögum 1948. Hiti, ljós og ræsting er hækkuð um kr. 15 000.00 með tilliti til þess, að sá kostnaður varð í fyrra kr. 74 482.00. Annað er óbreytt nema ýmis gjöld, sem eru áætluð kr. 65 000.00, enda er prófkostnaður þar með talinn.

VI. Laun hafa hækkað, er einum kennara var bætt við haustið 1947. Stundakennsla er áætluð mun lægri en áður. Hiti, ljós og ræsting virðist hafa verið áætluð of hátt í núgildandi fjárlögum, og er lækkað með tilliti til þess sem kostnaðurinn reyndist 1947. Námsstyrkir eru hækkaðir um kr. 5 000.00. Annar kostnaður virðist hafa verið of lágt áætlaður undanfarið og reyndist kr. 64 651.00 1947. Er nú áætlaður kr. 50 000.00.

VII. Bætt verður við einum kennara á föstum launum, en stundakennslukostnaður lækkar að sama skapi. Annar kostnaður er áætlaður nokkru hærri en í ár, en annað er óbreytt.

VIII. Stundakennslukostnaður í vélstjóraskólanum er áætlaður allmiklu hærri en í ár, vegna þess að í ráði er að tviskipta einum bekk. Hiti, ljós og ræsting og ýmis gjöld er áætlað með hliðsjón af reynslu ársins 1947.

IX. Laun húsvarðar hækka um eina aldurshækkun. Í fjárhæðinni er innifalin greiðsla til húsvarðar kr. 200.00 á mánuði í grunn fyrir reikningshald. Auk þessa hefur húsvörðurinn laun fyrir stundakennslu.

X. 1. Laun eru óbreytt. Kostnaður er áætlaður nokkru hærri en í núgildandi fjárlögum. Til viðhalds er áætlað kr. 10 000.00 hærri fjárhæð en í ár. Til endurbóta á fjósi er óskað fjárveitingar fyrir kr. 110 000.00. Annar kostnaður er áætlaður kr. 10 000.00 hærri en í núgildandi fjárlögum, og veitir sjálfsagt ekki af.

Í tillögum skólastjórans, sem landbúnaðarráðuneytið hefur engar athugasemdir gert við, er óskað fjárveitinga fyrir kaupum á 2 votheysturnum kr. 24 000.00, framlagi til byggingar kennarabústaðar kr. 50 000.00 og til byggingar verkfærageymslu kr. 46 000.00, en allt þetta á að færast á 20. gr., ef fé verður til þess veitt.

2. Síðastliðið haust var ráðinn kennari við skólann til viðbótar. Launin hækka því. Kostnaður við hita, ljós og ræsting varð rúmlega 50 000 kr. s. l. ár, og er því áætlaður svipaður hér.

Lagt er til, að varið verði til verkfærakaupa 40 000 kr., en ekki þykir ástæða til þess að hækka fjárveitinguna frá núgildandi fjárlögum. Ekki er heldur ástæða til þess nú að auka fjárveitingu til verkfærasafns. Í tillögum skólastjórans er farið fram á 200 000 kr. fjárveitingu til viðgerðar á fjósi staðarins, en tekið er fram, að fjárhæðin sé að nokkru miðuð við að greiða skuld, sem myndazt hafi á þessu ári, vegna þess að meiru var eytt en fjárlög 1948 heimiluðu. Ef gert er ráð fyrir, að helmingur fjárhæðarinnar renni til þessa, verða aðeins veittar kr. 100 000.00 í frumvarpinu, með því að því, sem eytt er umfram í ár, ber að ávísa á venjuleg aukafjárlög.

Fé til stofnkostnaðar rafveitu, sem lagt er til, að veitt verði, ber að veita á 20. gr. fjárlaganna. Ekki verður að þessu sinni tekin upp fjárveiting til vélaverkstæðis eða til viðgerðar á leikfimishúsi, sem skólastjórinn leggur til, að veitt verði.

3. a. og b. liðir eru óbreyttir frá þessa árs fjárlögum. Sömuleiðis c-liður, þótt skólastjóri leggi til 5000 króna hækkun. Viðhald skólahúsa varð árið 1946 kr. 44 995.70, rúmlega 45 000.00 árið 1947, og enn er farið fram á kr. 50 000.00 fjárveitingu til viðhalds húsanna 1949. Landbúnaðarráðuneytið telur fjárveitinguna eðlilega, enda er hér um mörg gróðurhús að ræða, sem fljótt ganga úr sér. Í tillögum skólastjórans er 57 000 kr. fjárveiting til garðyrkjutilrauna. Ekki verður fallizt á að veita þetta fé að svo stöddu.

XI. Samgöngumálaráðuneytið leggur til, að fjárveitingar til iðnfræðslu verði óbreyttar.

XII. Áætlaður nemendafjöldi Verzlunarskólans er 370 og Samvinnuskólans 60.

XIII. 1. Samkvæmt launalögum nr. 60/1945 greiðir ríkissjóður ⅔ launa barnakennara í kaupstöðum, en ¾ launa barnakennara í sveitum. Þessi hluti ríkissjóðs áætlast nú kr. 2 000.000.00 og reyndist 1947 rétt rúmlega sú fjárhæð. Hins vegar á ríkissjóður að greiða verðlagsuppbót á öll kennaralaun, bæði sinn hluta og hluta bæjar- og sveitarfélaga. Á árinu 1947 voru greiddar kr. 6 337 þús. í verðlagsuppbót,

miðað við vísitölu 315. Með vísitölu 300 hefði sú fjárhæð orðið mjög nálægt 6 milljónum, en grunnlaunin reyndust þá 2 067 þús. kr. Verðlagsuppbótin ætti því nú að áætlast tæpar 6 milljónir, en með því að grunnlaunafjárhæðin mun vera áætluð í það nægsta, er verðlagsuppbótin áætluð réttar 6 milljónir kr.

2. Grunnlaunahluti ríkissjóðs af launum farkennara varð 1947 ca. kr. 297 000.00, en verðlagsuppbót ca. kr. 850 000.00, miðað við vísitölu 315. Miðað við vísutölu 300 yrði verðlagsuppbótin tæpar 810 þús. kr. Hér verður verðlagsuppbótin miðuð við kr. 300 þús. grunnlaunahluta ríkissjóðs áætluð kr. 800 þús.

3.—4. Óbreytt frá núgildandi fjárlögum.

5. Hækkar um kr. 50 000.00 eftir tillögu menntamálaráðuneytisins.

6. Fræðslumálastjóri leggur til, að veittar verði kr. 5 000 000.00 til styrktar byggingu barnaskóla, en menntamálaráðuneytið lækkar þá fjárhæð niður í kr. 4 000 000.00. Þetta ráðuneyti telur ekki fært að veita meira fé í þessu skyni á fjárlögunum en kr. 2 000 000.00, og verður þá að haga byggingarframkvæmdum eftir því, með því að hér verður ekki um áætlunarfjárhæð að ræða í fjárlögunum.

7. og 8. Lækka lítils háttar með tilliti til reynslu ársins 1947.

9. Óbreytt.

10. Samkvæmt 51. gr. laga nr. 34/1946 skal ríkissjóður endurgreiða bæjar- og sveitarsjóðum ¼ hluta kostnaðar þess, sem á þeim hvílir af rekstri barnaskóla. Ákvæði greinar þessarar koma fyrst til framkvæmda á þessu ári, og er mjög erfitt að fara nærri lagi um fjárhæð þá, sem ríkissjóður þarf að greiða. Menntamálaráðuneytið áætlar hana 1 500 000 kr., og má vera, að það sé ekki of hátt áætlað.

11. og 12. Óbreytt.

13. Samkv. 112. og 113. gr. almannatryggingalaganna nr. 50/1946 bar ríkissjóði að greiða iðgjöld vegna kennara og annarra starfsmanna við barnafræðsluna árið 1947, rúml. kr. 138 000.00. Að sjálfsögðu ber að greiða iðgjöld þessi fyrir alla starfsmenn ríkisins, en með því að ekki verður há fjárhæð á hvern lið fjárlaga nema þá, sem fela í sér háar launagreiðslur, eru iðgjöldin áætluð í ýmsum gjöldum, enda aldrei hægt að áætla þau svo nákvæmlega, að máli skipti, hvort iðgjöld þessi færast þar eða ekki. Á 14. gr. B. XIII. er enginn liður fyrir ýmis gjöld, og iðgjaldafjárhæðin er svo há, að rétt er að færa hana sérstaklega hér, og er hún áætluð kr. 140 000.00.

XIV. 1. Fjárveitingar til Eiðaskóla eru óbreyttar að öðru en því, að kostnaður við hita, ljós og ræsting er hækkaður um 10 000 kr., og viðhaldskostnaður skólahúsa um jafnháa fjárhæð. Liðurinn til viðgerðar rafstöðvarinnar fellur niður.

2. Kennarar við gagnfræða- og héraðsskóla eru launaðir úr ríkissjóði, sbr. 54. gr. l. 48/1946. Grunnlaun þeirra eru áætluð kr. 800 000, og er sú fjárhæð miðuð við raunverulegar launagreiðslur til þeirra nú. Samkvæmt nefndri lagagrein greiðir ríkissjóður styrk til stundakennslu í skólunum, en alger óvissa er um það enn, hve miklu sá styrkur nemur, með því að enn hafa engar skýrslur borizt um stundakennsluna.

Annan rekstrarkostnað skólanna en laun og stundakennslukostnað greiða skólasjóðir. Tekjur þeirra sjóða, sem taldar eru í ofannefndri lagagrein eru ekki áætlaðar að hrökkva fyrir þessum kostnaði, og lendir þá helmingur þess, sem á vantar, á ríkissjóði. Það er algerlega óvíst enn hve miklu þetta nemur, en menntamálaráðuneytið hefur áætlað þenna kostnað og stundarkennslustyrkinn samtals kr. 800 000.00, og verður því fylgt hér.

3. Um þenna lið er sama að segja sem um XIII 6. Menntamálaráðuneytið vill veita til styrkjanna kr. 3 000 000.00, en þetta ráðuneyti treystist ekki til að leggja til hærri fjárhæð en 1,4 milljón króna, sem ekki má skoðast áætlunarfjárhæð.

4.—11. Óbreytt samkvæmt tillögum menntamálaráðuneytisins.

XV. 1. Hluti ríkissjóðs í rekstrarkostnaði húsmæðraskólanna, öðrum en launum, er áætlaður kr. 750 000.00.

2. Til styrktar byggingu húsmæðraskóla leggur menntamálaráðuneytið til, að

veittar verði kr. 750 000.00, en þá fjárhæð lækkar fjármálaráðuneytið niður í kr. 400 000.00, og gildir hið sama um þenna lið sem XIII. 6. og XIV. 3.

3. Óbreytt að niðurstöðu.

4. Laun námsstjóra hækka lítils háttar.

5. Óbreytt.

XVI. 1. Laun og stundakennsla eru óbreytt frá fjárlögum 1948. Til íþróttatækja er veittar kr. 5 000.00. Ræsting og húsaleiga er áætlað óbreytt, en bætt er við nýjum lið til lagningar íþróttavallar kr. 25 000.00.

2. Í tillögum íþróttafulltrúa er gerð grein fyrir því, að fjárþörf íþróttasjóðs sé kr. 1651 þús. Menntamálaráðuneytið leggur til, að ekki sé veitt meira en kr. 700 000.00 til sjóðsins á næsta ári, en þetta ráðuneyti lækkar fjárhæðina niður í kr. 500 000.00 og tekur fram, að hér er ekki um áætlunarfjárhæð að ræða.

3.—8. Óbreytt.

9. Liður í fjárlögum 1948 fellur niður.

XVII. Laun eru óbreytt. Fæðiskostnaður og kaup starfstúlkna er áætlað svipað sem það varð 1947. Vegna veikinda og aldurs fastra kennara er nauðsynlegt að kosta meiru til aukakennslu en áður. Annar kostnaður er miðaður við reynslu ársins 1947.

XVIII.—XX. Óbreytt samkvæmt tillögum menntamálaráðs.

Liðirnir XXI. og XXII. í núgildandi fjárlögum eru felldir niður, með því að fullnægjandi skýrslur hafa ekki borizt um það, hvort kennsla og starfið, sem greitt er fyrir, fari fram ókeypis eða með mjög vægu verði. Menntamálaráðuneytið er samþykkt þessu.

XXI.—XXIV. Óbreytt samkvæmt tillögum menntamálaráðuneytisins.

XXVII. í núgildandi fjárlögum er felldur niður.

XXV.—XXVII. Óbreytt.

XXVIII. Samkvæmt tillögu menntamálaráðuneytisins er hér bætt við nýjum lið. Íslenzkir námsmenn hafa að undanförnu haft styrki víða erlendis frá til náms. Er tilhlýðilegt, að hægt sé að endurgjalda slíkt.

Um 15. gr. A.

I. Fjárveitingin er að miklu leyti óbreytt frá fjárlögum 1948. Kostnaðurinn við samning spjaldskrár fellur niður.

II. Óbreytt frá fjárlögum 1948, nema bætt er við nýjum lið til ljósmyndunar handrita og útgáfu skjalaskrár 15 000 kr.

III. Launin lækka, vegna þess að Matthías Þórðarson hefur látið af störfum. Hann vinnur að vísu við safnið, en laun hans eru eftirlaun og færast á 18. gr.

4. og 5. liður eru hækkaðir eftir tillögum menntamálaráðuneytisins. Bætt er við fjárveitingu til viðhalds bæjarhúsa í Laufási og í Gröf á Höfðaströnd.

IV. Í fjárveitingu til safnsins á þessu ári var gert ráð fyrir nýjum starfsmanni með kr. 7 200.00 grunnlaunum. Þegar starfsmanninum var bætt við, voru grunnlaun hans ákveðin kr. 9 600.00 á ári. Bætt er við kr. 15 000.00 til kaupa á safnhirzlum og áhöldum, og kr. 4 500.00 til rannsókna og ferðakostnaðar. Ýmis gjöld eru hækkuð um kr. 7 500.00.

V. Óbreytt.

VI. Kostnaður við hita, ljós og opinber gjöld reyndist rúmar 20 000 kr. 1946 og virðist ofhátt áætlað í ár. Hann er lækkaður niður í kr. 22 000.00. Undanfarið hefur ekki verið áætlað fyrir ýmsum gjöldum, sem reyndust kr. 13 891.40 árið 1946. Þau eru nú áætluð kr. 12 000.00.

VII.—XIII. Óbreytt samkvæmt tillögum menntamálaráðuneytisins.

XIV. 1.—9. Sömuleiðis.

Liðirnir 10.—12. falla niður, með því að engin umsókn hefur borizt og engin skýrsla um námið.

Liðurinn XV. í núgildandi fjárlögum fellur niður af sömu ástæðum.

XV.—XIX. Óbreytt.

XX. Lækkað um helming. Gert er ráð fyrir, að kosta þurfi nokkru til viðhalds Þingvallabæjarins og til gangstíga um hraunið. Enn fremur til trjáræktar.

XXI. Óbreytt.

Um 15. gr. B.

I. 1. a. Bætt hefur verið við nýjum starfsmanni til aðstoðar við byggingarefnarannsóknir, en laun tveggja starfsmanna hafa verið færð á aðra liði.

b. Í tillögum forstöðumanns iðnaðardeildar er annar kostnaður deildarinnar, auk sameiginlegs kostnaðar, áætlaður kr. 250 000.00, og er það tæplega kr. 80 000.00 hækkun frá í fyrra. Tekjurnar eru hins vegar áætlaðar kr. 220 000.00, og er það 6000 kr. hækkun. Forstöðumaðurinn mun hafa áætlað tekjurnar í ár með tilliti til þess, að gjöldin yrðu hærri, en gjöldin munu hafa verið færð niður frá áætlun hans án þess að lækka tekjurnar.

2. a. Bætt hefur verið við starfsfólki, og í ráði er að bæta við svo, að grunnlaunin hækka um kr. 17 900.00 frá fjárlögum 1948.

b. Annar kostnaður er hækkaður um kr. 25 000.00 frá fjárlögum 1948.

3. a. Bætt hefur verið við einum efnafræðingi með 9 600 kr. grunnlaunum.

b. Í tillögum forstöðumanns deildarinnar er annar kostnaður áætlaður rúmlega kr. 240 000.00, nálega kr. 100 000.00 hærri en í núgildandi fjárlögum. Hér munar mestu um aukinn kostnað við jurtakynbætur og frærannsóknir, og fylgir frumvarpinu greinargerð fyrir þeim framkvæmdum. Ráðuneytið getur ekki fallizt á að veita meira en kr. 150 000.00 til þessa kostnaðar.

c. Tekjur og gjöld fjárræktarbúsins á Hesti eru áætluð jafnhá sem í núgildandi fjárlögum, en fjárveiting til stofnkostnaðar er hækkuð um 6000 kr.

d. Laun bústjóra og vinnumanna eru áætluð nokkru hærri en í núgildandi fjárlögum. Annar kostnaður, þar með talin kaup á búnaðarvélum, er einnig áætlaður nokkru hærri. Búrekstrinum er ætlað að bera sig að öðru leyti.

e. Nýr liður.

4. Vélritunarstúlku hefur verið bætt við og laun annarrar hafa hækkað lítils háttar.

Húsnæði hefur verið tekið á leigu fyrir fiskideild og verkstæði, og bætist því við nýr liður fyrir þeim kostnaði kr. 48 240.00. Hiti, ljós og ræsting er nú áætlað að kosta kr. 20 000.00 meira en gert er ráð fyrir í núgildandi fjárlögum.

Þá er áætlaður kostnaður við viðgerð á þaki húss atvinnudeildarinnar kr. 40 000.00. Annar kostnaður er áætlaður kr. 21 500.00.

Tekjurnar frá Happdrætti háskólans reyndust kr. 114 476.46 árið 1946 og áætlast nú kr. 100 000.00.

Í tillögum atvinnudeildarinnar, sem atvinnumálaráðuneytið hefur engar athugasemdir gert við, er hvarvetna um hækkanir á kostnaði að ræða, og sums staðar er gert ráð fyrir nýju starfsfólki, sem fjármálaráðuneytið hefur ekki samþykkt ráðning á. Fjármálaráðuneytið á ekki annars úrskosta en að leggja tillögur þessar til grundvallar við áætlunina í frumvarpinu, en þó hefur það áætlað kostnaðinn við landbúnaðardeildina um 120 000 kr. lægri en tillögurnar gera, með tilliti til þess að ekki hefur verið samþykkt ráðning á nýju starfsfólki, sem áætlað er að bæta við þar. Samt eru nú ráðgerð ca. kr. 330 000.00 meiri útgjöld en í fjárlögum þessa árs.

II. Skrifstofa ríkisspítalanna hefur gert áætlun um tekjur og gjöld rannsóknarstofunnar, og er hún næstum samhljóða áætluninni í núgildandi fjárlögum. Árið 1947 urðu gjöldin, einkum launakostnaður, allmiklu hærri en hér er gert ráð fyrir. Nú flytjast 2 menn og verkefni þeirra yfir á rannsóknarstöðina á Keldum, en tekjur stofunnar lækka hlutfallslega meira en gjaldarýrnuninni nemur.

III. Eftir tillögum rannsóknarráðsins er kostnaður áætlaður hinn sami sem í núgildandi fjárlögum, en ekki er þó gert ráð fyrir kostnaði við þaraleitanir, með því að ekki er ljóst, hvort atvinnumálaráðuneytið hefur fallizt á þær framkvæmdir.

IV. Sú breyting er frá fjárlögum 1946, að kostnaðurinn við almenna veðurþjónustu er áætlaður sérstaklega, en kostnaður við veðurþjónustu vegna millilandaflugs skilinn frá heildarkostnaði veðurstofunnar. ICAO greiðir samkvæmt samningi 82,5% af kostnaðnium vegna millilandaflugsins. Heildarkostnaðurinn er áætlaður tæpum 100 000 kr. hærri en í fjárlögum þessa árs. Endurgreiðslan frá ICAO er áætluð kr. 467 775.00, og verða því nettógjöld áætluð rúmar 375 000 kr. lægri en í fyrra.

Föst laun hækka nokkuð, en aukavinnukostnaður er áætlaður mun lægri. Til veðurathugana er áætluð heldur lægri fjárhæð en í ár, en allmiklu hærri til veðurskeyta og gerir veðurstofustjóri grein fyrir þeirri hækkun í fylgiskjali með frumvarpinu.

Í fjárlögum þessa árs er kostnaður við starfrækslu landskjálftamæla áætlaður kr. 73 000.00. Hér er raunar innifalið andvirði nýrra mælingatækja, sem ekki munu verða keypt á þessu ári og því verður liðurinn ekki notaður nema að litlu leyti á þessu ári. Hins vegar eru kaupin áætluð á næsta ári og hér færð með kr. 60 000.00.

Þá er gert ráð fyrir stofnkostnaði við verkstæði, jafnhá fjárhæð sem í ár, og er þá gert ráð fyrir, að ekkert af þeirri fjárveitingu verði notað í ár.

V. Óbreytt samkvæmt tillögu vegamálastjóra.

VI. Óbreytt.

VII. Annar kostnaður en laun er áætlaður ca. kr. 27 000.00 hærri með tilliti til þess að sjómælingabáturinn „Týr" verði gerður út í 4 mánuði á næsta ári í stað 3 áður.

VIII. Í stað gjaldkera með kr. 6677.00 grunnlaunum, sem látið hefur af störfum, eru nú komnir eftirlitsmaður með kr. 7800.00, ritari með kr. 5 200.00 og gjaldkeri með 3 600.00 grunnlaunum.

Annar kostnaður er áætlaður kr. 10 000.00 hærri en í ár.

Um 16. gr. A.

1. Samkvæmt tillögu landbúnaðarráðuneytisins er framlagið til Búnaðarfélagsins ákveðið kr. 1 100 00, kr. 115 000 hærri en í fyrra.

2. Til kynnisferða bænda leggur búnaðarmálastjóri til, að veittar verði kr. 10 000.

3. a. Samkvæmt jarðræktarlögunum nr. 54/1942 skal greiða styrk úr ríkissjóði til framkvæmda þeirra í jarðrækt og húsabótum, sem taldar eru í II. kafla laganna. Verðlagsuppbót skal greiða á styrkinn samkvæmt 10. gr. laganna, og miðast uppbótin við verðlagsvísitölu næsta árs á undan. Ekki er í jarðræktarlögunum ákveðið hámark þess styrks, sem ríkissjóður skal greiða alls á ári til þessara framkvæmda, og fer hann eftir framkvæmdunum, nema honum séu takmörk sett í fjárlögum.

Í fjárlögum þessa árs er styrkurinn talinn kr. 3 000 000, en í greinargerð búnaðarfélagsins, sem frumvarpinu fylgir, er sagt, að heildarstyrkurinn á framkvæmdir frá árinu 1947 muni verða sem næst kr. 3 600 00, og er þá reiknað með verðlagsuppbót 215%. Styrkur á framkvæmdirnar 1947 greiðist með fjárveitingu 1948. Grunnstyrkurinn er þá ca. kr. 1 143 000.

Búnaðarfélagið telur, að framkvæmdir muni verða a. m. k. eins miklar í ár og síðast liðið ár, og áætlar grunnstyrkinn kr. 1 260 000, en verðlagsuppbót kr. 2 502 000. Þar að auki vill það áætla fyrir útsendingarkostnaði á styrkjunum kr. 20 000. Engin heimild er til að greiða þann kostnað úr ríkissjóði, og verður hann ekki tekinn upp í frumvarpið. Grunnstyrkurinn verður áætlaður kr. 1 250 000 og verðlagsuppbót 200%.

b. Samkvæmt 30. gr. jarðræktarlaganna nr. 54/1942, sbr. 1. gr. laga nr. 38/1943, skal ríkissjóður árlega greiða vélasjóði kr. 50 000. Búnaðarfélagið leggur til, að greidd verði verðlagsuppbót á þetta framlag, en á það getur fjármálaráðuneytið ekki fallizt og tekur það því ekki upp í fjárlagafrumvarpið.

c. Samkvæmt 37. gr. jarðræktarlaganna nr. 54/1942, sbr. 8. gr. laga nr. 38/1943, skal ríkissjóður greiða ⅓ kostnaðar við framræslu. Styrkurinn á þessu ári hefur

þegar numið kr. 514 535.71 og er enn nokkuð ógreitt. Hann mun vera greiddur til framkvæmdanna á árinu 1947. Ef svipað verður unnið í ár, mun ekki veita af að áætla til styrkgreiðslu kr. 600 000.00.

d. Samkvæmt 11. gr. laga nr. 7/1945 skal verkfæranefnd ríkisins hafa eftirlit með vélum þeim og verkfærum, sem keypt eru til ræktunarframkvæmda samkvæmt lögunum. Samkvæmt 12. gr. sömu laga skulu búnaðarfélagið og verkfæranefnd halda námskeið fyrir þá menn, sem eiga að vinna við hin vélknúnu jarðvinnslutæki. Kostnaðinn við hvorttveggja skal greiða úr ríkissjóði. Ekki er gerð grein fyrir kostnaði þessum í tillögum búnaðarfélagsins, en lagt er til, að hann verði áætlaður eða til hans veittar kr. 200 000. Með því, að eftirlitið með vélunum er mjög nauðsynlegt og hirðingu vélanna mun víða hafa verið mjög ábótavant undanfarið, er tekin í frumvarpið sú fjárveiting, sem búnaðarfélagið leggur til.

e. Samkvæmt 5. gr. laga nr. 7/1945 skal ríkissjóður greiða helming kostnaðar við athuganir og mælingar á ræktunarlöndum, en búnaðarfélagið og búnaðarsambönd eiga að greiða hinn helminginn. Ekki hefur enn komið til greiðslu á neinum slíkum kostnaði, en búast má við, að á næsta ári verði ríkissjóður krafinn um einhverja greiðslu. Er ekki talið varlegt að áætla hana lægri en kr. 75 000.00.

f. Búnaðarfélagið leggur til, að veitt verði til skurðgröfukaupa kr. 500 000.00 á næsta ári. Með því að útliðið er tvísýnt um fjárhagsafkomu ríkissjóðs á næsta ári, verður ekki lagt til í frumvarpinu, að veitt verði meira en kr. 100 000 til þessara kaupa, sbr. 34. gr. jarðræktarlaganna.

g. Samkvæmt 24. gr. jarðræktarlaganna nr. 54/1942, skal ríkissjóður árlega leggja verkfærakaupasjóði kr. 80 000.00. Fjárveiting þessi mun hafa fallið niður úr fjárlögum þessa árs, en úr því verður væntanlega bætt með því að ávísa henni gegn aukafjárveitingu. Búnaðarfélagið leggur til, að á styrk þennan verði greidd verðlagsuppbót, en fjármálaráðuneytið getur ekki fallizt á það og tekur það ekki upp í frumvarpið.

h. Samkvæmt 21. gr. laga nr. 7/1945, sbr. l. nr. 29/1948, skal ríkissjóður greiða í styrk ⅔ af kostnaði veggjamóta, véla og verkfæra, sem forstöðumaður teiknistofu landbúnaðarins og nýbýlastjórnin telja búnaðarsamböndum þörf á til byggingarframkvæmda. Kostnaðinn áætlar teiknistofa landbúnaðarins kr. 1 064 000 á næsta ári og styrk úr ríkissjóði því kr. 710 000.00.

4. Samkvæmt lögum nr. 19/1948 ber ríkissjóði að greiða margs konar styrki til búfjárræktar.

a. Nautgriparækt. Samkvæmt 9. gr. getur búnaðarfélag eða nautgriparæktarfélag fengið styrk til starfsemi sinnar, sem nemur eftir atvikum kr. 1.00 til kr. 2.50 á hverja reiknaða árskú. Samkvæmt 10. gr. geta félög þessi fengið styrk til nautahalds, ef þau nota verðlaunanaut.

Samkvæmt 13. gr. leggur ríkissjóður fram til verðlauna á nautgripasýningum kr. 0.50 fyrir hvern framtalinn nautgrip gegn jafnháu framlagi annars staðar að. Enn fremur skal greiða úr ríkissjóði heiðursverðlaun fyrir kýr.

Hinn almenna styrk til nautgriparæktarfélaganna áætlar Búnaðarfélag Íslands kr. 95 000.00. Lögin kveða ekki á um það, hvaðan styrkurinn á að koma, og því síður skylda þau ríkissjóð til að greiða slíkan styrk. Sama er um verðlaunastyrkina að segja, en þá áætlar búnaðarfélagið kr. 5000.00.

Hér er ekki um lögboðnar greiðslur úr ríkissjóði að ræða, en þó er lagt til, að veittar verði fjárhæðir þær, sem búnaðarfélagið nefnir.

b. Sauðfjárrækt. Samkvæmt 16. gr. geta sauðfjárræktarfélög fengið styrk úr ríkissjóði. Samkv. 17. gr. er heimilt að styrkja úr ríkissjóði sauðfjárræktarbú, 2 í hverjum landsfjórðungi. Þá skal ríkissjóður árlega leggja fram kr. 2000.00 til þess að verðlauna bú þessi, og er það framlag lögbundið, en styrkirnir ekki.

Samkvæmt 21. gr. skal greiða úr ríkissjóði til verðlauna á sýningum 2 aura á hverja framtalda kind, gegn jöfnu framlagi annars staðar að, og áætlar búnaðarfé-

lagið framlag þetta kr. 15 000.00. Styrkina ásamt búaverðlaunum áætlar það samtals kr. 32 000.00.

Hér verður fylgt tillögum búnaðarfélagsins og 12 000 kr. fjárveiting tekin í frumvarpið til sauðfjárkynbótabúa, en 20 000 til sauðfjárræktarfélaga. Er þá innifalið í þeim fjárhæðum kr. 2000 framlag til verðlauna á búum samkvæmt 17. gr.

c. Hrossarækt.

Samkvæmt 33. gr. geta hrossaræktarfélög eða búnaðarfélög fengið styrk til kaupa á kynbótahestum og samkæmt 34. gr. fóðurstyrk til stóðhestahalds. Búnaðarfélag Íslands leggur til, að veittar verði úr ríkissjóði kr. 8 000.00 til kaupa á stóðhestum og kr. 10 000.00 til fóðurstyrks og girðingastyrks samkvæmt 35. gr., en girðingastyrkurinn er lögbundinn úr ríkissjóði.

Til verðlauna á sýningum skal ríkissjóður leggja fram 10 aura á hvert fram talið hross gegn jöfnu framlagi annars staðar að, og gengur það framlag til að greiða 3. verðlaun. Heiðursverðlaun, 1. og 2. verðlaun greiðast úr ríkissjóði. Framlag þetta hefur búnaðarfélagið áætlað kr. 12 000.00.

d. Samkvæmt 64. gr. skal greiða í styrk til fóðurbirgðafélaga kr. 10.00 á hvern bónda í félögunum. Styrk þenna áætlar búnaðarfélagið kr. 60 000.00.

e. Úr ríkissjóði skal samkvæmt 50. gr. greiða byggingarstyrk til sæðingarstöðva, ⅓ byggingarkostnaðar, þó ekki yfir kr. 15 000.00 á stöð. Þenna styrk áætlar búnaðarfélagið kr. 45 000.00. Rekstrarstyrk áætlar það kr. 18 000.00.

f. Styrk til héraðsráðunauta í búfjárrækt samkvæmt 74. gr. áætlar búnaðarfélagið kr. 50 000.

Samkvæmt 80. gr. laganna skulu allar greiðslur samkvæmt lögum þessum greiddar með verðlagsuppbót, en með því að ekki er annað tekið fram í tillögum búnaðarfélagsins, er litið svo á, að hún sé innifalin í fjárhæðum þeim, sem það nefnir og fjárveitingarnar í frumvarpinu eru miðaðar við þetta. Verðlagsuppbótin er þá ekki heldur sundurliðuð frá grunnstyrk eða grunnframlagi.

5. Búnaðarfélagið leggur til, að til tilrauna í búfjárrækt verði veittar kr. 34 000 á næsta ári, og er gerð grein fyrir fyrirhugaðri starfsemi.

Tilraunaráð jarðræktar hefur gert tillögur um kostnað við jarðræktartilraunir á næsta ári. Kostnaðurinn er miðaður við rekstur 4 tilraunastöðva. Samkvæmt upplýsingum landbúnaðarráðuneytisins eru stöðvar þessar nú reknar algerlega á kostnað ríkisins, og er því villandi í áætlun tilraunaráðs að telja rekstrarhalla stöðvanna styrk. Launaskrár hafa ekki borizt. Rekstraráætlanir gera ráð fyrir gjöldum og tekjum tilraunastöðvanna sem hér segir:

Sámsstaðir, gjöld	kr. 197 500		
— tekjur	— 102 200		
Rekstrarhalli ...		kr.	95 300
Akureyri, gjöld	kr. 167 000		
— tekjur	— 96 800		
Rekstrarhalli ...		—	70 200
Hafursá, gjöld	kr. 96 000		
— tekjur	— 47 000		
Rekstrarhalli ...		—	48 600
Reykhólar, gjöld	kr. 118 500		
— tekjur	— 41 200		
Rekstrarhalli ...		—	77 300
Samtals		kr.	291 400

6. Í fjárlögum þessa árs eru undir þessum lið veittar kr. 200 000 til bygginga vegna tilraunastöðvar jarðræktar á Reykhólum. Hér er um eign ríkissjóðs að ræða, og átti fjárhæðin að færast á 20. gr. og framhaldsfjárveitingar til bygginga á Reykhólum verða færðar á þá grein.

Samkvæmt 4. gr. laga nr. 35/1946 skal greiða úr ríkissjóði a. m. k. kr. 2 500 000 á ári, árin 1947—1956 incl. til ræktunarframkvæmda. Í fjárlögum þessa árs eru einungis veittar kr. 1 500 000 og er það sennilega af vangá, með því að framlagið er fastbundið með lögum.

Samkvæmt 13. gr. sömu laga skal leggja jafnháa fjárhæð á ári í byggingarsjóð á sama árabili.

7. Samkvæmt 3. gr. laga nr. 66/1947 skal greiða úr ríkissjóði til ræktunarsjóðs kr. 500 000 á ári árin 1947—1956.

8. Vaxtatillagið til ræktunarsjóðs er fellt niður. Með lögum nr. 91/1935, 18. gr., er ríkisstjórninni heimilað að greiða úr ríkissjóði til ræktunarsjóðs 1% af jarðræktarbréfum, sem eru í eign annarra an Búnaðarbankans. Hefur þetta verið gert, síðan lögin öðluðust gildi og fjárveitingin hefur verið tekin upp á fjárlög. Nú eru allar kringumstæður breyttar orðnar, og ríkissjóður skal leggja ræktunarsjóði stórfé svo sem að ofan greinir. Því sér ráðuneytið enga ástæðu til að nota heimildina og greiða vaxtatillagið.

Landbúnaðarráðuneytið hefur engar tillögur gert um fjárveitingu til áveitufélags Ölfusinga, og er liðurinn felldur niður. Þess skal getið, að áveitugjald það, sem jafnað er niður á jarðir ríkissjóðs í Ölfusi, er fært til frádráttar á 3. gr. B. í ríkisbókhaldinu.

Vegamálastjóri leggur til, að veittar verði kr. 250 000 til fyrirhleðslunnar á Þverá og Markarfljóti, til þess að hægt sé að fullgera þær sem fyrst.

Engar tillögur hafa borizt um aðrar fyrirhleðslur, og verða felldir niður liðirnir 13—15 í núgildandi fjárlögum.

Sama er um 16. lið að segja. Til vélasjóðs er veitt lögboðið framlag á 13. lið þessarar greinar. Ráðuneytið telur ekki fært að veita meira til sjóðsins að þessu sinni, og fellur því niður 17. liður í núgildandi fjárlögum.

9. Aðalbreytingin frá þessa árs fjárlögum er sú, að veittar eru kr. 10 000 til sandgræðslutilrauna í Gunnarsholti.

Jafnmikið er veitt nú sem í þessa árs fjárlögum til nýrra girðinga. Ýmis gjöld eru áætluð kr. 25 000 eftir tillögum sandgræðslustjóra. Ekkert er veitt til bifreiða- og verkfærageymslu, enda hæpið að fjárfestingarleyfi fáist.

10. Launin hafa hækkað lítils háttar frá núgildandi fjárlögum. Ekki er þó gert ráð fyrir launum aðstoðarmanns, sem skógræktarstjóri telur sér þörf á, með því að engin ákvörðun hefur verið tekin enn um ráðning hans.

Skrifstofukostnaður er áætlaður óbreyttur frá fyrra ári. Innifalin í honum eru kr. 16 000 laun til skrifstofumanns, sem auk þessa vinnur á tímavinnukaupi hjá skógræktinni við ýmis störf.

Eftir tillögum landbúnaðarráðuneytisins eru teknar upp kr. 150 000 fjárveiting til skógræktarfélaga, kr. 50 000 til skógargirðina á jörðum einstakra manna, og kr. 600 000 til skóggræðslu og friðunar á skóglendi.

Skógræktarstjóri leggur til, að landgræðslusjóði sé ávísað kr. 500 000 úr ríkissjóði í fjárlögum næsta árs, en ráðuneytið telur það ekki fært nú.

Til afborgana og vaxta eru áætlaðar kr. 57 500.00, og er það svipað því, sem var í fyrra. Afborganirnar eiga hins vegar að færast á 20. gr., og verða þá hér eftir vextir kr. 5 500.00.

11. Landbúnaðarráðuneytið leggur til, að styrkur þessi verði veittur áfram.

12. Sama ráðuneyti mun hafa samið við Búnaðarfélag Íslands um að taka að sér störf búreikningaskrifstofunnar fyrir kr. 20 000.00. Því er þessi fjárveiting látin haldast.

Styrkur til mjólkurbúa og smjörsamlaga er felldur niður eftir tillögum landbúnaðarráðuneytisins.

Sama ráðuneyti leggur til, að í fjárlögum 1949 verði veittar kr. 250 000 til byggingar mjólkurstöðvarinnar í Reykjavík, upp í ¼ af byggingarkostnaði, eins og veitt hefur verið undanfarið. Styrkur þessi er ekki lögbundinn, og ráðuneytið telur sér ekki fært að leggja til, að neitt verði greitt af slíkum styrk á næsta ári.

Sama ráðuneyti hefur ekki gert ákveðnar tillögur um, að fé verði veitt til leiðbeininga og tilrauna um æðarvarp, og er því ekkert fé til þess veitt í frumvarpinu.

13. Framlagið til klaksjóðs er ekki lögbundið. Klaksjóðsgjald það, sem heimilað var með lögum nr. 36/1937 að innheimta, hefur aldrei verið innheimt, og tekjur klaksjóðs hafa því verið framlög úr ríkissjóði. Landbúnaðarráðuneytið leggur til, að tekin verði upp í frumvarpið jafnhá fjárveiting til sjóðsins sem í ár.

14. Laun eru óbreytt, en annar kostnaður er hækkaður um kr. 8 000.00, eftir tillögum veiðimálastjóra.

15. Landbúnaðarráðuneytið leggur til, að styrkurinn til loðdýraræktarfélagsins verði hækkaður úr kr. 6 000 í kr. 10 000.

16. Laun eru óbreytt, en annan kostnað áætlar ráðunauturinn 5 000 kr. lægri en í ár.

17. Styrkur til einstakra manna til að stunda dýralækningar mun hækka samkv. 13. gr. laga nr. 124/1947. Einn maður mun vera ráðinn með ⅔ launum héraðsdýralækna, kr. 4 000 í grunn, og hækkar liðurinn sem því svarar.

18. Óbreytt.

19. Kostnaður þessi hefur verið ósundurliðaður í fjárlögum undanfarinna ára, en rétt þykir að sundurliða hann nokkuð.

a. Skrifstofukostnaður og nefndarkostnaður er áætlaður eftir tillögum sauðfjárveikinefndar.

b. Svo sem nefndin gerir grein fyrir í tillögum sínum, er talið, að 24 000 fjár verði bótaskylt á svæðinu milli Héraðsvatna og Blöndu, og svipuð tala á svæðinu frá Blöndu að Miðfirði. Úr ríkissjóði skal samkvæmt lögum nr. 44/1947 greiða ½ lambsverð á bótaskylda kind, og skal miðað við það verð, sem líflömbin kosta árið áður en bæturnar eru greiddar. Líkur eru taldar fyrir því, að lömb kosti í haust að meðaltali kr. 150.00 og verða því kr. 75.00 á kind í bætur eða samtals kr. 3 600 000 fyrir ofangreint svæði. Við þá tölu bætir nefndin kr. 197 000 í bætur til fjáreigenda í Laxárdal í Þingeyjarsýslu samkv. 40. gr. laga nr. 44/1947.

c. Varzla öll skal ákveðin af sauðfjársjúkdómanefnd og greidd úr ríkissjóði samkv. 8. gr. ofannefndra laga. Kostnaðinn áætlar nefndin kr. 600 000.

d.—e. Samkvæmt 8. og 9. gr skulu nýjar girðingar lagðar og eldri viðhaldið á kostnað ríkissjóðs. Er hér farið eftir tillögum nefndarinnar um kostnaðinn.

f. Rannsóknarkostnað áætlar nefndin kr. 150 000 á næsta ári, með því að tilraunastöðin á Keldum muni ekki vera tilbúin til að taka við rannsóknunum að öllu leyti.

g. Uppeldisstyrk samkv. 39. gr. áætlar nefndin kr. 350 000.

h. Flutningskostnað á líffé vegna fjárskipta skal ríkissjóður greiða samkv. 38. gr. Áætlast hann af nefndinni kr. 280 000.

32. liður í núgildandi fjárlögum er felldur niður, með því að engin tillaga hefur um hann borizt.

Páll Jónsson í Garði er nýlátinn og fellur því niður 33. liður núgildandi fárlaga.

20. Óbreytt samkvæmt tillögum landbúnaðarráðuneytisins.

Um 16. gr. B.

1. Fiskifélagið telur tillag úr ríkissjóði kr. 859 700 nauðsynlegt til þess að standa undir rekstri þess. Er þetta hækkun frá núgildandi fjárlögum um kr. 49 700, og eru tekjur félagsins þó áætlaðar kr. 10 000 hærri. Aðalhækkun gjaldanna er kostnaðurinn við fiskiþing, sem haldið er annað hvort ár, og verður á næsta ári. Sá kostnaður er áætlaður kr. 50 000.

2. Fjárhæð sú, sem veitt er til skuldaskilasjóðs vélbátaeigenda, er andvirði afborgana og vaxta af lánum, sem á sínum tíma voru tekin handa sjóðnum. Nemur það kr. 181 114.11, en yfirfærslukostnaður er áætlaður tæpar kr. 900.00.

3. Tillagið til alþjóða hafrannsókna hefur verið d. kr. 10 000.00 og var ákveðið fyrir rúmum 20 árum síðan. Nú hefur verðlag hækkað allmikið síðan víðast hvar, og hefur þess verið farið á leit, að Ísland hækkaði árstillag sitt um d. kr. 3 000.00. Þykir rétt að verða við þessu, og áætlast tillagið með núverandi gengi á danskri krónu kr. 17 624.10.

4. Fiskiþingið gerir ráð fyrir, að kostnaður við reikningaskrifstofu sjávarútvegsins verði kr. 30 000.00 á næsta ári, en upp í þann kostnað muni vera til fé frá fyrri fjárveitingum kr. 13 000.00. Þyrfti þá að veita kr. 17 000.00 til skrifstofunnar á næsta ári.

Um 16. gr. C.

1. Landssamband iðnaðarmanna telur sér þörf á kr. 30 000.00 hærri styrk nú en í núgildandi fjárlögum og hefur samgöngumálaráðuneytið lagt til, að hann verði veittur. Í fyrra fór sambandið fram á kr. 100 000.00 styrk en einungis kr. 50.000.00 voru veittar. Tekjur þess urðu um 50 000 kr. 1947 auk ríkissjóðsstyrksins, en gjöldin um kr. 120 000.00. Nú eru tekjurnar áætlaðar um kr. 57 000.00, en gjöldin um kr. 141 000.00, og munar þar mestu um kaup eins manns, sem hefur verið bætt við starfsliðið.

2. Tillagið til iðnlánasjóðs er ákveðið í lögum nr. 67/1946 kr. 300 000 á ári.

3. Óbreytt, samkvæmt tillögum samgöngumálaráðuneytisins.

4. Sama ráðuneyti leggur til að veittar verði kr. 250 000.00 í styrk til byggingar iðnskóla í Reykjavík með sömu skilyrðum sem í núgildandi fjárlögum.

5.—8. Óbreytt.

9. Á næsta ári á að halda 6. norræna yrkiskólaþingið á Íslandi. Kostnaðurinn við þinghaldið áætlast kr. 100 000.00, og er óskað styrks til þess þinghalds úr ríkissjóði.

Um 16. gr. D.

Í fjárlögum þessa árs er gert ráð fyrir miklu stórfelldari útgjöldum til raforkumála og einnig meiri tekjum en raun hefur orðið á. Tillögurnar, sem nú liggja fyrir til fjárlagaáætlunar 1948, munu byggðar á reikningum ársins 1947, og verður farið eftir þeim, enda leggur atvinnumálaráðuneytið það til að öðru leyti en því, að framlagið úr ríkissjóði til raforkuframkvæmda er lækkað niður í 1 milljón króna, enda vafasamt að leggja mikla áherzlu á framkvæmdirnar nú, meðan áhöld fást ekki innflutt, til þess að hægt sé að nytja þá raforku, sem fengin er í landinu.

I. Tekjurnar, sem færðar eru til frádráttar þessum lið, eru hlutdeild ýmissa stofnana raforkumálanna í skrifstofukostnaðinum.

VII. Samkvæmt lögum nr. 12/ 1946 á ríkissjóður að leggja 2 milljónir króna á ári í raforkusjóð.

Um 17. gr.

1. Tillagið til bjargráðasjóðs er kr. 0.25 á mann. Í árslok 1947 var mannfjöldinn hér á landi 135 935 og er hér miðað við svipaða íbúatölu.

2. I. Frá Tryggingarstofnun ríkisins hafa borizt tvenns konar tillögur til fjárlagaáætlunar. Önnur er miðuð við það, að III. kafli almannatryggingalaganna um heilsugæzlu, komi til framkvæmda á næstu áramótum, en hin við það, að framkvæmdinni verði frestað. Hér er farið eftir síðari tillögunni og fjárveitingarnar á 12. gr. IV. og V. frumvarpsins eru í samræmi við það. Í tillögunni er gerð ýtarleg grein fyrir þeim, og vísast til þeirra. Framlagið samkv. 116. gr. er áætlað kr. 800 000 lægra en í núgildandi fjárlögum, en engin yfirfærsla er frá fyrri árum, og hækkar því framlagið í heild um kr. 800 000.

II. Endurgreiðslan samkv. 99. gr. laga nr. 50/1946 er kr. 260 000.00 á ári, og var sú fjárhæð veitt í fjárlögum þessa árs. Félagsmálaráðuneytið telur ríkissjóð einnig

eiga að greiða vexti af fénu, sem lífeyrissjóður Íslands hefur greitt til ellilauna og örorkubóta, en með því að fyrrnefnd lagagrein nefnir ekki skyldu ríkissjóðs til þess að bæta lífeyrissjóðnum upp vexti af bótagreiðslufénu, er líklegast, að ekki hafi verið til þess ætlazt, að ríkissjóður innti hana af höndum. Verður því ekki gert ráð fyrir vöxtum í frumvarpinu, en sama fjárhæð tekin sem í fyrra.

3.—5. Óbreytt.

6. Óbreytt að öðru en því, að tillagið til elliheimilisins á Seyðisfirði er lækkað um 1000 kr. samkv. tillögu félagsmálaráðuneytisins.

7.—8. Óbreytt samkv. tillögu sama ráðuneytis.

9. Kostnaður við barnaverndarráð hækkar um 6 000 kr.

10.—12. Óbreytt samkv. till. félagsmálaráðuneytisins.

13. Laun og annar kostnaður hækka nokkuð og tekjurnar lækka. Skrifstofa ríkisspítalanna hefur gert áætlunina, og vísast til greinargerðar hennar.

14. Óbreytt.

15. Á næsta ári þarf að greiða tillag til alþjóðaflóttamannastofnunarinnar. Tillagið fyrir reikningsárið ½ 1947 til 30/6 1948 var $ 32 132.00, og er áætluð svipuð fjárhæð í frumvarpinu, kr. 200 000.00.

16. Til slysavarna er veitt sama fjárhæð sem í ár samkv. tillögu félagsmálaráðuneytisins, en framlagið til endurbyggingar á Sæbjörgu fellur niður.

17. Óbreyttur áætlunarliður.

18. Samkvæmt tillögu dómsmálaráðuneytisins er breytt til um orðlag á þessum lið og framlagið til bindindisstarfsemi hækkað um kr. 130 000.

19.—22. Óbreytt samkv. tillögum félagsmálaráðuneytisins.

23. Samkv. lögum nr. 4/1935 skal kostnaður við vinnumiðlunarskrifstofu greiðast að ⅓ úr ríkissjóði, annar en kostnaður við símtöl, símskeyti og burðargjöld, sem greiðist allur úr ríkissjóði. Kostnaður þessi varð rúmar kr. 104 000 1946, og má vart áætla hann lægri nú en 100 000 kr.

24. Samkv. lögum nr. 67/1945 skal ríkissjóður árlega leggja fram 700 000 kr. til jöfnunarsjóðs bæjar- og sveitarfélaga. Þegar félagsmálaráðuneytið var stofnað, tók það við störfum jöfnunarsjóðsins, og var ætlazt til, að kostnaðurinn við það ráðuneyti yrði að miklu eða öllu leyti greiddur af tekjum sjóðsins. Í núgildandi fjárlögum eru dregnar kr. 100 000.00 frá framlaginu í þessu skyni, og verður sama fjárhæð dregin frá nú.

25. Samkv. 3. gr. laga nr. 44/1946 skal ríkissjóður árlega leggja fram til byggingarsjóðs kaupstaða og kauptúna kr. 1 500 000.00 og enn fremur samkv. 2. tölulið sömu greinar fjárhæð, sem svarar til þess krónufjölda, sem sveitarsjóðir leggja fram í sjóðinn á íbúa. Skal framlagið ekki vera lægra en 4 kr. og ekki hærra en 6 kr. á hvern íbúa sveitarfélagsins. Í fjárlögum þessa árs er ekki veitt fé til alls þessa framlags og félagsmálaráðuneytið leggur til, að framlagið 1949 sé hið sama sem í fjárlögum þessa árs.

26. Í fjárlögum þessa árs eru veittar kr. 400 000 til íbúðarhúsabygginga samkv. III. kafla laga nr. 44/1946. Mun hér vera átt við lán þau, sem ríkissjóður veitir til slíkra bygginga samkv. 31. gr., en slík lán á eigi að færa á rekstrarreikning, heldur á 20. gr. fjárlaganna. Hins vegar er heimilt að gefa eftir nokkuð af slíkum lánum, ef sveitarsjóðurinn gefur eftir það fé, sem hann leggur fram til bygginganna. Slíkar eftirgjafir er rétt að færa á 17. gr.

Þá skal ríkissjóður greiða vaxtamismun á þeim lánum, sem hann tekur til þess að lána fé til bygginganna, og þeim lánum, sem hann veitir til bygginganna. Sá mismunur kemur fram í vaxtareikningi ríkissjóðs, og þarf ekki að áætla hann hér.

Liðurinn er því felldur burt hér.

26.—27. Óbreytt.

28. Nú munu örfá lán eftir ógreidd og kostnaður bankans við þau og vaxtamismunur varla teljandi, en áætlast kr. 3 000.

29. Á árinu 1947 varð þessi kostnaður við framkvæmd orlofslaganna:

a. Prentkostnaður	kr.	12 203.00
b. Kostnaður við afhendingu orlofsbóka, 19 351 stk. á 0.40	—	7 740.40
c. Greitt fyrir sölu orlofsmerkja, 1% af kr. 8 380 742.00	—	83 807.08
d. Greitt fyrir útborgun orlofsfjár, 3% af kr. 7 899 984.94	—	236 996.22
e. Annar kostnaður	—	20 000.00
	Kr.	360 746.70

Andvirði b.—d. liðs mun vera fært til tekna á póstkostnaðarreikningi.

Kostnaðurinn 1949 áætlast kr. 360 000.00.

30. Greiðslur þessar eru samkv. lögum nr. 87/1947, sbr. lög nr. 80/1947.

Samkv. upplýsingum félagsmálaráðuneytisins verða árlegar greiðslur til 1960 um kr. 250 000.00, en næstu 2 árin þarf að greiða skuld, sem safnaðist fyrir hjá sveitarfélögunum, þar til er lögin komu til framkvæmda. Þarf því að áætla til greiðslna þessara kr. 500 000.00 á næsta ári.

31. Framlag þetta var eftir upplýsingum félagsmálaráðuneytisins ákveðið af íslenzku ríkisstjórninni, og var upphaflega miðað við það, að vera jafnhátt á íbúa sem framlag Bandaríkjanna og Svíþjóðar var á íbúa í þeim löndum. Mun þetta verða að haldast áfram fyrst um sinn.

32. Ísland er meðlimur í International Labour Organization og á að greiða tillag sem svarar til einnar gjaldaeiningar, $ 5015.91 eða ca. kr. 33 000.00.

33. Tillag Íslands til sameinuðu þjóðanna (UNO) var $ 13 879.00 fyrir árið 1948. Það áætlast svipað fyrir árið 1949, kr. 90 000.00.

34. Tillagið til FAO (Food and Agricultural Organization) er í fjárhagsáætluninni fyrir árið 1949 áætlað $ 2 500.00, ca. kr. 16 250.00.

35. Tillagið til World Health Organization er áætlað $ 2 000.00 á næsta ári, ca. kr. 13 000.00.

Um 18. gr.

Skrá sú, sem hér á eftir kemur, sýnir eftirlaun þeirra, sem greiðslur fá samkv. 18. gr., sundurliðuð í lögboðin eftirlaun, lífeyri úr lífeyrissjóðum og eftirlaun veitt með fjárlagaveiting. Er hún í tvennu lagi, starfsmenn í öðru, en ekkjur í hinu. Eftir sömu reglu er eftirlaunaþegunum raðað í frumvarpinu, og er farið eftir stafrófsröð innan hvers flokks. Skipting sú, sem hingað til hefur verið á 18. gr., var að ýmsu leyti ruglingsleg, sumu leyti ekki rétt, og að því er virðist tilgangslaus.

Í fjárlagafrumvarpinu eru lögmæltu eftirlaunin ekki sundurliðuð, enda eru þau ákveðin fjárhæð, sem ekki verður breytt með fjárlagaákvæði. Sundurliðunin er hins vegar í skránni hér í athugasemdunum. Þær eftirlaunagreiðslur, sem fara eftir fjárlagaveiting, þarf auðvitað að sundurliða í fjárlögunum, enda er veiting þessi einungis fyrir eitt ár í senn.

Loks eru barnastyrkir taldir sér í flokki og nöfn og fæðingardagar tilgreindir.

Embættismenn og aðrir starfsmenn.	Grunneftirlaun samtals	Eftirlaun skv. eftirlaunal.	Lífeyrir skv. lífeyrisl.	Eftirl. skv. 18. gr. fjárl.
Aðalheiður Pálsdóttir, fyrrv. ljósmóðir, Breiðdalsvík	490.00	„	„	490.00
Ágúst H. Bjarnason, prófessor, Reykjavík	9 175.80	2 405.00	1 770.80	5 000.00
Ágústa Erlends, símamær, Reykjavík	2 759.35	„	1 559.35	1 200.00
Andrés Johnson, fornminjasafnari, Hafnarfirði	6 370.00	„	„	6 370.00
Andrés Ólafsson, fyrrv. fiskimatsmaður, Reykjavík	650.00	„	„	650.00
Ari Arnalds, fyrrv. bæjarfógeti, Reykjavík	[1] 7 125.21	1 968.75	881.46	4 275.00
Árni Gíslason, fyrrv. yfirfiskimatsmaður, Ísafirði	4 550.50	917.78	2 007.72	1 625.00
Árni Pálsson, prófessor, Reykjavík	10 120.00	„	3 515.00	6 605.00
Árni Thorsteinson, tónskáld, Reykjavík	4 495.00	„	„	4 495.00
Árni G. Þóroddsson, fyrrv. fiskimatsmaður, Reykjavík	650.00	„	„	650.00
Arnleif Kristjánsdóttir, fyrrv. ljósmóðir, Breiðdalsvík	490.00	„	„	490.00
Ásdís M. Sigurðardóttir, fyrrv. ljósmóðir, Syðra-Skógarnesi	490.00	„	„	490.00
Ásgeir Ásgeirsson, fyrrv. sóknarprestur í Hvammi í Dölum	3 159.38	926.25	1 208.13	1 025.00
Ásgeir Jónsson, fyrrv. póstur, Haugum í Stafholtstungum	650.00	„	„	650.00
Ásgeir Jónsson frá Gottorp, Reykjavík	490.00	„	„	490.00
Baldur Eyjólfsson, fyrrv. póstur, Kleifum, Gilsfirði	650.00	„	„	650.00
Benedikt Sveinsson, fyrrv. skjalavörður, Reykjavík	9 600.00	„	„	9 600.00
Bergur Jónsson, fyrrv. sakadómari, Reykjavík	7 200.00	„	„	7 200.00
Björgvin Guðmundsson, tónskáld, Akureyri	3 000.00	„	„	3 000.00
Björn Einarsson, Fjólugötu 25, Reykjavík	3 245.00	„	„	3 245.00
Björn Helgason, fyrrv. fiskimatsmaður, Hafnarfirði	650.00	„	„	650.00
Björn Jónsson, fyrrv. póstur, Tungu í Önundarfirði	325.00	„	„	325.00
Bogi Brynjólfsson, fyrrv. sýslumaður, Reykjavík	3 474.32	1 885.00	549.32	1 040.00
Brynjólfur Þorláksson, söngkennari, Reykjavík	2 206.85	„	256.85	1 950.00
Böðvar Bjarnason, sóknarprestur á Rafnseyri	3 995.50	975.00	1 070.50	1 950.00
Böðvar Jónsson, fyrrv. póstur, Brekkustíg 1, Reykjavík	650.00	„	„	650.00
Carl Bender, fyrrv. póstafgreiðslumaður á Skagaströnd	1 200.00	„	„	1 200.00
Daníel Sveinsson, fyrrv. póstur, Brekku í Mjóafirði	325.00	„	„	325.00
Eggert Brandsson, fyrrv. sjómaður, Reynimel 51, Reykjavík	1 950.00	„	„	1 950.00
Eggert Stefánsson, söngvari	3 600.00	„	„	3 600.00
Einar Arnórsson, fyrrv. hæstaréttardómari, Reykjavík	15 000.00	15 000.00	„	„
Einar Markússon, fyrrv. ríkisbókari, Reykjavík	[2] 3 245.00	„	„	3 245.00
Einar Pálsson, fyrrv. sóknarprestur í Reykholti	2 548.18	901.88	456.30	1 190.00
Einar Straumfjörð, fyrrv. vitavörður, Garðskaga	1 625.00	„	„	1 625.00
Einar E. Sæmundsen, fyrrv. skógarvörður	4 620.00	„	„	4 620.00
Einar Thorlacius, fyrrv. sóknarprestur í Saurbæ á Hvalfjarðarströnd	3 495.69	1 048.13	547.56	1 900.00
Eiríkur Albertsson, fyrrv. sóknarprestur á Hesti	7 620.00	„	1 174.50	6 445.50
Eiríkur Eiríksson, fyrrv. fiskimatsmaður, Vesturgötu 4, Reykjavík	650.00	„	„	650.00

Eiríkur Kjerúlf, fyrrv. læknir, Reykjavík	3 600.00	„	„	3 600.00
Eiríkur Sigfússon, fyrrv. póstur, Elliheimilinu, Reykjavík	325.00	„	„	325.00
Eiríkur Steingrímsson, fyrrv. póstur, Þórsgötu 22, Reykjavík	490.00	„	„	490.00
Erlendur Erlendsson, fyrrv. fiskimatsmaður, Akureyri	490.00	„	„	490.00
Friðfinnur Guðjónsson, leikari, fyrrv. prentari	[3] 1 300.00	„	„	1 300.00
Friðrik Bjarnason, tónskáld, fyrrv. barnaskólakennari	4 549.46	„	2 924.46	1 625.00
Friðrik Hallgrímsson, fyrrv. dómkirkjuprestur	9 000.00	„	1 873.17	7 126.83
Friðrik Jónsson, fyrrv. póstur, Helgastöðum i Reykjadal	1 056.25	„	„	1 056.25
Geir Sigurðsson, fyrrv. lögregluþjónn, Flókagötu 39, Reykjavík	2 000.00	„	„	2 000.00
Gróa Dalhoff, fyrrv. símakona, Reykjavík	[4] 2 633.80	„	1 333.80	1 300.00
Guðbjörg Jónsdóttir, fyrrv. ljósmóðir, Arngeirsstöðum í Fljótshlíð	490.00	„	„	490.00
Guðbjörg Þorleifsdóttir, Múlakoti í Fljótshlíð	650.00	„	„	650.00
Guðbrandur Þorsteinsson, fyrrv. vitavörður, Loftsölum, Dyrhólaey	650.00	„	„	650.00
Guðjón Hermannsson, fyrrv. póstur, Skuggahlíð, Norðfirði	490.00	„	„	490.00
Guðjón Sigurðsson, fyrrv. póstur, Dægru, Innri-Akraneshreppi	406.25	„	„	406.25
Guðlaugur Hansson, fyrrv. lýsismatsmaður, Vestmannaeyjum	650.00	„	„	650.00
Guðlaugur Sigmundsson, fyrrv. póstur, Brekkugötu 3, Akureyri	815.00	„	„	815.00
Guðmundur B. Árnason, fyrrv. bréfberi, Akureyri	490.00	„	„	490.00
Guðmundur Björnsson, fyrrv. sýslumaður, Reykjavík	5 113.59	2 502.81	985.78	1 625.00
Guðmundur Davíðsson, fyrrv. umsjónarmaður á Þingvöllum	3 390.39	„	950.39	2 440.00
Guðmundur Eggerz, fyrrv. sýslumaður, Akureyri	5 414.09	2 442.69	46.40	2 925.00
Guðmundur Einarsson, fyrrv. fiskimatsmaður, Hnífsdal	490.00	„	„	490.00
Guðmundur Gestsson, fyrrv. dyravörður Menntaskólans	2 866.98	„	916.98	1 950.00
Guðmundur Gissurarson, fyrrv. fiskimatsmaður, Lindargötu 35, Reykjavík	650.00	„	„	650.00
Guðmundur Guðmundsson, fyrrv. héraðslæknir í Reykhólahéraði	6 782.20	1 625.00	1 157.20	4 000.00
Guðmundur Kristjánsson, fyrrv. póstur, Ásbrandsstöðum, Vopnafirði	490.00	„	„	490.00
Guðmundur Ólafsson, fyrrv. fiskimatsmaður, Bíldudal	490.00	„	„	490.00
Guðmundur Ólafsson, fyrrv. póstur, Amtmannsstíg 5, Reykjavík	815.00	„	„	815.00
Guðmundur Sveinbjörnsson, fyrrv. skrifstofustjóri, Reykjavík	12 000.00	1 820.00	877.50	9 302.50
Guðrún Indriðadóttir, leikkona, Reykjavík	1 300.00	„	„	1 300.00
Gunnlaugur Kristmundsson, fyrrv. sandgræðslustjóri, Hafnarfirði	9 600.00	„	1 930.32	7 669.68
Hafliði Sveinsson, fyrrv. póstur, Staðarhrauni	490.00	„	„	490.00
Halldór Benediktsson, fyrrv. póstur, Siglufirði	325.00	„	„	325.00
Halldór Kr. Júlíusson, fyrrv. sýslumaður, Reykjavík	4 957.31	1 985.00	1 672.31	1 300.00
Halldór Steinsson, fyrrv. héraðslæknir í Ólafsvík	6 052.03	1 562.50	1 244.53	3 245.00
Hallgrímur Jónsson, fyrrv. barnaskólastjóri, Reykjavík	5 910.88	„	2 275.88	3 635.00

[1]) Auk þessa kr. 2 000.00 í grunn á 15. gr., ríthöfundastyrkur. — [2]) Fær kr. 3 120.00 í grunneftirlaun frá Tryggingarstofnun ríkisins. — [3]) Frá lífeyrissjóði starfsmanna í Gutenberg kr. 2 262.00. Auk þess hefir hann eftirlaun frá prentarafélaginu kr. 2 860.00 uppbótarlaust, á ári. — [4]) Á gjöld Landssímans, sem launagreiðslur, eru færðar kr. 390.00 í grunn í eftirlaun til hennar.

	Grunneftirlaun samtals	Eftirlaun skv. eftirlaunal.	Lífeyrir skv. lífeyrisl.	Eftirl. skv. 18. gr. fjárl.
Hannes Jónsson, fyrrv. póstur, Núpsstað	1 140.00	„	„	1 140.00
Haraldur Þórarinsson, fyrrv. sóknarprestur í Hofteigi	4 709.15	901.87	3 084.15	723.13
Helgi Árnason, fyrrv. safnahúsvörður, Reykjavík	2 116.08	„	816.08	1 300.00
Helgi Péturss, dr. phil., Reykjavík	7 620.00	„	„	7 620.00
Henriette Kjær, fyrrv. yfirhjúkrunarkona	975.00	„	„	975.00
Hjálmar Guðjónsson, fyrrv. yfirfiskimatsmaður	2 733.04	„	1 108.04	1 625.00
Hólmgeir Jensson, fyrrv. dýralæknir, Flateyri	490.00	„	„	490.00
Ingibjörg Lárusdóttir, rithöfundur, Blönduósi	815.00	„	„	815.00
Ingibjörg Loftsdóttir, fyrrv. ljósmóðir, Akranesi	490.00	„	„	490.00
Ingibjörg Pálsdóttir, fyrrv. ljósmóðir, Vopnafirði	932.00	„	442.00	490.00
Ingibjörg Sigurðardóttir, fyrrv. póstafgreiðslukona	975.00	„	„	975.00
Ingiríður Helgadóttir, fyrrv. ljósmóðir	490.00	„	„	490.00
Ingivaldur Nikulásson, fyrrv. barnakennari, Bíldudal	650.00	„	„	650.00
Ingólfur Gíslason, fyrrv. héraðslæknir í Borgarnesi	5 301.06	1 781.85	1 894.21	1 625.00
Ingólfur Gíslason, fyrrv. héraðslæknir á Djúpavogi	10 200.00	„	„	[1] 10 200.00
Ingólfur Jónsson, fyrrv. leiðsögumaður frá Ísafirði	815.00	„	„	815.00
Ingvar Nikulásson, fyrrv. sóknarprestur á Skeggjastöðum	2 844.46	999.38	730.08	1 115.00
Jakob Kristinsson, fyrrv. fræðslumálastjóri, Reykjavík	7 620.00	„	1 081.65	6 538.35
Jakob J. Smári, fyrrv. aðjunkt, Reykjavík	7 200.00	„	„	[2] 7 200.00
Jes A. Gíslason, fyrrv. sóknarprestur í Vestmannaeyjum	1 793.25	978.25	„	815.00
Jóhann P. Jónsson, skipherra, Reykjavík, biðlaun	12 000.00	„	„	12 000.00
Jóhannes Jóhannesson, fyrrv. bæjarfógeti, Reykjavík	7 620.00	7 620.00	„	„
Jóhannes Jónasson, yfirfiskimatsmaður, Akureyri, biðlaun	3 000.00	„	„	3 000.00
Jón Árnason, fyrrv. fiskimatsmaður, Vesturgötu 22, Reykjavík	650.00	„	„	650.00
Jón Bach, fyrrv. dyravörður, Reykjavík	2 000.00	„	„	2 000.00
Jón Hermannsson, fyrrv. tollstjóri, Reykjavík	7 620.00	7 620.00	„	„
Jón N. Jóhannessen, fyrrv. sóknarprestur á Stað í Steingrímsfirði	3 160.00	926.25	998.75	1 235.00
Jón Jónsson, fyrrv. póstur, Galtarholti	1 140.00	„	„	1 140.00
Jón Stefánsson, dr. phil., London	1 048.66	„	„	1 048.66
Jón Sverrisson, fyrrv. fiskimatsmaður, Tjarnargötu 41, Reykjavík	3 421.24	„	1 796.24	1 625.00
Jóna Jónsdóttir, fyrrv. ljósmóðir frá Kóreksstaðagerði	880.00	„	390.00	490.00
Jónas Jónsson, fyrrv. fiskimatsmaður, Vestmannaeyjum	490.00	„	„	490.00
Jónas Kristjánsson, fyrrv. héraðslæknir á Sauðárkróki	4 527.50	1.620.00	1 282.50	1 625.00
Jónína Marteinsdóttir, fyrrv. hjúkrunarkona, Reykjavík	490.00	„	„	490.00
Jósef Elíesersson, fyrrv. póstur, Signýjarstöðum í Hálsasveit	815.00	„	„	815.00
Karl Einarsson, fyrrv. bæjarfógeti, Reykjavík	[2] 2 813.23	2 374.48	438.75	„
Karl Finnbogason, fyrrv. barnaskólastjóri	6 375.35	„	4 275.35	2 100.00
Karl Steingrímsson, fyrrv. fiskimatsmaður, Djúpavogi	490.00	„	„	490.00

Kjartan Ólafsson, fyrrv. yfirfiskimatsmaður, Vestmannaeyjum	2 438.00	„	„	2 438.00
Klemenz Klemenzson, fyrrv. leiðsögumaður, Leifsgötu 18, Reykjavík	815.00	„	„	815.00
Kofoed-Hansen, fyrrv. skógræktarstjóri, Reykjavík	4 728.38	„	2 213.38	2 515.00
Kristín Eiríksdóttir, fyrrv. ljósmóðir, Hafralæk	490.00	„	„	490.00
Kristinn Daníelsson, fyrrv. sóknarprestur á Útskálum	2 115.00	780.00	„	1 335.00
Kristjana Jónsdóttir, fyrrv. ritari í fræðslumálaskrifstofunni	2 340.00	„	„	2 340.00
Kristján A. Bjarnason, fyrrv. póstur, Bíldudal	490.00	„	„	490.00
Kristján Ingimundarson, fyrrv. fiskimatsmaður, Vestmannaeyjum	490.00	„	„	490.00
Kristján Jónsson, fyrrv. póstur, Eskifirði	325.00	„	„	325.00
Kristján Linnet, fyrrv. bæjarfógeti, Reykjavík	9 600.00	„	5 266.55	4 333.45
Kristján Þorláksson, fyrrv. vitavörður, Skoruvík á Langanesi	650.00	„	„	650.00
Lárus Bjarnason, fyrrv. skólastjóri í Hafnarfirði	7 110.00	„	„	7 110.00
Lárus Rist, fyrrv. kennari, Hveragerði	975.00	„	„	975.00
Lárus Sigurjónsson, skáld, Reykjavík	2 440.00	„	„	2 440.00
Loftur Ólafsson, fyrrv. póstur, Hörgslandi	975.00	„	„	975.00
Lúðvík Hansson, fyrrv. leiðsögumaður	650.00	„	„	650.00
Magnús Bjarnarson, fyrrv. sóknarprestur á Prestsbakka á Síðu	2 615.06	1 048.13	501.93	1 065.00
Magnús Bl. Jónsson, fyrrv. sóknarprestur í Vallanesi	921.00	828.75	92.25	„
Margrét Rasmus, fyrrv. forstöðukona málleysingjaskólans	[3] 7 933.75	„	3 438.75	4 495.00
María Sigurðardóttir, fyrrv. starfskona Alþingis	490.00	„	„	490.00
Marsibil Sigurðardóttir, fyrrv. fiskimatskona, Bíldudal	490.00	„	„	490.00
Matthías Eggertsson, fyrrv. sóknarprestur í Grímsey	3 626.25	1 592.50	788.75	1 245.00
Matthías Einarsson, fyrrv. yfirlæknir	11 100.00	„	„	11 100.00
Matthías Þórðarson, fiskifræðingur frá Móum	1 950.00	„	„	1 950.00
Matthías Þórðarson, fyrrv. þjóðminjavörður, Reykjavík	11 100.00	2 112.00	5 661.83	3 326.17
Njáll Guðmundsson, fyrrv. póstur, Hrísey	650.00	„	„	650.00
Ólafur Daníelsson, fyrrv. yfirkennari, Reykjavík	8 476.25	1 812.50	3 418.75	3 245.00
Ólafur Finsen, fyrrv. héraðslæknir á Akranesi	4 730.15	1 620.00	1 485.15	1 625.00
Ólafur Friðriksson, fyrrv. ritstjóri, Reykjavík	2 925.00	„	„	2 925.00
Ólafur Thorlacius, fyrrv. héraðslæknir á Djúpavogi	[4] 3 906.75	1 397.50	884.25	1 625.00
Páll Einarsson, fyrrv. hæstaréttardómari, Reykjavík	15 634.50	15 000.00	634.50	„
Páll Halldórsson, fyrrv. skólastjóri, Reykjavík	4 078.75	„	2 453.75	1 625.00
Páll G. Jónsson, fyrrv. póstur, Garði í Fnjóskadal	490.00	„	„	490.00
Páll Eggert Ólason, dr. phil., Reykjavík	11 462.81	„	2 342.81	9 120.00
Páll Sveinsson, yfirkennari, Reykjavík	9 600.00	„	2 801.89	6 798.11
Pálmi Þóroddsson, fyrrv. sóknarprestur á Hofsósi	2 753.20	1 194.38	638.82	920.00
Pétur Á. Jónsson, óperusöngvari, Reykjavík	3 600.00	„	„	3 600.00

[1]) Biðlaun. — [2]) Auk þessa laun í endurskoðunardeildinni kr. 6 495.00 í grunn. — [3]) Auk þessa fær hún kr. 1 800.00 á ári án verðlagsuppbótar í húsaleigustyrk, og færast þær á 18. gr. II. — [4]) Auk þessa kr. 1 560.00 í grunn frá Áfengisverzlun ríkisins.

	Grunneftirlaun samtals	Eftirlaun skv. eftirlaunal.	Lífeyrir skv. lífeyrisl.	Eftirl. skv. 18. gr. fjárl.
Pétur Thoroddsen, fyrrv. héraðslæknir í Neskaupstað	4 275.38	1 592.50	1 057.88	1 625.00
Runólfur M. Jónsson, fyrrv. sóknarprestur á Stað í Aðalvík	2 848.35	926,25	737.10	1 185.00
Runólfur Magnússon, fyrrv. fiskimatsmaður, Háteigsvegi 14, Reykjavík	650.00	„	„	650.00
Samúel Eggertsson, fyrrv. kennari, Reykjavík	815.00	„	„	815.00
Sigríður Gísladóttir, fyrrv. starfskona Alþingis	490.00	„	„	490.00
Sigríður Jónasdóttir, fyrrv. ljósmóðir, Miðhópi	490.00	„	„	490.00
Sigríður Jónasdóttir, fyrrv. ljósmóðir, Þórshöfn	490.00	„	„	490.00
Sigtryggur Guðlaugsson, fyrrv. sóknarprestur á Núpi	6 347.94	910.00	942.94	4 495.00
Sigurbjörn Sveinsson, fyrrv. barnakennari, Vestmannaeyjum	4 285.00	„	1 040.00	3 245.00
Sigurður Benediktsson, fyrrv. póstur, Gljúfri, Ölfusi	490.00	„	„	490.00
Sigurður Briem, fyrrv. póstmeistari, Reykjavík	7 620.00	7 620.00	„	„
Sigurður Fr. Einarsson, fyrrv. fiskimatsmaður, Þingeyri	490.00	„	„	490.00
Sigurður V. Guðmundsson, fyrrv. fiskimatsmaður, Reykjavík	650.00	„	„	650.00
Sigurður Guðmundsson, fyrrv. skólameistari, Reykjavík	11 100.00	„	5 358.51	5 741.49
Sigurður Jóakimsson, fyrrv. fiskimatsmaður, Hafnarfirði	650.00	„	„	650.00
Sigurður Jónasson, fyrrv. fiskimatsmaður, Hnífsdal	490.00	„	„	490.00
Sigurður Nordal, prófessor, Reykjavík	3 245.00	„	„	[1] 3 245.00
Sigurður Sigfússon, fyrrv. póstur, Seyðisfirði	406.25	„	„	406.25
Sigurður Sigurðsson, fyrrv. barnakennari, Seyðisfirði	2 542.94	„	1 542.94	1 000.00
Sigurður Sumarliðason, fyrrv. póstur, Akureyri	325.00	„	„	325.00
Sigurður Thoroddsen, fyrrv. yfirkennari, Reykjavík	6 258.75	1 843.75	1 170.00	[2] 3 245.00
Sigurjón Björnsson, fyrrv. fiskimatsmaður, Reykjavík	650.00	„	„	650.00
Sigurjón Friðjónsson, skáld	3 245.00	„	„	3 245.00
Sigurjón Jónsson, fyrrv. héraðslæknir á Dalvík	2 815.48	1 551.88	1 263.60	„
Sigurjón Markússon, fyrrv. sýslumaður, Reykjavík	9 600.00	2 145.00	3 080.59	4 374.41
Sigurjón Rögnvaldsson, fyrrv. kennari, Akureyri	325.00	„	„	325.00
Sigurjón Sumarliðason, fyrrv. póstur, Akureyri	1 140.00	„	„	1 140.00
Skúli Árnason, fyrrv. héraðslæknir, Reykjavík	3 100.50	1 300.00	175.50	1 625.00
Stefán Kristinsson, fyrrv. sóknarprestur á Völlum	3 711.05	975.00	1 111.05	1 625.00
Stefán Þorvaldsson, fyrrv. póstur, Kálfafelli	650.00	„	„	650.00
Steingrímur Arason, fyrrv. kennari	3 674.45	„	2 174.45	1 500.00
Steingrímur Jónsson, fyrrv. bæjarfógeti á Akureyri	7 854.06	7 120.00	734.06	„
Sumarliði Guðmundsson, fyrrv. póstur, Svefneyjum	815.00	„	„	815.00
Theódór Jónsson, fyrrv. sóknarprestur á Bægisá	4 489.81	1 243.00	916.81	2 330.00
Thorvald Krabbe, fyrrv. vitamálastjóri	5 120.00	„	2 960.00	2 160.00
Tómas Jónsson, fyrrv. fiskimatsmaður, Reykjavík	650.00	„	„	650.00
Valdimar Snævarr, fyrrv. barnaskólastjóri	5 255.24	„	2 575.24	2 680.00
Valgerður Steinsen, fyrrv. spítalaráðskona, Reykjavík	815.00	„	„	815.00

Vésteinn Árnason, fyrrv. póstur, Vaði, Suður-Þingeyjarsýslu	325.00	„	„	325.00
Vigfús Einarsson, fyrrv. skrifstofustjóri, Reykjavík	12 000.00	„	5 388.30	6 611.70
Vigfús Sigurðsson, fyrrv. vitavörður, Víðimel 57, Reykjavík	775.18	„	285.18	490.00
Vigfús Þórðarson, fyrrv. sóknarprestur í Heydölum	4 657.68	999.38	1 158.30	2 500.00
Þorbjörn Þórðarson, fyrrv. héraðslæknir á Bíldudal	4 666.25	1 625.00	1 901.25	1 140.00
Þorkell Þorkelsson, fyrrv. veðurstofustjóri, Reykjavík	11 100.00	„	„	11 100.00
Þorlákur Þorláksson, fyrrv. póstur, Hörgslandi	650.00	„	„	650.00
Þorleifur Erlendsson, fyrrv. barnakennari	1 380.00	„	780.00	600.00
Þorsteinn Briem, fyrrv. sóknarprestur á Akranesi	9 000.00	„	„	9 000.00
Þorsteinn Gíslason, fyrrv. fiskimatsmaður, Vesturgötu 19, Reykjavík	650.00	„	„	650.00
Þorsteinn Þorsteinsson, fyrrv. póstur, Húnavatnssýslu	650.00	„	„	650.00
Þorvaldur Jakobsson, fyrrv. sóknarprestur í Sauðlauksdal	2 971.88	901.88	„	2 070.00
Þorvaldur Þorvaldsson, fyrrv. fiskimatsmaður í Keflavík	650.00	„	„	650.00
Samtals	651 725.07	120 927.27	120 501.07	410 296.73

Ekkjur.	Grunneftirlaun samtals	Eftirlaun skv. eftirlaunal.	Lífeyrir skv. lífeyrisl.	Eftirl. skv. 18. gr. fjárl.
Aðalbjörg Jakobsdóttir, ekkja Gísla Péturssonar, héraðslæknis	1 525.94	710.94	„	815.00
Aðalbjörg Sigurðardóttir, ekkja Haralds Nielssonar, prófessors	2 502.50	552.50	„	1 950.00
Ágústa Þ. Ólafsdóttir, ekkja Magnúsar Gunnarssonar, dyrav. í stj.ráðinu	490.00	„	„	490.00
Álfheiður Briem, ekkja Páls Briems, amtmanns	1 015.63	1 015.63	„	„
Anína Arinbjarnardóttir, ekkja Guðmundar Jónssonar, pósts á Akureyri	490.00	„	„	490.00
Anna Ásmundsdóttir, ekkja Ásgeirs Torfasonar efnafræðings	1 000.00	„	„	1 000.00
Anna Gunnlaugsson, ekkja Halldórs Gunnlaugssonar, héraðslæknis	243.75	243.75	„	„
Anna Kl. Jónsson, ekkja Klemenz Jónssonar, ráðherra	1 950.00	1 220.00	„	730.00
Anna Stefánsdóttir, ekkja sr. Þorv. Þorvarðssonar á Stað í Súgandafirði	1 137.50	162.50	„	975.00
Anna Þorgrímsdóttir, ekkja Jóns Bjarnasonar, héraðslæknis	2 145.00	390.00	780.00	975.00
Ásdís Þorgrímsdóttir, ekkja Sigurðar Þórólfssonar, skólastjóra	490.00	„	„	490.00
Áslaug Thorlacius, ekkja Sigurðar Thorlacius barnaskólastjóra	3 466.00	„	1 966.00	1 500.00
Sama, vegna barna sinna fæddra 30/3 '33, 22/1 '37, 30/8 '39 og 10/10 '41.	4 750.00	„	4 750.00	„
Aldný Magnúsdóttir, ekkja Árna Kristjánssonar, símritara	858.00	286.00	572.00	„
Anna Bjarnadóttir, ekkja Hjartar Lárussonar	490.00	„	„	490.00
Anna Pálsdóttir, ekkja Sigurðar Sigurðssonar frá Arnarholti	975.00	„	„	975.00
Anna Sigurðardóttir, ekkja Einars Jónssonar, magisters	2 380.00	„	„	2 380.00
Anna Þorkelsdóttir, ekkja séra Guðmundar Einarssonar, Mosfelli	1 620.00	900.00	„	720.00
Arndís Sigurðardóttir, ekkja, Fjölnisvegi 18, Reykjavík	490.00	„	„	490.00

[1]) Auk þessa hefir hann full prófessorslaun, kr. 11 100.00 í grunn. — [2]) Auk þessa þóknun fyrir störf í fasteignamatsnefnd.

	Grunneftirlaun samtals	Eftirlaun skv. eftirlaunal.	Lífeyrir skv. lífeyrisl.	Eftirl. skv. 18. gr. fjárl.
Ásta Einarson, ekkja Magnúsar Einarson, dýralæknis	1 950.00	325.00	650.00	975.00
Ásta Halldórsdóttir, ekkja Óskars Jónssonar, póstafgreiðslumanns í Rvík	936.00	312.00	624.00	„
Sama, vegna barns síns f. 12/4 1934	325.00	„	325.00	„
Ásta Þorvaldsdóttir, ekkja, Akureyri	490.00	„	„	490.00
Ástríður Magnúsdóttir, kennaraekkja, Brúarlandi	325.00	„	325.00	„
Ástríður Petersen, ekkja sr. Ólafs Petersens á Svalbarði	1 137.50	162.50	„	975.00
Auður Gísladóttir, ekkja sr. Árna á Skútustöðum Jónssonar	1 140.00	308.75	„	831.25
Auður Jónasdóttir, ekkja Steinþórs Sigurðssonar, magisters	3 766.80	„	766.80	3 000.00
Bergljót Blöndal, ekkja sr. Björns Blöndals í Hvammi í Laxárdal	1 302.50	162.50	„	1 140.00
Björg Einarsdóttir, ekkja sr. Björns á Dvergasteini Þorlákssonar	1 392.37	417.37	„	975.00
Björg Guðmundsdóttir, ekkja Sigurðar Sigurðssonar, búnaðarráðunauts	650.00	„	„	650.00
Björg Jónasdóttir, ekkja Guðm. Ásbjörnssonar, fríkirkjuprests á Eskifirði	1 140.00	„	„	1 140.00
Camilla Hallgrímsson, ekkja Guðm. T. Hallgrímssonar, héraðslæknis	1 235.00	487.50	„	747.50
Cathinka Sigfússon, ekkja Jóhannesar Sigfússonar, menntaskólakennara	2 015.00	390.00	„	1 625.00
Dorothea Guðmundsson Proppé, ekkja sr. Sigurðar á Ljósav. Guðmundss.	1 140.00	„	„	1 140.00
Eleanor Sveinbjörnsson, ekkja Sveinbjarnar Sveinbjörnssonar, tónskálds	1 950.00	„	„	1 950.00
Elín Guðbjörg Guðmundsdóttir, ekkja sr. Gísla á Mosfelli Kjartanssonar	1 300.00	276.25	„	1.023.75
Elínborg Vigfúsdóttir, ekkja Einars Runólfssonar, póstafgreiðslumanns	650.00	„	„	650.00
Elísabet Jónsdóttir, ekkja Péturs Guðmundssonar, barnakennara	1 010.00	„	520.00	490.00
Elísabet Sigurðardóttir, ekkja sr. Árna Þórarinssonar, Stóra-Hrauni	1 140.00	552.50	„	587.50
Ellen Sveinsson, ekkja Þórðar Sveinssonar, yfirlæknis	4 386.90	1 164.40	1 600.00	1 622.50
Fríða Hlíðdal, ekkja Þorvaldar Hlíðdals, verkfræðings	5 550.00	„	„	5 550.00
Geirlaug Stefánsdóttir, ekkja Guðm. B. Kristjánssonar, kennara	3 140.00	„	2 325.00	815.00
Guðbjörg Árnadóttir, ekkja Jóns Karlssonar, héraðslæknis	1 365.00	455.00	910.00	„
Guðbjörg Hermannsdóttir, ekkja sr. Jóns Thorsteinssonar á Þingvöllum	1 137.24	192.24	„	945.00
Guðbjörg Kristjánsdóttir, ekkja Ögmundar Sigurðssonar, skólastjóra	1 950.00	„	„	1 950.00
Guðbjörg Ólafsdóttir, ekkja G. Kristjánssonar, pósts, Kaplaskjólsv. 60, Rv.	490.00	„	„	490.00
Guðbjörg Tómasdóttir, ekkja Snorra Halldórssonar, héraðslæknis	2 340.00	455.00	910.00	975.00
Guðfinna Þórðardóttir, vitavarðarekkja, Brekkustíg 4, Vestmannaeyjum	838.50	117.00	234.00	487.50
Guðlaug Magnúsdóttir, ekkja Bjarna Jónssonar frá Vogi	3 245.00	„	„	3 245.00
Guðný Þorsteinsdóttir, ekkja sr. Jóns Guðmundssonar á Norðfirði	1 135.47	205.47	„	930.00
Guðríður Eiríksdóttir, ekkja Ólafs Ísleifssonar, læknis, Þjórsártúni	815.00	„	„	815.00
Guðríður Helgadóttir, ekkja sr. Jóhannesar Lynge á Kvennabrekku	1 383.00	273.00	„	1 110.00
Guðríður Ólafsdóttir, ekkja sr. Jóns Arasonar á Húsavík	1 135.58	220.58	„	915.00
Guðrún Arinbjarnar, ekkja Kristjáns Arinbjarnar, héraðslæknis	3 648.24	„	2 148.24	1 500.00
Guðrún Egilson, ekkja Gunnars Egilson, verzlunarfulltrúa	3 245.00	„	„	3 245.00
Guðrún Jónsdóttir Erlingsson, ekkja Þorsteins Erlingssonar, skálds	1 625.00	„	„	1 625.00
Guðrún Hermannsdóttir, ekkja sr. Eggerts Pálssonar, Breiðabólsstað	996.03	346.03	„	650.00

Guðrún Jóhannesdóttir, ekkja sr. Guðmundar Helgasonar á Bergstöðum	1 964.75	174.75	„	1 790.00
Guðrún Jónsdóttir, ekkja sr. Sigurðar Z. Gíslasonar á Þingeyri	2 450.00	„	500.00	1 950.00
Guðrún P. Jónsdóttir, ekkja sr. Þorsteins Kristjánssonar í Sauðlauksdal	1 950.00	„	„	1 950.00
Guðrún Óddgeirsdóttir, ekkja Magnúsar Jónssonar, bæjarfógeta	3 209.80	3 209.80	„	„
Guðrún Oddsdóttir, ekkja Guðmundar Friðjónssonar, skálds	1 625.00	„	„	1 625.00
Guðrún Ragúels, ekkja Jóhanns Ragúels, kaupmanns	490.00	„	„	490.00
Guðrún Torfadóttir, ekkja sr. Jóhanns L. Sveinbjörnssonar á Hólmum	1 358.40	218.40	„	1 140.00
Guðrún Tulinius, ekkja Axels Tulinius, sýslumanns	762.37	762.37	„	„
Halldóra Þórðardóttir, ekkja Gísla Guðmundssonar, gerlafræðings	975.00	„	„	975.00
Harriet Jónsson, ekkja Magnúsar Jónssonar, prófessors	2 485.00	585.00	1 170.00	730.00
Hedvig Blöndal, ekkja Óla Blöndals, póstritara	1 855.00	455.00	910.00	490.00
Helga Finnsdóttir, ekkja Guðmundar Bárðarsonar, kennara	1 950.00	„	„	1 950.00
Helga Jónsdóttir, ekkja sr. Stefáns Björnssonar á Eskifirði	1 453.63	313.63	„	1 140.00
Helga Skúladóttir, ekkja sr. Péturs á Kálfafellsstað Jónssonar	1 138.53	118.53	„	1 020.00
Helga Í. Stefánsdóttir, ekkja Friðriks Halldórssonar, loftskeytamanns	2 490.44	„	2 000.44	490.00
Helga Stephensen, ekkja sr. Páls Stephensens í Holti	299.59	299.59	„	„
Hildur Björnsdóttir, ekkja Jósefs Björnssonar, skólastjóra	1 282.00	„	„	1 282.00
Hlín Johnson, Herdísarvík	2 925.00	„	„	2 925.00
Hrefna Ingimarsdóttir, ekkja Guðmundar Bergssonar, póstfulltrúa	2 760.00	520.00	1 040.00	1 200.00
Hrefna Jóhannesdóttir, ekkja Árna Helgasonar, héraðslæknis	2 145.00	390.00	780.00	975.00
Ída Stefánsdóttir, ekkja Jónasar Jenssonar, símritara	858.00	286.00	572.00	„
Ingibjörg Jakobsdóttir, ekkja Theódórs Arnbjarnarsonar, búnaðarráðun.	600.00	„	„	600.00
Ingibjörg Jónasdóttir, ekkja sr. Sveins Guðmundssonar í Árnesi	1 343.61	203.61	„	1 140.00
Ingibjörg Magnúsdóttir, ekkja sr. Björns Björnssonar í Laufási	1 370.01	230.91	„	1 140.00
Ingibjörg Sigurðardóttir, ekkja Jóns Jónssonar, héraðslæknis á Þórshöfn	243.75	243.75	„	„
Ingileif Aðils, ekkja Jóns Aðils, prófessor	1 202.50	552.50	„	650.00
Ingveldur Einarsdóttir, ekkja sr. Páls Jónssonar á Raufarhöfn	1 302.50	162.50	„	1 140.00
Ingveldur Ólafsdóttir, ekkja sr. Kjartans Kjartanssonar á Staðastað	975.00	487.50	„	487.50
Jenny Forberg, ekkja O. Forberg, landssímastjóra	2 312.50	812.50	„	1 500.00
Jóhanna Magnúsdóttir, ekkja sr. Stefáns á Staðarhrauni Jónssonar	1 504.00	364.00	„	1 140.00
Jóhanna Pálsdóttir, ekkja sr. Jóns í Otrardal, Árnasonar	1 341.14	201.14	„	1 140.00
Jóhanna Thorlacius, ekkja Ólafs Thorlacius, póstafgrm. á Patreksfirði	490.00	„	„	490.00
Jónasína E. Hallgrímsdóttir, ekkja Árna Þorvaldssonar, yfirkennara	2 300.20	900.20	„	1 400.00
Jóney Guðmundsdóttir, ekkja Guðjóns Guðlaugssonar, alþingismanns	975.00	„	„	975.00
Júlíana Jónsdóttir, ekkja Hannesar Jónssonar, dýralæknis	815.00	„	„	815.00
Katrín Sveinsdóttir, ekkja Guðm. Stefánssonar, póstafgreiðslum., Vopnaf.	650.00	„	„	650.00
Kristín Guðmundsdóttir, ekkja Einars Helgasonar, garðyrkjumanns	975.00	„	„	975.00
Kristín Guðmundsdóttir, ekkja Jóns vitavarðar á Reykjanesi	1 072.50	195.00	390.00	487.50
Kristín Pálsdóttir, vitavarðarekkja, Stykkishólmi	815.00	„	„	815.00
Kristín Thorberg, ekkja Magnúsar Thorberg	600.00	„	„	600.00

	Grunneftirlaun samtals	Eftirlaun skv. eftirlaunal.	Lífeyrir skv. lífeyrisl.	Eftirl. skv. 18. gr. fjárl.
Kristín Þórarinsdóttir, ekkja Kristjáns Kristjánssonar, héraðslæknis ..	1 360.94	385.94	„	975.00
Kristjana Benediktsdóttir, ekkja Jóns Jónatanssonar, alþm.	650.00	„	„	650.00
Kristólína Kragh, ekkja Hans Kragh, símamanns	650.00	„	„	650.00
Lára Bjarnadóttir, ekkja Gísla Lárussonar, símritara	1 508.00	286.00	572.00	650.00
Laufey Vilhjálmsdóttir, ekkja Guðm. Finnbogasonar, landsbókavarðar ..	3 870.00	„	„	3 870.00
Líney Sigurjónsdóttir, ekkja sr. Árna Björnssonar í Görðum	1 976.57	511.57	„	1 465.00
Lydía Lúðvíksdóttir, ekkja sr. Ólafs Magnússonar í Arnarbæli	1 500.00	552.50	„	947.50
Magðalena Ásgeirsdóttir, ekkja Bergsveins Haraldssonar, barnakennara ..	200.00	„	„	200.00
Magnea Ásgeirsson, ekkja Magnúsar Ásgeirssonar, læknis	325.00	„	„	325.00
Margrét Árnadóttir, ekkja Páls V. Bjarnasonar, sýslumanns	1 543.75	568.75	„	975.00
Margrét Ásmundsdóttir, ekkja Guðmundar Jónssonar	650.00	„	„	650.00
Margrét Björnsdóttir, ekkja sr. Jóns Jakobssonar, Bíldudal	2 450.00	„	500.00	1 950.00
Margrét Jónasdóttir, ekkja sr. Guðlaugs Guðmundssonar	1 353.46	213.46	„	1 140.00
Margrét Jónasdóttir, vitavarðarekkja, Siglufirði	490.00	„	„	490.00
Margrét Lárusdóttir, ekkja Guðm. Guðfinnssonar, héraðslæknis	2 670.00	390 00	780.00	1 500.00
Margrét Kr. Lárusdóttir, ekkja Gunnlaugs Þorsteinssonar, héraðslæknis	893.75	243.75	„	650.00
Margrét Vigfúsdóttir, vitavarðarekkja, Blikalóni	490.00	„	„	490.00
Margrét Þórðardóttir, ekkja Guðna Hjörleifssonar, héraðslæknis	2 730.00	585.00	1 170.00	975.00
Margrete Kaldalóns, ekkja Sigvalda Kaldalóns, héraðslæknis	5 100.00	535.00	„	4 565.00
María Guðlaugsson, ekkja Jónasar Guðlaugssonar, skálds	1 200.00	„	„	1 200.00
María Guðmundsdóttir, ekkja Ásgríms Péturssonar, yfirfiskimatsmanns ..	936.00	312.00	624.00	„
María J. Klemens, ekkja Friðriks Klemens, póstafgreiðslumanns	1 426.00	312.00	624.00	490.00
Marta Eiríksdóttir, ekkja Sæbjarnar Magnússonar, héraðslæknis	1 170.00	390.00	780.00	„
Marta Þórarinsdóttir, ekkja Viggós Snorrasonar, símamanns	1 517.00	234.00	468.00	815.00
Níelsína Ólafsdóttir, ekkja Daníels Daníelssonar, dyravarðar	975.00	„	„	975.00
Ólafía Finnbogadóttir, póstsekkja, Bálkastöðum í Miðfirði	325.00	„	„	325.00
Ólína Snæbjörnsdóttir, ekkja sr. Jóns Þorvaldssonar á Stað á Reykjanesi	1 452.86	312.86	„	1 140.00
Ólína Þorsteinsdóttir, ekkja Guðm. Guðmundssonar, skálds	1 625.00	„	„	1 625.00
Ólöf Gunnarsdóttir, póstsekkja, Eiríksgötu 29, Reykjavík	325.00	„	„	325.00
Ólöf Steingrímsdóttir, ekkja Páls Erlingssonar, sundkennara	815.00	„	„	815.00
Petrea Jónsdóttir, ekkja Jóhanns Kristjánssonar, sagnfræðings	490.00	„	„	490.00
Ragnheiður Bjarnadóttir, póstmeistaraekkja, Bókhlöðustíg 2, Reykjavík ..	1 625.00	„	„	1 625.00
Ragnheiður Jónasdóttir, ekkja Árna Jónssonar frá Múla	3 000.00	„	„	3 000.00
Ragnheiður Jónasson, ekkja Einars M. Jónassonar, sýslumanns	1 300.00	„	„	1 300.00
Ragnheiður H. Magnúsdóttir, ekkja sr. Hans Hallgríms Jónassonar ..	213.46	213.46	„	„
Ragnheiður Straumfjörð, ekkja Jóns Straumfjörð, húsvarðar	490.00	„	„	490.00
Ragnheiður Torfadóttir, ekkja Hjartar Snorrasonar, skólastjóra	650.00	„	„	650.00
Rannveig Tómasdóttir, ekkja Magnúsar Jóhannssonar, héraðslæknis ..	1 279.69	304.69	„	975.00

Rigmor Ófeigsson, ekkja Jóns Ófeigssonar, yfirkennara	2 626.00	442.00	884.00	1 300.00
Rósa Jónsdóttir, vitavarðarekkja, Yztabæ, Hrisey	325.00	„	„	325.00
Sigríður Arnljótsdóttir, ekkja Jóns Jónssonar, héraðslæknis	1 645.31	345.31	„	1 300.00
Sigríður Finnbogadóttir, ekkja dr. Jóns Þorkelssonar, þjóðskjalavarðar	1 300.00	„	„	1 300.00
Sigríður Fjeldsted, ekkja Andrésar Fjeldsted, augnlæknis	975.00	„	„	975.00
Sigríður Gísladóttir, ekkja Kristjáns Kristjánssonar, skjalav. Alþingis	490.00	„	„	490.00
Sigríður Guðmundsdóttir, póstsekkja frá Blönduósi	490.00	„	„	490.00
Sigríður Hansdóttir, ekkja sr. Jóns Finnssonar á Djúpavogi	1 454.14	179.14	„	1 275.00
Sigríður H. Jensson, ekkja Jóns Jenssonar, yfirdómara	2 112.50	812.50	„	1 300.00
Sigríður Jónsdóttir, ekkja Sigurðar Magnússonar yfirlæknis	3 989.20	1 539.20	„	2 450.00
Sigríður Jónsdóttir, ekkja Stefáns skálds frá Hvítadal	815.00	„	„	815.00
Sigríður Kjartansdóttir, ekkja sr. Jakobs Lárussonar, Holti	1 950.00	„	„	1 950.00
Sigríður R. Pálsson, ekkja Pálma Pálssonar, yfirkennara	731.25	731.25	„	„
Sigríður Snæbjarnardóttir, ekkja Þórarins B. Þorlákssonar, málara	815.00	„	„	815.00
Sigríður Snæbjörnssen	1 140.00	„	„	1 140.00
Sigríður Steingrímsdóttir, ekkja Sig. Péturssonar, pósts, Árnanesi	325.00	„	„	325.00
Sigrún Bjarnason, ekkja Þorleifs H. Bjarnason, yfirkennara	1 625.00	650.00	„	975.00
Sigrún Kjartansdóttir, ekkja sr. Gísla Jónssonar á Mosfelli	1 379.69	239.69	„	1 140.00
Sigurbjörg Guðmundsdóttir, ekkja Tryggva Hallgrímssonar, pósts	325.00	„	„	325.00
Sigurlaug G. Gröndal, ekkja Benedikts Þ. Gröndals	650.00	„	„	650.00
Sigurlaug Á. Knudsen, ekkja sr. Lúðvíks Knudsen á Breiðabólsstað	1 356.13	216.13	„	1 140.00
Soffía Hjaltested, ekkja Péturs Hjaltested, aðstoðarmanns	975.00	„	„	975.00
Solveig Árnadóttir, póstsekkja, Fáfnisvegi 7, Akranesi	490.00	„	„	490.00
Solveig Eggerz, ekkja Sigurðar Eggerz, ráðherra	6 570.00	2 437.50	„	4 132.50
Stefanía Hjaltested, ekkja Bjarna Hjaltested, kennara	1 302.50	„	487.50	815.00
Stefanía Stefánsdóttir, ekkja	1 555.50	„	1 155.50	400.00
Steinunn P. Eyjólfsson, ekkja sr. Böðvars Eyjólfssonar, Árnesi	1 140.00	276.25	„	863.75
Steinunn Oddsdóttir	815.00	„	„	815.00
Steinunn E. Stephensen, ekkja sr. Ólafs Stephensen í Bjarnanesi	1 300.36	325.36	„	975.00
Súsanna Friðriksdóttir, ekkja Hinriks Erlendssonar, héraðslæknis	1 119.69	304.69	„	815.00
Theódóra Thoroddsen, ekkja Skúla Thoroddsen, sýslumanns	2 819.65	869.65	„	1 950.00
Unnur Skúladóttir, ekkja Halldórs Stefánssonar, læknis	1 625.00	„	„	1 625.00
Valborg Einarsson, ekkja Sigfúsar Einarssonar, tónskálds	1 625.00	„	„	1 625.00
Valgerður Benediktsson, ekkja Einars Benediktssonar, skálds	3 870.00	„	„	3 870.00
Valgerður Sveinsdóttir, ekkja Jóns Árnasonar héraðslæknis	2 618.75	568.75	910.00	1 140.00
Vigdís G. Blöndal, ekkja Jóns Blöndals, héraðslæknis	1 119.69	304.69	„	815.00
Viktoría Bjarnadóttir, ekkja Sigurgarðs Sturlaugssonar, barnakennara	245.00	„	„	245.00
Vilborg Torfadóttir, ekkja Eyjólfs Sveinssonar, barnakennara	815.00	„	325.00	490.00
Þóra Gísladóttir, ekkja Sigurðar Pálssonar, héraðslæknis	1 810.31	345.31	„	1 465.00
Þóra Skaptason, ekkja Þorsteins Skaptasonar	490.00	„	„	490.00

	Grunneftirlaun samtals	Eftirlaun skv. eftirlaunal.	Lífeyrir skv. lífeyrisl.	Eftirl. skv. 18. gr. fjárl.
Þóra Sigurðardóttir, ekkja Páls Halldórssonar, erindreka	490.00	„	„	490.00
Þorbjörg Pálsdóttir, ekkja sr. Jóns Hjartarsonar á Gilsbakka	812.50	162.50	„	650.00
Þórdís Claessen, ekkja Gunnlaugs Claessen, yfirlæknis	8 400.00	„	4 078.67	4 321.33
Þórdís Ívarsdóttir, póstsekkja, Snæfellsnesi	325.00	„	„	325.00
Þórhildur Eiríksdóttir Magnús, ekkja Magga Magnús, yfirlæknis	975.00	„	„	975.00
Þórunn Hafstein, ekkja Marinós Hafstein, sýslumanns	1 161.88	511.88	„	650.00
Þórunn Pálsdóttir, ekkja Þorsteins Gíslasonar, ritstjóra	1 625.00	„	„	1 625.00
Þórunn Sigurðardóttir, vitavarðarekkja, Gröf, Miklaholtshreppi	490.00	„	„	490.00
Þórunn Þórðardóttir, ekkja sr. Brynjólfs Magnússonar í Grindavík	2 147.98	840.00	1 007.98	300.00
Þrúður I. Jónsdóttir, ekkja Björns Magnússonar, símstjóra	1 614.00	338.00	676.00	600.00
Þuríður Benediktsdóttir, ekkja Karls Guðmundssonar, héraðslæknis	2 800.00	390.00	780.00	1 630.00
Samtals	279 650.08	43 171.87	42 266.13	194 212.08

Við skrána er þetta að athuga, og er vísað til fjárlaganna fyrir 1948.

I. a. 3. Benedikt Sveinsson hefur ekki eftirlaunarétt samkvæmt lögum og á því fjárhæðin að færast í 18. gr. II.

4. Bergur Jónsson hefur rétt til lífeyris úr lífeyrissjóði. Eftirlaun hans að lífeyri meðtöldum eiga að vera kr. 7 200.00 í grunn. Mismunurinn á grunnlífeyrinum og kr. 7 200.00 á að færast á 18. gr. II., þegar þar að kemur.

7. Einar E. Sæmundsen fyrrv. skógarvörður hefur engan eftirlauna- eða lífeyrisrétt samkvæmt lögum og á því ekki heima hér. Alþingi mun á sínum tíma hafa ætlað honum kr. 1440.00 + kr. 1200.00 í grunneftirlaun á ári, auk gömlu dýrtíðaruppbótarinnar, aukauppbótar og verðlagsuppbótar. Við þessa fjárhæð bætti ráðuneytið kr. 240 00, og varð hún þá samtals kr. 2 880.00 auk gömlu dýrtíðaruppbótarinnar 25% kr. 720.00, auk aukauppbótar kr. 1 120.00, samtals kr. 4 720.00, auk verðlagsuppbótar. Öll þessi fjárhæð átti að færast á 18. gr. II., og verður færð þar nú. Þá er hluti þessara eftirlauna tvíveittur bæði á 18. gr. II. a. 4. og 18. gr. II. y. 15., og verður það leiðrétt hér

19. Magnús Torfason lézt 1948.

27. Sigurður Guðmundsson hefur lífeyrisrétt úr lífeyrissjóði, en ekki eftirlaunarétt samkv. eftirlaunalögum. Honum eru ætlaðar kr. 11 100.00 í grunn í eftirlaun að meðtöldum lífeyri. Á 18. gr. II. verður því færður mismunurinn á lífeyrinum og kr. 11 100.00.

33. Steingrímur Matthíasson dó 1948.

35. Þorkell Þorkelsson hefur ekki eftirlaunarétt samkv. eftirlaunalögum. Honum hafa verið ætlaðar kr. 11 100.00 grunneftirlaun, og færast þau á 18. gr. II. Hefur ekki lífeyrisrétt.

b. 8. Guðrún B. Gísladóttir dó 1948.

24. Sóluveigu Eggerz bera eftirlaun samkv. eftirlaunalögum kr. 2 437.50 í grunn, og færist sú fjárhæð á 18. gr. I. Mismunurinn á þessari fjárhæð og kr. 6 570.00, kr. 4 132.50, færist á 18. gr. II.

c. 11. Guðrún Runólfsdóttir dó 1948.

d. 12. Ingibjörg Ögmundsdóttir er ekkja Guðmundar Eyjólfssonar, símastjóra í Hafnarfirði. Henni bera eftirlaun eða lífeyrir sem ekkju hans, en nú er hún skipuð símastjóri í sömu stöðu sem Guðmundur hafði og tekur full laun þeirrar stöðu. Réttur hennar til lífeyris, meðan hún gegnir stöðunni, er vægast sagt mjög vafasamur og framlagið til hennar samkv. 8. gr. l. 51/1921 verður fellt niður úr 18. gr.

d. 24. Sigríður Gilsdóttir dó 1948.

II. a. 14. Lögboðinn lífeyrir Jakobs Kristinssonar er kr. 1081.65 á ári í grunn, og á hann auðvitað að ávísast úr lífeyrissjóði, en ekki af 18. gr. Eftirstöðvarnar af kr. 7620.00, sem honum munu hafa verið ætlaðar í grunneftirlaun alls, kr. 6538.35, færast hér.

28. Til þess mun hafa verið ætlazt, að Sigurjón Markússon hefði eftirlaun, sem næmi fullum 1. fl. fulltrúalaunum kr. 9 600.00 í grunn, að meðtöldum lífeyri. Lífeyrir hans nemur kr. 3 080.59 og eftirlaun samkv. eftirlaunalögum nr. 2 145.00, og á því eftirlaunaviðbótin á 18. gr. II. að lækka úr kr. 4 455.00 niður í kr. 4 374.59.

b. 8. Þegar Guðm. T. Hallgrímsson héraðslæknir dó, voru ekki reiknuð út lögmælt eftirlaun ekkju hans, en Alþingi veitti henni eftirlaun á 18 gr. II., sem nú eru með viðbótum, sem síðar hafa komið, kr. 1235.00, auk verðlagsuppbótar. Lögmælt eftirlaun hennar eru hins vegar kr. 487.50, og verður að telja, að þau hafi hingað til verið talin í þeirri fjárhæð, sem veitt var á 18. gr. II., en nú verður þetta leiðrétt þannig, að frá áramótum næstu verða henni greidd lögmæltu eftirlaunin, og þau færð á 18. gr. I., en á 18. gr. II. verða einungis færðar kr. 747.50.

14. Við útreikning á lögmæltum eftirlaunum Guðrúnar Oddgeirsdóttur, ekkju Magnúsar bæjarfógeta Jónssonar, kom í ljós, að þau urðu kr. 3 209.80 í grunn á ári. Er það nokkru hærri fjárhæð en sú, sem henni var veitt á 18. gr. II. fjárlaga til bráða-

birgða, þangað til lögmælt eftirlaun yrðu reiknuð út. Verður því fjárveiting til ekkjunnar á 18. gr. II. felld burtu, en lögmæltu eftirlaunin færð á 18. gr. I.

17. Hrefna Ingimarsdóttir, ekkja Guðmundar Bergssonar, póstfulltrúa, hefur í lögmælt eftirlaun kr. 520 00 í grunn og í lífeyri úr lífeyrissjóði kr. 1040.00 í grunn á ári. Auk þessa hefur Alþingi veitt henni kr. 1200.00 á 18. gr. II. fjárlaga. Auk alls þessa hefur póst- og símamálastjórnin, vafalaust af vangá, lagt til, að henni yrðu greiddar af 18. gr. II. f. kr. 1950.00 í grunn.

Nú hafa henni ekki verið greiddar allar þessar fjárhæðir og í fjárlagafrumvarpinu er felld burtu fjárveitingin á 18. gr. II. f.

c. 4. Séra Einari Thorlacius hafa í mörg ár verið greiddar kr. 1000.00 í grunn utan fjárlagaveitingar. Þetta mun á sínum tíma hafa heitið þóknun vegna starfs í sambandi við fyrirhugaða Hallgrímskirkju í Saurbæ. Fjárveiting er talin hafa verið fyrir þessu á fjárlögum, en eftir að sú fjárveiting féll niður, var samt haldið áfram að greiða þóknunina samkvæmt ráðherraákvörðun, og það er gert enn. Ef halda á þessu áfram, er rétt að taka greiðsluna upp í fjárlög og hækka ólögboðnu eftirlaunin til séra Einars upp í kr. 1900.00 í grunn.

5. Lögboðinn lífeyrir séra Eiríks Albertssonar er kr. 1174.50 í grunn, og er greiddur úr lífeyrissjóði. Hér eru því einungis færðar kr. 6445.50.

7. Séra Haraldur Þórarinsson fékk lausn frá embætti í fardögum 1943, en þjónaði til 1. okt. 1945. Eftirlaun hans úr prestlaunasjóði voru ekki reiknuð út þá, en þau nema kr. 867.19 í grunn. Með því að eftirlaun hans samkv. 18. gr. II. eru auðsjáanlega miðuð við það, að hann fái ekkert úr prestlaunasjóði, eru lögboðnu eftirlaunin, sem færð verða á 18. gr. I., dregin hér frá, og á 18. gr. II. einungis færðar kr. 575.81.

20. Séra Þórður Ólafsson er látinn.

21. Séra Þorsteinn Briem, sem lét af störfum vegna heilsubrests, heldur fullum prestlaunum í eftirlaun. Að réttu lagi á hann að fá örorkulífeyri úr lífeyrissjóði, og þegar þar að kemur, lífeyri þaðan, og dregst framlag lífeyrissjóðsins þá frá eftirlaunagreiðslu ríkissjóðs. Ekkert mat hefur farið fram á örorkunni, og því er ekki hægt að ákveða greiðsluna úr lífeyrissjóði. Þangað til það verður gert, verða öll eftirlaunin færð á 18. gr. II.

23. Séra Þorvarður Þorvarðarson er látinn.

d. 2. Lögboðin eftirlaun Önnu Þorkelsdóttur ekkju séra Guðmundar á Mosfelli Einarssonar nema kr. 900.00, auk verðlagsuppbótar. Fjárveitingin í 18. gr. II. mun fela í sér lögboðnu eftirlaunin, en þau verða nú færð á 18. gr. I, og afgangurinn kr. 720.00 á 18. gr. II.

4. Auður Gísladóttir á lögboðin eftirlaun, sem nema kr. 308.75, auk verðlagsbótar. Þau hafa hingað til verið innifalin í fjárveitingunni á 18. gr. II., en færast nú á 18. gr. I., en kr. 831.25 á 18. gr. II.

9. Elísabet Sigurðardóttur, ekkju séra Árna Þórarinssonar, bera kr. 552.50 í lögboðin eftirlaun, sem færð verða á 18. gr. I. Hér verða því færðar kr. 587.50.

10. Elín Guðbjörg Guðmundsdóttir á lögboðin eftirlaun kr. 276.25 í grunn, sem verða færð á 18. gr. I. Hér verða því einungis færðar kr. 1023.25.

11. Ingveldi Ólafsdóttur, ekkju séra Kjartans Kjartanssonar, bera lögboðin eftirlaun kr. 487.50, sem færast á 18. gr. I. Kr. 487.50 færast á 18. gr. II.

29. Lydíu Lúðvíksdóttur, ekkju séra Ólafs Magnússonar, bera lögboðin eftirlaun kr. 552.50. Kr. 947.50 færast á 18. gr. II., með því að lögboðnu eftirlaunin munu vera innifalin í fjárveitingunni á 18. gr. II., eins og í framantöldum dæmum.

39. Steinunni P. Eyjólfsson, ekkju séra Böðvars Eyjólfssonar, bera eftirlaun samkv. eftirlaunalögum kr. 276.25, sem færast á 18. gr. I. Því færast einungis kr. 823.75 á 18. gr. II.

41. Þórunni Þórðardóttur, ekkju séra Brynjólfs Magnússonar, bera eftirlaun kr. 840.00 í grunn samkv. eftirlaunalögum. Sú fjárhæð færist á 18. gr., en kr. 300.00 í grunn á 18. gr. II.

e. 1. Aðalbjörg Steinsdóttir dó 1948.

5. Ásta Magnúsdóttir heitir réttu nafni Ástríður Magnúsdóttir.

14. Um Ingunni Bergmann hefur ráðuneytinu ekki tekizt að fá aðrar upplýsingar en þær, að hún hafi haldið eftirlaunum, sem sambýliskona hennar hafi haft á fjárlögum, en sú kona sé nú látin. Ef þetta er rétt, er ekki gert ráð fyrir fjárveitingu til hennar í frumvarpinu.

f. Nú eru sundurliðuð í fjárlögunum fjárveiting til eftirlauna póstanna og ekkna þeirra. Fyrirkomulag það, sem verið hefur, er ekki til neinna bóta og hefur valdið tvígreiðslum, sbr. Hrefnu Ingimarsdóttur.

g.—u. Nöfn þessara launþega eru öll færð í stafrófsröðina í frumvarpinu óbreytt að fjárhæð, nema til hægðarauka er fjárveitingin til dr. Jóns Stefánssonar færð sem grunnlaun kr. 1048.66, og verðlagsuppbót síðan reiknuð af þeirri fjárhæð.

m. Páll Sveinsson, yfirkennari, fékk lausn frá embætti 1940 og hefur því ranglega verið talinn á biðlaunum. Honum eru ætlaðar kr. 9 600.00 í eftirlaun að meðtöldum kr. 2 801.89 lífeyri. Á 18. gr. II. færist því einungis kr. 6 798.11.

v. og x. Sama er um þetta að segja sem um 18. gr. II. f.

y. 12. Davíð Gíslason dó 1948.

15. Fellur niður, sjá framar í aths.

16. Elín Runólfsdóttir dó 1948.

28. Gunnlaugi Kristmundssyni mun vera ætlað að fá í eftirlaun kr. 9 600.00 í grunn að meðtöldum lífeyri. Hann hefur lífeyri úr lífeyrissjóði barnakennara kr. 1930.32, en um það mun ekki hafa verið kunnugt, er fjárveitingin var sett í 18. gr. II., kr. 9 600.00. Nú er fjárveitingin lækkuð niður í kr. 7 669.68.

35. Ingibjörg Guðjónsdóttir, ekkja Sigurgríms Stefánssonar, er gift aftur og falla þá niður lögboðin eftirlaun hennar og lífeyrir. Fjárveitingin á 18. gr. II. verður þá einnig felld niður.

58. Ragnheiður Erlendsdóttir er aftur gift, og fellur því niður fjárveitingin á 18. gr. II.

II. c. 1. Í 18. gr. II. b. 18. fjárl. f. 1948 eru talin 2 börn Hrefnu Jóhannesdóttur og Árna sál. Helgasonar í ómegð. Börnin eru fædd $^{3}/_{8}$ 1921 og $^{16}/_{7}$ 1924 og því ekki lengur í ómegð vegna aldurs, en yngra barnið Jóhanna Margrét Árnadóttir er sjúklingur af völdum heilabólgu og verður haldið áfram fjárveitingu vegna hennar. Fjárveiting vegna eldra barnsins fellur niður.

2. Í 18. gr. II. b. 11. núg. fjárlaga er fjárveiting til þriggja barna Guðbjargar Tómasdóttur og Snorra sál. Halldórssonar, héraðslæknis. Börnin eru fædd $^{2}/_{2}$ 1929, $^{1}/_{1}$ 1931 og $^{2}/_{3}$ 1936 og því ekki nema eitt innan 16 ára. Fjárveiting til þess er tekin upp hér, en hin felld niður.

3. Í 18. gr. II. b. 31. núg. fjárlaga er fjárveiting til þriggja barna Guðna sál. Hjörleifssonar héraðslæknis. Börnin eru fædd $^{4}/_{4}$ 1929, $^{3}/_{5}$ 1931 og $^{2}/_{2}$ 1936 og því einungis eitt þeirra innan 16 ára. Fjárveitingin til hinna tveggja fellur niður.

4. Í 18. gr. II. d. 30. núg. fjárl. er fjárveiting til þriggja barna séra Jóns sál. Jakobssonar. Þau eru fædd $^{10}/_{11}$ 1931, $^{11}/_{4}$ 1933 og $^{2}/_{12}$ 1936, og því 2 í ómegð. Fjárveiting til eins fellur niður.

6. Í 18. gr. II. e. 17. núg. fjárl. er fjárveiting til barna Bergsveins sál. Haraldssonar innan 16 ára. Nú eru þau einungis þrjú innan aldurstakmarksins og fellur fjárveiting til eins niður.

7. Í 18. gr. II. y. 60. er fjárveiting til barna Kristjáns sál. Kristjánssonar skjalavarðar, innan 16 ára. Nú er aðeins eitt innan þess aldurstakmarks og fellur fjárveiting til hinna niður.

Í 18. gr. II. d. 34. núg. fjárl. er fjárveiting til barna séra Jakobs Lárussonar. Þau eru nú öll komin yfir tvítugsaldur, og fellur fjárveitingin niður.

Í 18. gr. II. u. 1. núg. fjárl. er fjárveiting til fósturbarna Sigurðar sál. Sigurðssonar frá Arnarholti. Þau eru fædd $^{12}/_{11}$ 1925 og $^{17}/_{12}$ 1930, og fellur því fjárveiting til þeirra niður.

Meðal lögboðinna eftirlauna eru nú talin eftirlaun presta úr prestlaunasjóði, sbr. aths. við 14. gr. fjárlagafrumvarpsins.

III. Samkvæmt 10. gr. l. 101/1943 og 8. gr. l. 102/1943 greiðir ríkissjóður til lífeyrissjóðs starfsmanna ríkisins og lífeyrissjóðs barnakennara fjárhæð, sem nemur 6% af heildarárslaunum starfsmanna, sem laun taka úr ríkissjóði. Árið 1946 nam þessi fjárhæð kr. 2 504 071.64, en þá var meðalverðlagsvísitalan 292.75%. Árið 1947 nam hún kr. 3 082 909.99, en vísitalan var þá 315. Fyrra árið koma um kr. 8553.00 á hvert vísitölustig, en síðara árið kr. 9 787.00. Með því að enn mun hafa orðið starfsmannafjölgun frá árinu 1947, veitir sjálfsagt ekki af að áætla að kr. 10 000.00 komi á hvert vísitölustig og að framlagið 1949 nemi um kr. 3 000 000.00.

IV. Samkvæmt 6. gr. reglugerðar nr. 155/1944 um lífeyrissjóð starfsmanna ríkisins, sbr. rgl. nr. 87/1945 og 4. gr. rgl. nr. 88/1945, skal lífeyrisþegum bætt upp úr ríkissjóði það, er lögboðinn lífeyrir þeirra kynni að vera lægri en lífeyrisprocentan af meðalgrunnlaunum síðustu 10 ára, áður en lífeyrisþegi lét af starfi, að viðbættri aukauppbót og verðlagsuppbót.

Erfitt er að sjálfsögðu að áætla hve miklu þessar uppbætur nema á ári, en árið 1946 námu þær kr. 215 954.93 og árið 1947 kr. 292 721.62. Ekki verður fjarri lagi að áætla þær kr. 300 000.00 1949.

V. Á lífeyrisgreiðslur úr lífeyrissjóði embættismanna og lífeyrissjóði barnakennara, sem runnu í nýja sjóði stofnaða með lögum nr. 101/1943 og 102/1943 greiðir ríkissjóður aukauppbót og verðlagsuppbót. Undanfarið hefur ekkert verið áætlað fyrir þessu á fjárlögum, en greiðslur þessar námu 1946 kr. 238 841.38 og 1947 kr. 235 297.68. Lífeyrisþegunum fækkar smám saman, og er lægri fjárhæð greidd 1947 en 1946, þrátt fyrir töluverða vísitöluhækkun. Greiðslurnar 1949 ættu varla að fara fram úr kr. 200 000.00, þegar miðað er við vísitölu 300.

Um 19. gr.

1. Til dýrtíðarráðstafana hefur ekki þótt tiltækilegt að áætla í frumvarpinu hærri fjárhæð en þar stendur. Að vísu er það svo, að fjárhæðin mundi samkvæmt reynslu ársins 1947 og þessa árs ekki nægja til þess að standa undir niðurgreiðslum og uppbótum, ef þeim á að halda að fullu í sama horfi sem átt hefur sér stað bæði þessi ár. Ráðuneytið telur, að aðkallandi nauðsyn sé á því að gera breytingu á dýrtíðarráðstöfunum til þess að létta gjaldabyrði ríkissjóðs, með því að byrðarnar eru honum ofvaxnar, nema aflað sé nýrra tekna fram yfir það, sem þegar hefur verið gert í frumvarpinu, og er ekki auðvelt að sjá, hvernig þeirra skuli afla.

2. Í skýrslu, sem ráðuneytinu hefur borizt frá nefnd manna þeirra, sem rannsaka áttu hag bátaútvegsins eftir síldarvertíðina í sumar, er talið, að um 6 milljónir króna muni þurfa að veita í aðstoð eða hjálp til þess að létta af bátunum sjóveðs- og lögveðskröfum. Þessi aðstoð er mjög aðkallandi, og er varla um annað að ræða nú en að ríkissjóður veiti hana til þess fyrst og fremst að koma í veg fyrir það, að dragi að miklum mun úr væntanlegri útgerð á Faxaflóaveiðar og aðrar veiðar í vetur.

Undanfarin ár hefur ríkissjóður veitt ábyrgð á lánum til útgerðarmanna, sem illa urðu úti, er sumarsíldarvertíðin brást 1945 og 1947, en nú er svo komið hag bátaútvegsins, að búast má við, að ríkissjóður verði að miklu leyti að taka á sig þær skuldbindingar, sem hann hefur ábyrgzt. Ráðuneytið telur, að ríkissjóður hafi nú tekið á sig svo miklar ábyrgðir, bæði á þessu sviði og öðrum, að ófært sé að hlaða á hann meiru af slíku tagi. Þegar nú ríkissjóður enn hleypur undir bagga með útvegsmönnum, eru líkurnar fyrir því, að hann fái endurgreitt þær fjárhæðir, sem hann aðstoðar með, heldur litlar og því telur ráðuneytið rétt að færa þær sem útgjöld á rekstrarreikning fjárlaganna fremur en að veita aðstoðina í ábyrgðarformi, og sé þá horfst í augu við það, að ríkissjóður kunni endanlega að verða að bera þessi útgjöld, en það skal tekið fram, að ætlazt er til, að aðstoðin sé afturkræf, ef ástæður útvegsins batna svo, að honum verði endurgreiðslan kleif.

Jafnvel svo hóflegar fjárhæðir sem þær, er hér eru teknar í frumvarpið undir 1. og 2. tölulið, fá ekki staðizt, nema Alþingi fallist á þær tillögur til tekjuöflunar, sem í frumvarpinu felast, eða lögfesti aðrar jafngildar. Að öðrum kosti yrði að draga enn meira en ráðuneytið hefur þegar gert úr fjárveitingum á öðrum greinum frumvarpsins.

Um 20. gr.

Inn. I. Nú eru komin til framkvæmda lög nr. 78/1947 um fyrningarsjóð ríkisins. Samkvæmt þeim eru fasteignir ríkisins fyrndar eftir ákveðum reglum og fyrningarandvirðið greitt í fyrningarsjóð. Þess vegna verður nú engin fyrning af fasteignum ríkissjóðs færð á þessa grein fjárlaga.

Fyrningar lausafjár ríkissjóðs í vörzlu stofnana þeirra, sem taldar eru á 3. gr. A., námu árið 1947 kr. 901 743.33 og áætlast nú á kr. 900 000.00.

Á 11. gr. A. urðu fyrningarnar 1947 kr. 14 887.70 og áætlast kr. 15 000.00.

Á 12. gr. urðu þær þá kr. 91 339.23 og áætlast kr. 90 000 00.

Á 13. gr. B. urðu þær kr. 122 651.16. Nú hefur bætzt töluvert við skipastólinn, og áætlast fyrningarfjárhæðin kr. 300 000.00.

Á 13. gr. C. varð fyrningin kr. 296 036.65 1947 og áætlast hér kr. 300 000.00.

Reikningum flugráðs fyrir árið 1947 hefur ekki verið skilað enn, þótt margoft hafi verið krafið um þá. Því er ekki hægt um vik að áætla fyrningu af lausafé ríkissjóðs í vörzlu þess. Hér er fyrningarfjárhæðin þó áætluð kr. 300 000.00.

Á 16. gr. A. varð fyrning árið 1947 kr. 63 791.57. Hún áætlast nú kr. 65 000.00.

Á 16. gr. D. varð hún kr. 328 749.65 og áætlast kr. 330 000.00 í frumvarpinu.

II. Áætlast óbreyttur.

III.—IV. Liði þessa er ógerningur að áætla svo nærri lagi fari.

Út. II. Sjá athugasemd við 7. gr.

2. a.—b. Sjá 3. gr. A. frumvarpsins.

d. Afborganir af lánum skógræktarinnar hafa undanfarið verið færðar á 16. gr., en eiga hér heima.

II. Ríkissjóður hefur þegar orðið að leggja út allmikið fé til greiðslu afborgana og vaxta af lánum með ríkisábyrgð, sem eru í vanskilum. Á skrá, sem fylgir frumvarpinu, eru taldar afborganir og vextir, sem falla á næsta ári af ríkisábyrgðarlánum, sem ríkissjóður væntanlega verður að greiða að miklu eða öllu leyti. Afborganir nema kr. 2 598 071.00 og vextirnir kr. 2 274 932.00, samtals kr. 4 873 003.00, og áætlast, að af þeirri fjárhæð komist ríkissjóður ekki hjá að greiða 4 milljónir króna.

III. Sjá aths. við 3. gr. A. 2.

IV. Ekki verður hjá því komizt að veita einhverja fjárhæð til bygginga á jörðum ríkisins, og eru hér ákveðnar kr. 200 000.00.

V. Dóms- og kirkjumálaráðuneytið gerir grein fyrir því, að til smíða á hinu nýja varðskipi, sem á að hefja nú, þurfi um 5 milljónir króna, en til viðbótar smíði varðbáts fyrir Vestfirði þurfi um kr. 800 000.00. Smíði varðskipsins á að ljúka á 3 árum, og mun þurfa að greiða til hennar á næsta ári um kr. 1 200 000.00, eftir því sem Skipaútgerð ríkisins hefur upplýst í simtali. Þarf þá að veita kr. 2 000 000.00 á næsta ári til varðskipabygginga. Af þeirri fjárhæð eru til ónotaðar fjárveitingar frá 1947 og 1948, og eru þær endurveittar nú.

Þá er lagt til, að veittar verði kr. 250 000.00 til kaupa á Helicopterflugvél vegna landhelgisgæzlunnar. Slysavarnafélagið er að safna fé til kaupa á slíkri flugvél, og má án efa komast að samningum við það félag, þegar þar að kemur, um afnot af flugvélinni í þágu landhelgisgæzlunnar. Því er ekki tekin í frumvarpið fjárveiting til flugvélakaupanna.

VI. Nauðsynlegt er að byggja bráðabirgðatollbúð, þangað til fullkomin tollbúð verður reist.

VII. Heilbrigðismálaráðuneytið leggur til, að varið verði á næsta ári kr.

1 530 000.00 til viðbótarhúsnæðis við ríkisspítalana. Þótt full þörf kunni að vera fyrir byggingar fyrir þetta fé, treystir fjármálaráðuneytið sér ekki til að leggja til, að veitt verði fé til byggingar þvottahúss Landsspítalans á næsta ári, en það er áætlað kr. 970 000.00, og verða því ekki teknar nema kr. 560 000.00 í frumvarpið til viðbótarhúsnæðis við ríkisspítalana.

Til byggingar fávitahælis eru teknar kr. 400 000.00, eins og lagt er til.

VIII. Vitamálastjóri leggur til, að varið verði kr. 700 000.00 til að reisa nýja vita og kr. 170 000.00 til byggingar vitavarðarbústaðar á Öndverðarnesi á næsta ári.

Verður farið eftir þessum tillögum, en umframfjárnotkun í ár til vitavarðabústaða á Reykjanesi og í Svalvogum er rétt, að tekin verði í fjáraukalög fyrir árið 1948.

IX. Til flugvallagerða og lendingabóta fyrir flugvélar leggur samgöngumálaráðuneytið til, að veittar verði kr. 1 550 000.00. Flugráð hefur gert tillögur um kr. 2 765 000.00 fjárveitingu til þessara framkvæmda, þar á meðal kr. 750 000.00 til undirbúnings og fyrstu framkvæmda flugstöðvarbyggingar í Reykjavík. Þetta ráðuneyti telur, að fjárhagur ríkissjóðs leyfi ekki, að ráðizt verði í byggingu flugstöðvarinnar að svo stöddu, og vill fallast á tillögur samgöngumálaráðuneytisins að verja jafnhárri fjárhæð til framkvæmdanna á næsta ári sem í ár.

X. 1. Ákveðið hefur verið að taka lán til þess að ljúka byggingum á Keldum, allt að kr. 600 000.00. Lán þetta er ætlunin að greiða á þrem árum með fjárveitingum í fjárlögum næstu þriggja ára, kr. 200 000.00 á ári.

2. Lagt hefur verið til að veita kr. 600 000.00 til heimavistarhúss Menntaskólans á Akureyri, sem nú er í smíðum. Þetta ráðuneyti telur ekki fært að veita meira fé til þeirrar byggingar á næsta ári en kr. 400 000.00.

3. Til þess að ljúka byggingu sjómannaskólahússins er lagt til, að varið verði kr. 1 000 000.00 á næsta ári. Ekki er talið fært að veita nema helming þeirrar fjárhæðar.

4. Til byggingar kennarabústaðar á Hólum eru veittar kr. 50 000.00, enda mun mikil þörf á kennarabústaðarbyggingum þar.

5. Til stofnkostnaðar rafveitu á Hvanneyri frá Andakílsárvirkjuninni er talið, að muni þurfa um kr. 200 000.00 á næsta ári, og er sú fjárhæð tekin í frumvarpið.

6. Verið er að byggja skólastjórabústað á Reykjum í Ölfusi. Til hans er lagt til, að veittar verði kr. 50 000.00.

7. Tilraunaráð landbúnaðarins hefur lagt til, að veittar verði til byggingar vélageymslu á Sámsstöðum kr. 20 000.00, íbúðarhúss í gróðrarstöðinni á Akureyri kr. 120 000.00, íbúðarhúss á Reykhólum kr. 265 000.00 og til byggingar á Hafursá kr. 70 000.00. Ekki vill fjármálaráðuneytið leggja til, að annað verði veitt til bygginga á tilraunabúunum en kr. 100 000.00 til þess að halda áfram byggingum á Reykhólum.

Þá hefur ráðuneytið ekki treyst sér til að taka til greina eftirgreindar tillögur um fjárveitingar á næsta ári:

Til byggingar	nýrra fangahúsa	kr. 357 000.00
— —	embættisbústaða fyrir héraðsdómara	— 500 000.00
— bygginga	á prestssetrum	— 900 000.00
— —	útihúsa á prestssetrum	— 200 000.00
— kaupa	á tveim votheysturnum á Hólum	— 24 000.00
— byggingar	véla- og verkfærageymslu á Hólum	— 46 000.00
— byggingar	íþróttakennaraskóla	— 200 000.00
— —	Menntaskólans í Reykjavík	— 400 000.00
— —	Þjóðminjasafns	— 500 000.00
— —	véla- og verkfærageymslu í Gunnarsholti	— 50 000.00

Sþ. **55. Tillaga til þingsályktunar** [43. mál]

um landhelgisgæzlu og stækkun landhelginnar.

Flm.: Jóhann Hafstein, Sigurður Bjarnason, Gunnar Thoroddsen.

Alþingi ályktar að skora á ríkisstjórnina að undirbúa og leggja hið fyrsta fyrir þingið frv. um landhelgisgæzlu, þar sem fram komi í einni heildarlöggjöf öll ákvæði um fyrirkomulag, verksvið, starfshætti og stjórn landhelgisgæzlunnar.

Sé í frv. sérstaklega að því stefnt:

1. Að með stjórn landhelgisgæzlunnar fari sérstök deild í dómsmálaráðuneytinu, undir yfirstjórn dómsmálaráðherra.
2. Að eftirlit með allri löggæzlu á hafinu umhverfis Ísland sé falið þessari ráðuneytisdeild, þar undir fiskveiðaeftirlit, eftirlit með tollgæzlu og heilbrigðisgæzlu og eftirlit með útbúnaði og athöfnum erlendra skipa, sérstaklega á fjörðum og í höfnum.
3. Að nægjanlegur fullkominn og nýtízku varðskipastóll sé til gæzlunnar, loftför og önnur tæki, sem gera framkvæmd löggæzlunnar örugga.
4. Að strangar kröfur séu gerðar um mannaval, menntun og hæfileika þeirra skipstjórnarmanna, áhafna og annarra aðila, sem starfa að löggæzlunni í landhelgi og á öðrum löggæzlusvæðum við landið, enda sé vandað til aðstöðu þeirra og aðbúnaðar í samræmi við þau þýðingarmiklu störf, er þeir gegna.
5. Að samræma landhelgisgæzluna björgunarstarfsemi og bátaeftirliti við strendur landsins, hafrannsóknum og sjómælingum, eftir því sem frekast verður við komið.

Jafnframt skorar Alþingi á ríkisstjórnina að fylgja fast fram löggjöf síðasta Alþingis, er heimilar stjórninni að ákveða verndarsvæði hvar sem er við strendur landsins innan takmarka landgrunnsins, og setja reglur um hagnýtingu þeirra. Einnig athugi ríkisstjórnin að leita viðurkenningar á vettvangi Sameinuðu þjóðanna á sögulegum og lagalegum rétti Íslendinga til rýmkunar landhelginni í að minnsta kosti 4 sjómílur, enda verði þá til landhelginnar taldir allir firðir og flóar.

Greinargerð.

Landhelgismálið er eitt veigamesta stórmál Íslendinga. Þættir þess eru einkum tveir: Stækkun landhelginnar annars vegar og hins vegar gæzla lendhelginnar.

Landhelgisgæzlan hefur því miður mjög dregizt aftur úr um langan tíma og síðari ár alveg farið varhluta af þeirri miklu nýsköpun og framþróun, sem á öðrum sviðum þjóðlífsins hefur orðið. Það skal ekki hér farið inn á að rekja raunasögu landhelgisgæzlunnar, enda flestum í fersku minni. Ýmsar tilraunir hafa verið gerðar á þingi til þess að koma á einhverjum úrbótum, en orðið árangurslausar. Það vantar sjálfstæða stjórn landhelgisgæzlunnar, sem að sjálfsögðu á að vera, sem önnur löggæzla, undir dómsmálaráðuneytinu. Það vantar nægjanleg skip til landhelgisgæzlunnar, flugvélar og önnur ný tæki, sem hin nýjasta tækni hefur upp á að bjóða. Það vantar sérstaka löggjöf um fyrirkomulag og framkvæmd við landhelgisgæzluna, sem felldi þetta mál í ótvíræðan og viðunandi farveg. Það þolir enga bið, að slík löggjöf sé sett, og fer þessi tillaga því m. a. fram á það að skora á ríkisstjórnina að undirbúa setning slíkra laga nú sem fyrst og leggja hið bráðasta fyrir Alþingi. Verður að teljast eðlilegt og öruggast, að sjálf ríkisstjórnin hafi forgöngu um undirbúning slíkrar lagasetningar.

Stækkun landhelginnar er eitt mesta hagsmunamál Íslendinga í nútíð og framtíð. Hefur af ýmsum verið sýnt fram á bæði sögulegan og lagalegan rétt Íslendinga til rýmkunar landhelgi, frá því sem nú er, í a. m. k. 4 mílur og þannig, að flóar og firðir séu einnig innan takmarka landhelginnar. Hitt er augljóst, að hér er um viðurhluta-

mikið mál að ræða, þar sem það snertir viðskipti okkar og sambúð við aðrar þjóðir. Ríkisstjórnin hafði forgöngu um það í fyrra, að sett voru lög á Alþingi, sem heimila stjórninni að ákveða verndarsvæði hvar sem er við strendur landsins innan takmarka landgrunnsins og setja reglur um hagnýtingu þeirra, og er hér að sjálfsögðu um spor í rétta átt að ræða. Ríkisstjórnin er nú að undirbúa það mál í samræmi við þær ráðagerðir, sem fyrirhugaðar voru. Síðan verður að fylgja málinu vel eftir. Þá virðist ekki úr vegi, að Íslendingar sæti færi að hreyfa máli sem þessu, þ. e. landhelgisrétti þjóðanna, á þingi hinna Sameinuðu þjóða, en þar standa smáþjóðirnar jafnfætis hinum stærri til þess að bera fram áhugamál sín og hafa áhrif á úrslit mála við atkvæðagreiðslu. Stöðug árvekni af Íslendinga hálfu getur haft úrslitaáhrif um framgang þessa velferðarmáls þjóðarinnar, og má ekki láta neitt það undir höfuð leggjast, sem miðar að því að bæta og styrkja okkar eigin aðstöðu varðandi þetta mál.

Landhelgismálið var til umræðu á landsfundi Sjálfstæðisflokksins, sem haldinn var á Akureyri í sumar, og var þar gerð ályktun í málinu, að meginefni sú sama og þingsályktunartillagan, sem hér er flutt. Ýmis stéttaþing, svo sem þing Farmanna- og fiskimannasambandsins, og aðrar samkomur hafa einnig gert svipaðar eða hliðstæðar ályktanir í þessu máli, og er þá að sjálfsögðu þess vænzt, að Alþingi taki slík mál til fyllstu íhugunar.

Nd. 56. Frumvarp til laga [44. mál]

um innflutning jeppabifreiðar.

Flm.: Sigurður Kristjánsson.

1. gr.

Þingvallanefnd er heimilt að flytja inn eina jeppabifreið til notkunar við gæzlu þjóðgarðsins á Þingvöllum, og er skylt að veita gjaldeyri til greiðslu hennar.

2. gr.

Lög þessi öðlast gildi nú þegar.

Greinargerð.

Þjóðgarðurinn á Þingvöllum er helgidómur Íslands. Allir Íslendingar krefjast þess, að þar sé allt í heiðri haft, og þessarar sameiginlegu eignar þjóðarinnar gætt af þeirri alúð og þeim virðuleika, sem slíkum þjóðardýrgrip hæfir.

Þingvellir eru sá þjóðminjagripur, sem erlendum gestum er mest í mun að sjá. Og stjórnarvöld landsins hafa ætíð talið það sjálfsagða virðingarskyldu við góða erlenda gesti að bjóða þeim til Þingvalla og jafnvel trúnaðarskyldu við land sitt og þjóð að sýna gestum landsins þennan einasta forna helgidóm Íslands, sem jafnframt er öllu fremur þess megnugur að vekja samúð með þjóðinni, sem byggir þetta land.

Með aukinni virðingu Íslendinga fyrir Þingvöllum og þeim minningum, sem við þá eru bundnar, hefur straumur ferðamanna aukizt þangað stórkostlega síðustu árin. Á sumrum eru þar suma daga þúsundir manna. Starf umsjónarmannsins er því erfitt og umsvifamikið, því að auk þess að prýða staðinn með gróðursetningu blóma og trjágróðurs verður hann að halda reglu og aga á þessu stóra svæði, og þegar þess er gætt, að fjöldi aðkomumanna hefur bifreiðar til umráða, er bersýnilegt, hversu örðugt slíkt verður fótgangandi manni. En auk þessa verður umsjónarmaðurinn að gæta girðingarinnar, sem nú er ca. 20 km, og er það erfitt verk á vetrum, þegar snjóa leggur að henni, en sauðfé sveitarmanna gengur að verulegu leyti sjálfala og veitir þá mikinn ágang.

Þingvallanefnd hefur þreytt það lengi, en án árangurs, að fá jeppabifreið fyrir þjóðgarðinn. Rök innflutningsvaldanna fyrir synjuninni eru þau, að innflutningur bifreiða til landsins sé og hafi síðustu árin verið **algerlega bannaður.**

Án þess að rökræða, hversu skynsamlegt slíkt **undantekningarlaust** bann er, skal tekið fram, að samkv. upplýsingum hagstofunnar hafa á fyrstu þrem fjórðungum yfirstandandi árs verið fluttar inn bifreiðar sem hér segir:

190 bifreiðar til mannflutninga á kr. 2 395 000.00.
79 bifreiðar til vöruflutninga á kr. 1 550 000.00.
2 jeppabifreiðar á kr. 14 000.00.
1 slökkvi- eða sjúkrabifreið á kr. 48 000.00.
Samtals 272 bifreiðar á 9 mánuðum fyrir samtals kr. 4 007 000.00.

Nd. 57. Nefndarálit [15. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 28 23. apríl 1946, um virkjun Sogsins.

Frá iðnaðarnefnd.

Nefndin hefur rætt frumvarpið og leggur til, að það verði samþykkt **óbreytt.** Til skýringar þykir rétt að prenta hér með uppkast að samningi milli ríkisstjórnarinnar og bæjarstjórnar Reykjavíkur um, að Sogsvirkjunin verði sameign þeirra. Einnig bréf borgarstjórans í Reykjavík og sömuleiðis bréf frá raforkumálastjóra varðandi þetta mál.

Alþingi, 1. nóv. 1948.

Sigurður E. Hlíðar, form. — Gylfi Þ. Gíslason, fundaskr. — Ingólfur Jónsson, frsm.
Hermann Guðmundsson. — Páll Þorsteinsson.

Fylgiskjal I.

Uppkast að samningi milli ríkisstjórnarinnar og bæjarstjórnar Reykjavíkur um, að Sogsvirkjunin verði sameign þeirra.

1. gr.

Frá undirskrift samnings þessa er Sogsvirkjunin sameign ríkissjóðs og Reykjavíkurbæjar.

2. gr.

Sogsvirkjunin skal rekin sem sjálfstætt fyrirtæki með sérstöku reikningshaldi samkvæmt ákvæðum laga nr. 28 23. apríl 1946, um virkjun Sogsins, ákvæðum þessa samnings og reglugerð, er ráðherra setur samkvæmt tillögu stjórnar Sogsvirkjunarinnar með samþykki beggja samningsaðila.

3. gr.

Sogsvirkjunin selur Rafmagnsveitu Reykjavíkur og Rafmagnsveitum ríkisins raforku við kostnaðarverði að viðbættum allt að 5%.

4. gr.

Allur tekjuafgangur, er verða kann af rekstri Sogsvirkjunarinnar, rennur í varasjóð hennar.

5. gr.

Eignarhlutföll Reykjavíkurbæjar og ríkissjóðs í Sogsvirkjuninni skulu vera sem hér segir:

Við undirskrift samnings þessa verður Reykjavíkurbær eigandi að 85 hundraðshlutum, en ríkissjóður að 15, og skal svo haldast, þar til lokið er næstu framhaldsvirkjun. Þegar henni er lokið, verður Reykjavíkurbær eigandi að 65 hundraðshlutum, en ríkissjóður að 35, og skal svo haldast, þar til lokið er næstu aukningu virkjunarinnar þar á eftir. Þegar henni er lokið, verður Reykjavíkurbær eigandi að 50 hundraðshlutum og ríkissjóður að 50, og skal svo haldast áfram.

Ríkissjóður verður eigandi að mannvirkjum þeim, sem fyrir eru í fyrirtækinu í framangreindum hlutföllum, þegar hann hefur tekið á sig þá ábyrgð, er segir í 7. gr., og aðrar þær skuldbindingar, sem ríkið gengst undir með samningi þessum.

6. gr.

Ríkissjóður og bæjarstjórn Reykjavíkur bera sameiginlega báðir fyrir annan og annar fyrir báða („in solidum") ábyrgð gagnvart þriðja manni á skuldbindingum Sogsvirkjunarinnar.

7. gr.

Sín á milli bera ríkissjóður og Reykjavíkurbær ábyrgð á lánum og öðrum greiðsluskuldbindingum Sogsvirkjunarinnar í sama hlutfalli og eignin skiptist þeirra á milli, sbr. 5. gr. Þó skulu aðilar bera jafna ábyrgð á lánum og framlögðum kostnaði, sem tekin eru til nýrra aukninga, meðan á framkvæmd þeirra stendur.

8. gr.

Næstu framhaldsvirkjun Sogsins skal hraða svo sem kostur er og virkjun þess síðan aukin svo ört sem þörf verður talin, til þess að eftirspurn eftir rafafli á orkuveitusvæði Sogsvirkjunarinnar verði fullnægt, allt að fullvirkjun Sogsins, nema samkomulag verði milli aðila um að fullnægja rafaflsþörfinni á annan hátt.

9. gr.

Ef takmarka þarf sölu rafmagns eða leggja hömlur á rafmagnsnotkun á orkuveitusvæði Sogsvirkjunarinnar í því skyni að draga úr álagi eða hindra vöxt álags á orkuver hennar, ákveður stjórn fyrirtækisins, á hvern hátt takmarkanirnar skuli framkvæmdar á hverjum tíma, samkvæmt nánari ákvæðum reglugerðar, en ávallt skal hún gæta þess, að þær verði að sem minnstum baga fyrir notendur.

10. gr.

Sogsvirkjunin selur báðum aðilum það afl, sem þeir þurfa til þess að fullnægja raforkuþörf hvor á sínum hluta orkuveitusvæðisins, meðan afl virkjunarinnar endist.

Þegar Sogið er fullnotað og farið er að afla viðbótarafls frá öðrum orkuverum, skal afl Sogsvirkjunarinnar skiptast á milli samningsaðila í sömu hlutföllum sem eignin skiptist milli þeirra, nema samkomulag verði um annað.

Hvorugum aðilanum skal þó skylt að láta af hendi það afl, sem hann hefur fest kaup á og tekið í notkun, fyrr en Sogið er fullvirkjað og nægilegt afl hefur verið fengið annars staðar frá. Áður en Sogið er orðið fullnotað, skulu samningsaðilar athuga möguleikana á samstarfi um öflun viðbótarafls á grundvelli þessa samnings.

11. gr.

Stjórn Sogsvirkjunarinnar skipa 5 menn.

Þar til ríkissjóður er orðinn meðeigandi að helmingi Sogsvirkjunarinnar (sbr. 5. gr.), tilnefnir bæjarstjórn 3 menn í stjórnina, en ríkisstjórnin 2.

Þegar ríkissjóður er orðinn eigandi að hálfu í fyrirtækinu, skipar bæjarstjórnin 2 menn í stjórnina, ríkisstjórnin 2, en hæstiréttur tilnefnir þá fimmta manninn.

Stjórnin skal skipuð til 3 ára í senn.

12. gr.

Stjórn Sogsvirkjunarinnar hefur á hendi stjórn og starfrækslu hennar, undirbúning og framkvæmd aukninga og breytinga á mannvirkjum hennar.

Hún skal veita ríkisstjórn og bæjarstjórn Reykjavíkur þær skýrslur, sem óskað er eftir, um starfrækslu og ástand Sogsvirkjunarinnar og leggja fram ársreikning hennar fyrir ríkisstjórn og bæjarstjórn til útskurðar hvors aðila fyrir sig. Hvor aðili getur látið framkvæma endurskoðun fyrir sig.

Stjórnin getur eigi skuldbundið samningsaðila að því er snertir ábyrgð á lánum og greiðsluskuldbindingum til aukinna framkvæmda eða breytinga á mannvirkjum, nema að fengnu samþykki þeirra hvors um sig. Stjórnin skipar framkvæmdastjóra, sem skal vera rafmagnsverkfræðingur.

Framkvæmdastjóri Sogsvirkjunarinnar stjórnar daglegri starfrækslu, reikningshaldi og öllum verklegum framkvæmdum, er snerta hana. Nánari fyrirmæli um stjórn og rekstur Sogsvirkjunarinnar skulu sett í reglugerð (sbr. 2. gr.).

Fylgiskjal II.

BORGARSTJÓRINN Í REYKJAVÍK

Reykjavík, 10. sept. 1948.

Ég leyfi mér að staðfesta, að nú um nokkurra mánaða skeið hefur verið unnið að samningagerð á milli ríkisstjórnarinnar og bæjarstjórnar Reykjavíkur um það mikilvæga málefni, með hverjum hætti ríkisstjórnin skuli verða meðeigandi Sogsvirkjunarinnar, samkvæmt 7. grein laga um virkjun Sogsins, nr. 28 23. apríl 1946.

Ég staðfesti, að bæjarráð mun fyrir sitt leyti samþykkja meðfylgjandi samningsfrumvarp að efni til, en það frv. hefur verið rætt af fulltrúum bæjarráðs við fulltrúa ríkisstjórnarinnar, Jakob Gíslason raforkumálastjóra og Ólaf Jóhannesson prófessor, og að síðustu við Gunnlaug E. Briem skrifstofustjóra.

Samkvæmt samningsfrv. verður ekki hjá því komizt að gera þær breytingar á gildandi lögum um virkjun Sogsins, er að framan getur, að 8. gr. laganna verði breytt í það horf, er í samningsfrv. greinir.

Ég vísa til viðtals við hæstv. atvinnumálaráðherra um þetta málefni og staðfesti samkomulag við hann um, að nauðsyn beri til breytinga á 8. gr. Sogsvirkjunarlaganna, til að samningar megi takast, og staðfesti jafnframt þá sameiginlegu skoðun okkar, að til þess að ganga megi hið fyrsta frá fullnaðarsamningum, sé æskilegt, að gefin verði út bráðabirgðalög um framangreinda lagabreytingu.

Gunnar Thoroddsen.

Atvinnumálaráðuneytið, Reykjavík.

Fylgiskjal III.

RAFORKUMÁLASTJÓRI

Reykjavík, 24. sept. 1948.

Frá hinu háa ráðuneyti hef ég móttekið til athugunar bréf borgarstjórans í Reykjavík til ráðuneytisins og því meðfylgjandi uppkast að samningi milli ríkisstjórnarinnar og bæjarstjórnar Reykjavíkur um, að Sogsvirkjunin verði sameign þeirra.

Vil ég leyfa mér að leggja til, að orðalagi 7. greinar verði breytt frá því, sem í uppkastinu er, og að hún verði orðuð þannig:

7. gr.

Sín á milli bera ríkissjóður og Reykjavíkurbær ábyrgð á lánum og öðrum greiðsluskuldbindingum Sogsvirkjunarinnar í sama hlutfalli og eignin skiptist þeirra á milli, sbr. 5. gr. Meðan á framkvæmd nýrrar aukningar stendur, skulu þó aðilar

bera jafna ábyrgð á lánum, sem tekin eru til þeirrar aukningar, og framlögðum kostnaði til hennar.

Ég hef átt tal við Steingrím Jónsson rafmagnsstjóra og Ólaf Jóhannesson prófessor um þetta atriði, og féllust þeir á þessa orðalagsbreytingu.

Að öðru leyti hef ég ekki fundið ástæðu til athugasemda og vil fyrir mitt leyti mæla með því, að samningur verði gerður samhljóða uppkasti þessu.

Bréf borgarstjórans, ásamt samningsuppkastinu, endursendist hér með.

Allra virðingarfyllst,

Jakob Gíslason.

Atvinnumálaráðuneytið, Reykjavík.

Ed. 58. Frumvarp til laga [45. mál]

um einkaleyfi fyrir bæjarstjórn Vestmannaeyja til skipaafgreiðslu í Vestmannaeyjum.

Flm.: Brynjólfur Bjarnason.

1. gr.

Bæjarstjórn Vestmannaeyja, fyrir hönd hafnarsjóðs, er heimilt að taka í sínar hendur alla skipaafgreiðslu í Vestmannaeyjum, og er þá engum öðrum heimilt að annast þau störf.

2. gr.

Nú hefur bæjarstjórn Vestmannaeyja notfært sér heimild 1. gr., og skulu þá uppskipunar- og framskipunargjöld ákveðin með sérstakri gjaldskrá, er atvinnumálaráðherra staðfestir.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi, og getur þá bæjarstjórn Vestmannaeyja með þriggja mánaða fyrirvara, hvenær sem er, tekið alla skipaafgreiðslu í Vestmannaeyjum í sínar hendur.

Greinargerð.

Frumvarp þetta var flutt á síðasta þingi og er nú flutt í annað sinn samkvæmt ósk bæjarstjórnar Vestmannaeyja, og lét hún fylgja því eftirfarandi greinargerð:

Því mun svo varið með Vestmannaeyjar, sem og aðra bæi á landinu, að lítið er um tekjustofna til þess að standa straum af nauðsynlegum framkvæmdum, og er frumvarp þetta flutt í því augnamiði að skapa Vestmannaeyjahöfn aðstöðu til tekjuöflunar eftir nýrri leið. Má í því sambandi benda á, að Vestmannaeyjahöfn hefur alltaf of litlar tekjur, miðað við þarfir, enda er höfnin mjög fjárfrek, að því er viðhald og framkvæmdir snertir. Til þess hins vegar að fyrirbyggja misnotkun þeirra réttinda, sem hafnarsjóður fengi með samþykkt frumvarpsins, er ákvæðið um, að staðfestingar stjórnarráðsins þurfi með varðandi afgreiðslutaxta.

Skipaafgreiðsla í Vestmannaeyjum er nú í höndum einstakra manna eða fyrirtækja, sem að öðru leyti hafa með höndum víðtækan atvinnurekstur annan, en hins vegar eðlilegt, að hafnarsjóður hafi þær tekjur, sem fengizt geta af afgreiðslu skipa við höfnina, sem byggð er og haldið við af bæ og ríki.

Fylgiskjal.

Útskrift úr gerðabók bæjarstjórnar Vestmannaeyja.

Árið 1945, þriðjudaginn 29. maí, var haldinn almennur fundur í bæjarstjórn Vestmannaeyja í samkomuhúsi Ve. hér í bænum, og hófst hann kl. 2 e. h.

Til fundarins hafði verið boðað með uppfestum auglýsingum og með því að senda fulltrúum dagskrár.

Mættir voru: Sveinn Guðmundsson, Einar Sigurðsson, Guðlaugur Hansson, Páll Þorbjörnsson, Ársæll Sveinsson, Ástþór Matthíasson, Sighvatur Bjarnason, Guðlaugur Gíslason, Árni Guðmundsson.

Fyrir var tekið:

.....

3. mál. Fundargerð hafnarnefndar frá 11. maí s. l.

4. liður. Í sambandi við þennan lið kom fram svo hljóðandi tillaga frá Árna Guðmundssyni:

„Í áframhaldi af ákvörðun hafnarnefndar þess efnis, að hafnarsjóður annist löðsflutninga á eigin bát, samþykkir bæjarstjórn að leita heimildar til, að hafnarsjóður fái að taka í sínar hendur alla skipaafgreiðslu við höfnina."

Samþykkt með 5 atkv. gegn 2.

.....

Fleira var ekki tekið fyrir. Fundi slitið.

Sveinn Guðmundsson, Árni Guðmundsson, Einar Sigurðsson, Ársæll Sveinsson, Ástþór Matthíasson, Guðlaugur Hansson, Guðlaugur Gíslason, Sighvatur Bjarnason.

Rétta útskrift staðfestir:
Ó. Á. Kristjánsson.

Ed. 59. Frumvarp til laga [46. mál]

um eyðingu svartbaks.

Flm.: Þorsteinn Þorsteinsson, Hermann Jónasson.

1. gr.

Lög nr. 89 9. júlí 1941, um eyðingu svartbaks, skulu gilda til ársloka 1951.

2. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1949.

Greinargerð.

Lög um eyðingu svartbaks hafa verið framlengd tvisvar áður á Alþingi, 1943 og 1946, og í síðara skiptið var framlengingin til ársloka 1948. Þar sem síðan hefur orðið allverulegur árangur af lagafyrirmælum þessum og æðarvarp aukizt, en vargfugli fækkað í varplöndum, þykir full nauðsyn að halda lögum þessum enn í gildi.

Þess var vænzt, að þegar Alþingi veitti tuttugu og fimm þúsund krónur til leiðbeininga og tilrauna um æðarvarp, myndu styrkþegar eða styrkþegi semja allrækilegt frv. um verndun þess og viðgang, en þegar þessir menn sinntu því engu, þótt lög þau, er veita æðarvarpinu meginvernd, gangi úr gildi, töldum við flutningsmenn sjálfsagt að varna því, að þau falli niður.

Það skal játað, að fleiri ráðstafanir þarf að gera til verndar æðarfugli og æðarvarpi til þess að viðhalda þessum arðvænlega og ánægjulega atvinnuvegi en gert

er ráð fyrir í lögum þessum. Væntum við þess, að landbúnaðarráðuneytið hefjist handa um, að hið fyrsta verði lagt fyrir Alþingi frv., er að enn meira gagni megi verða fyrir æðarvarp og dúnnýtingu en þetta frv.

Ed. 60. Frumvarp til laga [47. mál]

um breyting á lögum nr. 58 7. maí 1946, um menntaskóla.

Flm.: Hannibal Valdimarsson, Páll Zóphóníasson.

1. gr.

Menntaskólar skulu vera í Reykjavík, á Akureyri, á Ísafirði, á Eiðum og að Laugarvatni.

Kostnaður við stofnun og rekstur menntaskóla greiðist úr ríkissjóði.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi, og koma ákvæðin um stofnun hinna nýju skóla til framkvæmda jafnóðum og fé er veitt til þeirra á fjárlögum.

Greinargerð.

Á tveimur seinustu þingum höfum við flutt frumvarp efnislega samhljóða þessu. Að þessu sinni er þó orðalagi nokkuð breytt til samræmis við fram komnar tillögur í sambandi við málið á seinasta þingi.

Undirtektir málsins á þingi hafa verið þær, að menntamálanefnd efri deildar mælti með því, að það yrði samþykkt, í bæði skiptin, sem það hefur verið flutt.

Í gildandi lögum um menntaskóla er svo ákveðið, að menntaskólar skuli vera tveir, í Reykjavík og á Akureyri. Einnig er nú þegar lögfest, að stofna skuli menntaskóla í sveit á Suðurlandi, þegar fé sé veitt til þess á fjárlögum. Má og segja, að það atriði sé að nokkru leyti komið til framkvæmda, því að á síðastliðnum vetri var hafin kennsla í I. bekk menntaskóla í sambandi við héraðsskólann að Laugarvatni. En í vetur er þar bæði I. og II. bekkur menntaskóla. Er því auðsætt, að þar muni brátt rísa hinn fyrirhugaði menntaskóli Sunnlendinga.

Þá er það alkunna, að fyrir nokkrum árum öðlaðist Verzlunarskóli Íslands rétt til að útskrifa stúdenta, og eru þannig nú þegar starfandi tveir menntaskólar í Reykjavík.

Á seinustu árum hafa svo ýmsir orðið til að beita sér fyrir því, að hér í Reykjavík verði reistur þriðji menntaskólinn, en aðrir vilja heldur fara þá leið að bæta aðstöðu og húsrými hins virðulega 100 ára gamla menntaskóla þar, sem hann nú er.

Samkvæmt framansögðu er því menntaskólum þannig skipað í landinu, að Norðlendingar hafa sinn menntaskóla á Akureyri, í Reykjavík eru tveir menntaskólar og menntaskólakennsla hafin að Laugarvatni. Þannig er þá Sunnlendingafjórðungur nú þegar með þrjá menntaskóla og barátta hafin fyrir fjórða menntaskólanum í þeim landshluta. Hins vegar eru engir menntaskólar í Vestfirðingafjórðungi og Austfirðingafjórðungi.

Í þessu frumvarpi er um þá eina breytingu að ræða, að stofnaðir verði menntaskólar á Ísafirði fyrir Vestfirði og að Eiðum fyrir Austfirði, og komi þau ákvæði til framkvæmda, þegar fé verði veitt til þess á fjárlögum.

Það er skoðun flutningsmanna, að á því fari tvímælalaust verr en flestu öðru, að nokkur einokunarblær sé á menningar- og menntunaraðstöðu þegnanna, þess vegna sé það skylda löggjafans að sjá svo um, að ungu fólki hvaðanæva af landinu

veitist sem allra jöfnust aðstaða til að ná því æskilega marki á menntabrautinni að geta lokið stúdentsprófi, ef hugur og hæfni stendur til. Eins og nú standa sakir er aðstaða gáfaðra unglinga til að geta notið framhaldsnáms að afloknu miðskolaprófi næsta ójöfn. Sýna skýrslur, sem um þetta hafa verið gerðar, að í þessu efni standa Vestfirðingar og Austfirðingar langsamlega höllustum fæti.

Algeng saga er það, — sem sífellt endurtekur sig, — að þegar foreldrar efnilegra unglinga á Vestur- og Austurlandi eru búnir að koma börnum sínum gegnum gagnfræða- eða héraðsskóla heima fyrir, hafa þeir orðið að taka sig upp og flytja búferlum til Reykjavíkur til þess að geta fylgt þeim eftir til framhaldsnáms. Efni leyfðu þeim ekki að kosta börnin hér og halda heimili annars staðar. Þetta er næsta skiljanlegt, þegar þess er gætt, að einsvetrar námsdvöl utanbæjarnemanda í Reykjavík kostar nú eigi minna en 12—15 þúsund krónur, eða 50—60 þúsund krónur í fjóra vetur. Slíkur námskostnaður er flestum ungmennum úr alþýðustétt algerlega óviðráðanlegur. Staðsetning flestra æðri framhaldsskóla landsins í Reykjavík á því drjúgan þátt í því að stöðva fjölda fólks á námsbrautinni og draga fólk til Reykjavíkur meira en góðu hófi gegnir. Í orði kveðnu eru þó ýmsir farnir að játa, að fólksstraumurinn utan af landsbyggðinni til Reykjavíkur beri ekki heilbrigðri þjóðfélagsþróun vitni og sé í rauninni síður en svo æskilegur.

Það er svo hin hlið málsins, hvílík blóðtaka það er fámennum byggðarlögum að þurfa að senda úrvalsnámsfólk sitt tugum saman á ári hverju til Reykjavíkur. — Þegar foreldrarnir, sem oft er fólk af góðum stofni og úrval að andlegu og líkamlegu atgervi, tapast einnig heimabyggðum sínum af þessum sökum, verður þetta þó enn þá tilfinnanlegra.

Hér er því mál á ferðinni, sem er þannig vaxið, að hvorum tveggja ætti að vera ljúft að veita því brautargengi — þeim fulltrúum Reykjavíkur, sem sporna vilja við ofvexti Reykjavíkur, — og öllum þeim fulltrúum dreifbýlisins, sem telja þjóðfélagslegt tjón að tæmingu sveita og kauptúna.

Það, sem alþingismenn einkum þurfa að gera upp við sig í þessu máli, er í aðalatriðum þetta:

Hvort á heldur að reisa stór menntaskólabákn fyrir landið allt í Reykjavík og á Akureyri og flytja þangað námsfólkið og mikinn hluta aðstandenda þess — eða þá hitt, að stærð Menntaskólans á Akureyri verði við það miðuð að hæfa aðallega þörfum Norðlendinga, að stærð Menntaskólanna í Reykjavík miðist aðallega við þörf höfuðborgarinnar og nágrennis hennar, að menntaskóli að Laugarvatni verði miðaður við þörf Sunnlendinga og að síðustu verði reistir hæfilega stórir menntaskólar á Ísafirði og að Eiðum fyrir Vestfirði og Austfirði?

Móti fyrri úrlausn málsins hafa þegar verið færð veigamikil rök. — Með seinni leiðinni, þeirri að hafa skólana fleiri og smærri, staðsetta í öllum landshlutum, kemur það fyrst til greina, að þá væri uppeldishliðinni tvímælalaust betur borgið, og ætti það vissulega ekki að vera neitt aukaatriði. Með þeirri leið er og betur séð fyrir jafnréttisaðstöðu íslenzkrar æsku til framhaldsmenntunar, og getur það heldur ekki talizt neitt hégómamál. Í þriðja lagi væri með seinni úrlausn málsins stefnt að auknu jafnvægi í þjóðfélaginu. Í fjórða lagi fullnægir hugmyndin um fleiri og smærri menntaskóla í öllum landshlutum á eðlilegastan og hagkvæmastan hátt megintilgangi hinnar nýju skólalöggjafar um samfellt fræðslukerfi. Þá verður það að teljast hafið yfir allan vafa, að íslenzkri þjóðmenningu væri að því mikill styrkur, ef komið væri upp góðum menntasetrum og menningarmiðstöðvum í öllum landshlutum. Í þeim efnum er ekki rétt að draga allt til Reykjavíkur, þótt margt þurfi auðvitað að gera höfuðborginni til menningarauka.

Í héraðs- og gagnfræðaskólunum á Vestfjörðum eru nú í vetur nokkuð á fjórða hundrað nemendur. Þar af eru í miðskóladeildum þessara skóla a. m. k. 30 nemendur. Þetta unga fólk á að ganga undir landspróf á vori komanda. Gangi prófið að óskum, öðlast það rétt til framhaldsnáms í menntaskóla og kennaraskóla. En

þetta er bara miklu stærri hópur en svo, að Vestfirðingar geti sætt sig við að verða að senda hann á einu ári burt til framhaldsnáms í Reykjavík. Þetta hafa ráðandi menn á Vestfjörðum gert sér ljóst, og þess vegna er það, að bæjarstjórn Ísafjarðar hefur boðið fram ókeypis lóð á góðum stað í bænum undir menntaskóla á Ísafirði. Fyrir þessu þingi liggur líka áskorun frá sýslunefnd Norður-Ísafjarðarsýslu um að samþykkja frumvarp það, sem legið hefur tvívegis fyrir Alþingi, um menntaskóla Vestfjarða og Austfjarða.

Um þörfina fyrir menntaskóla Austfjarða gegnir líku máli. Þar eru Eiðaskóli og gagnfræðaskólar í vexti í Neskaupstað og á Seyðisfirði.

Sé svo litið á kostnaðarhlið málsins, þá er það víst, að stór menntaskóli í Reykjavík mundi kosta of fjár, sennilega eitthvað á annan tug milljóna. Hins vegar er ýmislegt, sem dregur úr byggingarkostnaði menntaskólanna á Ísafirði, Eiðum og að Laugarvatni. Á Ísafirði er t. d. þegar til vegleg yfirbyggð sundhöll. Þar er líka til ágætt bókasafn. Og þar er í þriðja lagi einn af veglegustu íþróttaskólum landsins. Allt þetta mundi mjög draga úr stofnkostnaði menntaskóla á Ísafirði. Það, sem þar vantar, er skólahús með 4—5 kennslustofum og rektorsíbúð.

Á Eiðum er áþekka sögu að segja. Þar er rafstöð og miklar byggingar, sem koma mundu að gagni sameiginlega héraðsgagnfræðaskólanum og Menntaskóla Austfjarða.

Eins er það með Laugarvatn. Þar er eitt allraveglegasta íþróttahús landsins, gnægð jarðhita og margvísleg aðstaða önnur, sem hafa mundi mikla þýðingu fyrir sameiginlega menningarmiðstöð Sunnlendinga.

Menningarlega séð væri það hinn mesti ávinningur fyrir Austfirðinga og Vestfirðinga, að breyting sú, sem frumvarp þetta fjallar um, næði fram að ganga. Með frumvarpinu er aðeins farið fram á menningarlegt jafnrétti Austfirðinga og Vestfirðinga á við íbúa annarra landsfjórðunga og hlut þeirra þó síður en svo haldið fram af óbilgirni.

Leggjum við svo þetta mikilsverða mál enn á ný fyrir háttvirta alþingismenn og treystum því, að það fái verðugar undirtektir þeirra.

Að síðustu skal á það minnt, að hér er á ferðinni mál, sem hafið er yfir allan flokkaríg. Það er sammál allra Austfirðinga og Vestfirðinga, og því mun verða fylgt með vakandi athygli allra hugsandi manna í þessum landshlutum, þar til það hefur fengið fullnaðarafgreiðslu og endanlega lausn á Alþingi.

Nd. 61. Breytingartillögur [6. mál]

við frv. til l. um breyt. á vegalögum, nr. 34 22. apríl 1947.

Frá Skúla Guðmundssyni.

Við 1. gr. frv. bætist:

1. Á eftir C. 3 í sömu gr. kemur:
   Austursíðuvegur: Af Norðurlandsvegi austan Miðfjarðarár að Austurárbrú.
2. Á eftir C. 6 í sömu gr. kemur:
   Ásabæjavegur: Af Vesturhópsvegi hjá Þorfinnsstöðum um Stóru-Borg á Norðurlandsveg austan við Laufás.

Sþ. 62. Tillaga til þingsályktunar [48. mál]

um réttindi Íslendinga á Grænlandi.

Flm.: Pétur Ottesen.

Alþingi ályktar að skora á ríkisstjórnina að gera nú þegar gangskör að því, að viðurkenndur verði réttur Íslendinga til atvinnurekstrar og yfirráða á Grænlandi og við strendur þess.

Greinargerð.

Tillaga um þetta efni, sem ég flutti á síðasta þingi, varð ekki útrædd. Var tillögunni vísað til utanríkismálanefndar, en hlaut ekki afgreiðslu frá nefndinni. Er nefndin var nokkru fyrir þinglok krafin sagna um það, hvað því ylli, að hún hefði látið undir höfuð leggjast að inna af hendi þá sjálfsögðu skyldu við Alþingi að afgreiða tillöguna af sinni hálfu, bar varaformaður nefndarinnar, þingmaður Strandamanna, fram þá afsökun, að formaður utanríkismálanefndar hefði þá um alllangt skeið verið veikur og því minna um fundarhöld í nefndinni en ella mundi verið hafa, auk þess væri ekki venja að halda fundi, nema þegar ríkisstjórnin óskaði þess sérstaklega. Eins og bent var þá á af mér, ná þessar afsakanir harla skammt, þegar svo stendur á, að um þingmál er að ræða, sem vísað hefur verið til nefndarinnar. Ber utanríkismálanefnd í slíkum tilfellum, eins og öðrum nefndum í Alþingi, að skila innan hæfilegs tíma áliti um slík mál til þingsins, svo að þau geti hlotið afgreiðslu. Er nú þess að vænta, þegar ég undir meðferð málsins á Alþingi geri að nýju tillögu um, að máli þessu verði vísað til utanríkismálanefndar, — en samkvæmt hlutarins eðli á málið að fá athugun í þeirri nefnd, — að nefndin leggi alúð við málið og afgreiði það svo tímanlega frá sér, að nægur tími gefist til, að það geti hlotið fullnaðarafgreiðslu frá Alþingi.

Mér þykir ekki ástæða til á þessu stigi að fara mörgum orðum um þessa tillögu. Í því efni læt ég nægja að vísa til þeirra raka, sem fólust í greinargerð þeirri, sem tillögunni fylgdi á síðasta þingi, og allýtarlegrar ræðu, sem ég flutti, er ég lagði málið fyrir Alþingi.

Reynslan á þessu ári hefur enn sýnt það berlega, hvaða þýðingu það getur haft fyrir Íslendinga að geta hagnýtt sér þau lands- og sjávargæði á Grænlandi, sem þeir telja sig eiga rétt til. Vegna aflabrests á þessu ári og raunar fjögur ár í röð, að því er snertir síldveiðar að sumarlagi, er verulegur hluti þeirra manna, sem að vélbátaútveginum standa, kominn á kné fjárhagslega. Allt að því helmingur þeirra, sem gerðu út á síldveiðar á síðastliðnu sumri, geta nú ekki leyst sjóveð af bátum sínum. Því síður geta þessir menn greitt áfallin vátryggingargjöld eða vexti og afborganir, hvort heldur um er að ræða stofnlán eða rekstrarlán. Og sízt af öllu eiga þeir þess nokkurn kost að afla sér nýrra nóta eða annarra veiðarfæra, sem þó eigi verður hjá komizt, ef þessi atvinnuvegur á ekki að stöðvast. Ýmsir útgerðarmenn og útgerðarfélög, sem voru vel efnum búin fyrir nokkrum árum, eiga nú ekki fyrir skuldum og sumir hverjir ekkert svipað því, ef skuldaskil færu fram, enda var því yfirlýst á nýafstöðnum landsfundi útvegsmanna, að enginn grundvöllur hefði verið undir rekstri vélbátaútvegsins síðustu fjögur árin.

Samtímis því sem bátaútvegur Íslendinga hefur komizt í þessar viðjar fjárskorts og úrræðaleysis, hefur verið í næsta nágrenni Íslands, við Grænlandsstrendur, svo mikill uppgripaafli, að fá eða engin dæmi eru til slíks á þeim fiskimiðum annars staðar, sem þekkt eru og auðugust hafa verið talin. Færeyingar gerðu út á annað hundrað kúttera á Grænlandsmið á s. l. sumri. Sökkhlóðu þeir skipin á örstuttum tíma af rígaþorski. Stunduðu þeir handfæraveiðar og drógu fiskinn á bera króka, sem fiskurinn gleypti rétt fyrir neðan borðstokkinn strax á fyrsta gjót, og þurfti því aldrei svo mikið sem að taka grunnmál.

Í fregnum, sem borizt hafa frá Danmörku, er svo að orði komizt um fiskimergðina við Grænland, að ef Danir fyrir alvöru legðu stund á þorskveiðar við Grænland, mundu þeir auðveldlega geta birgt Evrópu upp með öllu því fiskmeti, er hún þarfnast, og jafnframt hafið útflutning á fiski til Ameríku. Ef það er rétt til getið, sem í fregn þessari felst um væntanleg fiskveiðiafrek Dana á Grænlandsmiðum, má fara nærri um það, hvílíkt verksvið væri við slík skilyrði fyrir hina hraustu, harðfengu og aflasælu íslenzku sjómenn, sem vanir eru úthafsveiðum oft og löngum við erfiðar aðstæður og kröpp kjör.

Skyldi það vera ómaksins vert fyrir íslenzk stjórnarvöld að sýna það mannsmót, sem í því felst að taka rögg á sig og greiða Íslendingum götu til athafna við þessa veiðignægð og hagnýtingu á henni með því að láta til skorar skríða um rétt vorn á Grænlandi? Hvað skyldu forráðamenn Íslendinga halda, að þeim haldist það lengi uppi að sofa á svæfli athafna- og andvaraleysis í þessu stórfellda hagsmunamáli íslenzku þjóðarinnar?

Ed. 63. Breytingartillaga [32. mál]

við frv. til l. um breyt. á vegalögum, nr. 34 22. apríl 1947.

Frá Jóhanni Jósefssyni og Brynjólfi Bjarnasyni.

Á eftir a-lið 1. gr. frv. kemur nýr liður:
Á eftir A. 38 í 2. gr. laganna kemur nýr liður:
Vestmannaeyjavegir: Vegir í Vestmannaeyjum utan þess hluta kaupstaðarins, sem skipulagður hefur verið.

Nd. 64. Breytingartillaga [6. mál]

við frv. til l. um breyt. á vegalögum, nr. 34 22. apríl 1947.

Frá Jörundi Brynjólfssyni.

Við 1. gr. Framan við greinina bætist nýr töluliður:
Á eftir A. 20 í 2. gr. laganna kemur nýr liður:
Auðsholtsvegur: Af Skeiða- og Hreppavegi ofan Laxárbrúar um Birtingaholt að Auðsholti.

Nd. 65. Frumvarp til laga [49. mál]

um breyting á lögum nr. 128 29. des. 1947, um dýrtíðarráðstafanir.

Flm.: Hermann Guðmundsson, Sigurður Guðnason.

1. gr.

12. og 13. gr. laganna falla niður.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Af hinum mörgu ágöllum dýrtíðarlaganna frá 29. des. 1947 er sá stærstur og ósanngjarnastur, sem sviptir verkalýðinn í landinu fullri dýrtíðaruppbót á laun sín og tók um leið kaupgjaldið úr tengslum við verðlagið. Þessi árás á launþegana var varin með því, að hér væri einungis um augnabliksfórn að ræða hjá verkalýðnum, því að með ráðstöfunum þeim, sem nefnd lög heimila, myndi dýrtíðin fljótt lækka niður úr 300 stigum. Svo sem kunnugt er, hefur þessi röksemd eigi staðizt, því að reyndin hefur orðið sú, að dýrtíðin hefur stórum vaxið og dýrtíðarvísitalan hækkað, og á sama tíma hafa laun staðið óbreytt og þar með skapazt ástand, sem er með öllu óbærilegt fyrir verkalýðinn.

Með frumvarpi þessu, ef að lögum verður, eru afnumdar þær greinar dýrtíðarlaganna, sem binda kaupgjaldsvísitöluna við 300 stig sem hámark, og þar með komið aftur til framkvæmda það atriði í samningum verkalýðsfélaga og atvinnurekenda um land allt, er ákveður, að verkafólk fái greidda fulla dýrtíðaruppbót á laun sín samkvæmt dýrtíðarvísitölu kauplagsnefndar.

Sþ. 66. Tillaga til þingsályktunar [50. mál]

um að fela ríkisstjórninni að hlutast til um, að nægilegt efni í vinnuföt, vinnuvettlinga og hlífðarföt verði flutt til landsins.

Flm.: Hermann Guðmundsson, Sigurður Guðnason.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að hlutast til um, að flutt verði til landsins efni í vinnufatnað, vinnuvettlinga og hlífðarföt í það ríkum mæli, að nægilegt sé til þess að hinar innlendu verksmiðjur, er framleiða þessar vörur, geti fullnægt eftirspurn.

Verði gjaldeyris- og innflutningsleyfi látin í té viðkomandi verðsmiðjum með svo löngum fyrirvara, að öruggt sé, að hinn stórfelldi skortur, sem nú er á þessari nauðsynjavöru, endurtaki sig ekki.

Greinargerð.

Frá því að núverandi skömmtunarkerfi var upp tekið á árinu 1947, hafa verið ýmsir annmarkar á því fyrir vinnandi menn og konur að afla sér nauðsynlegra vinnufata. Fyrst birtust þessir örðugleikar í því, að hinn ákveðni skammtur þessarar vöru nægði ekki. Þess vegna hreyfðu flutningsmenn þessarar tillögu því á haustþinginu 1947, að aukaskammtur yrði látinn í té á vinnufötum og vinnuskóm til verkafólks, og var orðið við þeirri ósk. Þrátt fyrir það hefur ástandið í þessum málum versnað að miklum mun, vegna þess að vinnufatnaður hefur ekki fengizt nema endrum og eins og er nú svo að segja ófáanlegur.

Slíkt sem þetta er með öllu óviðunandi og verður ekki varið með hugleiðingum um gjaldeyrisvandræði, því að ef þessi nauðsynjavara verður skorin eins við nögl framvegis sem verið hefur til þessa, eða sami háttur hefður á, þá er ekki annað sýnna en að þeir, sem afla gjaldeyrisins, verkalýðurinn til sjávar og sveita, verði að leggja niður störf sín sökum klæðleysis.

Sþ. **67. Fyrirspurnir.** [51. mál]

I. Til ríkisstjórnarinnar um vegamál.

Frá Jónasi Jónssyni.

1. Hvaða þjóðvegir eru svo breiðir, að þar sé hægt að láta bifreiðar mætast, án þess að draga úr hraða?
2. Hvaða þjóðvegir eru svo mjóir, að bifreiðar geta ekki mætzt nema með töfum og erfiðleikum?
3. Treystir stjórn samgöngumálanna sér til að láta gera „útskot“ og glögg leiðarmerki, með ca. 200 m millibili á öllum mjóum þjóðvegum, fyrir árslok 1950?

II. Til ríkisstjórnarinnar um verðmæti landbúnaðarvöru.

Frá Jónasi Jónssyni.

Hve mikið var „brúttó“verð íslenzkra landbúnaðarafurða, miðað við innlent og erlent verðlag árið 1947?

III. Til ríkisstjórnarinnar varðandi sjúkrahæli í Kumbaravogi og Kaldaðarnesi.

Frá Jónasi Jónssyni.

1. Hvenær voru hælin í Kumbaravogi og Kaldaðarnesi stofnuð og lögð niður?
2. Hve mikill var stofnkostnaður og rekstrarkostnaður hvors hælis?
3. Hve margir sjúklingar dvöldu í hvoru hæli?
4. Hvers vegna var hælisvist í Kaldaðarnesi lögð niður?
5. Hvaða nefndir höfðu yfirstjórn og mannaforráð í þessum hælum, og hver var tilkostnaður ríkisins í því efni?

IV. Til sjávarútvegsmálaráðherra varðandi fjárhagslega aðstoð við skip þau, er voru á síldveiðum síðastliðið sumar.

Frá Hermanni Guðmundssyni.

1. Hvað líður störfum þeirrar nefndar, sem ráðherra skipaði til þess að athuga möguleika á fjárhagslegri aðstoð til þeirra skipa, er urðu fyrir stórfelldum taprekstri á síðustu síldarvertíð?
2. Hvenær má vænta þess, að útgerð áðurtaldra skipa verði gert kleift að greiða sjómönnum vangoldið kaup fyrir síðustu síldarvertíð?

V. Til atvinnumálaráðherra varðandi eignarrétt á Þjórsá.

Frá Einari Olgeirssyni.

1. Hver er eigandi vatnsréttindanna í Þjórsá?
2. Svo fremi hlutafélagið Titan teljist eigandi, er það þá löglegur íslenzkur eigandi?

VI. Til atvinnumálaráðherra varðandi bændaskóla landsins.

Frá Gylfa Þ. Gíslasyni.

1. Hversu margir nemendur hafa sótt bændaskólana á Hvanneyri og á Hólum árlega undanfarin 5 ár, og hversu margir nemendur geta stundað nám í hvorum skóla?
2. Hver hefur orðið árlegur kostnaður við skólahaldið undanfarin 5 ár?
3. Er undirbúningur hafinn að byggingu bændaskóla í Skálholti samkvæmt lögum nr. 24/1948, og sé svo, um hvaða framkvæmdir er þá að ræða, og hversu miklu fé hefur verið varið til þeirra?

VII. Til menntamálaráðherra varðandi menntaskólakennslu í héraðsskólanum að Laugarvatni.

Frá Gylfa Þ. Gíslasyni.

1. Hversu margir nemendur stunduðu í fyrravetur menntaskólanám í héraðsskólanum að Laugarvatni, og hversu margir stunda þar slíkt nám í vetur?
2. Hver hefur orðið kostnaðurinn við þessa kennslu?
3. Samkvæmt heimild í hvaða lögum hefur sá kostnaður verið greiddur úr ríkissjóði?

VIII. Til fjármálaráðherra um ríkisreikningana.

Frá Skúla Guðmundssyni.

Hvernig stendur á því, að ríkisreikningarnir fyrir árin 1945, 1946 og 1947 hafa ekki enn verið lagðir fyrir Alþingi til úrskurðar, og hvenær verður það gert?

Nd. 68. Nefndarálit [18. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 61 31. okt. 1944, um byggingarmálefni Reykjavíkur.

Frá allsherjarnefnd.

Nefndin hefur athugað frv. og leggur til, að það verði samþykkt óbreytt.

Alþingi, 3. nóv. 1948.

Stefán Stefánsson, form. Finnur Jónsson, fundaskr. Jóhann Hafstein, frsm.
Jörundur Brynjólfsson. Áki Jakobsson.

Nd. 69. Breytingartillaga [6. mál]

við frv. til l. um breyt. á vegalögum, nr. 34 22. apríl 1947.

Frá Eysteini Jónssyni.

Við 1. gr. Aftan við greinina bætist nýr töluliður:
Í stað orðanna „að Firði í Mjóafirði“ í D. 20 í 2. gr. laganna kemur: að Brekku í Mjóafirði.

Ed. 70. Frumvarp til laga [52. mál]

um fiskiðjuver ríkisins í Höfn í Hornafirði.

Flm.: Ásmundur Sigurðsson, Páll Zóphóníasson.

1. gr.

Ríkið lætur reisa í Höfn í Hornafirði fiskiðjuver, er fullnægi væntanlegri þörf bátaflotans á vetrarvertíð. Skulu afköst og vinnutæki vera allt að því, er hér segir:
Hraðfrystihús, er hraðfrystir 30 tonn af flökum, og niðursuðuverksmiðja, er getur soðið niður 10 tonn, hvort tveggja miðað við 8 tíma vinnslu. Þá skulu og í fiskiðjuverinu vera fiskimjölsverksmiðja og lifrarvinnslustöð, er nægi til að vinna úr öllum fiskúrgangi og lifur, er til fellur. Enn fremur skal vera fiskmóttökustöð til aðgerðar, og aðstaða til flatningar og söltunar á þeim hluta aflans, sem ekki reynist unnt að vinna á annan hátt, svo og önnur þau tæki, sem hagkvæm kunna að reynast til frekari vinnslu aflans.

2. gr.

Til byrjunarframkvæmda samkvæmt 1. gr. er ríkisstjórninni heimilt að taka lán f. h. ríkissjóðs að upphæð allt að 4 millj. króna.

3. gr.

Atvinnumálaráðherra skipar þriggja manna stjórn fyrir fiskiðjuverið. Skulu tveir þeirra skipaðir samkvæmt tilnefningu hreppsnefndar Hafnarhrepps, en einn án tilnefningar, og er hann formaður stjórnarinnar. Stjórnin hefur aðsetur og varnarþing á Hornafirði.
Atvinnumálaráðherra setur stjórninni erindisbréf og ákveður laun hennar og endurskoðenda. Til þess að skuldbinda fiskiðjuverið þarf undirskrift tveggja stjórnenda. Stjórnin ræður framkvæmdastjóra, er hefur á hendi daglega stjórn fiskiðjuversins og umsjón með rekstrinum. Hann annast og sölu afurða í samráði við stjórnina. Framkvæmdastjóri hefur prókúruumboð fyrir fyrirtækið og skuldbindur það eftir reglum um prókúru, sé ekki öðruvísi ákveðið. Stjórnin ákveður með erindisbréfi starfssvið framkvæmdastjórans og laun.

4. gr.

Endurskoðendur skulu vera tveir, skipaðir af ráðherra.

5. gr.

Áður en ráðizt er í framkvæmdir, skal gera fullkomnar áætlanir og teikningar um stærð og fyrirkomulag fiskiðjuversins, enn fremur stofnkostnaðaráætlun og rekstraráætlun, sem lagðar skulu fyrir atvinnumálaráðherra til samþykktar.

6. gr.

Fiskiðjuverið kaupir fisk og annan sjávarafla af útgerðarmönnum og sjómönnum fyrir verð, er miðist við markaðsverð, að frádregnum nauðsynlegum kostnaði, sbr. 8. gr. Atvinnumálaráðherra ákveður verðið, að fengnum tillögum stjórnar fiskiðjuversins.

7. gr.

Stjórn fiskiðjuversins skal jafnan tryggja því nægan sjávarafla til vinnslu með samningum við útgerðarmenn og sjómenn, enda gangi samningsbundnir viðskiptamenn fyrir öðrum um afhendingu fisks.

Áætlun um fiskmagn það, sem iðjuverið getur tekið á móti á hverjum tíma, skal jafnan liggja fyrir, þegar starfræksla hefst.

8. gr.

Útgerðarmönnum og sjómönnum skal greitt söluverð afurða þess fisks, sem þeir afhenda til vinnslu, að frádregnum þeim kostnaði, sem nú greinir:

1. Öllum venjulegum rekstrarkostnaði, þar með taldir vextir af stofnkostnaði eins og hann er á hverjum tíma.
2. 2% fyrningargjaldi af húsum og mannvirkjum og 8% af vélum og áhöldum.
3. 2% gjaldi af keyptu hráefni í varasjóð.
4. Sköttum og útsvari eftir 11. gr. þessara laga.

Verði tap á rekstri iðjuversins, má vinna það upp á næstu tveimur árum. Komi í ljós við ársuppgjör, að andvirði afurða þess fisks, sem viðskiptamenn hafa látið iðjuverinu í té til vinnslu, sé meira að verðmæti en áætlað hafi verið og útborgað, þá skal viðskiptamönnum greiddur mismunurinn í réttu hlutfalli við fiskmagn það, sem hver og einn þeirra afhenti til vinnslu á árinu.

9. gr.

Reikningsár fiskiðjuversins er almanaksárið. Skal stjórn þess gera reikningsskil fyrir starfsárið eigi síðar en svo, að endurskoðendur geti lokið störfum fyrir 30. apríl ár hvert. Þegar endurskoðun er lokið, skal senda ríkisstjórninni afrit af rekstrar- og efnahagsreikningum iðjuversins, undirritað af stjórn þess og áritað af endurskoðendum, ásamt skýrslu um störf og rekstur iðjuversins á árinu.

Reikningarnir skulu árlega birtir í B-deild Stjórnartíðindanna.

10. gr.

Þegar ársuppgjöri iðjuversins er lokið og reikningar samþykktir, skal halda sérstakan fund með þeim sjómönnum og útgerðarmönnum, sem skipt hafa við það, samkvæmt nánari reglum, er atvinnumálaráðherra setur.

Verkefni þessa fundar eru:

1. Lagðir fram reikningar fiskiðjuversins og þeir ræddir. Jafnframt séu ræddar þær athugasemdir, sem viðskiptamenn hafa að gera við reksturinn á liðnu ári.
2. Rædd starfstilhögun á næsta ári, og gerðar tillögur til stjórnar iðjuversins um fiskverð.
3. Ræddar nýjungar viðkomandi rekstrinum og óskir um aukningu á starfsemi iðjuversins eða breytingar á honum, ef fram koma.
4. Önnur mál.

Fundurinn sendi tillögur sínar til atvinnumálaráðherra.

11. gr.

Iðjuverið skal greiða í útsvar ½% af brúttóandvirði seldra afurða ár hvert til sveitarsjóðs Hafnarhrepps, þó ekki yfir 25% af útsvörum hreppsins hvert ár.

12. gr.

Atvinnumálaráðherra setur með reglugerð nánari ákvæði um rekstur og tilhögun iðjuversins.

13. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Frv. þetta var flutt á síðasta þingi, og fylgdi því þá svo hljóðandi greinargerð:

„Á síðasta þingi var að tilhlutun fyrrverandi atvinnumálaráðherra flutt frumvarp um fiskiðjuver ríkisins, þar sem gert var ráð fyrir, að ríkið tæki forgöngu í fiskiðnaðinum á svipaðan hátt og gert hefur verið fyrr með síldariðnaðinn. Voru tilnefndir fjórir staðir, þar sem hafizt skyldi handa hið allra fyrsta með framkvæmdir. Voru það Suðurnes, Hornafjörður, Vestmannaeyjar og Ísafjörður. Frv. þetta fékk ekki afgreiðslu, og hefur málinu ekki verið hreyft aftur á yfirstandandi þingi.

Um það verður ekki deilt, að mjög mikil nauðsyn sé að auka fiskiðnaðinn í landinu og bæta nýtingu aflans að miklum mun frá því, sem nú er. Þótt Íslendingar hafi komizt lengra en flestar eða jafnvel allar aðrar þjóðir í saltfiskverkun, eru þegar liðin mörg ár, síðan sýnt var, að leita varð inn á nýjar brautir, ef þjóðin ætti að hafa trygga markaði fyrir alla sína fiskframleiðslu. Enda hefur nú vaxið upp allmikill hraðfrystiiðnaður, sem fullnægir þó alls ekki þörfinni, og enn fremur skortir mjög á, að hinir verðminni hlutir séu nýttir sem skyldi, og fara þar árlega milljónaverðmæti forgörðum.

Öllum ber saman um, að til frambúðar getum við ekki treyst á ísfiskmarkað fyrir framleiðsluna að neinu verulegu leyti. Ísfiskmarkaður í Englandi hefur alltaf verið ótryggur á friðartímum, og eru ástæðurnar augljósar. Bretar eru sjálfir ein mesta fiskveiðaþjóð heimsins og leggja nú eftir styrjöldina hið mesta kapp á að auka sína fiskframleiðslu og verða sjálfum sér nógir í þeim efnum. Og þótt nú hafi tekizt að semja um sölu á nokkru af ísvörðum fiski til Vestur-Þýzkalands á þessu ári, má telja nokkurn veginn víst, að þar sé aðeins um stundarfyrirbrigði að ræða og því sé góð og fullkomin vinnsla eina tryggingin fyrir því, að við getum selt okkar fiskafurðir góðu verði í framtíðinni.

Nú hefur fiskiskipafloti landsmanna verið aukinn nærri því um helming frá því, sem var 1944. Er þá augljóst, hve stórra átaka er þörf í fiskiðnaðarmálum okkar og hve örlagarikar afleiðingar það muni hafa, ef þau verkefni verða vanrækt.

Þótt Hornafjörður hafi nú um langt skeið verið aðalfiskihöfn Austurlands á vetrarvertíð, vantar algerlega aðstöðu til fiskverkunar á staðnum. Stríðsárin var fiskurinn eingöngu fluttur út ísvarinn, en s. l. ár var mikið af aflanum saltað. En vegna húsnæðisleysis og annarrar ófullkominnar aðstöðu urðu bátarnir stundum að liggja í landi, þótt veiðiveður væri og mokafli, og urðu þannig bæði sjómenn og útgerðarmenn fyrir stórtjóni, vegna þess að móttökuskilyrði vantaði.

Til þess að tryggja hag vélbátaútgerðarinnar á Austurlandi þarf því að koma stórt og vandað fiskiðjuver á Hornafirði, svo sem hér er gert ráð fyrir. Í því þarf að vera fullkomið hraðfrystihús, niðursuðuverksmiðja, fiskimjölsverksmiðja, lýsisvinnslustöð og önnur þau tæki, er nauðsynleg kunna að vera til gjörnýtingar aflans. Dr. Jakob Sigurðsson, forstjóri fiskiðjuvers ríkisins í Reykjavík, hefur hafizt handa með niðursuðu á þeim hlutum fisksins, sem ekki eru hæfir til hraðfrystingar, svo sem þunnildum o. fl. Þannig hefur honum tekizt að gera verðmæta vöru úr hráefni, sem annars verður að litlu eða engu gagni. Í slíku fiskiðjuveri sem þessu væri því sjálfsagt að sjóða niður allan slíkan fisk, vinna fiskimjöl úr þeim hlutum fisksins, sem ekki verður notaður til manneldis. Þannig yrði aflinn fullnýttur og gæfi þeim, er fiskveiðarnar stunda, svo mikinn arð sem unnt er.

Þá skal vikið að nauðsyn þess, að ríkið taki að sér framkvæmdir þessa verks á Hornafirði. Eins og áður er sagt, er Hornafjörður aðalviðleguhöfn Austfjarðabáta á vetrarvertíð, en kauptúnið, sem er sérstakur hreppur, fámennt og því ekki von til, að hreppsfélagið fái leyst þetta mál. Hins vegar er þörf útgerðarinnar í heilum landsfjórðungi viðfangsefni, sem verður að leysa, ef þjóðin á ekki að bíða fjárhagslegt tjón vegna stöðvunar í framleiðslunni og minni gjaldeyrisöflunar en ella. Þar sem svo er ástatt, verður að teljast eðlilegt, að ríkið taki framkvæmdir að sér eins og fjölda annarra verkefna, sem þjóðarnauðsyn krefur, að leyst verði, enn ekki er von til, að einstaklingar eða félagasamtök leysi. Áður hefur ríkið tekið að sér forustu í síldariðnaðinum, og verður ekki um það deilt, að þar hafi verið stigið spor þjóðinni til heilla. Svo mun einnig fara, ef ríkið tekur að sér forgöngu í fiskiðnaðinum, a. m. k. þar sem þörfin er svo aðkallandi sem á Hornafirði, þar sem segja má með sanni, að framkvæmdir þoli enga bið."

Sþ. 71. Tillaga til þingsályktunar [53. mál]

um byggingu Consol-radióvita.

Flm.: Steingrímur Aðalsteinsson.

Alþingi ályktar að skora á ríkisstjórnina að láta nú þegar fara fram ýtarlega athugun á því, hvort bygging Consol-radióvita á Íslandi mundi ekki ágætlega til þess fallin að auðvelda siglingar við landið og hvort bygging slíks vita gæti ekki með skjótustum hætti fyllt í eyður þær, sem enn eru í vitakerfi landsins.

Greinargerð.

Consol-stöðvar eru sérstök gerð af radió-vitum, sem senda stöðugt út mismunandi hljóðmerki. Þessi hljóðmerki má greina með venjulegum útvarpsmóttakara og telja saman tegundir þeirra í hverri útsendingu, en niðurstaðan af því sýnir afstöðu farartækisins til stöðvarinnar, þannig að hver einstök talningarútkoma bendir til ákveðinnar staðarákvörðunarlínu á þar til gerðum landabréfum (sjókortum). Þjóðverjar fundu upp þessa staðarákvörðunaraðferð í síðustu heimsstyrjöld, og gerði hún flugvélum þeirra og kafbátum kleift að vita, hvar þau væru stödd, þó að fjarri væri heimalandinu og slökkt væri á ljósvitum og þaggað niður í radióvitum á því svæði, sem um var farið, — með því einu að hafa venjulegan útvarpsmóttakara og hlusta með honum á Consol-vita, er þeir höfðu reist í Þýzkalandi og enn fremur í Norður-Noregi. Staðarákvarðanir með Consol-radióvita eru taldar nákvæmar og tryggar í að minnsta kosti 1500 mílna fjarlægð á sjó og í 1000 mílna fjarlægð á landi, eða svo langt sem hægt er með góðu móti að greina merki stöðvarinnar.

Að stríðinu loknu eyðilögðu Bandamenn þýzku Consol-stöðvarnar, nema stöðina við Stavanger í Noregi, en Bretar hafa í staðinn reist eina slíka stöð í Norður-Írlandi. Segir Henry Hálfdánarson loftskeytamaður, sem ritað hefur grein um þetta í sjómannablaðið Víking, septemberhefti þ. á., sem þessar upplýsingar eru einkum teknar úr, að þessar stöðvar báðar nægi til staðarákvörðunar um allan Norðursjó, langt vestur í haf og upp undir Ísland, en til þess að hægt sé að nota þessa aðferð til staðarákvarðana hér á landi og á hafsvæðunum umhverfis landið, þurfi að reisa eina slíka stöð hér á landi, og geti þá öll íslenzk skip án frekari tækja en þegar eru til í þeim notfært sér þessar tilgreindu Consol-radióstöðvar til að ákveða stað sinn, hvar sem er við strendur landsins og á siglingaleiðum héðan til Bretlands og meginlands Evrópu.

Samkvæmt upplýsingum, sem gefnar voru á alþjóðaráðstefnu um þessi mál í London árið 1946, er talið, að kostnaður við að reisa fullkomna Consol-radióstöð þurfi ekki að fara fram úr 15—20 þús. sterlingspundum — þ. e. 400—500 þús. ísl. krónum — og er þá reiknað með algerlega tvöföldum tækjum í stöðina til tryggingar því, að útsendingar stöðvist ekki, þó að bilun verði á tækjunum.

Rekstrarkostnaður Consol-radióstöðva er talinn vera sáralítill borið saman við sendistöðvar annarra langmiðunartækja. Stjórn tækjanna er að mestu sjálfvirk, og þarf ekki nema einn mann í senn til þess að gæta þeirra.

Ég tel þetta mál svo merkilegt, að ekki megi hjá líða að rannsaka það sem ýtarlegast, svo fljótt sem verða má, því að líkur benda til, að með því að hagnýta þessa aðferð megi með tiltölulega litlum kostnaði og á mjög skömmum tíma fylla upp í þær eyður, sem enn eru í vitakerfi landsins, og gera siglingar og sjósókn íslenzkra skipa miklum mun áhættuminni en þær nú eru. Í þeim tilgangi er tillaga þessi flutt.

Nd. 72. Frumvarp til laga [54. mál]

um breyting á lögum nr. 33 12. febr. 1945, um breyting á lögum nr. 30 19. júní 1933, um sjúkrahús o. fl.

Flm.: Jón Pálmason, Steingrímur Steinþórsson, Jón Sigurðsson, Skúli Guðmundsson.

1. gr.

Fyrsta efnismálsgrein 1. gr. laganna orðast svo:

Læknishéruð, utan bæja með yfir 2000 íbúa, sem reisa sjúkrahús og læknisbústað, skulu njóta styrks úr ríkissjóði til byggingarinnar, allt að ⅔ kostnaðar, enda sé staður þeirra og starfssvæði samþykkt af heilbrigðisstjórninni.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Á tveim síðustu þingum hafa flutningsmenn þessa frumvarps flutt frumvarp um héraðshæli. Hefur það í bæði skiptin verið svæft í nefnd, en þar sem um er að ræða mjög þýðingarmikið og aðkallandi nauðsynjamál, sem ekki getur fallið niður, þá er það nú flutt í þriðja sinn í nokkuð breyttri mynd.

Flutningsmönnum er það ekkert kappsmál, hvort þær stofnanir, sem um er að ræða, heita héraðshæli eða sjúkrahús. Aðalatriðið er, að læknishéruðunum sé gert mögulegt að koma byggingunum upp og starfrækja þær, en það er flestum þeirra um megn með þeim stuðningi, sem nú er í lögum. Að sjálfsögðu gera flutningsmenn ráð fyrir, að heimilt sé að skipta sjúkrahúsbyggingunum í deildir á svipaðan veg og ákveðið var í frumvarpinu um héraðshæli og um leið að taka á móti sjúklingum og farlama fólki, sem misjafnlega stendur á um.

Þar sem sérstök ákvæði eru í lögunum um fjórðungssjúkrahús og þar sem yfirleitt er sterkari fjárhagsleg aðstaða í þéttbýli, leggja flutningsmenn til, að breytingin nái aðsins til sjúkrahúsa utan kaupstaða með 2000 íbúa og fleiri, en að sjálfsögðu er það atriði til athugunar við meðferð málsins á Alþingi.

Ætlazt er til, að heilbrigðisstjórnin hafi það á valdi sínu að ákveða, hve ört sjúkrahúsin eru byggð, svo sem verið hefur hingað til. Staðarval og fyrirkomulag bygginganna verður og að vera samþykkt af stjórn heilbrigðismálanna.

Sþ. **73. Skýrsla**

félagsmálaráðuneytisins um 28. þing Alþjóðavinnumálastofnunarinnar (I.L.O.) í Seattle 1946.

Samkvæmt 19. gr. stjórnarskrár Alþjóðavinnumálastofnunarinnar (I.L.O.) er hverju aðildarríki lögð sú skylda á herðar að leggja samþykktir (convention) og álitsgerðir (recommendation) hvers þings stofnunarinnar fyrir löggjafarvaldið, svo að það geti fullgilt þær og sett lög eða gert aðrar ráðstafanir, er miði að því að framkvæma ákvæði þeirra.

Svo er mælt fyrir í nefndri grein, að þetta skuli gera innan eins árs frá lokum þings, eða í undantekningartilfellum innan átján mánaða frá þingslitum.

Þing það, sem haldið var í Seattle 1946, var fyrsta þing stofnunarinnar eftir að Ísland gerðist aðili að henni, en af ýmsum ástæðum, sem óþarft er að rekja hér, hefur dregizt þar til nú að leggja þær samþykktir, er þar voru gerðar, fyrir Alþingi.

Samþykktir Seattle-þingsins fjalla eingöngu um atriði varðandi sjómenn og siglingar, og er mörgum þeirra þegar fullnægt í íslenzkri löggjöf og framkvæmd, en hins vegar eru í þeim ýmis ákvæði, sum smávægileg, sem koma í veg fyrir, að hægt sé að fullgilda þær í heild að svo komnu. Þar sem ráðuneytið því ekki getur að sinni farið fram á heimild þingsins til fullgildingar þeirra, eru þær lagðar fram í skýrsluformi.

Að tilhlutan Alþingis er nú nefnd starfandi að endurskoðun á siglingalöggjöfinni, og er nauðsynlegt, að hún taki til athugunar að hve miklu leyti hægt sé og hagkvæmt að samræma íslenzka löggjöf þessum samþykktum með tilliti til síðari fullgildingar Íslands á þeim.

Þótt félagsmálaráðuneytið geti ekki á þessu stigi lagt til, að samþykktir Seattle-ráðstefnunnar verði fullgiltar nú, meðal annars vegna endurskoðunar þeirrar á sjómannalöggjöfinni íslenzku, sem nú stendur yfir, mun ráðuneytið síðar, þegar nauðsynlegur undirbúningur hefur farið fram til samræmingar við ákvæði samþykkta ráðstefnunnar, leggja til við Alþingi, að þær samþykktir nefndrar ráðstefnu, sem álítast samrýmanlegar íslenzkum aðstæðum og íslenzkri löggjöf, verði fullgiltar, og verða þær þá lagðar fyrir Alþingi í þingsályktunarformi.

Hér á eftir verður fyrst gerð nokkur grein fyrir aðdraganda Seattle-þingsins og störfum þess, svo og gerð stuttlega grein fyrir aðalefni hverrar samþykktar og álitsgerðar, en þær eru prentaðar hér á eftir í heild sem fylgiskjal.

SEATTLE-ÞINGIÐ 1946.

I. Aðdragandi og undirbúningur.

Alþjóðavinnumálastofnunin hefur á ýmsum tímum látið mál varðandi vinnuskilyrði sjómanna til sín taka, og var þingið í Seattle 1946 sjötta þing stofnunarinnar, er eingöngu var helgað þeim. Hið fyrsta var þingið í Genúa 1920, þá í Genf 1926 og 1929 og síðan tvö, sem haldin voru í Genf árið 1936.

Á tímum síðustu heimsstyrjaldar tóku Alþjóðasamtök yfirmanna á kaupskipaflotanum (International Mercantile Marine Officers Association) og sjómannadeild Alþjóðasambands flutningaverkamanna (International Transport Workers Federation) til meðferðar á breiðum grundvelli mál varðandi samræmingu og skipulagningu á fjárhags- og félagsmálum og vinnuskilyrðum sjómanna.

Í júlímánuði 1944 héldu samtök þessi með sér fund í London, og tóku þátt í honum fulltrúar frá 12 siglingaþjóðum. Á fundi þessum var samþykkt svonefnd Alþjóðaréttindaskrá fyrir sjómenn (International Seafarers Charter). Voru þar bornar fram þær lágmarkskröfur, sem fundurinn taldi að fullnægja bæri. Þá var

og samþykkt á þessum fundi, að nauðsyn bæri til að kallað yrði saman alþjóðlegt þing, skipað fulltrúum ríkisstjórna, útgerðarmanna og sjómanna, til að koma á samvinnu um vinnuskilyrði og að framkvæmdir á þessu sviði væru bezt komnar í höndum Alþjóðavinnumálastofnunarinnar.

Á fundi Siglingamálanefndar (Joint Maritime Commission) Alþjóðavinnumálastofnunarinnar, sem haldinn var í janúar 1945, voru fyrrnefndar samþykktir teknar til umræðu, og var einróma samþykkt að gera bæri það, sem mögulegt væri, til að tryggja sem mest samræmi í vinnukjörum sjómanna og jafnframt látið í ljós, að fyrrgreind réttindaskrá væri mikils virði í þessu sambandi. Nefndin lagði því til, að stjórnarnefnd Alþjóðavinnumálaskrifstofunnar kveddi til undirbúningsþings sérfræðinga til að ræða ýmis mál varðandi kjör sjómanna.

Þetta undirbúningsþing var haldið í Kaupmannahöfn dagana 15. nóv. til 1. des. 1945 í boði ríkisstjórnar Danmerkur. Þar komu saman fulltrúar ríkisstjórna, útgerðarmanna og sjómanna frá 20 siglingaþjóðum. Enginn mætti þar af hálfu Íslands. Á þingi þessu voru gerð frumdrög að mörgum samþykktum og ályktunum um þau mál, sem þingið fjallaði um. Samkomulag náðist auðveldlega um sum þessara mála, en um önnur, svo sem um laun, vinnutíma og mannafla á skipum, urðu langar og harðar umræður. Samþykktir þessa undirbúningsþings voru svo lagðar til grundvallar umræðunum á allsherjarþingi því, sem stjórnin kvaddi til á næsta ári og fjalla skyldi eingöngu um málefni sjómanna.

II. Þingstörf og samþykktir.

Þing þetta var 28. þing Alþjóðavinnumálastofnunarinnar og var haldið í Seattle í Bandaríkjunum dagana 6.—29. júní 1946.

Þingið sóttu fulltrúar frá 32 aðildarríkjanna, þar af sendu 23 ríki fullskipaðar sendinefndir, þ. e. tvo fulltrúa viðkomandi ríkisstjórnar, einn fyrir vinnuveitendur og einn fyrir verkamenn, en samkvæmt stjórnarskrá stofnunarinnar er það skylda hvers aðildarríkis að senda minnst fjögurra manna sendinefnd til þings. Alls sátu þingið 106 fulltrúar ásamt 189 varafulltrúum og sérfræðingum eða ráðunautum.

Dagskrá þingsins var á þessa leið:

1. Skýrsla forstjórans.
2. Félagslegt öryggi sjómanna.
3. Vistarverur á skipum.
4. Fæði og þjónusta sjómanna.
5. Upptaka sjómennsku, menntun og frami.
6. Orlof með launum fyrir sjómenn.
7. Samfelld atvinna sjómanna.
8. Viðurkenning á stéttarfélögum sjómanna.
9. Laun, vinnutími og mannafli á skipum.

Þingforseti var kjörinn Henry M. Jackson, stjórnarfulltrúi frá Bandaríkjunum.

Auk hinna venjulegu nefnda, sem kosið er til á hverju þingi, voru kjörnar nefndir til að fjalla um hin ýmsu dagskrármál.

1. Skýrsla forstjórans.

Eins og föst venja er á þingum Alþjóðavinnumálastofnunarinnar, fóru fram almennar umræður á þinginu um skýrslu forstjórans. Að þessu sinni fjallaði hún um aðalatriðin í hinni fjárhagslegu og félagslegu þróun siglingamálanna frá því er síðasta siglingamálaráðstefna var haldin 1936. Einnig fjallaði hún um starfsemi stofnunarinnar á undanförnum árum varðandi kjaramál sjómanna.

Það kom fram í skýrslunni, að á sumum sviðum hafði orðið afturför á kjörum sjómanna á stríðsárunum, einkum að því er snertir vinnutíma. Hins vegar var um framfarir að ræða á öðrum sviðum, einkum að því er snertir íbúðir og öryggisút-

búnað á skipum. Þá fengu fleiri sjómenn orlof nú en áður var, og séð er fyrir ýmsum þörfum þeirra, er þeir dvelja í landi.

Í skýrslunni var frá því skýrt, að á stríðsárunum hefði orðið að fækka mjög starfsfólki á skrifstofum stofnunarinnar, en sumarið 1940 voru þær fluttar að mestu frá Genf til Montreal í Canada. Starfsemi stofnunarinnar var þó haldið áfram meðan á stríðinu stóð, og Siglingamálanefndin hélt marga fundi.

Auk þeirra mála, sem á dagskrá þingsins voru, var ákveðið að taka upp í framtíðinni mál varðandi velferð sjómanna í höfnum, atvinnuskilyrði loftskeytamanna og setning samræmdra alþjóðareglna um lyfjakistur og lækningabækur til afnota á skipum.

Umræðurnar um skýrsluna tóku alls fimm daga, og kom fram í þeim hrós á henni, en einnig sætti hún nokkurri gagnrýni.

Brezki atvinnurekendafulltrúinn bar fram tillögu um breytingu á reglunum um atkvæðagreiðslur á þinginu á þann veg, að atkvæði hvers ríkis yrðu metin í hlutfalli við skipastól þess eða fjölda sjómanna. Þessari tillögu var mótmælt af forstjóranum, og benti hann á, að hjá Sameinuðu þjóðunum væri jafngildi atkvæða tíðkað sem veigamikill þáttur í eflingu lýðræðis í sambúð þjóðanna. Þá benti hann og á, að þótt ekki væri gerður munur á gildi atkvæða við atkvæðatalningu, hefðu þau í reyndinni mismunandi gildi frá pólitísku sjónarmiði. Í þriðja lagi kvað hann atkvæðagreiðslu á alþjóðaþingi ekki gera endanlega út um neitt mál. Það, sem mestu máli skipti, væri hversu þeim samþykktum, sem á þingunum væru gerðar, væri framfylgt í hinum einstöku ríkjum.

Eins og að framan getur, voru dagskrármálin nr. 2—9 öll rædd á undirbúningsþinginu í Kaupmannahöfn 1945, og til grundvallar umræðunum í Seattle voru lögð frumdrög að samþykktum, undirbúin af Alþjóðavinnumálaskrifstofunni á grundvelli samþykkta, er gerðar voru á því undirbúningsþingi.

Skal nú hér á eftir gerð nokkur grein fyrir afgreiðslu þeirra mála í þeirri röð, sem þau voru á dagskrá þingsins.

2. Félagslegt öryggi sjómanna.

Um þetta mál var gerð ein samþykkt og tvær álitsgerðir á þinginu.

a. Samþykkt (nr. 70) um félagslegt öryggi farmanna.

Samþykkt þessi tekur í grundvallaratriðum til allra sjómanna. Þó er leyft að undanskilja sjómenn á skipum, sem minni eru en 25 brúttó rúmlestir, og menn á skipum, er stunda veiðar með ströndum fram, svo og nokkra menn, er sérstöðu hafa. Auk þessa má gera nokkrar frekari undantekningar, m. a. um menn á fiskiskipum eða í veiðileiðöngrum og á skipum minni en 200 brúttó rúmlestir, nema að því er tekur til skyldna útgerðarmanns samkvæmt lögum eða reglugerðum í sambandi við veikindi, slys eða dauða sjómanna.

Samþykktin mælir svo fyrir, að sjómenn og skyldulið þeirra, sem búsett er og dvelur í heimalandi skips, skuli eigi njóta lakari kjara en iðnverkamenn að því er tekur til sjúkrahjálpar, sjúkra- og atvinnuleysisstyrkja, eftirlauna og dánarbóta. Sé ekki um að ræða slík réttindi handa iðnverkamönnum samkvæmt tryggingalögum, ber samkvæmt samþykktinni að setja ákvæði um slíkar tryggingar fyrir sjómenn og einnig ákvæði um aðstoð til eftirlifandi skylduliðs látinna sjómanna. Þess er ekki krafizt, að ríki, sem ekki sér skylduliði iðnverkamanna fyrir sjúkrahjálp, skuli tryggja skylduliði sjómanna slíka aðstoð, en um þetta var gerð sérstök álitsgerð (nr. 76).

Í samþykktinni eru ákvæði um, hverra réttinda sjómaður, sem búsettur er í heimalandi skips, skuli njóta, ef hann er skilinn eftir erlendis vegna veikinda eða slysa við vinnu. Skal honum séð fyrir sómasamlengri sjúkrahjálp, þar til hann er heill orðinn eða hefur verið sendur heim, fæði og húsnæði þar til hann getur fengið atvinnu við sitt hæfi eða er sendur heim, svo og ókeypis heimflutningi. Auk þess,

sem nú var talið, kemur svo fjárgreiðsla, er svari til fullra launa sjómannsins, þar til hann getur fengið vinnu við sitt hæfi eða er sendur heim eða um ákveðinn tíma, er ekki sé skemmri en 12 vikur. Sé sjómaðurinn að loknum þessum tíma ekki búinn að fá sæmilega atvinnu og hafi hann ekki verið sendur heim, skal hann eiga rétt á aðstoð opinberra trygginga á sama hátt og ef hann dveldi í heimalandi sínu.

Í nefndinni, sem um þetta mál fjallaði, báru útgerðarmenn fram þá tillögu, að takmarka skyldi rétt til fæðis og húsnæðis við 12 vikna tíma og ákveða fjárgreiðslurnar 75% af launununum, en sú tillaga var felld.

Þegar um er að ræða skyldur útgerðarmanns í sambandi við slys, veikindi eða dauða sjómanna svo og skyldutryggingar gegn slysum, veikindum eða atvinnuleysi, krefst samþykktin sömu réttinda handa öllum sjómönnum búsettum í heimalandi skips, án tillits til þjóðernis eða kynþáttar. Einnig er þess krafizt í samþykktinni, að þegar um er að ræða skyldur útgerðarmanns í sambandi við veikindi, slys eða dauða sjómanna, skuli þeir allir jafnréttháir, hvort sem þeir eru búsettir í heimalandi skips eða ekki.

Að lokum er ákveðið í samþykktinni, að þegar um er að ræða sjómenn, sem búsettir eru í öðru ríki, sem fullgilt hefur þessa samþykkt, sé ekki hægt að ákveða með lögum eða reglugerðum um sjúkrahjálp og fjárstyrki vegna atvinnuslysa skilyrði eða takmarkanir, sem ekki gilda á sama hátt um þess eigin sjómenn og skyldulið þeirra.

Þessi síðast nefnda regla gildir aðeins, ef bæði heimaland skips og land það, er viðkomandi sjómaður er búsettur í, hafa fullgilt samþykktina.

Samþykktin gengur í gildi 6 mánuðum eftir að 7 af þeim 23 ríkjum, sem talin eru upp í henni, hafa fullgilt hana, þó því aðeins, að meðal þeirra séu a. m. k. 4 ríki, er hvert um sig hafi a. m. k. 1 milljón brúttó rúmlesta skipastól.

Í umræðum nefndarinnar um frumvarpið að samþykktinni var oft farið inn á að ræða um jafnrétti sjómanna búsettra innan skráningarlands skips og annarra sjómanna. Eftir að álitsgerð (nr. 75) um samninga varðandi félagslegt öryggi sjómanna hafði verið rædd og samþykkt af nefndinni, tóku fulltrúar sjómanna og indverski stjórnarfulltrúinn aftur tillögur sínar um, að samþykktin skyldi kveða á um jafnrétti á öllum sviðum.

Við lokaatkvæðagreiðslu greiddu 76 fulltrúar atkvæði með henni, en 14 á móti, tveir sátu hjá.

b. Álitsgerð (nr. 75) um samninga varðandi félagslegt öryggi sjómanna.

Álitsgerð þessi var samþykkt með 85 atkvæðum gegn 7, fjórir sátu hjá. Með henni er þeim tilmælum beint til aðildarríkja stofnunarinnar, að þau geri með sér samninga til tryggingar því, að sjómenn séu annaðhvort tryggðir í heimalandi sínu eða í skráningarlandi skipsins. Einnig er mælzt til þess, að ef innlendum sjómönnum eru tryggð betri kjör með heildarsamningum en þau, sem ákveðin eru í landslögum eða reglugerðum, þá skuli erlendir sjómenn einnig njóta þeirra betri kjara.

c. Álitsgerð (nr. 76) um sjúkrahjálp handa skylduliði sjómanna.

Þessi álitsgerð var samþykkt með 92 atkvæðum gegn 2, þrír sátu hjá.

Hér er þeim tilmælum beint til þeirra aðildarríkja stofnunarinnar, sem ekki tryggja öllum verkamönnum sínum og skylduliði þeirra sjúkrahjálp, að þau tryggi skylduliði sjómanna sinna nægilega og sómasamlega sjúkrahjálp.

d. Samþykkt (nr. 71) um eftirlaun sjómanna.

Með samþykkt þessari voru greidd 56 atkvæði, en 16 á móti, 25 fulltrúar sátu hjá við atkvæðagreiðsluna.

Samþykkt þessi tekur að mestu til sömu manna og samþykktin um félagslegt öryggi sjómanna. Þó má hér undanskilja algerlega þá sjómenn, sem hvorki eru borgarar viðkomandi ríkis né búsettir innan þess.

Eftirlaun samkvæmt samþykkt þessari má veita á tvo mismunandi vegu, og ræður hvert ríki fyrir sig, hvorn kostinn það tekur. Annar kosturinn er sá að greiða eftirlaun, sem ásamt öðrum félagstryggðum styrkjum nemi ekki minni upphæð en ákveðnum hundraðshluta launa fyrir hvert ár við sjómennsku (1½% ef greiðslur hefjast við 55 ára aldur, en 2% ef þær miðast við 60 ára aldur). Hinn er sá, að tryggð séu framlög til eftirlaunatrygginga og annarra félagstryggingagreiðslna, sem samtímis eru greiddar bótaþega eða skylduliði látins bótaþega, er ekki séu minni en 10% af þeim heildarlaunum, sem iðgjöld eru reiknuð af.

Framlög sjómanna til trygginganna skuli ekki nema meiru en helmingi þeirra. Sjómenn og útgerðarmenn, sem inna af höndum framlög til trygginganna, eiga rétt á þátttöku í stjórn þeirra.

Samþykktin gengur í gildi sex mánuðum eftir að 5 af 23 tilnefndum ríkjum hafa fullgilt hana, að því tilskildu, að meðal þeirra séu a. m. k. 3 ríki, er hafi hvort um sig 1 milljón brúttó rúmlesta skipastól.

Í nefndinni urðu miklar umræður um frumvarpið að samþykkt þessari. Margir létu í ljós þá skoðun, að ekki væri enn þá tímabært að gera um þetta mál samþykkt, heldur bæri að láta nægja álitsgerð. Sumir héldu því fram, að réttast væri að taka sjómenn með undir almennar tryggingar, en aðrir töldu, að sjómenn hefðu þá sérstöðu, að nauðsyn bæri til sérstaks skipulags á eftirlaunagreiðslum til þeirra. Þá var og á það bent, að ekki væri að búast við víðtækum fullgildingum á þessari samþykkt, e. t. v. ekki nægilega mörgum til að hún kæmist í gildi.

3. Vistarverur skipverja o. fl.

Á þessu þingi voru gerðar fyrstu tilraunir til að setja alþjóðlegar reglur um vistarverur skipverja.

Samþykkt nr. 75 fjallar um þetta mál, og var hún samþykkt með 59 atkvæðum gegn 21, þrír sátu hjá.

Tekur hún til allra vélknúinna kaupskipa 500 brúttó rúmlesta og þar yfir, en einnig má beita henni um skip 200—500 lesta að svo miklu leyti sem sanngjarnt og framkvæmanlegt þykir. Aðalreglan er sú, að hún skuli gilda um þau skip, sem kjölur er lagður að eftir að samþykktin öðlast gildi.

Samþykktin hefur að geyma sundurliðuð ákvæði um þau skipsrými, sem ætluð eru skipshöfn til afnota. Þar eru ákvæði um staðsetningu slíkra rýma, um einangrun fyrir raka, gasi, hita og kulda, um varnir gegn óþrifum, flugum og eldi, um loftræstingu, hitun og lýsingu, um stærð svefnklefa og útbúnað, þ. á m. um fyrirkomulag rúma, lengd þeirra, breidd, efni og byggingu, um fjölda og stærð borðsala, um dvalarrými til hressingar og hvíldar og sjúkraklefa, enn fremur um heilbrigðisráðstafanir og hreinlæti.

Lágmarksgólfpláss fyrir hvern mann í svefnklefum er ákveðið 1.85 m² á skipum minni en 800 smálestir, 2.35 m² á skipum 800—3000 smálestir og 2.78 m² á skipum 3000 smálesta og stærri. Hæð undir loft skal vera a. m. k. 190 cm. Yfirmenn skulu yfirleitt hafa eins manns svefnklefa, en skipsmenn aðrir skulu vera í tveggja og þriggja manna klefum, eftir því sem hægt er, og aldrei fleiri en fjórir í sama klefa.

Sérstök ákvæði eru sett um þau skip, er ráða þurfa hópa manna, þannig að fleiri eru ráðnir en annars þyrfti (þetta mundi einkum gilda um þau skip, sem ráða þurfa Afríku- eða Asíumenn). Talsverðar umræður urðu um þessi sérákvæði, en fulltrúar þeirra ríkja, sem sjómenn þeir, er hafðir voru í huga, eru frá, féllust á þörf ákvæða þessa efnis, og tókst að finna það form, er þeir gátu fellt sig við.

Tekið er fram, að haft skuli samráð við samtök útgerðarmanna og sjómanna við setningu reglugerða um þetta efni og að viðkomandi yfirvald skuli hafa sem mest samstarf við þessi samtök um framkvæmd á þeim.

Ákvæðin um gildistöku samþykktarinnar eru hliðstæð samsvarandi ákvæðum í samþykkt nr. 70, um félagslegt öryggi sjómanna.

Á þinginu var samþykkt með 66 atkvæðum gegn 15 (tveir sátu hjá) álitsgerð (nr. 78) um, að útgerðarmenn sjái skipshöfn fyrir sængurfötum, borðbúnaði og fleiru. Þar er því beint til aðildarríkja stofnunarinnar, að þau beiti sér fyrir því, að útgerðarmenn sjái skipshöfn ávallt fyrir hreinum sængurfötum, ábreiðum, lökum og borðbúnaði, svo og handklæðum, sápu og salernispappír.

4. Fæði og þjónusta á skipum.

Um þetta mál voru gerðar tvær samþykktir.

a. Samþykkt (nr. 68) um fæði og þjónustu fyrir áhafnir á skipum.

Aðildarríki þau, sem fullgilda samþykkt þessa, skuldbinda sig þar með til að sjá um, að fæði og þjónusta fyrir sjómenn á hafskipum sé viðunandi. Sérstakt opinbert eftirlit skal hafa með þessu, og skal sérstakt fast starfslið ásamt eftirlitsmönnum framkvæma það. Yfirvöld þau, sem eftirlit þetta hafa með höndum, skulu setja og sjá um framkvæmd á reglugerðum um vista- og vatnsbirgðir og þjónustu, svo og um innréttingu, staðsetningu, upphitun, loftræstingu og útbúnað eldhúsa og annarra rýma, er ætluð eru til meðferðar matar. Þau skulu einnig framkvæma það eftirlit, sem krafizt er, og hafa m. a. eftirlit með hæfni þeirra þjónustumanna, sem samkvæmt lögum eða reglugerðum skulu uppfylla ákveðin skilyrði.

Í stað reglugerða má í sumum tilfellum setja ákvæði um framangreind efni í heildarsamningum, og umrætt eftirlit má einnig að nokkru framkvæma samkvæmt ákvæðum slíkra heildarsamninga.

Eftirlitið skal framkvæma í samvinnu við samtök útgerðarmanna og sjómanna og heilbrigðisyfirvöldin. Safna skal nýjustu upplýsingum um manneldi og framreiðslu með sérstöku tilliti til þarfa á skipum og gefa öllum hlutaðeigendum ókeypis aðgang að þeim. Gefa skal út leiðbeiningar til að koma í veg fyrir sóun matvæla, stuðla að hreinlæti og koma á sem hagkvæmustum vinnuskilyrðum. Yfirvöld þau, er hafa með höndum framangreint eftirlit, skulu gefa út árlega skýrslu um það, og skal öllum stofnunum og einstaklingum gefinn kostur á að kynna sér hana ókeypis. Skýrslu þessa skal senda Alþjóðavinnumálaskrifstofunni.

Þá eru í samþykktinni ákvæði um eftirlit með matvælum um borð í skipum og námskeið fyrir þjónustufólk.

Samþykktin gengur í gildi 6 mánuðum eftir að 9 af 23 tilteknum aðildarríkjum stofnunarinnar hafa fullgilt hana, enda séu á meðal þeirra a. m. k. fimm ríki, er hvert um sig hafi minnst 1 milljón brúttó rúmlesta skipastól.

Við umræðurnar um frumvarpið að samþykkt þessari kom fram nokkur skoðanamunur um einstök atriði þess, og margir vildu, að aðeins yrði samþykkt álitsgerð um þetta mál. Á allsherjarfundi greiddu 83 fulltrúar atkvæði með samþykktinni, en 3 á móti, 3 sátu hjá.

b. Samþykkt (nr. 69) um löggildingu matsveina á skipum.

Samþykkt þessi var afgreidd með 84 atkvæðum gegn 1, 5 sátu hjá.

Aðalákvæði samþykktarinnar ganga út á það, að þrem árum frá því að hún öðlast gildi skuli enginn ráðinn sem matsveinn á skip, nema hann hafi hæfnisskírteini til þeirra starfa. Slík hæfnisskírteini má einungis gefa þeim, sem náð hafa vissum lágmarksaldri, hafa verið til sjós um ákveðinn tíma og gengið undir próf, er sanni hæfni þeirra til matreiðslu, þekkingu þeirra á næringargildi matar, samsetningu fjölbreyttra máltíða svo og meðhöndlun og geymslu matvæla um borð.

Ákvæðin um gildistöku eru hin sömu og í samþykktinni um fæði og þjónustu á skipum.

Tillögur um að setja sérákvæði um skipshafnir frá Asíu og Afríku voru felldar. Aðalskoðanamunurinn var um það ákvæði samþykktarinnar, að hlutaðeigandi yfirvald geti veitt undanþágu frá þeirri kröfu, að enginn skuli ráðinn matsveinn á skip,

nema hann hafi hæfnisskírteini til þess, en það er leyft, ef að dómi þess er ekki völ nægilega margra matsveina, sem hæfnisskírteini hafa. Fulltrúar sjómanna greiddu atkvæði gegn þessu ákvæði samþykktarinnar.

5. Upptaka sjómennsku, menntun og frami.

Um þetta mál voru gerðar tvær samþykktir og ein álitsgerð.

a. Samþykkt (nr. 73) um læknisskoðun sjómanna.

Samþykkt þessi tekur til allra skipa yfir 200 brúttó rúmlestir, hvort sem þau eru segl- eða vélknúin. Hún mælir svo fyrir, að engan megi ráða á skip, nema hann leggi fram yfirlýsingu frá starfandi lækni um, að hann sé hæfur til þeirra starfa, sem hann á að vinna á skipinu. Þegar einungis er um sjónvottorð að ræða, nægir að það sé gefið af manni, sem löggiltur er af viðkomandi yfirvaldi til að gefa slíkt vottorð.

Venjulegt læknisvottorð gildir ekki lengur en 2 ár og vottorð um litarsýn ekki lengur en sex ár frá útgáfudegi.

Hafi manni eftir rannsókn verið synjað um slíkt vottorð, má hann áfrýja þeirri neitun til æðra læknis og ganga undir skoðun að nýju.

Ákvæðin um gildistöku eru hin sömu og í samþykkt (nr. 68) um fæði og þjónustu fyrir skipshafnir.

Með samþykktinni greiddu 79 fulltrúar atkvæði, en 4 á móti.

b. Samþykkt (nr. 74) um hæfnisvottorð háseta.

Þessi samþykkt var afgreidd með 73 atkvæðum gegn 10.

Þar er mælt svo fyrir, að engan megi ráða sem fullgildan háseta á skip, nema hann hafi í höndum sérstakt hæfnisskírteini. Slíkt skírteini má einungis veita þeim, sem náð hafa vissum lágmarksaldri, er ekki sé lægri en 18 ár, hafa verið til sjós á þilfari í a. m. k. 36 mánuði og hafa tekið hæfnispróf, sem sanni kunnáttu þeirra í sjómennsku og hæfni til að framkvæma öll þau verk, sem krefjast má af fullgildum háseta.

Hlutaðeigandi yfirvald getur leyft, að sá, sem hefur 24 mánaða siglingatíma að baki og hefur stundað námskeið í viðurkenndum skóla með góðum árangri, skuli fá námstímann reiknaðan sem siglingatíma að nokkru eða öllu leyti. Einnig getur það leyft, að sá, sem stundað hefur nám á skólaskipi, fái hæfnisskírteini án frekari siglingatíma, hafi hann verið á slíku skipi í 18 mánuði.

Allir þeir, sem vinna sem fullgildir hásetar við gildistöku samþykktarinnar, geta fengið umrætt hæfnisskírteini.

Mestur hluti umræðnanna um þetta mál fór í að ræða um, hve mikla þýðingu menn ættu að gefa námi á skólaskipum.

Á allsherjarfundi báru fulltrúar útgerðarmanna fram tillögu þess efnis, að viðkomandi yfirvaldi skyldi heimilt að víkja frá ákvæðum samþykktarinnar, ef skortur væri á hásetum.

Tillaga þessi var felld með 51 atkvæði gegn 38 við nafnakall.

c. Álitsgerð (nr. 77) um fyrirkomulag starfsþjálfunar sjómanna.

Þessi álitsgerð var samþykkt með 79 atkvæðum gegn tveimur, tveir sátu hjá.

Í henni felast tilmæli til aðildarríkjanna með tilliti til grundvallaratriða í starfsþjálfun sjómanna, og ganga þau í aðalatriðum út á það, að alla starfsemi, sem framkvæmd er í hinum einstöku löndum til starfsþjálfunar sjómanna, skuli samræma og þróa í samræmi við heildaráætlun. Þessi starfsemi skal miða að því að fá menn til að taka upp sjómennsku og gera hana að lífsstarfi. Taka skal í þessu sambandi tillit til starfsáhuga sjómanna, menningarlegra og siðferðislegra þarfa þeirra svo og þarfa útgerðarinnar fyrir starfskrafta.

Hafa skal samvinnu við hlutaðeigandi samtök sjómanna og útgerðarmanna við samræmingu starfa hinna ýmsu æfingastofnana.

Kennslufyrirkomulagi í stofnunum til þjálfunar unglinga til sjómennsku ætti að haga eftir kennsluháttum í almennum skólum landsins, og eftir því sem hægt er ætti að kenna fög, sem hafa almennt fræðslugildi. Hafa skal gott eftirlit með heilbrigði og þroska nemenda.

Stofna ætti til námskeiða, þ. á m. bréfanámskeiða til framhaldsmenntunar. Hvetja ætti til, að nemendum séu veittir námsstyrkir, ókeypis skólavist og önnur aðstoð. Upplýsingum um skilyrði til náms í sjómennsku og atvinnumöguleika ætti að dreifa út til allra, er hafa áhuga á því.

Hvetja ætti til þess, að möguleikarnir til framhaldsmenntunar um borð í skipum séu notaðir sem bezt, með því að sjá fyrir bókasöfnum og kvikmyndum til menntunar og útbreiðslustarfsemi, svo og með bréfaskólum og sérstökum útvarpsdagskrám.

6. Orlof með launum fyrir farmenn.

Um þetta mál var gerð samþykkt nr. 72, og var hún samþykkt með 78 atkvæðum gegn 16, 4 sátu hjá.

Samþykkt þessi kemur í stað samþykktar frá 1936 um sama efni.

Aðalefni samþykktarinnar er, að sjómenn á vélknúnum kaupskipum yfir 200 brúttó rúmlestir skuli eiga rétt á árlegu orlofi eftir 12 mánaða samfellt starf á sama skipi eða í þjónustu sama útgerðarmanns. Lengd orlofs skal vera a. m. k. 18 virkir dagar fyrir skipstjóra, aðra yfirmenn og loftskeytamenn, en 12 dagar virkir fyrir aðra skipsmenn.

Sá, sem fer úr þjónustunni eftir minnst 6 mánaða samfellt starf, á þó rétt á hlutfallslegu orlofi fyrir þann tíma, sem hann hefur unnið. Sama gildir um þann, sem vikið er úr vinnu að ósekju, áður en sex mánuðir eru liðnir af starfstíma hans.

Í samþykktinni er það nánar skýrt, hvað telja beri samfellt starf, hvaða brottvera ekki teljist orlof, hvar og hvenær orlof skuli veita svo og heimild til að skipta orlofi og leggja saman orlof.

Sem orlofsfé skal orlofstaki fá greidd venjuleg laun sín ásamt hæfilegum fæðispeningum meðan á orlofi stendur.

Þegar alveg sérstök atvik eru fyrir hendi og það er nauðsynlegt vegna starfans, má í stað orlofs inna af hendi peningagreiðslu, er að minnsta kosti jafngildi áðurnefndu orlofsfé.

Sá, sem fer úr vinnu án þess að hafa tekið það orlof, sem hann á rétt á, skal fá greitt orlofsfé.

Samningar um afsal orlofsréttar skulu vera ógildir.

Samþykktina má fullgilda á þeim grundvelli, að henni sé fullnægt með ákvæðum í heildarsamningum.

Ákvæðin um gildistöku samþykktarinnar eru hin sömu og í samþykkt (nr. 68) um fæði og þjónustu skipverja.

Við umræðurnar um frumvarpið að samþykktinni var komið fram með þá tillögu, að samþykkja skyldi aðeins álitsgerð um þetta mál, en hún var felld með 57 atkvæðum gegn 22. Einnig urðu talsverðar umræður um önnur atriði samþykktarinnar.

7. Samfelld atvinna sjómanna.

Umræðurnar um þetta mál leiddu til þess, að gerð var um það ályktun (resolution nr. 2), er samþykkt var með 69 atkvæðum. Ályktun þessi felur í sér tilmæli til aðildarríkja stofnunarinnar um, að þau stuðli að því, að sjómenn þeirra hafi samfellda atvinnu og einnig að þau athugi möguleikana á því, að sjómönnum séu greidd laun fyrir þann tíma, sem verður á milli venjulegra vinnutímabila hjá þeim. Þær reglur, sem settar kunna að vera, skulu gerðar í samræmi við atvinnuleysistryggingarnar.

Í ályktuninni er látin í ljós von um, að mál þetta verði fljótlega tekið upp á þingi Alþjóðavinnumálastofnunarinnar, er fjallaði um siglingamál, svo að gera megi um það alþjóðasamþykkt. Aðildarríkjunum er boðið að láta Alþjóðavinnumálaskrifstofuna vita um þær ráðstafanir, sem þau gera varðandi þetta mál.

8. Viðurkenning á félagssamtökum sjómanna.

Þetta mál var tekið upp í hinni almennu réttindaskrá sjómanna, sem fyrr var nefnd, og var því tekið til umræðu á þinginu, enda þótt félagafrelsi sé almennt viðurkennt í aðildarríkjum stofnunarinnar. Samþykkt var með 69 atkvæðum ályktun (resolution nr. 3) um félagssamtök sjómanna, en þar er kveðið á um félagafrelsi fyrir þá og athafnafrelsi fyrir slík félög. Þá er og mælzt til þess, að leitað sé ráða hjá slíkum félögum við setningu laga og reglugerða, sem þau varða, og ríkisvaldið hafi samstarf við þau varðandi framkvæmd slíkra laga og reglugerða. Enn fremur er mælt svo fyrir, að umrædd félagssamtök taki sem mestan þátt í stjórn þeirra stofnana, sem snerta bæði sjómenn og útgerðarmenn.

9. Laun, vinnutími og mannafli á skipum.

Þýðingarmesta samþykkt þingsins var samþykkt (nr. 76) um laun, vinnutíma og mannafla á skipum. Kemur hún í stað samþykktar frá 1936 um sama efni.

Í fyrsta kafla samþykktarinnar eru almenn ákvæði um það, hvaða skipa og manna hún tekur til, og orðaskýringar. Gildir hún aðeins um kaupskip, sem eru yfir 500 brúttó rúmlestir að stærð, svo og hvalvinnsluskip. Eigi gildir samþykktin um skipstjóra og einstaka menn, er sérstöðu hafa á skipi. Að því er tekur til ákvæðanna um vinnutíma eru gerðar undantekningar um fyrstu stýrimenn, fyrstu vélstjóra og aðra þá yfirmenn, sem hafa með höndum stjórn á sérstökum starfsdeildum, en ganga ekki á vaktir.

Annar kaflinn fjallar um lágmarkslaun háseta. Eru þau ákveðin 16 pund ensk eða 64 bandarískir dollarar á mánuði, að frádregnum fæðiskostnaði. Þetta er algert nýmæli í samþykktum Alþjóðavinnumálastofnunarinnar. Í þeim samþykktum, sem áður hafa verið gerðar um lágmarkslaun í vissum starfsgreinum, er mælt svo fyrir, að þau skuli ákveðin í hverju ríki fyrir sig, en hér er kveðið á um alþjóðleg lágmarkslaun.

Hækki gengi dollara eða punda í hlutfalli við aðra mynt, breytast lágmarkslaunin í hlutfalli við það.

Þegar ráðnir eru á skip hópar manna, þannig að ráðnir eru fleiri en þyrfti undir venjulegum aðstæðum, breytast lágmarkslaunin í hlutfalli við þann aukna fjölda skipsmanna og þær breytingar á útgjöldum útgerðarmanns, sem slíkar ráðningar hafa í för með sér.

Þá eru að lokum ákvæði um viðurlög við brotum á þessum kafla samþykktarinnar.

Þriðji kaflinn fjallar um vinnutíma á skipum.

Venjulegur daglegur vinnutími manna, sem vinna á þilfari, í vélarrúmi og loftskeytastöð á skipum í stuttum ferðum (þ. e. innan lands og til nærliggjandi hafna nágrannalanda), skal ekki vera lengri en 8 stundir á virkum dögum og tvær á helgum, þegar skip er í höfn. Þegar skip er í hafi, skal vinnutíminn ekki fara fram úr 24 stundum á tveim samfelldum sólarhringum. Hvernig hátta skuli vinnutíma á komu- og brottfarardögum skips, skal ákveða með lögum eða reglugerðum í hverju landi. Fyrir vinnu fram yfir það, sem hér var talið, skal greiða sérstaklega (sjá þó hér á eftir um greiðslu yfirvinnukaups).

Fari vinnutími á tveim vikum samfelldum fram úr 112 stundum, þ. e. að meðaltali 8 stundum á dag, skal umframtíminn að frádregnum þeim tíma, sem yfirvinnukaup greiðist fyrir, endurgoldinn með frítíma í höfn eða á annan þann hátt, er ákveðinn kann að vera með heildarsamningum. Nefndur umframtími telst ekki yfirvinnutími.

Vinnutími manna, sem vinna á þilfari, í vélarrúmi og loftskeytastöð á skipum í langferðum (þ. e. til erlendra hafna annarra en nærliggjandi hafna nágrannalanda), er ákveðið í samþykktinni, að ekki megi fara fram úr 8 stundum á dag, hvort sem skipið er í hafi eða höfn. Þegar skip er í höfn, má venjulegur vinnutími á sunnudögum ekki fara fram úr tveim stundum. Vinna fram yfir hið nefnda hámark telst yfirvinna og greiðist sem slík.

Fari vinnutími á viku fram úr 48 stundum, skal sú framyfirvinna, sem ekki eru greidd laun fyrir — það mundi oftast vera sunnudagavinna —, endurgoldin með frii í höfn eða á annan þann hátt, sem ákveðinn kann að vera í heildarsamningum.

Hvað snertir þjónustufólk eru ákvæðin mismunandi eftir því, hvort um er að ræða farþegaskip eða flutningaskip.

Á farþegaskipum skal venjulegur vinnutími á hafi úti og á komu- og brottfarardögum skips ekki fara fram úr 10 stundum á hverjum 14 stundum. Sama gildir, þegar skipið er í höfn, séu farþegar um borð. Annars skal vinnutími í höfnum á virkum dögum — mánudegi til og með föstudegi — eigi vera lengri en 8 stundir á dag. Á laugardögum 5 stundir og sunnudögum ekki yfir 5 stundir hjá þeim, sem tilreiða og framreiða mat, og 2 stundir hjá öðrum.

Á flutningaskipum skal venjulegur vinnutími á hafi úti og á komu- og brottfarardögum skips ekki vera lengri en 9 stundir á hverjum 13. Í höfnum skal venjulegur daglegur vinnutími á virkum dögum — þ. e. mánudögum til og með föstudögum — ekki fara fram úr 8 stundum á 12 stundum, á laugardögum ekki fram úr 6 stundum og á sunnudögum ekki fram úr 5 stundum.

Fari vinnutími fram úr 112 stundum á tveim samfelldum vikum, skal sá tími, sem fram yfir er, endurgoldinn með frii í höfn eða á annan þann hátt, sem ákveðinn kann að vera í heildarsamningum. Samþykktin hefur ekki ákvæði um yfirvinnu þessara manna.

Yfirvinnukaup skal í engu tilfelli lægra á klst. en einn og einn fjórði grunnkaups á klst. Með heildarsamningum má ákveða, að í stað greiðslu fyrir yfirvinnu skuli veita tilsvarandi frí eða bæta það á annan hátt.

Stöðug yfirvinna er bönnuð.

Nokkur sérstök störf eru undanskilin takmörkunum á yfirvinnu.

Samþykktin leggur bann við næturvinnu unglinga innan 16 ára aldurs.

Fjórði kaflinn fjallar um mannafla á skipum. Þar er einungis almennt ákvæði þess efnis, að mannaflinn skuli vera svo mikill sem nauðsynlegt er með tilliti til öryggis á sjó og nægur til þess, að uppfyllt séu ákvæði samþykktarinnar um vinnutíma. Enn fremur að komið verði í veg fyrir óþarfa áreynslu á skipshöfn og yfirvinna verði takmörkuð eða útilokuð.

Fimmti kafli hefur að geyma ýmis ákvæði um framkvæmd samþykktarinnar.

Það er alger nýjung við þessa samþykkt, að hana er hægt að fullgilda á þeim forsendum, að henni sé framfylgt með heildarsamningum, en hingað til hefur orðið að framfylgja öllum samþykktum Alþjóðavinnumálastofnunarinnar með lögum eða reglugerðum.

Samþykktin hefur að geyma ákvæði um þær sérstöku skyldur, sem fullgilding á grundvelli heildarsamninga hefur í för með sér, en það er óljóst, hverjar afleiðingar það hefur, ef heildarsamningur, sem fullgilding og framkvæmd samþykktarinnar byggist á, fellur úr gildi.

Í sjötta kafla eru hinar venjulegu formsreglur um fullgildingu og uppsögn á samþykktinni svo og skilyrði fyrir gildistöku hennar. Hún gengur í gildi sex mánuðum eftir að hún hefur verið fullgilt af 9 af 23 tilgreindum aðildarríkjum Alþjóðavinnumálastofnunarinnar, en meðal þeirra skulu vera a. m. k. 5 ríki, er hafi hvert um sig minnst 1 milljón brúttó rúmlesta skipastól, og sé samanlagður skipafloti ríkja þeirra, sem fullgilt hafa, ekki minni en 15 milljón brúttó rúmlestir.

Miklar umræður urðu um samþykkt þessa bæði á fundum nefndar þeirrar, sem um hana fjallaði, og á allsherjarfundum. Hún var samþykkt með 55 atkvæðum gegn 21, 7 sátu hjá.

10. Sérstakar ályktanir.

Þingið samþykkti nokkrar ályktanir um sérstök mál.

Ályktun (nr. 1) er hvatning til stjórnarnefndar stofnunarinnar um að taka upp setningu reglna til öryggis því, að aðildarríkin sendi fullskipaðar sendinefndir til þinga.

Ályktana nr. 2 og 3 hefur verið getið hér að framan.

Ályktun (nr. 4) um samsetningu hinnar föstu siglingamálanefndar gengur meðal annars út á það, að stjórninni beri að athuga, hvort ekki væri rétt að breyta skipun nefndarinnar þannig, að í henni taki einnig sæti fulltrúar ríkisstjórna. Tillaga til þessarar ályktunar kom frá fulltrúum verkamanna. Atvinnurekendur voru mjög á móti þessari tillögu, og á tímabili hótuðu báðir aðilar að nefna ekki fulltrúa í nefndina, nema sjónarmið þeirra væru tekin til greina.

Annað atriði ályktunarinnar var þess efnis, að fjölga bæri nefndarmönnum frá hvorum flokki úr 9 í 12.

Ályktun (nr. 5) um lífsöryggi sjómanna er þess efnis, að lagt var til, að fulltrúar frá Siglingamálanefndinni skyldu boðaðir á væntanlegt þing um lífsöryggi sjómanna.

Ályktun (nr. 6) um fullgildingu samþykkta er ætlað að vekja athygli aðildarríkjanna á mikilvægi þess, að samþykktir þær, sem gerðar eru á þingum stofnunarinnar, séu fljótlega fullgiltar, svo að ákvæði samþykktarinnar komi sem fyrst til framkvæmda.

Ályktun (nr. 7) um að taka skuli til sérstakrar athugunar bótakröfur sjómanna, er voru á kaupskipum Bandamanna í síðustu heimsstyrjöld.

Í ályktun (nr. 8) um framtíð siglingamáladeildar Alþjóðavinnumálaskrifstofunnar felst ábending um, að rannsaka beri launakjör, atvinnuskilyrði og félagsmál fiskimanna, í því skyni að athugaðir verði möguleikarnir á því, að samin verði alþjóðleg réttindaskrá fiskimanna á sama hátt og fyrir farmenn.

Ályktun (nr. 9) um velferð sjómanna í höfnum var borin fram af sænsku stjórnarfulltrúunum og gekk út á, að skrifstofan skyldi rannsaka áhrif álitsgerðar frá 1936 um þetta mál og hversu mætti efla velferð sjómanna í höfnum með samvinnu ríkja milli.

Brezki verkamannafulltrúinn bar fram fyrir hönd verkamanna frumvarp að ályktun um stofnun alþjóðlegrar stjórnar siglingamála.

Þessi ráðgerða stofnun átti m. a. að skipta skipastóli heimsins eftir þörf hinna ýmsu landa og fyrra framlagi þeirra í siglingamálum. Með þessu átti að koma í veg fyrir óskipulagða aukningu skipaflota þjóðanna og samkeppni þeirra milli. Ýmsar aðrar framkvæmdir skyldi og fela þessari stofnun til að koma í veg fyrir brot á alþjóðareglum um lágmarksákvæði varðandi sjómenn.

Eftir tillögu norsku stjórnarfulltrúanna, sem byggð er á því, að norska stjórnin hefði ekki haft tækifæri til að kynna sér þetta mál og taka afstöðu til þess, var þessi tillaga tekin af dagskrá.

Fylgiskjöl.

SAMÞYKKTIR OG ÁLITSGERÐIR ALÞJÓÐAVINNUMÁLAÞINGSINS Í SEATTLE 1946.

I. Samþykkt (nr. 68) varðandi fæði og þjónustu fyrir áhafnir á skipum.

Þing Alþjóðavinnumálastofnunarinnar, sem kvatt var til í Seattle af stjórnarnefnd Alþjóðavinnumálaskrifstofunnar og kom saman til 28. fundar síns hinn 6. júní 1946, hefur ákveðið að samþykkja ákveðnar tillögur varðandi fæði og þjónustu fyrir skipverja, sem var fjórða mál á dagskrá þingsins, og enn fremur að tillögurnar skuli afgreiddar sem alþjóðasamþykkt.

Því er í dag, 27. dag júnímánaðar 1946, gerð svo hljóðandi samþykkt, sem nefna má Samþykkt um fæði og þjónustu (skipverja) 1946: [1])

1. gr.

1. Sérhverju aðildarríki Alþjóðavinnumálastofnunarinnar, sem samþykkt þessi nær til, er skylt að sjá um, að fæði og þjónusta skipverja sé sómasamleg á þeim hafskipum þess, er annast flutninga á mönnum eða munum í atvinnuskyni og skráð eru innan landsvæðis, sem samþykkt þessi gildir fyrir, hvort sem þau eru í eigu einstaklinga eða hins opinbera.

2. Í lögum eða reglugerðum hvers lands eða heildarsamningum milli vinnuveitenda og verkamanna, ef slík lög eða reglugerðir eru ekki fyrir hendi, skal ákveða, hvaða skip eða tegundir skipa skuli teljast hafskip í merkingu þessarar samþykktar.

2. gr.

Hlutaðeigandi yfirvald skal hafa á hendi þau störf, sem hér greinir, nema þau séu forsvaranlega leyst af hendi í samræmi við heildarsamninga:

a. samning og framkvæmd reglugerða um matvæla- og vatnsbirgðir og framreiðslu, svo og byggingu, staðsetningu, loftræstingu, hitun, ljós, vatnsæðar og útbúnað eldhúsa og annarra framreiðsluklefa um borð í skipum, þar með talin geymslurúm og kæliklefar;
b. eftirlit með matvæla- og vatnsbirgðum, svo og fyrirkomulagi og útbúnaði um borð til geymslu, meðferðar og framreiðslu matar;
c. löggilding skipverja þeirra, sem hafa með höndum matseld og fullnægja eiga ákveðnum skilyrðum;
d. rannsóknir og útbreiðslu- og fræðslustarfsemi um, hversu tryggja skuli hæfilegar vistabirgðir og þjónustu.

3. gr.

1. Hlutaðeigandi yfirvald skal hafa nána samvinnu við samtök útgerðarmanna og sjómanna og einnig við þau yfirvöld ríkis og bæjar- eða sveitarfélaga, sem atriði varðandi matvæli og heilbrigði heyra undir, og má notfæra sér aðstoð slíkra yfirvalda, ef þörf krefur.

2. Samræma skal svo sem bezt þykir starfsemi hinna ýmsu yfirvalda, svo að komizt verði hjá tviverknaði eða vafa um valdsvið þeirra.

4. gr.

Hlutaðeigandi yfirvald skal hafa á að skipa föstu starfsliði hæfra manna, þar á meðal eftirlitsmönnum.

5. gr.

1. Sérhvert aðildarríki skal hafa gildandi lög eða reglugerðir um matvæli og framreiðslufyrirkomulag, er stefni að því að tryggja heilbrigði og velliðan skipshafna á skipum þeim, sem um getur í 1. gr.

2. Í lögum eða reglugerðum skal fram tekið:

a. að birgðir matvæla og vatns fari eftir stærð skipshafnar, lengd og eðli sjóferðar og séu hæfilega miklar, næringarríkar, góðar og fjölbreyttar;
b. að fyrirkomulag og útbúnaður framreiðslurúms í hverju skipi sé svo góður, að hægt sé að framreiða sæmilegar máltíðir fyrir skipshafnir.

---

1) Formálsgrein samhljóða þessari er, að breyttu breytanda, hin sama fyrir öllum öðrum samþykktum og álitsgerðum, sem hér fara á eftir, og verður henni því sleppt í þeim. Sama er að segja um lokagreinar samþykktanna og undirskriftir.

6. gr.

Í landslögum eða reglugerðum skal gera ráð fyrir, að hlutaðeigandi yfirvald haldi uppi eftirliti með:

a. birgðum matvæla og vatns;
b. öllu skipsrými og áhöldum, sem notað er til geymslu og meðferðar matvæla og vatns;
c. eldhúsum og öðrum útbúnaði til matseldar og framreiðslu; og
d. starfshæfni þeirra manna í þjónustu skipsins, sem samkvæmt greindum lögum eða reglugerðum skulu fullnægja ákveðnum skilyrðum.

7. gr.

1. Í landslögum eða reglugerðum eða heildarsamningum milli vinnuveitenda og verkamanna, ef slík lög eða reglugerðir eru ekki fyrir hendi, skal kveða á um, að skipstjóri eða yfirmaður, er hann felur það sérstaklega, ásamt ábyrgum manni í þjónustuliði skipsins, skuli á ákveðnum fresti líta eftir:

a. matvæla- og vatnsbirgðum;
b. öllu skipsrými og útbúnaði, sem notað er til geymslu og meðferðar matar eða vatns, svo og eldhúsi og öðrum útbúnaði til matseldar og framreiðslu.

2. Skrásetja skal niðurstöður hvers eftirlits.

8. gr.

Fulltrúar hlutaðeigandi yfirvalds á skrásetningarsvæðinu skulu framkvæma sérstakt eftirlit, ef þeim berst skrifleg kæra frá ákveðnum fjölda eða hluta skipshafnar, sem tiltekinn er í landslögum eða reglugerðum, eða af hálfu viðurkenndra samtaka útgerðarmanna eða sjómanna. Slíkar kærur skal leggja fram svo fljótt sem auðið er, svo að eigi valdi töf á brottför, og a. m. k. sólarhring áður en skip á að láta úr höfn samkvæmt áætlun.

9. gr.

1. Eftirlitsmönnum skal heimilt að ráðleggja útgerðarmönnum, skipstjóra eða öðrum ábyrgum aðila varðandi umbætur á ástandi matreiðslunnar.

2. Í landslögum eða reglugerðum skal ákveða viðurlög við:

a. vanrækslu af hálfu útgerðarmanna, skipstjóra, skipverja eða annars ábyrgs aðila á að hlíta ákvæðum gildandi laga eða reglugerða; og
b. sérhverri tilraun til að hindra það, að eftirlitsmaður framkvæmi skyldustörf sín.

3. Efirlitsmenn skulu með reglulegu millibili leggja fyrir hlutaðeigandi yfirvald skýrslur, útfylltar á samræmdan hátt, varðandi störf sín og árangur þeirra.

10. gr.

1. Hlutaðeigandi yfirvald skal gera árlegar skýrslur.

2. Ársskýrslu skal gefa út svo fljótt sem auðið er eftir að ári því er lokið, sem hún tekur til, og skal hún aðgengileg öllum stofnunum og mönnum, sem hlut eiga að máli.

3. Eintök af ársskýrslunni skal senda Alþjóðavinnumálaskrifstofunni.

11. gr.

1. Halda skal námskeið til að undirbúa menn undir matseld og framreiðslu til sjós, annaðhvort í viðurkenndum skóla eða á annan hátt, sem bæði samtök útgerðarmanna og sjómanna sætta sig við.

2. Gefa skal kost á frekari námskeiðum, svo að þeir, sem áður hafa lokið námi, geti rifjað upp aftur kunnáttu sína og kynnzt nýjungum.

12. gr.

1. Hlutaðeigandi yfirvald skal afla nýjustu upplýsinga um manneldi, aðferðir við innkaup, geymslu, varðveitingu, eldamennsku og framreiðslu matvæla, einkum með tilliti til þess, hvað hentugt mundi reynast við framreiðslu til sjós.

2. Slíkar upplýsingar skal láta í té ókeypis eða við vægu gjaldi til þeirra, sem framleiða eða verzla með vistir og útbúnað til skipa, skipstjóra, bryta og matsveina, útgerðarmanna og sjómanna og samtaka þeirra almennt. Í þessu skyni skal nota hentugar aðferðir til auglýsinga, svo sem útgáfu handbóka, bæklinga, veggauglýsinga eða auglýsinga í fagtímaritum.

3. Hlutaðeigandi yfirvald skal gefa út leiðbeiningar til að koma í veg fyrir sóun matvæla, til að viðhalda fyllsta hreinlæti og tryggja sem mest þægindi við störfin.

13. gr.

Hver þau störf viðkomandi yfirvalds varðandi löggildingu þjónustumanna svo og söfnun og dreifingu upplýsinga má framkvæma á þann hátt, að þau eða hluti þeirra séu falin aðalsamtökum eða yfirvöldum, er framkvæma hliðstæð störf varðandi sjómenn almennt.

14. gr.

Formlegar fullgildingar á samþykkt þessari skal senda forstjóra Alþjóðavinnumálaskrifstofunnar til skrásetningar.

15. gr.

1. Samþykkt þessi skal einungis vera bindandi fyrir þá meðlimi Alþjóðavinnumálastofnunarinnar, sem látið hafa forstjóra skrá fullgildingarskjöl sín.

2. Hún skal öðlast gildi 6 mánuðum eftir að níu þeirra ríkja, sem hér eru talin, hafa látið skrásetja fullgildingar sínar: Argentína, Ástralía, Belgía, Bandaríki Ameríku, Brazilía, Chile, Danmörk, Finnland, Frakkland, Grikkland, Holland, Indland, Írland, Ítalía, Jugoslavía, Kanada. Kína, Noregur, Pólland, Portugal, Sameinaða konungsríki Stóra-Bretlands og Norður-Írlands, Svíþjóð og Tyrkland, og skulu í hópi þeirra vera a. m. k. fimm ríki, sem eigi hvert um sig að minnsta kosti milljón smálesta skipastól. Er þetta ákvæði sett hér til þess að auðvelda og flýta fyrir fullgildingu aðildarríkjanna á samþykkt þessari.

3. Síðan skal samþykktin öðlast gildi, að því er snertir hvern meðlim, sex mánuðum eftir að fullgilding hans hefur verið skráð.

16. gr.

1. Meðlimur, sem fullgilt hefur samþykkt þessa, má segja henni upp að tíu árum liðnum, frá því að hún öðlaðist upphaflega gildi, með tilkynningu, er senda skal forstjóra Alþjóðavinnumálaskrifstofunnar til skrásetningar. Slík uppsögn skal eigi gilda fyrr en einu ári eftir skrásetningu hennar.

2. Nú hefur meðlimur fullgilt samþykkt þessa, en notfærir sér ekki innan þess árs, er kemur næst á eftir þeim tíu ára fresti, sem um getur í fyrri málsgrein, réttindi þau til uppsagnar, sem ráð er fyrir gert í þessari grein, og skal hann þá bundinn af henni í önnur tíu ár, en má að þeim loknum segja henni upp, svo og eftir hvert tíu ára tímabil, svo sem ráð er fyrir gert í þessari grein.

17. gr.

1. Forstjóri Alþjóðavinnumálaskrifstofunnar skal tilkynna meðlimum Alþjóðavinnumálastofnunarinnar um skrásetningu allra fullgildingarskjala og uppsagna, sem meðlimir stofnunarinnar hafa sent til hans.

2. Þegar forstjóri tilkynnir meðlimum stofnunarinnar skrásetningu hinnar síðustu fullgildingar, sem þarf, til þess að samþykktin öðlist gildi, skal hann vekja athygli þeirra á, hvaða dag samþykktin öðlast gildi.

18. gr.

Forstjóri Alþjóðavinnumálaskrifstofunnar skal senda aðalritara Sameinuðu þjóðanna til skrásetningar samkvæmt 102. gr. stofnskrár Sameinuðu þjóðanna allar upplýsingar um fullgildingar og uppsagnir, sem hann hefur skrásett í samræmi við ákvæði næstu greina hér á undan.

19. gr.

Í lok hvers tíu ára tímabils, frá því er þessi samþykkt öðlaðist gildi, skal stjórnarnefnd Alþjóðavinnumálaskrifstofunnar leggja fyrir vinnumálaþing skýrslu um framkvæmd samþykktarinnar, og skal hún jafnframt athuga það, hvort æskilegt sé að setja á dagskrá þingsins tillögur um endurskoðun hennar allrar eða hluta hennar.

20. gr.

1. Ef þingið gerir nýja samþykkt um breytingu á samþykkt þessari allri eða hluta hennar, skal, nema öðruvísi verði ákveðið í hinni nýju samþykkt:

a. fullgilding meðlims á hinni nýju, endurskoðuðu samþykkt skoðast ipso jure sem tafarlaus uppsögn á þessari samþykkt, hvað sem ákvæðum 16. greinar hér að framan líður, svo framarlega sem eða frá því hin nýja, endurskoðaða samþykkt hefur öðlazt gildi;
b. meðlimum ekki heimilt að fullgilda þessa samþykkt, frá því er hin nýja, endurskoðaða samþykkt öðlast gildi.

2. Samþykkt þessi skal, hvað sem öðru líður, vera í gildi að formi til og efni hvað snertir þá meðlimi, sem hafa fullgilt hana, en ekki hina endurskoðuðu samþykkt.

21. gr.

Hinn enski og franski texti þessarar samþykktar skulu jafngildir.

Þetta er staðfestur texti samþykktar þeirrar, sem löglega var gerð á 28. þingi Alþjóðavinnumálastofnunarinnar, sem haldið var í Seattle og slitið 29. júní 1946.

Þessu til staðfestu höfum vér undirritað hann í dag, 30. ágúst 1946.

Forseti þingsins

Henry M. Jackson.

Settur forstjóri Alþjóðavinnumálaskrifstofunnar

Edward J. Phelan.

II. Samþykkt (nr. 69) varðandi löggildingu matsveina á skipum.

1. gr.

1. Samþykkt þessi nær til hafskipa, hvort heldur þau eru í eigu hins opinbera eða einstaklinga, sem annast flutninga á farmi eða farþegum í ágóðaskyni og skrásett eru innan landsvæða þeirra, sem samþykktin tekur til.

2. Í lögum eða reglugerðum hvers lands eða heildarsamningum milli vinnuveitenda og verkamanna, ef slík lög eða reglugerðir eru ekki fyrir hendi, skal ákveða, hvaða skip eða tegundir skipa skuli skoða sem hafskip í merkingu þessarar samþykktar.

2. gr.

Í samþykkt þessari skal „matsveinn á skipi“ þýða þann mann, sem beinlínis ber ábyrgð á matseld fyrir skipshöfnina.

3. gr.

1. Engan má ráða sem matsvein á nokkurt skip, sem samþykkt þessi nær til, nema hann hafi skírteini fyrir hæfni sinni til að vera matsveinn á skipi, og skal skírteinið útgefið í samræmi við ákvæði eftirfarandi greina.

2. Þó má hlutaðeigandi yfirvald veita undanþágu frá ákvæðum þessarar greinar, ef það álítur, að of fárra löggiltra matsveina sé völ.

4. gr.

1. Hlutaðeigandi yfirvald skal sjá um, að haldin séu próf og hæfnisskírteinum úthlutað.

2. Engum má veita hæfnisskírteini, nema:

a. hann hafi náð lágmarksaldri þeim, sem hlutaðeigandi yfirvald ákveður;
b. hann hafi starfað til sjós um lágmarkstíma, sem hlutaðeigandi yfirvald ákveður; og
c. hann hafi lokið prófi, sem hlutaðeigandi yfirvald fyrirskipar.

3. Í hinu fyrirskipaða prófi skal með verklegu prófi reyna hæfni nemanda til að búa til mat. Skal einnig prófa þekkingu hans á fæðugildi, hvort hann geti sett saman fjölbreyttar og samstilltar máltíðir og kunni að fara með og geyma matvæli um borð í skipi.

4. Hið fyrirskipaða próf má halda og skírteini veita, hvort heldur beinlínis hjá hlutaðeigandi yfirvaldi eða undir umsjá þess í viðurkenndum skóla fyrir matsveina eða í annarri viðurkenndri stofnun.

5. gr.

Þriðja grein samþykktar þessarar skal öðlast gildi að loknum eigi lengri tíma en þrem árum frá því samþykktin öðlaðist gildi fyrir landsvæði það, sem skipið er skrásett í. Þó má í landslögum eða reglugerðum kveða svo á, að sjómenn, sem unnið hafa með fullnægjandi vitnisburði sem matsveinar í tvö ár, áður en greindum tíma lauk, geti fengið skírteini fyrir slíkum störfum, er jafngildi hæfnisskírteini.

6. gr.

Hlutaðeigandi yfirvald má ákveða, að viðurkennd verði hæfnisskírteini, útgefin í öðrum löndum.

7.—14. gr.

(Samhljóða 14.—21. gr. í samþykkt nr. 68.)

III. Samþykkt (nr. 70) varðandi félagslegt öryggi sjómanna.

1. gr.

1. Í samþykkt þessari skulu eftirtalin orð skýrð þannig:

a. „sjómaður“ táknar hvern þann mann, sem vinnur um borð í eða er í þjónustu hafskipa, nema herskipa, sem skráð eru í löndum þeim, er samþykkt þessi nær til;
b. „skyldulið“ hefur þá merkingu, sem því orði er gefin í landslögum eða reglugerðum; og
c. „heimflutningur“ er flutningur sjómanns til hafnar þeirrar, er hann á kröfu til að verða aftur fluttur til samkvæmt landslögum eða reglugerðum.

2. Hvert aðildarríki um sig má í lögum sínum eða reglugerðum gera þær undanþágur, sem því þykja nauðsynlegar, varðandi:

a. menn, sem vinna um borð í eða eru í þjónustu
   (i) skipa hins opinbera, þegar þau eru ekki í kaupförum;
   (ii) fiskibáta, sem stunda veiðar með ströndum fram;

(iii) báta, sem minni eru en tuttugu og fimm rúmlestir;
(iv) frumstæðra timburskipa, svo sem „dhow“ eða „junk“; og
(v) skipa skráðra í Indlandi til strandferða og minni eru en 300 smálestir að stærð, þó eigi lengur en í fimm ár frá því að fullgilding Indlands á samþykkt þessari hefur verið skrásett.

b. fjölskyldu útgerðarmanns skips;
c. hafnsögumenn, sem ekki tilheyra skipshöfn;
d. menn, sem starfa um borð eða í þjónustu skipsins, en ráðnir eru af öðrum vinnuveitanda en útgerðarmanni, nema loftskeytamenn, matsveina og frammistöðumenn;
e. menn, sem starfa í höfn, en eru yfirleitt ekki til sjós;
f. launaða starfsmenn hins opinbera, sem njóta að minnsta kosti eins góðra kjara og gert er ráð fyrir í samþykkt þessari;
g. menn, sem ekki hljóta laun fyrir störf sín eða fá aðeins málamyndakaup;
h. menn, sem eingöngu starfa fyrir eigin reikning.

3. Þegar hlunnindi þau, sem ráð er fyrir gert í samþykkt þessari, eru í té látin á annan hátt en í samræmi við landslög eða reglugerðir um skyldu útgerðarmanns varðandi sjúkdóma, slys eða fráfall sjómanna, má veita þær frekari undanþágur í landslögum, reglugerðum eða heildarsamningum, sem nauðsynlegar þykja, um réttindi til slíkra hlunninda og öll framlög, að því er tekur til:

a. manna, sem eingöngu njóta ágóðahlutar;
b. manna, sem ráðnir eru á eða við fiskiskip og ekki hefur þegar verið leyft að undanþiggja samkvæmt 2. mgr. a. (ii) þessarar greinar, eða manna, sem ráðnir eru á eða við skip, sem stunda selveiðar;
c. manna, sem ráðnir eru á eða við hvalveiðaskip, fljótandi verksmiðjur, flutningaskip eða önnur skip til hvalveiða eða skyldra starfa, samkvæmt ákvæðum sérstaks heildarsamnings um hvalveiðar eða svipaðs samnings um launakjör, vinnutíma og skilmála, er hlutaðeigandi sjómannasamtök hafa gert;
d. manna, sem ráðnir eru á eða við skip, er ekki starfa að flutningi farms eða farþega í hagnaðarskyni; og
e. manna, sem ráðnir eru á eða við minni skip en 200 rúmlesta.

2. gr.

1. Sjómenn og skyldulið þeirra, sem heima eiga og eru í landi aðildarríkis, skulu njóta eftirfarandi hlunninda við vinnu á eða við skip, skrásett í því aðildarríki:

a. Sjómenn skulu eiga rétt á sjúkrahjálp eigi lakari en þeirri, sem iðnverkamenn njóta, að því er tekur til kjara, umfangs og tímalengdar. Njóti iðnverkamenn ekki slíkra hlunninda, skulu sjómenn eiga rétt á hæfilegri og nægilegri læknishjálp.
b. Sjómenn skulu eiga rétt á fjárstyrkjum vegna óhæfni til vinnu (hvort sem hún stafar af atvinnuslysi eða ekki), atvinnuleysis eða elli, og skulu þeir að því er snertir greiðslumáta, upphæð og varanleika ekki lakari en þeir, er iðnverkamenn eiga rétt á. Eigi iðnverkamenn ekki rétt á slíkum fjárstyrkjum, skulu sjómenn eiga kröfur á slíkum hlunnindum í hlutfalli við þarfir þeirra og skylduliðs þeirra, að teknu tilliti til framfærslukostnaðar í landinu;
c. skyldulið sjómanna skal eiga rétt á sjúkrahjálp, er eigi sé óhagstæðari en skyldulið iðnverkamanna nýtur, að því er tekur til kjara, umfangs og varanleika.
d. Við fráfall sjómanns skal skyldulið hans eiga rétt á fjárstyrk, eigi óhagstæðari að því er tekur til kjara, upphæðar og varanleika en þeirra, sem skyldulið iðnverkamanna á rétt til. Eigi skyldulið iðnverkamanna ekki rétt á fjárstyrk eftir fráfall verkamannsins, skal skyldulið sjómanns eiga rétt á slíkum styrk í hlutfalli við þarfir sínar, að teknu tilliti til framfærslukostnaðar í landinu.

2. Þar, sem sjúkrahjálp eða fjárstyrkir til sjómanna eða skylduliðs þeirra eru látin í té samkvæmt sérstökum reglum, skal samræma þær reglur (aðrar en þær, sem leiðir af ábyrgð útgerðarmanna) á hæfilegan hátt við eða fella þær inn í þær reglur, sem gilda um iðnverkamenn og skyldulið þeirra, enda séu veitt tilsvarandi hlunnindi og eigi lakari að því er varðar kjör, umfang og varanleika.

3. gr.

1. Sjómaður, búsettur í skráningarlandi skips, sem skilinn er eftir í öðru landi vegna slysa í þjónustu skipsins eða veikinda, sem honum er ekki viljandi að kenna, skal eiga rétt á:

a. sómasamlegri og nægilegri sjúkrahjálp, þar til hann er heill orðinn eða hefur verið fluttur heim, hvort sem fyrr verður;
b. fæði og húsnæði, unz hann getur fengið viðunandi vinnu eða er fluttur heim, hvort sem fyrr verður; og
c. heimflutningi.

2. Slíkur sjómaður skal einnig eiga rétt á styrk, er jafngildi fullu kaupi hans (að undanskildum uppbótum), þar til hann getur fengið viðunandi vinnu, hefur verið fluttur heim eða þar til liðinn er frestur sá, sem settur er í landslögum eða reglugerðum eða í heildarsamningum, hvert sem fyrst verður. Ekki má frestur þessi vera skemmri en 12 vikur. Líði fyrrgreindur frestur, áður en sjómaður getur fengið viðunandi vinnu eða hefur verið fluttur heim, skal hann eða skyldulið hans eiga rétt á öllum þeim hlunnindum samkvæmt lögboðinni skyldutryggingu eða verkamannatryggingu, sem átt hefði að veita, ef hann hefði verið staddur í skráningarlandinu. Sérhver þessara hlunninda, sem sjómanni eða skylduliði hans er veitt, áður en fyrrgreindur frestur er liðinn, má draga frá fyrrnefndum styrk.

4. gr.

Tryggja skal með samningum milli viðkomandi tryggingarkerfa, að maður haldi áunnum réttindum, þótt hann hætti að vera tryggður samkvæmt skyldufélagstryggingum sjómanna og verði tryggður samkvæmt tryggingakerfi fyrir landverkamenn eða öfugt.

5. gr.

Í landslögum og reglugerðum um ábyrgð útgerðarmanns vegna veikinda, slysa eða fráfalls sjómanns, skyldutrygginga gegn atvinnuslysum eða verkamannatryggginga, skyldutrygginga gegn veikindum og skyldutrygginga gegn atvinnuleysi skal tryggja jafnræði í meðferð sjómanna og skylduliðs þeirra, án tillits til þjóðernis eða kynþáttar.

6. gr.

1. Í landslögum og reglugerðum um ábyrgð útgerðarmanns vegna veikinda, slysa eða fráfalls sjómanns, skal tryggja jafnræði í meðferð sjómanna og skylduliðs þeirra, hvort sem þeir eru búsettir í skráningarlandi skips eða ekki.

2. Ef lög eða reglugerðir aðildarríkis varðandi ábyrgð útgerðarmanns veita sjómönnum búsettum erlendis ekki rétt til hlunninda þeirra, er getur í 1. mgr. 3. greinar, skal aðildarríki kveða á um þessi hlunnindi með öðrum lögum eða reglugerðum.

7. gr.

1. Í lögum og reglugerðum aðildarríkis varðandi sjúkrahjálp og styrkveitingar út af atvinnuslysi, skal ekki leggja á þá sjómenn eða skyldulið þeirra, sem búa í einhverju öðru aðildarríki, er samþykkt þessi nær til, neina skilmála eða takmarkanir, sem ekki gilda jafnt um sjómenn þá og skyldulið þeirra, sem búsettir eru í fyrra aðildarríkinu.

2. Þó skal engin slík aðstoð og engin iðgjöld til greiðslu kostnaðar af slíkum hlunnindum innt af hendi samkvæmt kerfi því, er ríkir í landi fyrrnefnds aðildar-

ríkis, ef þau eru innt af hendi vegna slíkra farmanna samkvæmt kerfi, er gildir í landi síðarnefnds aðildarríkis.

8. gr.

Til þess að auðvelda samfelldar tryggingar og til að komast hjá tvígreiðslu iðgjalda og tvöföldum hlunnindum, geta aðildarríki gert með sér samninga þess efnis, að þegnar eða íbúar annars ríkis, er ráðnir eru á eða við skip skráð í hinu ríkinu, skuli hlíta vátryggingar- eða bótakerfi fyrra ríkisins og vera því útilokaðir frá tilsvarandi kerfi hins síðara.

9. gr.

Ekkert atriði í samþykkt þessari skal hafa áhrif á nokkur lög, úrskurði, venjur eða samninga milli útgerðarmanna og sjómanna, er tryggi sjómönnum betri kjör en þau, sem ákveðin eru í samþykkt þessari.

10. gr.

1. Veita má 2. málsgrein 3. greinar þessarar samþykktar gildi a) með lögum eða reglugerðum, b) með heildarsamningum milli viðurkenndra félaga útgerðarmanna eða útgerðarmanna og sjómanna, enda nái þau til allra sjómanna, er nefnd málsgrein tekur til, eða c) sameiginlega með lögum eða reglugerðum og heildarsamningum milli viðurkenndra samtaka útgerðarmanna eða útgerðarmanna og viðurkenndra samtaka sjómanna, enda nái þau til allra sjómanna, er nefnd málsgrein tekur til. Sé ekki öðruvísi ákveðið í samþykkt þessari, skal hún ná til allra skráðra skipa þeirra aðildarríkja, sem fullgilt hafa hana, svo og til allra manna, er ráðnir eru á slík skip.

2. Sérhvert aðildarríki, sem fullgildir þessa samþykkt, skal láta forstjóra Alþjóðavinnumálaskrifstofunnar í té upplýsingar um ráðstafanir þær, sem gerðar eru til að framfylgja henni, þar á meðal upplýsingar um alla heildarsamninga, þar sem einhver ákvæði hennar eru tekin upp og í gildi eru, þegar aðildarríkið fullgildir samþykktina.

3. Sérhvert aðildarríki, sem fullgildir þessa samþykkt, er skuldbundið til að senda þrískipta sendinefnd til þátttöku í störfum hverrar þeirrar nefndar, er sett kann að vera á stofn til að rannsaka þær ráðstafanir, sem gerðar eru til að framfylgja þessari samþykkt og skipuð er fulltrúum ríkisstjórna og fulltrúum félaga útgerðarmanna og sjómanna, svo og ráðgefandi fulltrúum frá Siglingamálanefnd Alþjóðavinnumálaskrifstofunnar.

4. Forstjórinn mun leggja fyrir umrædda nefnd yfirlit yfir upplýsingar þær, sem hann hefur fengið samkvæmt 2. málsgrein hér að framan.

5. Nefnd þessi skal athuga, hvort heildarsamningar þeir, sem henni eru tilkynntir, veiti ákvæðum samþykktarinnar fullt gildi. Sérhvert aðildarríki, sem fullgildir samþykktina, skuldbindur sig til að taka tillit til allra athugasemda og tillagna, sem nefndin kann að gera varðandi framkvæmd samþykktarinnar, svo og til að vekja athygli samtaka vinnuveitenda og verkamanna, sem aðilar eru að hverjum þeim heildarsamningum, sem um getur í 1. málsgrein, á öllum athugasemdum og tillögum fyrrgreindrar nefndar um, að hve miklu leyti slíkir samningar gefa ákvæðum samþykktarinnar gildi.

11. gr.

(Samhljóða 14. gr. í samþykkt nr. 68.)

12. gr.

1. (Samhljóða 1. mgr. 15. gr. í samþykkt nr. 68.)

2. Samþykktin öðlast gildi sex mánuðum eftir að sjö þeirra ríkja, sem hér eru talin, hafa látið skrásetja fullgildingar sínar: Argentína, Ástralía, Belgía, Bandaríki Ameríku, Brazilía, Chile, Danmörk, Finnland, Frakkland, Grikkland, Holland, Indland, Írland, Ítalía, Jugoslavía, Kanada, Kína, Noregur, Pólland, Portúgal, Sameinn-

aða konungsríki Stóra-Bretlands og N.-Írlands, Svíþjóð og Tyrkland, og skulu í hópi þeirra vera a. m. k. fjögur ríki, sem eigi hvert um sig að minnsta kosti milljón smálesta skipastól. Er þetta ákvæði sett hér til þess að auðvelda og flýta fyrir fullgildingu aðildarríkjanna á samþykkt þessari.

3. (Samhljóða 3. mgr. 15. gr. samþykktar nr. 68.)

13.—18. gr.

(Samhljóða 16.—21. gr. samþykktar nr. 68.)

IV. Álitsgerð (nr. 75) um samninga varðandi félagsöryggi farmanna.

Þingið mælir með því, að meðlimir stofnunarinnar beiti þeim reglum, sem hér fara á eftir, og gefi Alþjóðavinnumálaskrifstofunni, að beiðni stjórnarnefndar, skýrslu um þær ráðstafanir, sem gerðar hafa verið í því skyni.

1. Aðildarríki ættu að gera með sér samninga í því skyni að tryggja það, að sjómenn eins ríkis, sem vinna á eða við skip annars ríkis, haldi annaðhvort áfram að njóta réttinda samkvæmt skyldutryggingum fyrir félagsöryggi eða bótatryggingum verkamanna innan síns eigin ríkis eða innan samsvarandi tryggingakerfis hins ríkisins.

2. Í slíkum samningum mætti til dæmis gera ráð fyrir, að aðildarríki kæmu fram sem umboðsmenn hvers annars að því er varðar að taka við kröfum, útvega nauðsynlegar sannanir og inna af höndum greiðslur eða þjónustu til aðstoðar sjómönnum eða skylduliði þeirra, sem rétt eiga á slíkri aðstoð samkvæmt tryggingalöggjöf eins aðildarríkis, en dvelja innan annars aðildarríkis. Einnig gætu slíkir samningar náð til yfirfærslna á greiðslum, framkvæmda á reglum samþykktar frá 1935 um eftirlaunarétt út- og innflytjenda eða þessara framkvæmda allra í sameiningu.

3. Þegar sjómenn, búsettir innan aðildarríkis, eru ráðnir á eða við skip skrásett í öðru aðildarríki, verða fyrir atvinnuslysi og eru ekki tryggðir annaðhvort með bótatryggingu verkamanna eða samkvæmt öðru kerfi, ætti síðarnefnda ríkið að gera ráðstafanir til að tryggja það, að þeir njóti fullkominnar tryggingar, annaðhvort með samningum við fyrrnefnda ríkið eða á annan hátt.

4. Þegar útgerðarmenn í aðildarríki gerast aðilar að heildarsamningum um hlunnindi til sjómanna, búsettra í því ríki, umfram þau hlunnindi, sem fyrirskipuð eru í landslögum eða reglugerðum, og ráða til sín sjómenn, búsetta í öðru aðildarríki, þá ættu slík aukahlunnindi einnig að koma slíkum erlendum sjómönnum til góða.

V. Álitsgerð (nr. 76) um sjúkrahjálp handa skylduliði sjómanna.

Þingið mælir með því, að aðildarríki stofnunarinnar leitist við að sjá fyrir hæfilegri og nægilegri sjúkrahjálp handa skylduliði sjómanna, meðan eigi er fyrir hendi sjúkratryggingarkerfi, sem nær til verkamanna yfirleitt og skylduliðs þeirra. Skulu aðildarríkin gefa Alþjóðavinnumálaskrifstofunni, að beiðni stjórnarnefndar, skýrslu um þær ráðstafanir, sem í þessu skyni eru gerðar.

VI. Samþykkt (nr. 71) um eftirlaun sjómanna.

1. gr.

Í samþykkt þessari skal „sjómaður“ tákna hvern þann mann, sem vinnur um borð í eða er í þjónustu hafskipa, nema herskipa, sem skráð eru í löndum þeim, er samþykkt þessi nær til.

2. gr.

1. Sérhvert aðildarríki Alþjóðavinnumálastofnunarinnar, sem samþykkt þessi nær til, skal í samræmi við landslög eða reglugerðir koma upp eða tryggja, að komið verði á fót kerfi til greiðslu eftirlauna til sjómanna, þegar þeir láta af sjóferðum.

2. Í kerfi þessu má gera ráð fyrir þeim undantekningum, sem aðildarríki telur nauðsynlegar, varðandi:

a. menn, sem vinna um borð í eða eru í þjónustu
   (i) skipa hins opinbera, þegar þau eru ekki í kaupförum;
   (ii) skipa, sem ekki annast flutninga á farþegum eða farmi í hagnaðarskyni;
   (iii) fiskiskipa;
   (iv) selveiðiskipa;
   (v) skipa, sem eru minni en 200 rúmlestir;
   (vi) timburskipa af frumstæðri gerð, svo sem „dhow" og „junk";
   (vii) skipa skráðra í Indlandi til strandferða og minni eru en 300 smálestir að stærð, þó eigi lengur en fimm ár frá því að fullgilding Indlands á samþykkt þessari hefur verið skrásett;
b. fjölskyldu útgerðarmanns;
c. hafnsögumenn, sem ekki tilheyra skipshöfn;
d. menn, sem starfa um borð eða í þjónustu skipsins, en ráðnir eru af öðrum vinnuveitanda en útgerðarmanni, nema loftskeytamenn og þjónustulið;
e. menn, sem starfa í höfn, en eru yfirleitt ekki til sjós;
f. launaða starfsmenn hins opinbera, sem njóta kjara, er jafngildi þeim, er samþykkt þessi gerir ráð fyrir;
g. menn, sem ekki hljóta laun fyrir störf sín eða fá aðeins málamyndakaup eða eingöngu ágóðahluta;
h. menn, sem eingöngu starfa fyrir eigin reikning;
i. menn, sem ráðnir eru á eða við hvalveiðaskip, fljótandi verksmiðjur, flutningaskip eða önnur skip til hvalveiða eða skyldra starfa, samkvæmt ákvæðum sérstaks heildarsamnings um hvalveiðar eða svipaðs samnings um launakjör, vinnutíma og önnur vinnuskilyrði, er hlutaðeigandi sjómannasamtök gera;
j. menn, sem eigi eru búsettir innan aðildarríkis;
k. menn, sem ekki eru þegnar aðildarríkis.

3. gr.

1. Kerfið skal fullnægja öðru hvoru eftirtalinna skilyrða:

a. eftirlaun þau, sem veitt eru samkvæmt kerfinu:
   (i) skulu greidd sjómönnum, sem lokið hafa fyrirskipuðum starfstíma til sjós, þegar þeir ná 55 eða 60 ára aldri, eftir því sem ráð er fyrir gert í kerfinu; og
   (ii) skulu, ásamt hverjum öðrum eftirlaunum samkvæmt félagstryggingum, sem samtímis eiga að greiðast lífeyrisþega, ekki nema minni heildarupphæð en þeirri, er fæst með því að reikna fyrir hvert sjómennskuár 1½ af hundraði launa þeirra, sem lögð voru til grundvallar iðgjaldagreiðslum fyrir hann það ár, ef í tryggingakerfinu er gert ráð fyrir eftirlaunagreiðslum frá 55 ára aldri, eða 2%, ef gert er ráð fyrir 60 ára aldri — eða —
b. kerfið geri ráð fyrir eftirlaunum, sem fjár sé aflað til, ásamt fé til annarra félagstryggðra ellilauna, sem jafnframt eiga að greiðast bótaþega, svo og önnur greiðslukræf hlunnindi til skylduliðs (svo sem greinir í landslögum og reglugerðum) látins bótaþega, með lágmarkstekjum frá öllum tekjulindum, er nemi eigi minna en 10% af heildarlaunum þeim, sem iðgjöld eru greidd eftir til tryggingakerfisins.

2. Sjómenn skulu sameiginlega eigi leggja fram meir en helming kostnaðar við eftirlaun þau, sem greiðast eiga samkvæmt kerfinu.

4. gr.

1. Í tryggingakerfinu skal gera hæfileg ákvæði um, að réttindi þau, sem menn afla sér samkvæmt því, skuli haldast, þótt þeir hætti að heyra undir það, eða um greiðslu til slíkra manna, er svari til iðgjalda, er greidd hafa verið vegna þeirra.

2. Í kerfinu skal leyfður áfrýjunarréttur á öllum deilumálum, sem rísa kunna út af því.

3. Í kerfinu má hafa ákvæði um missi réttinda, algeran eða tímabundinn, til eftirlauna, allra eða hluta þeirra, ef aðili hefur haft svik í frammi.

4. Útgerðarmenn og sjómenn, sem þátt taka í kostnaði við eftirlaunin, sem til greiðslu falla, skulu eiga rétt á að taka þátt í stjórn tryggingakerfisins fyrir milligöngu fulltrúa sinna.

5. gr.

(Samhljóða 14. gr. í samþykkt nr. 68.)

6. gr.

1. (Samhljóða 1. mgr. 15. gr. í samþykkt nr. 68.)

2. Samþykktin öðlast gildi sex mánuðum eftir að fimm þeirra ríkja, sem hér eru talin, hafa látið skrásetja fullgildingar sínar: Argentína, Ástralía, Belgía, Bandaríki Ameríku, Brazilía, Chile, Danmörk, Finnland, Frakkland, Grikkland, Holland, Indland, Írland, Ítalía, Jugoslavía, Kanada, Kína, Noregur, Pólland, Portugal, Sameinaða konungsríki Stóra-Bretlands og Norður-Írlands, Svíþjóð og Tyrkland, og skulu í hópi þeirra vera a. m. k. þrjú ríki, sem eigi hvert um sig að minnsta kosti milljón smálesta skipastól. Er þetta ákvæði sett hér til þess að auðvelda og flýta fyrir fullgildingu aðildarríkjanna á samþykkt þessari.

3. (Samhljóða 3. mgr. 15. gr. í samþykkt nr. 68.)

VII. Samþykkt (nr. 72) um orlof með launum fyrir farmenn.

1. gr.

1. Samþykkt þessi nær til allra vélknúinna hafskipa, sem stunda flutninga á mönnum eða munum í atvinnuskyni og skráð eru innan landsvæðis, er samþykkt þessi nær til, hvort sem þau eru í eigu hins opinbera eða einstaklinga.

2. Í landslögum eða reglugerðum skal það ákvarðað, hvaða skip beri að skoða sem hafskip.

3. Samþykkt þessi nær ekki til:

a. tréskipa af frumstæðri gerð, svo sem „dhow“ og „junk“;
b. skipa, sem stunda fiskveiðar eða störf nátengd þeim, selveiðar eða aðra hliðstæða atvinnu;
c. skipa til siglinga í árósum.

4. Í landslögum og reglugerðum eða heildarsamningum má ákveða, að skip, minni en 200 brúttó rúmlestir, verði undanþegin ákvæðum samþykktar þessarar.

2. gr.

1. Samþykkt þessi nær til allra manna, sem stunda einhver störf um borð í skipi, nema:

a. hafnsögumanna, sem ekki tilheyra skipshöfn;
b. lækna, sem ekki tilheyra skipshöfn;
c. hjúkrunarliðs, sem eingöngu fæst við hjúkrun, og spítalafólks, sem ekki tilheyrir skipshöfn;
d. manna, sem eingöngu vinna fyrir eigin reikning eða taka laun sín aðeins í hluta af ágóða eða tekjum;
e. manna, sem ekki fá laun fyrir störf sín eða fá aðeins málamyndalaun;
f. manna, sem ráðnir eru til starfa um borð af öðrum vinnuveitanda en útgerðarmanni, nema loftskeytamanna eða starfsmanna loftskeytafélaga;
g. hafnarverkamanna, sem ferðast með skipinu, en tilheyra ekki skipshöfn;
h. manna, sem ráðnir eru á hvalveiðaskip, fljótandi verksmiðjur eða á annan hátt til hvalveiða eða skyldra starfa, samkvæmt ákvæðum sérstaks heildarsamnings

um hvalveiðar eða svipaðs samnings um launakjör, vinnutíma og skilmála, er sjómannasamtök hafa gert;

i. manna, sem vinna í höfn og eru ekki venjulega til sjós.

2. Hlutaðeigandi yfirvald má, að höfðu samráði við samtök útgerðarmanna og farmanna, sem hlut eiga að máli, undanþiggja skipstjóra, fyrstu stýrimenn og yfirvélstjóra samþykkt þessari, enda njóti þeir að landslögum eða reglugerðum eða samkvæmt heildarsamningum eigi lakari kjara hvað snertir árlegt orlof en þeirra, sem í samþykkt þessari greinir.

3. gr.

1. Allir þeir, sem samþykkt þessi nær til, skulu eftir tólf mánaða samfellt starf eiga rétt á árlegu orlofi með launum, og skal orlof þetta vera:

a. fyrir skipstjóra, yfirmenn og loftskeytamenn eigi skemmra en átján virkir dagar fyrir hvert starfsár;

b. fyrir aðra skipverja eigi skemmra en tólf virkir daga fyrir hvert starfsár.

2. Þegar maður, sem hefur unnið samfellt a. m. k. í sex mánuði, lætur af því starfi, skal hann eiga rétt á orlofi í einn og hálfan dag fyrir hvern mánuð, sem hann hefur unnið, sé um skipstjóra, yfirmenn eða loftskeytamenn að ræða, en einum degi virkum, sé um aðra skipsmenn að ræða.

3. Nú er manni vikið úr starfi að ósekju, áður en hann hefur unnið í sex mánuði samfellt, og skal hann þá, er hann lætur af því starfi, eiga kröfu á einum og hálfum virkum fridegi fyrir hvern mánuð, er hann hefur unnið, sé um skipstjóra, yfirmenn eða loftskeytamenn að ræða, en einum degi virkum, sé um aðra skipsmenn að ræða.

4. Við útreikning á því, hvenær réttur til orlofs hefst, skal:

a. telja störf utan samningsbundins starfstíma með samfelldum störfum;

b. ekki telja, að stutt hlé á starfi komi í veg fyrir, að starfstíminn fyrir og eftir hléið teljist samfelldur, enda stafi það ekki af breytni eða yfirsjón starfsmannsins og fari ekki fram úr sex vikum á hverjum tólf mánuðum;

c. ekki telja, að samfellt starf hafi slitnað, þótt skipt hafi verið um framkvæmdastjórn eða eigendur að skipi því eða skipum, sem viðkomandi hefur starfað við.

5. Ekki skal telja með orlofi með launum:

a. almenna og venjulega frídaga;

b. starfshlé vegna veikinda eða slysa.

6. Í landslögum eða reglugerðum eða heildarsamningum má kveða svo á, að árlegu orlofi samkvæmt samþykkt þessari megi skipta eða leggja megi eins árs orlof við orlof næsta árs.

7. Í landslögum, reglugerðum eða heildarsamningum má kveða svo á, að þegar alveg sérstaklega stendur á og nauðsynlegt er vegna starfsins, megi láta peningagreiðslu koma í stað árlegs orlofs samkvæmt samþykkt þessari, og skal hún þá eigi lægri en greiðsla sú, sem ráð er fyrir gert í 5. grein.

4. gr.

1. Þegar að því kemur að veita árlegt orlof, skal það veitt eftir gagnkvæmu samkomulagi við fyrstu hentugleika, eftir því sem störfin leyfa.

2. Engan má skylda til að taka árlegt orlof í höfn utan þess lands, er hann var ráðinn á skip, eða heimalands hans, nema hann sjálfur samþykki það. Að fullnægðum þessum skilyrðum skal veita orlofið í höfn, sem heimilt er samkvæmt landslögum eða reglugerðum eða heildarsamningi.

5. gr.

1. Allir, sem orlof taka samkvæmt 3. grein þessarar samþykktar, skulu fá venjuleg laun sín allan orlofstímann.

2. Með venjulegum launum, sem greiða ber samkvæmt fyrri málsgrein, skal telja hæfilega fæðispeninga, sem reikna skal á þann hátt, er ákveðið sé í landslögum eða reglugerðum eða ákveðnir í heildarsamningum.

6. gr.

Að undanteknum ákvæðum 7. liðs 3. greinar skulu allir samningar um afsal réttinda til orlofs með launum eða niðurfellingu þess réttar vera ógildir.

7. gr.

Maður, sem fer úr starfi eða er vikið úr starfi, áður en hann hefur tekið sér orlof það, sem hann á rétt til, skal hljóta laun þau, sem ráð er fyrir gert í 5. grein, fyrir hvern orlofsdag, er hann á inni.

8. gr.

Hvert það aðildarríki, sem fullgildir samþykkt þessa, skal sjá um, að ákvæðum hennar sé að fullu framfylgt.

9. gr.

Ekkert í samþykkt þessari skal hafa áhrif á nokkur lög, úrskurði, venjur eða samninga milli útgerðarmanna og farmanna, er tryggja betri kjör en ákveðin eru í samþykkt þessari.

10. gr.

1. Samþykkt þessari má veita gildi a) með lögum eða reglugerðum; b) með heildarsamningum milli útgerðarmanna og farmanna; eða c) með lögum eða reglugerðum og slíkum heildarsamningum í sameiningu. Ákvæði samþykktar þessarar skulu ná til allra skipa, sem skrásett eru innan aðildarríkis, er hefur fullgilt hana, og allra þeirra, er ráðnir eru á slík skip, nema öðruvísi sé kveðið á í henni sjálfri.

2. Ef einhverjum ákvæðum samþykktar þessarar hefur verið veitt gildi með heildarsamningi samkvæmt 1. málsgrein þessarar greinar, skal aðildarríki því, er sá samningur gildir innan, ekki bera skylda til að gera neinar ráðstafanir í sambandi við ákvæði 8. greinar, hvað sem ákvæðum hennar líður að því er tekur til þeirra atriða samþykktarinnar, sem upp í samninga hafa verið tekin.

3. Sérhvert aðildarríki, sem fullgildir þessa samþykkt, skal láta forstjóra Alþjóðavinnumálaskrifstofunnar í té upplýsingar um ráðstafanir þær, sem gerðar eru til að framfylgja henni, þar á meðal upplýsingar um alla heildarsamninga, þar sem ákvæði hennar eru tekin upp og í gildi eru, þegar aðildarríkið fullgildir samþykktina.

4. Sérhvert aðildarríki, sem fullgildir þessa samþykkt, er skuldbundið til að senda þrískipta sendinefnd til þátttöku í störfum hverrar þeirrar nefndar, er sett kann að vera á stofn til að rannsaka þær ráðstafanir, sem gerðar eru til að framfylgja þessari samþykkt og skipuð er fulltrúum ríkisstjórna og fulltrúum félaga útgerðarmanna og farmanna, svo og ráðgefandi fulltrúum frá Siglingamálanefnd Alþjóðavinnumálaskrifstofunnar.

5. Forstjórinn mun leggja fyrir umrædda nefnd yfirlit yfir upplýsingar þær, sem hann hefur fengið samkvæmt 3. málsgrein hér að framan.

6. Nefnd þessi skal athuga, hvort heildarsamningar þeir, sem henni eru tilkynntir, veiti ákvæðum samþykktarinnar fullt gildi. Sérhvert aðildarríki, sem fullgildir samþykktina, skuldbindur sig til að taka tillit til allra athugasemda og tillagna, sem nefndin kann að gera varðandi framkvæmd samþykktarinnar, svo og til að vekja athygli samtaka vinnuveitenda og verkamanna, sem aðilar eru að heildarsamningum þeim, sem um getur í 1. málsgrein, á öllum athugasemdum og tillögum fyrrgreindrar nefndar um, að hve miklu leyti slíkir samningar gefa ákvæðum samþykktarinnar gildi.

11. gr.

Að því er snertir 17. grein í Samþykkt um orlof með launum (fyrir sjómenn) 1936 skal þessi samþykkt skoðast sem endurskoðun á þeirra samþykkt.

12.—19. gr.

(Samhljóða 14.—21. gr. samþykktar nr. 68.)

VIII. Samþykkt (nr. 73) um læknisskoðun farmanna.

1. gr.

1. Samþykkt þessi nær til allra hafskipa, sem stunda flutninga á mönnum eða munum í atvinnuskyni og skráð eru innan landsvæða, sem samþykkt þessi nær til, hvort sem þau eru í eigu hins opinbera eða einstaklinga.

2. Í landslögum eða reglugerðum skal ákveða, hvaða skip beri að skoða sem hafskip.

3. Samþykkt þessi nær ekki til:

a. skipa undir 200 brúttó rúmlesta stærð;
b. tréskipa af frumstæðri gerð, svo sem „dhow“ og „junk“.
c. fiskiskipa;
d. skipa til siglinga í árósum.

2. gr.

Samþykkt þessi skal í engu skerða þær ráðstafanir, sem gera ber til að tryggja góð heilsufar manna þeirra, er hér á eftir eru taldir, og að þeir ekki stofni heilsu annarra á skipinu í hættu, og skal hún gilda fyrir alla, sem ráðnir eru til starfa á skipinu, að undanteknum:

a. hafnsögumanni, sem ekki er meðlimur skipshafnar;
b. mönnum, sem ráðnir eru til starfa um borð af öðrum vinnuveitanda en útgerðarmanni, nema loftskeytamenn eða starfsmenn loftskeytafélags;
c. hafnarverkamönnum, sem ferðast með skipinu, en tilheyra ekki skipshöfn;
d. mönnum, sem starfa í höfnum, en eru ekki venjulega til sjós.

3. gr.

1. Engan þeirra, sem samþykkt þessi nær til, má ráða til starfa á skipi, sem samþykktin tekur til, nema hann sýni vottorð, er sanni hæfni hans til verka þeirra, er hann á að vinna til sjós, undirritað af starfandi lækni, eða ef vottorðið er eingöngu sjónvottorð, af manni, sem af hlutaðeigandi yfirvaldi er löggiltur til að gefa slíkt vottorð út.

2. Þó má í tvö ár eftir að samþykkt þessi kemur til framkvæmda varðandi það ríki, sem hlut á að máli, ráða mann án slíks skilyrðis, ef hann færir sönnur á, að hann hafi verið starfandi á hafskipi, sem samþykkt þessi nær til, um talsverðan hluta næstliðinna tveggja ára.

4. gr.

1. Hlutaðeigandi yfirvald skal, að höfðu samráði við þau samtök útgerðarmanna og farmanna, sem hlut eiga að máli, fyrirskipa, á hvern hátt framkvæma skuli læknisskoðun þá, sem gera á, og hvaða atriði skuli tekin upp í læknisvottorð.

2. Við ákvarðanir um framkvæmd læknisskoðunarinnar skal taka hæfilegt tillit til aldurs þeirra manna, sem skoðaðir verða, og starfa, sem þeir eiga að vinna.

3. Einkum skal í læknisvottorði votta:

a. að heyrn og sjón svo og litarsýn þeirra, sem á þilfari starfa, sé í lagi (nema um sérstaka starfsmenn sé að ræða, sem ekki er líklegt, að leysi störf sín lakar af höndum, þótt litarsýn þeirra sé ábótavant); og
b. að farmaðurinn þjáist ekki af neinum sjúkdómi, sem versnað gæti af sjómennskustarfi eða geti orðið til að gera hann ófæran til sjómennsku eða stofna heilbrigði annarra manna á skipinu í voða.

5. gr.

1. Læknisvottorð skal eigi gilda lengur en tvö ár frá útgáfudegi.

2. Vottorð um litarsýn skal eigi gilda lengur en sex ár frá útgáfudegi.

3. Renni gildistími vottorðs út á meðan á sjóferð stendur, skal vottorðið þó gilda, þar til ferðinni lýkur.

6. gr.

1. Þegar sérstaklega stendur á, má hlutaðeigandi yfirvald leyfa, að maður sé ráðinn til einnar ferðar, enda þótt ákvæðum fyrirfarandi greina sé ekki fullnægt.
2. Þegar svo stendur á, skulu ráðningarkjör vera hin sömu og gilda mundu um farmenn í sama flokki, sem hafa læknisvottorð.
3. Ráðning samkvæmt þessari grein skal síðar meir ekki látin gilda sem fyrri ráðning, samkvæmt ákvæðum 3. greinar.

7. gr.

Hlutaðeigandi yfirvald má ákveða, að í stað læknisvottorðs komi yfirlýsing í þar til ætluðu formi, um að hið tilskilda vottorð hafi verið gefið.

8. gr.

Gera skal ráðstafanir til þess, að maður, sem neitað hefur verið um vottorð að aflokinni rannsókn, geti sótt um rannsókn hjá yfirlækni eða yfirlæknum, er óháðir séu öllum útgerðarmönnum eða samtökum útgerðarmanna eða farmanna.

9. gr.

Öll skyldustörf hlutaðeigandi yfirvalds eða hluta þeirra samkvæmt samþykkt þessari má, að höfðu samráði við samtök útgerðarmanna og farmanna, fela stofnun eða yfirvaldi, sem hefur á hendi svipuð störf varðandi farmenn almennt.

10. gr.

(Samhljóða 14. gr. í samþykkt nr. 68.)

11. gr.

1. (Samhljóða 1. málsgr. 15. gr. í samþykkt nr. 68.)
2. Hún skal öðlast gildi sex mánuðum eftir að sjö þeirra ríkja, sem hér eru talin, hafa látið skrásetja fullgildingar sínar: Argentína, Ástralía, Belgía, Bandaríki Ameríku, Brazilía, Chile, Danmörk, Finnland, Frakkland, Grikkland, Holland, Indland, Írland, Ítalía, Jugoslavía, Kanada, Kína, Noregur, Pólland, Portugal, Sameinaða konungsríki Stóra Bretlands og Norður-Írlands, Svíþjóð og Tyrkland, og skulu í hópi þeirra vera a. m. k. fjögur ríki, sem eigi hvert um sig að minnsta kosti milljón smálesta skipastól. Er þetta ákvæði sett hér til þess að auðvelda og flýta fyrir fullgildingu aðildarríkjanna á samþykkt þessari.
3. (Samhljóða 3. mgr. 15. gr. í samþykkt nr. 68.)

12.—17. gr.

(Samhljóða 16.—21. gr. í samþykkt nr. 68.)

IX. Samþykkt (nr. 74) um hæfnisvottorð fullgildra háseta.

1. gr.

Engan má ráða sem fullgildan háseta á neitt skip, nema hann sé að landslögum eða reglugerðum dæmdur hæfur til að inna af hendi öll störf, sem krefjast má af skipverjum, sem starfa ofan þilja, öðrum en yfirmönnum, bátsmönnum eða sérstökum starfsmönnum, nema hann hafi hæfnisskírteini sem fullgildur háseti, útgefið í samræmi við eftirfarandi greinar.

2. gr.

1. Hlutaðeigandi yfirvald skal láta halda próf og láta gefa út hæfnisvottorð.
2. Engum má veita hæfnisvottorð nema:

a. hann hafi náð lágmarksaldri þeim, er hlutaðeigandi yfirvald ákveður;

b. hann hafi unnið til sjós á þilfari um lágmarkstíma þann, sem hlutaðeigandi yfirvald ákveður; og
c. hann hafi lokið kunnáttuprófi, sem hlutaðeigandi yfirvald fyrirskipar.

3. Hinn ákveðni lágmarksaldur skal eigi vera lægri en átján ár.

4. Hinn ákveðni lágmarksstarfstími til sjós skal eigi vera lægri en þrjátíu og sex mánuðir. Þó má hlutaðeigandi yfirvald:
a. leyfa mönnum, sem ekki hafa starfað skemur en tuttugu og fjóra mánuði til sjós og lokið með góðum árangri námskeiði í viðurkenndum vinnuskóla, að telja slíkt nám eða hluta þess með sjómennskustörfum; og
b. leyfa mönnum, sem þjálfun hafa hlotið á viðurkenndum skólahafskipum í átján mánuði, að fá hæfnisskírteini fullgildra háseta, hafi þeir lokið slíku námi með góðum vitnisburði.

5. Í hinu fyrirskipaða prófi skal afla raunhæfrar þekkingar á kunnáttu umsækjanda í sjómennsku og hæfni hans til að leysa tilhlýðilega af hendi öll störf, sem krefjast má af fullgildum háseta, þ. á m. að stjórna björgunarbáti. Skal prófinu svo háttað, að sá, sem það stenzt, geti fengið sérstakt skírteini björgunarbátsmanns, svo sem ráð er fyrir gert í 22. grein alþjóðasamþykktar um lífsöryggi á sjó, 1929, eða í tilsvarandi ákvæði síðari samþykkta um breytingar á þeirri samþykkt eða koma í hennar stað á hverjum tíma og gilda fyrir það land, sem hlut á að máli.

3. gr.

Veita má hæfnisskírteini öllum þeim, sem gegna öllum skyldum fullgilds háseta eða bátsmanns, þegar samþykkt þessi gengur í gildi, fyrir viðkomandi landsvæði, eða hafa gegnt þeim skyldum.

4. gr.

Hlutaðeigandi yfirvald getur gert ráðstafanir til, að viðurkennd verði hæfnisskírteini útgefin í öðrum löndum.

5.—12. gr.

(Samhljóða 14.—21. gr. í samþykkt nr. 68.)

X. Álitsgerð (nr. 77) um fyrirkomulag starfsþjálfunar sjómanna.

Þingið mælir með því, að sérhver siglingaþjóð, sem er aðili að Alþjóðavinnumálastofnuninni, taki til athugunar þau meginatriði og reglur, sem hér fara á eftir, í sambandi við fyrirkomulag sjómennskuþjálfunar, og gefi Alþjóðavinnumálaskrifstofunni, að beiðni stjórnarnefndar, skýrslur um þær ráðstafanir, sem í þessu skyni eru gerðar.

1. Enda þótt svo sé til ætlazt, að störf hinna ýmsu opinberu og einkastofnana hvers lands, sem annast starfsþjálfun undir sjómennsku, hafi athafna- og framtaksfrelsi og geti lagað sig eftir breytilegum þörfum siglingamálanna og innanlandsaðstæðum, þá er æskilegt, að störf þeirra verði samræmd og að þau geti þróazt innan allsherjarkerfis, sem örvað geti menn til farmennsku og hvatt þá til að gera hana að ævistarfi.

2. Í slíku kerfi skyldi taka tillit til:
a. atvinnuhagsmuna sjómanna og menningar- og siðgæðisþarfa þeirra;
b. eftirspurnar útgerðarinnar eftir vinnuafli, einkum með tilliti til breyttrar tækni og vinnuskiptingar, svo og þeirra aðstæðna, er vænta má, að skapist á vinnumarkaðnum;
c. hagsmuna- og félagsmála þjóðarheildarinnar.

3. Gera skyldi ráðstafanir hvarvetna innan þjóðfélagsins til að samræma og glæða störf þjálfunarstofnana, með kerfisbundinni samvinnu yfirvalda ríkis og bæjar- eða sveitarfélaga, sem með þau mál fara, er greind eru í fyrri málsgrein,

og með samvinnu við þau samtök útgerðarmanna og farmanna, sem hlut eiga að máli.

4. (1) Þar sem til þjálfunarkerfis heyrir þjálfun ungra manna í stofnun í landi og/eða á skólaskipum, áður en þeir fara til sjós, skyldi slík þjálfun jafnt standa þeim til boða, sem ætla að verða fullgildir hásetar, og þeim, sem ætla að verða yfirmenn.

(2) Aldursmark og önnur inntökuskilyrði, svo og námsefni í stofnunum til þjálfunar undir sjómennsku, ættu að vera í samræmi við lok skólaaldurs og námsefni í skólum landsins.

(3) Með námsefni slíkra stofnana ætti einnig, að svo miklu leyti sem fært þykir, að vera námsgreinar, sem almennt menntunargildi hafa, og ríka áherzlu skyldi leggja á heilbrigði og líkamsrækt nemenda.

5. (1) Gera ætti ráðstafanir til námskeiða fyrir menn, sem bæta vilja og rifja upp kunnáttu sína og þekkingu, læra vilja sérstök verk eða vilja búa sig undir hærra próf eða stöðu.

(2) Með slíkum námskeiðum ættu að vera bréfanámskeið, sérstaklega við hæfi þeirra, sem þegar eru farnir að starfa til sjós.

6. (1) Kerfisbundnar ráðstafanir ætti að gera til að tryggja það, að svo miklu leyti sem unnt er, að enginn sé vegna efnaskorts síns eða foreldra sinna útilokaður frá að taka upp sjómennsku eða að vinna sig upp í þá æðstu stöðu í því fagi, er hann hefur hæfileika til.

(2) Örva skyldi í þessu skyni veitingu styrkja og námsfjár, lækkun námsgjalda, veitingu námsleyfa með launum, aukið hagræði til að fá að láni eða kaupa bækur og tæki, svo og bréfanámskeið.

7. (1) Ráðstafanir skyldi og gera til að láta foreldrum, skólum, stofnunum til leiðbeininga um atvinnuval, vinnumiðlunarskrifstofum og öðrum aðilum, er hlut eiga að máli, svo og farmönnum, í té upplýsingar um það, með hvaða skilmálum hægt er að hljóta sjómennskuþjálfun, hvaða möguleikar séu fyrir hendi og hverra hlunninda megi af þeim vænta, þ. á m. um útlit fyrir atvinnu, eftir því sem tímar líða.

(2) Einkum skyldi gefa út opinberar skrár um einkastofnanir, sem taldar eru fullnægja kröfum um góðan útbúnað, kennslu, þjálfun og stjórnsemi, svo og kennslugjöld þeirra.

8. Stuðla skyldi að auknum tækifærum til að halda áfram starfs- og almennu námi til sjós með:

a. skipsbókasöfnum og kvikmyndum, er bæði séu menntandi og skemmtilegar;
b. bréfanámskeiðum;
c. sérstökum dagskrárliðum í útvarpi.

XI. Samþykkt (nr. 75) um vistarverur skipverja um borð í skipum.

I. KAFLI
Almenn ákvæði.

1. gr.

1. Samþykkt þessi nær til allra vélknúinna hafskipa, hvort sem þau eru í eigu hins opinbera eða einstaklinga, sem annast flutning á farmi eða farþegum í atvinnuskyni og skráð eru í löndum þeim, er samþykkt þessi nær til.

2. Í landslögum eða reglugerðum skal ákveðið, hvaða skip skuli teljast hafskip að því er samþykkt þessa snertir.

3. Samþykkt þessi nær ekki til:

a. skipa undir 500 lestum;
b. skipa, sem aðallega eru seglknúin en hafa hjálparvélar;

c. skipa, er fást við fiskveiðar, hvalveiðar eða svipuð störf;
d. dráttarbáta.

4. Þó skal samþykktin, þegar fært er og sanngirni býður, látin gilda um:
a. skip 200—500 lesta; og
b. vistarverur manna, sem gegna venjulegum sjómennskustörfum á skipum, er stunda hvalveiðar og annað slíkt.

2. gr.

Í samþykkt þessari merkir:
a. „skip“ — þau skip, sem samþykktin tekur til;
b. „lestir“ — brúttó rúmlestir (gross register tons);
c. „farþegaskip“ — skip, sem hafa (i) gilt öryggisskírteini útgefið í samræmi við ákvæði Alþjóðasamþykktar um lífsöryggi á sjó, eða (ii) farþegaskipsskírteini;
d. „yfirmaður“ — skipstjórnarmann, annan en skipstjóra í merkingu landslaga eða reglugerða eftir almennu samkomulagi eða venju, ef slík lög eða reglugerðir eru ekki fyrir hendi;
e. „skipsmaður“ — skipverja, sem ekki er yfirmaður;
f. „bátsmaður“ — skipsmann, sem hefur eftirlits- eða sérstök ábyrgðarstörf með höndum og talinn er bátsmaður í landslögum eða reglugerðum, eða eftir almennu samkomulagi eða venju, ef slík lög eða reglugerðir eru ekki fyrir hendi;
g. „vistarverur skipverja“ — það svefnrými, matarrými, hreinlætisrými og seturými, sem ætlað er skipshöfninni;
h. „fyrirskipað“ — fyrirskipað að landslögum eða reglugerðum eða af hlutaðeigandi yfirvaldi;
i. „viðurkennt“ — viðurkennt af hlutaðeigandi yfirvaldi;
j. „endurskráð“ — skráð aftur, þegar saman fer breyting á skráningarlandi og eignaryfirráðum skips.

3. gr.

1. Öll aðildarríki, sem samþykkt þessi nær til, skuldbinda sig til að hafa í gildi lög eða reglugerðir, er tryggi framkvæmd ákvæða II., III. og IV. kafla samþykktar þessarar.

2. Í lögum og reglugerðum skal:
a. skylda hlutaðeigandi yfirvald til að vekja athygli allra, sem hlut eiga að máli, á ákvæðum þeirra;
b. greina þá aðila, sem skyldir eru að hlýða þeim;
c. gera ráð fyrir viðurlögum við brotum á þeim;
d. gera ráð fyrir skoðunarkerfi, sem hæfilegt þykir til að tryggja örugga framkvæmd;
e. skylda hlutaðeigandi yfirvald til að hafa samráð við útgerðarmannasamtök og/eða útgerðarmenn og viðurkennd bona fide stéttarsamtök farmanna um efni reglugerða og til að hafa sem nánasta samvinnu við sömu aðila á framkvæmd þeirra.

II. KAFLI
Uppdrættir og eftirlit með vistarverum.

4. gr.

1. Áður en smíði skips er hafin, skal leggja uppdrátt þess, er sýni með fyrirskipuðum mælikvarða staðsetningu og fyrirkomulag vistarvera skipshafnar, fyrir hlutaðeigandi yfirvald til samþykktar.

2. Áður en hafin er smíði vistarvera skipshafnar og áður en breytt er vistarverum í eldra skipi eða þær endurbyggðar, skal leggja fyrir viðkomandi yfirvald til samþykktar nákvæmar teikningar af vistarverunum og upplýsingar um þær. Skal þar eftir fyrirskipuðum mælikvarða og í tilskildum atriðum sýnd stað-

setning hvers rýmis, niðurröðun húsgagna og útbúnaðar, fyrirkomulag loftræstingar, ljósa og hita, svo og hreinlætistækja. Þó má, ef sérstaklega stendur á eða bráðabirgðabreytingar eða endurbyggingar eru gerðar utan skráningarlands, telja nægilegt til uppfyllingar ákvæði þessu, að teikningarnar séu síðar lagðar fyrir hlutaðeigandi yfirvald til samþykktar.

5. gr.

Hlutaðeigandi yfirvald skal jafnan skoða skipið og fullvissa sig um, að vistarverur skipverja fullnægi kröfum laga og reglugerða:

a. þegar skip er skráð eða endurskráð;
b. þegar vistarverum skipverja hefur verið verulega breytt eða þær endurbyggðar; eða
c. þegar viðurkennt bona fide stéttarfélag sjómanna, sem allir eða nokkrir af skipshöfn eru meðlimir í, eða fyrirskipuð tala eða hluti skipverja hefur kvartað til hlutaðeigandi yfirvalds á formlegan hátt og svo tímanlega, að ekki valdi töfum á brottför skips, um að vistarverurnar séu eigi í samræmi við samþykkt þessa.

III. KAFLI
Ákvæði um vistarverur skipshafna.

6. gr.

1. Bygging vistarvera, staðsetning og afstaða þeirra hverrar til annarrar skal þannig fyrir komið, að þær séu aðgengilegar og tryggt sé hæfilegt öryggi, vernd gegn veðri og sjó, einangrun fyrir hita eða kulda, óhæfilegum hávaða og útgufun frá öðrum hlutum skipsins.

2. Engin bein opin leið skal vera frá svefnrými til farmrýmis eða vélarúms, eldhúss, ljósa- eða málningarklefa, vélar-, þilfars- eða annarra geymsluklefa, þurrkklefa, hreinlætisklefa eða salerna. Þau skilrúm, sem aðskilja slík rými frá svefnrými, svo og ytri skilrúm, skulu vandlega byggð úr stáli eða öðru viðurkenndu efni og vera vatns- og loftþétt.

3. Ytri skilrúm svefnrýmis og matsala skulu vandlega einangruð. Allar vélarleiðslur og skilrúm, er vita að eldhúsi og öðrum stöðum, þar sem hiti er framleiddur, skulu vandlega einangruð, sé nokkur hætta á, að hitinn leiðist til nærliggjandi vistarvera eða ganga. Gætt skal þess að varna ofhitun frá gufu- og/eða heitsvatnsleiðslum.

4. Innri skilrúm skulu vera úr viðurkenndu efni, sem ekki er líklegt, að meindýr setjist að í.

5. Svefnrými, matsalir, hvíldarsalir og gangar í vistarverum skipshafnar skulu vandlega einangruð gegn sagga eða ofhitun.

6. Aðalgufurör og útblástursrör fyrir vindur og þess háttar tæki mega ekki liggja um vistarverur skipshafnar og eigi heldur, ef hægt er af tæknilegum ástæðum, um göng, er liggja að vistarverunum. Þar sem þau liggja um slík göng, skulu þau vandlega einangruð og byggt utan um þau.

7. Innri klæðning eða veggplötur skulu vera úr efni með yfirborði, sem auðvelt er að halda hreinu. Plægð borð og annað, sem líklegt er að meindýr setjist í, skal ekki nota.

8. Hlutaðeigandi yfirvald skal ákveða, að hve miklu leyti gera skal ráðstafanir við byggingu vistarveranna til að koma í veg fyrir eða varna útbreiðslu elds.

9. Veggfletir og loft í svefnrými og dvalarrými skulu vera þannig, að auðvelt sé að halda þeim hreinum. Ef málað er, skal það gert í björtum litum, og veggkalk má ekki nota.

10. Veggfleti skal endurnýja eða gera við eftir þörfum.

11. Gólf í öllum vistarverum skulu vera úr viðurkenndu efni af viðurkenndri gerð. Skulu þau gufuþétt og auðvelt að halda þeim hreinum.

12. Þar sem gólf og veggir mætast, skal vera íhvolft til að forðast sprungur.
13. Gera skal ráð fyrir hæfilegu afrennsli fyrir vatn.

7. gr.

1. Svefnrými og matsalir skulu nægilega loftræst.
2. Loftræstingarkerfið skal vera þannig, að hægt sé að tempra loftræstingu svo vel, að loftið haldist jafngott og á nægilegri hreyfingu, hvað sem veðri eða loftslagi líður.
3. Hafa skal sjálfvirka loftræstingu í skipum, sem að jafnaði sigla um hitabeltið og Persaflóa.
4. Skip, sem eru í siglingum utan hitabeltisins, skulu annaðhvort búin sjálfvirkri loftræstingu eða rafsnældum. Þó má hlutaðeigandi yfirvald veita undanþágu frá þessu ákvæði að því er snertir skip, sem yfirleitt sigla á hinum köldu höfum suður- eða norðurhvels jarðar.
5. Afl til að knýja loftræstingu samkvæmt 3. og 4. málsgrein skal jafnan vera fyrir hendi, ef mögulegt er, meðan skipverjar búa eða starfa um borð og ástæður krefja.

8. gr.

1. Leggja skal hæfilegt hitakerfi í vistarverur skipverja, nema skipið eigi eingöngu að sigla í hitabeltinu eða Persaflóa.
2. Hitakerfið skal jafnan starfrækt, eftir því sem hægt er, meðan skipverjar búa eða starfa um borð og ástæða er til.
3. Þar sem hitakerfis er þörf, skal hitað upp með gufu, heitu vatni, heitu lofti eða rafmagni.
4. Þar sem hitað er með ofni, skal gera ráðstafanir til að tryggja, að hann sé hæfilega stór, sé vel upp settur og einangraður og að hann spilli ekki andrúmslofti.
5. Með hitakerfinu skal vera hægt að halda hitanum í vistarverum skipverja hæfilegum í því veðri og loftslagi, sem vænta má með tilliti til starfrækslu skipsins. Skal hlutaðeigandi yfirvald segja fyrir um lágmarkskröfur.
6. Miðstöðvarofnum og öðrum hitatækjum skal þannig komið fyrir, að eigi sé hætta á eldsvoða eða óþægindum fyrir skipverja. Skal hlífa þeim með skermi, ef þörf krefur.

9. gr.

1. Svefnrými og matsalir skulu hæfilega lýst með dagsljósi, nema annað sé sérstaklega leyft, hvað snertir farþegaskip, og búin hæfilegum ljósabúnaði.
2. Lýsa skal vandlega allar vistarverur skipverja. Lágmarkskrafa til dagsljóss í dvalarrými skal vera sú, að maður með eðlilega sjón geti á björtum degi lesið venjulegt dagblað hvar sem er í rými því, sem ætlað er til að hreyfa sig í. Sé ekki hægt að veita inn nægilegu dagsljósi, skal haft ofangreint lágmark af öðru ljósi.
3. Á öllum skipum skal hafa rafljós í vistarverum skipverja. Ef ekki eru tvennir sjálfstæðir aflvakar til ljósa, skal varalýsing lögð til með sérstaklega gerðum lömpum eða ljósaútbúnaði til afnota, ef á bjátar.
4. Lampalýsingu skal þannig fyrir komið, að hún komi öllum, sem nota vistarverurnar, að sem beztu gagni.
5. Í svefnklefum skal koma fyrir rafmagnsleslampa við höfðagafl hverrar rekkju.

10. gr.

1. Svefnklefar skulu vera ofan hleðslulínu, miðskips eða aftur á.
2. Í sérstökum tilvikum má hlutaðeigandi yfirvald leyfa svefnklefa frammi í skipi, ef af stærð þess, gerð eða ætluðum afnotum leiðir, að annar staður er óskynsamlegur eða óhentugur. Þó mega þeir aldrei vera framan við árekstrarskilrúm.

3. Á farþegaskipum má hlutaðeigandi yfirvald leyfa, að svefnklefar séu neðan við hleðslumörk, ef fullnægjandi ráðstafanir eru gerðar til lýsingar og loftræstingar, en þó mega þeir aldrei vera beint undir göngum, sem nota þarf.

4. Í svefnrými skipverja skal ætla hverjum manni gólfflöt, eigi minni en:

a. 1.85 fermetra (20 ferfet) á skipum innan við 800 lestir;
b. 2.35 fermetra (25 ferfet) í skipum yfir 800 en innan við 3000 lestir;
c. 2.78 fermetra (30 ferfet) í skipum 3000 lestir eða stærri.

Þó má í farþegaskipum, þar sem fleiri en fjórir hásetar hvíla saman í klefa, eigi ætla minna en 2.22 fermetra (24 ferfet) fyrir hvern.

5. Nú eru á skip ráðnir hópar skipsmanna, en af því leiðir, að ráða verður talsvert fleiri skipsmenn en annars mundu ráðnir, og má þá hlutaðeigandi yfirvald lækka kröfu til gólfrýmis í svefnklefum hvað snertir slíka hópa, að því tilskildu:

a. að allt svefnrými úthlutað slíkum hópi eða hópum sé eigi minna en það, sem úthlutað hefði verið, ef tala starfsmanna hefði ekki aukizt, og
b. að lágmarksgólfflötur fyrir hvern mann í svefnrými sé eigi lægra en:
   (i) 1.67 fermetrar (18 ferfet) í skipum innan við 3000 lestir;
   (ii) 1.85 fermetrar (20 ferfet) í skipum 3000 lestir og þar yfir.

6. Með flatarmáli gólfs skal telja pláss, sem fer undir rekkjur, skápa, dragkistur og sæti. Smávægilegt og óreglulegt aukapláss, sem hvorki eykur raunverulega á svigrúm né hægt er að nota fyrir húsgögn, skal ekki teljast með.

7. Lofthæð í svefnklefum skipshafnar skal eigi vera minni en 190 sentímetrar (6 fet 3 þuml.).

8. Svefnklefar skulu vera svo margir, að hægt sé að hafa sérklefa einn eða fleiri fyrir hverja starfsgrein, en þó má hlutaðeigandi yfirvald slaka á þessu ákvæði, að því er varðar lítil skip.

9. Fjöldi skipverja í káetu skal eigi fara fram úr því, sem hér segir:

a. yfirmenn yfir starfsdeild, yfirmenn á stjórnpalli og í vélarrúmi, yfirmenn vakta, yfirloftskeytamenn: einn í klefa;
b. aðrir yfirmenn: einn í klefa að svo miklu leyti sem hægt er, en aldrei fleiri en tveir;
c. bátsmenn: einn eða tveir í klefa, aldrei fleiri en tveir;
d. aðrir skipsmenn: tveir eða þrír í klefa, eftir því sem hægt er, en aldrei fleiri en fjórir.

10. Á farþegaskipum má leyfa, að allt að tíu menn, er gegna matreiðslu eða framreiðslu matar, verði saman í svefnsal.

11. Letra skal læsilega og óafmáanlega á stað, þar sem greinilega sést til í svefnklefanum, hversu margir menn megi vera saman í honum.

12. Hver skipverji skal hafa rekkju út af fyrir sig.

13. Eigi má koma rekkjum þannig fyrir hlið við hlið, að ekki verði komizt í eina án þess að fara yfir aðra.

14. Ekki skulu meira en tvær rekkjur vera hver yfir annarri og meðfram skipshlið ekki nema ein röð.

15. Neðri rekkjan má eigi vera minna en 30 cm (12 þuml.) ofan við gólf, en hin efri vera sem næst miðja vegu milli neðri brúnar loftbita og rekkjubotns neðri rekkju.

16. Lágmarksinnanmál rekkju skal vera 190 $\times$ 68 cm (6′3″ $\times$ 2′3″).

17. Rúmstæði og bríkur, ef nokkrar eru, skulu vera úr viðurkenndu efni, hörðu og sléttu, sem ekki er líklegt að skemmist eða safni í sig óþrifum.

18. Séu pípur notaðar í rúmstæði, skulu þær vera vel þéttar og heilar, svo óþrif komist ekki inn í þær.

19. Í hverri rekkju skal vera fjaðrabotn eða fjaðradýna með dýnu úr viðurkenndu efni. Í dýnur skal ekki nota hálm eða annað efni, sem líklegt þykir, að óþrif setjist í.

20. Þegar ein rekkja er yfir annarri, skal hafa rykþéttan botn undir fjaðrabotni efri rekkjunnar, úr tré, striga eða öðru hentugu efni.

21. Svefnklefum skal þannig fyrir komið og þeir þannig útbúnir, að tryggð séu þægindi íbúanna og auðvelt að viðhafa hreinlæti.

22. Meðal húsgagna skal vera klæðaskápur fyrir hvern mann, eigi lægri en 152 cm og a. m. k. 19.30 ferdesimetrar að þvermáli, ásamt hillu og hespu fyrir lás. Lásinn leggur hver skipverji sér til.

23. Í hverjum svefnklefa skal vera borð eða skrifborð, veggfast, lagt upp að vegg eða rennt fram, ásamt þægilegum sætum eftir þörfum.

24. Húsgögn skulu vera úr sléttu, hörðu efni, sem ekki vindur sig eða eyðist.

25. Skúffa hvers manns eða tilsvarandi geymslupláss skal eigi vera minna en 0.056 rúmmetri (2 rúmfet).

26. Í svefnklefa skulu vera tjöld fyrir kýraugum.

27. Í svefnklefum skal vera spegill, litlir skápar fyrir hreinlætistæki, bókahilla og nægilega margir fatasnagar.

28. Að svo miklu leyti sem hægt er, skal raða skipshöfn þannig í klefa, að vaktir séu aðskildar, svo að dagmenn séu ekki í sama klefa og menn, sem skipta vöktum.

11. gr.

1. Séð skal fyrir nægilegum matsölum í öllum skipum.

2. Í skipum innan við 1000 lestir skal hafa sérstaka matsali fyrir:

a. skipstjóra og yfirmenn;
b. bátsmenn og aðra skipsmenn.

3. Í skipum yfir 1000 lestir skal hafa sérstaka matsali fyrir:

a. skipstjóra og yfirmenn;
b. bátsmenn og aðra skipsmenn;
c. aðstoðarvélstjóra og aðra vélamenn.

Þó má:

(i) ráðstafa öðrum salnum, sem ætlaður er bátsmönnum, aðstoðarvélstjórum og öðrum skipsmönnum og vélamönnum, til bátsmanna og aðstoðarvélstjóra, en hinum til annarra skipsmanna og vélamanna;

(ii) hafa sameiginlegan matsal fyrir bátsmenn, aðstoðarvélstjóra og skipverja á þilfari og í vélarrúmi, ef útgerðarmannasamtök og/eða útgerðarmenn og viðurkennd **bona fide** stéttarsamtök farmanna óska heldur.

4. Hæfilegan matsal skal ætla matsveinum og þjónustufólki, annaðhvort með því að fá þeim sérsal eða veita þeim afnot matsals, sem öðrum er ætlaður. Sé skipið 5000 rúmlestir eða þar yfir, með meir en 5 matsveina og þjóna, skal til athugunar haft að fá þeim sérstakan matsal.

5. Hver matsalur skal vera nægilega stór og vel útbúinn fyrir þann fjölda manna, sem ætla má að noti hann í einu.

6. Matsalir skulu búnir nægilegum borðum og sætum fyrir þann fjölda manna, sem ætla má að noti þá í einu.

7. Hlutaðeigandi yfirvald má veita þær undanþágur frá framanskráðum reglum um matsali, sem nauðsynlegar kunna að vera vegna sérstakra ástæðna um borð í farþegaskipum.

8. Matsalir skulu vera aðskildir frá svefnklefum og eins nálægt eldhúsi og hægt er.

9. Þar sem ekki er hægt að hafa búr, er innangengt sé í úr matsalnum, skal sjá fyrir góðum skápum fyrir borðbúnað og útbúnaði til uppþvotta.

10. Borðfletir og setur á sætum skulu vera úr efni, sem þolir raka, er sprungulaust og auðvelt að hreinsa.

12. gr.

1. Á öllum skipum skulu skipverjar hafa aðgang að einu eða fleirum opnum þilfarsplássum til afnota utan vinnustunda. Skulu slík pláss vera hæfilega stór, miðað við stærð skipsins og fjölda skipverja.

2. Hvíldar- og hressingarsalir, þægilega staðsettir, skulu vera til afnota fyrir yfirmenn og skipsmenn. Þar sem slíkir salir eru hinir sömu og matsalir, skal þeim síðarnefndu þannig fyrir komið og búnir húsgögnum og öðrum útbúnaði, að þeir séu hentugir til hvíldar og hressingar.

13. gr.

1. Á öllum skipum skulu vera nægilega margir hreinlætisklefar með þvottaskálum og baðkeri og/eða steypibaði.

2. Ekki skulu vera færri vatnssalerni en hér segir:

a. þrjú á skipum innan við 800 lestir;
b. fjögur á skipum 800 lesta eða stærri, en innan við 3000 lestir;
c. sex á 3000 lesta skipum og stærri;
d. á skipum þar sem loftskeytamenn eru aðskildir frá öðrum, skal hafa hreinlætistæki nálægt eða áfast við loftskeytastöðina.

3. Í landslögum eða reglugerðum skal kveða á um skiptingu vatnssalerna á hinar ýmsu starfsgreinir samkvæmt ákvæðum 4. málsgreinar þessarar greinar.

4. Hreinlætistæki fyrir alla skipverja, sem ekki hafa klefa með sértækjum, skulu skiptast á hverja starfsgrein svo sem hér segir:

a. eitt baðker og/eða steypibað fyrir hverja átta menn eða færri;
b. eitt vatnssalerni fyrir hverja átta menn eða færri;
c. ein þvottaskál fyrir hverja sex menn eða færri.

Fari tala manna í ákveðnum flokki fram úr heilu margfeldi nefndrar tölu, svo að einungis nemi minna en helmingi hennar, skal því broti sleppt við útreikninga samkvæmt þessari grein.

5. Séu fleiri en 100 skipverjar á farþegaskipi, er yfirleitt fer ekki lengri ferðir en fjögurra klukkustunda, getur hlutaðeigandi yfirvald tekið til athugunar sérstakar ráðstafanir eða slegið af kröfunum um fjölda hreinlætistækja.

6. Í hreinlætisklefum skal vera kalt ferskvatn og heitt ferskvatn eða tæki til að hita það. Hlutaðeigandi yfirvald getur, að höfðu samráði við útgerðarmannasamtök og/eða útgerðarmenn og viðurkennd **bona fide** stéttarsamtök farmanna, ákveðið hámark þess ferskvatns, sem krefjast má, að útgerðin láti hverjum skipverja í té á dag.

7. Þvottaskálar og baðker skulu vera hæfilega stór og úr viðurkenndu efni með sléttu yfirborði, sem ekki springur, flagnar eða eyðist.

8. Öll vatnssalerni skulu loftræst út í ferskt loft, án sambands við loftræstingu annarra vistarvera.

9. Öll vatnssalerni skulu vera af viðurkenndri gerð og búin nægilegu skolvatni, sem jafnan sé fyrir hendi og hægt að skola hvert um sig.

10. Skolpípur og úrgangspípur skulu vera hæfilega víðar og lagðar þannig, að sem minnst hætta sé á lokun og auðvelt sé að skola út.

11. Hreinlætisklefar, sem ætlaðir eru fleiri en einum manni, skulu fullnægja þessum skilyrðum:

a. gólf séu úr viðurkenndu sterku efni, sem auðvelt er að halda hreinu, rakaþétt með góðu afrennsli;
b. skilrúm séu úr stáli eða öðru viðurkenndu efni og séu vatnsþétt a. m. k. upp í níu þumlunga hæð yfir þilfar;
c. klefinn sé nægilega bjartur, hlýr og loftræstur;
d. vatnssalerni skulu liggja vel við svefnskálum og þvottaklefum, en aðskilin frá þeim og ekki í beinu sambandi við svefnklefa eða gangs á milli svefnklefa og vatnssalernis, sem ekki liggur annað; þó gildir þetta ákvæði ekki þegar vatns-

salerni er í klefa á milli tveggja svefnskála, sem ekki eru ætlaðir nema fjórum mönnum alls;

e. þar sem fleiri en eitt vatnssalerni eru í sama klefa, skal hafa hæfilega milligerð á milli þeirra.

12. Á öllum skipum skulu vera tæki til að þvo og þurrka föt, og miðist þau við fjölda skipverja og venjulegt úthald í hverri ferð.

13. Meðal tækja til að þvo fatnað skulu vera hæfilegir vaskar, sem koma má fyrir í þvottaklefum, ef sérstöku þvottahúsi er ekki hægt að koma við. Skal þar vera nægilegt ferskvatn, kalt og heitt eða tæki til að hita það.

14. Tækjum til að þurrka fatnað skal fyrir komið í klefum, er séu aðskildir frá svefnskálum og matsölum, séu vel upphitaðir og loftræstir, með snúrum eða öðrum útbúnaði til að hengja fatnaðinn upp.

14. gr.

1. Á öllum skipum, þar sem skipverjar eru fimmtán eða fleiri og venjuleg ferð tekur meir en þrjá sólarhringa, skal hafa sérstaka sjúkraklefa. Má hlutaðeigandi yfirvald veita undanþágu frá þessu varðandi strandferðaskip.

2. Sjúkraklefinn skal vera vel staðsettur, svo að auðvelt sé að komast að honum og að vel fari um þá, sem þar liggja, og að þeir geti fengið hæfilega aðhlynningu, hvernig sem viðrar.

3. Fyrirkomulag dyra, rekkna, ljósa, loftræstingar og rennandi vatns skal svo hagað, að vel fari um þá, sem í sjúkraklefanum liggja, og að auðvelt sé að hjúkra þeim.

4. Hlutaðeigandi yfirvald ákveður, hve margar sjúkrarekkjur hafa skuli.

5. Þeir, sem í sjúkraklefa liggja, skulu hafa aðgang að sérstöku vatnssalerni, annaðhvort áföstu við klefann eða mjög nálægt honum.

6. Eigi skal nota sjúkraklefa til annars en hjúkrunar sjúkum.

7. Á öllum skipum, sem ekki hafa lækni um borð, skal vera lyfjakista með auðskildum leiðbeiningum.

15. gr.

1. Hafa skal nægilegt og vel loftræst pláss til að hengja sjóklæði í utan við svefnklefa, en aðgengilegt frá þeim.

2. Á skipum yfir 3000 lestir skal hafa einn klefa handa hásetum og annan handa vélamönnum fyrir skrifstofu.

3. Á skipum, sem sigla reglubundnar ferðir til hafna, þar sem mikil plága er að moskitoflugum, skal gera ráðstafanir til að verja vistarverur skipverja gegn bitvargi með því að setja hlífar á kýraugu, loftventla og dyr út á opið þilfar.

4. Öll skip, sem að jafnaði sigla um hitabeltið eða Persaflóa, skulu búin sóltjöldum yfir opnu þilfari ofan vistarvera og yfir dekkplássi, sem skipverjum er ætlað til hvíldar.

16. gr.

1. Þegar um er að ræða skip þau, sem nefnd eru í 5. málsgrein 10. greinar, getur hlutaðeigandi yfirvald slakað á ákvæðum fyrirfarandi greina að því er snertir þá skipverja, er þar greinir, að svo miklu leyti sem nauðsynlegt er að taka tillit til þjóðernissiða þeirra og venja, og má þá gera sérráðstafanir varðandi fjölda manna í svefnskálum og varðandi matsali og hreinlætistæki.

2. Þegar slakað er á nefndum ákvæðum, skal hlutaðeigandi yfirvald bundið ákvæðum 1. og 2. málsgreinar 10. greinar og við ákvæðin um lágmarkssvefnrými fyrir slíka hópa háseta í 5. málsgrein 10. greinar.

3. Á skipum, þar sem í einhverri deild skipshafnarinnar eru menn með mjög ólíka þjóðsiði og venjur, skal sjá fyrir aðskildum og hæfilegum svefn- og dvalarrýmum eftir því, sem nauðsynlegt er til að uppfylla þarfir hinna mismunandi flokka.

4. Á skipum þeim, sem um getur í 5. málsgrein 10. greinar, skal útbúnaði fyrir sjúkrahjálp, fæði, böð og hreinlæti þannig fyrir komið og við haldið, að hann sé

að umfangi og raunhæfri nytsemi jafngóður eða sambærilegur við það, sem tíðkast á öllum öðrum skipum svipaðrar gerðar, sem skrásett eru innan sama skráningarlands.

5. Þegar hlutaðeigandi yfirvald semur sérreglur samkvæmt þessari grein, skal haft samráð við viðurkennd **bona fide** stéttarsamtök farmanna og útgerðarmannasamtök og/eða útgerðarmenn, sem ráða viðkomandi sjómenn.

17. gr.

1. Vistarverum skal haldið hreinum og í góðu ástandi. Eigi má hafa þar vörur eða muni, sem íbúar eiga ekki.

2. Skipstjóri eða sá yfirmaður, sem hann skipar til þess, skal ásamt einum eða fleiri skipverjum skoða allar vistarverur a. m. k. einu sinni í viku.

Bóka skal niðurstöður hverrar skoðunar.

IV. KAFLI

Hversu beita skal samþykktinni um skip, sem nú eru við lýði.

18. gr.

1. Samþykkt þessi nær til skipa, sem kjölur er lagður að, eftir að hún öðlast gildi fyrir skráningarlandið, ef ekki leiðir annað af ákvæðum 2. og 3. málsgreinar þessarar greinar.

2. Nú er skip fullbyggt, þegar samþykktin öðlast gildi í skráningarlandi þess, en fullnægir ekki lágmarksákvæðum III. kafla þessarar samþykktar, og má þá hlutaðeigandi yfirvald, að höfðu samráði við útgerðarmannasamtök og/eða útgerðarmenn og **bone fide** stéttarsamtök farmanna, krefjast þeirra breytinga til samræmingar ákvæðum samþykktarinnar, sem taldar eru framkvæmanlegar með tilliti til þeirra raunhæfu erfiðleika, sem á því eru, og skulu þær gerðar, þegar:

a. skipið er endurskráð;
b. meiri háttar breyting á byggingu eða gagngerðar viðgerðir fara fram eftir áætlun, en ekki út af slysi eða neyðarástandi.

3. Nú er verið að byggja skip og/eða breyta því, þegar samþykkt þessi öðlast gildi í skráningarlandinu, og má þá hlutaðeigandi yfirvald, að höfðu samráði við útgerðarmannasamtök og/eða útgerðarmenn og **bone fide** stéttarsamtök farmanna, krefjast þeirra breytinga á skipinu til samræmingar ákvæðum samþykktarinnar, sem það telur framkvæmanlegar með tilliti til þeirra raunhæfu erfiðleika, sem það hefur í för með sér. Ber að skoða slíkar breytingar svo sem þær fullnægi endanlega ákvæðum þessarar samþykktar, nema og þangað til skipið er endurskráð.

V. KAFLI

Lokaákvæði.

19. gr.

Ekkert atriði í samþykkt þessari skal hafa áhrif á nokkur lög, úrskurði, venjur eða samninga milli útgerðarmanna og farmanna, er tryggi betri kjör en þau, sem hér er gert ráð fyrir.

20. gr.

(Samhljóða 14. gr. í samþykkt nr. 68.)

21. gr.

1. (Samhljóða 1. mgr. 15. gr. í samþykkt nr. 68.)
2. (Samhljóða 2. mgr. 12. gr. í samþykkt nr. 70.)
3. (Samhljóða 3. mgr. 15. gr. í samþykkt nr. 68.)

22.—27. gr.

(Samhljóða 16.—21. gr. í samþykkt nr. 68.)

XII. Álitsgerð (nr. 78) um að útgerðarmenn leggi skipverjum til rúmfatnað, borðbúnað o. fl.

Þingið mælir með því, að meðlimir stofnunarinnar beiti þeim ákvæðum, sem hér fara á eftir, og gefi Alþjóðavinnumálaskrifstofunni, að beiðni stjórnarnefndar, skýrslu um þær ráðstafanir, sem gerðar hafa verið í því skyni:

1. (1) Útgerðarmaður ætti að leggja skipverjum til hrein sængurföt, ábreiður, lök og borðbúnað til afnota um borð, en skipverjar að bera ábyrgð á þeim og skila þeim, þegar skipstjóri krefst þess, svo og þegar þeir hætta störfum um borð.

(2) Ef einhverjum hlut er ekki skilað í góðu standi, að undanskildu eðlilegu sliti, skal sá skipverja, sem hlut á að máli, greiða kostnaðarverð hans.

2. Sængurföt, ábreiður og lök ættu að vera úr góðu efni og diskar, bollar og annar borðbúnaður úr viðurkenndu efni, sem auðvelt er að hreinsa.

3. Útgerðarmaður ætti að leggja skipverjum til handklæði, sápu og salernispappír.

XIII. Samþykkt (nr. 76) um vinnulaun, vinnutíma og mannafla á skipum.

I. KAFLI
Almenn ákvæði.

1. gr.

Ekkert ákvæði í samþykkt þessari skal breyta neinum ákvæðum um vinnulaun, vinnutíma eða mannafla á skipum, er gerð kunna að hafa verið með lögum, úrskurðum, venju eða samkomulagi milli útgerðarmanna og farmanna og tryggja farmönnum hagkvæmari kjör en gert er ráð fyrir í samþykkt þessari.

2. gr.

1. Samþykkt þessi nær til allra skipa, hvort sem þau eru í eigu hins opinbera eða einstaklinga og eru:

a. vélknúin;
b. skráð í landi, sem samþykktin nær til;
c. í flutningum á farmi eða farþegum í atvinnuskyni;
d. í siglingum á höfum úti;

2. Samþykkt þessi nær ekki til:

a. skipa innan við 500 rúmlestir;
b. tréskipa af frumstæðri gerð, svo sem „dhow“ og „junk“;
c. skipa, er fást við fiskveiðar eða önnur störf þeim víðvíkjandi;
d. skipa til siglinga í árósum.

3. gr.

Samþykkt þessi nær til allra manna, sem ráðnir eru til einhverra starfa á skipi, nema:

a. skipstjóra;
b. hafnsögumanna, sem ekki tilheyra skipshöfn;

c. lækna;
d. hjúkrunarliðs, sem einungis fæst við hjúkrun;
e. manna, sem gera ekki annað en annast um farminn um borð;
f. manna, sem eingöngu vinna fyrir eigin reikning og hljóta aðeins ágóða- eða tekjuhlut;
g. manna, sem hafa annaðhvort engin laun eða málamyndakaup;
h. manna, sem ráðnir eru til að starfa um borð af öðrum en útgerðarmanni, að undanteknum þeim, sem eru í þjónustu ritsímafélags;
i. hafnarverkamanna, sem ferðast á skipinu, en eru ekki skipverjar;
j. manna, sem starfa að hvalveiðum, á fljótandi verksmiðjum, flutningaskipum eða á annan hátt að slíkum störfum í sambandi við hvalveiðar eða skyld störf samkvæmt ákvæðum sérstaks heildarsamnings um launakjör, vinnutíma og aðra starfsskilmála við hvalveiðar eða þess háttar, er sjómannasamtök hafa gert;
k. manna, sem ekki tilheyra skipshöfn (hvort sem þeir vinna samkvæmt samningi eða ekki), en ráðnir eru meðan skipið er í höfn til viðgerðar, hreinsunar, hleðslu eða affermingar eða svipaðra starfa, eða leysa af störfum í höfn, starfa að viðhaldi, vöktum eða eftirliti.

4. gr.

Í samþykkt þessari merkir:
a. „yfirmaður“ — þann mann, nema skipstjóra, sem í skipsrúmssamningi er talinn yfirmaður eða vinnur starf, sem talið er yfirmannsstarf að lögum, heildarsamningum eða venju;
b. „skipsmaður“ — skipverja, aðra en skipstjóra eða yfirmenn, þar á meðal fullgilda háseta;
c. „fullgildur háseti“ — hvern þann mann, sem að landslögum eða reglugerðum, eða samkvæmt heildarsamningum, ef slík lög eða reglugerðir eru ekki til, er talinn hæfur til að vinna öll störf skipsmanna, er starfa á þilfari, nema störf bátsmanns eða fagmanns;
d. „grunnlaun eða kaup“ — greiðslu til yfirmanns eða skipsmanns í peningum utan yfirvinnugreiðslu, premíu eða annarra aukatekna í reiðu fé eða fríðu.

II. KAFLI
Laun.

5. gr.

1. Grunnlaun eða kaup fullgilds háseta fyrir unninn almanaksmánuð á skipi, er samþykkt þessi nær til, skulu eigi lægri en sextán brezk pund, sextíu og fjórir Bandaríkjadollarar eða jafngildi þess í annarri mynt.

2. Verði Alþjóðagjaldeyrissjóðnum tilkynnt breyting á verðgildi punds eða dollara, skal:
a. lágmarksgrunnkaupi því, sem um getur í 1. málsgrein þessarar greinar og reiknað er eftir þeirri myntinni, sem breytt verður, breytt á þá leið, að það jafngildi hinni myntinni;
b. forstjóri Alþjóðavinnumálaskrifstofunnar skal tilkynna meðlimum Alþjóðavinnumálastofnunarinnar breytinguna; og
c. hið breytta lágmarkskaup skal vera bindandi fyrir meðlimi þá, sem fullgilt hafa þessa samþykkt, á sama hátt og kaup það, sem um getur í 1. málsgrein þessarar greinar, og gengur það í gildi, að því er varðar hvert slíkt aðildarríki, í síðasta lagi í byrjun annars almanaksmánaðar frá því, er forstjórinn tilkynnti breytinguna.

6. gr.

1. Þegar um skip er að ræða, þar sem ráðnir eru hópar skipsmanna, og þar af leiðandi ráðnir fleiri skipsmenn en annars mundu ráðnir, skulu lágmarksgrunn-

laun eða kaup fullgilds háseta nema upphæð, er svari til lágmarksgrunnlauna þeirra eða kaups, sem um getur í fyrri grein.

2. Hvaða upphæð teljist tilsvarandi, ákveðst í samræmi við þá grundvallarreglu, að greiða skuli sama kaup fyrir sömu vinnu, og taka hæfilega til greina:

a. þá tölu aukaskipsmanna, sem ráðin er, og
b. hvers konar aukin eða lækkuð útgjöld útgerðarinnar út af ráðningu slíkra hópa skipsmanna.

3. Hvað telja skuli tilsvarandi kaup, skal ákvarða í heildarsamningi milli þeirra samtaka útgerðarmanna og sjómanna, sem hlut eiga að máli, eða af hlutaðeigandi yfirvaldi í landi þeirra hópa starfsmanna, sem í hlut eiga, ef slíkir samningar eru ekki fyrir hendi og bæði viðkomandi lönd hafa fullgilt samþykkt þessa.

7. gr.

Fái skipverji ekki máltíðir ókeypis, skal auka lágmarksgrunnkaup um þá upphæð, sem ákveðin verður í heildarsamningi milli samtaka útgerðarmanna og sjómanna, sem hlut eiga að máli, eða af hlutaðeigandi yfirvaldi, ef slíkir samningar eru ekki fyrir hendi.

8. gr.

1. Gengi það, sem fara skal eftir, þegar ákveðin eru lágmarksgrunnlaun í öðrum gjaldeyri en um getur í 5. grein, skal vera skráð gengi brezks punds eða Bandaríkjadollars.

2. Nú er meðlimur Alþjóðavinnumálastofnunarinnar einnig meðlimur Alþjóðagjaldeyrissjóðsins, og skal þá gengi það, sem notað er, vera hið gildandi gengi samkvæmt stofnskrá Alþjóðagjaldeyrissjóðsins.

3. Nú er meðlimur Alþjóðavinnumálastofnunarinnar ekki meðlimur Alþjóðagjaldeyrissjóðsins, og skal gengið þá vera hið opinbera gengi gagnvart gulli eða Bandaríkjadollar eftir vigt þeirri og gæðum, sem gilti 1. júlí 1944 og notað er að jafnaði í greiðslum og yfirfærslum í milliríkjaviðskiptum.

4. Nú er hvorki hægt að heimfæra gjaldeyri undir 2. né 3. málsgrein hér að framan:

a. skal þá gengi það, sem reiknað verður með í samræmi við þessa grein, ákveðið af þeim meðlim Alþjóðavinnumálastofnunarinnar, sem hlut á að máli;
b. skal meðlimur sá, sem hlut á að máli, tilkynna forstjóra Alþjóðavinnumálaskrifstofunnar úrskurð sinn, og skal forstjórinn þegar í stað tilkynna það öðrum meðlimum, sem fullgilt hafa samþykkt þessa;
c. innan sex mánaða frá því forstjórinn hefur gefið út slíkar tilkynningar, mega allir meðlimir, sem fullgilt hafa samþykktina, tjá forstjóra Alþjóðavinnumálaskrifstofunnar, að þeir mótmæli nefndum úrskurði, og skal forstjórinn þá tilkynna það þeim meðlim, sem hlut á að máli, svo og öðrum meðlimum, sem fullgilt hafa samþykktina, og leggja málið fyrir nefnd þá, sem ráð er fyrir gert í 21. grein;
d. framangreind ákvæði skulu gilda um allar breytingar á úrskurði þess meðlims, sem hlut á að máli.

5. Breyting á grunnlaunum eða kaupi, sem leiðir af breytingu þess gengis, sem reiknað er með í öðrum gjaldeyri, skal öðlast gildi í síðasta lagi í byrjun annars almanaksmánaðar frá því breytingin á gengi þeirra gjaldmiðla, sem um var að ræða, gekk í gildi.

9. gr.

Allir meðlimir skulu gera nauðsynlegar ráðstafanir:

a. til að tryggja með eftirlitskerfi og refsiaðgerðum, að laun séu ekki lægri en ákveðið er í samþykkt þessari; og

b. að tryggja, að öllum mönnum, sem fengið hafa lægri laun en hér eru ákveðin, sé gert fært að innheimta með ódýrri og fljótlegri málssókn eða annarri innheimtuaðferð upphæð þá, sem á kann að skorta.

III. KAFLI
Vinnutími á skipum.

10. gr.

Þessi kafli samþykktarinnar nær ekki til:

a. fyrsta stýrimanns eða fyrsta vélstjóra;
b. gjaldkera;
c. annarra yfirmanna yfir starfsdeildum, sem ekki ganga á vaktir;
d. manna, sem starfa í bókhaldi eða matreiðslu- og framreiðsludeild skips, og
   (i) starfa sem yfirmenn, eftir því sem greinir í heildarsamningum milli samtaka útgerðarmanna og sjómanna, sem hlut eiga að máli, eða
   (ii) vinna eingöngu fyrir eigin reikning, eða
   (iii) taka eingöngu laun í umboðsþóknun eða aðallega með ágóða- eða tekjuhluta.

11. gr.

Í þessum kafla samþykktarinnar merkir:

a. „skip í stuttum siglingum“ — skip, sem eingöngu eru í förum, sem ekki ná lengra frá landi því, sem þau annast siglingar frá, en til nálægra hafna nágrannalands innan takmarka, sem
   (i) greinilega eru tiltekin í landslögum, reglugerðum eða heildarsamningum samtaka útgerðarmanna og sjómanna;
   (ii) eru hin sömu að því er tekur til allra ákvæða þessa kafla samþykktarinnar;
   (iii) aðildarríki hefur tilkynnt, þegar það lét skrásetja fullgildingu sína með sérstakri, viðfestri yfirlýsingu, og
   (iv) hafa verið ákveðin í samráði við aðra meðlimi, sem hlut eiga að máli;
b. „langferðaskip“ — skip í öðrum og lengri siglingum;
c. „farþegaskip“ — skip, sem hafa leyfi til flutnings á meira en 12 farþegum;
d. „vinnutími“ — tíma þann, sem manni er ætlað að vinna fyrir skip eða útgerðarmann þess, að boði yfirboðara síns.

12. gr.

1. Þessi grein nær til yfirmanna og skipsmanna, sem starfa á þilfari, í vélarrúmi og loftskeytastöð skipa í stuttum siglingum.

2. Venjulegur vinnutími yfirmanna og skipsmanna skal ekki vera lengri en hér segir:

a. tuttugu og fjórar klukkustundir á hverjum tveim samfelldum sólarhringum, þegar skipið er í hafi;
b. þegar skipið er í höfn:
   (i) á vikulegum hvíldardegi í allt að tveggja tíma vinnu að nauðsynlegum skyldustörfum og hreinlætisstörfum;
   (ii) aðra daga 8 klst., nema í heildarsamningi sé ákveðinn lægri tími á dag;
c. 112 klst. á tveim vikum samfelldum;

3. Tími, sem unnið er umfram það, sem fram er tekið í liðunum a og b í 2. málsgrein, skal reiknast sem yfirvinna, og skal yfirmaður eða skipsmaður, sem í hlut á, eiga kröfu á uppbót fyrir hann í samræmi við 17. grein þessarar samþykktar.

4. Fari heildarvinnutími á tveim vikum samfelldum að frádregnum þeim stundum, sem teljast til yfirvinnu, fram úr 112 klst., skal yfirmaður sá eða skipsmaður, sem í hlut á, fá hann bættan með frítíma í landi eða á annan þann hátt, sem ákveðið kann að vera í heildarsamningum samtaka útgerðarmanna og sjómanna, sem hlut eiga að máli.

5. Í landslögum, reglugerðum eða heildarsamningum skal ákvarða, hvenær telja skal, að skip sé í hafi og hvenær í höfn, að því er tekur til ákvæða þessarar greinar.

13. gr.

1. Þessi grein nær til yfirmanna og skipsmanna á þilfari, í vélarrúmi og loftskeytastöð skips, sem er í langferðum.

2. Þegar skip er á hafi og daginn, sem það kemur og fer, skal venjulegur vinnutími yfirmanna og skipsmanna ekki fara fram úr 8 stundum á sólarhring.

3. Þegar skip er í höfn, skal venjulegur vinnutími yfirmanna og skipsmanna ekki lengri en hér segir:

a. á vikulegum hvíldardögum skal vinna að nauðsynlegum skyldustörfum og hreinlætisstörfum, þó ekki lengur en tvær stundir;
b. aðra daga átta stundir, nema í heildarsamningi sé gert ráð fyrir styttri tíma.

4. Vinnutíma umfram daglegt hámark, sbr. undanfarandi málsgreinar, skal telja til yfirvinnu, og eiga yfirmenn og skipsmenn kröfu á greiðslum fyrir hann í samræmi við ákvæði 17. greinar samþykktar þessarar.

5. Fari samanlagður vinnustundafjöldi á viku, að undanskildum þeim tíma, sem skoðast yfirvinna, fram úr 48, skal yfirmaður sá eða skipsmaður, sem hlut á að máli, fá frítíma á móti í landi eða fá aðra uppbót eftir því, sem ákveðið er í heildarsamningi samtaka útgerðarmanna og sjómanna, sem hlut eiga að máli.

6. Í landslögum, reglugerðum eða heildarsamningum skal ákvarða, hvenær telja skal, að skip sé í hafi og hvenær í höfn, að því er tekur til ákvæða þessarar greinar.

14. gr.

1. Þessi grein nær til manna, sem starfa að matseld eða framreiðslu matar um borð.

2. Á farþegaskipi skal venjulegur vinnutími ekki lengri en:

a. 10 stundir af hverjum 14 samfelldum, þegar skip er í hafi og daginn, sem það kemur eða fer;
b. þegar skip er í höfn:
   (i) 10 stundir af hverjum 14 stundum samfelldum, meðan farþegar eru um borð;
   (ii) annars:
   daginn fyrir vikulegan hvíldardag 5 stundir,
   á vikulegum hvíldardegi 5 stundir fyrir þá, sem starfa að frammistöðu, og allt að tvær stundir til nauðsynlegra skyldustarfa og hreinlætisstarfa að því er tekur til annarra manna; alla aðra daga 8 stundir.

3. Á skipi, sem ekki er farþegaskip, skal venjulegur vinnutími ekki vera lengri en:

a. níu klukkustundir á hverjum þrettán klst. samfelldum, þegar skipið er í hafi og daginn, sem það fer eða kemur;
b. þegar skipið er í höfn: á vikulegum hvíldardegi, 5 klukkustundir;
daginn fyrir vikulegan hvíldardag, sex stundir;
alla aðra daga átta stundir á hverjum 12 stundum.

4. Fari samanlagður fjöldi vinnustunda á tveim vikum samfelldum fram úr 112, skal sá, sem í hlut á, fá í þess stað frí í landi eða aðra uppbót, samkvæmt heildarsamningi milli samtaka útgerðarmanna og sjómanna, sem hlut eiga að máli.

5. Í landslögum, reglugerðum eða heildarsamningum milli útgerðarmanna og sjómanna, sem hlut eiga að máli, má setja sérreglur um vinnutíma vökumanna.

15. gr.

1. Þessi grein nær til yfirmanna og skipsmanna á skipum í lengri og skemmri ferðum.

2. Um frítíma í höfn skal semja milli samtaka útgerðarmanna og sjómanna, sem hlut eiga að máli, á þeim grundvelli, að yfirmenn og skipsmenn fái eins mikið frí í höfn og framkvæmanlegt er og að slíkur frítími skuli ekki reiknast sem orlof.

16. gr.

1. Hlutaðeigandi yfirvald má veita undanþágu frá þessum kafla samþykktarinnar, að því er snertir þá yfirmenn, sem ekki eru undanþegnir skv. ákvæðum 10. greinar, með þessum skilyrðum:

a. yfirmennirnir verða samkvæmt heildarsamningi að hafa rétt til starfsskilyrða, sem hlutaðeigandi yfirvald úrskurðar, að séu fullnægjandi uppbót á því, að ákvæðum þessarar samþykktar er ekki beitt, og
b. heildarsamningurinn verður upphaflega að hafa verið gerður fyrir 30. júní 1946 og vera enn í gildi eða endurnýjaður.

2. Aðildarríki, sem beitir ákvæðum 1. málsgreinar, skal láta forstjóra Alþjóðavinnumálaskrifstofunnar í té allar upplýsingar um slíka heildarsamninga, og forstjórinn skal leggja útdrátt úr þeim upplýsingum fyrir nefnd þá, sem um getur í 21. grein.

3. Nefnd þessi skal athuga, hvort í heildarsamningum þeim, sem henni eru sendir, sé gert ráð fyrir starfsskilyrðum, er bæti það að fullu upp, að ákvæðum þessa kafla samþykktarinnar er ekki beitt. Allir meðlimir, sem fullgilda samþykktina, skulu skyldir til að taka til athugunar allar athugasemdir og tillögur, sem nefndin gerir varðandi slíka samninga, og enn fremur að vekja athygli samtaka útgerðarmanna og yfirmanna, sem eru aðilar að slíkum samningum, á öllum slíkum athugasemdum og tillögum.

17. gr.

1. Uppbætur fyrir yfirvinnu skal ákveða í landslögum eða reglugerðum eða heildarsamningum, en aldrei skal tímagreiðsla fyrir yfirvinnu vera lægri en einn og einn fjórði hluti grunnlauna eða kaups á klukkustund.

2. Í heildarsamningum má gera ráð fyrir uppbótum með jafnlöngu fríi frá störfum í landi í stað peningagreiðslu eða annars konar uppbóta.

18. gr.

1. Eigi skal leyfa stöðuga yfirvinnu.

2. Eigi skal telja tíma, sem fer til eftirtalinna starfa, til venjulegs vinnutíma né til yfirvinnu í merkingu þessa kafla samþykktarinnar:

a. störf, sem skipstjóri telur nauðsynleg og aðkallandi vegna öryggis skips, farms eða manna um borð;
b. störf, sem skipstjóri krefst, að unnin séu til að aðstoða önnur skip eða fólk í háska;
c. liðskönnun, eldvarna- eða björgunarbátaæfingar eða aðrar æfingar, sem fyrir er mælt um í gildandi alþjóðasamþykkt um lífsöryggi á sjó;
d. aukastörf vegna tollskoðunar, sóttvarna eða annarra heilbrigðisráðstafana;
e. eðlileg nauðsynjastörf yfirmanna til að ákvarða stöðu skips og veðurathuganir;
f. aukatíma vegna skipta á vöktum.

3. Ekkert í samþykkt þessari má skoða svo, sem það skerði rétt og skyldu

skipstjóra til að fyrirskipa né skyldur yfirmanna eða skipverja til að framkvæma hvert það verk, er skipstjóri telur nauðsynlegt til öruggrar og góðrar stjórnar á skipinu.

19. gr.

1. Eigi mega menn yngri en 16 ára vinna að nóttu til.
2. Í grein þessari merkir „nótt" a. m. k. níu stunda samfelldan tíma fyrir og eftir miðnætti, innan þeirra tímatakmarka, sem ákveðið verður í landslögum, reglugerðum eða heildarsamningum.

IV. KAFLI
Mannafli.

20. gr.

1. Öll skip, sem samþykkt þessi nær til, skulu hafa nægan og hæfan mannafla til:
   a. að tryggja lífsöryggi til sjós;
   b. að fullnægja ákvæðum III. kafla samþykktar þessarar, og
   c. að komast hjá of mikilli áreynslu á skipverjum, svo og til að komast sem mest hjá yfirvinnu.
2. Öll aðildarríki skuldbinda sig til að halda uppi eða sjá um, að uppi sé haldið stofnunum til að rannsaka og úrskurða allar kærur eða deilur út af mannafla skips.
3. Fulltrúar samtaka útgerðarmanna og sjómanna skulu taka þátt í slíkum stofnunum, ásamt eða án annarra manna eða yfirvalda.

V. KAFLI
Framkvæmd samþykktarinnar.

21. gr.

1. Veita má samþykkt þessari gildi með a) lögum eða reglugerðum, b) heildarsamningum milli útgerðarmanna og sjómanna (nema að því er snertir 2. málsgrein 20. greinar) eða c) sameiginlega með lögum eða reglugerðum og heildarsamningum útgerðarmanna og sjómanna. Nema öðruvísi sé ákveðið í samþykkt þessari, ná ákvæði hennar til allra skipa, sem skráð eru í þeim aðildarríkjum, sem hana hafa fullgilt, svo og til allra manna, sem ráðnir eru á slík skip.
2. Þegar framfylgt er einhverjum ákvæðum samþykktar þessarar í heildarsamningum samkvæmt 1. málsgrein þessarar greinar, skal aðildarríki ekki skylt að gera neinar ráðstafanir til að framfylgja 9. grein, hvað sem ákvæðum hennar líður, að því er varðar þau ákvæði þeirrar greinar, sem fram er fylgt með heildarsamningi.
3. Sérhvert aðildarríki, sem fullgildir þessa samþykkt, skuldbindur sig til að láta forstjóra Alþjóðavinnumálaskrifstofunnar í té upplýsingar um ráðstafanir þær, sem gerðar eru til að framfylgja henni, þar á meðal upplýsingar um alla gildandi heildarsamninga, þar sem einhverjum ákvæðum hennar er fullnægt.
4. Sérhvert aðildarríki, sem fullgildir þessa samþykkt, skuldbindur sig til að taka með þriggja aðila sendinefnd þátt í hverri þeirri nefnd fulltrúa ríkisstjórna, útgerðarmanna- og farmannasamtaka, þar sem einnig sætu sem ráðgjafar fulltrúar Siglingamálanefndar Alþjóðavinnumálaskrifstofunnar, sem útnefnd kann að verða í því skyni að rannsaka ráðstafanir þær, sem gerðar eru til þess að framkvæma samþykktina.
5. Forstjórinn skal leggja fyrir þá nefnd yfirlit yfir upplýsingar þær, sem hann hefur fengið samkvæmt 3. málsgrein hér að framan.
6. Nefnd þessi skal athuga, hvort heildarsamningar þeir, sem henni eru tilkynntir, veiti ákvæðum samþykktarinnar fullt gildi. Sérhvert aðildarríki, sem fullgildir samþykktina, skuldbindur sig til að taka tillit til allra athugasemda og til-

lagna varðandi framkvæmd samþykktarinnar, sem nefndin kann að gera, svo og til að vekja athygli samtaka vinnuveitenda og verkamanna, sem aðilar eru að einhverjum þeim heildarsamningum, sem um getur í 1. málsgrein, á öllum athugasemdum og tillögum fyrrgreindrar nefndar um það, að hve miklu leyti ákvæði samþykktarinnar koma til framkvæmda í slíkum samningum.

22. gr.

1. Sérhvert aðildarríki, sem fullgildir samþykkt þessa, skal ábyrgjast, að ákvæðum hennar sé beitt um öll skip skráð innan þess, svo og, nema samþykktinni sé fullnægt með heildarsamningum, að hafa í gildi lög eða reglugerðir, er:

a. kveði á um skyldur útgerðarmanna og skipstjóra til að hlýða ákvæðum samþykktarinnar;
b. geri ráð fyrir hæfilegum viðurlögum út af brotum á henni;
c. geri ráð fyrir hæfilegu opinberu eftirliti með framkvæmd IV. kafla;
d. segi fyrir um, að halda skuli skýrslur um vinnutíma vegna ákvæða III. kafla, og uppbætur greiddar fyrir yfirvinnu og umframvinnu;
e. tryggi sjómönnum sömu aðstöðu til að framfylgja kröfum fyrir uppbætur út af yfir- og umframvinnu og þeir hafa til að krefjast vangoldinna launa.

2. Hafa skal samráð, að svo miklu leyti sem eðlilegt og mögulegt er, við samtök útgerðarmanna og sjómanna, þegar undirbúin eru lög eða reglugerðir til að framfylgja ákvæðum samþykktar þessarar.

23. gr.

Til þess að veita gagnkvæma aðstoð við framkvæmd samþykktar þessarar, skulu öll aðildarríki, sem fullgilda hana, takast á hendur að fyrirskipa hlutaðeigandi yfirvaldi í öllum höfnum í landi sínu að skýra ræðismanni eða öðru yfirvaldi annars slíks ríkis frá öllum tilvikum, þegar fyrrnefnt yfirvald hefur komizt að raun um, að ákvæðum samþykktarinnar er ekki framfylgt um skip, sem skráð er í landi hins síðarnefnda aðildarríkis.

VI. KAFLI
Lokaákvæði.

24. gr.

Að því er snertir 28. grein Samþykktar um vinnutíma og mannafla (til sjós) 1936 skal þessi samþykkt skoðast sem endurskoðun þeirrar samþykktar.

25. gr.

Formlegar fullgildingar á samþykkt þessari skal senda forstjóra Alþjóðavinnumálaskrifstofunnar til skrásetningar.

26. gr.

1. Samþykkt þessi skal einungis vera bindandi fyrir þá meðlimi Alþjóðavinnumálastofnunarinnar, sem látið hafa forstjóra skrá fullgildingarskjöl sín.

2. Hún skal fyrst öðlast gildi sex mánuðum eftir að eftirfarandi skilmálum hefur verið fullnægt:

a. níu þeirra ríkja, sem hér eru talin, hafi látið skrásetja fullgildingar sínar: Argentína, Ástralía, Belgía, Bandaríki Ameríku, Brazilía, Chile, Danmörk, Finnland, Frakkland, Grikkland, Holland, Indland, Írland, Ítalía, Jugoslavía, Kanada, Kína, Noregur, Pólland, Portugal, Sameinaða konungsríki Stóra Bretlands og Norður-Írlands, Svíþjóð, Tyrkland;
b. í hópi þeirra ríkja, sem hafa látið skrá fullgildingar sínar, skulu vera að minnsta kosti fimm ríki, sem eigi hvert um sig að minnsta kosti milljón smálesta skipastól á skrásetningardegi;

c. samanlagður skipastóll þeirra meðlima, sem látið hafa skrá fullgildingar sínar, sé á skrásetningardegi eigi lægri en fimmtán milljón brúttó rúmlestir.

3. Ákvæði næstu málsgreinar hér að framan eru sett til þess að auðvelda og flýta fyrir fullgildingu aðildarríkjanna á samþykkt þessari.

4. Eftir að samþykktin hefur fyrst öðlazt gildi, skal hún öðlast gildi að því er snertir hvern meðlim sex mánuðum eftir að fullgilding hans hefur verið skráð.

27.—32. gr.
(Samhljóða 16.—21. gr. í samþykkt nr. 68.)

Sþ. 74. Tillaga til þingsályktunar [55. mál]

um þjóðaratkvæði um innflutnings-, framleiðslu- og sölubann á áfengum drykkjum.

Flm.: Sigfús Sigurhjartarson, Pétur Ottesen, Halldór Ásgrímsson, Hannibal Valdimarsson.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að láta fara fram þjóðaratkvæði meðal alþingiskjósenda samtímis næstu alþingiskosningum um, hvort lögfesta skuli algert innflutnings-, framleiðslu- og sölubann á áfengum drykkjum.

Greinargerð.

Tillaga þessi til þingsályktunar felur í sér þá ákvörðun, að þeim, sem hafa kosningarrétt til Alþingis, skuli gefinn kostur á að láta í ljós álit sitt um, hvort sett skuli lög um algert áfengisbann. Gert er ráð fyrir, að hugtakið áfengur drykkur verði skilgreint á sama hátt sem gert er í 1. gr. áfengislaganna frá 9. jan. 1935, þ. e. að áfengur telst hver sá vökvi, sem meira er í af vínanda að rúmmáli en 2¼%.

Ástandið í áfengismálum er nú með þeim hætti, að ekki verður við unað. Alþingi hefur þó vikið sér undan þeim vanda að gera nokkrar ráðstafanir til úrbóta, og mun tvennt einkum valda:

1. mjög skiptar skoðanir þingmanna og almennings um, hvaða leiðir sé vænlegast að fara;
2. þingmönnum ýmsum hefur þótt sér nokkur vandi á höndum að gera ráðstafanir, sem leiddu til þess, að tekjur ríkissjóðs af áfengissölu minnkuðu verulega, þar sem það mundi leiða til þess, að afla yrði ríkissjóði tekna á annan hátt.

Hvað fyrra atriðið snertir, virðist eðlilegt — og eins og þessum málum nú er komið að segja má óhjákvæmilegt — að fela þjóðinni sjálfri, alþingiskjósendum við leynilega atkvæðagreiðslu að láta í ljós álit sitt um, hverri hinna tveggja meginstefna í þessu máli beri að fylgja, varnarstefnunni, sem leggur bann við innflutningi og tilbúningi áfengra drykkja, eða áhættustefnunni, sem löghelgar áfengissölu og takmarkalaust vínflóð um allar byggðir landsins. En eftir þessari stefnu er nú málum þessum stýrt, eins og kunnugt er. Vissulega mundi slík atkvæðagreiðsla vekja margan mann til umhugsunar um það, hvar þjóðin er nú á vegi stödd í þessum málum. Dæmin eru hvarvetna nærtæk. Sporin hræða. Vakandi meðvitund almennings um þau örlög, sem þjóðinni eru búin vegna ofdrykkjunnar, getur ein valdið straumhvörfum í þessu máli. Vissan um afstöðu þjóðarinnar til þeirra gagnólíku sjónarmiða, sem getið er um hér að framan, mundi vafalaust skapa nýtt viðhorf hjá fulltrúum þjóðarinnar á Alþingi til þessara mála. Hins vegar er það sýnilegt, ef ekki rís upp með þjóðinni sterk og öflug hreyfing til viðnáms og varnar þeim þjóðar-

voða, sem af jafntaumlausri áfengisnautn stafar eins og hér á sér stað, þá er hætt við, að áfram riki á Alþingi það sama ófremdarástand og aðgerðaleysi í þessum málum, sem auðkennt hefur þann feril allan nú að undanförnu.

Um síðara atriðið, tekjumissi ríkissjóðs vegna afnáms áfengissölu, er það að segja, að að því leyti sem þessar tekjur fara ekki beint og óbeint til útgjalda vegna gagnráðstafana, sem ríkið kemst ekki hjá að gera til að mæta afleiðingum drykkjubölsins, þá verður vitanlega að afla nokkurra nýrra tekna til handa ríkissjóði. En því má ekki gleyma, að ef drykkjubölinu er létt af þjóðinni, stendur hún ólíkt betur að vígi til þess að greiða þessi gjöld en ella.

Það eitt út af fyrir sig er skýrt og órækt dæmi þess, hvað afleiðingar drykkjuskaparins koma þungt niður á ríkissjóði og sveitarsjóðum, að í tillögum, sem ríkisstjórnin hefur lagt fram á Alþingi því, er nú situr, er í fyrsta lagi ráð fyrir því gert, að varið verði úr ríkissjóði árlega í næstu 6 ár hálfri annarri milljón króna, eða alls 9 milljónum, til þess að koma upp hæli fyrir þá menn, sem vinnautnin er komin vel á veg með að eyðileggja, en þó er þannig ástatt um, að líkur eru taldar til, að þeir geti rétt við með læknisaðgerð um lengri eða skemmri tíma. Í öðru lagi er til þess stofnað í þessum sömu tillögum, að sveitarfélög reisi jafnframt á sinn kostnað, með nokkrum fjárframlögum úr ríkissjóði, hæli fyrir þá áfengissjúklinga til ævilangrar dvalar, sem eru svo langt leiddir, að heilsu þeirra og siðferðisþreki verði ekki við bjargað.

Lagt er til, að þjóðaratkvæði um áfengisbann fari fram jafnhliða næstu alþingiskosningum. Að því fyrirkomulagi mætti verða nokkur sparnaður fyrir ríkið og þægindi fyrir kjósendur.

Tveir hagfræðingar, þeir Jónas Haralz og Torfi Ásgeirsson, hafa að tilhlutan Stórstúku Íslands, I. O. G. T., framkvæmt skoðanakönnun með það fyrir augum að grennslast um afstöðu þjóðarinnar til áfengisbanns. Sjálfsagt er að líta á niðurstöður skoðanakannana með fyllstu varúð, en ekki verður því móti mælt, að þessi skoðanakönnun, það sem hún nær, bendi í þá átt, að verulegur vilji sé fyrir hendi hjá þjóðinni til þess að hverfa frá þeirri stefnu í áfengismálum, sem fylgt hefur verið um sinn. Skýrsla hagfræðinganna um þessa skoðanakönnun fer hér á eftir ásamt bréfi þeirra varðandi skýrsluna.

Fylgiskjal I.

Reykjavík, 29. okt. 1948.

Við sendum yður hér með fyrri hluta skýrslu varðandi skoðanakönnun um áfengisbann á Íslandi, er framkvæmd var á s. l. sumri. Fjallar þessi hluti skýrslunnar um fyrirkomulag könnunarinnar, heildarniðurstöður hennar og athugasemdir varðandi túlkun þeirra niðurstaðna. Í síðari hluta skýrslunnar verður gerð grein fyrir því, hvernig skoðanir um þetta mál breytast með tilliti til aldurs, kynferðis, hjúskaparstéttar, atvinnustéttar og stjórnmálaskoðana. Þar sem útreikningar varðandi þessi atriði eru allseinlegir, hefur ekki unnizt tími til að framkvæma þá að svo stöddu. Niðurstöður þessara útreikninga geta haft nokkur áhrif á heildarútkomuna, en ekki meira en svo, að skakki nokkrum prósentum til eða frá, þannig að heildarmyndin verður undir öllum kringumstæðum óbreytt. Athygli skal vakin á því, að skipting sú, sem notuð er í þessari skýrslu, er ekki byggð á sama grundvelli og gert var í bráðabirgðaskýrslu þeirri, er vér gáfum á s. l. sumri, að því leyti, að þeir, sem töldu sig mundu greiða atkvæði gegn banni, voru óákveðnir eða töldu sig mundu greiða atkvæði með banni, en létu athugasemdir fylgja, er raunverulega virtust gefa hið gagnstæða til kynna, hafa hér verið taldir í einum hóp, og þeir, sem töldu sig mundu greiða atkvæði með banni án þess að láta slíkar athugasemdir fylgja, í öðrum hóp. Í bráðabirgðaskýrslunni voru hins vegar allir þeir, er töldu sig mundu

greiða atkvæði með banni, taldir saman, einnig þeir, er gefið höfðu slíkar athugasemdir, er fyrr getur. Mismunur niðurstaðnanna á þessum tveim skýrslum stafar aðallega af þessum ástæðum.

Virðingarfyllst,

Skoðanakönnunin

Torfi Ásgeirsson. Jónas H. Haralz.

Til Stórstúku Íslands, Reykjavík.

Fylgiskjal II.

Greinargerð varðandi skoðanakönnun um áfengisbann á Íslandi.

I. Inngangur.

Skoðanakönnun þessi var framkvæmd í maí- og júnímánuðum s. l. Var sú aðferð notuð, sem yfirleitt tíðkast um skoðanakannanir, að framkvæmdin var falin sérstökum trúnaðarmönnum, er lögðu spurningar fyrir fólk, er þeir völdu með tilliti til ákveðinna reglna, er þeim voru gefnar. Miðuðu þessar reglur að því að tryggja það, að úrtakið gæfi sem réttasta mynd af öllum kjósendum með tilliti til aldurs, kynferðis, hjúskaparstéttar, atvinnustéttar, stjórnmálaskoðana og búsetu. Að því leyti sem ekki hefur tekizt að fá viðunandi hlutföll hvað snertir þessi atriði í sjálfu úrtakinu, hefur þetta verið leiðrétt, þegar heildartölurnar hafa verið reiknaðar út, með því að gefa hverjum hóp þann þunga, sem svarar til hlutfallstölu hans meðal allra kjósenda.

Spurningar þær, er lagðar voru fyrir, voru eftirfarandi:

1. Ef fara ætti fram innan skamms þjóðaratkvæðagreiðsla um algert áfengisbann á Íslandi, munduð þér þá mæta á kjörstað til þess að greiða atkvæði?
   (Já eða Nei.)
2. Ef þér mættuð á kjörstað og greidduð atkvæði, mundi það þá verða:
   Með banni? Gegn banni?

Enn fremur var gert ráð fyrir, að trúnaðarmenn skrifuðu niður athugasemdir þeirra aðspurðu eftir því, sem tilefni gæfist til. Hefur einkum verið gert mikið að þessu í Reykjavík.

Tilgangur þessarar skoðanakönnunar var ekki sá að reyna að fá hugmynd um það, hver úrslit raunverulegrar þjóðaratkvæðagreiðslu mundu verða. Eins og nánar er vikið að síðar, verður slíkt að teljast ókleift að svo stöddu. Tilgangurinn var eingöngu sá að reyna að komast að nokkurri raun um afstöðu manna til algers áfengisbanns, eins og sú afstaða er nú. Spurningarnar voru orðaðar með þeim hætti, er að framan greinir, til þess eins að hafa þær sem hlutlausastar, þannig að sjálfar spurningarnar hefðu sem minnst áhrif á þá aðspurðu, og til þess að gera þeim auðveldara að átta sig á spurningunum, og til þess að þeir gætu sett svar sitt í samband við ákveðinn hugsaðan verknað, en allt þetta er mjög þýðingarmikið við skoðanakannanir.

II. Heildarniðurstöður.

Heildarniðurstöður könnunarinnar sjást í eftirfarandi töflu, og eru þar einnig sýndar til samanburðar niðurstöður þjóðaratkvæðagreiðslunnar árið 1933. Hafa svörin verið flokkuð í tvo flokka. Í fyrri flokknum eru þeir, er telja sig mundu greiða atkvæði með banni, og ekki hafa gert þær athugasemdir við svar sitt, er gæfu til kynna alvarlegar efasemdir í sambandi við það. Í síðari flokknum eru þeir, er telja sig mundu greiða atkvæði gegn banni, og þeir, sem telja sig ekki mundu greiða atkvæði eða ekki hafa sagzt vita, hvernig atkvæði þeirra mundu falla. Enn fremur

hafa verið taldir í þessum flokki þeir, er hafa sagzt mundu greiða atkvæði með banni, en látið athugasemdir fylgja, er virðast gefa það til kynna, að afstaða þeirra sé ekki eins ákveðin og svarið ber með sér. Algengasta athugasemd af þessu tagi er sú, að aðspurðir séu því aðeins fylgjandi banni, að það sé framkvæmt út í yztu æsar, en alvarlegar efasemdir jafnframt látnar í ljós um það, að slík framkvæmd sé hugsanleg. Gefur þessi tvískipting ljósara yfirlit um niðurstöðurnar en ýtarlegri skipting mundi gera, og að okkar dómi einnig réttara, eins og nánar verður vikið að síðar. Í töflunni eru tölur sýndar sérstaklega fyrir sveitir og kauptún með minna en þrjú hundruð íbúum, fyrir stærri kauptún, kaupstaði utan Reykjavíkur, Reykjavík og loks landið allt. Í sveitum og smærri kauptúnum telur sig mestur fjöldi fylgjandi banni, eða 82%, en 18% eru andvígir banni eða óákveðnir. Í stærri kauptúnum er meiri hlutinn með banni nokkru minni, eða 70%, en 30% andvígir banni eða óákveðnir. Í kaupstöðum utan Reykjavíkur eru samsvarandi tölur 58% og 42% og í Reykjavík 36% og 64%. Reykjavík er þannig eini landshlutinn, þar sem meiri hluti kjósenda telur sig andvígan banni, er óákveðinn eða lætur fylgi sitt við bannið vera bundið þeim forsendum, er raunverulega virðast gefa gagnstæða afstöðu til kynna. Fyrir landið allt eru tölurnar 58% með banni og 42% andvígir og óákveðnir.

Skoðanakönnun í júní 1948:

	Með banni %	Gegn banni og óákveðnir %	Alls %
Sveitir og minni kauptún	82	18	100
Stærri kauptún (yfir 300 íb.)	70	30	100
Kaupstaðir utan Reykjavíkur	58	42	100
Reykjavík	36	64	100
Allt landið	58	42	100

Þjóðaratkvæðagreiðsla 1933:

	Gr. atkv. með banni % af kjósendum	Gr. atkv. gegn banni % af kjósendum	Kjós., sem ekki gr. atkv. eða skiluðu auðu % af kjós.	Alls %
Sýslukjördæmi	19	18	63	100
Kaupst.kjördæmi utan Rvíkur	26	27	47	100
Reykjavík	16	40	44	100
Allt landið	19	25	56	100

III. Túlkun niðurstaðnanna.

Eins og þegar hefur verið vikið að, teljum við ekki, að niðurstöður þessarar skoðanakönnunar megi túlka á þá lund, að þær gefi hugmynd um niðurstöður raunverulegrar þjóðaratkvæðagreiðslu. Liggja til þess þær ástæður, er nú skal greina:

1. Þessi skoðanakönnun hefur farið fram við allt önnur skilyrði en atkvæðagreiðsla mundi gera. Það má heita að bannmálið hafi ekki verið á dagskrá í almennum umræðum síðan bannið var afnumið fyrir rúmum 15 árum síðan. Enginn áróður, er heitið geti, hefur því verið rekinn, hvorki með né móti. Á undan atkvæðagreiðslu mundi eiga sér stað öflugur áróður um margra mánaða skeið, er mikil áhrif mundi geta haft.

2. Það virðist bersýnilegt, að spurningarnar komi mörgum hinna aðspurðu mjög á óvart, þeir hafi ekki um málið hugsað, ekki myndað sér ákveðna skoðun, og má því búast við, að það svar, er þeir gefi, sé annað en verða mundi, eftir að meiri umræður hefðu farið fram um málið og öflugur áróður verið rekinn. Í þessum hópi eru að sjálfsögðu þeir, sem ekki telja sig mundu greiða atkvæði eða ekki segjast vita, hvernig atkvæði þeirra mundi falla, en einnig margir þeirra, er telja sig mundu greiða atkvæði með banni. Hins vegar virðist af athugasemdunum að dæma afstaða þeirra, er telja sig mundu greiða atkvæði gegn banni, vera mjög ákveðin.

3. Allmargir þeirra, er telja sig mundu greiða atkvæði með banni, hafa látið þá athugasemd fylgja, að sú afstaða þeirra sé algerlega eða að mestu bundin við það, að banninu yrði rækilega framfylgt, komið í veg fyrir brugg og smygl og engar undanþágur leyfðar. Jafnframt hafa margir þessara manna látið þá skoðun í ljós, að þeir hefðu ekki trú á, að þessi skilyrði yrðu uppfyllt hér á landi. Hafa þessir menn ekki verið taldir með bannmönnum, heldur í hinum hópnum, þar sem afstaða þeirra með banni er bundin skilyrðum, sem þeir sjálfir telja, að ekki yrðu uppfyllt. Að okkar dómi hefði skoðanakönnunin sennilega gefið réttari mynd af afstöðu manna, ef ríkar hefði verið gengið eftir, að menn létu athugasemdir fylgja svari sínu, en þá hefði um leið orðið meiri hætta á því, að um áhrif frá spyrjendum yrði að ræða.

4. Við teljum, að nokkur brögð hafi verið að því, að þeir, sem töldu sig mundu greiða atkvæði með banni, hafi verið að láta í ljós afstöðu sína til annars en um var spurt. Þeir hafi hugsað eitthvað á þessa leið: „Ef ég segist mundu greiða atkvæði gegn banni, er ég með því að lýsa velþóknun minni á ástandinu í áfengismálunum. Það vil ég ekki gera, og þess vegna verð ég að telja mig fylgjandi banni.“ Þessa og aðrar skoðanir okkar varðandi túlkun niðurstaðnanna byggjum við ekki hvað síst á okkar eigin reynslu sem spyrjendur og á þeim athugunum, sem ýmsir trúnaðarmanna hafa gert grein fyrir.

5. Ef hér hefði verið um að ræða tilraun til þess að komast að raun um niðurstöður raunverulegrar þjóðaratkvæðagreiðslu, hefði orðið að taka tillit til þess, að kosningaþátttaka fer eftir ýmsum einkennum, er t. d. minni meðal kvenna en karla o. s. frv. Þetta hefur ekki verið gert, enda ekki ástæða til þess, þar sem könnunin hvort sem er getur ekki gefið hugmynd um slíka atkvæðagreiðslu.

Af því, sem hér hefur verið sagt, er ljóst, að ekki má túlka niðurstöður þær, er hér eru birtar, á þá lund, að þær gefi til kynna sennilega niðurstöðu þjóðaratkvæðagreiðslu um algert áfengisbann á Íslandi. Hins vegar er enginn vafi á því, að þær gefa ótvírætt til kynna mjög almenna óánægju með það ástand, sem nú er ríkjandi í áfengismálunum, og það jafnframt, að allmikill hljómgrunnur sé eins og stendur fyrir áfengisbanni hjá meiri hluta kjósenda, enda þótt ekkert verði um það fullyrt, hvernig sú afstaða kynni að breytast, ef um raunverulega þjóðaratkvæðagreiðslu yrði að ræða.

Hér skal að lokum gerð nokkur grein fyrir úrslitum þjóðaratkvæðagreiðslunnar árið 1933. Mjög mikill hluti kjósenda tók ekki þátt í þeirri atkvæðagreiðslu, eða 56%. Meðal kvenna var kosningaþátttakan aðeins 32% og meðal karla 60%. Með afnámi bannlaganna greiddu atkvæði 18% kjósenda í sýslukjördæmum, 27% í kaupstöðum utan Reykjavíkur og 40% í Reykjavík. Á öllu landinu var þessi hlutfallstala 25%. Með banni voru samsvarandi hlutfallstölur 19%, 26%, 16% og 19% á öllu landinu. Hlutfallstölur þeirra, er ekki tóku afstöðu, annaðhvort með því að sitja heima eða skila auðu, voru á sama hátt 63%, 47%, 44% og 56% á öllu landinu. Af þessu er ljóst, að jafnvel við þær aðstæður, er ríkjandi voru árið 1933, var aðeins lítill hluti kjósenda reiðubúinn að taka ákveðna afstöðu gegn banni. Það verður að teljast mjög sennilegt, að sá stóri hópur kjósenda, sem ekki tók ákveðna afstöðu 1933, og þeir yngri kjósendur, sem svipaðs sinnis eru, fylli nú yfirleitt flokk þeirra, sem í skoðanakönnuninni telja sig mundu greiða atkvæði með banni, og að mismunur sá, er kemur í ljós á þjóðaratkvæðagreiðslunni 1933 og skoðanakönnuninni nú, byggist fyrst og fremst á þessu. Er í því sambandi eftirtektarvert, að þar, sem kosningaþátttakan 1933 var minnst, í sveitunum og meðal kvenna almennt, þar er nú í skoðanakönnuninni að finna mest bannfylgið.

Það, sem veldur mismunandi afstöðu þessara kjósenda þá og nú, er hvort tveggja, allt aðrar ytri kringumstæður og það, að nú er ekki um raunverulega atkvæðagreiðslu að ræða. Um það, hvernig þessi afstaða kynni á ný að breytast, ef til atkvæðagreiðslu kæmi, verður, eins og fyrr segir, ekki spáð.

Nd. 75. Frumvarp til laga [56. mál]

um breyting á lögum nr. 20 20. maí 1942, um breyting á lögum nr. 6 9. jan. 1935, um tekjuskatt og eignarskatt.

Flm.: Einar Olgeirsson, Hermann Guðmundsson.

1. gr.

Í stað fyrri málsgr. 5. gr. laganna kemur:

Fyrstu málsgr. 12. gr. laganna skal orða svo:

Frá hreinum tekjum heimilisfastra manna hér á landi, eins og þær eru ákveðnar samkvæmt 10. gr., skal draga 1200 kr. fyrir einstakling og hvern fjölskyldumeðlim.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Persónufrádráttur er nú í Reykjavík 900 kr. á einstakling, 1800 kr. á hjón, en 700 kr. á ómaga, en utan Reykjavíkur er hann 600 kr. á ómaga, en annars sami.

Þessi persónufrádráttur hefur verið of lágur undanfarin ár, og hefur Sósialistaflokkurinn áður gert tilraun til þess að fá hann hækkaðan. Síðan tekjur manna tóku að rýrna og yfirvöldin gerðu með vísitölubindingunni og aukningu dýrtíðarinnar enn frekari ráðstafanir til að rýra afkomu alþýðu manna, er nú orðið svo aðkallandi að létta sköttum af lágtekjumönnum, að þessi hækkun persónufrádráttarins, sem hér er farið fram á, verður að teljast óumflýjanleg.

Auk þessarar hækkunar, sem hér er lagt til, að verði á persónufrádrætti, helzt sú regla gildandi laga að færa niður tekjur, áður en persónufrádráttur er frá dreginn, sem samsvarar, að dýrtíðarvísitala sé lögð á persónufrádráttinn. Ef þetta yrði að lögum, yrðu því skattfrjálsar tekjur 5 manna fjölskyldu í Reykjavík 18 000 krónur.

Ed. 76. Frumvarp til laga [57. mál]

um breyting á lögum um bráðabirgðabreyting nokkurra laga o. fl., nr. 50 5. apríl 1948.

Flm.: Steingrímur Aðalsteinsson.

1. gr.

1. töluliður 1. gr. laganna fellur niður.

2. gr.

5. töluliður sömu lagagr. fellur niður.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Árið 1946 voru, fyrir forgöngu þáverandi ríkisstjórnar, sett lög um opinbera aðstoð við byggingar íbúðarhúsa í kaupstöðum og kauptúnum. Eitt helzta og þýðingarmesta nýmæli þeirra laga fólst í þriðja kafla laganna, sem fjallaði um aðstoð ríkisins við íbúðabyggingar sveitarfélaga, og þar sem svo er fyrir mælt, að stefnt

skuli að því að útrýma öllum heilsuspillandi íbúðum á næstu fjórum árum. Með þennan ágæta ásetning fyrir augum tók ríkisvaldið á sig þá skyldu að útvega sveitarfélögum, sem reisa þurftu íbúðir í þessu skyni, mjög hagkvæm lán til íbúðabygginganna, er samtals skyldu nema 85% byggingarkostnaðarins.

Það kom brátt í ljós, sem vænta mátti, að mörg bæjarfélög vildu nota sér þessa væntanlegu aðstoð ríkisins til þess að byggja íbúðir, í stað hinna fjölmörgu heilsuspillandi íbúða, sem voru — og því miður eru enn — í flestum eða öllum kaupstöðum landsins. Þegar til framkvæmda skyldi koma, varð hins vegar miklu minna en skyldi úr lánsútvegun ríkisstjórnarinnar til íbúðabygginganna, og á þingi ársins 1947 beitti núverandi ríkisstjórn sér fyrir því, að sett voru ný lög um það, að ákvæði fyrrnefnds þriðja kafla laga frá árinu áður skyldu ekki koma til framkvæmda, nema veitt væri til þess sérstök heimild í fjárlögum hverju sinni.

Sósialistaflokkurinn beitti sér þá eftir fremsta megni gegn þessari uppgjöf fyrri ákvörðunar ríkisvaldsins um þann sjálfsagða hlut að útrýma heilsuspillandi íbúðum. Og nú, þegar útbýtt hefur verið fjárlagafrumvarpi fyrir árið 1949, án þess að þar sé veitt nokkur heimild til framkvæmda í þessu efni, vill Sósialistaflokkurinn enn gera tilraun til þess að fá þetta leiðrétt. Er því frumv. þetta flutt, en 1. gr. þess felur í sér, að aftur skuli koma í fullt gildi þriðji kafli laganna frá 1946, um aðstoð ríkisins við íbúðabyggingar sveitarfélaga, til útrýmingar heilsuspillandi íbúðum.

Í 2. grein frumvarpsins er lagt til, að einnig verði felldur niður 5. töluliður laganna um bráðabirgðabreyting nokkurra laga, en með honum var — í annað sinn á sama þinginu, með tæplega þriggja vikna millibili — stórhækkaðir tollar af innlendum tollvörutegundum, þ. á m. af vörum, sem ekki geta talizt neinn óþarfi og mikið eru notaðar til neyzlu, þegar hægt er að fá þær. Verður ekki betur séð en að tollar þessir hafi verið orðnir ærið háir fyrir og því ástæða til að fella úr gildi þessa síðustu hækkun.

Nd. 77. Nefndarálit [4. mál]

um frv. til l. um hvalveiðar.

Frá sjávarútvegsnefnd.

Á árinu 1946, 2. des., gerist Ísland aðili að alþjóða hvalveiðasamningnum, en af því leiðir, að nauðsynlegt er að endurskoða gildandi lög um hvalveiðar. Er það gert í þessu frv. Samningur þessi er í meginatriðum byggður á nauðsyn þess, að gerðar séu með alþjóðasamtökum ráðstafanir til þess að koma í veg fyrir, að gengið sé of nærri hvalastofninum. Eru alþjóðasamtök þau, sem hér um ræðir, hin þörfustu, þegar á það er litið, að viðkoma hvalastofnsins er lítil, en hins vegar kosta ýmsar fiskveiðaþjóðir mjög kapps um stórvirka þátttöku í hvalveiðunum, sem nú um skeið hafa reynzt vera arðgæfur atvinnuvegur. Ekki þykir rétt að binda í lögunum ýmis þau friðunarákvæði, sem samningurinn tekur til, en í þess stað er ráð fyrir því gert, að slíkt skuli vera ákveðið í reglugerð. Gera má ráð fyrir, að reynslan sýni, að nokkuð örar breytingar geti orðið á alþjóðasamþykktinni um þessi atriði, og er þá hægara um vik að breyta reglugerðinni til samræmingar en að breyta lögunum. En að sjálfsögðu eru þau meginatriði, sem til greina koma, mörkuð í lögunum. Sjávarútvegsnefnd flytur nokkrar breytingartillögur við frv., og verður gerð grein fyrir þeim í framsögu.

Nefndin leggur því til, að frv. verði samþykkt með eftirfarandi

BREYTINGUM:

1. Við 1. gr. Fyrsta málsgr. greinarinnar orðist svo:
   Rétt til að stunda hvalveiðar í íslenzkri landhelgi og til að landa hvalafla, þótt utan landhelgi sé veitt, svo og til að verka slíkan afla, hafa þeir einir, er

fengið hafa til þess leyfi atvinnumálaráðuneytisins. Slík leyfi má aðeins veita íslenzkum ríkisborgurum, enda hafi þeir verið búsettir hér á landi í 1 ár að minnsta kosti.

2. Við 2. gr. Aftan við gr. bætist: Eigi skal þetta þó skerða þau leyfi, sem þegar hafa verið veitt.
3. Við 6. gr. Fyrir „má“ í 2. málsgr. kemur: skal.
4. Við 7. gr. Fyrir „Eigandi“ í upphafi gr. kemur: Útgerðarmaður.
5. Við 10. gr.
   a. Fyrsti málsl. fyrri málsgr. orðist svo:
      Brot gegn lögum þessum varða sektum, frá 10000—100000 kr., og fangelsi allt að 6 mánuðum.
   b. Síðari málsgr. orðist svo:
      Á skipinu skal hvíla lögveð til tryggingar greiðslu á sektum og kostnaði.

Alþingi, 3. nóv. 1948.

Finnur Jónsson, form. Pétur Ottesen, fundaskr., frsm. Halldór Ásgrímsson.
Áki Jakobsson. Sigurður Kristjánsson.

Ed. 78. Breytingartillögur [32. mál]

við frv. til l. um breyt. á vegalögum, nr. 34 22. apríl 1947.

Frá Eiríki Einarssyni.

Við 1. gr. Framan við a-lið bætast tveir nýir liðir, svo hljóðandi:

a. Á eftir A. 20 kemur:
   Sólheimavegur: Frá Skeiða- og Hreppavegi hjá Hruna um Sólheima og Hlíð á Gnúpverjaveg við Kálfá.
b. Á eftir A. 22 kemur:
   Skarðsvegur: Frá Gnúpverjavegi sunnan Geldingaholts, um Ásbrekku og Skarð á Skeiða- og Hreppaveg hjá Laxárholti.

Nd. 79. Breytingartillaga [6. mál]

við frv. til l. um breyt. á vegalögum, nr. 34 22. apríl 1947.

Frá Steingrími Steinþórssyni og Jóni Sigurðssyni.

Við 1. gr. Aftan við gr. bætist:
Á eftir C. 14 í sömu gr. kemur nýr liður:
Löngumýrarvegur: Af Norðurlandsvegi hjá Húsey að húsmæðraskólanum á Löngumýri.

Ed. 80. Breytingartillögur [26. mál]

við frv. til l. um skattfrelsi vinninga o. fl. varðandi fyrirhugað happdrættislán ríkissjóðs.

Frá fjárhagsnefnd.

1. Við fyrirsögn frv. Orðið „fyrirhugað“ falli niður.
2. 1. gr. orðast þannig:
   Nú ákveður fjármálaráðherra að nota lagaheimildir til lántöku fyrir ríkissjóð á þann hátt, að út verði boðin happdrættislán, og skulu þá vinningar þeirra undanþegnir hvers konar opinberum gjöldum öðrum en eignarskatti.
3. Við 3. gr. Í stað orðanna „happdrættisláns þess“ kemur: happdrættislánum þeirra.

Ed. 81. Nefndarálit [46. mál]

um frv. til l. um eyðingu svartbaks.

Frá landbúnaðarnefnd.

Nefndin hefur athugað frv. á fundi sínum og er sammála um að leggja til, að það verði samþykkt óbreytt.

Alþingi, 8. nóv. 1948.

Þorst. Þorsteinsson, form., frsm. Páll Zóphóníasson, fundaskr. Eiríkur Einarsson.
Ásmundur Sigurðsson. Guðm. Í. Guðmundsson.

Sþ. 82. Tillaga til þingsályktunar [58. mál]

um innflutning raftækja til heimilisnota o. fl.

Flm.: Jörundur Brynjólfsson, Helgi Jónasson.

Alþingi ályktar að skora á ríkisstjórnina að hlutast til um, að framvegis verði flutt til landsins, eftir því sem frekast er unnt, algengustu raftæki til heimilisnota, svo sem rafmagnseldavélar, ofnar, ljósatæki, þvottavélar o. s. frv.

Jafnframt er skorað á ríkisstjórnina að sjá svo um, að nægilega mikið af raforkuvörum til orkuveitna og rafleiðslna til heimila verði fluttar til landsins.

Nd. 83. Breytingartillaga [6. mál]

við frv. til l. um breyt. á vegalögum, nr. 34 22. apríl 1947.

Frá Halldóri Ásgrímssyni.

Við 1. gr. Aftan við greinina bætist nýr töluliður:
Á eftir D. 9 í 2. gr. laganna kemur nýr liður:
Fellavegur: Af Austurlandsvegi nálægt Rangárbrú um Egilssel, Fjallssel á Upphéraðsveg nálægt Ormsstöðum.

Nd. **84. Frumvarp til laga** [59. mál]

um laun skálda, rithöfunda og annarra listamanna og listaráð.

Flm.: Gylfi Þ. Gíslason.

1. gr.

Allt að því tólf skáld, rithöfundar og aðrir listamenn skulu njóta árlegra heiðurslauna úr ríkissjóði að upphæð 6000 kr. að viðbættri verðlagsuppbót.

2. gr.

Skáld, rithöfundar og aðrir listamenn, sem notið hafa heiðurslauna samkv. 1. gr. í 5 ár, skulu njóta þeirra ævilangt. Skulu þeir skipa listaráð (akademi) og vera menntamálaráðuneyti og menntamálaráði til ráðuneytis um mál, er varða listir.

3. gr.

Fé því, sem veitt er í fjárlögum til skálda, rithöfunda og annarra listamanna umfram heiðurslaun þau, sem um ræðir í 1. gr., skal úthlutað í þremur flokkum, og skal upphæð einstakra fjárveitinga í hverjum flokki vera 3000 kr., 2000 kr. og 1000 kr. að viðbættri verðlagsuppbót.

4. gr.

Alþingi ákveður með ályktun sameinaðs þings, hver skáld, rithöfundar og aðrir listamenn skuli njóta heiðurslauna samkv. 1. gr. Úthlutun fjár samkv. 3. gr. annast menntamálaráð, en jafnan skal það senda listaráði og heimspekideild Háskóla Íslands til umsagnar tillögur þær, sem fram koma innan ráðsins, áður en ákvörðun er tekin. Skal úthlutun lokið í síðasta lagi tveimur mánuðum eftir samþykkt fjárlaga.

5. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Um alllangt skeið undanfarið hafa orðið óeðlileg og óheppileg átök um úthlutun þess fjár, sem veitt er árlega í fjárlögum til skálda, rithöfunda og annarra listamanna. Að verulegu leyti hafa deilur þessar átt rót sína að rekja til þess, að ekki hefur gætt æskilegrar stefnufestu af hálfu ríkisvaldsins um úthlutun fjárins, enda hefur hún verið í höndum ýmissa aðila, þ. e. Alþingis sjálfs, menntamálaráðs, listamannanna sjálfra að nokkru leyti og nú síðast þingkjörinna nefnda. Ýmsum og ólíkum reglum hefur verið fylgt um skiptingu fjárins frá ári til árs, og hefur skáldum og rithöfundum verið skipt í allt að 11 flokka, tónlistarmönnum og leikurum í allt að 8 flokka og myndlistarmönnum í allt að 4 flokka. Hin nákvæma flokkun listamannanna hefur verið mjög óheppileg og valdið miklu um þann styr, sem að jafnaði hefur staðið um úthlutunina, enda hlýtur slík flokkun að minna á einkunnagjöf í skóla, og hefur úthlutunin raunar stundum borið nokkurn keim af því, að hún skyldi jafngilda einkunnagjöf.

Á undanförnum árum hafa verið uppi háværar raddir um nauðsyn þess að koma fastari skipan á þessi mál, og mun stjórnskipuð nefnd hafa starfað að málinu fyrir tveimur árum og Bandalag íslenzkra listamanna hafa um það fjallað. Ekkert frv. um þetta efni hefur þó verið lagt fyrir Alþingi. Flm. þessa frv. telur, að allt of lengi hafi dregizt að koma fastri skipan á þessi mál og að réttast sé að gera það með sérstakri löggjöf. Af þeim sökum er þetta frv. flutt.

Meginatriði frv. er, að allt að tólf skáld, rithöfundar og aðrir listamenn skuli njóta fastra heiðurslauna að upphæð 6000 kr. á ári að viðbættri verðlagsuppbót. Hæstu skáldalaun hafa undanfarið numið 6000 kr., en þau laun hafa aðeins fáir

hlotið. Allmargir hafa hins vegar fengið 4000—5000 kr. Flm. þessa frv. telur eðlilegt og réttmætt, að allt að tólf skáld, rithöfundar og aðrir listamenn njóti sérstakra og allríflegra heiðurslauna og haldi þeim ævilangt, ef þeir hafa verið taldir þeirra maklegir fimm sinnum. Ætti aðstaða þeirra listamanna, sem mestrar viðurkenningar njóta, að geta orðið örugg og ekki hætta á stöðugum deilum um úthlutun fjár til þeirra. Jafnframt er gert ráð fyrir því, að þeir menn, sem ákveðið hefur verið, að njóta skuli heiðurslauna ævilangt, skipi listaráð (akademi) og séu ríkisvaldinu til ráðuneytis og leiðbeiningar um málefni, er varða listir, auk þess, sem listarráðið getur að sjálfsögðu valið sér sjálfstæð verkefni. Því fé, sem veitt er í fjárlögum til listamanna umfram þær allt að 216 000 kr., sem heiðurslaunin gætu numið, skal síðan skipt milli annarra rithöfunda, skálda og listamanna, en þó þannig, að því fé verði ekki úthlutað í nema þremur flokkum. Auk heiðurslaunaflokksins virðist eðlilegt að gera ráð fyrir tveimur flokkum fjárveitinga til viðurkenndra listamanna (3000 kr. og 2000 kr.) og enn fremur sérstökum flokki (1000 kr.) til uppörvunar efnilegum byrjendum fyrst og fremst.

Þótt frv. þetta verði að lögum, fylgja því að sjálfsögðu engin ný útgjöld fyrir ríkissjóð. Það fjallar einvörðungu um skiptingu þess fjár, sem veitt er í fjárlögum til listamanna, en það er að vísu lögbundið, að allt að tólf mönnum skuli jafnan veita árleg heiðurslaun að upphæð 6000 kr. Miðað við þá fjárhæð, sem ætluð er listamönnum í fjárlagafrv. hæstv. ríkisstjórnar fyrir næsta ár, þ. e. 525 000 kr., yrði hægt að úthluta 309 000 kr. til annarra en þeirra, sem heiðurslauna mega njóta. Hversu margir gætu komið til greina við þá úthlutun, færi auðvitað eftir því, hve mörgum væri skipað í hvern flokk, en ekki má telja ósennilegt, að þeir yrðu um 40—50, svo að alls yrði fénu þá skipt milli 50—60 manna. Á síðastliðnu ári var fénu hins vegar skipt milli 106 manna, en 24 var úthlutað minna en 1000 kr. og 29 1200 kr. Áhrif þessarar lagasetningar yrðu því ekki aðeins þau, að úthlutunarflokkum fækkaði mjög frá því, sem verið hefur, heldur að fénu yrði úthlutað milli nokkru færri manna en áður, en meira kæmi í hlut hvers. Mun og áhætt að fullyrða, að hinir smáu styrkir, sem veittir hafa verið undanfarið, komi engan veginn að tilætluðum notum og heppilegra sé, að styrkirnir séu færri og hærri.

Í frv. er Alþingi ætlað að taka ákvörðun um, hverjir njóta skuli heiðurslauna, og með endurveitingu tilskilinn tíma, hverjir skipa skuli listaráð. Menntamálaráði er hins vegar falin úthlutun fjár til annarra listamanna, en þó gert ráð fyrir því, að jafnan sé leitað umsagnar listarráðs og heimspekideildar Háskóla Íslands, áður en ákvörðun er tekin. Eins og nú er komið málum, sýnist ástæðulaust að velja sérstakar nefndir til að annast þessa úthlutun og eðlilegast að fela það menntamálaráði, enda hefur það önnur skyld störf með höndum. Hins vegar er það nýmæli, að leita skuli umsagnar listaráðsins og heimspekideildar Háskóla Íslands. Fyrst gert er ráð fyrir því, að hinir viðurkenndustu listamenn þjóðarinnar skipi listaráð (akademi), virðist sjálfsagt, að menntamálaráð leiti umsagnar þeirra, áður en það tekur ákvarðanir um fjárveitingar til annarra listamanna, en um laun þeirra sjálfra hefur Alþingi þegar tekið endanlega ákvörðun. Hin stjórnskipaða nefnd, sem að er vikið að framan, mun hafa ætlazt til, að heimspekideild Háskóla Íslands ætti tvo fulltrúa í úthlutunarnefnd, og Bandalag íslenzkra listamanna mun og hafa talið æskilegt, að heimspekideildin ætti fulltrúa í þeirri nefnd, sem úthlutaði fé til listamanna. Flm. þessa frv. telur ákjósanlegt, að heimspekideildin fjalli nokkuð um þetta mál, og álítur, að því verði á þann veg bezt fyrir komið, að hún sé menntamálaráði til ráðuneytis eins og listaráðið. Ætti með þessu móti að fást mjög aukin trygging fyrir því, að vel sé vandað til ákvarðana í þessu efni, svo að ekki þyrfti að standa um þær óeðlilegur og hvimleiður styr.

Nd. 85. Breytingartillögur [6. mál]

við frv. til l. um breyt. á vegalögum, nr. 34 22. apríl 1947.

Frá Jóni Pálmasyni.

Við 1. gr. Aftan við greinina bætast nýir töluliðir:

1. Aftan við C. 7 í 2. gr. laganna bætist: og þaðan á Norðurlandsveg hjá Aralæk.
2. Á eftir C. 8 í sömu gr. kemur nýr liður:
   Flugvallarvegur: Af Norðurlandsvegi norðan Kringlu að flugvellinum við Húnavatn.
3. Í stað „til Hafna“ í C. 10 í sömu gr. kemur til Ásbúða.

Ed. 86. Frumvarp til laga [60. mál]

um breyting á lögum nr. 42 1948, um útflutning og innflutning á íslenzkum og erlendum gjaldeyri.

Flm.: Björn Ólafsson, Lárus Jóhannesson.

1. gr.

3. gr. laga nr. 42 1948 orðast þannig:

Hver sá, er til landsins kemur frá útlöndum, skal gefa tollyfirvöldunum sundurliðaða skýrslu um þann gjaldeyri, er hann hefur meðferðis. Skulu einstaklingar búsettir hér á landi skila þeim gjaldeyri, sem þeir eiga, til þeirra banka, er rétt hafa til að verzla með erlendan gjaldeyri, og greiða þeir andvirðið í íslenzkum krónum.

Einstaklingar búsettir erlendis skulu við komu sína til landsins undirrita yfirlýsingu um, að þeir selji gjaldeyri aðeins til þeirra stofnana, sem rétt hafa til gjaldeyrisverzlunar. Skal sala þeirra á gjaldeyri færð í vegabréf þeirra.

Hver sá, sem fer af landi burt, skal gefa skriflega skýrslu um gjaldeyri þann, er hann hefur meðferðis, og gera grein fyrir, að hans hafi verið aflað á löglegan hátt.

2. gr.

4. gr. sömu laga orðast þannig:

Eigi má setja reglur samkvæmt lögum þessum, er banna mönnum brottför úr landi. Einstaklingar búsettir hér á landi hafa heimild til að semja við erlenda aðila um uppihald erlendis fyrir sig og sína gegn endurgreiðslu með sams konar greiða hér á landi. Á sama hátt geta félagssamtök hér á landi samið um uppihald erlendis fyrir félagshópa gegn því að sjá erlendum félagshópum fyrir uppihaldi hér á landi, enda sé ekki um yfirfærslu gjaldeyris að ræða í slíkum viðskiptum.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Lög um útflutning og innflutning á íslenzkum og erlendum gjaldeyri eru sett til að tryggja það, að ferðamenn, innlendir og erlendir, gefi skýrslu um gjaldeyri sinn og hlíti settum reglum um meðferð hans. En í lögunum er kvöð á innlenda menn, sem telja verður mjög óeðlilega og óhagkvæma. Hún er sú, að gert er að skilyrði fyrir brottför þeirra úr landinu, að þeir undirriti drengskaparyfirlýsingu um það að semja ekki við erlenda aðila um að fá uppihald erlendis gegn nokkurs

konar endurgjaldi nema með sérstöku leyfi gjaldeyrisyfirvaldanna. Slík kvöð er jafnóvenjuleg sem hún er óeðlileg, og er næsta furðulegt, að hún skuli framkvæmd í landi, sem virðir að nokkru persónulegt frelsi manna.

Síðan styrjöldinni lauk, hafa orðið miklar breytingar á samgöngum við önnur lönd. Nú geta menn komizt til flestra landa Evrópu á nokkrum klukkustundum. Hinni ævagömlu einangrun landsins er lokið, og landsmenn hafa nú tækifæri, sem þeir aldrei hafa haft áður, til þess að kynnast umheiminum. Þetta tækifæri hefur verið notað eftir föngum, og það þarf frekar að styrkja menn en hindra í því að nota það. Sumum hefur þótt utanfarir landsmanna nokkuð miklar og talið þær óþarfa gjaldeyriseyðslu. En þær eru sízt meiri hlutfallslega en tíðkast í Bretlandi og með ýmsum þjóðum á meginlandi Evrópu. Þrátt fyrir gjaldeyrisskort veita Bretar hverjum, sem þess óskar, ákveðna fjárhæð í gjaldeyri á ári til utanfarar. Íslendingum er ekki minni nauðsyn en öðrum að kynnast menningu og háttum annarra þjóða. Þess vegna er með frv. þessu lagt til, að landsmenn hafi heimild til að þiggja greiða og fyrirgreiðslu erlendis gegn því að láta í té sams konar greiða hér á landi. Þetta er svo sjálfsögð heimild, að ekki ætti að þurfa um hana að deila, ekki sízt á tímum, þegar erfitt er fyrir almenning að fá gjaldeyri til ferðalaga. Með þessu móti er oft mögulegt fyrir menn að útvega sér dvöl erlendis, sem eiga þess ekki neinn kost að afla sér gjaldeyris. Sama er að segja um félagshópa, sem vilja fara utan. Þeir geta oft átt þess kost gegn því að taka móti og veita beina hér á landi erlendum félagshópum. Verður varla sagt, að hægt sé á hagkvæmari hátt að greiða fyrir ferðalögum almennings, þar sem hér er ekki um bein gjaldeyrisútlát að ræða. Slíkar framkvæmdar eiga ekki að vera háðar neinum leyfum.

Í frv. er tekið fram, að eigi megi setja reglur samkvæmt lögum þessum, er banna mönnum brottför úr landi. Er þetta sett vegna þess, að nú er landsmönnum bannað að fara úr landi nema með leyfi gjaldeyrisyfirvaldanna, hvernig sem á stendur. Er það framkvæmt á þann veg, að skipafélögum og flugfélögum er bannað að selja mönnum farmiða nema með leyfi viðskiptanefndar. Mjög er vafasamt, að nokkur heimild sé til fyrir því að gera landsmenn þannig ófrjálsa ferða sinna. En til þess er ætlazt, að frv. taki af allan vafa um það, að skv. lögunum sé ekki hægt að banna neinum brottför úr landi.

Ed. 87. Breytingartillaga [26. mál]

við brtt. á þskj. 80 [Happdrættislán ríkissjóðs].

Frá Bjarna Benediktssyni.

Við tölul. 2. Aftan við liðinn bætist: eða útsvari af eign.

Sþ. 88. Fyrirspurnir. [61. mál]

I. Til ríkisstjórnarinnar varðandi launakjör alþingismanna.

Frá Steingrími Aðalsteinssyni.

a. Hvað líður athugun hv. ríkisstjórnar á frv. því um launakjör alþingismanna, er samið var af milliþinganefnd, sem til þess var kjörin á Alþingi 15. des. 1943, og skilað til þáverandi hv. ríkisstjórnar hinn 5. október 1945?
b. Má vænta þess, að hv. ríkisstjórn leggi frumvarp um þetta efni fyrir Alþingi það, sem nú situr?

II. Til fjármálaráðherra um byggingu lýsisherzluverksmiðju.

Frá Áka Jakobssyni.

1. Hvaða einstaklingar eru það, sem fjármálaráðherra á við í ummælum við 1. umr. fjárlaganna, að séu að undirbúa byggingu lýsisherzluverksmiðju?
2. Hvenær hafa þessir einstaklingar fengið gjaldeyris- og innflutningsleyfi fyrir vélum til slíkrar verksmiðju?
3. Hvenær hafa þeir fengið fjárfestingarleyfi fyrir slíkri verksmiðju?
4. Ætlar ríkisstjórnin að byggja lýsisherzluverksmiðju eða hefur hún ákveðið að hætta við byggingu lýsisherzluverksmiðju þeirrar, sem Alþingi og ríkisstjórn ákváðu að reisa á Siglufirði?
5. Hverjar eru ráðstafanir ríkisstjórnarinnar viðvíkjandi vélum þeim, er þegar höfðu verið keyptar til lýsisherzluverksmiðjanna?

III. Til atvinnumálaráðherra varðandi fyrirhugaða sementsverksmiðju.

Frá Gísla Jónssyni.

1. Hvað líður undirbúningi undir byggingu sementsverksmiðju ríkisins?
2. Hefur nokkur frekari rannsókn verið látin fara fram á sementshráefnum landsins, og ef svo er, hver er árangur þeirra rannsókna?
3. Hyggur ríkisstjórnin að láta fara fram frekari rannsókn áður en staðsetning verksmiðjunnar er endanlega ákveðin, eða hefur þegar verið endanlega ákveðið, hvar verksmiðjan verður reist?
4. Hafa nokkrar frekari athuganir verið látnar fara fram á byggingar- og rekstrarkostnaði verksmiðjunnar, og ef svo er, hvað hafa þær athuganir leitt í ljós?

IV. Til flugmálaráðherra um njósnir yfir flugvöllum ríkisins.

Frá Jónasi Jónssyni.

1. Hve oft hafa menn orðið þess varir á yfirstandandi ári, að erlendar flugvélar virtust starfa að njósnum yfir flugvöllum ríkisins?
2. Hvernig hindra þjóðir, sem ráða yfir vopnuðu liði, þess konar njósnarstarfsemi?
3. Hvað ætlar flugmálastjórnin að gera til að hindra að þessari njósnarstarfsemi verði haldið áfram hér á landi?

V. Til landbúnaðarráðherra varðandi kynbótastöðina á Úlfarsá.

Frá Jónasi Jónssyni.

1. Hvað hefur ríkissjóður lagt fram mikið fé í jurtakynbótastöðina á Úlfarsá?
   a. Hvert var kaupverðið?
   b. Hve mikið fé hefur verið lagt í húsa- og jarðabætur á staðnum?
   c. Hvað hefur ríkið lagt fram í vinnulaunum við starfræksluna?
   d. Hve miklar tekjur eða tap hefur orðið á stöðinni?
2. Hversu verður séð fyrir starfsaðstöðu þeirrar kynbótastarfsemi, sem Áskell Löve hefur nú með höndum á Úlfarsá, ef ríkið leggur jörðina til væntanlegri stofnun fyrir áfengissjúklinga?

VI. Til ríkisstjórnarinnar um gjaldeyrismál.

Frá Skúla Guðmundssyni og Gylfa Þ. Gíslasyni.

1. Hefur ríkisstjórnin reynt að fá upplýsingar um gjaldeyriseignir íslenzkra aðila í öðrum löndum, og ef svo er, hvern árangur hafa þær eftirgrennslanir borið?
2. Hefur verið rannsakað hverju sinni, hvort þeir íslenzku aðilar, sem hafa óskað eftir innflutningsleyfum fyrir vörur án þess að þurfa gjaldeyrisleyfi vegna greiðslu á andvirði þeirra, hafi aflað sér gjaldeyris til greiðslu á vörunum á löglegan hátt? Og er rannsakað hverju sinni, hvort þeir íslenzkir menn, sem ferðast til útlanda, hafi aflað sér gjaldeyris til greiðslu ferðakostnaðar og dvalarkostnaðar erlendis með löglegum hætti?
3. Hefur þess verið krafizt, að allir íslenzkir aðilar, sem fá umboðslaun frá erlendum fyrirtækjum, skiluðu þeim gjaldeyri til íslenzkra banka, og hve miklu af slíkum umboðslaunatekjum í erlendum gjaldeyri var skilað til bankanna á árunum 1945—1947?

Ed. 89. Breytingartillaga [26. mál]

við brtt. á þskj. 80 (Happdrættislán ríkissjóðs).

Frá Páli Zóphóníassyni.

Við 2. Í stað orðanna „öðrum en eignarskatti“ komi: það ár, sem þeir falla.

Ed. 90. Breytingartillaga [26. mál]

við brtt. á þskj. 80 (Happdrættislán ríkissjóðs).

Frá fjárhagsnefnd.

Við 2. Aftan við till. bætist: á því ári, sem þeir falla til útborgunar.

Nd. 91. Breytingartillaga [6. mál]

við frv. til l. um breyt. á vegalögum, nr. 34 22. apríl 1947.

Frá Eysteini Jónssyni.

Við 1. gr. Aftan við greinina bætist nýr töluliður:
Á eftir D. 21 í sömu lagagrein kemur nýr liður:
Kolfreyjustaðarvegur: Af Fáskrúðsfjarðarvegi að Kolfreyjustað.

Sþ. 92. Tillaga til þingsályktunar [62. mál]

um framleiðslu rafmagnstækja innanlands.

Flm.: Ingólfur Jónsson.

Alþingi ályktar að skora á ríkisstjórnina að stuðla að aukinni framleiðslu rafmagnstækja innanlands með því að tryggja þeim verksmiðjum í landinu, sem framleiða rafmagnstæki, nægilegt hráefni, svo að þær geti unnið allt árið með fullum afköstum.

Einnig skal stuðla að stofnun nýrra fyrirtækja til framleiðslu ýmissa rafmagnstækja, sem enn hafa ekki verið framleidd hérlendis.

Greinargerð.

Mikið er nú rætt og ritað um vöntun á ýmsum rafmagnstækjum og það ekki að ástæðulausu. Víða um land er alger vöntun á rafmagnseldavélum og öðrum rafmagnstækjum, sem nauðsynleg og sjálfsögð eru þar, sem rafmagn er fyrir hendi. Innflutningur slíkra tækja, ef fullnægja skal eftirspurninni, útheimtir mikið af erlendum gjaldeyri. Verður vitanlega ekki hjá því komizt, eins og ástandið er nú, að verja töluverðu fé til innflutnings áður nefndra tækja til þess að leysa úr brýnustu þörfum. En ekki er ástæðulaust að hugsa sér aðrar leiðir til úrlausnar þessum málum í náinni framtíð. En það er með því að auka innlendu framleiðsluna. Til er í Hafnarfirði mjög myndarlegt fyrirtæki, sem framleiðir rafmagnseldavélar. Eldavélar þessar eru ódýrari en erlendar vélar og fyllilega samkeppnisfærar hvað gæði snertir. Forstjóri þessa fyrirtækis hefur sagt mér, að þessi verksmiðja gæti framleitt nóg af eldavélum til að fullnægja eðlilegri eftirspurn hér á landi, ef alltaf væri fyrir hendi nægilegt efni til þess að vinna úr. En efni í eldavélina er aðeins ¼ hluti í erlendum gjaldyri, miðað við það að flytja til landsins tilbúna vél. Þegar það, sem hér hefur verið sagt, er tekið til greina, virðist vera sjálfsagt að fullnægja efnisþörfinni og framleiða eldavélarnar í landinu.

Fróðir menn á þessu sviði telja, að sama máli gegni með þvottavélar, suðupotta, kæliskápa og ýmis fleiri rafmagnsáhöld, að framleiða megi þau hér með sama árangri og eldavélarnar. Tillaga sú, sem hér er flutt, fer fram á það, að sú verksmiðja eða verksmiðjur, sem fyrir hendi eru, fái nægilegt efni til framleiðslunnar og að unnið verði að því að koma upp nýjum hliðstæðum fyrirtækjum til framleiðslu margs konar rafmagnstækja, sem mikil vöntun er á.

Með því að gera þetta verður á tiltölulega skömmum tíma unnt að svara eðlilegri eftirspurn á ofannefndum vörum án þess að eyða til þess miklu af dýrmætum gjaldeyri.

Nd. 93. Frumvarp til laga [63. mál]

um heimild fyrir ríkisstjórnina til lántöku handa ríkissjóði.

Frá fjárhagsnefnd.

1. gr.

Ríkisstjórninni er heimilt að taka allt að 15 milljón króna innanríkislán handa ríkissjóði. Skal fé þessu varið til greiðslu á lausaskuldum ríkissjóðs. Tilhögun lánsútboðsins skal nánar ákveðin með reglugerð.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Frv. þetta er flutt samkvæmt beiðni fjármálaráðherra, og hafa einstakir nefndarmenn óbundnar hendur um að flytja brtt. eða fylgja brtt., sem fram kunna að koma. Frv. fylgdi svo hljóðandi greinargerð:

Á undanförnum árum hefur Alþingi samþykkt löggjöf um margvíslegar framkvæmdir, sem ríkisstjórninni hefur verið ætlað að afla fjár til með sérstökum lántökum. Jafnframt hafa verið lagðar á ríkissjóð ábyrgðir á lántökum til ýmissa annarra framkvæmda, sem nema tugmilljónum króna. Vegna hinnar miklu eftirspurnar eftir lánsfé hefur ekki reynzt auðið að afla nema hluta þess lánsfjár, sem nauðsynlegt hefur verið til framkvæmdanna, og hefur því ríkissjóður orðið til bráðabirgða að leggja fram mikið fé, umfram hin föstu lögboðnu útgjöld sín. Jafnhliða hefur svo ríkissjóður orðið fyrir miklum útgjöldum vegna ábyrgðarskuldbindinga sinna. Hefur þetta haft í för með sér söfnun mikilla lausaskulda í Landsbankanum, sem bæði eru mjög óhagstæðar fyrir ríkissjóð og geta auk þess ekki staðið til langframa.

Í sumar ákvað ríkisstjórnin að reyna almennt lánsútboð innanlands í formi happdrættisláns, sem mjög hafa tíðkazt erlendis. Var boðið út 15 millj. kr. lán á þennan hátt og stuðzt þar við ýmsar gildandi lántökuheimildir, enda fénu varið til greiðslu skulda vegna þeirra. Þessi lánstilhögun reyndist svo vel, að öll skuldabréfin seldust á tæpum mánuði, og hefði verið auðið að selja mun meira. Þrátt fyrir þessa lántöku nema lausaskuldir ríkissjóðs við Landsbankann enn um 37 millj. kr. Allmikið af skuld þessari er vegna hinna venjulegu útgjalda ríkisins og greiðist væntanlega, þegar innheimtar hafa verið allar tekjur ríkissjóðs á þessu ári, en svo mikill hluti hennar stafar þó af útgjöldum vegna annarra fjárskuldbindinga ríkissjóðs, einkum ábyrgðarskuldbindinga, að ríkisstjórnin telur nauðsynlegt að fá sérstaka lántökuheimild til greiðslu á þeim lausaskuldum. Er ætlunin að hafa svipaða tilhögun á þessari lántöku og hinu fyrra happdrættisláni.

Nd. 94. Breytingartillaga [18. mál]

við frv. til l. um breyt. á l. nr. 61 31. okt. 1944, um byggingarmálefni Reykjavíkur.

Frá Skúla Guðmundssyni.

Á eftir 1. gr. komi ný grein, er verði 2. gr., svo hljóðandi:

Á eftir 7. gr. laganna komi ný grein, svo hljóðandi:

Húsameistari bæjarins skal láta þeim, er þess óska, í té fullnægjandi uppdrætti að íbúðarhúsum, sem fyrirhugað er að reisa innan kaupstaðarins, ásamt séruppdráttum af járnbentri steinsteypu, fyrirkomulagi vatns- og skolpveitna, hita- og rafmagnslagna, og öðrum hlutum bygginganna, eftir því sem krafizt er af byggingarfulltrúa. Gjald fyrir uppdrættina má ákveða í byggingarsamþykkt, en hámark þess samtals sé 1 króna fyrir hvern teningsmetra í húsunum.

Hver sá, er vinnur sjálfur að meira eða minna leyti að byggingu á íbúðarhúsi til afnota fyrir sjálfan sig, getur fengið leiðbeiningar við verkið og eftirlit með því hjá húsameistara bæjarins eða aðstoðarmönnum hans. Kemur það eftirlit þá í stað umsjónar meistara með byggingunni. Gjald fyrir slíkar leiðbeiningar og eftirlit má ákveða í byggingarsamþykkt, og miðist það við hæfilegt tímakaup til þeirra, er annast starfið, þó eigi hærra samtals en 2 krónur fyrir hvern teningsmetra í byggingunum.

Sþ. 95. Tillaga til þingsályktunar [64. mál]

um athugun á sumarvegi um Fjallabaksleið.

Flm.: Jón Gíslason.

Alþingi felur ríkisstjórninni að láta á næsta sumri athuga, hvar heppilegast sé að gera bílfæran sumarveg á Fjallabaksleið nyrðri, það er milli Skaftártungu í V.-Skaftafellssýslu og Landsveitar í Rangárvallasýslu.

Kostnaður við rannsóknina greiðist úr ríkissjóði.

Greinargerð.

Fjallabaksleið nyrðri var um langan tíma mikið farin milli Vestur-Skaftafellssýslu, austan Mýrdalssands, og Rangárvallasýslu. Sérstaklega var þessi leið farin með fjárrekstra úr austurhluta sýslunnar, meðan sláturfé var rekið af þessum slóðum til Reykjavíkur. Kom þá einkum tvennt til greina, sem sé það, að sú leið var vatnalaus og styttri en þjóðleiðin um Mýrdal og Eyjafjöll.

Sumarið 1946 var þessi leið fyrst farin á bílum, þá á tveimur tveggja drifa herbílum, og gekk sú ferð tafalítið. Nú í sumar var hún aftur farin, þá á jeppum, og var sama um það að segja, að ferðin gekk vel. Auk þess hefur nú 2 síðustu sumur verið farið alllangt norður eftir Skaftártunguafrétti með flutningabíla í sambandi við mæðiveikivarnagirðingu. Þess vegna hefur verið talsvert lagfærður vegur þarna, sem ætti að koma að notum á fyrirhugaðri leið.

Vestur-Skaftfellingar eiga þá hættu alltaf yfir höfði sér, að þjóðleiðin yfir Mýrdalssand lokist alveg af hamförum náttúrunnar, kannske svo missirum skiptir. Eru þá allir hreppar sýslunnar milli sanda, eða 5 hreppar af 7 í sýslunni, algerlega slitnir úr vegasambandi við umheiminn. En ef þessi leið væri fær bílum að sumri til, væri það nokkur úrbót í málinu.

Þó að tvisvar sé búið að fara þessa leið á bílum, er alls ekki úr því skorið, hvar heppilegast er að leggja leiðina. Er því nauðsynlegt, að þetta sé athugað af kunnugleika og þekkingu, og til þess að tryggja, að af því verði sem fyrst, er þingsályktunartillaga þessi fram borin.

Nd. 96. Frumvarp til laga [65. mál]

um landshöfn í Höfn í Hornafirði.

Flm.: Páll Þorsteinsson, Lúðvík Jósefsson, Halldór Ásgrímsson.

1. gr.

Ríkissjóður lætur gera á sinn kostnað hafnarmannvirki í Höfn í Hornafirði. Skulu takmörk hafnarinnar ákveðin í reglugerð.

Ráðherra ákveður gerð og fyrirkomulag hafnarinnar í samráði við vitamálastjóra.

Til hafnarmannvirkja teljast: Hafnargarðar, hafskipa- og bátabryggjur, verbúðir, dýpkanir, uppfyllingar, dráttarbrautir, vélar o. fl., sem nauðsynlegt má teljast við byggingu og rekstur hafnarinnar.

2. gr.

Til greiðslu kostnaðar, er leiðir af fyrirmælum 1. gr., er ríkisstjórninni heimilt að taka lán fyrir hönd ríkissjóðs, allt að 4,5 millj. kr., er endurgreiðist að ⅔ úr hafn-

arsjóði. Skal miða hafnargjöld á hverjum tíma, eftir því sem fært þykir, við það, að tekjur hafnarinnar nægi til þess að greiða vexti og afborganir af ⅔ hlutum stofnkostnaðarins auk árlegs rekstrarkostnaðar.

3. gr.

Stjórn hafnarinnar skipa 3 menn: Hafnarstjóri, skipaður af ráðherra þeim, sem fer með hafnarmál, og tveir meðstjórnendur, annar tilnefndur af hreppsnefnd Hafnarhrepps, en hinn kosinn af sameinuðu Alþingi. Hafnarstjórn skal kosin til fjögurra ára í senn.

Skulu stjórnarmeðlimir vera búsettir á staðnum.

4. gr.

Sérhver er skyldur að láta af hendi til landshafnarinnar svo víðáttumikið land sem hafnarstjórn og ráðherra telja, að þurfi til að geta veitt útvegsmönnum og öðrum aðstöðu til notkunar hafnarinnar og undir brautir og vegi í þarfir hennar, svo og leyfa, að tekið verði í landi hans hvort heldur er grjót eða möl eða önnur jarðefni og þola þær eignakvaðir, óhagræði eða takmörkun á afnotarétti, sem hafnargerðin hefur í för með sér, allt gegn því, að fullar bætur komi fyrir.

Náist ekki samkomulag um bætur, skulu þær ákveðnar með mati tveggja dómkvaddra manna að tilkvöddum báðum málsaðilum. Kostnaður við matið greiðist úr sjóði hafnarinnar. Nú vill annar hvor málsaðili ekki una mati, og getur hann krafizt yfirmats, en gera skal hann það innan 14 daga frá því, er matsgerð er lokið. Yfirmatið skal framkvæmt á sama hátt af 4 dómkvöddum mönnum.

Kostnaðinn við yfirmatið greiðir sá, er þess hefur krafizt, ef matsupphæðinni verður ekki breytt meira en sem nemur 10% af hinni ákveðnu endurgjaldsupphæð, ella greiðist kostnaðurinn úr sjóði landshafnarinnar.

5. gr.

Með strandlengjunni umhverfis höfnina má ekki gera í sjó fram bryggjur eða önnur mannvirki né fylla upp eða dýpka út frá landi, nema samkvæmt leyfi stjórnar landshafnarinnar. Sá, sem vill gera eitthvert slíkt mannvirki, skal senda hafnarstjórn beiðni um það, og skal beiðninni fylgja lýsing á því, svo og uppdráttur, ef með þykir þurfa í tvennu lagi, og heldur hafnarstjórn öðru eintakinu.

Sá, sem fengið hefur slíkt leyfi, skal skyldur að halda mannvirkinu svo við, að engin hætta stafi af því. Þessi ákvæði gilda einnig um þau mannvirki, er þegar hafa verið gerð á hafnarsvæðinu.

Brot gegn þessari grein varða sektum frá 500—20000 kr., og hafnarstjórn getur látið nema burt mannvirkið á kostnað eiganda.

6. gr.

Eignum og tekjum hafnarsjóðs má aðeins verja í þágu hafnarinnar. Ríkissjóður ábyrgist skuldbindingar hafnarinnar, og hafnarstjórn ber ábyrgð á eignum hennar.

7. gr.

Hafnarstjórn má ekki án leyfis ráðuneytisins selja eða veðsetja fasteignir hafnarinnar né kaupa nokkrar nýjar fasteignir, taka stórlán til lengri tíma en svo, að þau verði borguð aftur af tekjum þess árs, sem fer í hönd, né endurnýja slík lán eða fresta borgunartímanum og ekki heldur gera nein þau mannvirki við höfnina, sem eru svo stórvaxin, að árstekjurnar hrökkvi ekki til að koma þeim í framkvæmd.

8. gr.

Til þess að standa straum af kostnaði við byggingu og viðhald hafnarmannvirkja og til árlegs rekstrarkostnaðar hafnarinnar er heimilt að innheimta gjöld þau, er hér segir:

1. Árlegt gjald af bryggjum og öðrum mannvirkjum, sem gerð eru samkv. 5. gr.
2. Af skipum og bátum, er hafna sig á landshöfninni, og farmi þeirra:
   a. Skipagjald, ákveðið með tilliti til stærðar skipa þeirra, er hafna sig.
   b. Vörugjald. — Undanskildar skulu þó vörur þær, er samkvæmt farmskrá skipsins eiga að fara til annarra hafna á landinu, ef þær eru ekki settar á land.
   c. Bryggjugjald af skipum, er leggjast við bryggjur hafnarinnar.
   d. Festargjald af skipum, sem nota festar hafnarinnar.
   e. Allt að 1% af andvirði afla þeirra skipa og báta, sem leggja afla sinn á land innan hafnarsvæðisins eða hafa þar uppsátur.
   f. Leiga af verbúðum og öðrum mannvirkjum og af grunnum og lendum hafnarinnar.

Gjöld þessi, sem og gjöld fyrir afnot af öðrum eignum hafnarinnar, skulu ákveðin í reglugerð, sem hafnarstjórn semur og ráðherra staðfestir, og skal í henni ákveða, hver skuli greiða þau og innheimta.

Herskip og skemmtiskip skulu undanþegin gjöldum til hafnarinnar samkv. tölulið 2. a. Gjöld þessi má taka lögtaki.

9. gr.

Reikningsár hafnarinnar er almanaksárið.

10. gr.

Fyrir nóvemberlok hvers árs ber hafnarstjórn að leggja frumvarp til áætlunar um tekjur og gjöld hafnarinnar á komandi ári fyrir ráðherra til samþykktar ásamt nauðsynlegum skýringum á einstökum gjalda- og tekjuliðum.

11. gr.

Nú hefur hafnarstjórn í hyggju einhverjar meiri háttar framkvæmdir við höfnina eða hún vill gera einhverjar þær ráðstafanir, er samþykki ráðherra þarf til, og skal hún þá senda ráðuneytinu sérstaka tillögu um það efni svo tímanlega, að samþykki ráðuneytisins geti komið til, áður en gengið er endanlega frá fjárhagsáætlun.

12. gr.

Komi það í ljós, þegar fram á árið líður, að óumflýjanlegt sé að sinna einhverjum framkvæmdum utan áætlunar eða fara fram úr áætluðum fjárhæðum, ber hafnarstjórn að tilkynna það ráðuneytinu í tæka tíð og leita samþykkis þess, til þess að víkja megi frá áætluninni.

Eigi má hefja verkið né stofna til umframgreiðslu, fyrr en samþykki ráðherra er fengið.

13. gr.

Við lok hvers reikningsárs og ekki síðar en fyrir febrúarlok skal hafnarstjórn gera reikning yfir tekjur og gjöld hafnarinnar á hinu liðna ári og efnahagsreikning hennar. Reikningana skal endurskoða af tveim endurskoðendum, sem kosnir eru af sameinuðu Alþingi til 4 ára í senn. Hafnarstjórn sendir þá síðan til ráðherra til úrskurðar.

14. gr.

Að öðru leyti skal ákveða með reglugerð allt það, er lýtur að greiðri og hættulausri umferð um höfnina, góðri reglu og öðru höfninni viðvíkjandi, er við þykir eiga. Í reglugerðinni má ákveða sektir fyrir brot gegn henni 20—10000 kr.

Sektir samkvæmt lögum þessum renna í hafnarsjóð.

15. gr.

Með mál, sem rísa út af brotum á lögum þessum og reglugerðum, sem settar verða samkvæmt þeim, skal fara að hætti opinberra mála.

16. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Á síðustu þingum hefur verið flutt frumvarp um landshöfn í Höfn í Hornafirði. Á síðasta þingi var það afgreitt frá Ed., en dagaði uppi í Nd. Þess vegna er frumvarpið nú flutt að nýju.

Vegna legu sinnar er Höfn í Hornafirði sjálfkjörin fiskihöfn. Hin auðugu fiskimið við suðausturströnd landsins verða ekki nytjuð af vélbátum, nema þeir hafi viðlegu og athvarf á Hornafirði, enda hefur Hornafjörður árum saman verið útgerðarstöð Austfirðinga á vetrarvertíðum.

Á síðustu árum hefur vélbátaflotinn verið endurnýjaður að miklu leyti. Bátarnir hafa yfirleitt stækkað, jafnframt því að kostur er á fleiri skipum en áður til að draga föng í þjóðarbúið úr skauti hafsins. Af því leiðir, að aldrei hefur verið meiri þörf en nú að dreifa bátaflotanum sem víðast á fiskimiðin. Og þegar bátarnir stækka, verða hafnarskilyrðin í fiskihöfnunum einnig að batna. Það er því hin mesta nauðsyn að gera miklar endurbætur á höfninni í Hornafirði, og með það fyrir augum að gera hafnarskilyrðin þar sem allra bezt er frumvarp þetta flutt.

Á undanförnum þingum hefur fylgt frumvarpinu löng greinargerð, og vísast að öðru leyti til hennar.

Hér er birt sem fylgiskjal áætlun vitamálaskrifstofunnar um landshöfnina. Þegar málið lá fyrir Ed. á síðasta þingi, sendi vita- og hafnarmálastjórinn umsögn um landshafnir. Hér er birt sem fylgiskjal II sá hluti af umsögn hans, sem fjallar um Hornafjörð. Loks er birt sem fylgiskjal III áskoranir frá hafnarnefnd á Hornafirði og Austfirðingum.

Fylgiskjal I.

4. marz 1947.

Höfn í Hornafirði.

Áætlun um landshöfn. Tilhögun I.

Dýpkun.

Gert er ráð fyrir, að grafin sé renna úr álnum inn með eyjunni Ósland, á milli hennar og Álaugareyjar. Fremri hluti rennunnar er grafinn niður í 5 m dýpi, miðað við lægsta fjöruborð, þannig að hafskip geti komizt þar inn. Er sá hluti rennunnar ca. 240 m á lengd, um 40 m á breidd efst og 130 m fremst, miðað við fullt dýpi. Innarlega í rennunni er hafskipabryggja, 12 m á breidd og 70 m á lengd. Heldur rennan áfram um 320 m inn með Óslandi með 40 m breidd, en er hér grafin aðeins niður í 3 m dýpi, miðað við venjulegt fiskibátadýpi. Frá hafskipabryggjunni tekur við bátabryggja meðfram rennunni. Er hún 300 m á lengd og 10 m á breidd. Gert er einnig ráð fyrir að grafa mjórri rennu inn á svæðið framan við núverandi bátabryggju og dýpka nokkuð á 40—50 m breiðri spildu meðfram bryggjunni, þannig að sæmilegt bátadýpi fáist þar einnig. Nemur þessi síðasttalda dýpkun um 24 þús. m³, en öll sú dýpkun, sem nú er talin, mun nema um 190 þús. m³. Einnig er hér reiknað með, að dýpka þurfi nokkuð innsiglingarleiðina, einkum í námunda við eyjuna „Helli", enda er dýpi þar aðeins 3—4 m, yrði grafin þar sæmileg renna í gegnum aðalgrynningarnar, 300—400 m á lengd, mundi sú dýpkun nema um 20 þús. m³. Yrði þá öll dýpkun samtals 210 þús. m³.

Fyllingar.

Gert er ráð fyrir að nota mikinn hluta dýpkunarmagnsins til uppfyllingar. Er þá gert ráð fyrir fyrirhleðslu úr niðurreknum plönkum (2½"—3") og studdir með skástaurum. Er lega þess sýnd á meðfylgjandi uppdrætti. Gengur það út frá Vesturhorni Kaupfélagshúsanna vestur með landi á um 90 m lengd framan við „Víkina", en þá til suðurs í Ósland og síðan austur með eyjunni. Er öll lengd þess um 810 m. Gert er þá ráð fyrir að fylla upp „Víkina", þá 40—50 m breiða spildu út í Ósland og loks allbreiða ræmu meðfram Óslandi. Það magn, sem færi í fyllingar þessar, mun nema um 150—160 þús. m³. Fengist þá um 5,7 m há landsuppfylling, sem gæti orðið ágætt athafnasvæði, auk bílfærs vegar úr landi í Ósland.

Bryggjur.

Eins og áður er sagt, er gert ráð fyrir 70 m langri hafskipabryggju og 300 m bátabryggju. Eru það venjulegar staurabryggjur, enda er botninn vel hæfur til niðurreksturs staura og auðveldur til dýpkunar. Er botninn sandur með leirlögum á milli, og nægilega djúpt virðist niður á klöpp eftir því, sem botnathugun hefur leitt í ljós. Samkvæmt meðfylgjandi kostnaðaráætlun munu mannvirki þessi kosta um kr. 4 100 000.00.

Tilhögun I.

Kostnaðaráætlun.

Dýpkun og fylling 210 000 m³ á kr. 7.00	kr.	1 470 000.00
Hafskipabryggja 70×12 m á kr. 600.00 m²	—	504 000.00
Bátabryggja 300×10 m á kr. 500.00	—	1 500 000.00
Fyrirstöðuþil 810 m	—	642 000.00
	Kr.	4 116 000.00
	—	4 100 000.00

Höfn í Hornafirði.

Landshöfn. Tilhögun II.

Hér er fyrirkomulagið mjög svipað og áður, en aðeins gert ráð fyrir minni dýpkun og styttri bryggjum. Hafskipabryggjan yrði aðeins 60 m á lengd í stað 70 m og bátabryggjan 150 m (í stað 300). Innsiglingarrenna meðfram Óslandi yrði nokkru þrengri eða aðeins 30 m í stað 40 m. Gert er hér ráð fyrir jafnlöngum fyrirstöðuvegg og áður og sömu uppfyllingum.

Þyrfti því að dýpka nokkru lengra inn en nauðsynlegt er vegna bryggjanna, til að komast að með fyllingarnar og fá nægilegt efni í þær. Er því hér gert ráð fyrir 150 þús. m³ dýpkun.

Kostnaður samkv. meðfylgjandi áætlun yrði þá um kr. 2 900 000.

Tilhögun II.

Kostnaðaráætlun.

Dýpkun og fylling 150 000 m³ á kr. 7.00	kr.	1 050 000.00
Hafskipabryggja 60×12 m = 720 m² á kr. 600.00	—	432 000.00
Bátabryggja 150×10 m = 1500 m² á kr. 500.00	—	750 000.00
Fyrirstöðuþil 810 m	—	642 000.00
	Kr.	2 874 000.00

Fylgiskjal II.

VITA- OG HAFNARMÁLASTJÓRINN

Reykjavík, 6. jan. 1948.

Sjávarútvegsnefnd hefur óskað umsagnar minnar um frv. til laga um landshöfn í Þórshöfn. Enn fremur spyr nefndin, hvort ég telji æskilegt, að farið sé inn á þá braut almennt að fjölga landshöfnum, og þá í hvaða röð.

Ég ætla að leyfa mér að svara þessum síðari spurningum fyrst.

Þar sem svo hagar til, að nauðsyn er á höfn vegna þjóðarbúskaparins, en hreppsfélögin eru svo fátæk, að þau hafa ekki getu til þessara framkvæmda, þá álít ég það fjárhagslega réttmætt, að ríkið byggi höfn og iðjuver.

Það, hvort hafnir eigi almennt að vera ríkisfyrirtæki, er annað mál, og vel mætti hugsa sér höfn og iðjuver fyrst byggt af ríkinu sem nokkurs konar gróðursetning á atvinnulífi, en gangi síðar í það að verða hrepps- eða bæjarhöfn, og fiskiðjuverin verði samvinnubúskapur.

Því, í hvaða röð ég telji, að landshafnir eigi að koma, vil ég því til svara, að ég set númer eitt Höfn í Hornafirði, annaðhvort sem landshöfn eða þá að séð verði um með öðrum hætti, að fiskútflutningshöfn geti vaxið þar fljótlega upp. ...

Fyrir báða þessa staði, Höfn og Rif, liggja fyrir uppdrættir og kostnaðaráætlanir, og á hvorugum staðnum þarf að binda mjög mikið fé fyrst í stað. ...

Axel Sveinsson.

Til sjávarútvegsnefndar Ed. Alþingis, Alþingi.

Fylgiskjal III.

Um leið og vér sendum hjálagða áskorun frá sjómönnum og fleirum, sem vinna hér við útveginn, leyfir undirrituð hafnarnefnd sér einnig að skora á hið háa Alþingi að samþykkja frumvarp á þingskjali 136 um landshöfn ... á Höfn í Hornafirði.

Í því sambandi vill nefndin benda á, að ef nota á hin fiskisælu mið við Hornafjörð af austfirzkum bátaflota, þá verði ekki lengur hjá því komizt, að hafizt verði handa um framkvæmd á dýpkun og öðrum aðgerðum til úrbóta við höfnina, útveginum til hjálpar.

Höfn, Hornafirði, 25. febrúar 1947.

Bjarni Guðmundsson. Gísli Björnsson, Óli Kr. Guðbrandsson.
Jón J. Brunnan. Óskar Guðnason.

Til Alþingis, Reykjavík.

Við undirritaðir borgarar í Austfirðingafjórðungi beinum þeirri eindregnu ósk okkar til hins háa Alþingis, að frumvarpið á þingskjali 136 um landshöfn ... á Höfn í Hornafirði verði samþykkt nú á þessu þingi.

Höfn, Hornafirði, 18. febrúar 1947.

(Undirrituð 138 nöfn, sjá þskj. 812 1946).

Nd. 97. Breytingartillögur [34. mál]

við frv. til l. um breyt. á l. nr. 70 5. júní 1947, um fjárhagsráð, innflutningsverzlun og verðlagseftirlit.

Frá Jóni Pálmasyni.

1. Við 1. gr. Á undan greininni komi 4 nýjar greinar, svo hljóðandi (og breytist greinatala eftir því):
   a. (1. gr.) 2. grein laganna orðist þannig:
      Ríkisstjórnin skipar 5 manna nefnd, er nefnist fjárhagsráð. Einn nefndarmanna tilnefna bankastjórar Landsbankans úr sínum hópi og annan bankastjórar Útvegsbankans á sama hátt, en þrjá skipar ríkisstjórnin án tilnefningar. Ráðið kýs sjálft formann sinn.
      Verkefni ráðsins er að vinna að því, að sá gjaldeyrir, sem þjóðin aflar á hverjum tíma, sé notaður á hagkvæman hátt, til að greiða nauðsynlegar innfluttar vörur, og beita sér fyrir því, að þær séu seldar almenningi svo hagstæðu verði sem kostur er á.
   b. (2. gr.) 3. grein laganna orðist svo:
      Fjárhagsráð semur fyrir fram fyrir ár hvert áætlun um það, hve miklum gjaldeyri sé hægt að verja næsta ár til vörukaupa erlendis frá og hvernig honum sé skipt niður á einstaka vöruflokka. Skal við þá skiptingu miðað við það, að nauðsynlegar neyzluvörur, sem óhjákvæmilega þarf að flytja inn, séu í samræmi við skömmtun, að svo miklu leyti sem hún er framkvæmd, en að öðru leyti við eðlilega notaþörf. Því, sem afgangs er af áætluðum gjaldeyri sé varið til kaupa á framleiðslutækjum, byggingarvörum, efnivörum til iðnaðar og þeim vörum, sem framleiðsluatvinnuvegir landsins þurfa til rekstrar framleiðslunni.
   c. (3. gr.) 4. gr. laganna orðist svo:
      Ríkisstjórnin skal fyrir 1. desember ár hvert láta senda fjárhagsráði:
      1) skýrslu frá nýbýlastjórn ríkisins og Búnaðarbankanum um fyrirhugaðar byggingar í sveitum landsins á næsta ári;
      2) skýrslu um fyrirhugaðar opinberar framkvæmdir á næsta ári, að svo miklu leyti sem erlent efni þarf til.

      Því, sem umfram þetta er unnt að verja af erlendum gjaldeyri á komandi ári til bygginga og annarra framkvæmda í kaupstöðum og kauptúnum, skal skipt milli umsækjenda, og séu íbúðarhús, sjúkrahús og iðjufyrirtæki látin sitja fyrir.
   d. (4. gr.) 5., 6. og 8. gr. laganna falli burt.
2. Við 3. gr. Greinina skal orða svo:
   Innflutnings- og gjaldeyrisleyfum fyrir því magni, sem fjárhagsráð ákveður að flytja til landsins af: kornvörum til manneldis, kaffi, sykri, ávöxtum, grænmeti, fatnaði og vefnaðarvörum, skófatnaði, búsáhöldum og hreinlætisvörum, skal fjárhagsráð skipta milli verzlunarsvæða, kaupstaða og kauptúna í réttu hlutfalli við íbúatölu á hverju verzlunarsvæði
   Leyfin skulu einungis veitt viðurkenndum smásöluverzlunum (kaupfélögum og kaupmönnum), og sé skiptingin innan hvers verzlunarsvæðis ákveðin af Verzlunarráði Íslands og stjórn Sambands íslenzkra samvinnufélaga.
   Skiptingin telst þó eigi samþykkt, nema meiri hluti sambandsstjórnar og verzlunarráðs hvors um sig sé sammála. Verði eigi á þann veg samþykkt skipting innan einhvers verzlunarsvæðis, sker viðskiptamálaráðherra úr.
   Innflutnings- og gjaldeyrisleyfum fyrir framleiðslutækjum, byggingarvörum, efnivörum til iðnaðar og framleiðsluvörum atvinnuveganna skal fjárhagsráð skipta á sama hátt milli verzlunarsvæða, eftir því sem við verður komið í

réttu hlutfalli við fjárfestingarleyfi (sbr. 3. gr.). Sé þeim leyfum einnig úthlutað til verzlana eingöngu og skipt innan hvers verzlunarumdæmis af sömu aðilum og skipta á öðrum vörum.

Innflutnings- og gjaldeyrisleyfi skulu miðuð við verð eða vörumagn, eftir því sem fjárhagsráð ákveður.

Innflutnings- og gjaldeyrisleyfi og skipting þeirra miðast við heilt ár, eftir því sem við verður komið, ella við 6 mánuði minnst.

3. Við 5. gr. Aftan við greinina bætist:

Fyrir þriðju og fjórðu málsgrein sömu greinar laganna (13. gr.) komi:

Ef gjaldeyrisleyfi hafa á einhverjum tíma verið veitt fyrir hærri upphæð en þá er til í erlendum gjaldeyri, skal fjárhagsráð ákveða, í hvaða röð þau eru afgreidd.

Ed. 98. Frumvarp til laga [66. mál]

um breyting á lögum nr. 84 6. júlí 1932, um bifreiðaskatt o. fl.

(Lagt fyrir Alþingi á 68. löggjafarþingi, 1948.)

1. gr.

Auk þess innflutningsgjalds af benzíni, sem innheimta skal samkvæmt fyrirmælum a-liðar 1. gr. laga nr. 84 6. júlí 1932, 4 aura af hverjum lítra, skal innheimta 5 aura innflutningsgjald af hverjum lítra á árinu 1949. Ákvæði nefndra laga nr. 84 1932 gilda um innheimtu og endurgreiðslu þessa viðbótarinnflutningsgjalds.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Frumvarp þetta felur í sér framlengingu á ákvæðum um innheimtu 5 aura viðbótarinnflutningsgjalds af benzíni, sem í gildi hafa verið nokkur undanfarin ár.

Sþ. 99. Tillaga til þingsályktunar [67. mál]

um innflutning raftækja til heimilisnota.

Flm.: Jónas Jónsson.

Alþingi ályktar að skora á ríkisstjórnina að haga svo leyfisveitingum til innflutnings næstu fjögur ár, að til jafnaðar verði flutt inn ár hvert ekki minna en 1000 þvottavélar, ísskápar og hrærivélar til afnot á heimilum.

Greinargerð.

Konur eru lítið eitt fleiri en karlmenn hér á landi. Verksvið þeirra er fyrst og fremst á heimilunum. Vinna kvenna við dagleg störf er jafnnauðsynleg og engu auðveldari en störf karlmanna. Með heppilegum verkvélum við heimilisstörf er hægt að létta vinnubrögð kvenna engu minna en störf karla utan heimilis. Nú hefur stríðsgróða og erlendu lánsfé verið varið til margháttaðra vinnuvélakaupa vegna

starfsemi karlmanna, utan húss, en svo að segja ekkert gert á sama tíma til að afla konum verksparandi vinnutækja. Þvert á móti eru heimilisvélar kvenna raunverulega bannvara hin síðustu missiri og helzt fáanlegar á svörtum markaði.

Með tillögu þessari er stefnt að því, að hafin verði nýsköpun að því er snertir vinnuverkfæri kvenna í sambandi við aukna rafmagnsframleiðslu og jafnaður sá halli, sem er, án tilefnis, á aðstöðu kvenna og karla við dagleg störf í landinu.

Sþ. 100. Tillaga til þingsályktunar [68. mál]

um aukna notkun rafmagns í sveitum í sambandi við Marshall-málið.

Flm.: Jónas Jónsson.

Alþingi ályktar að skora á ríkisstjórnina að koma til leiðar fyrir Íslands hönd þeirri breytingu á samkomulagi því, sem kennt er við Marshall, að Ísland geti með þeirri aðstoð komið á næstu fjórum árum rafmagni til heimilisþarfa inn á hvert sveitaheimili, sem sýnilega getur ekki fengið heimilisrafmagn frá stórum vatnsorkuverum á næstu tíu árum.

Greinargerð.

Á sumarþinginu 1942 beitti ég mér fyrir samþykkt tillögu um raforkumál landsins. Skyldi sett þingnefnd til að undirbúa löggjöf til að tryggja, að allir landsmenn gætu fengið rafmagn til heimilisþarfa og iðnaðar með lægsta framleiðsluverði. Samkvæmt því skyldi rafmagnsverð í Reykjavík lagt til grundvallar við alla raforkusölu í landinu og að sjálfsögðu miðað við Sogsrafmagnið. Tillagan var samþykkt, nefndin kosin og löggjöf sett um málið. Sú löggjöf er að vísu allmjög frábrugðin hinum upprunalega tilgangi tillögu minnar, því að nú munu bændur, sem fá raforku frá Soginu eða Laxá, verða að greiða 30% hærra verð fyrir sitt rafmagn en Reykvíkingar. Hins vegar myndar löggjöfin heildarskipulag, sem getur staðið til bóta. Nú er gert ráð fyrir, að eitt hundrað heimili bætist í hóp rafmagnsnotenda ár hvert. Samkvæmt þeirri áætlun mundi þó þurfa 60 ár eða vel það til að koma öllum sveitabýlum inn í raforkukerfið. Auk þess er áætlunin bundin við breytilega afkomu ríkissjóðs, og eykur það ekki öryggið. Jafnframt þessu hefur verið veitt ársframlag á fjárlögum, 150 þús. kr., sem raforkumálastjórnin má lána með 2% vöxtum til smástöðva, er bændur kunna að reisa fyrir eitt eða fleiri heimili. Með því að safna þessu fé saman í nokkur ár býst raforkustjórnin við að geta eftir þeirri leið veitt raforku til 20 heimila. Hins vegar er talið, að kostnaður við raflagnir til sveita frá stórum stöðvum, þar sem fjarlægð milli bæja er ekki meiri en einn km, verði við leiðslu handa hverju heimili um 30 000 kr. Bændur, sem ná að komast í raforkukerfi ríkisins, borga af þessum kostnaði svo kallað heimtaugargjald, um 6000 kr., og má kalla það sanngjarnt. Nokkuð af hinum stofnkostnaðinum vinnur raforkustjórnin upp með því að selja orkuna dýrari en hún er í Reykjavík.

Sú litla byrjun, sem hér er hafin, til að dreifa raforku um landið, er spor í rétta átt, en ekki heldur meira. Þriðjung þjóðarinnar, fólkið, sem býr í sveitunum, vantar raforku og getur ekki beðið í áratugi eftir jafnrétti í þessum efnum. Stríðsgróðinn, sem var mikill og álitlegur 1942, er löngu eyddur og hefur ekki verið notaður til að leiða rafmagn um landið. Rafleiðslur frá stóru stöðvunum til sveitabæja ganga seint. Eftir að rafstöðvarnar við Sogið og Laxá höfðu starfað um allmörg ár, var eitt sveitaheimili í sambandi við hvora stöð. Svo er einnig með stöðina við Andakílsárfossa, að fyrir utan Hvanneyri er aðeins eitt sveitaheimili nú sem stendur kaupandi að raforku úr þeim stað. Nú má að vísu vænta, að reynt verði að bæta við samkvæmt framanskráðu 100—105 heimilum á ári, en sveitin þolir ekki þá bið. Mörg héruð hafa

auk þess slæma aðstöðu til að njóta vatnsorku, þó að tímar líði. Þess vegna er að myndast í sveitum landsins almenn krafa um, að ríkið geri það að fyrsta nýsköpunarmáli sínu að nota Marshall-aðstoðina framar öllu öðru til að koma á næstu missirum raforku til heimilisþarfa á öll þau sveitaheimili, sem hljóta að bíða lengi eftir raforku frá stórstöðvum landsins. Kom þessi stefna glögglega fram á fundi þingeyskra bænda á Fosshól 12. sept. s. l. Þóttust þeir eygja ný og stórfelld framtíðarúrræði landbúnaðinum til handa í því tvennu, að vinna samhliða að hinni amerísku votheysverkun, sem nú er að byrja að ryðja sér til rúms hér á landi, og að koma upp við þúsundir sveitaheimila sjálfstæðum hráolíurafstöðvum eða beizla bæjarlækina, þar sem það á við.

Eins og fjármálum landisns er nú komið, mundi lítið verða úr stórum eða litlum rafstöðvabyggingum á næstu árum, ef ekki fæst til þess lán í Bandaríkjunum. En nú er talið, að Bandaríkin gefi kost á allstórfelldum lánum til viðreisnar atvinnulífi í Norðurálfunni, þar á meðal hér á landi. Það er búið að leggja gróða undangenginna ára mjög einhliða til að efla aukinn sjávarútveg. Hefur þar verið lagt á tæpasta vaðið með verksmiðjubyggingar á Siglufirði, Skagaströnd og í sambandi við mjög óvissa veiði í Hvalfirði. Sum af þessum dýru fyrirtækjum starfa oft ekki nema nokkra daga árlega. Ríkið býr nú að margra milljóna tapi frá í fyrra, bæði á Hvalfjarðarsíldinni og síldarverksmiðjum sínum. Sá grundvöllur, sem þing og stjórn hafa lagt í atvinnumálunum á síðustu árum, er mjög ótryggur. Hann er auk þess mjög dýr. Þolanleg íbúð fyrir fjölskyldu verkamanns í Reykjavík eða öðrum eftirsóttum kaupstað kostar 150—180 þús. kr. Húsnæðið, skipin, bátarnir og hinar nýbyggðu verksmiðjur er til samans mjög gjaldeyrisfrekt. Ef ein vertíð bregzt, er afkoman í voða og ekki um annað að ræða en aðstoð þjóðfélags, sem er tæplega aflögufært. Þjóðinni liggur nú mest á að fá aukna festu í atvinnulífið. Sjávarútvegurinn hefur vissulega fengið bróðurpartinn af fjárfestingu landsmanna. Nú er mest nauðsyn að skapa heilbrigt jafnvægi í landinu. Til þess þarf landbúnaðurinn að fá raforku á hvert heimili og hefja heyskapinn úr óvissu í öryggi traustrar véliðju. Hin nýja votheysverkun krefst raforku á hverju býli. Raforku þarf líka við fjölmörg önnur heimilisstörf innan húss og utan. Með raforku við dagleg vinnubrögð á hverju sveitaheimili getur landbúnaðurinn orðið sú kjölfesta í atvinnulífi landsmanna, sem þjóðarheildin þarfnast nú framar öllu öðru.

Þegar litið er á, að kostnaðurinn við rafleiðslu frá stórstöð að bæ í dreifbýli er til jafnaðar 30 þús. kr. á býli og að sú orka er seld til muna dýrar en til stærstu kaupstaðanna, en nú er unnt að fá nægilega stórar hráolíuvélar fyrir mismunandi stór sveitaheimili fyrir 10—18 þús. kr., sýnist einsætt, að ríkið á að hrinda þessu máli í framkvæmd nú og setja raforkunotkun allra landsmann efst á óskalistann hjá Marshall-nefndinni í París. Hér er um að ræða framtíð margra þúsunda heimila, sem verið hafa vagga þjóðarinnar frá landnámsöld. Fólkið sjálft hefur byggt þessi heimili með lítilli fjárfestingu, mest með vinnu heimilismanna. Hér er um að ræða tiltölulega lítinn stofnkostnað. Hráolían er svo ódýr, að öruggt má telja, að rafmagn frá slíkum heimilisstöðvum verði ódýrara en rafmagn er nú til sveitaheimila frá Laxá og Soginu. Heppilegt má telja í þessu efni, að kaupfélögin, sem annast nú mestalla verzlun sveitamanna, eru nú sterkur aðili í olíuverzlun landsmanna, þannig að þeir geta hvarvetna fengið hráolíu til sinna stöðva í eigin verzlunum.

Það leiðir af eðli málsins, að þessi tillaga er á engan hátt í ósamræmi við grundvöll tillögu minnar frá 1942. Smástöðvarnar verða einungis bráðabirgðaúrræði fólksins í sveitum landsins. Meginstefnan hlýtur ætíð að vera sú að virkja sem mest af vatnsorku landsins til afnota fyrir landsins börn. Með vaxandi tækni og vaxandi réttlæti í skiptingu raforkugæðanna meðal landsfólksins verður að halda áfram því meginverki að láta hvítu kolin skapa nægilega orku handa öllum landmönnum.

Nd. **101. Frumvarp til laga** [4. mál]

um hvalveiðar.

(Eftir 2. umr. í Nd.)

1. gr.

Rétt til að stunda hvalveiðar í íslenzkri landhelgi og til að landa hvalafla, þótt utan landhelgi sé veitt, svo og til að verka slíkan afla, hafa þeir einir, er fengið hafa til þess leyfi atvinnumálaráðuneytisins. Slík leyfi má aðeins veita íslenzkum ríkisborgurum, enda hafi þeir verið búsettir hér á landi í 1 ár að minnsta kosti.

Ef um félag er að ræða, skal meira en helmingur hlutafjárins vera í eigu manna, sem uppfylla skilyrði fyrstu málsgreinar þessarar greinar, enda sé stjórn félagsins skipuð slíkum mönnum, er eigi heimilisfang og varnarþing á Íslandi.

Leyfishafi skal á hverjum tíma veita allar þær upplýsingar um starfsemi sína og starfsháttu, sem atvinnumálaráðuneytið telur nauðsynlegar.

2. gr.

Til hvalveiða má einungis nota skip, sem atvinnumálaráðuneytið samþykkir að notuð séu. Leyfi til notkunar erlendra skipa skulu eigi veitt til lengri tíma en eins árs í senn. Eigi skal þetta þó skerða þau leyfi, sem þegar hafa verið veitt.

3. gr.

Óheimilt er að veiða

a. hvalkálfa og hvali, sem kálfar fylgja;
b. tilteknar tegundir hvala og hvali undir tiltekinni lágmarksstærð, eftir því sem atvinnumálaráðuneytið ákveður nánar í reglugerð með hliðsjón af alþjóðasamningum um hvalveiðar, sem Ísland er eða kann að gerast aðili að.

4. gr.

Með reglugerð getur atvinnumálaráðuneytið

a. bannað hvalveiðar á tilteknum svæðum;
b. takmarkað veiðar við ákveðinn tíma árs;
c. takmarkað heildarveiðimagn, veiðimagn ákveðins fyrirtækis, leiðangurs eða landstöðvar;
d. takmarkað veiðiútbúnað;
e. bannað íslenzkum ríkisborgurum og þeim, sem heimilisfang eiga á Íslandi, að taka þátt í hvalveiðum, sem ekki eru háðar jafnströngum fyrirmælum og þeim, sem á Íslandi gilda, og
f. sett hvers konar önnur ákvæði, sem talin eru nauðsynleg vegna þátttöku Íslands í alþjóðasamningum um hvalveiðar.

5. gr.

Verkun hvalafla má einungis fara fram á þeim stöðum, sem atvinnumálaráðuneytið samþykkir. Ráðuneytið setur nánari fyrirmæli um fyrirkomulag verkunarinnar, þannig, að af henni hljótist sem minnst ónæði fyrir aðra. Jafnframt skulu sett fyrirmæli um nýtingu hvals til fullnustu.

6. gr.

Atvinnumálaráðuneytið setur reglur um eftirlit með hvalveiðum samkvæmt lögum þessum, og skal þar gert ráð fyrir, að skipaðir verði opinberir eftirlitsmenn, er laun taki úr ríkissjóði.

Jafnframt skal ákveða leyfisgjald fyrir löggildingu samkv. 2. gr. laga þessara til að standast kostnaðinn af eftirlitinu.

7. gr.

Útgerðarmaður hvalveiðiskips ber ábyrgð á því, að ekki sé brotið í bága við lög þessi með notkun skipsins.

8. gr.

Atvinnumálaráðuneytið getur gefið sérstakt leyfi til hvalveiða í vísindalegu augnamiði. Leyfið skal háð þeim skilyrðum, sem ráðuneytið ákveður, og þarf þá ekki að fylgja fyrirmælum laga þessara.

9. gr.

Ráðningarkjör hvalveiðimanna skulu ákveðin þannig, að tekjur byggist að miklu leyti á tegund, stærð og verðmæti veiddra hvala, en ekki einungis á fjölda þeirra.

Engin laun má greiða fyrir ólöglega hvalveiði, jafnvel þótt fullnægjandi ástæður séu færðar fyrir veiði hvalsins.

10. gr.

Brot gegn lögum þessum varða sektum, frá 10000—100000 kr., og fangelsi allt að 6 mánuðum. Sömu refsingu skal sá sæta, sem sekur er um hlutdeild í slíku broti. Ólöglegur afli og veiðarfæri skulu upptæk.

Á skipinu skal hvíla lögveð til tryggingar greiðslu á sektum og kostnaði.

11. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi. Jafnframt falla úr gildi lög nr. 72 7. maí 1928, um hvalveiðar, og lög nr. 6 6. marz 1896, um hvalleifar.

Nd. 102. Breytingartillögur [4. mál]

við frv. til l. um hvalveiðar.

Frá sjávarútvegsnefnd.

1. Við 6. gr. Fyrir orðin „leyfisgjald fyrir löggildingu samkvæmt 2. gr.“ kemur: gjald fyrir leyfi samkvæmt 1. gr.
2. Á eftir 10. gr. kemur ný grein svo látandi:
   Mál út af brotum gegn lögum þessum skulu sæta meðferð opinberra mála.

Nd. 103. Frumvarp til laga [26. mál]

um skattfrelsi vinninga o. fl. varðandi happdrættislán ríkissjóðs.

(Eftir 3. umr. í Ed.)

1. gr.

Nú ákveður fjármálaráðherra að nota gildandi lagaheimildir til lántöku fyrir ríkissjóð á þann hátt, að út verði boðin happdrættislán, og skulu þá vinningar þeirra undanþegnir hvers konar opinberum gjöldum, öðrum en eignarskatti, á því ári, sem þeir falla til útborgunar.

2. gr.

Krafa um áfallinn vinning fyrnist á þremur árum frá gjalddaga. Sé vinnings ekki vitjað innan þess tíma, verður hann eign ríkissjóðs.

3. gr.

Reglur XIX. kafla laga nr. 85 frá 23. júní 1936, um mál til ógildingar skjala o. fl., gilda ekki um skuldabréf happdrættislána þeirra, er um getur í 1. gr.

4. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Nd. 104. Nefndarálit [5. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 91 frá 19. júní 1933, um innflutningsbann á niðursoðinni mjólk.

Frá landbúnaðarnefnd.

Nefndin hefur rætt þetta frv. og fengið um það álitsgerðir frá framleiðsluráði landbúnaðarins, Félagi íslenzkra iðnrekenda og viðskiptanefnd.

Er nefndin á einu máli um það að mæla með því, að frumvarpið verði samþykkt með eftirfarandi

BREYTINGUM:

1. Á eftir 1. gr. koma tvær nýjar greinar, svo hljóðandi:
   a. (2. gr.) 2. gr laganna skal orða svo:
      Komi það í ljós, að vöntun verði á niðursoðinni eða þurrkaðri mjólk, getur atvinnumálaráðherra veitt undanþágu um stundarsakir frá ákvæðum 1. gr., ef framleiðsluráð landbúnaðarins mælir með því.
   b. (3. gr.) Úr 4. gr. laganna falla niður orðin „og reglugerð þeirri ... 2. gr.“
2. Fyrirsögn laganna verður:
   Lög um innflutningsbann á niðursoðinni mjólk og þurrmjólk.

Barði Guðmundsson var fjarstaddur við afgreiðslu málsins.

Alþingi, 10. nóv. 1948.

Steingrímur Steinþórsson, form.	Jón Pálmason, fundaskr., frsm.	Sigurður Guðnason.

Jón Sigurðsson.

Nd. 105. Frumvarp til laga [69. mál]

um byggingu verbúða og eftirlit með þeim.

Flm.: Hermann Guðmundsson.

1. gr.

Ríkisstjórnin lætur reisa verbúðir í þeim verstöðum, þar sem þeirra er þörf.

2. gr.

Ráðherra lætur gera uppdrætti að fyrirmyndarverbúðum og kostnaðaráætlun um byggingu þeirra. Uppdrættir þessir og kostnaðaráætlun skulu vera með tvennu móti:

a. Sambygging fyrir vistarverur vermanna og alla aðra starfrækslu í verstöðinni.
b. Sérbyggingar: Annars vegar vistarverur verkafólksins, en hins vegar sérbyggingar fyrir sjálfa útgerðarstarfsemina.

Áður en byggingarframkvæmdir eru hafnar, skal jafnan leita álits samtaka útvegsmanna og sjómanna, þar sem fyrirhugað er að reisa verbúðir.

3. gr.

Verbúðir þær, sem ríkið lætur reisa, má leigja bátaútvegsmönnum. Sé leigan miðuð við kostnaðarverð byggingarinnar. Einnig má selja útvegsmönnum einstakar verbúðir, sem ríkisstjórnin lætur byggja, fyrir kostnaðarverð. Útborgun og aðra greiðsluskilmála ákveður ríkisstjórnin.

4. gr.

Hver, sem keypt hefur verbúðir af ríkisstjórninni og hefur í hyggju að selja þær öðrum, verður að fá til þess leyfi ráðherra og samþykki hans fyrir söluverðinu.

Eigi má nota verbúðir til annars en þess, sem þær voru upprunalega gerðar fyrir.

Ekki má framleigja verbúð, sem ríkisstjórnin leigir, nema með samþykki ráðherra.

5. gr.

Ríkisstjórnin skal veita fjárhagslega aðstoð þeim einstaklingum, er sjálfir vilja ráðast í byggingu verbúða, með því að ábyrgjast fyrir hönd ríkissjóðs lán til þeirra. Má ábyrgðin nema allt að 75% af kostnaðarverði verbúðar. Skal ríkisstjórninni heimilt að ábyrgjast lán í því skyni að endurbæta húsnæði, sem úrskurðast óhæft, ef eigandi þess treystist ekki til þess sjálfur vegna þröngs fjárhags.

6. gr.

Sérhverjum er skylt að láta af hendi land það, sem þarf að áliti ráðherra til byggingar verbúðanna, svo og önnur mannvirki, ef nauðsyn ber til, enn fremur leyfa, að tekið verði í landi hans byggingarefni úr jörð (möl o. s. frv.), allt gegn því, að fullar bætur komi fyrir samkvæmt lögum um eignarnám.

7. gr.

Ríkisstjórnin skal koma á ströngu eftirliti með hvers konar húsnæði til íbúðar fyrir verkafólk og sjómenn og aðgerðar- og beitingarhúsnæði í verstöðvum landsins svo og tækjum, er notuð eru til bátaútgerðar. Skal ríkisstjórnin setja í samráði við Alþýðusamband Íslands og Landssamband íslenzkra útvegsmanna reglugerð, er ákveði lágmarksskilyrði um húsnæði, sem í verstöðvum þurfi að uppfylla, til þess að leyfilegt sé að nota það til íbúðar fyrir vermenn og starf þeirra.

8. gr.

Ráðherra getur með reglugerð sett nánari ákvæði um framkvæmd þessara laga.

9. gr.

Ríkisstjórninni er heimilt að taka lán fyrir hönd ríkissjóðs, allt að 2 millj. kr., til framkvæmdar þessara laga.

10. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Frumvarp þessu samhljóða flutti ég á síðasta þingi, náði það eigi fram að ganga, því er það flutt af nýju.

Frumvarpinu fylgdi þá svo hljóðandi greinargerð:

Það er kunnara en frá þurfi að segja, að í langan tíma hafa verið uppi háværar óánægjuraddir meðal þeirra sjómanna og annarra, er dvalið hafa í hinum ýmsu verbúðum landsins á vertíð, yfir þeim aðbúnaði, sem þeim hefur verið búinn, enda er það mála sannast, að víðast er ástand verbúða slíkt, að hvern þann, sem kemur í

verstöðvar, hlýtur að reka í rogastanz, þegar þau skilyrði eru athuguð, sem verkafólkið og sjómennirnir eiga við að búa, svo fráleit eru þau öllum þeim hugmyndum og kröfum, sem nútíminn gerir til mannabústaða. Að rétt sé hér með farið, vitna skýrt eftirfarandi lýsingar á þremur stærstu verstöðvum landsins:

Í Sandgerði dvelur fjöldi aðkomumanna á vetrarvertíð í húsakynnum, sem mest minna á léleg útihús í sveit. Eru sumar vistarverurnar svo þröngar, að furðu sætir, hversu mörgum er troðið í þær. Var einn bragginn tekinn út úr af handahófi og mældur. Reyndist lengd hans vera 5,15 m, breidd 3,75 m og lofthæð 2,50 m, í bragganum voru 6 hvílur, sem voru 1,75 metra á lengd og 96 cm á breidd, stórt borð tók nærri allt gólfplássið; engin handlaug eða önnur hreinlætistæki fylgdu bragga þessum, gólf voru dúklaus og veggir klæddir skrælnuðum og rifnum pappa, og ef andar úr lofti á einhverri átt, blæs í gegn eins og grindarhjall. Einn smágluggi var á gafli. Í þessari litlu herbergiskitru höfðust við á síðustu vertíð 12—13 manns. Þessu líkt mun ástand fleiri íverustaða vermanna í Sandgerði, þótt til séu einstaka undantekningar.

Í Keflavík voru á síðastliðnum vetri á vetrarvertíð 10—11 skipshafnir, er bjuggu í verbúðum. Þar voru tvær verbúðir sæmilega viðunandi. Ástand annarra verbúða var þannig, að undir engum kringumstæðum er hægt að telja þær til mannabústaða. Fjórar skipshafnir bjuggu í ævagömlu hússkrifli, sem veitti takmarkað skjól fyrir vatni og veðrum, þrengslin óskapleg, þægindi engin. Ef nokkuð teljandi frost var, þiðnaði þar ekki frost af gluggum. Hús þetta stendur autt aðra tíma árs.

Tvær skipshafnir bjuggu í gömlum bæ, sem að því er virtist hékk eingöngu uppi af gömlum vana.

Á s. l. vetri lögðu um 30 bátar upp afla sinn í Keflavík, og má segja, að saga verbúðanna endurtaki sig hvað snertir uppsátursplássin. Þau eru flest í ævagömlum meira eða minna ónýtum húsaskriflum og víða mjög þröngt, þótt aflinn sé ekki saltaður.

Í Vestmannaeyjum er ástandinu í þessum efnum allýtarlega lýst í grein, er birtist í júlí 1946 í Sjómannablaðinu Víking. Fer einn kafli greinarinnar hér á eftir:

„Húsakynni eru sums staðar þannig úr garði gerð, að bæði sandur og sjór fjúka inn í bústaði mannanna, og einnig munu menn búa í kjöllurum algerlega óhæfum. Það er aðeins grár steinninn, ópússaður eins og hann kemur úr mótunum. Ég get ekki látið mér detta í hug, að nokkur sveitabóndi eigi lélegri hreysi yfir búpening sinn heldur en húsakynni þau eru, sem mörgum vertíðarmönnum, er til Vestmannaeyja koma, er vísað inn í."

Það er ekki að furða, þótt þessi aðbúnaður, sem vermönnum hefur verið búinn, hafi vakið réttláta gremju þeirra og verkalýðshreyfingarinnar í heild. Á þingum Alþýðusambands Íslands hafa þessi mál verið rædd og tillögur verið samþykktar, þar sem krafizt hefur verið úrbóta. Sjálft Alþingi hefur einnig látið sig þessi mál skipta. Á þinginu 1945 var samþykkt þingsályktunartillaga, er fól ríkisstjórn að tryggja vermönnum viðunandi aðbúnað. Árið 1941 tók þáverandi atvinnumálaráðherra, Ólafur Thors, rögg á sig og gaf út reglugerð um gerð og útbúnað verbúða, sem var sæmileg svo langt sem hún náði, en því miður var þessari reglugerð aldrei framfylgt, og munu þeir vera fáir, er vita um tilveru hennar. Og í dag er ástand verbúða enn á þann veg, að bæði er til skaða og skammar fyrir þjóðina í heild, að sjómönnum og verkafólki skuli talið boðlegt að búa við slík skilyrði, jafnmikið og þjóðin á undir starfi þeirra.

Það er skoðun flutningsmanns, að reynslan hafi sýnt, að þörf sé frekari afskipta þess opinbera af máli þessu og eina leiðin til þess að tryggja viðunandi úrbætur sé sú, að ríkisvaldið hafi forgöngu um byggingu verbúða.

Í frumvarpi þessu er gert ráð fyrir, að ríkisstjórnin láti byggja verbúðir þar, sem þeirra er þörf, og hjálpi einstaklingum með hagkvæmum lánum, ef þeir vilja sjálfir ráðast í byggingu verbúða eða endurbætur. Þá er og gert ráð fyrir ströngu eftirliti og ákveðnum lágmarkskröfum til verbúða.

Ed. 106. Lög [63. mál]

um heimild fyrir ríkisstjórnina til lántöku handa ríkissjóði.

(Afgreidd frá Ed. 12. nóv.)

Samhljóða þskj. 93.

Nd. 107. Breytingartillaga [54. mál]

við frv. til l. um breyt. á l. nr. 33 12. febr. 1945, um breyt. á l. nr. 30 19. júní 1933, um sjúkrahús o. fl.

Frá Jóni Gíslasyni.

Við 1. gr. Við greinina bætist:

Þó skal framlag til að reisa læknisbústaði og sjúkraskýli í læknishéruðum með færri en 850 íbúum greiðast með ⅘ kostnaðarverðs.

Ed. 108. Frumvarp til laga [4. mál]

um hvalveiðar.

(Eftir 3. umr. í Nd.)

1. gr.

Rétt til að stunda hvalveiðar í íslenzkri landhelgi og til að landa hvalafla, þótt utan landhelgi sé veitt, svo og til að verka slíkan afla, hafa þeir einir, er fengið hafa til þess leyfi atvinnumálaráðuneytisins. Slík leyfi má aðeins veita íslenzkum ríkisborgurum, enda hafi þeir verið búsettir hér á landi í 1 ár að minnsta kosti.

Ef um félag er að ræða, skal meira en helmingur hlutafjárins vera í eigu manna, sem uppfylla skilyrði fyrstu málsgreinar þessarar greinar, enda sé stjórn félagsins skipuð slíkum mönnum, er eigi heimilisfang og varnarþing á Íslandi.

Leyfishafi skal á hverjum tíma veita allar þær upplýsingar um starfsemi sína og starfsháttu, sem atvinnumálaráðuneytið telur nauðsynlegar.

2. gr.

Til hvalveiða má einungis nota skip, sem atvinnumálaráðuneytið samþykkir, að notuð séu. Leyfi til notkunar erlendra skipa skulu eigi veitt til lengri tíma en eins árs í senn. Eigi skal þetta þó skerða þau leyfi, sem þegar hafa verið veitt.

3. gr.

Óheimilt er að veiða

a. hvalkálfa og hvali, sem kálfar fylgja;
b. tilteknar tegundir hvala og hvali undir tiltekinni lágmarksstærð, eftir því sem atvinnumálaráðuneytið ákveður nánar í reglugerð með hliðsjón af alþjóðasamningum um hvalveiðar, sem Ísland er eða kann að gerast aðili að.

4. gr.

Með reglugerð getur atvinnumálaráðuneytið

a. bannað hvalveiðar á tilteknum svæðum;
b. takmarkað veiðar við ákveðinn tíma árs;

c. takmarkað heildarveiðimagn, veiðimagn ákveðins fyrirtækis, leiðangurs eða landstöðvar;
d. takmarkað veiðiútbúnað;
e. bannað íslenzkum ríkisborgurum og þeim, sem heimilisfang eiga á Íslandi, að taka þátt í hvalveiðum, sem ekki eru háðar jafnströngum fyrirmælum og þeim, sem á Íslandi gilda, og
f. sett hvers konar önnur ákvæði, sem talin eru nauðsynleg vegna þátttöku Íslands í alþjóðasamningum um hvalveiðar.

5. gr.

Verkun hvalafla má einungis fara fram á þeim stöðum, sem atvinnumálaráðuneytið samþykkir. Ráðuneytið setur nánari fyrirmæli um fyrirkomulag verkunarinnar, þannig, að af henni hljótist sem minnst ónæði fyrir aðra. Jafnframt skulu sett fyrirmæli um nýtingu hvals til fullnustu.

6. gr.

Atvinnumálaráðuneytið setur reglur um eftirlit með hvalveiðum samkvæmt lögum þessum, og skal þar gert ráð fyrir, að skipaðir verði opinberir eftirlitsmenn, er laun taki úr ríkissjóði.

Jafnframt skal ákveða gjald fyrir leyfi samkvæmt 1. gr. laga þessara til að standast kostnaðinn af eftirlitinu.

7. gr.

Útgerðarmaður hvalveiðiskips ber ábyrgð á því, að ekki sé brotið í bága við lög þessi með notkun skipsins.

8. gr.

Atvinnumálaráðuneytið getur gefið sérstakt leyfi til hvalveiða í vísindalegu augnamiði. Leyfið skal háð þeim skilyrðum, sem ráðuneytið ákveður, og þarf þá ekki að fylgja fyrirmælum laga þessara.

9. gr.

Ráðningarkjör hvalveiðimanna skulu ákveðin þannig, að tekjur byggist að miklu leyti á tegund, stærð og verðmæti veiddra hvala, en ekki einungis á fjölda þeirra.

Engin laun má greiða fyrir ólöglega hvalveiði, jafnvel þótt fullnægjandi ástæður séu færðar fyrir veiði hvalsins.

10. gr.

Brot gegn lögum þessum varða sektum, frá 10000—100000 kr., og fangelsi allt að 6 mánuðum. Sömu refsingu skal sá sæta, sem sekur er um hlutdeild í slíku broti. Ólöglegur afli og veiðarfæri skulu upptæk.

Á skipinu skal hvíla lögveð til tryggingar greiðslu á sektum og kostnaði.

11. gr.

Mál út af brotum gegn lögum þessum skulu sæta meðferð opinberra mála.

12. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi. Jafnframt falla úr gildi lög nr. 72 7. maí 1928, um hvalveiðar, og lög nr. 6 6. marz 1896, um hvalleifar.

Nd. 109. Tillaga til þingsályktunar [70. mál]

um skattaeyðublöð landbúnaðarins.

Flm.: Jón Sigurðsson, Stefán Stefánsson, Jón Gíslason, Pétur Ottesen, Páll Þorsteinsson.

Neðri deild Alþingis ályktar að skora á fjármálaráðherra, að hann hlutist til um, að skattaeyðublöð fyrir tekjur af landbúnaði verði færð í það horf, að bændur geti auðveldlega fært á þau viðurkennd rekstrarútgjöld við búreksturinn.

Greinargerð.

Tillaga þessi er fram borin vegna óánægju bænda og skattanefnda með framangreind eyðublöð.

Eins og eyðublað F 3 fyrir tekjur af landbúnaði ber með sér, er sá kafli skýrslueyðubl., er fjallar um tekjur bónda, mjög nákvæmur, vel sundurliðaður og engu sleppt, sem ætla má, að geti orðið tekjur í búi bónda. Öðru máli gegnir, þegar kemur að gjöldum búsins, þar er kaupgjaldinu gerð góð skil, vel sundurliðað og greinilegt, en þar með er líka upp talið. Öllum öðrum útgjöldum við búreksturinn er ætlað svo lítið rúm, að furðu sætir, og ýmsu alveg sleppt, sem þar á að vera, þar á meðal útgjöldum, sem stafa af nýrri tækni og breyttum vinnuaðferðum. Afleiðingin af þessu hefur orðið sú, að annaðhvort verður framteljandi að slengja gjöldum saman í einn hrærigraut, sem erfitt er að átta sig á, eða, ef gjöldin eru sæmilega sundurliðuð, verður blaðið svo útskrifað, að það verður torvelt aflestrar. Oft verður þetta einnig þess valdandi, að framteljandi færir ekki ýmis rekstrarútgjöld, af því að hvergi er rúm fyrir þau á eyðublaðinu og ekki eitt orð til að minna á þau á sama hátt og tekjurnar. Ljósast verður þó ósamræmið í skýrslueyðublaðinu, þegar borið er saman rúmið, sem tekjum og gjöldum er ætlað, en þar er tekjuframtalinu ætlað helmingi meira rúm en gjöldunum. Sá hluti eyðublaðsins, sem fjallar um önnur gjöld búsins en kaupgjald, mun líka að mestu óbreyttur síðan 1922, en eins og kunnugt er hafa miklar breytingar orðið á búrekstri bænda frá þeim tíma. Með þingsályktuninni er þess óskað, að framtalseyðublöðin verði færð til samræmis við nútímabúrekstur.

Ed. 110. Breytingartillögur [17. mál]

við frv. til l. um kjötmat o. fl.

Frá landbúnaðarnefnd.

1. Við 2. gr. Aftan við greinina bætist: að fengnum tillögum yfirdýralæknis.
2. Við 3. gr. Aftan við greinina bætist: eða löggildingarnúmer, og skal þá númer þetta eða merki koma fram í kjötstimpli þeim, er notaður er í hlutaðeigandi sláturhúsi.
3. Við 5. gr.
   a. 4. málsl. orðast svo: Enn fremur getur ráðherra sett reglur að fengnum tillögum yfirdýralæknis um læknisskoðun og merkingu annarra sláturfjárafurða, ef þörf krefur.
   b. Síðari málsgr. greinarinnar fellur niður.
4. Við 7. gr. Greinin orðast svo:
   Dýralæknar annast kjötskoðun og merkingu á kjöti og öðrum sláturfjárafurðum, sbr. 5. gr. laga þessara. Náist ekki til dýralæknis, skipar ráðherra að

fengnum tillögum yfirdýralæknis lækni til starfsins, enda hafi hann lokið kjötskoðunarprófi hjá dýralækni hér á landi.

5. Við 9. gr.
   a. Í stað orðanna „gera athugun“ í 2. málsl. 2. málsgr. kemur: gera yfirmat.
   b. Í stað „kr. 1200.00“ í 6. málsgr. kemur: kr. 900, og í stað „2400“ kemur: 1800.
6. Við 11. gr. Framan við greinina bætist ný málsgr., svo hljóðandi:
   Í kaupstöðum og kauptúnum, þar sem eru 500 íbúar eða fleiri, skal allt kjöt af skepnum, sem slátrað er þar eða flutt þangað nýtt og ætlað til sölu þar, skoðað og merkt af lækni þeim, er kjötskoðun annast þar á staðnum, og getur ráðuneytið sett nánari reglur þar um. Ákvæði þetta tekur þó ekki til kjöts, er áður hefur verið merkt og skoðað af kjötskoðunarlækni í löggiltu sláturhúsi. Kjöt, sem flutt er að frosið, kælt eða nýtt, skal flutt í þar til gerðum umbúðum, er læknir tekur gildar. Ráðuneytið getur einnig, ef ástæður þykja til, fyrirskipað sams konar kjötskoðun í kauptúnum, þar sem búa færri en 500 manns.
7. Á eftir 11. gr. koma 2 nýjar greinar (og breytist greinatala eftir því). Greinarnar orðast svo:
   a. (12. gr.) Í kaupstöðum og kauptúnum, sem lög þessi taka til, má eigi hafa ómerkt kjöt, nýtt eða frosið, í kjötbúðum eða öðrum sölustöðum.
   b. (13. gr.) Ráðherra getur sett reglur að fengnum tillögum yfirdýralæknis um útbúnað kjötbúða og annað, sem lýtur að verzlun með sláturfjárafurðir, og um það, hverjar vörur aðrar megi selja í kjötbúðum en þær, sem um ræðir í lögum þessum. Ráðherra getur einnig sett reglur að fengnum tillögum yfirdýralæknis um atvinnurekstur við tilbúning matvæla úr sláturfjárafurðum, svo sem pylsugerð, niðursuðu sláturfjárafurða og annað því um líkt.

Nd. 111. Breytingartillaga [5. mál]

við brtt. á þskj. 104 (Niðursoðin mjólk).

Frá landbúnaðarnefnd.

Við tölul. 2. Liðinn skal orða svo:
Aftan við frv. bætist ný grein, svolátandi:
Þá er lög þessi hafa hlotið staðfestingu, skal fella meginmál þeirra inn í lög nr. 91 1933 og gefa þau út svo breytt með fyrirsögninni: Lög um innflutningsbann á niðursoðinni mjólk og þurrmjólk.

Ed. 112. Nefndarálit [17. mál]

um frv. til l. um kjötmat o. fl.

Frá landbúnaðarnefnd.

Málið var sent yfirdýralækni og stjórn Dýralæknafélags Íslands til umsagnar. Frá báðum aðilum bárust umsagnir, sem að flestu voru samhljóða. Eftir að hafa rætt þær á tveim fundum, borið lagafrumvarpið saman við gildandi lög og athugað, í hverju breytingarnar væru fólgnar, varð nefndin sammála um að leggja til, að gerðar yrðu breytingar á frumvarpinu, og eru þær á sérstöku þingskjali.

Guðm. Í. Guðmundsson var fjarverandi, þegar málið var rætt í nefndinni, og hefur því ekki tekið þátt í afgreiðslu þess.

Alþingi, 15. nóv. 1948.

Þorst. Þorsteinsson, form.	Páll Zóphóníasson, fundaskr., frsm.	Eiríkur Einarsson.
	Ásmundur Sigurðsson.	

Nd. 113. Frumvarp til laga [5. mál]

um breyting á lögum nr. 91 frá 19. júní 1933, um innflutningsbann á niðursoðinni mjólk.

(Eftir 2. umr. í Nd.)

1. gr.

1. gr. laganna skal orða svo:
Bannað er að flytja til landsins niðursoðna mjólk og þurrmjólk.

2. gr.

2. gr. laganna skal orða svo:
Komi það í ljós, að vöntun verði á niðursoðinni eða þurrkaðri mjólk, getur atvinnumálaráðherra veitt undanþágu um stundarsakir frá ákvæðum 1. gr., ef framleiðsluráð landbúnaðarins mælir með því.

3. gr.

Úr 4. gr. laganna falla niður orðin „og reglugerð þeirri .... 2. gr."

4. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

5. gr.

Þá er lög þessi hafa hlotið staðfestingu, skal fella meginmál þeirra inn í lög nr. 91 1933 og gefa þau út svo breytt með fyrirsögninni: Lög um innflutningsbann á niðursoðinni mjólk og þurrmjólk.

Sþ. 114. Fyrirspurnir. [71. mál]

Frá Birni Ólafssyni.

I. Til fjármálaráðherra um ábyrgðir ríkissjóðs.

1. Hversu miklu nema nú ábyrgðir ríkissjóðs, og hvernig skiptast þær á bæjarfélög, ríkisfyrirtæki, opinberar stofnanir og einkafyrirtæki?
2. Hvaða aðilar hafa ekki getað staðið í skilum með ríkistryggð lán, hversu mikið hefur ríkissjóður nú lagt fram vegna slíkra ábyrgða, og hvernig er útlit um endurgreiðslu?

II. Til sjávarútvegsmálaráðherra varðandi síldarverksmiðjur ríkisins.

Frá Birni Ólafssyni.

1. Hversu miklar voru skuldir síldarverksmiðja ríkisins 1. október 1948. Eru skuldirnar í föstum lánum, hjá hverjum og með hvaða kjörum?
2. Hvernig er afkoma verksmiðjanna á þessu ári samkv. bráðabirgðareikningsskilum?
3. Í hversu mikilli ábyrgð stendur ríkissjóður nú fyrir síldarverksmiðjurnar?

III. Til ráðherra sjávarútvegsmála, varðandi afkomu síldveiða í Hvalfirði veturinn 1947—48.

Frá Jónasi Jónssyni.

1. Hve miklar voru „brúttó“ tekjur af Hvalfjarðarsíldinni?
2. Hve mikið tap var á þessari atvinnugrein?
   a. Hve mikið var tap ríkissjóðs?
   b. Hve mikið var tap síldarverksmiðja ríkisins?
   c. Hve mikið var tap útvegsmanna?
3. Hvaða ástæður lágu til, að þetta bjargræði orsakaði svo mikið og margþætt fjárhagstjón?

IV. Til fjármálaráðherra um skuldir og ábyrgðir ríkissjóðs.

Frá Jónasi Jónssyni.

1. Hve miklar eru fastar og lausar skuldir ríkissjóðs?
2. Hverjir eru lánardrottnar ríkissjóðs, þar sem skuldin nemur milljón kr. eða meira?
3. Hve mikið af lánunum eru samningsbundin með margra ára greiðsluákvæðum, og hve mikið mega teljast lausaskuldir.
4. Hve miklar eru ábyrgðir ríkissjóðs?
5. Hvaða bæjar- og sveitarfélög eða einstakir menn og stofnanir njóta aðallega þessarar fyrirgreiðslu?
6. Hvaða lántakendur, sem ríkið er í ábyrgðum fyrir, hafa lent í greiðsluvanskilum undangengin tvö ár?
7. Hve mikið hefur ríkið með þeim hætti orðið að greiða fyrir hvern einstakan lántakanda?

V. Til menntamálaráðherra um notkun heimildar til kaupa á tímarita- og blaðasafni Helga Tryggvasonar.

Frá Gísla Jónssyni.

Hefur ríkisstjórnin notað heimild í 22. gr. fjárlaganna, lið XX, til að kaupa tímarita- og blaðasafn Helga Tryggvasonar bókbindara, og ef svo er, fyrir hvaða verð er safnið keypt og með hvaða greiðsluskilmálum? Hefur safnið verið metið, og ef svo er, af hvaða aðilum og fyrir hvaða verð?

Sþ. **115. Tillaga til þingsályktunar** [72. mál]

um brúargerð á Múlakvísl á Mýrdalssandi.

Flm.: Jón Gíslason.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni:

a. að hefja á næsta ári undirbúning að brúargerð á Múlakvísl á Mýrdalssandi hjá Kaplagörðum;
b. að setja á fjárlög fyrir árið 1950 fjárveitingu til byggingar brúarinnar, er miðist við það, að brúargerðinni verði lokið eigi síðar en sumarið 1951.

Greinargerð.

Nú undanfarin ár hefur mikið verið rætt og nokkuð ritað um að brúa Múlakvísl hjá Kaplagörðum. Hafa farið fram athuganir á brúargerð þarna, undir umsjá vegamálastjóra, og hefur komið í ljós, að þetta er vel framkvæmanlegt, en mun kosta allmikið fé. Það, sem meðal annars hefur ýtt undir þessar athuganir, hefur verið það, að brúin, sem nú er á Múlakvísl við Selfjall, hefur verið í hættu, vegna þess að vatnið hefur þar breytt sér, stundum hefur hlaðizt svo undir brúna, að vatnið hefur flætt yfir hana í vatnavöxtum og torveldað umferð.

Annað ekki veigalítið atriði í þessu sambandi er það, hversu óhagkvæm brúin hjá Selfjalli er fyrir vegfarendur, vegna snjóalaga að vetrinum, mikillar vegalengdar og erfiðs vegar. Vegalengdin frá Vík um Höfðabrekkuheiðar að Múlakvísl er um 20 km; sú leið er sem sagt öll fjalllendi upp og ofan, sem er erfið bílum og þar af leiðandi benzínfrek. Líka er viðhald vegarins á þessari leið oft mjög dýrt, sökum legu hans. Auk þess er svo þessi vegur alltaf á hverjum vetri ófær lengri eða skemmri tíma, vegna snjóalaga, sem eðlilegt er, þar sem hann liggur um háfjöll, nærfellt inn að jökli. Dæmi eru til, að hann hefur verið að mestu ófær frá því í nóv. og þar til seint í maí.

Ef að því ráði yrði horfið að færa veginn og brúa Múlakvísl hjá Kaplagörðum, losnar leiðin við allt fjalllendi; þá liggur vegurinn eftir Mýrdalssandi, þar sem ekki er nein þörf vegagerðar eða neins konar vegaviðhalds; auk þess er sú leið miklu snjóléttari og mundi flest ár vera fær allan veturinn. Líka yrði sá vegur styttri yfir Mýrdalssand, svo að muna mundi því, að bílar færu þá leið frá Vík í Álftaveri á ½—¾ úr klst., en nú eru þeir, eftir veginum um Selfjall, frá 1½—2 klst. Sá munur á þessum leiðum stafar ekki allur af meiri vegarlengd, heldur að miklu leyti af því, hversu vegurinn yfir Höfðabrekkuheiðar er brattur og erfiður.

Bílstjórar, sem kunnugir eru á þessari leið, telja, að ef brú væri á Múlakvísl við Kaplagarða og vegurinn þar yfir Mýrdalssand væri farinn, þá mundi sparast allt að 50 kr. í rekstrarkostnaði fyrir hlaðinn flutningabíl hvora leið. — Ég hef nú í sumar gert ráðstafanir til að athuga, hvað margir bílar fóru þessa leið mánuðina maí—nóv. í ár. Niðurstöðuna af þessu hef ég ekki fyrir hendi sem stendur. En líklegt tel ég, að gera megi ráð fyrir allt að 2000 bílum yfir árið eða kannske meira. Yrði þá rekstrarsparnaður bílanna, sem þarna fara um á ári, við það að geta farið yfir Múlakvísl hjá Kaplagörðum, allt að 100 þús. kr. — Er það enginn smáræðis skildingur, og svo þegar við það bætist, að vegaviðhald yfir Höfðabrekkuheiðar hyrfi úr sögunni, tel ég alveg sýnt, að þessi brúargerð mundi á skömmum tíma fjárhagslega borga sig.

Erlendan gjaldeyri til brúar á Múlakvísl hjá Kaplagörðum mundi þurfa tiltölulega lítinn, saman borið við kostnað verksins, þar sem mestur hluti af kostnaðinum liggur í varnargarði, sem róta má upp með jarðýtum.

Nd. **116. Nefndarálit** [2. mál]

um frv. til l. um heimild fyrir ríkisstjórnina til þess að leyfa innflutning á síldarbræðsluskipi.

Frá meiri hl. sjávarútvegsnefndar.

Nefndin hefur rætt frv. og fengið til athugunar bréf þau, er farið hafa á milli h/f Hærings, samgöngumálaráðherra og skipaskoðunarstjóra. Eru þau prentuð með nál. sem fylgiskjöl. Einstakir nm. líta svo á, að varhugavert geti verið að leyfa innflutning á svo gömlu skipi sem hér er um að ræða. Hins vegar hefur skipið þegar verið keypt, og verið er að ljúka við að setja niður í það síldarbræðsluvélar. Enn fremur hefur sérstakur kunnáttumaður um skipasmíði, Ólafur Sigurðsson skipaverkfræðingur, verið hafður til ráða um kaupin. Þá er og upplýst, að skipið er í flokki A hjá skipaeftirliti Bandaríkjanna til næstu fjögurra ára, og loks hefur samgöngumálaráðherra sett sem skilyrði fyrir kaupunum, að skipið verði eingöngu notað til síldarvinnslu í höfnum inni. Að þessu athuguðu og í því trausti, að skipakaup þessi skapi ekki fordæmi, leggur n. til, að frv. verði samþykkt.

Einn nefndarm. (ÁkJ) hefur sérstöðu í málinu og skilar sérstöku nál.

Alþingi, 17. nóv. 1948.

Finnur Jónsson, form., frsm.	Pétur Ottesen, fundaskr.	Halldór Ásgrímsson.
	Sig. Kristjánsson.	

Fylgiskjal I.

H/F HÆRINGUR

Reykjavík, 28. júní 1948.

Hér með förum við þess á leit við hið háa ráðuneyti, að það veiti okkur undanþágu frá ákvæðum laga um aldurshámark innfluttra skipa.

Eins og yður mun kunnugt, hefur félag okkar keypt 7000 tonna flutningaskip vestur í Californiu, og er nú unnið að því að gera það hæft til síldarvinnslu. Skip þetta er smíðað árið 1903 og því það gamalt, að óheimilt mun að flytja það inn án sérstaks leyfis.

Beiðni okkar til stuðnings nefnum við eftirfarandi atriði:

Skipið hefur frá upphafi verið í siglingum á vötnum í Bandaríkjunum. Segir Ólafur Sigurðsson skipaverkfræðingur tæringu í járni vera því sem næst enga.

Skipinu var lagt fyrir fimm mánuði á ári hverju vegna ísa. Voru eftirlitsmenn með vélum og öðru hafðir um borð þann tíma.

Skipið var vandlega yfirfarið og endurbætt af ameríska hernum 1943.

Skipið er viðurkennt í „klassa“ af American Bureau of Shipping.

Virðingarfyllst,

H/f Hæringur,

Hörður Ólafsson.

Til samgöngumálaráðuneytisins.

Fylgiskjal II.

SKIPASKOÐUNARSTJÓRINN

Reykjavík, 1. júlí 1948.

Ráðuneytið hefur með bréfi, dags. 29. júní þ. á., óskað umsagnar minnar um erindi h/f Hærings, dags. 28. s. m., sem fer fram á að fá undanþágu frá ákvæðum laga um aldurshámark innfluttra skipa.

Samkvæmt D-lið 38. gr. laga nr. 68/1947, um eftirlit með skipum, er ekki leyft að kaupa skip til skrásetningar hér á landi, sem eldri eru en 12 ára.

Við athugun á því, hvort þetta aldurshámark sé réttmætt og hagkvæmt fyrir þjóðina, kann að leika á nokkur vafi. Til dæmis mun í Noregi hámarksaldur innfluttra farþega- og vöruflutningaskipa vera um 20 ár, en á fiskiskipum enginn, í Danmörku mun ekkert aldurshámark vera á innfluttum skipum, og svo mun víðar vera. Það virðist því nokkuð hart að einskorða sig við 12 ára aldurinn og hafa enga tilhliðrunarmöguleika, ef um vandað og vel viðhaldið skip er að ræða og skip, sem notuð eru í alveg sérstökum tilgangi.

Aldurshámark á innkeyptum skipum er nauðsynlegt, en einhver tilhliðrun á því getur líka verið réttmæt.

Hvað viðvíkur því skipi, sem h/f Hæringur er að kaupa eða búinn að kaupa, skal þetta sagt:

Skipið er 45 ára gamalt og því það elzta skip, sem nokkurn tíma hefur verið keypt til landsins. (Súðin var þó ekki nema 25 ára, þegar hún var keypt.)

Mig furðar á því, að ekki skyldi vera hægt að finna annað heppilegra skip en þetta 45 ára fljótaskip á öðrum hjara veraldar.

Samkvæmt áðurnefndri 38. gr. l. nr. 68/1947, um eftirlit með skipum, er bannað að flytja inn eldri skip en 12 ára, og í nefndri grein er skipaskoðunarstjóra bannað að mæla með innflutningi eldri skipa en 12 ára.

Af þessum ástæðum get ég ekki lagt til, að skipið fái innflutningsleyfi, að lögunum óbreyttum.

Fylgiskjalið endursendist hér með.

Allravirðingarfyllst.

Ól. Sveinsson.

Til samgöngumálaráðuneytisins.

Fylgiskjal III.

ATVINNU- OG SAMGÖNGUMÁLARÁÐUNEYTIÐ
22. júlí 1948.

Til h/f Hærings, Reykjavík.

Eftir móttöku bréfs hlutafélagsins, dags. 28. f. m., vill rn. hér með með skirskotun til bráðabirgðalaga frá 16. þ. m., um heimild fyrir ríkisstjórnina til þess að leyfa innflutning á síldarbræðsluskipi, veita h/f Hæringi leyfi til innflutnings á 7000 tonna flutningaskipi, sem það hefur keypt í Californíu í Bandaríkjum Norður-Ameríku, enda verði sett í skipið síldarbræðslutæki og það eingöngu notað til slíkrar síldarvinnslu í höfnum inni.

Skilyrði er, að fjárhagsráð veiti að sínu leyti innflutnings- og gjaldeyrisleyfi.

Nd. 117. Breytingartillaga [6. mál]

við frv. til l. um breyt. á vegalögum, nr. 34 22. apríl 1947.

Frá Ásgeiri Ásgeirssyni og Finni Jónssyni.

Við 1. gr. Framan við gr. kemur nýr tölul.:
Aftan við B. 1 í 2. gr. laganna bætist: og af Þorskafjarðarheiði yfir á Þingeyrarveg.

Nd. 118. Breytingartillögur [6. mál]

við frv. til l. um breyt. á vegalögum, nr. 34 22. apríl 1947.

Frá Ásgeiri Ásgeirssyni.

Við 1. gr. Aftan við greinina bætist:
1. Aftan við B. 58 í 2. gr. bætist: að Sæbóli á Ingjaldssandi.
2. Á eftir B. 62 kemur nýr liður:
Dýrafjarðarvegur: Frá Ketilseyri fyrir Dýrafjarðarbotn að Lambadal.

Sþ. 119. Tillaga til þingsályktunar [73. mál]

um að skora á ríkisstjórnina að leita eftir samkomulagi um að skila aftur Kaldaðarnesi.

Flm.: Gísli Jónsson.

Alþingi ályktar að skora á ríkisstjórnina að leita nú þegar eftir samkomulagi við hr. alþm. Jörund Brynjólfsson, sem talinn er vera eigandi að Kaldaðarnesi í Árnessýslu ásamt drykkjumannahælinu þar og öðrum mannvirkjum, um að skila þessum eignum aftur til ríkissjóðs á því verði, sem þær voru honum afsalaðar í janúar s. l., enda verði honum skilað aftur þeim verðmætum, er hann greiddi eignirnar með, á því verði, sem þau þá voru reiknuð. Jafnframt sé honum gefinn kostur á því að fá aftur ábúð á jörðinni Skálholti í Biskupstungum.
Kostnaður við þessa samninga og eignaskiptin greiðist úr ríkissjóði.

Greinargerð.

Í aprílmánuði 1940 kaupir ríkissjóður jörðina Kaldaðarnes og eftirtaldar meðfylgjandi eignir: Höskuldsstaði, Mosastaði, Magnúsarfjós, Valdastaði, Hreiðurborg, Miðhús, Kálfhaga I og II, Móakot og Lambastaði — fyrir kr. 115 748.67. Þetta sama ár tekur brezki herinn eignina til afnota. Er henni haldið þannig til ársins 1945, er ríkissjóður fær aftur yfirráð yfir jörðinni. Þau ár, sem jörðin var hernumin, urðu á henni verulegar skemmdir, sem bættar eru með um 305 þús. krónum, eftir samkomulagi við viðkomandi aðila.
Árið 1945 er sett á stofn heilsuhæli í Kaldaðarnesi samkv. lögum nr. 108 1943. Er varið úr ríkissjóði á því ári samkv. ríkisreikningi kr. 551 551.12 til húsabygginga og húsabóta vegna stofnunarinnar og kr. 315 888.73 árið 1946, eða alls kr. 867 439.85 á báðum fyrrnefndum árum. Er hælið síðan starfrækt þar árin 1946 til

1948. Voru þessar ráðstafanir allar gerðar í samráði við landlækni og Stórstúku Íslands.

18. sept. 1947 biður landbúnaðarráðuneytið sýslumanninn í Árnessýslu að útnefna 3 menn til þess að meta allar fasteignir, sem hr. alþm. Jörundur Brynjólfsson eigi í Skálholti, en hann var þar þá ábúandi, og enn fremur eignir ríkisins í Kaldaðarnesi. Er tekið fram í bréfinu, að eignirnar í Skálholti skuli metnar í því ástandi, sem þær eru í, **en hins vegar skuli lönd og hús, sem voru í Kaldaðarnesi í apríl 1940, er ríkissjóður eignaðist jörðina, og enn eru þar, metin í því ástandi, sem þessar eignir voru í þá,** þ. e. í apríl 1940. En auk þess skuli þessi sömu hús í Kaldaðarnesi einnig metin í því ástandi, sem þau eru nú í. Upplýst er einnig, að atvinnumálaráðherra, Bjarni Ásgeirsson, hafði sérstaklega óskað eftir því við sýslumanninn, að hann útnefndi Pálma Einarsson landnámsstjóra sem einn af hinum 3 matsmönnum. Aðrir matsmenn voru útnefndir þeir Guðmundur Guðmundsson bóndi á Efri-Brú og Kristinn Vigfússon húsasmiður á Selfossi, en ekki er upplýst, hvort ráðherra hefur einnig óskað eftir útnefningu þeirra eða hvort sýslumaður hefur útnefnt þá án ábendingar.

Ekki var beðið um sérstaklega að meta hin nýju hús, sem ríkissjóður hafði látið byggja á jörðinni.

Samkvæmt matsgerð, sem gerð var af fyrrnefndum aðilum, er matið á Kaldaðarnesi sem hér segir:

1.	Gamla íbúðarhúsið í Kaldaðarnesi, sem breytt hafði verið í hæli fyrir ofdrykkjumenn	kr. 132000.00
2.	Nýtt hús í Kálfhaga, sem byggt hafði verið 1945—46 fyrir forstjóra hælisins o. fl.	— 125000.00
3.	Peningshús	— 52500.00
4.	Tveir skálar með þvottahúsi, vatnsturni o. fl.	— 17500.00
5.	Land tilheyrandi jörðinni	— 127300.00
6.	Girðingar	— 18400.00
7.	Hlunnindi jarðarinnar	— 21300.00
	Alls	kr. 494000.00

Í þessu mati er ekki ábýlið Hreiðurborg, enda er það undanskilið, þegar eignin er seld. Fasteignamat þeirrar eignar var sem næst ½ af fasteignamati eignanna, þegar ríkissjóður keypti þær 1940.

Þá meta sömu matsmenn skemmdir á túni og engjum jarðarinnar á kr. 74180.00 og draga það frá matsverði jarðar og húsa, svo að eftir verður kr. 419820.00. Er sú upphæð þá talin sannvirði eignanna, þó því aðeins að seljandi kosti hreinsun á ákveðnum hluta jarðarinnar, sem matsmenn meta, að kosti kr. 225000.00, en sú hreinsun skal hafa verið framkvæmd fyrir 1952. Jafnframt meta hinir sömu menn eignir Jörundar Brynjólfssonar í Skálholti á kr. 173700.00.

Þann 12. jan. 1948 afsalar ríkissjóður öllum fyrrnefndum eignum í Kaldaðarnesi til hr. Jörundar Brynjólfssonar alþm. gegn fullri greiðslu, að upphæð kr. 419820.00. Eru eftirfarandi skilyrði sett í afsalið:

1. að jörðin verði gerð að ættaróðali;
2. að núverandi flugvöllur verði ekki afnuminn og réttur til afnota án endurgjalds;
3. að kaupandi annist sjálfur hreinsun gegn matsupphæðinni;
4. að starfrækja megi drykkjumannahælið á jörðinni án endurgjalds til fardaga 1948.

Framanskráð kaupverð jarðarinnar er greitt ríkissjóði sem hér segir:

a.	Með fyrrnefndu hreinsunargjaldi	kr. 225000.00
b.	— fyrrnefndu mati á eignum J. B. í Skálholti	— 173700.00
c.	— uppbót til J. B. fyrir að flytja burt af Skálholti, metin af Pálma Einarssyni	— 20000.00
d.	— peningum	— 1120.00
	Alls	kr. 419820.00

Í lögum nr. 4 frá 1946, um sölu þjóðjarða og kirkjujarða, eru sett ótvíræð skilyrði fyrir sölu slíkra jarða. Eitt af þeim er, að kaupandi hafi búið á jörðinni í minnst 3 ár. Þetta skilyrði var ekki fyrir hendi, þegar Kaldaðarnes var selt. Þótt ekkert annað kæmi til, var sala sú, sem hér um ræðir, því án lagaheimildar. Við það bætist, að hér var ekki um að ræða þjóðjörð eingöngu, heldur ríkisstofnun, sem nýlega hafði verið reist, kostað hafði mikið fé, var enn starfrækt, er salan fór fram, og mátti á engan hátt leggja niður. Heimila hvorki lög nr. 4, sem fyrr er vísað í, né nokkur önnur lög að selja slíkar eignir ríkisins, og þurfti því sérstaka heimild til þess frá Alþingi, sem ríkisstjórninni bar að afla sér, ef hún óskaði eftir því, að salan færi fram. Ríkisstjórnin lítur einnig sjálf svo á, að hér sé verið að selja ríkisstofnun, en ekki venjulega þjóðjörð, sem sé í ábúð kaupanda, því að andvirði eignarinnar, kr. 419820.00, sem talið er, að ríkissjóður hafi fengið, er greitt menntamálaráðuneytinu upp í kostnað við annað væntanlegt hæli fyrir ofdrykkjumenn, í stað þess að greiða það í Ræktunarsjóð samkv. 3. gr. laga nr. 66 1947, ef um sölu þjóðjarðar var að ræða.

Það er upplýst, að matsmennirnir höfðu aðgang að öllum kostnaðarreikningum í sambandi við byggingar og endurbætur í Kaldaðarnesi, er þeir framkvæmdu matið, og að þeim var það ljóst, hvað eignin raunverulega kostaði ríkissjóð, eins og það er einnig vitað, að ríkisstjórnin vissi allt um þessi atriði. Sjálft matið verður því að teljast harla einkennilegt. Hitt verður þó að teljast enn einkennilegra, að ríkisstjórnin skuli ekki óska eftir yfirmati eignanna til þess að sannprófa þannig verðgildi þeirra, auk þess sem almenningi er lítt skiljanlegt, hvers vegna verið er að selja hælið, þegar víst er, að það kostar ríkissjóðinn margfalda söluupphæðina að koma upp sams konar hæli á öðrum stað, sem engu betur yrði til þess fallinn að hafa þar ofdrykkjumenn.

Því hefur verið haldið fram af ráðherra í sambandi við þetta mál, að vegna lagafyrirmæla um búnaðarskóla í Skálholti og skólabú þar, hafi orðið að sjá ábúandanum þar fyrir nýju jarðnæði. En lög um bændaskóla frá 1948 mæla svo fyrir, að í Skálholti skuli vera búnaðarskóli, **þegar lokið er byggingu skólahúss og öðrum nauðsynlegum undirbúningi.** Þar er einnig svo fyrir mælt, að ríkið skuli reka fjölbreytt bú á skólajörðum og veiti skólastjórarnir þeim forstöðu. Öll eru þessi fyrirmæli miðuð við það, að skóli hafi verið reistur, en eins og kunnugt er munu enn líða mörg ár, þar til þeim framkvæmdum er lokið. Það stóðu því allar leiðir opnar til samkomulags við ábúandann, sem minna fé hefðu kostað ríkissjóðinn og báðir aðilar haft meiri sæmd af.

Með tilvísun til þess, sem að framan greinir, þykir rétt, að ríkisstjórnin taki upp samninga við Jörund Brynjólfsson um að skila eignunum aftur, og því er tillaga þessi fram borin. Er þess vænzt, að hún verði samþykkt, því að annað er ekki sæmandi fyrir Alþingi, úr því sem komið er.

Ed. 120. Frumvarp til laga [74. mál]

um breyting á lögum nr. 64 23. júní 1932, um kirkjugarða.

Flm.: Björn Ólafsson.

1. gr.

1. og 2. málsgr. 16. gr. laganna hljóði þannig:

Nú nota tveir eða fleiri söfnuðir, sem hafa 1000 eða fleiri gjaldskylda meðlimi hver, sama kirkjugarð, og skulu þá sóknarnefndir þjóðkirkjusafnaða og stjórnir utanþjóðkirkjusafnaða þeirra, sem hlut eiga að máli, kjósa hver úr sínum hópi fulltrúa í sameiginlega kirkjugarðsstjórn, til 6 ára í senn, og jafnmarga varamenn. Sé

bálstofa starfandi í sambandi við kirkjugarð, skal Bálfarafélag Íslands eða félagsdeildir þess utan Reykjavíkur, þar sem bálstofa starfar, hafa rétt til að kjósa einn fulltrúa í kirkjugarðsstjórn á sama hátt og starfandi söfnuðir.

Í kirkjugarðsstjórninni eiga sæti 5 menn, ef söfnuðir ásamt bálfarafélagi eru ekki fleiri en 5, en ella 7 menn. Setur dóms- og kirkjumálaráðherra reglur um kosningu þeirra, ef þurfa þykir.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Bálstofa hefur nú verið byggð í Reykjavík í sambandi við kapelluna í Fossvogskirkjugarði. Sérstakur hluti þess kirkjugarðs hefur nú verið undirbúinn fyrir duftreiti, og hefur Bálfarafélagi Íslands verið falið að sjá um skipulagningu hans og ræktun og hafa umsjón með honum.

Í byrjun árs 1944, er 6 söfnuðir voru starfandi í Reykjavík, skipaði ráðherra fulltrúa frá Bálfarafélagi Íslands í kirkjugarðsstjórnina, og var með því fullnægt fyrirmælum laganna um 7 manna stjórn. Nú eru ekki starfandi í Reykjavík nema fimm söfnuðir og því ekki nú nema 6 menn í kirkjugarðsstjórn og ástæðan fyrir skipun fulltrúa frá Bálfarafélaginu að nokkru leyti niður fallin.

Hins vegar verður að telja það sanngjarnt, að bálfarahreyfingin hafi fulltrúa í kirkjugarðsstjórn á stöðum, þar sem bálstofa er starfandi, ekki síst þegar svo er, að bálfarafélag hefur umsjón með duftgarði, sem er hluti í kirkjugarðinum.

Er því með frv. þessu lagt til, að Bálfarafélag Íslands eða deildir þess utan Reykjavíkur, þar sem bálstofur eru starfandi, fái einn fulltrúa í kirkjugarðsstjórn, á sama hátt og starfandi söfnuðir á hverjum stað.

Nd. 121. Breytingartillaga [6. mál]

við frv. til l. um breyt. á vegalögum nr. 34 22. apríl 1947.

Frá Bjarna Ásgeirssyni.

Við 1. gr. Framan við gr. kemur nýr tölul.:
Aftan við B. 22 í 2. gr. laganna bætist:
Grímsstaðavegur: Frá Urriðaárbrú efri að Syðri-Hraundal.

Ed. 122. Frumvarp til stjórnarskipunarlaga [75. mál]

um breyting á stjórnarskrá lýðveldisins Íslands, nr. 33 17. júní 1944.

Flm.: Páll Zóphóníasson.

79. gr. stjórnarskrárinnar orðist svo:

Stjórnarskrá þessari má ekki breyta nema á sérstöku stjórnlagaþingi. Á stjórnlagaþingi eiga sæti 24 kjörmenn, kosnir almennum kosningum í eins manns kjördæmum, og séu þau sem líkust að mannfjölda. Með sérstökum lögum skal skipta landinu í 24 kjörmannaumdæmi og setja lög um kosningar kjörmanna.

Kjörmenn skulu kosnir eigi síðar en vorið 1951, og stjórnlagaþing háð á því ári.

Breytingar, sem stjórnlagaþing gerir á stjórnarskránni, skulu síðan bornar undir atkvæði allra kosningarbærra þegna þjóðfélagsins og öðlast gildi, ef þær þá eru samþykktar með meiri hluta greiddra atkvæða.

Greinargerð.

Þó nokkuð sé búið að ræða um nauðsyn þess að gera breytingar á stjórnarskránni og nokkuð um, hverra breytinga sé þörf, þá er enn langt frá því, að þjóðin hafi áttað sig á, hvað hún vill í því máli. Nefndir hafa starfað í málinu, en við start þeirra hefur málið lítið skýrzt enn fyrir fjöldanum, enda starf þeirra og niðurstöður, ef nokkrar eru, ekki verið gert kunnugt enn.

Nú er til þess ætlazt, að Alþingi breyti sjálft stjórnarskránni. En til þess að reyna að tryggja, að þær breytingar verði í samræmi við vilja meiri hluta alþjóðar, eru látnar fara fram kosningar að því að kallað er um stjórnarskrána, og síðan verður hið nýkjörna þing að samþykkja hana aftur óbreytta, til þess að hún öðlist gildi. Með þessu er nú reynt að tryggja, að stjórnarskráin verði í samræmi við þjóðarviljann. En með þessu næst sú trygging ekki. Þegar á þennan hátt er kosið „um stjórnarskrána", þá hljóta alltaf að blandast inn í kosninguna annarleg sjónarmið, sem gera það að verkum, að kjósandinn getur ekki sýnt afstöðu sína til stjórnarskrárbreytingar þeirrar, er fyrir liggur. Hann er um leið og hann kýs um það, hvort hann vilji láta næsta þing samþykkja stjórnarskrána, líka að kjósa þingmann til næstu fjögurra ára og þarf þar að leita að þeim frambjóðanda, sem nálgast mest hans skoðanir, og þá kemur afstaðan til stjórnarskrárbreytingarinnar aðeins sem eitt mál af mörgum, sem hann þarf að taka tillit til. Þetta fyrirkomulag veitir því litla tryggingu fyrir því, að stjórnarskrárbreyting verði gerð eins og fjöldinn helzt óskar.

Með breytingu þeirri, er hér er gert ráð fyrir, að gerð verði á stjórnarskránni, er ætlazt til, að henni verði breytt á sérstöku stjórnlagaþingi. Þá fara fram umræður um stjórnarskrárbreytinguna eina, og kjósandinn kýs einungis þann á stjórnarskrárþingið, sem hefur sömu eða sem líkastar skoðanir og hann á því, hvernig stjórnarskráin eigi að verða. Þannig kjörnir fulltrúar gera síðan breytingarnar á stjórnarskránni. Til þess þó að tryggja til fullnustu, að þær verði að skapi alþjóðar, er lagt til, að gengið sé til almennrar atkvæðagreiðslu um þær, þegar þær hafa verið samþykktar, og öðlist þær því aðeins gildi, að meiri hluti atkvæða verði þá með þeim.

Með þessu virðist það miklum mun betur tryggt, að stjórnarskrá verði samþykkt í samræmi við vilja alþjóðar en með þeim ákvæðum, er nú gilda, því að þau tryggja einungis, að stjórnarskrárbreyting verður ekki gerð nema af meiri hluta Alþingis, rétt eins og aðrar lagabreytingar.

Ekki sé ég ástæðu til þess, að jafnmargir menn sitji á stjórnlagaþingi og nú sitja á Alþingi, og er því lagt til, að á stjórnlagaþingi sitji 24 kjörmenn, kosnir í einmenningskjördæmum, og að Alþingi setji sérstök lög um kosningu þeirra.

Nauðsynlegt er, að þjóðin fái að ræða í blöðum og á mannfundum um breytingartillögur á stjórnarskránni, er fram koma, og er því ekki gert ráð fyrir kosningu til stjórnlagaþings fyrr en 1951. Gæti þá stjórnlagaþing komið saman 1951 og stjórnarskránni endanlega breytt til frambúðar 1952, eftir að alþjóðaratkvæði hefði um hana gengið.

Ed. **123. Frumvarp til laga** [17. mál]

um kjötmat o. fl.

(Eftir 2. umr. í Ed.)

1. gr.

Í lögum þessum merkir:

Sláturfénaður: Sauðfé, nautgripi, hross, svín, alifugla o. s. frv.

Læknir: Dýralækni þann, er kjötskoðunina annast, eða hvern þann lækni eða læknanema, sem löggiltur hefur verið til starfsins samkvæmt 7. gr. laga þessara.

Kjötmatsmaður: Hvern þann undirkjötmatsmann, er lýtur yfirkjötmatsmanni.

2. gr.

Sláturfénaði, sem slátra á í því augnamiði að flytja kjötið nýtt, fryst, saltað eða á annan hátt verkað á erlendan markað eða til sölu og neyzlu innanlands, í kjötbúðum og öðrum opinberum sölustöðum, skal slátra í löggiltum sláturhúsum og kæling og frysting kjötsins fara fram í löggiltum frystihúsum. Atvinnumálaráðuneytið löggildir sláturhús og frystihús, að fengnum meðmælum frá yfirdýralækni eða hlutaðeigandi héraðsdýralækni, ef húsin eru að dómi þeirra svo fullkomin að gerð og öllum útbúnaði, að hægt sé þess vegna að fullnægja nauðsynlegum heilbrigðis- og hreinlætiskröfum.

Ráðherra getur þó, þar sem brýn nauðsyn krefur, leyft slátrun til eins árs í senn í sláturhúsum, sem ekki eru svo úr garði gerð, að löggilding geti farið fram á þeim, ef yfirdýralæknir eða hlutaðeigandi héraðsdýralæknir telja, að slátrun geti tekizt þar á viðunandi hátt, en stefna skal að því, að sem allra fyrst verði málum svo komið, að öll slátrun fari fram í löggiltum sláturhúsum, ef afurðirnar eru ætlaðar til sölu á opinberum markaðsstöðum, og getur ráðherra sett hlutaðeigandi aðilum ákveðinn frest til úrbóta.

Ráðherra setur reglur um útbúnað sláturhúsa og frystihúsa, að fengnum tillögum yfirdýralæknis.

3. gr.

Við gildistöku þessara laga skulu allir sláturleyfishafar senda atvinnumálaráðuneytinu umsóknir, þar sem þeir óska eftir, að fram fari löggilding húsa til slátrunar og frystingar á sláturafurðum, söltunar o. s. frv. Ráðuneytið sendir síðan yfirdýralækni eða hlutaðeigandi héraðsdýralækni umsóknirnar til umsagnar, sbr. 2. gr.

Hver sá, sem síðar hyggst að hefja slátrun sauðfjár eða annars sláturfénaðar í þeim tilgangi að selja afurðir á opinberum markaðsstöðum, skal senda atvinnumálaráðuneytinu slíka umsókn. Eftir fyrstu löggildingu annast yfirdýralæknir eða héraðsdýralæknar eftirlit með slátur- og frystihúsum í hlutaðeigandi umdæmum. Ráðuneytið heldur skrá yfir löggilt sláturhús og frystihús, þar sem hvert þeirra hefur sérstakt löggildingarmerki eða löggildingarnúmer, og skal þá númer þetta eða merki koma fram í kjötstimpli þeim, er notaður er í hlutaðeigandi sláturhúsi.

4. gr.

Nú fullnægir löggilt slátur- eða frystihús eigi lengur skilyrðum þeim, sem sett voru fyrir löggildingu, og ber þá dýralækni, sem eftirlitið hefur annazt, að skýra ráðuneytinu frá því tafarlaust. Setur ráðuneytið umráðamönnum hússins hæfilegan frest til að lagfæra það, sem ábótavant er, og fellur löggildingin niður, ef eigi er bætt úr göllunum innan hins ákveðna frests. Ráðuneytið tilkynnir þá jafnframt aðilum þeim, sem sláturleyfin veita, að slátrun á þeim stað skuli þá þegar niður hefur sérstakt löggildingarmerki eða löggildingarnúmer, og skal þá númer þess eða merki koma fram í kjötstimpli þeim, er notaður er í hlutaðeigandi sláturhúsi.

5. gr.

Læknisskoðun skal fram fara á öllum sláturfénaði, sem um getur í lögum þessum, áður en slátrun fer fram, og mega ekki líða meira en 12 klst. frá þeirri skoðun og til slátrunar. Enn fremur skal heilbrigðisskoðun á öllu kjöti og innyflum af þeim sláturfénaði, sem um getur í lögum þessum, fara fram áður en afurðirnar eru boðnar til sölu nýjar á opinberum markaði og enn fremur áður en kæling, frysting, söltun eða önnur verkun fer fram. Að skoðun lokinni skal dýralæknir eða hver sá, sem löggiltur hefur verið til starfsins, merkja kjötið samkvæmt reglugerð, er ráðherra setur um heilbrigðisskoðun og merkingu á kjöti og innyflum. Enn fremur getur ráðherra sett reglur, að fengnum tillögum yfirdýralæknis, um læknisskoðun og merkingu annarra sláturfjárafurða, ef þörf krefur.

Í reglum þeim, sem ráðherra setur samkvæmt þessari grein, má ákveða hámarksþóknun fyrir læknisskoðun og merkingu kjöts og annarra sláturfjárafurða.

6. gr.

Sláturfjárafurðir, sem reynast spilltar eða sýktar, svo að hætta geti stafað af að nota þær til manneldis, eftir úrskurði kjötskoðunarlæknis, skulu þegar í stað ónýttar samkvæmt fyrirmælum ráðuneytisins, á þann hátt að tryggt sé, að engin hætta geti stafað af þeim.

Ekki má slátra í sláturhúsi sjúku sláturfé, er nokkur sýkingarhætta getur stafað af að áliti kjötskoðunarlæknis, nema sérstakur klefi sé til þeirra afnota einna í sláturhúsinu. Sjálfdauðar skepnur má ekki flytja inn í sláturhús né á lóð þess, nema til komi leyfi kjötskoðunarlæknis, enda geri hann sér þá þegar ljóst, hver dauðaorsökin hafi verið, og fyrirskipar ráðstafanir samkvæmt því.

7. gr.

Dýralæknar annast kjötskoðun og merkingu á kjöti og öðrum sláturfjárafurðum, sbr. 5. gr. laga þessara. Náist ekki til dýralæknis, skipar ráðherra, að fengnum tillögum yfirdýralæknis, lækni til starfsins, enda hafi hann lokið kjötskoðunarprófi hjá dýralækni hér á landi.

8. gr.

Allt kjöt og innyfli af sláturfénaði, sem um getur í lögum þessum, sem flutt er á erlendan markað eða til sölu innanlands í kjötbúðum og öðrum opinberum sölustöðum, skal metið, flokkað og merkt eftir tegundum og gæðum af kjötmatsmönnum, sem starfa undir umsjón yfirkjötmatsmanna.

Ráðuneytið setur reglugerð um flokkun, merkingu, frystingu, söltun, umbúðir, flutning og meðferð kjöts og innyfla, að fengnum tillögum kjötmatsformanns, framleiðsluráðs landbúnaðarins og helztu kjötsöluaðila.

Ef þörf þykir, getur ráðherra sett sérstakar reglur um slátrun, mat og merkingu á kjöti og innyflum til ákveðinna landa, eftir því hvaða kröfur eru gerðar í því efni.

9. gr.

Ráðherra skipar 4 yfirkjötmatsmenn, og hafi hver þeirra ákveðið starfssvæði.

Einn þeirra fjögurra skal ráðherra skipa kjötmatsformann, og skal hann hafa forgöngu um þau atriði í lögum þessum, er snerta verksvið yfirkjötmatsmanna. Einnig skal hann, eftir því sem við verður komið, gera yfirmat á kjöti og öðrum sláturfjárafurðum, sem fluttar eru á erlendan markað og til helztu sölustaða innanlands.

Yfirkjötmatsmenn skulu hafa sem bezta þekkingu á kjöti og öðrum sláturfjárafurðum og öllu því, er lýtur að meðferð sláturfjárafurða.

Ráðuneytið setur yfirkjötmatsmönnum reglur um störf þeirra og ákveður umdæmi þeirra.

Ekki mega yfirkjötmatsmenn þiggja neina þóknun hjá þeim, er við kjötsölu eru riðnir, né heldur hafa með höndum sölu á kjöti utanlands né innan eða milligöngu í því efni, er þeir geti haft hagnað af.

Árslaun yfirkjötmatsmanna skulu vera kr. 900.00 og kjötmatsformanns kr. 1800.00.

Ferðakostnað í þágu yfirmatsins skulu þeir og fá greiddan samkvæmt reikningi, sem ráðuneytið úrskurðar.

Allan kostnað, sem af yfirmatinu leiðir, skal greiða úr ríkissjóði.

10. gr.

Lögreglustjóri skipar kjötmatsmenn, einn eða fleiri á hverjum slátrunarstað. Fer um tölu þeirra og val eftir tillögum yfirkjötmatsmanns.

Kjötmatsmenn annast hlutverk það og starf, sem þeim er falið með lögum þessum, samkvæmt reglugerð, sem ráðuneytið setur. Kaup kjötmatsmanna skal vera 25% hærra en venjulegt verkamannakaup á staðnum, þar sem matið fer fram, og greiða sláturleyfishafar, sem slátrunina framkvæma, kaupið.

Eigi mega kjötmatsmenn þiggja neina aukaþóknun eða hlunnindi hjá þeim, sem kjötverzlun annast, né sjálfir vera riðnir við sölu þess, svo að ætla megi þá hlutdræga í matinu.

Nú vanrækir kjötmatsmaður starf sitt, sýnir hlutdrægni við matið eða leysir það illa af hendi á einhvern hátt að dómi yfirkjötmatsmanns, og er yfirkjötmatsmanni þá heimilt að víkja honum frá um stundarsakir, en tilkynna skal hann hlutaðeigandi lögreglustjóra samstundis þessa ráðstöfun, sem þá víkur hinum brotlega kjötmatsmanni endanlega frá störfum og skipar annan matsmann í hans stað.

11. gr.

Í kaupstöðum og kauptúnum, þar sem eru 500 íbúar eða fleiri,, skal allt kjöt af skepnum, sem slátrað er þar eða flutt þangað nýtt og ætlað til sölu þar, skoðað og merkt af lækni þeim, er kjötskoðun annast þar á staðnum, og getur ráðuneytið sett nánari reglur þar um. Ákvæði þetta tekur þó ekki til kjöts, er áður hefur verið merkt og skoðað af kjötskoðunarlækni í löggiltu sláturhúsi. Kjöt, sem flutt er að frosið, kælt eða nýtt, skal flutt í þar til gerðum umbúðum, er læknir tekur gildar. Ráðuneytið getur einnig, ef ástæður þykja til, fyrirskipað sams konar kjötskoðun í kauptúnum, þar sem búa færri en 500 manns.

Nú eru nýjar sláturfjárafurðir fluttar til sölustaðar án þess að læknisskoðun hafi farið fram á þeim, og skal þá bæjarfélag eða hreppsfélag sjá fyrir löggiltu húsnæði til skoðunar á þeim gegn sanngjörnu gjaldi, er eigandi greiðir, samkvæmt nánari fyrirmælum ráðuneytisins.

Sé sláturhús á móttökustað eða sérstakar kjötmiðstöðvar, skal læknisskoðun fara þar fram og enn fremur gæðamat, samkvæmt reglugerð, sbr. 8. gr.

12. gr.

Í kaupstöðum og kauptúnum, sem lög þessi taka til, má eigi hafa ómerkt kjöt, nýtt eða frosið, í kjötbúðum eða öðrum sölustöðum.

13. gr.

Ráðherra getur sett reglur, að fengnum tillögum yfirdýralæknis, um útbúnað kjötbúða og annað, sem lýtur að verzlun með sláturfjárafurðir, og um það, hverjar vörur aðrar megi selja í kjötbúðum en þær, sem um ræðir í lögum þessum. Ráðherra getur einnig sett reglur, að fengnum tillögum yfirdýralæknis, um atvinnurekstur við tilbúning matvæla úr sláturfjárafurðum, svo sem pylsugerð, niðursuðu sláturfjárafurða og annað því um líkt.

14. gr.

Nú flytur einhver eða lætur flytja út kjöt til sölu á erlendan markað eða til sölu innanlands án þess að gæta fyrirmæla laga þessara um læknisskoðun, merkingu, mat og flokkun, og varðar það sektum frá kr. 500.00 til 25 000.00. Önnur brot gegn lögum þessum eða reglugerðum, sem settar verða samkvæmt þeim, varða sektum allt að kr. 10 000.00. Fara skal með mál út af brotum þessum sem almenn lögreglumál.

Um refsingu fyrir brot kjötskoðunarlækna, yfirkjötmatsmanna og kjötmatsmanna gegn ákvæðum þessara laga fer sem um refsingu fyrir brot opinberra starfsmanna.

15. gr.

Með lögum þessum eru úr gildi felld lög nr. 39 frá 19. júní 1933, um kjötmat o. fl., lög nr. 3 frá 1. febrúar 1936 og lög nr. 115 30. des. 1943, um breyting á lögum nr. 39 19. júní 1933, svo og reglugerðir þær, sem settar hafa verið, og auglýsingar, sem út hafa verið gefnar samkvæmt þeim lögum.

16. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Ed. 124. Breytingartillaga [17. mál]

við frv. til l. um kjötmat o. fl.

Frá landbúnaðarnefnd.

Við 2. gr. Aftan við greinina bætist: og kjötmatsformanns.

Nd. 125. Breytingartillaga [6. mál]

við frv. til l. um breyt. á vegalögum nr. 34 22. apríl 1947.

Frá Jörundi Brynjólfssyni.

Við 1. gr. Framan við greinina bætist nýr töluliður:
Á eftir A. 20 í 2. gr. laganna kemur nýr liður:
Unnarholtsvegur: Af Auðsholtsvegi austan Unnarholtshverfis vestan Langholtsfjalls á Hreppaveg hjá Hryggjarholti.

Ed. 126. Nefndarálit [3. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 54/1928, um Menningarsjóð, og l. nr. 70/1936, um breyt. á þeim lögum.

Frá menntamálanefnd.

Nefndin hefur athugað frv., og eru nefndarmenn sammála um, að rétt sé að tryggja tekjur Menningarsjóðs betur en nú er, og vill því meiri hlutinn mæla með frv. Hins vegar áskilja einstakir nefndarmenn sér rétt til að bera fram brtt. við frv.

Einn nefndarmanna, Hannibal Valdimarsson, var ekki viðstaddur afgreiðslu málsins.

Alþingi, 22. nóv. 1948.

Bernh., Stefánsson, form., frsm. Björn Ólafsson. Eiríkur Einarsson.

Ásmundur Sigurðsson, með fyrirvara.

Ed. 127. Frumvarp til laga [76. mál]

um innflutning jeppabifreiða.

Flm.: Páll Zóphóníasson.

1. gr.

Ríkisstjórnin skal sjá um, að sem fyrst verði fluttar til landsins 6 jeppabifreiðar, tvær, sem seldar verði sambandi nautgriparæktarfélaga í Eyjafjarðarsýslu, tvær, sem seldar verði sambandi nautgriparæktarfélaga í Borgarfirði, ein sem seld verði sambandi nautgriparæktarfélaga í Rangárvalla- og V.-Skaftafellssýslu, og ein, sem seld verði rannsóknarstofnuninni að Keldum.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Vegna gjaldeyriserfiðleika hefur innflutningur jeppabifreiða verið stöðvaður að kalla má nú um sinn. Eftirspurn eftir bifreiðum þessum er hins vegar mikil og engar líkur fyrir því, að hægt verði að fullnægja henni, þó að innflutningur verði mögulegur á næsta ári. Ekki verður um það deilt, að þörf manna fyrir þessar bifreiðar er misjöfn, og verður sjálfsagt erfitt að finna leiðir, er tryggi það, að þeir umsækjendur fái þær, er mesta hafa þeirra þörf. Varla verður þó ágreiningur um það, að þar sem að standa þarfir fjöldans, þá beri að meta þær meira en þörf einstaklingsins. Í þessu frumvarpi eru teknar 6 jeppabifreiðar og lagt til, að þær verði þegar fluttar inn, og um þarfir manna til að fá þær augljósar og skulu nú raktar.

Bændur í Eyjafirði standa allir saman í nautgriparæktarfélögunum. Þeir hafa komið sér upp sæðingarstöð á Akureyri, og er frá henni ekið með sæðið um allt héraðið, eftir því sem þörf krefur. Við þetta vinna þrír menn, og eru þeir oft allir á ferðinni og ætíð tveir á hverjum degi. Til þessa hafa þeir þrjá bíla, og er einn gamall herjeppi, sem nú er að verða ófær til aksturs, annar vörubíll, sem notaður er í neyð, og þriðji jeppabíll nothæfur. Eigi þessi starfsemi að geta haldið áfram með viðhlítandi kostnaði, er nauðsynlegt að fá tvo nýja jeppabíla.

Samband nautgriparæktarfélags Borgarfjarðar var stofnað 1936 og starfaði fyrst á árinu 1937. Nú er það að koma upp sæðingarstöð að Hvanneyri, og vantar þá alveg bílakost til þess að geta flutt sæðið um héraðið. Í bili er hugsað að komast af með lánsbíla, en slíkt er með öllu ógerlegt í framtíðinni.

Nautgriparæktarfélögin í Rangárvalla- og V.-Skaftafellsýslu mynduðu með sér samband 6. nóv. og munu byrja starfsemi sína 1. jan. 1949. Til að byrja með ætla þau að hafa fastan starfsmann, er fari milli félganna, en síðar hugsa þau til að koma upp sæðingarstöð. Þeim er eins og stendur ekki þörf nema á einum jeppa handa starfsmanni sínum, en þeim er nauðsyn að fá hann.

Loks er svo lagt til, að Keldur fái einn jeppa. Vegna starfsins þar er þeim nauðsyn að geta hvenær sem er farið á þá staði, sem t. d. grunsamir sjúkdómar koma upp á, eins og þeim líka er nauðsynlegt að fara eitt og annað til að viða að sér efni til rannsókna viðvíkjandi þeim verkefnum, sem unnið er að á hverjum tíma.

Ég hef hér aðeins talað um þessa 6 jeppa, en ég veit, að bæði í Skagafirði, Þingeyjarsýslu og Húnavatnssýslu er talað um að stofna nautgriparæktarfélagasambönd og koma á sæðingarstöðvum, en þar sem ekkert af þeim er komið af stað og það getur dregizt eitthvað, sá ég ekki ástæðu til að taka jeppabifreiðar handa þeim með nú, enda þótt ef til vill sé rétt að taka upp heimild á innflutningi handa þeim, þegar þau komast á fót.

Sþ. 128. Tillaga til þingsályktunar [77. mál]

um, að ríkisstjórnin undirbúi riftun kaupsamnings um eignina Silfurtún hjá Hafnarfirði.

Flm.: Jónas Jónsson.

Alþingi skorar á ríkisstjórnina að leita samkomulags við Eyjólf Jóhannsson forstjóra um, að hann taki um næstu áramót við eigninni Silfurtúni, sem hann hefur selt ríkinu, og endurgreiði landssjóði að fullu þá fjárhæð, sem ríkið hefur greitt honum fyrir eign þessa.

Greinargerð.

Síðastliðið sumar leigði og keypti ríkisstjórnin smíðaverkstæði að nafni Silfurtún skammt frá Hafnarfirði. Hafði Eyjólfur Jóhannsson forstjóri byggt verkstæðið fyrir nokkrum árum og starfrækt það með talsverðu mannahaldi. Verkstæðið er allstórt að flatarmáli, einlyft að mestu og veggirnir hlaðnir úr holsteini. Byggingin er sýnilega fremur veigalítil og mun upprunalega hafa verið mjög ódýr eftir stærð. Verkfæri voru allmikil, en sum nokkuð slitin. Síðastliðið vor virðist hafa byrjað umtal milli Eyjólfs Jóhannssonar og atvinnumálaráðherra um, að komið gæti til mála, að ríkið keypti eða leigði verkstæðið og það á miðju ári. Leið ekki á löngu þar til framkvæmd var hafin í þessu efni. Ríkisstjórnin keypti öll smíðatól og tæki verkstæðisins fyrir 250 þús. kr., en tók smíðahúsið á leigu til fimm ára fyrir 130 þús. kr. ársleigu. Gera þurfti sérstakan samning um lóðina, og er mér ókunnugt um þá skilmála. Með þessum hætti átti landið á fimm árum að greiða Eyjólfi Jóhannssyni 900 þús. kr., kaupverð og leigu, fyrir verkstæðið og smíðatólin. Smiðirnir virðast hafa verið fremur fáir, svo að húsaleigan í sumar varð yfir 1000 kr. á mánuði fyrir hvern starfsmann, enda varð tekjuhalli ríkisstjóðs á fyrirtækinu um 60 þús. kr. fyrstu vikurnar.

Mikið óhagræði er varðandi reksturinn, að Silfurtún liggur mjög óhaganlega við um alla starfrækslu. Flestir smiðirnir eiga heima í Reykjavík. Þeir verða að ferðast bæði að morgni og kvöldi hálftíma í bíl. Sá tími er talinn með vinnustundum, og ríkið verður að borga bílflutninginn. Er hverjum manni auðsætt, að Silfurtún getur ekki verið samkeppnisfært við venjuleg smíðaverkstæði, sem hafa hóflegan stofnkostnað og þurfa ekki að annast flutning starfsmanna sinna með miklum daglegum tilkostnaði.

Eina ástæðan, sem getur legið til grundvallar því, að ríkið hafi slíkan atvinnurekstur, er sú fánýta von, að með því fái þjóðin betri og ódýrari vöru. Ástæða er til að halda, að forstaða og vinnubrögð séu í góðu lagi í Silfurtúni, en öll önnur skilyrði eru svo óheppileg sem mest má verða. Dýrleiki stofnunarinnar og flutningur smiðanna með ærnum tilkostnaði og tímaeyðslu hljóta að gera þennan ríkisrekstur sérstaklega óhagstæðan.

Ríkisstjórninni mun, þegar kom fram á sumarið hafa borizt til eyrna raddir, sem bentu í þá átt, að þessi ráðstöfun væri ekki að skapi skattgreiðenda í landinu. Var þá tekið það ráð að breyta leigusamningi smíðahússins í kaupsáttmála. Er talið, að ríkið hafi greitt 800 þús. kr. fyrir smíðasalinn.

Þar sem sýnilegt er, að kaupin á Silfurtúni eru mjög óhentug fyrir ríkið, og vafasamt, hvort ríkisstjórnin hefur haft nægilegan undirbúning og athugun um málið, þegar kaupin voru afráðin, er hér lagt til, að freistað verði að rifta kaupsamningnum. Ætti fyrrverandi eigandi að sýna í verki, að hann hafi reist gott og hentugt smíðahús, með því að taka aftur við sinni gömlu eign og starfrækja hana sjálfur sem arðbært fyrirtæki.

Ed. 129. Breytingartillaga [3. mál]

við frv. til l. um breyt. á l. nr. 54/1928, um Menningarsjóð, og l. nr. 70/1936, um breyt. á þeim l.

Frá Birni Ólafssyni.

Aftan við fyrri málsl. 1. gr. komi: Þó sé framlag Áfengisverzlunarinnar ekki yfir 50 þús. kr. á ári.

Ed. 130. Frumvarp til laga [78. mál]

um breyting á lögum nr. 20 20. maí 1942, um breyting á lögum nr. 6 9. janúar 1935, um tekjuskatt og eignarskatt.

Flm.: Björn Ólafsson.

1. gr.

Aftan við h-lið 14. gr. laganna bætist ný málsgr., svo hljóðandi:

Einstaklingar, sem atvinnurekstur stunda og hafa tvo menn eða fleiri í þjónustu sinni, mega telja fram sérstaklega fyrir rekstur sinn og færa eigið kaup sem rekstrarkostnað, enda sé fjárgæzla og bókhald sérstakt fyrir reksturinn. Sé nokkuð af varasjóði eða séreignum rekstrarins öðrum en stofnfé varið til annars en þarfa atvinnurekstrarins eða til að mæta rekstrarhalla, skal helmingur fjárhæðar, er þannig er ráðstafað, teljast til skattskyldra tekna hjá eiganda.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Einstaklingsatvinnurekstur á nú mjög erfitt uppdráttar, vegna þess hversu hart leikinn hann er af sköttunum. Þessi rekstur stendur miklu verr að vígi en félagsrekstur, sökum þess að hann nýtur engra fríðinda í sambandi við stofnfé og varasjóði. Eigandinn, sem vinnur að rekstrinum, fær ekki við framtal til skatts að telja eigið kaup með öðrum kostnaðarliðum rekstrarins, og bætist því hinn raunverulegi rekstrarhagnaður ofan á þá fjárhæð, sem eigandinn notar árlega sér til framfærslu og lögð er til grundvallar við útreikning skatts. Með þessum hætti fer mestallur afraksturinn í skatta, nema það, sem eigandinn fær sér til lífsframfæris. Er því ógerlegt fyrir einstaklingsreksturinn, eins og nú er, að safna nokkrum sjóðum og tryggja þannig rekstur sinn.

Af þessum sökum er einstaklingsreksturinn óðum að leggjast niður, og er það illa farið. Atvinnurekstur einstaklinganna er þjóðfélaginu þarfur og hollur, og ætti því frekar að hlúa að vexti hans en að kippa undan honum fótum með ósanngjörnum skattaálögum. Virðist engin sanngirni mæla með því, að skattlagning hins opinbera hvíli með meiri þunga á einstaklingum en félögum. Þá er og ljóst, að atvinnurekstri einstaklinga er ekki ónauðsynlegra en félagsrekstri að geta safnað sjóðum til tryggingar rekstri sínum.

Lagt er til, að breyting þessi komi undir bráðabirgðakafla skattalaganna, sem væntanlega verður tekinn til nánari athugunar, ef gagngerð endurskoðun fer fram á þeim lögum. Eins og kunnugt er, fjallar nú milliþinganefnd um endurskoðun laganna, en óvíst er, hvenær tillögur hennar koma fram. Ef enn verður langur dráttur á, að tillögur hennar verði lagðar fyrir þetta þing, mun ég við síðari umræður um frv. þetta bera fram viðbótartillögu um, að tekin verði aftur í skattalögin

heimild um, að draga megi útsvör og skatta frá tekjum. Þessi heimild var numin úr lögum 1942, og um sama leyti var skattstiginn lækkaður til þess að halda skattþegnunum skaðlausum af niðurfelling frádráttarheimildarinnar. Síðan þetta var gert, hefur nýjum sköttum verið bætt við og skattþunginn raunverulega margfaldazt vegna rýrnunar á verðgildi krónunnar, en skattþegnarnir berskjaldaðir, vegna þess að frádráttarheimildin gat ekki lengur verkað sem hemill á óhóflega skattlagningu. Þess vegna er mikil nauðsyn fyrir atvinnureksturinn í landinu ekki síður en almenna skattgreiðendur, að frádráttarheimildin verði aftur tekin í lög.

Sþ. 131. Fyrirspurnir. [79. mál]

I. Til ríkisstjórnarinnar um lyfsölumál.

Frá Lárusi Jóhannessyni.

1. Hvernig hefur eftirliti með lyfjabúðum verið háttað, síðan lög nr. 7 4. júní 1924 komu í gildi? Hver hefur verið eftirlitsmaður, og hver laun hefur hann haft fyrir það?
2. Hversu oft hefur eftirlitsmaður komið í hverja einstaka lyfjabúð árlega?
3. Hvernig hefur eftirlitið verið framkvæmt?
4. Hvaða reglu hefur verið fylgt um veitingu lyfsöluleyfa undanfarin ár?

II. Til heilbrigðismálaráðherrans um fæðingardeild landsspítalans.

Frá Jóhanni Hafstein.

1. Hvenær var upphaflega ráðgert, að fæðingardeild landsspítalans gæti tekið til starfa í hinni nýju byggingu deildarinnar?
2. Hvað hefur tafið það, að deildin tæki til starfa, og hvað tefur enn?
3. Hvenær er nú ráðgert, að hin nýja fæðingardeild taki til starfa?

III. Til fjármálaráðherra um ríkisskatta samvinnufélaganna.

Frá Jónasi Jónssyni.

Hversu mikið fé hefur ríkissjóður fengið í ýmiss konar skattgreiðslur á árunum 1939—'47 frá eftirtöldum samvinnufélögum:

1. Sambandi íslenzkra samvinnufélaga,
2. Sláturfélagi Suðurlands,
3. Kaupfélagi Reykavíkur og nágrennis,
4. Kaupfélagi Árnesinga,
5. Kaupfélaginu í Borgarnesi,
6. Kaupfélagi Austur-Húnvetninga, Blönduósi,
7. Kaupfélagi Eyfirðinga,
8. Kaupfélagi Þingeyinga,
9. Kaupfélagi Héraðsbúa?

Óskað er að fá hin ýmsu skattgjöld sundurliðuð ár fyrir ár, þannig að glöggt komi fram skattgreiðslur hvers félags.

IV. Til atvinnumálaráðherra varðandi greiðslur úr ríkissjóði vegna sóttvarnarsöðva í sambandi við væntanlegan innflutning sauðfjár.

Frá Jónasi Jónssyni.

Hvaða ráðstafanir hefur núverandi ríkisstjórn gert til að undirbúa sóttvarnir í sambandi við væntanlegan innflutning húsdýra?

1. Hvaða fasteignir hafa verið leigðar eða keyptar í þessu skyni, og hve miklu fé hefur verið til kostað?
2. Hvaða aðrar ráðstafanir hafa verið gerðar í sambandi við innflutning erlendra húsdýra?

Nd. 132. Frumvarp til laga [80. mál]

um aðstoð til útvegsmanna, er síldveiðar stunduðu sumarið 1948.

Frá sjávarútvegsnefnd.

1. gr.

Fé því, sem veitt verður í fjárlögum fyrir árið 1949 til stuðnings bátaútveginum vegna veiðibrests á síldveiðunum sumarið 1948, skal ráðstafa samkvæmt ákvæðum þessara laga.

2. gr.

Útgerðarmönnum og útgerðarfyrirtækjum, sem stunduðu síldveiðar sumarið 1948, má veita lán samkvæmt lögum þessum, ef þeir eða þau eiga vegna aflabrests á síldarvertíðinni erfitt með áframhaldandi rekstur.

3. gr.

Sjávarútvegsmálaráðherra skipar þriggja manna nefnd til að hafa á hendi lánveitingar samkvæmt lögum þessum. Lánþega er skylt að gefa nefndinni allar þær skýrslur, er hún telur nauðsynlegar. Með allar skýrslur varðandi lánin skal farið sem trúnaðarmál.

4. gr.

Lánveitinganefnd skal sannprófa eins og unnt er, hvort skjöl þau séu rétt, sem hún fær frá útgerðarmönnum og útgerðarfyrirtækjum. Lán skulu miðast við töp útgerðarmanna sumarið 1948; þó skal tekið tillit til efnahags og annarra ástæðna lántakenda. Nefndin ákveður, hver fjárhæð hvers láns skal vera. Einnig ákveður hún lánstíma og skiptingu afborgana. Lánstími má þó ekki vera yfir 10 ár. Ársvextir skulu vera 5%.

5. gr.

Ekkert lán má afgreiða fyrr en ráðherra hefur veitt samþykki sitt til þess. Fiskveiðasjóður Íslands sér um afgreiðslu lánanna og um bókhald og innheimtu þeirra fyrir þóknun, sem ráðherra ákveður.

6. gr.

Ef lántakandi selur skip sitt eða aðrar eignir, sem settar hafa verið að tryggingu fyrir láninu, má innheimta lánið að nokkru eða öllu leyti þegar í stað.

7. gr.

Þeir, sem fá lán samkvæmt lögum þessum, eru skyldir að láta reikningaskrifstofu sjávarútvegsins í té reikninga um rekstur skipa þeirra, sem lánin eru við miðuð, í því formi, sem reikningaskrifstofan ákveður.

8. gr.

Ráðherra og lánveitinganefnd geta sett nánari reglur um lánveitingar þessar, ef þurfa þykir.

9. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Frv. þetta er flutt eftir beiðni fjármálaráðherra. Nefndarmenn hafa óbundnar hendur varðandi breytingar á því. Frv. fylgdu eftirfarandi skýringar:

Vegna hins algera aflabrests á síldveiðunum á s. l. sumri skipaði sjávarútvegsmálaráðherra hinn 6. september s. l. fimm manna nefnd til þess að rannsaka hag útgerðarmanna bátaflotans og gera tillögur til ríkisstjórnarinnar um, á hvern hátt hagkvæmast mundi vera að ráða fram úr fjárhagsvandræðum þeirra.

Samkvæmt síðustu skýrslum nefndarinnar nemur tap 156 skipa, sem stunduðu síldveiðar s. l. sumar, rúmum 14 milljónum króna, þar af lögveðs- og sjóveðskröfur rúmlega 860000.00 krónum. Bankarnir hafa ekki talið sér fært að hjálpa nema litlum hluta af eigendum téðra báta, og ber því brýna nauðsyn til, að ráðstafanir séu gerðar nú þegar til þess að forða gjaldþroti alls þorra útgerðarmanna bátaflotans og þar með hruni eins aðalatvinnuvegar þjóðarinnar.

Í 19. gr. frumvarps til fjárlaga fyrir árið 1949 er gert ráð fyrir 6 milljón króna fjárveitingu til stuðnings bátaútveginum, og geymir frumvarp þetta reglur um það, hvernig ráðstafa skuli þessu fé. Ýmsar leiðir hafa komið til greina um ráðstöfun fjársins, en niðurstaðan hefur orðið sú, að hagkvæmast muni vera að veita útvegsmönnum lán á sama hátt og gert var vegna aflabrestsins á síldveiðunum 1945 og 1947.

Ákvæði frumvarpsins eru að miklu leyti í samræmi við V. kafla laga nr. 128/1947, um aðstoð til síldarútvegsmanna 1947; þó eru felld niður ákvæði 31. gr. laganna um tryggingar fyrir lánum. Eins og ástatt er, þykir ekki fært að gera sömu kröfur nú, og á s. l. ári í þessu efni, og gerir frumvarpið ráð fyrir, að það sé lagt í vald lánveitinganefndar og ráðherra, hverra trygginga verði krafizt hverju sinni.

Nd. 133. Frumvarp til laga [81. mál]

um breyting á lögum nr. 32 9. janúar 1935, um varðskip landsins og skipverja á þeim.

Frá sjávarútvegsnefnd.

1. gr.

Aftan við 1. gr. laganna bætist ný málsgrein, svo hljóðandi:

Yfirstjórn landhelgisgæzlunnar getur þó ákveðið, að einstök varðskip skuli hafa heimilisfang utan Reykjavíkur.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Frv. þetta er flutt skv. ósk ráðherra þess, er fer með landhelgisgæzlumál, og fylgdi því eftirfarandi athugasemd:

Slysavarnafélagið á Ísafirði hefur lagt nokkurt fé til smíði varðskips, sem væntanlega tekur til starfa á næsta ári. Er það ósk félagsins og skilyrði fyrir framlaginu, að skipið hafi heimilisfang á Ísafirði, en samkvæmt 1. gr. laga nr. 32 1935, eins og hún nú hljóðar, skulu öll varðskipin eiga heima í Reykjavík.

Ed. 134. Breytingartillaga [3. mál]

við frv. til l. um breyt. á l. nr. 54 1928, um Menningarsjóð, og l. nr. 70 1936, um breyt. á þeim lögum.

Frá Ásmundi Sigurðssyni og Hannibal Valdimarssyni.

Við 1. gr. Greinina skal orða svo:
Meginmál 1. gr. l. nr. 70 1936 orðist svo:
1. gr. laga nr. 54 1928 hljóðar svo:
Stofna skal sjóð, er nefnist Menningarsjóður. Tilgangur hans er að styðja almenna menningu í landinu, rannsókn íslenzkrar náttúru og þróun þjóðlegrar listar. Til þessarar starfsemi greiðir ríkissjóður 200 þús kr. á ári. Framlag ríkissjóðs greiðist í fyrsta sinn árið 1949.

Nd. 135. Nefndarálit [26. mál]

um frv. til l. um skattfrelsi vinninga o. fl. varðandi happdrættislán ríkissjóðs.

Frá fjárhagsnefnd.

Nefndin leggur til, að frv. verði samþykkt. Þó vill nefndin taka fram, að rétt sé, að skattþegnar færi sönnur á happdrættisvinning sinn með vottorði fjármálaráðuneytisins til að njóta skattfrelsis.

Einstakir nefndarmenn áskilja sér rétt til að flytja breytingartillögur.

Alþingi, 24. nóv. 1948.

Ásg. Ásgeirsson, form., frsm. Hallgr. Benediktsson, fundaskr. Skúli Guðmundsson,
Jóhann Hafstein. Einar Olgeirsson.

Nd. 136. Nefndarálit [11. mál]

um frv. til l. um heimild fyrir ríkisstjórnina til að innheimta skemmtanaskatt með viðauka árið 1949.

Frá fjárhagsnefnd.

Nefndin leggur til, að frv. verði samþykkt.

Alþingi, 24. nóv. 1948.

Ásg. Ásgeirsson, form., frsm. Hallgr. Benediktsson, fundaskr. Skúli Guðmundsson,
Jóhann Hafstein. Einar Olgeirsson.

Nd. 137. Nefndarálit [23. mál]

um frv. til l. um meðferð ölvaðra manna og drykkjusjúkra.

Frá heilbrigðis- og félagsmálanefnd.

Nefndin hefur athugað frv. og er sammála í öllum grundvallaratriðum og mælir með því. Hins vegar áskilja einstakir nefndarmenn sér rétt til að bera fram brtt. við frv. eða vera með brtt., sem fram kunna að koma.

Alþingi, 24. nóv. 1948.

Sigurður E. Hlíðar, form., frsm. Helgi Jónasson, fundaskr. Katrín Thoroddsen.
Gylfi Þ. Gíslason. Hallgr. Benediktsson.

Ed. 138. Frumvarp til laga [82. mál]

um breyting á lögum nr. 61. 31. maí 1947, um vátryggingarfélög fyrir fiskiskip.

Flm.: Jóhann Jósefsson.

1. gr.

Aftan við 2. gr. laganna komi ný málsgr., svo hljóðandi:

Bátaábyrgðarfélag það, sem nú starfar í Vestmannaeyjum, er undanþegið ákvæðum þessara laga. Þó skal því skylt að tryggja skip og báta, sem skrásett eru í Vestmannaeyjum og eru innan þeirra stærðartakmarka, sem ákveðin eru í 2. gr. laganna. Einnig skal það háð 22. gr. laganna um aðstoð.

2. gr.

Bráðabirgðaákvæði laganna og lög nr. 25 1. apríl 1948, um breyting á lögum nr. 61. 31. maí 1947, um vátryggingarfélög fyrir fiskiskip, eru úr gildi numin.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Bátaábyrgðarfélag Vestmannaeyja fékk heimild Alþingis til þess að starfa áfram sjálfstætt, þegar lögin um vátryggingarfélög fyrir vélbáta voru sett. Undanþága bátaábyrgðarfélagsins var tímabundin, en hefur nokkur undanfarin ár verið framlengd til tveggja ára í senn og á síðasta þingi til eins árs. Núverandi undanþága félaginu til handa er í bráðabirgðaákvæði laga nr. 61 31. maí 1947, um vátryggingarfélög fyrir fiskiskip, sbr. lög nr. 25 1. apríl 1948, um breyting á þeim l., og gildir til ársloka 1949. Það er mjög áríðandi fyrir útgerðarmenn vélbáta í Vestmannaeyjum, að félagið njóti áfram þeirrar aðstöðu, er það hingað til hefur haft. Hér er því lagt til, að undanþága þessi haldist, en verði ótímabundin, þar sem það er nauðsynlegt, til þess að félagið hafi öruggan starfsgrundvöll að byggja á. Reynslan hefur sýnt, að félagið á fullan rétt á því að öðlast slíkt starfsöryggi.

Nd. 139. Nefndarálit [2. mál]

um frv. til l. um heimild fyrir ríkisstjórnina til þess að leyfa innflutning á síldarbræðsluskipi.

Frá minni hl. sjávarútvegsnefndar.

Við afgreiðslu þessa máls í nefndinni varð raunar ekki ágreiningur um niðurstöðu málsins, því að þar sem búið er að kaupa Hæring, greiða hann, framkvæma stórbreytingar bæði erlendis og hér heima, kemur að sjálfsögðu ekki til greina að neita um innflutning skipsins. Allir nefndarmenn eru sammála um þetta, og því var raunar ekki ástæða til að skila tveim nefndarálitum. Ástæðan fyrir því, að svo varð, er sú, að framsögumaður meiri hlutans (FJ) vildi ekki fallast á að taka upp í sameiginlegt nefndarálit rökstuðning fyrir fyrirvara mínum, og því varð það úr, að nefndarálitin urðu tvö.

Skip það, sem með lögum þessum á að veita innflutningsleyfi fyrir, er 45 ára að aldri og eftir því sem skipaskoðunarstjórinn upplýsir, hið langelzta, sem nokkurn tíma hefur verið flutt til landsins. Bendir skipaskoðunarstjórinn á, að Súðin, en kaupin á henni hafa löngum verið þrætuepli vegna þess, hve gamalt skipið var, hafi þó ekki verið nema 25 ára, þegar hún var keypt, og lýsir furðu sinni á því, að ekki skuli hafa verið hægt að finna annað heppilegra skip en þetta 45 ára fljótaskip á öðrum hjara heims. Þessi ummæli skipaskoðunarstjórans sýna, að hann telur kaupin á Hæring mjög varhugaverð, og er það vissulega alvörumál, þegar ráðizt er í kaup eins og þessi, að stofna þannig til þeirra, að beztu fagmenn okkar séu ekki hafðir með í ráðum.

Samgöngumálaráðherra virðist og vera í vanda staddur, er hann leyfir innflutninginn, eftir að bráðabirgðalögin voru sett, því að hann bindur innflutningsleyfið þeim skilyrðum, að í skipið verði sett síldarbræðslutæki og það eingöngu notað til síldarvinnslu í höfnum inni. Þessi skilyrði virðast benda til þess, að samgöngumálaráðherra telji skipið ekki með þeim styrkleika, að hægt sé að nota það sem skip að öllu leyti, enda munu þessi skilyrði, ef framfylgt verður, valda því, að skipið verði vart notað utan Reykjavíkur. Fyrir Norðurlandi er varla um aðrar hafnir að ræða en Akureyri og Siglufjörð fyrir svona stórt skip, en skipið kæmi að litlum notum á þeim stöðum.

Ég tel, að kaupin á Hæringi séu mjög hæpin. Í stað þess að kaupa svona afgamalt skip, jafnvel þótt klössun hafi fengizt á það, hefði átt að kaupa sterkt skip, sem hægt hefði verið að nota hvar sem er við landið þar, sem síld veiðist, en sé ekki algerlega bundið við að liggja í höfnum inni. Eftir því sem ég hef komizt næst, var mjög lítið leitað að skipum, áður en fest voru kaup á Hæringi. Það virtist fyrir fram ákveðið, að önnur skip kæmu ekki til mála en þau, sem Jón Gunnarsson hefði á hendinni, af hvaða orsökum sem það stafar. Kaupin á Hæringi virðast ráðin að lítt athuguðu máli, þó að of seint sé nú að leiðrétta mistökin.

Undirbúningur allur undir kaupin á Hæringi, kaup á vélum og niðursetningu þeirra er mjög fálmkenndur. Forustumenn þessa fyrirtækis og máls þessa yfirleitt, þeir Sveinn Benediktsson og Jóhann Hafstein, virðast hafa lagt allt kapp á, að þeir fengju að ráða öllu einir í þessu máli, og hafa forðazt að leita álits hinna færustu manna í síldariðnaðinum. Engin fullkomin rannsókn hefur farið fram á því, hvernig bezt væri að haga rekstri svona verksmiðjuskips og þá hvernig skipi og útbúnaði þess skyldi hagað, til þess að það kæmi að sem beztum notum. Því síður hefur það verið rannsakað, hvort hægt væri að haga skipinu þannig, að hægt væri að nota það til fleira en síldarbræðslu. Slík rannsókn átti vitanlega að fara fram og framkvæmast af beztu fagmönnum, sem þjóðin á á sviði síldarbræðsluiðnaðar og sjávarútvegsiðnaðar yfirleitt. Í stað þess hafa forustumenn Hærings sniðgengið þekkta fagmenn og bolazt í þessu máli einir, að undanteknu því, að umsagnir Jóns Gunnarssonar, sem „hafði skipið á hendinni“, eru teknar sem óvefengjanlegar goðsagnir.

En þrátt fyrir það að allur undirbúningur þessa máls sé ófullkominn og fálmandi, þá verður að vona, að vel takist, því að nú er orðið of seint að lagfæra það, sem betur hefði mátt fara, ef aðgerðir í þessu máli hefðu verið byggðar á vönduðum rannsóknum fagmanna.

Með tilvísun til þess, sem ég sagði í upphafi þessa nál., legg ég til, að frv. verði samþykkt.

Alþingi, 23. nóv. 1948.

Áki Jakobsson.

Nd. 140. Nefndarálit [46. mál]

um frv. til l. um eyðingu svartbaks.

Frá landbúnaðarnefnd.

Nefndin hefur athugað frv. og er sammála um að leggja til, að það verði samþykkt óbreytt.

Alþingi, 25. nóv. 1948.

Steingr. Steinþórsson, form. Jón Pálmason, fundaskr. Jón Sigurðsson, frsm.
Ásgeir Ásgeirsson, Sigurður Guðnason.

Nd. 141. Frumvarp til laga [83. mál]

um viðauka við lög nr. 50 7. maí 1946, um almannatryggingar.

Frá meiri hl. heilbrigðis- og félagsmálanefndar.

1. gr.

Ríkisstjórninni er heimilt að ákveða:

1. *að* III. kafli laga nr. 104 30. desember 1943, um sjúkratryggingar, skuli vera í gildi til ársloka 1949 með þeirri breytingu, að hámark framlaga ríkissjóðs og sveitarsjóða samkv. 47. gr. hækki úr 12 krónum í 18 krónur á ári, grunngjaldið, og að til sama tíma skuli frestað framkvæmd III. kafla laga nr. 50 7. maí 1946, um heilsugæzlu, að öðru leyti en því, að réttur sveitarfélaga, sem koma á fót heilsuverndar- og/eða lækningastöðvum og reka þær samkv. 76. gr., til ríkissjóðsstyrks samkv. 77. gr. helzt óbreyttur, svo og ákvæði 82. og 83. gr. um skipun lækna við slíkar stöðvar;
2. *að* Tryggingastofnun ríkisins skuli vera heimilt á árinu 1949 að greiða sjúkrasamlagsiðgjöld þeirra elli- og örorkulífeyrisþega, sem þess óska og eigi hafa hærri tekjur en svo, að þær ásamt lífeyri frá Tryggingastofnuninni eða eftirlaunum úr opinberum sjóði nemi tvöfaldri lífeyrisupphæð samkv. 15. gr.;
3. *að* Tryggingastofnun ríkisins skuli vera heimilt á árinu 1949 að greiða styrki til læknisvitjanasjóða, er starfa samkv. lögum nr. 59 frá 1942, og til sjúkrasamlaga, sem verða fyrir óvenjulegum útgjöldum vegna sjúkraflutninga og læknisvitjana og starfa í héruðum, þar sem ekki eru læknisvitjanasjóðir. Styrkir þessir mega samtals nema allt að 100 000 krónum, auk vísitöluuppbótar, og skal úthlutunin til læknisvitjanasjóða gerð að fengnum tillögum landlæknis, en úthlutun til sjúkrasamlaga samkv. ákvörðun tryggingaráðs;

4. *að* Tryggingastofnun ríkisins skuli vera heimilt á árinu 1949 að greiða giftum konum, þótt þær eigi vinni utan heimilis, sjúkrabætur vegna aðstoðar eða hjúkrunar í veikindum þeirra, sbr. 92. grein, enda nemi sjúkrabætur til þeirra eigi hærri upphæð en samsvarar lífeyri samkv. 15. gr. og greiðist því aðeins, að skilyrði 2. málsgr. 40. greinar séu fyrir hendi;
5. *að* iðgjöld atvinnurekenda á II. verðlagssvæði samkv. 112. gr. skuli á árinu 1949 vera 25% lægri en greinin ákveður;
6. *að* Tryggingastofnun ríkisins skuli vera heimilt á árinu 1949 að fella niður af iðgjöldum þeirra atvinnurekenda, sem hætt hafa atvinnurekstri á árinu 1948, allt að þeirri upphæð, sem hlutaðeigandi greiddi í slysatryggingaiðgjöld fyrir árið 1946 samkv. II. kafla laga nr. 104 frá 1943;
7. *að* störf ógifts fólks yfir 20 ára aldur, er dvelur og starfar á heimili foreldra sinna, skuli metin til vinnuviku samkv. 112. gr. á sama hátt og nú er gert um störf unglinga á aldrinum 16—20 ára, sbr. reglugerð frá 2½ 1946 um áhættuiðgjöld o. fl.
8. *að* iðgjöld samkv. 107. gr. og 112. gr. skuli á árinu 1949 innheimt með vísitöluálagi, er miðist við 310 vísitölustig, og að grunnupphæð heildarframlags sveitarfélaganna til tryggingasjóðs samkv. 114. gr. skuli það ár vera 3,6 millj. króna;
9. *að* skrár þær, er sveitarstjórnum ber að gera samkv. 118. gr., skuli á árinu 1949 vera fullgerðar einum mánuði fyrr en greinin ákveður og annað eintak þeirra sent hlutaðeigandi innheimtumanni, svo og, að afhendingu nýrra tryggingaskírteina megi á árinu 1949 fresta, eftir því sem tryggingaráð telur nauðsynlegt, og nota skírteini ársins 1947, meðan sú frestun varir;
10. *að* bráðabirgðaákvæði 11 skuli vera í gildi til ársloka 1949;
11. *að* vangreiðslur sjúkrasamlagsiðgjalda á árinu 1949 skuli varða skerðingu eða missi réttinda til sjúkrahjálpar á árinu 1950;
12. *að* lágmarksiðgjald sjúkrasamlaga, annarra en skólasamlaga, skuli á árinu 1949 vera 5 kr. á mánuði;
13. *að* sjúkrasamlagsiðgjöld samkv. 45. gr. laga nr. 104 frá 1943 og iðgjöld samkv. 112. og 113. gr. almannatryggingalaganna vegna lögskráðra sjómanna og bifreiðastjóra skuli hvíla sem lögveð á hlutaðeigandi skipum og bifreiðum, er gangi fyrir öllum öðrum veðum en lögveðum fyrir gjöldum til ríkissjóðs, og að iðgjöld samkvæmt sömu greinum vegna byggingar húsa og annarra mannvirkja skuli hafa sams konar veðrétt í eignum þessum;
14. *að* heildarendurskoðun laganna skuli hraðað svo, að niðurstöður hennar verði afgreiddar til ríkisstjórnarinnar fyrir 1. okt. 1949.

2. gr.

Lög þessi öðlast gildi nú þegar. Lög nr. 126 frá 1947 falla úr gildi 31. desember 1948.

Greinargerð.

Frumv. þetta var sent nefndinni frá félagsmálaráðuneytinu með bréfi, dags. 13. nóv., þar sem óskað er eftir því, að nefndin flytti frumvarpið. Meiri hluti nefndarinnar, eða 4 nefndarmenn, vildu verða við þeim tilmælum, en einn nefndarmanna (KTh) lýsti sig andvígan frumv. og tekur ekki þátt í flutningi þess. Meiri hlutinn leyfir sér að birta með frumv. eftirfarandi greinargerð og athugasemdir við hinar einstöku greinar frv. frá Tryggingastofnun ríkisins:

Frumvarp það, er hér liggur fyrir, er samið af tryggingaráði, að tilhlutun ríkisstjórnarinnar, og fylgdi því eftirfarandi greinargerð:

Frumvarpið er sniðið eftir viðaukalögunum frá 1947 og samhljóða þeim að mestu. Þó eru nú tveir nýir töluliðir teknir upp í 1. grein, heimild til að greiða giftum konum, húsmæðrum, sjúkrabætur, þótt þær vinni ekki utan heimilis, 4. liður, og heimild til að fella niður af iðgjöldum atvinnurekenda, sem hætta atvinnurekstri á ár-

inu 1948, allt að því jafnháa upphæð á árinu 1949 og þeir greiddu í slysatryggingaiðgjöld samkv. alþýðutryggingalögunum fyrir árið 1946. Verði frv. samþykkt, má gera ráð fyrir, að útgjöld Tryggingastofnunarinnar vegna sjúkrabóta verði talsvert hærri en áætlað var í bréfi voru til fjármálaráðuneytisins, dags. 26. ágúst s. l., og að iðgjöld atvinnurekenda verði lítið eitt lægri en þar er áætlað. Er því lagt til, sbr. 8. lið, að vísitöluálagið á iðgjöldin verði miðið við 310 stig, eins og gert er á þessu ári. Áætlun II í nefndu bréfi voru til fjármálaráðuneytisins ætti að geta staðizt án frekari breytinga, ef þessi liður verður samþykktur.

Um einstök ákvæði frv. skal þetta fram tekið:

Um 1. gr.

1. tölul. Liður þessi er samhljóða 1. tölul. 1. gr. viðaukalaganna frá 1947.

2. tölul. Hér er lagt til, að heimild sú, sem Tryggingastofnun ríkisins var veitt í 2. lið 1. gr. viðaukalaganna frá 1947 til þess að greiða sjúkrasamlagsiðgjöld fyrir lífeyrisþega, sem eru undir ákveðnu tekjumarki, verði framlengd til ársloka 1949.

3. tölul. Hér er lagt til, að heimildin í 3. lið 1. greinar viðaukalaganna frá 1947 til að greiða styrki til læknisvitjanasjóða verði framlengd til ársloka 1949 og rýmkuð svo, að jafnframt megi styrkja þau sjúkrasamlög, sem verða fyrir óvenjulegum kostnaði vegna læknisvitjana og sjúkraflutninga og starfa í héruðum, þar sem ekki eru læknisvitjanasjóðir.

4. tölul. Giftar konur, húsmæður, sem ekki vinna utan heimilis, eiga ekki rétt til sjúkrabóta samkv. 39. gr. Hins vegar er gert ráð fyrir því í 92. gr. laganna, að Tryggingastofnuninni skuli vera heimilt, ef sérstaklega stendur á, að láta í té aðstoð eða hjúkrun í heimahúsum, en ákvæði þessarar greinar koma eigi til framkvæmda fyrr en kaflinn um heilsugæzlu gengur í gildi. Þykir því rétt, um leið og framkvæmd heilsugæzlunnar enn er frestað, að heimila Tryggingastofnuninni að greiða sjúkrabætur, þegar veikindi húsmóðurinnar verða þess valdandi, að kaupa þarf aðstoð eða hjúkrun. Réttur giftra kvenna, sem vinna utan heimilis, til sjúkrabóta er bundinn því skilyrði, að þær færi sönnur á, að maður þeirra geti ekki séð þeim farborða. Þykir sjálfsagt að binda sjúkrabótagreiðslur samkv. þessum lið sömu skilyrðum.

5. tölul. Hér er lagt til, að lækkun sú á iðgjöldum atvinnurekenda samkv. 112. gr. á II. verðlagssvæði, sem heimiluð var í 4. lið viðaukalaganna frá 1947, verði látin ná til ársins 1949.

6. tölul. Iðgjöld atvinnurekenda samkv. 112. og 113. gr. voru á árinu 1947 miðuð við fjölda vinnuvikna árið 1946. Iðgjöldin 1948 miðast við vinnuvikur 1947 o. s. frv. Þeir atvinnurekendur, sem hætta atvinnurekstri á árinu 1948, eiga því að greiða með tekjuskatti 1949 iðgjöld af vinnuvikum ársins 1948, þótt þeir þeirra, sem greiddu slysatryggingaiðgjöld samkv. alþýðutryggingalögunum fyrir árið 1946, hafi tvisvar greitt iðgjald vegna vinnuvikna þess árs. Þykir því rétt, þegar svo stendur á, að heimila Tryggingastofnuninni að fella niður af iðgjöldum ársins 1949 allt að jafnhárri upphæð og slysatryggingariðgjaldið fyrir árið 1946 nam.

7. tölul. Er efnislega samhljóða 5. lið viðaukalaganna frá 1947.

8. tölul. Samkvæmt 6. lið viðaukalaganna frá 1947 er heimilt að innheimta framlag sveitarfélaga og iðgjöld skv. 107. og 112. gr. með vísitöluálagi, er miðist við 315 stig. Heimild þessi hefur ekki verið notuð að fullu, og vísitöluálagið á þessu ári aðeins verið miðað við 310 stig, sbr. nefndarálit heilbrigðis- og félagsmálanefndar efri deildar, þskj. 228. Með tilliti til þess, að elli- og örorkulífeyrisgreiðslur verða einnig á næsta ári miðaðar við 315 vísitölustig, og vegna þeirrar aukningar, sem ætla má, að verði á sjúkrabótum samkv. 4. tölulið þessa frv., þykir eigi fært að lækka vísitöluálagið umfram það, sem gert hefur verið á þessu ári. Að öðru leyti er liðurinn óbreyttur.

9.—12. tölul. Liðir þessir svara til töluliða 7.—10. í 1. gr. viðaukalaganna frá 1947 og þarfnast ekki skýringa.

13. tölul. Samkv. 45. gr. 1. l. nr. 104 frá 1943 ber útgerðarmanni að greiða sjúkrasamlagsiðgjöld vegna lögskráðra skipverja á skipum hans. Sá kafli alþýðutryggingalaganna, sem í voru ákvæði um lögveð fyrir þessum gjöldum, er fallinn úr gildi. Er því lagt til, að þau verði tekin inn í 11. lið 1. gr. viðaukalaganna frá 1947 og ákvæði hans látin gilda til ársloka 1949.

14. tölul. Félagsmálaráðherra hefur falið tryggingaráði að vinna að endurskoðun almannatryggingalaganna samkv. 12. lið 1. gr. viðaukalaganna frá 1947, og hefur ráðið þegar byrjað á því starfi. Þykir rétt að setja nú ákvæði um, hvenær endurskoðuninni skuli lokið.

Um 2. gr.

Þarfnast ekki skýringar.

Að öðru leyti vísast til greinargerðar þeirrar, sem fylgdi frv. til viðaukalaganna 1947, sjá þskj. 155 og 228 það ár.

Nd. 142. Nefndarálit [83. mál]

um frv. til l. um viðauka við l. nr. 50 7. maí 1946, um almannatryggingar.

Frá minni hl. heilbrigðis- og félagsmálanefndar.

Félagsmálaráðuneytið hefur óskað þess, að heilbrigðis- og félagsmálanefnd flytti frv. þetta, og hefur meiri hluti nefndarinnar fallizt á að verða við þeim tilmælum og leggur til, að frv. verði samþykkt.

Ég varð ein nefndarmanna í minni hluta, andvíg frumvarpinu í heild, þótt í því finnist ákvæði, sem ég tel mikla réttarbót að, þ. e. 4. lið 1. gr., er kveður svo á, að tryggingastofnuninni skuli vera heimilt að greiða giftum konum sjúkrabætur á árinu 1949, þótt þær vinni ekki utan heimilis. Á hinn bóginn er ég á móti megintilgangi frv., sem er sá að fresta enn um eins árs bil, að III. kafli l. um almannatryggingar komi til framkvæmda, en sá þáttur laganna fjallar um heilsugæzlu og er því mikilsvert, bæði frá sjónarmiði heilsufræði og félagshátta, að hann taki gildi jafnskjótt og lög standa til, 1. jan. 1949. Ég tel því óráðlegt að samþykkja frv. þetta og legg til, að það verði fellt.

Alþingi, 25. nóv. 1948.

Katrín Thoroddsen.

Sþ. 143. Tillaga til þingsályktunar [84. mál]

um vopnaða báta til gæzlu landhelginnar.

Flm.: Jónas Jónsson.

Alþingi ályktar að skora á ríkisstjórnina að hafa jafnan að minnsta kosti fjóra vopnaða báta við gæzlu landhelginnar auk Ægis eða annars gæzlu- eða björgunarskips af svipaðri stærð.

Greinargerð.

Eftir langa baráttu við að stofnsetja íslenzka landhelgisgæzlu er nú svo komið, að fiskur er upp við landsteina í fjörðum og flóum víða um land, af því að tekizt

hefur að vernda mikið af dýrmætustu uppeldisstöðvum ungfisksins fyrir óleyfilegum veiðitækjum. Er sá sigur að mestu leyti að þakka skynsamlegri notkun vopnaðra báta við strandgæzluna. En um stund hefur verið unnið á móti þessari endurbót af mönnum, sem skortir yfirsýn og kunnugleika um þetta vandamál, auk þess sem sumir þeirra hafa andstæðra hagsmuna að gæta. Er þess vegna fullkomlega þörf að skýra fyrir mönnum, sem ekki hafa haft aðstöðu til að fylgjast með þróun landhelgismálanna, nokkur söguleg atriði.

Þegar Ísland var viðurkennt sjálfstætt ríki 1918, átti þjóðin ekki fleytur til strandgæzlu né til björgunar báta og skipa úr sjávarháska. Erlent félag hafði hér björgunarskip um nokkurt árabil og tók mikil gjöld fyrir verk sín. Danir önnuðust landhelgisgæzluna, það sem hún var. Vestmannaeyingar stigu fyrsta sporið með því að kaupa og starfrækja gamla Þór, fyrst til að verja Eyjamiðin og síðar við almenna landhelgisgæzlu. Á Alþingi 1923 bárum við Sveinn Ólafsson í Firði fram tillögu um, að stefnt yrði að því, að íslenzka ríkið léti byggja vandað skip til að annast strandgæzlu og björgun skipa og báta úr sjávarháska. Þessari tillögu var illa tekið. Mæltu sumir af forsvarsmönnum útvegsins móti tillögunni með því að benda á, að ef gæzluskipið væri önnum kafið við björgun á kunnum stað, mundu veiðiþjófar á meðan sópa landhelgina og vita sig örugga. Reynslan skar síðar úr þessu máli í vil þeirri stefnu, sem við Sveinn Ólafsson höfðum markað. Eftir nokkur ár lét Jón Magnússon forsætisráðherra byggja gamla Óðin. Hafði hann sér við hönd íslenzka skipstjóra, sem hann treysti, og danska kunnáttumenn. Ekki var hugsað til, að Óðinn gæti tekið að sér að bjarga skipum, heldur var lögð áherzla á að láta hann líkjast litlu herskipi. Var Óðinn mjög einkennilegur tilsýndar, jafnvel í fjarsýn. Gátu stjórnendur brotlegra skipa þekkt íslenzka varðskipið úr mikilli fjarlægð, líkt og dönsku varðskipin, sem þeir höfðu áður átt í höggi við. Þegar Óðinn kom til Íslands, leyndu sér ekki miklir smíðagallar. Skipið var valt, fór illa í sjó og hafði nálega hvolft í mynni Siglufjarðar að sumarlagi. Var þá tekið það ráð að láta skipið fara aftur til Danmerkur í fylgd með öðru skipi til öryggis. Var Óðinn þá lengdur og gerðar á skipinu fleiri breytingar, svo að eftir þetta lék ekki vafi á, að hann væri vel sjófær. Hitt gegndi furðu, að íslenzkir og danskir kunnáttumenn í skipabyggingum skyldu sýna þvílíka vöntun á hagnýtri þekkingu, eins og hér kom í ljós.

Haustið 1927 tók ég um stund við yfirumsjón landhelgismálanna. Lítil trú var á dönsku gæzluskipunum og höfðu þjóðhollir menn mikla löngun til að koma landhelgisgæzlunni allri í hendur innlendra manna. Var þá talið nauðsynlegt að byggja annað gæzluskip á stærð við Óðin, en betur lagað eftir staðháttum. Þótti mér nú fara vel á að reyna tillögu okkar Sveins Ólafssonar frá 1923. Landhelgissjóður var þá allvel fjáður, svo að hann gat staðið straum af smíði vandaðs skips, þó að það kostaði eina milljón kr. Ég leitaði til Emils Nielsen forstjóra um að hafa yfirumsjón með byggingu Ægis. Vann hann þar ókeypis gott verk. Ég lagði fyrir hann þrjú atriði varðandi gerð skipsins: Það átti að vera jöfnum höndum björgunar- og gæzluskip. Það átti að vera vélskip, og það átti að hafa íbúðir undirmanna skipsins eins góðar og rúmið leyfði. Þetta lánaðist allt mjög vel. Í nálega 20 ár hefur Ægir verið sístarfandi á ótal vegu í þjónustu alþjóðar. Tekjur hans af björgun skipa, sem runnið hafa í landssjóð, nema tveim millj. kr. Fyrir eina björgun Ægis fékk ríkið 300 þúsund. Ægir er fyrsta mótorskip á Íslandi og fyrsta gæzluskip í heimi, sem er með þeim útbúnaði. Síðar eru öll strandferðaskipin og öll hin nýju og vönduðu skip Eimskipafélagsins mótorknúin. Sama stefna er í þessu efni tekin upp um nýbyggingar verzlunarflotans. Íbúðarherbergi háseta og kyndara á Ægi eru til þessa dags fullkomnasta heimili undirmanna á íslenzkum skipum. Nokkru eftir að Ægir var tekinn að sinna gæzlu með Óðni, ákvað Alþingi, móti vilja mínum, að kaupa Þór. Ég sá fram á, að landið mundi ekki rísa undir kostnaði við þrjú stór skip til gæzlu, þó að tekjur væru þá allmiklar, bæði sektir og greiðsla fyrir björgun. Samkvæmt þessu fyrirlagi var Þór keyptur í Þýzkalandi 1930 fyrir 130 þús. kr. Eftir stríðið var hann seldur innan lands fyrir 300 þúsund. Með þessum skipakosti var all-

vel séð fyrir gæzlunni, ef treysta átti á stór skip. Íslenzkir bátar sóttu þá lítt í landhelgina, og bæði eigendur þeirra og sjómenn yfirleitt voru fylgjandi góðri gæzlu. Hins vegar sóttu margir erlendir og nokkrir íslenzkir togarar mjög í landhelgina. Var almennur grunur á, að þessi skip hefðu mjög fullkomið njósnarkerfi í landi og að stöðugt væru á dulmáli sendar aðvaranir til hinna brotlegu skipa um ferðir varðskipanna. Þessi grunur styrktist við það, að mjög heiðarlegur og mikils metinn útgerðarmaður, Ágúst Flygenring í Hafnarfirði, sagði í þingræðu, að það væri vitað mál, að skipstjórar togaranna fengju sífellt fyrirlag úr landi frá eigendum skipanna um, hvar þeir gætu, án hættu frá hálfu varðskipanna, togað í landhelgi. Mér þótti einsætt, að ekki mætti við svo búið standa. Bar ég þá fram frv. um, að ekki mætti nota dulmál í skeytum til veiðiskipa. Hér var um að ræða sjálfsagt hagsmuna- og menningarmál, til tryggingar framtíð útvegsins. Þó urðu um þetta harðar deilur, bæði í blöðum og á Alþingi. Fyrirsvarsmenn togaraútgerðarinnar héldu fram, að hér væri um algerlega rangar ásakanir að ræða og að Flygenring hefði farið með staðlausa stafi. Meiri hluti Alþingis trúði þessum afsökunum togaraeigenda og það því fremur, sem það var vitað, að allmargir útgerðarmenn voru mjög varkárir í þessum efnum og fyrirbuðu skipstjórum sínum að brjóta landhelgislögin. Ég hafði ekki sannfærzt af mótblæstri andstæðinga í málinu og bar fram, þing eftir þing, frv. um varnir gegn misnotkun dulmálsins. En málið náði ekki fram að ganga, og var ekkert eftirlit með dulmáli komið á, þegar ég fór úr stjórninni 1932.

Harðar deilur risu á þessum árum út af fiskveiðum Þórs. Ég sá fram á fjárhagserfiðleika við útgerð þriggja gæzluskipa. Ægir vann allvel fyrir sér með björgunarframkvæmdum. Þór var togari. Lagði ég þá fyrir skipstjórann að fiska samhliða gæzlunni, eftir því sem við mætti koma. Var fiskurinn seldur til neyzlu bæði í Reykjavík og víðar um land. Ekki þótti pólitískum andstæðingum þetta heppilegt. Var gerður allmikill harki úr þessu máli og borin fram kæra um óráðvendni á útgerðarstjórnina og þingnefnd sett til að rannsaka málið. Kæran var rökstudd með því, að bækur skipsins sýndu, hversu oft vörpunni hefði verið kastað í sjóinn. Síðan var ályktað frá stærð vörpunnar, hve margir fiskar hefðu veiðzt í hverjum drætti og hve þungir fiskarnir hefðu verið. Þar sem skýrslur sýndu, að hið selda fiskmagn náði ekki þessu hámarki, töldu kærendur fullvíst, að um óráðvendni hefði verið að ræða. Varð mjög kunnur þingskörungur til að hefja sókn í þessu máli, en alþjóð manna henti gaman að kærunni, enda féll hún niður af sjálfu sér. Hins vegar sönnuðu þessar aðfarir, hve hóflaus andstaða var í landinu gegn skynsamlega framkvæmdri landhelgisgæzlu.

Magnús Guðmundsson tók við forstöðu landhelgismálanna, þegar ég fór úr stjórninni vorið 1932. Brátt varð honum ljóst það, sem ég hafði séð fyrir, að ríkið gat ekki í erfiðu árferði haldið úti þrem gæzluskipum. Neyddist hann til að láta eitt eða tvö af skipunum liggja aðgerðarlaus inni í höfnum til að spara ríkinu útgjöld. Stóð svo bæði þau ár, sem hann átti sæti í stjórninni. Sumarið 1934 varð Hermann Jónasson dómsmálaráðherra og hafði yfirstjórn landhelgismálanna um langa stund. Hann fetaði í fótspor fyrirrennarans og lét varðskipin hvíla sig til skiptis til að spara landinu útgjöld. Var hér algert samkomulag milli beggja stærstu flokkanna.

Þar kom að lokum, að öllum almenningi var ljóst, að tilgangslítið var að hafa mörg og stór skip til gæzlu, ef ekki var fé til að halda þeim úti. Varð þetta til þess, að landsstjórnin skipaði þrjá ólaunaða kunnáttumenn í nefnd til að gera hagkvæmar tillögur um skipulag landhelgismálanna. Í þessari nefnd áttu sæti: Pálmi Loftsson forstjóri, Kristján Bergsson formaður Fiskifélags Íslands, og Þorsteinn Þorsteinsson í Þórshamri, formaður Slysavarnafélagsins. Gerðu þeir að sameiginlegri tillögu þá uppástungu, að landhelgisgæzlunni yrði gerbreytt, þannig að ríkið hefði til gæzlu og björgunarframkvæmda eitt stórskip og að minnsta kosti fjóra báta, sem svaraði einum bát í hverjum fjórðungi. Alþingi samþykkti þessa nýju skipan landhelgismálanna og heimilaði að selja gufuskipið Óðin úr landi. Var skipið selt til Svíþjóðar. Sjálfsagt þótti að selja Óðin fremur en Ægi. Óðinn var mjög kolafrekur, dýrari í

rekstri og miður hæfur til björgunar. Samþykkt var eftir tillögum þriggja manna nefndarinnar að byggja hentugan vélbát til gæzlunnar og láta hann bera nafn hins selda varðskips. Nýi Óðinn var smíðaður hér á landi, 80 smálestir að stærð og ódýr í rekstri. Til að spara var Þór leigður til veiða eða flutninga félögum, einstökum mönnum og jafnvel Reykjavíkurbæ. Ægir, nýi Óðinn og leigubátar önnuðust gæzluna, algerlega eftir tillögum þriggja manna nefndarinnar. Skipulag það, sem þeir mæltu með, var mótmælalaust samþykkt af þingi og þjóð.

Björgunarmálin tóku nú að koma meira við sögu. Konur, einkum við Faxaflóa, hófu umfangsmikla fjársöfnun til að kaupa björgunarbát til öryggis fiskimönnum við Faxaflóa. Sýndu konur og félög þeirra mikinn dugnað og skörungsskap í þessu máli. Gekk þeim til stórhugur og drengskapur. Safnaðist á þennan hátt mikið fé. Voru nú kvaddir til ráðuneytis um gerð björgunarbátsins ýmsir kunnáttumenn úr liði skipstjóra. Varð að lokum samkomulag um að taka að miklu leyti til fyrirmyndar björgunarskútur Norðmanna við Lófót. Þegar skipið var tilbúið, var þingmönnum og ýmsum leiðtogum útvegsins boðið til hressingar á Hótel Borg. Voru þar haldnar margar ræður. Einn af helztu stuðningsmönnum björgunarmálanna lét þá falla þau orð, að hann óskaði, að þetta fyrirtæki þyrfti aldrei að leita styrks frá ríkinu, heldur gæti starfað með frjálsum stuðningi áhugamanna. Þegar farið var að reyna bátinn, kom í ljós, að kunnáttumennina, sem réðu gerð hans, hafði skort hagnýta þekkingu líkt og reynzt hafði um þá, sem gáfu ráð um gerð gufuskipsins Óðins. Sæbjörg — því svo hét björgunarbáturinn — var seglskip með veikri hjálparvél. Fimm smálesta blýstykki undir bátnum sem kjölfesta. Í óveðrum, þegar mest lá á, að Sæbjörg gæti hraðað för til bilaðra báta, var hún lítt fær til ferða. Ófært að sigla, en vélin þróttlítil í mótvindi, enda kom blýkjölurinn þá illa við sögu. Varð mönnum brátt ljóst, að Sæbjörg var illa löguð til siglinga við Ísland. Varð að gera á bátnum allmiklar breytingar, taka burtu stórsigluna og blýkjölinn. Kostnaður við útgerð bátsins var miklu meiri en unnt var að standa undir með frjálsum samskotum. Kvenfólkið við Faxaflóa hélt þó bátnum á floti með mikilli fórnfýsi, meðan unnt var að safna fé í reksturinn. En að lokum kom þar, að ríkissjóður varð að taka Sæbjörgu upp á sína arma. Var báturinn þá tekinn til gæzlu, en sú kvöð fylgdi frá eigendunum, að hann skyldi starfa að björgun á Faxaflóa, þegar þess væri mest þörf. Gæzluskip landsins voru nú orðin þrjú, Ægir, Óðinn og Sæbjörg. Fleiri gæzlubátar mundu hafa verið smíðaðir á árunum fyrir stríðið, ef ekki hefði verið fjárþurrð í landinu, bæði hjá einstaklingum og ríkinu.

En meðan þessu fór fram, hafði gerzt merkur atburður í landhelgismálum Íslendinga. Það höfðu komið fram ótvíræðar sannanir fyrir því, að Ágúst Flygenring hafði haft algerlega á réttu að standa um landhelgisveiðar sumra íslenzku togaranna. Í landinu var fjölmennt njósnaralið. Íslendingar og erlendir menn störfuðu í þágu allmargra útgerðarmanna, hérlendra og erlendra. Var að þessu langur aðdragandi.

Þegar ég tók við yfirumsjón landhelgismálanna 1927, hafði skrifstofustjórinn í dómsmálaráðuneytinu raunverulega útgerðarstjórnina í höndum sér. Hann var góður lögfræðingur, vel æfður og dyggur embættismaður, en alls ókunnur sjómennsku. Fann ég glögglega vanmátt okkar beggja á þeim vettvangi og dró af því eðlilegar ályktanir. Þegar kom til mála að byggja Ægi, fól ég, eins og fyrr er frá sagt, æfðasta manninum, sem þá var var til á Íslandi um allt er snerti skipabyggingar, að hafa eftirlit og yfirumsjón með verkinu. Ber Ægir þess merki, að sú forstaða var góð. Skömmu eftir að smíði Ægis var lokið, flutti Emil Nielsen til Danmerkur. Ég leitaði þá að álitlegum íslenzkum kunnáttumanni í siglingum, sem gæti staðið fyrir landhelgismálunum. Tryggvi Þórhallsson var á sama hátt í vanda með forstöðu strandferðamálanna, og varð það að samkomulagi milli okkar að hafa sameiginlega forstöðu fyrir strandsiglingum og strandgæzlu, ef unnt væri að fá vel hæfan mann til starfsins. Þetta tókst vonum framar. Stjórnin fékk til forustu í þessum málum Pálma Loftsson, þaulæfðan skipstjórnarmann, hugkvæman og hagsýnan í bezta lagi.

Pálmi var hálffertugur, þegar hér var komið sögu, en hafði stundað sjómennsku og siglingar frá því hann var 12 ára, bæði á íslenzkum og erlendum skipum. Það varð nú hlutskipti þessa manns að skapa öflugt og heilbrigt skipulag um strandferðir og landhelgisgæzlu Íslendinga, eins og annar sjómaður, Emil Nielsen, hafði þá skapað flota Eimskipafélagsins með merkilegum nýbyggingum.

Pálmi Loftsson hefur nú um nálega 20 ára skeið stýrt þessum vandasömu málefnum fyrir þjóðina. Strandsiglingarnar eru nú með fullkomnara skipulagi en allan almenning hafði grunað, að hægt væri að koma í framkvæmd í tíð núlifandi manna. Fiskaflinn uppi í landsteinum, hvar sem er í fjörðum landsins, og traustsyfirlýsing brezka utanríkisráðherrans í parlamentinu til handa íslenzkri landhelgisgæzlu sýnir, hversu vel hefur verið unnið að þeim málum undir forustu Pálma Loftssonar.

Svo sem fyrr er að vikið, hafði ég lagt vinnu árum saman í að sannfæra þingið um, að Flygenring hefði haft á réttu að standa, er hann fullyrti, að sumir eigendur veiðiskipa stjórnuðu þeim inn í landhelgina. En meiri hluti Alþingis var mótfallinn varnaraðgerðum í þessu efni. Meðan Magnús Guðmundsson var dómsmálaráðherra, 1932—34, flutti hann daglega framkvæmd landhelgismálanna aftur í hendur lögfræðinga í stjórnarráðinu, þó að þeir þekktu lítið annað til sjómennsku en að vera farþegar milli Íslands og Danmerkur. Bar þá fátt til tíðinda. En þegar Pálmi Loftsson tók aftur við framkvæmdarstjórn landhelgismálanna 1934, var hafizt handa með ýmsar nýjungar. Ein af þeim var sú stefnubreyting að nota aðallega vopnaða báta með Ægi til strandgæzlu. Í öðru lagi var ákveðið að sannprófa, hvort dulmál væri notað til að beina skipum í landhelgina. Á nokkrum missirum tókst að fá þrefaldar sannanir fyrir umsögn Flygenrings. Einn dulmálslykill að íslenzku njósnakerfi fannst í ensku veiðiskipi, sem bjargað var hér við land. Annar lykill gleymdist á vegum íslenzks manns og féll í hendur lögreglunni. Þriðja og veigamesta sönnunin kom fram við húsrannsókn hjá mönnum, sem sýnilega voru búnir að leiðbeina skipum í landhelgi í samræmi við ferðir varðskipanna. Sannaðist, að hér var um að ræða mjög umfangsmikið njósnarkerfi, sem hafði marga launaða menn í sinni þjónustu. Játuðu hinir seku nú afbrot sín. Gekk dómur í máli þeirra, og voru allmargir dæmdir fyrir ótryggð við land sitt. Var nú bannað að senda dulmálsskeyti, og styrkti það gæzluna um stund, þar til ný tækni skapaði ný úrræði fyrir eigendur skipa, sem vildu fiska í landhelgi.

Þegar málum var hér komið, var byrjað að koma fyrir talstöðvum í stórum vélbátum. Var þetta hin mesta umbót í öryggismálum fiskibátanna, en stórhættulegt fyrir landhelgisgæzluna. Nú gat hver bátur talað við stöðvar í landi og við aðra sjómenn, hvenær sem með þótti þurfa. Þá fengu flest veiðiskip miðunarstöðvar og gátu með þeim og taltækjunum haldið uppi nákvæmri fréttaþjónustu að því er snerti allar ferðir stærri skipa. Var allt eftirlit með dulskeytum úr landi til togara og annarra fiskiskipa gersamlega tilgangslaust eftir að talstöðvar urðu algengar. Bátum og skipum við ólöglegar veiðar stóð nú mest hætta af vopnuðum varðbátum, einkum ef þeir voru mjög hraðskreiðir. Kom þetta glögglega fram í því, að eftir að talstöðvar urðu algengar í veiðiflotanum, tók Ægir, í tiltölu við stærð og útgerðarkostnað, mörgum sinnum færri landhelgisbrjóta en varðbátarnir. Meðan útgerð Ægis kostaði 8,6 milljónir króna, var útgerð vopnuðu bátanna 7,4 milljónir. Á þessum sama tíma tóku varðbátarnir 57 brotleg skip og báta, en Ægir ekki nema 15. Var þó sízt af öllu um að kenna aðburðaleysi Ægismanna við gæzlustörfin, því að skipið var gott og vaskir skipsmenn til allra starfa. En aðstaða var nú svo breytt, að varðbátar gátu þrásinnis nálgazt hin brotlegu skip og erfitt að tilkynna ferðir þeirra, þar sem þeir voru á ferli innan um sína jafningja. Það lágu þess vegna tvenn rök til þess, að gæzla landhelginnar varð nú að vera framkvæmd með bátum fremur en stórskipum. Munur á útgerðarkostnaði var og geysimikill og miklu auðveldara að njósna um skip en báta, bæði með miðunarstöðvum og taltækjum.

Þegar Vestmannaeyingar keyptu Þór, fengu þeir að sjálfsögðu lærða skipstjórn-

armenn til forustu, en í hásetastöður voru ráðnir vaskir fiskimenn, án nokkurra sérsamninga. Jón Magnússon hélt sömu stefnu, þegar Óðinn var byggður, og hinu sama var farið fram í þessum efnum hjá öðrum landsstjórnarmönnum, sem síðar komu að gæzlumálinu. Var engin festa í ráðningu undirmanna á varðskip og varðbáta. Gátu þeir farið ferða sinna, hvenær sem þeim þótti sér henta, eins og fiskimenn á bátum og togurum. Þegar Pálmi Loftsson tók aftur við útgerðarstjórn varðskipanna 1934, byrjaði hann að viða að sér efni um fyrirkomulag íslenzkrar sjólögreglu. Gerði hann megindrög að lagabálki um þetta efni, og fól Hermann Jónasson tveim framsóknarþingmönnum að bera frv. um þetta efni fram á Alþingi 1937. Var þar gert ráð fyrir, að fastir starfsmenn á varðskipum og varðbátum ríkisins hefðu völd og skyldur lögreglumanna, og skyldi mega beita þessu lögregluliði í þarfir almennings bæði á sjó og landi. Frumvarp þetta var byggt á miklum kunnugleika á þörf þjóðarinnar fyrir skipulagða og vel æfða lögreglu. En málinu var verr tekið en skyldi. Alþýðuflokkurinn lagði við samstarfsslit um stjórn landsins, ef slíkt mál ætti fram að ganga á vegum þáverandi ríkisstjórnar. Sjálfstæðisflokkurinn var á þessum tíma í harðri andstöðu við ríkisstjórnina. Hann var ekki beðinn um hjálp og lét ekki málið til sín taka. Hefur því ekki verið hreyft síðan. Aðstaða Alþýðuflokksins 1937 var í samræmi við stefnu verkamannaflokkanna í Englandi og Norðurlöndum á þeim tíma. Þeir óttuðust allt, sem minnti á sterkt vald, og alveg sérstaklega öflugan her eða lögreglu. Þegar Hitler og Stalin byrjuðu að rita nýjan þátt í veraldarsögunni, breyttist stefna löghlýðinna verkamanna í þessum löndum. Eftir að stríðinu lauk, hafa allir borgaraflokkarnir í Englandi sameinazt um að búa þjóðina undir að geta mætt árásum frá hendi ófriðarþjóða. En af Dönum og Norðmönnum er það að segja, að síðan stríðinu lauk, hafa þessar þjóðir, undir forustu alþýðuflokksleiðtoga, komið upp þjóðverði, samsvarandi því, að Íslendingar hefðu æft með þessum hætti 3000 sjálfboðaliða til aðstoðar hinni föstu lögreglu í landinu. Sjólögregla á varðskipunum ætti að vera fyrsta skrefið á þeirri braut að tryggja Íslendingum hæfilega vernd gegn erlendum og innlendum lögbrjótum. Ætti þjóðin nú að skilja þessa nauðsyn. Sjálfstæðismenn hafa endur fyrir löngu hreyft þessu máli á Alþingi, en málið náði þá ekki fram að ganga, af því að grunur lék á, að beita ætti varalögreglunni til að bæla verkalýðsstéttina niður út af eðlilegum kaupgjaldságreiningi. Nú mun ekki þurfa að óttast hervirki í þá átt. Framsóknarmenn hafa fyrir rúmum 10 árum stutt ríkisstjórn, sem vildi koma á sjólögreglu. Alþýðuflokkurinn hefur ástæðu til að endurskoða fyrri afstöðu í samræmi við fengna reynslu verkamannaflokka um áhættu varnarleysis. Stjórnarflokkar líta að jafnaði svo á, að lögin eigi að vera í gildi, og jafnaðarmenn í öllum lýðræðislöndum hafa algerlega kastað fyrir borð úreltum hugmyndum um, að verkalýðurinn hafi hagnað af stjórnleysi og uppþotum. Það má þess vegna vænta, að hin réttláta og hagfellda tillaga Pálma Loftssonar frá 1937 verði innan skamms gerð að veruleika.

Þó að ekki reyndist unnt að koma föstu skipulagi á liðsafla varðskipanna á síðustu missirum fyrir stríðið, var landhelgismálunum þokað áleiðis ár frá ári. Var í öllu haldið fast við „plan“ þremenninganna um varðbáta sem meginþátt í gæzlunni. Ægir var venjulega við gæzlu meðfram suðurströndinni á vertíðinni, en mest við Vestmannaeyjar til netagæzlu og við björgunarstarf. Ríkið hafði nú Óðin og Sæbjörgu og leigði til viðbótar 2—3 stóra vélbáta. Allir voru bátar þessir vopnaðir og undir stjórn æfðra yfirmanna af varðskipunum. Ekki voru allir yfirmenn gæzlubátanna ánægðir með sitt hlutskipti, er þeir tóku að stýra gæzlubátunum. Höfðu margir þeirra áður haft mannaforráð á Ægi, gufuskipinu Óðni og Þór og notið þar ýmiss konar þæginda, sem ekki var hægt að koma við á vélbátunum. Var auk þess af óviðkomandi mönnum lögð stund á að hvetja þessa menn til að gera meiri kröfur um þægindi í bátunum en unnt var að bæta úr. Varð þetta viðhorf síðar til þess, með fleiri ástæðum, að stigin hafa verið óþörf víxlspor í gæzlumálunum.

Eftir að Bretar höfðu hernumið landið vorið 1940, hófst vandasamt tímabil í sögu landhelgismálanna. Erlendir togarar hurfu að vísu að mestu af miðunum, og

íslenzk veiðiskip voru að kalla mátti ein um hituna. Var víðáttan mikil á miðunum, og hinir tiltölulega fáu togarar höfðu fremur litla hvöt til að fiska uppi í landsteinum. Öðru máli var að gegna um ýmsa íslenzka vélbáta. Þeir höfðu tekið upp þann háskalega sið að gera sig að dvergtogurum. Þeir voru að sjálfsögðu alls ófærir til að toga á djúpmiðum. Allmörg mið, sem hæfa togbátum, eru hér við land utan landhelgi, en undir mjög mörgum kringumstæðum er mikil freisting fyrir eigendur þeirra að veiða í landhelgi og þá mjög nærri landi, til að bæta litla orku með grunnsævi og landvari. Eru slíkir bátar alloft í hópum uppi við fjörusteina og halda vörð gegn gæzluskipum landsins. Hafa tveir slíkir hópar verið staðnir að ólöglegum veiðum og teknir með aðstoð flugvéla. Voru 9 brotlegir togbátar samtímis teknir á Húnaflóa, en sex fyrir sunnan land. Með tilkomu togbáta og báta, sem stunda dragnótaveiði, gerbreyttist aðstaðan til landhelgismálanna. Þegar ég leitaðist við á árunum 1929—32 að koma á eftirliti með dulskeytum til togara, mátti heita, að öll stétt bátasjómanna stæði með í því verki. Eigendur togara, eða að minnsta kosti allmargir þeirra, vörðu réttinn til að nota dulmál í skiptum við veiðiskip, en nálega allir bátasjómenn lögðu þungan hug á útgerðarmenn, sem vildu hafa rétt til að veiða í landhelgi. En eftir að fjölmargir vélbátar höfðu eignazt áhöld til að toga og beita dragnót, óx fylking þeirra, sem vildu hafa athafnalitla landhelgisgæzlu.

Á stríðsárunum má segja, að hinar venjulegu skyldur gæzluskipa og báta hér við land hafi verið auðveldari en á friðartímum, en í þess stað komu önnur ný og vandasöm störf. Gæzluskipið og bátarnir urðu að sinna margháttuðum björgunarstörfum og vera sífellt á ferð, oft við erfiða aðstöðu. Tundurdufl voru fljótandi allt í kringum landið og næsta hættuleg. Pálmi Loftsson sá, að Skipaútgerðin varð að geta bægt þeirri hættu frá þjóðinni. Fékk hann kunnáttumenn úr enska flotanum til að kenna nokkrum vöskum og verklagnum sjómönnum að gera allar venjulegar tegundir tundurdufla óvirkar. Hættan af duflum óx eftir því sem stríðið stóð lengur, og á miðjum stríðstímanum lét Skipaútgerðin halda að Kirkjubæjarklaustri sérstakt námskeið fyrir tundurduflaeyðendur. Skipaútgerðin var ein um að bægja þessari hættu frá þjóðinni, enda tókst starfsmönnum hennar að eyðileggja um 2000 tundurdufl hér við land, og var það mikilvæg mannfélagsþjónusta.

Yfirmenn af brezkum herskipum voru byrjaðir að undirbúa hertöku hins litla íslenzka gæzlubátaflota, en Pálma Loftssyni tókst að afstýra því. Bjó hann þar að gamalli kynningu. Hann hafði, frá því að hann tók við starfi við landhelgisgæzlu, lagt mikla stund á að beita Ægi sem björgunarskipi. Hér við land eru oft mörg hundruð brezk veiðiskip, en ekkert erlent skip til að annast björgun. Tókst brátt einkennileg og lofsamleg kynning milli Skipaútgerðar ríkisins og félags brezkra skipaeigenda og tryggingarfélaga þeirra. Bretar fundu fullvel, að Ægir var harður í horn að taka, þegar skip þeirra veiddu í landhelgi. Þeir fundu auk þess, að hæstiréttur landsins var réttlátur og grundaði dóma sína. Þetta þoldu Bretar vel, þó að smáþjóð ætti í hlut, ef hvarvetna var gætt hófsemi og drengskapar í vandasömum skiptum milli þjóðanna. En Bretar kunnu líka að meta, að hvenær sem björg mátti að verða, sendi Skipaútgerð ríkisins Ægi til að bjarga enskum skipum og skipshöfnum úr margháttuðum voða. Með þessum hætti tókst að koma strandgæzlu á hæsta stig sem unnt er að ná fyrir nálega vopnlausa smáþjóð. Erlend og innlend veiðiskip urðu fyrir því aðhaldi, sem þjóðfélagið hafði ástæður til að kosta. En jafnframt komu Ægir og varðbátarnir til aðstoðar, hvar sem hjálp mátti við koma. Eftir stríðið bar þessi samvinna þann ávöxt, sem lengi mun verða minnzt í sögu strandgæzlunnar. Pálma Loftssyni tókst að ná samkomulagi við brezka togaraeigendur um, að þeir veiddu ekki á stóru tilteknu svæði utan landhelgi, þar sem Vestmannaeyingar lögðu mest net sín og línur á vertíð. Skipaútgerðin lét hinum erlendu útgerðarfélögum í té kort með hinu umrædda veiðisvæði glögglega afmörkuðu, en þau létu þessi skilríki í hendur skipstjórum, sem veiða á Íslandsmiðum. Hefur þessi samvinna um aukna friðun við Vestmannaeyjar og víðar hér við land borið

góðan árangur, en slíkt samstarf myndast hvergi nema þar, sem víðsýnir og þroskaðir menn eiga skipti saman. Síðan Skipaútgerð ríkisins tók við framkvæmdum landhelgisgæzlunnar, hefur vegur Íslands vaxið meira í þeim efnum en á mjög mörgum öðrum sviðum alþjóðlegra viðskipta.

Strandgæzla, sem beitti aðallega vélbátum, hafði marga kosti, eins og fyrr er fram tekið, en því varð ekki neitað, að bátarnir gátu ekki elt og náð hraðskreiðum skipum, sem lögðu á flótta. Pálma Loftssyni lék hugur á að fá nýja tegund báta, sem sameinuðu alla þá kosti, sem mestu skipta við gæzluna. Það voru hraðbátar, tiltölulega ódýrir í rekstri, en svo skjótir í förum, að þeir gátu komizt fram úr hraðskreiðustu veiðiskipum og tekið þau, ef um brot var að ræða. Gera mátti ráð fyrir, eins og líka kom á daginn, að auðvelt væri að fá slíka báta keypta í Englandi eftir stríðið. Var þá líka fullkunnugt, að nálega allar nábúaþjóðir Íslendinga voru byrjaðar að nota hraðbáta til gæzlu og með góðum árangri. Ríkisstjórnin taldi skynsamlegt að gera tilraun með hraðbáta til gæzlu hér við land og gaf Pálma Loftssyni fyrirmæli um að kaupa þrjá slíka báta í Englandi. Enska flotamálastjórnin veitti í þessu efni velviljaða aðstoð og seldi Íslendingum bátana þrjá fyrir ca. eina milljón króna. Sigldu Bretar bátunum til Reykjavíkur. Voru þetta hin prýðilegustu skip, 150 smálestir að stærð, gátu gengið mjög hægt, en líka helmingi hraðar en venjulegir vélbátar, sem notaðir eru hér við fiskveiðar. Efnið var hið vandaðasta, sem haft er í hraðskreið léttiskip og björgunarbáta. Að sjálfsögðu þurfti að gera smábreytingar á bátunum í samræmi við hið nýja starfssvið, en það voru algerir smámunir. Nú voru settir menn af varðskipunum og varðbátunum á hraðbátana, og voru dómar þeirra misjafnir. Sögðu sumir, að ekki væri lifandi í bátunum, þegar þeir tækju sprettinn, en aðrir og það þeir, sem vildu bezt strandgæzlunni, sögðu, að þvílík skip hefðu hér aldrei sézt, ef tilgangurinn væri að verja landhelgina. Voru farnar stuttar reynsluferðir á hraðbátunum. Í einni slíkri ferð tók hraðbáturinn íslenzkan togara að veiðum uppi við fjörusteina við Öndverðarnes. Er það vitað, að hvorki venjulegt varðskip né vélbátur hefði náð togara þar um hábjartan dag, eins og landslagi er háttað og allri aðstöðu. Þá var það og mál manna, að ef einn af hraðbátunum væri á ferli í Faxaflóa, kæmi engum skipstjóra á togbát til hugar að toga í landhelgi milli Garðskaga og Snæfellsness. En nú vildi svo til, að mikill fjöldi íslenzku vélbátanna hafði tekið að veiða með eins konar botnvörpu, og þeir áttu oft ekki annars úrkosta, eftir því sem kunnugir menn töldu, en að treysta meira en góðu hófi gegndi á landgrunnið. Er skemmst af því að segja, að skyndilega magnast mikill mótþrói gegn hraðbátunum. Þeir áttu að vera heilsuspillandi fyrir skipshafnirnar, valtir í sjó og gerðin allt of veik. Menn, sem unnu við skipaskoðun landsins, sögðu, að bátarnir fullnægðu ekki öllum kröfum íslenzkra laga og reglugerða um öryggi á sjó. Farmannasambandið beitti sér fyrir eindregnum mótmælum gegn notkun hraðbáta til gæzlu. Neitun skipaeftirlitsins að gefa bátunum haffærisskírteini skar úr þessu deilumáli. Skipaútgerðin gat ekki látið varðbát starfa, sem ekki hafði réttindi íslenzkra skipa, þó að flotamálastjórn mesta sjóveldis teldi bátana úrvalsskip um alla gerð. Ríkisstjórnin svignaði undan mótblæstrinum og bað Pálma Loftsson að freista að fá Breta til að taka við bátunum gegn fullri endurgreiðslu. Þetta tókst, og íslenzkar skipshafnir sigldu bátunum til Englands á 36 klukkutímum.

Mótstaðan gegn hraðbátunum var fyrst og fremst frá eigendum veiðiskipa, einkum bátaeigendum, sem óttuðust öfluga landhelgisgæzlu, og í öðru lagi frá mönnum úr stétt skipstjóra og stýrimanna. Töldu þeir óhentugt fyrir stétt þeirra, að hér væru bátar við gæzlu í stað stórskipa með rúmgóðum yfirmannaíbúðum með öllum nútímaþægindum. Í félagi farmannanna voru aðalforkólfarnir annars vegar menn, sem vildu hafa rúmgóð híbýli á skipum, og yfirmenn togbátanna. Báðir þessir aðilar töldu sig hafa ástæðu til að vinna eindregið gegn notkun hraðbátanna. Móti áróðri þessara aðila átti að sjálfsögðu að koma dómur almennings og glöggskyggni þjóðfulltrúanna. En þeirra áhrifa gætti lítið, þegar mest lá á. Andstaða kunnáttumannanna úr sjómannastétt var skiljanleg, en ekki afsakanleg nema

frá þröngu, persónulegu sjónarmiði. Í þvílíkum efnum átti eingöngu að spyrja um hag og sæmd landsins. Íslenzk skipaskoðun átti að vita, að henni var með öllu ófært, ef hún vildi halda virðingu sinni, að telja sig þess umkomna að fordæma vönduðustu smáskip brezka flotans. Þessum mönnum átti að vera ljóst, að bak við skipasmíðar Breta lá mesta reynsla, sem nokkur þjóð álfunnar hefur í þeim efnum, en við Íslendingar erum á þeim vettvangi bæði yngsti og minnsti bróðirinn. Mótmæli skipaeigenda og þeirra þjónustumanna í farmannasambandinu átti að virða til eindreginna meðmæla með hraðbátunum. Þjóðfélagið getur ekki talið neina þá menn dómbæra um landhelgismál, sem hafa hagsmuni af ólöglegum veiðum.

Ríkisstjórnin vildi ekki láta við svo búið standa, heldur freista að fá heppilegri skip en hraðbátana frá Bretum. Sendi stjórnin nefnd sjófróðra manna til Englands í leit eftir álitlegu varðskipi. Bretar greiddu för þessarar nefndar, svo sem þeirra var von og vísa, og fengu sendimenn að sjá mikinn fjölda smáskipa, sem komið gat til mála að selja. En þá kom í ljós, að ekki var um neina fleytu að ræða, sem virtist uppfylla kröfur nefndarinnar. Komu sendimenn heim við svo búið. Nú þótti þeim, sem vildu fá gæzluskip með góðum yfirmannaíbúðum, og þeim, sem vildu, að gæzluskip væru mjög auðkennd og sýnileg langar leiðir, málið komið á heppilegan grundvöll. Affluttu þeir mjög vopnuðu varðbátana, en heimtuðu stórskip, smíðuð eftir þeirra kröfum.

En hugur fólksins, sem stundar veiði með landróðrabátum, stefndi í aðra átt. Konur við Faxaflóa, sem höfðu safnað stofnfénu í Sæbjörgu, héldu enn áfram fjársöfnun til þessa björgunarskips, sem var fyrir löngu orðið virkur liður í gæzlunni, samhliða björgunarstarfinu. Báturinn hafði frá upphafi verið óhentugur til siglinga hér við land, en var nú orðinn mjög slitinn, en vélvana frá upphafi. Settu eigendur Sæbjargar bátinn nú í höfuðaðgerð til bátasmiðs í Reykjavík. Þurfti margt endurnýjunar við, svo að viðgerðin mun kosta um 1400 þús. kr. Hefði fyrir þá upphæð mátt kaupa fjóra ágæta hraðbáta. Til að létta bátinn var afráðið að kaupa tilbúna frá Englandi yfirbyggingu úr aluminium. En þegar til kom, gekk sjór inn í yfirbygginguna, þar sem samskeyti í málminum voru óþétt. Urðu úr þessu deilur milli yfirmanna á Sæbjörgu og eigenda bátsins, og töldu þeir, sem áttu að nota bátinn, að hann væri lítt hæfur til sjóferða. Mun nú helzt í ráði að smíða á Sæbjörgu nýja yfirbyggingu. Konur við Faxaflóa munu enn ætla að leggja fram í endurbygginguna 600 þús. kr., og er frammistaða þeirra hin stórmannlegasta. Hefðu þær átt skilið að hafa sér við hlið ráðunauta með meiri þekkingu á sjómennsku og siglingum hér við land, en raun ber vitni um.

Um nokkur undanfarin ár hafa Vestfirðingar safnað 300 þús. kr. í björgunarbát fyrir Vestfirði. Er sá bátur nú í smíðum í Danmörku, undir eftirliti Skipaútgerðar ríkisins. Talið er, að hann muni kosta 1200 þús. kr., eða allmiklu minna en síðasta viðgerð Sæbjargar. Er báturinn búinn út til björgunar, gæzlustarfa og hafrannsókna. Þann bát ætla Vestfirðingar að sjálfsögðu að nota bæði við björgun og gæzlu, því að hvort tveggja er jafnnauðsynlegt. Stendur sjómönnum á landróðrabátunum hinn mesti stuggur af framferði sumra togbátanna. Kæra þeir til Skipaútgerðar ríkisins, að einstakir togbátar sitji um að toga inni á fjörðunum, ef varðbáturinn sé í nokkurri fjarlægð. Hafa þeir uppi njósnir til stuðnings rányrkju sinni. Telja vestfirzkir landróðramenn, að einn einasti togbátur geti valdið ótrúlegum skaða með því að láta greipar sópa um afla og veiðarfæri eina nótt í þröngum firði. Virðast togbátarnir rífa upp botngróðurinn og fæla burtu allan fisk af stórum svæðum. Er sízt að furða, að Vestfirðingar fórna miklu til að hafa hentugan bát, sem sinnir þeirra þörfum framar öllu öðru. Ber öll framganga Vestfirðinganna í þessu máli vott um, að þeir fylgja eindregið stefnu þeirri, sem tekin var í landhelgismálunum, þegar Óðinn var seldur og Þór tekinn frá gæzlustörfum.

Fyrir nokkrum árum hófu Norðlendingar fjársöfnun til kaupa á björgunar- og gæzlubát og hafa safnað allmiklu fé. Er almennur áhugi norðanlands fyrir því að

hafa einn eða helzt fleiri báta til gæzlu og björgunar við hinn víðlenda fjórðung. Berast stöðugt kvartanir frá landróðrabátunum, ef gæzlubáturinn verður að skáka sér frá. En mjög hefur það tafið fyrir og spillt fjársöfnun Norðlendinga í þessu skyni, að ýmsir menn með vantandi yfirlitsgáfu hafa haldið því fram, að ekki væri hægt að sameina gæzlu og björgun. Þá hefur áróðurinn fyrir stórskipum, með þægilegum yfirmannaíbúðum, stöðugt orðið til hindrunar eðlilegri þróun í landhelgismálunum. Samt er enginn vafi á, að innan skamms hefur landið á að skipa fjórum varð- og gæzlubátum: Óðni, Sæbjörgu, Vestfjarða- og Norðurlandsbátum. Óðinn var byggður eftir að nefnd hinna þriggja sjófróðu manna lagði grundvöll að skipulagi landhelgisgæzlu með vopnuðum bátum, en hinir bátarnir þrír spretta af heilbrigðum og einlægum áhuga fólksins á sjávarbakkanum, sem vill gera allt, sem í þess valdi stendur, til að draga úr áhættu sjómannanna og jafnframt vinna móti eyðingu fiskimiðanna við strendur landsins.

Sú nýjung að vopna báta til gæzlu hér við land á sér alllangan aðdraganda, og varð sú þróun veigamikill þáttur í skilnaðarbaráttunni. Meðan dönsk herskip voru ein um hituna að gæta landhelginnar, töldu foringjar herskipanna, að hér væri um aldanskt mál að ræða. Urðu íslenzkir dómarar að hafa réttarhöld öll um íslenzk landhelgismál á dönsku. Þessi siður var svo rótgróinn, að sumir sýslumenn héldu fast við þessa venju í mörg ár eftir 1918, þegar Ísland var viðurkennt sjálfstætt ríki. Þegar ríkisstjórnin leigði gamla Þór til gæzlu norðanlands um síldveiðitímann, meðfram til að veita Vestmannaeyingum réttmætan og nauðsynlegan stuðning, töldu dönsku varðskipsforingjarnir, að Þór ætti að vera undir þeirra yfirstjórn, en því var neitað af Íslands hálfu. Þegar ég tók við umsjón landhelgismálanna 1927, var gengið svo frá þessu máli, að gæzlan var í tvennu lagi, íslenzk og dönsk, en báðir aðilar lutu yfirstjórn þess ráðherra, sem fór með landhelgismálin. Var látið við svo búið sitja um stund. En eftir að ríkisstjórn og Alþingi höfðu ákveðið að hafa eitt stórskip og nokkra vélbáta við landhelgisgæzluna, var óhjákvæmilegt að vopna gæzlubátana og að yfirmenn þeirra væru einkennisklæddir. Forstjóri Skipaútgerðar ríkisins lagði þá til við ríkisstjórnina, að hún heimilaði honum að vopna bátana, en því bréfi var ekki svarað. Þá ritaði forstjórinn til flotamálastjórnarinnar í Danmörku og fór fram á að fá keyptar tvær litlar fallbyssur vegna varðbátanna. En þessari málaleitun var tekið mjög kuldalega í fyrstu, eins og Íslendingar væru með þessum hætti að taka sér of mikinn rétt. Forstjórinn skrifaði þá annað bréf og sagðist hafa borið fram þessa málaleitun við flotamálastjórnina vegna eldri samskipta við Dani um gæzlumálin, en ef með þyrfti, gæti hann fengið þau vopn, er hann hefði beðið um, annars staðar en í Danmörku. Þegar flotamálastjórnin sá, að Íslendingum var alvara og að þeir kunnu fótum sínum forráð, greiddu þeir vel úr málinu og seldu Skipaútgerðinni þau vopn, sem um var beðið. Hins vegar áttu dönsku varðskipsforingjarnir erfitt með að sætta sig við, hversu framkvæmd þessara mála hvarf smátt og smátt yfir á íslenzkar hendur. Í fyrstu vildu foringjar Dana, að forstöðumaður íslenzku strandgæzlunnar kæmi út á skip til þeirra í kurteisisheimsókn, eins og væri hann þeirra undirmaður, enda voru þeir vanir þvílíkri tillátssemi frá hálfu ýmissa þjóðarleiðtoga, sem litu á Danmörku sem annað föðurland. En Pálmi Loftsson taldi slíkar heimsóknir ekki í sínum verkahring. Kom þar nokkrum missirum fyrir stríð, að dönsku varðskipsforingjarnir litu á sig, meðan þeir störfuðu hér, sem trúnaðarmenn íslenzka ríkisins. Unnu þeir síðustu árin, sem friður hélzt, í fullkominni einingu með íslenzku varðskipunum undir yfirstjórn Skipaútgerðar ríkisins. Menn hafa ekki veitt því eftirtekt, eins og málefni standa til, að undir hinni öruggu og sterku handleiðslu Pálma Loftssonar forstjóra tók íslenzka þjóðin, án samninga eða harðra átaka, alla landhelgisgæzlu hér við land úr höndum Dana og byggði nýtt skipulag, sem hentar þjóðinni og hún er fær um að standa undir fjárhagslega. Þegar Ísland stofnsetti þjóðveldið 17. júní 1944, mundu fáir menn eftir landhelgismálinu, því að fram úr því máli hafði verið ráðið til fulls áður en til skilnaðar kom. Pálmi Loftsson

hafði ekki aðeins stofnsett gegnhugsað gæzlu- og björgunarkerfi, heldur líka unnið með þeim hætti, að viðurkenning annarra þjóða á gæzluskipulaginu var fengin með því að láta verkin tala.

Eftir að stríðinu lauk 1945, hugðu margir lítt reyndir menn, að hér hefði safnazt sá auður, sem aldrei gæti þrotið, hversu sem með væri farið. Byrjuðu þessir menn að fjölyrða um landhelgismálið og lofuðu miklu. Höfðu þeir stór orð um, að nauðsyn bæri til að stækka landhelgina til stórra muna. Er það að vísu mikil nauðsyn, en gagnslítil þó, ef landsmenn sjálfir eyða mið sín án fyrirhyggju um komandi daga. Ekki var hægt að sjá, að þessum mönnum væri ljóst, hversu erfiðlega okkur stærri þjóðum hefur gengið að færa landhelgina út yfir hina viðurkenndu alþjóðalínu. Máttu þeir þó vita um reynslu Norðmanna og Breta, sem verða að þola öðrum þjóðum að fiska á hafhlutum, sem þeir friða fyrir sínum eigin löndum. Jafnframt heimtuðu þessir menn, að íslenzka ríkið hætti að nota vopnaða báta við gæzluna, heldur eingöngu stórskip. Allt annað átti að vera ósamboðið hinu nýstofnaða lýðveldi. Sýnilegt var, að þessir menn höfðu enga hugmynd um sögu og þróun landhelgismálsins. Þeir vissu ekki, að þegar dómsmálaráðherra sjálfstæðismanna tók við gæzlumálunum vorið 1932, átti landið þrjú stór og vel búin gæzluskip, en að þjóðin hafði ekki efni á að hafa svo dýran stórskipaflota og varð vegna fátæktar þjóðarinnar að láta meir en hálfan flotann liggja í höfn. Fór hinu sama fram 1934, eftir að dómsmálaráðherrann var úr flokki framsóknarmanna. Eftir margra ára hafnarlegur mikils hluta flotans tók þing og stjórn þá ákvörðun, sem oft hefur verið vikið að. Ríkið taldi sér ekki fært að hafa nema eitt gæzlu- og björgunarskip og nokkra vopnaða báta til gæzlunnar. Bar þar ekki eingöngu til dýrleiki stóru varðskipanna, heldur hitt, að þau eru allra skipa verst fallin til að annast gæzlu, þar sem fjölmennur hringur áhugamanna á sjó og landi varar stöðugt við komu þeirra. Hefur nú um hríð ekki linnt fundarályktunum frá ýmsum samkomum, þar sem mannaforráðin eru í höndum manna, sem annaðhvort hafa hag af því, að landhelgin sé ekki lokuð óboðnum gestum, eða mönnum, sem vilja hafa létt lífsuppeldi af tilgangslitlu flökti meðfram ströndum landsins, við svokallaða gæzlu landhelginnar.

Að lokum kom þar, að áróðurinn móti nýtilegri landhelgisgæzlu tók að bera ávöxt. Forráðamenn gæzlumálanna virtust vera búnir að gleyma, að þingið hafði heimilað sölu Óðins til Sviþjóðar og Þórs innanlands af því, að vopnaðir bátar voru beztu og ódýrustu gæzlutækin. Það var búið að senda hraðbátana úr landi með þeim óskörulega dóm, að íslenzkir sjómenn gætu ekki hafzt við í þessum bátum, þó að allar aðrar menntaþjóðir heimsins noti þá daglega. Ríkisstjórnin var búin að reyna að finna hentugt gæzluskip í enska flotanum og fann ekki neitt. Nú kom stöðug eggjan móti bátum til gæzlu frá þeim mönnum, sem höfðu hag af varnarvana landhelgi. Stjórnin lét þá undan og fól Pálma Loftssyni að semja erlendis um gæzluskip, sem væri stærra og hraðskreiðara en Ægir. Eftir undangengið útboð samdi ríkisstjórnin við danskt firma um gæzluskip, sem á að kosta 5 milljónir kr. og eyðir í árlegan rekstur 2,2 milljónum, en það jafngildir útgerðarkostnaði þriggja báta af sömu stærð og Óðinn eða Sæbjörg.

Þegar kaup hins nýja skips voru ákveðin, var nýbúið að undirbúa fjárlög, þar sem rekstrarstyrkur til landhelgisgæzlu er skorinn niður vegna getuleysis ríkissjóðs og það svo mjög, að heilir landshlutar hljóta að fara á mis við alla landhelgisgæzlu, ef ekki verður úr bætt. Fjárlögin eru auk þess með tugum milljóna tekjuhalla í byrjun þings. Ríkið hefur ekkert fé til að greiða upp í byggingarkostnað varðskipsins og ekki mikið annað en tekjuhallann upp í reksturinn. Þingið getur vafalaust reynt að veita ríkisstjórninni lánsheimild til að greiða skipið. Hitt er óvíst, hve auðvelt reynist að afla þvílíks lánsfjár erlendis, allra helzt þegar augljóst er, að þessar 5 milljónir, sem verður að fá að láni, ef lán fæst, fæða af sér meir en tveggja milljóna aukinn tekjuhalla ár hvert.

Ástand landhelgismálanna er nú með þeim hætti, að fjölmennur hópur bátaeigenda á afkomuvonir augnabliksins undir því að geta veitt í landhelgi, þegar henta

þykir, þar sem ungfiskurinn á að dafna. Svo mikil brögð eru að þessum landhelgisbrotum, að sektir fyrir óleyfilegar veiðar báta í landhelgi og greiðsla fyrir upptækan afla og veiðarfæri er ein milljón króna. Þegar togbátar nást í landhelgi, bregða eigendurnir sér til Reykjavíkur, hitta þingmann kjördæmisins og biðja hann um samfylgd upp í stjórnarráð. Þar segja bátseigandi og þingmaður sömu söguna, og hana oft með sannindum, að fjárhagur eigandans sé svo bágborinn, að ef greiða eigi sektina, blasi ekkert við nema gjaldþrotið. Hefur allri greiðslu síðan verið slegið á frest um óákveðinn tíma, þar til stjórnin mun nú fella meiri hluta sektardómsins niður með náðun, en innheimta sjötta hluta sektarfjárins.

Ef ríkisstjórnin heldur áfram skipakaupum sínum, verður útgerðarkostnaður tveggja stórskipa 4 milljónir kr. á ári. Þá vantar engu að síður fjóra báta, sem fólkið við sjóinn krefst, með miklum rétti, að fá til staðbundinna nota þar, sem gefendur stunda atvinnu sína. Útgerðarkostnaður þessara fjögurra báta verður allt að 3 milljónum króna. Auk þess má gera ráð fyrir, að þörf almennings geri óhjákvæmilegt að hafa einn bát til vara, ekki síst vegna björgunarmálanna.

Eftir reynslu fyrri ára er fullvíst, að innan skamms koma upp sömu vandkvæði og áður varðandi útgerðarkostnað stórskipa. Sýnir fjárlagafrv. stjórnarinnar glögglega, hvert stefnir í þessu efni. Fólkið, sem á lífsafkomu sína undir því, að landhelgin sé varin, heimtar vopnaða báta, ekki færri en fjóra eða fimm, og það því fremur, sem margir þeirra eru keyptir fyrir samskot úr verstöðvunum. Ef stórskipin eru tvö, verður endurtekin gamla sagan. Öðru skipinu verður lagt inn á höfn, en hinu haldið úti eins og nú. Mistökin, sem nú er verið að fremja, stafa af því, að nokkrir af forráðamönnum landsins hafa látið vera að kynna sér þróun gæzlumálanna á undangengnum 20 árum. Þjóðin hefur alla þá stund verið tvískipt um allar landhelgisaðgerðir. Tiltölulega fáir menn, eigendur stórskipa og síðar til viðbótar allmargir eigendur togbáta, hafa af eiginhagsmunahvöt óskað eftir ófullkominni gæzlu. Á fyrri árum var dulmáli beitt til að stjórna nokkrum hluta fiskiflotans inn í landhelgina til vítaverðra og óþjóðlegra athafna. Erlendir landhelgisbrjótar unnu þá í félagi við íslenzka borgara. Þegar vandað var um þetta óhæfilega ástand, var því haldið fram á þingi og í blöðum, að hér væri allt í lagi. Meiri hluti Alþingis lét blekkjast af þessum falsrökum, og misnotkun loftskeytanna hélt áfram, þar til óyggjandi sannanir voru lagðar fram um víðtækt njósnarkerfi, sem tryggði erlendum og innlendum brotamönnum þjóðhættulegan gróða af landhelgisveiðum. Síðan vex hættan við það, að fjöldi íslenzkra báta fær eins konar botnvörpu til að veiða á grunnsævi. Þá var landhelginni orðið hætt. Sektir fjölmargra slíkra báta, sem ekki hafa verið innheimtar, sýna, í hvert óefni komið er. Sökum taltækja á öllum meiri háttar veiðifleytum er óhugsandi fyrir fá en stór skip að skapa togbátunum og togurum nokkurt verulegt aðhald. Eins og fáeinir brotlegir togaraeigendur sannfærðu ótortryggna alþingismenn áður fyrr um sakleysi dulmálsskeytanna, þannig er ósýnilegt samband milli nokkurs hluta báta- og skipaeigenda um að leika á Alþingi og ríkisstjórn og lokka þá til að eyða fjárhagsorku þjóðarinnar í kaup og útgerð margra skipa, sem eru mjög dýr í stofnkostnaði og rekstri, en hættulítil fyrir landhelgisveiðimennina af ástæðum, sem fyrr eru teknar fram. Móti eyðingu ungfisksins í landhelginni stendur sá hluti þjóðarinnar, sem lifir af landróðrabátunum, og allir þjóðhollir menn, sem vilja ekki þurrka íslenzk fiskimið með háskalegri rányrkju. Framtíð alls fólks við sjávarsíðuna og raunar allra landsmanna er komin undir því, að kröfu fólksins um marga vopnaða báta við gæzlu og björgun verði framfylgt. Næsta meginatriði er, að framkvæmd gæzlumálanna verði jafnan í höndum manna, sem eru þrautreyndir íslenzkir sjómenn, einlægir og dyggir í starfinu og ófáanlegir til að ganga í lið með þeim hluta þjóðarinnar, sem stundar rányrkju á hafinu uppi í landsteinum. Þær tilraunir, sem hafa verið gerðar til að tortryggja þá starfsmenn gæzlumálanna, sem jafnan hafa staðið örugglegast á verði um friðun landhelginnar, munu aldrei lánast. Þjóðina vantar ekki reynslulausa viðvaninga með gullsnúrum til fegurðarauka til að halda uppi veizlulífi til vegsemdar íslenzk-

um fiskimiðum, meðan verið er að tæma þau með lögbrjótaveiðum. Það er eftirtektarvert, að fjögur síðustu árin, sem dönsk herskip voru hér við gæzlu, tóku þau engan bát eða skip að landhelgisveiðum. Skorti þó ekki, að þar voru til forustu menn í miklum tilhaldsklæðum. En á hinn bóginn hefur vélbáturinn Óðinn tekið í tugatali skip og báta við ólöglegar veiðar hér við land. Er þessi staðreynd fróðleg fyrir þá, sem halda, að gæzlustarfið eigi að vera skrautsýning til að gleðja fagurkera tilhaldslífsins.

Það er ánægjulegt fyrir okkur Svein Ólafsson í Firði að sjá dóm reynslunnar staðfesta skoðun okkar frá 1923. Hér á landi verður að sameina gæzlu landhelginnar og björgun skipa og manna. Hér á að hafa eitt skip af líkri gerð og Ægi til að annast sérstök, erfið verk og þá einkum björgun skipa. Samhliða því þarf landið að eiga til gæzlu- og björgunarstarfa ekki minna en 4—6 báta, þannig að einn eða jafnvel tveir bátar séu til vara. Þeir eiga að geta komið til skjalanna utan við björgunarkerfið, til að skapa landhelgisbrjótum ótta og öryggisleysi. Flugvélar koma til greina, bæði við gæzlu og björgun, en þær geta ekki leyst verkefnin til hlítar, nema í samvinnu við gæzlubátana. Hin langa, dimma íslenzka vetrarnótt útilokar, að flugvélar geti á þeim tíma náð til skipa að ólöglegum veiðum. Undir flestum kringumstæðum munu eigendur brotlegra skipa og báta vefengja mælingar og staðarákvarðanir, sem teknar eru úr lofti af vél, sem er á hraðflugi. Hefur þetta komið glögglega í ljós við þá reynslu, sem fengin er. Eitt stórt skip, nokkrir vopnaðir bátar og einhver stuðningur flugvéla mynda í framtíðinni gæzlu- og björgunarhring íslenzkrar landhelgisgæzlu. Ef þessi floti verður jafnan undir forustu íslenzkra og þrautreyndra sjómanna, má gera ráð fyrir, að unnt verði að verja íslenzka landhelgi á viðunanlegan hátt og tryggja þjóðinni aflasæl fiskimið við strendur landsins um langa ókomna framtíð.

Nd. **144. Frumvarp til laga** [17. mál]

um kjötmat o. fl.

(Eftir 3. umr. í Ed.)

1. gr.

Í lögum þessum merkir:

Sláturfénaður: Sauðfé, nautgripi, hross, svín, alifugla o. s. frv.

Læknir: Dýralækni þann, er kjötskoðunina annast, eða hvern þann lækni eða læknanema, sem löggiltur hefur verið til starfsins samkvæmt 7. gr. laga þessara.

Kjötmatsmaður: Hvern þann undirkjötmatsmann, er lýtur yfirkjötmatsmanni.

2. gr.

Sláturfénaði, sem slátra á í því augnamiði að flytja kjötið nýtt, fryst, saltað eða á annan hátt verkað á erlendan markað eða til sölu og neyzlu innanlands, í kjötbúðum og öðrum opinberum sölustöðum, skal slátra í löggiltum sláturhúsum og kæling og frysting kjötsins fara fram í löggiltum frystihúsum. Atvinnumálaráðuneytið löggildir sláturhús og frystihús, að fengnum meðmælum frá yfirdýralækni eða hlutaðeigandi héraðsdýralækni, ef húsin eru að dómi þeirra svo fullkomin að gerð og öllum útbúnaði, að hægt sé þess vegna að fullnægja nauðsynlegum heilbrigðis- og hreinlætiskröfum.

Ráðherra getur þó, þar sem brýn nauðsyn krefur, leyft slátrun til eins árs í senn í sláturhúsum, sem ekki eru svo úr garði gerð, að löggilding geti farið fram á þeim, ef yfirdýralæknir eða hlutaðeigandi héraðsdýralæknir telja, að slátrun geti tekizt þar á viðunandi hátt, en stefna skal að því, að sem allra fyrst verði málum svo komið, að öll slátrun fari fram í löggiltum sláturhúsum, ef afurðirnar eru ætlaðar til sölu

á opinberum markaðsstöðum, og getur ráðherra sett hlutaðeigandi aðilum ákveðinn frest til úrbóta.

Ráðherra setur reglur um útbúnað sláturhúsa og frystihúsa, að fengnum tillögum yfirdýralæknis og kjötmatsformanns.

3. gr.

Við gildistöku þessara laga skulu allir sláturleyfishafar senda atvinnumálaráðuneytinu umsóknir, þar sem þeir óska eftir, að fram fari löggilding húsa til slátrunar og frystingar á sláturafurðum, söltunar o. s. frv. Ráðuneytið sendir síðan yfirdýralækni eða hlutaðeigandi héraðsdýralækni umsóknirnar til umsagnar, sbr. 2. gr.

Hver sá, sem síðar hyggst að hefja slátrun sauðfjár eða annars sláturfénaðar í þeim tilgangi að selja afurðir á opinberum markaðsstöðum, skal senda atvinnumálaráðuneytinu slíka umsókn. Eftir fyrstu löggildingu annast yfirdýralæknir eða héraðsdýralæknar eftirlit með slátur- og frystihúsum í hlutaðeigandi umdæmum. Ráðuneytið heldur skrá yfir löggilt sláturhús og frystihús, þar sem hvert þeirra hefur sérstakt löggildingarmerki eða löggildingarnúmer, og skal þá númer þetta eða merki koma fram í kjötstimpli þeim, er notaður er í hlutaðeigandi sláturhúsi.

4. gr.

Nú fullnægir löggilt slátur- eða frystihús eigi lengur skilyrðum þeim, sem sett voru fyrir löggildingu, og ber þá dýralækni, sem eftirlitið hefur annazt, að skýra ráðuneytinu frá því tafarlaust. Setur ráðuneytið umráðamönnum hússins hæfilegan frest til að lagfæra það, sem ábótavant er, og fellur löggildingin niður, ef eigi er bætt úr göllunum innan hins ákveðna frests. Ráðuneytið tilkynnir þá jafnframt aðilum þeim, sem sláturleyfin veita, að slátrun á þeim stað skuli þá þegar niður hefur sérstakt löggildingarmerki eða löggildingarnúmer, og skal þá númer þess eða merki koma fram í kjötstimpli þeim, er notaður er í hlutaðeigandi sláturhúsi.

5. gr.

Læknisskoðun skal fram fara á öllum sláturfénaði, sem um getur í lögum þessum, áður en slátrun fer fram, og mega ekki líða meira en 12 klst. frá þeirri skoðun og til slátrunar. Enn fremur skal heilbrigðisskoðun á öllu kjöti og innyflum af þeim sláturfénaði, sem um getur í lögum þessum, fara fram áður en afurðirnar eru boðnar til sölu nýjar á opinberum markaði og enn fremur áður en kæling, frysting, söltun eða önnur verkun fer fram. Að skoðun lokinni skal dýralæknir eða hver sá, sem löggiltur hefur verið til starfsins, merkja kjötið samkvæmt reglugerð, er ráðherra setur um heilbrigðisskoðun og merkingu á kjöti og innyflum. Enn fremur getur ráðherra sett reglur, að fengnum tillögum yfirdýralæknis, um læknisskoðun og merkingu annarra sláturfjárafurða, ef þörf krefur.

Í reglum þeim, sem ráðherra setur samkvæmt þessari grein, má ákveða hámarksþóknun fyrir læknisskoðun og merkingu kjöts og annarra sláturfjárafurða.

6. gr.

Sláturfjárafurðir, sem reynast spilltar eða sýktar, svo að hætta geti stafað af að nota þær til manneldis, eftir úrskurði kjötskoðunarlæknis, skulu þegar í stað ónýttar samkvæmt fyrirmælum ráðuneytisins, á þann hátt að tryggt sé, að engin hætta geti stafað af þeim.

Ekki má slátra í sláturhúsi sjúku sláturfé, er nokkur sýkingarhætta getur stafað af að áliti kjötskoðunarlæknis, nema sérstakur klefi sé til þeirra afnota einna í sláturhúsinu. Sjálfdauðar skepnur má ekki flytja inn í sláturhús né á lóð þess, nema til komi leyfi kjötskoðunarlæknis, enda geri hann sér þá þegar ljóst, hver dauðaorsökin hafi verið, og fyrirskipar ráðstafanir samkvæmt því.

7. gr.

Dýralæknar annast kjötskoðun og merkingu á kjöti og öðrum sláturfjárafurðum, sbr. 5. gr. laga þessara. Náist ekki til dýralæknis, skipar ráðherra, að fengnum tillögum yfirdýralæknis, lækni til starfsins, enda hafi hann lokið kjötskoðunarprófi hjá dýralækni hér á landi.

8. gr.

Allt kjöt og innyfli af sláturfénaði, sem um getur í lögum þessum, sem flutt er á erlendan markað eða til sölu innanlands í kjötbúðum og öðrum opinberum sölustöðum, skal metið, flokkað og merkt eftir tegundum og gæðum af kjötmatsmönnum, sem starfa undir umsjón yfirkjötmatsmanna.

Ráðuneytið setur reglugerð um flokkun, merkingu, frystingu, söltun, umbúðir, flutning og meðferð kjöts og innyfla, að fengnum tillögum kjötmatsformanns, framleiðsluráðs landbúnaðarins og helztu kjötsöluaðila.

Ef þörf þykir, getur ráðherra sett sérstakar reglur um slátrun, mat og merkingu á kjöti og innyflum til ákveðinna landa, eftir því hvaða kröfur eru gerðar í því efni.

9. gr.

Ráðherra skipar 4 yfirkjötmatsmenn, og hafi hver þeirra ákveðið starfssvæði.

Einn þeirra fjögurra skal ráðherra skipa kjötmatsformann, og skal hann hafa forgöngu um þau atriði í lögum þessum, er snerta verksvið yfirkjötmatsmanna. Einnig skal hann, eftir því sem við verður komið, gera yfirmat á kjöti og öðrum sláturfjárafurðum, sem fluttar eru á erlendan markað og til helztu sölustaða innanlands.

Yfirkjötmatsmenn skulu hafa sem bezta þekkingu á kjöti og öðrum sláturfjárafurðum og öllu því, er lýtur að meðferð sláturfjárafurða.

Ráðuneytið setur yfirkjötmatsmönnum reglur um störf þeirra og ákveður umdæmi þeirra.

Ekki mega yfirkjötmatsmenn þiggja neina þóknun hjá þeim, er við kjötsölu eru riðnir, né heldur hafa með höndum sölu á kjöti utanlands né innan eða milligöngu í því efni, er þeir geti haft hagnað af.

Árslaun yfirkjötmatsmanna skulu vera kr. 900.00 og kjötmatsformanns kr. 1800.00.

Ferðakostnað í þágu yfirmatsins skulu þeir og fá greiddan samkvæmt reikningi, sem ráðuneytið úrskurðar.

Allan kostnað, sem af yfirmatinu leiðir, skal greiða úr ríkissjóði.

10. gr.

Lögreglustjóri skipar kjötmatsmenn, einn eða fleiri á hverjum slátrunarstað. Fer um tölu þeirra og val eftir tillögum yfirkjötmatsmanns.

Kjötmatsmenn annast hlutverk það og starf, sem þeim er falið með lögum þessum, samkvæmt reglugerð, sem ráðuneytið setur. Kaup kjötmatsmanna skal vera 25% hærra en venjulegt verkamannakaup á staðnum, þar sem matið fer fram, og greiða sláturleyfishafar, sem slátrunina framkvæma, kaupið.

Eigi mega kjötmatsmenn þiggja neina aukaþóknun eða hlunnindi hjá þeim, sem kjötverzlun annast, né sjálfir vera riðnir við sölu þess, svo að ætla megi þá hlutdræga í matinu.

Nú vanrækir kjötmatsmaður starf sitt, sýnir hlutdrægni við matið eða leysir það illa af hendi á einhvern hátt að dómi yfirkjötmatsmanns, og er yfirkjötmatsmanni þá heimilt að víkja honum frá um stundarsakir, en tilkynna skal hann hlutaðeigandi lögreglustjóra samstundis þessa ráðstöfun, sem þá víkur hinum brotlega kjötmatsmanni endanlega frá störfum og skipar annan matsmann í hans stað.

11. gr.

Í kaupstöðum og kauptúnum, þar sem eru 500 íbúar eða fleiri,, skal allt kjöt af skepnum, sem slátrað er þar eða flutt þangað nýtt og ætlað til sölu þar, skoðað og merkt af lækni þeim, er kjötskoðun annast þar á staðnum, og getur ráðuneytið sett nánari reglur þar um. Ákvæði þetta tekur þó ekki til kjöts, er áður hefur verið merkt og skoðað af kjötskoðunarlækni í löggiltu sláturhúsi. Kjöt, sem flutt er að frosið, kælt eða nýtt, skal flutt í þar til gerðum umbúðum, er læknir tekur gildar. Ráðuneytið getur einnig, ef ástæður þykja til, fyrirskipað sams konar kjötskoðun í kauptúnum, þar sem búa færri en 500 manns.

Nú eru nýjar sláturfjárafurðir fluttar til sölustaðar án þess að læknisskoðun hafi farið fram á þeim, og skal þá bæjarfélag eða hreppsfélag sjá fyrir löggiltu húsnæði til skoðunar á þeim gegn sanngjörnu gjaldi, er eigandi greiðir, samkvæmt nánari fyrirmælum ráðuneytisins.

Sé sláturhús á móttökustað eða sérstakar kjötmiðstöðvar, skal læknisskoðun fara þar fram og enn fremur gæðamat, samkvæmt reglugerð, sbr. 8. gr.

12. gr.

Í kaupstöðum og kauptúnum, sem lög þessi taka til, má eigi hafa ómerkt kjöt, nýtt eða frosið, í kjötbúðum eða öðrum sölustöðum.

13. gr.

Ráðherra getur sett reglur, að fengnum tillögum yfirdýralæknis, um útbúnað kjötbúða og annað, sem lýtur að verzlun með sláturfjárafurðir, og um það, hverjar vörur aðrar megi selja í kjötbúðum en þær, sem um ræðir í lögum þessum. Ráðherra getur einnig sett reglur, að fengnum tillögum yfirdýralæknis, um atvinnurekstur við tilbúning matvæla úr sláturfjárafurðum, svo sem pylsugerð, niðursuðu sláturfjárafurða og annað því um líkt.

14. gr.

Nú flytur einhver eða lætur flytja út kjöt til sölu á erlendan markað eða til sölu innanlands án þess að gæta fyrirmæla laga þessara um læknisskoðun, merkingu, mat og flokkun, og varðar það sektum frá kr. 500.00 til 25 000.00. Önnur brot gegn lögum þessum eða reglugerðum, sem settar verða samkvæmt þeim, varða sektum allt að kr. 10 000.00. Fara skal með mál út af brotum þessum sem almenn lögreglumál.

Um refsingu fyrir brot kjötskoðunarlækna, yfirkjötmatsmanna og kjötmatsmanna gegn ákvæðum þessara laga fer sem um refsingu fyrir brot opinberra starfsmanna.

15. gr.

Með lögum þessum eru úr gildi felld lög nr. 39 frá 19. júní 1933, um kjötmat o. fl., lög nr. 3 frá 1. febrúar 1936 og lög nr. 115 30. des. 1943, um breyting á lögum nr. 39 19. júní 1933, svo og reglugerðir þær, sem settar hafa verið, og auglýsingar, sem út hafa verið gefnar samkvæmt þeim lögum.

16. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Nd. 145. Frumvarp til laga [85. mál]

um breyting á lögum nr. 44 7. maí 1946, um opinbera aðstoð við byggingar íbúðarhúsa í kaupstöðum og kauptúnum.

Flm.: Skúli Guðmundsson.

1. gr.

Á eftir 39. gr. laganna komi ný grein, svo hljóðandi:

Bæjarstjórnir í kaupstöðum, sem hafa verkfræðinga eða húsameistara í þjónustu sinni, skulu láta þá, er þess óska, hafa fullnægjandi uppdrætti að íbúðarhúsum, sem þeir ætla að reisa í viðkomandi kaupstöðum, og þá séruppdrætti af einstökum hlutum byggginganna, sem skylt er að leggja fram samkvæmt fyrirmælum í byggingarsamþykktum. Gjald fyrir uppdrættina má ákveða í byggingarsamþykkt, en hámark þess samtals sé 1 króna fyrir hvern teningsmetra í húsunum.

Hver sá, er vinnur sjálfur að meira eða minna leyti að byggingu á íbúðarhúsi til afnota fyrir sjálfan sig, í kaupstað, sem hefur verkfræðing eða húsameistara í þjónustu sinni, getur fengið leiðbeiningar við verkið og eftirlit með því hjá þessum starfsmönnum bæjarfélagsins eða faglærðum aðstoðarmönnum þeirra. Kemur það eftirlit þá í stað umsjónar meistara með byggingunni. Gjald fyrir slíkar leiðbeiningar og eftirlit má ákveða í byggingarsamþykkt, og miðast það við hæfilegt tímakaup til þeirra, er annast starfið, þó eigi hærra samtals en 2 krónur fyrir hvern teningsmetra í byggingunum.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Í þessu frumvarpi er lagt til, að þeir, sem ætla að reisa íbúðarhús í kaupstöðum, sem hafa verkfræðinga eða húsameistara í þjónustu sinni, geti fengið uppdrætti að byggingunum hjá viðkomandi bæjarfélögum fyrir hóflegt gjald. Enn fremur að þeir, sem vinna sjálfir að byggingu íbúðarhúsa til eigin nota á þessum stöðum, geti fengið leiðbeiningar við byggingaframkvæmdirnar og eftirlit með þeim hjá faglærðum starfsmönnum bæjarfélaganna.

Tillaga um þetta efni var nýlega borin fram í neðri deild þingsins í sambandi við frumvarp um byggingarmálefni Reykjavíkur, en var felld. Andmælendur tillögunnar héldu því m. a. fram, að slík ákvæði ættu ekki heima í þeim lögum, er þar voru til meðferðar. Hér er því málið tekið upp aftur, og nú lagt til, að fyrirmælin séu sett í önnur lög, enda gildi þau eigi aðeins í Reykjavík, heldur einnig í öðrum kaupstöðum.

Kostnaður við húsabyggingar er nú mjög mikill, einkum í kaupstöðunum. Flest íbúðarhúsin, sem þar eru reist um þessar mundir, eru svo dýr, að eignalítið fólk, sem er utan við hóp hátekjumanna, getur ekki búið í þeim. Er því mjög brýn þörf fyrir ráðstafanir, er miða að því að draga úr byggingarkostnaðinum og gera mönnum auðveldara en nú er að koma upp íbúðarhúsum.

Eitt af því, sem eykur kostnaðinn við húsabyggingar í kaupstöðunum, eru óhóflega dýrir uppdrættir, sem skylt er að leggja fram, áður en byrjað er á byggingunum. Ef menn ættu þess kost að fá uppdrætti fyrir það gjald, sem sett er í þessu frv., væri það verulegur fjársparnaður, því að gjald það, sem nú er tekið, mun yfirleitt vera margfalt hærra. Þrátt fyrir það má telja sennilegt, að bæjarfélög, sem hafa verkfræðinga eða húsameistara í þjónustu sinni, geti látið uppdrættina fyrir það verð, sem frumvarpið gerir ráð fyrir, án þess að verða fyrir tapi á þeim viðskiptum, a. m. k. þyrfti þessi fyrirgreiðsla aldrei að hafa í för með sér nema

smávægileg útgjöld fyrir bæjarfélögin. Til stuðnings þeirri skoðun má benda á, að oft má nota sama uppdráttinn við byggingu margra húsa með því að gefa hann út í nógu mögum eintökum.

Samkvæmt byggingarsamþykktum kaupstaðanna, a. m. k. þeirra stærstu, er óheimilt að byggja þar hús nema viðurkenndir byggingameistarar taki að sér framkvæmdirnar eða hafi umsjón með þeim. Fyrir yfirstjórn og umsjón þeirra manna þarf oft að borga mikið fé. Hér er lagt til, að kaupstaðir, sem hafa verkfræðinga eða húsameistara í sinni þjónustu, aðstoði þá menn, er vinna sjálfir að byggingu íbúðarhúsa til afnota fyrir sig, með því að veita þeim faglegar leiðbeiningar, sem þeir þurfa á að halda, og láta í té eftirlit með byggingaframkvæmdunum fyrir hóflegt gjald. Væri þá ekki skylt að fá byggingameistara til að annast byggingu þeirra húsa þrátt fyrir ákvæði í þeim byggingarsamþykktum, er nú gilda.

Enginn vafi er á því, að margir kaupstaðabúar geta lagt fram eigin vinnu við byggingu íbúða fyrir sig, eigi síður en þeir, er í sveitum búa. Virðist sjálfsagt að greiða sem bezt fyrir þeim mönnum á allan hátt, t. d. með því að útvega þeim uppdrætti og leiðbeiningar faglærðra mann fyrir sanngjarnt verð.

Að sjálfsögðu þarf að gera fleiri ráðstafanir en þær, sem hér hafa verið nefndar, til þess að draga úr byggingarkostnaðinum. Í öðru frumvarpi, sem nú liggur fyrir þinginu, á þingskjali 37, er lagt til, að innflutnings- og gjaldeyrisleyfi fyrir byggingarefni verði látin fylgja fjárfestingarleyfum. Verði á það fallizt, mun það gera mönnum auðveldara en nú er að ná í byggingarefni með réttu verði.

Eigi virðist ástæða til að láta ákvæði þessa frv. ná til kauptúnanna, því að íbúar þeirra, sem vinna sjálfir að byggingu íbúða fyrir sig, munu yfirleitt geta fengið uppdrætti að byggingunum og aðstoð faglærðra manna fyrir hóflegt gjald.

Nd. 146. Lög [26. mál]

um skattfrelsi vinninga o. fl. varðandi happdrættislán ríkissjóðs.

(Afgreidd frá Nd. 25. nóv.)

Samhljóða þskj. 103.

Sþ. 147. Þingsályktun [70. mál]

um skattaeyðublöð landbúnaðarins.

(Afgreidd frá Nd. 26. nóv.)

Samhljóða þskj. 109.

Nd. 148. Nefndarálit [36. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 42 5. apríl 1948, um útflutning og innflutning á íslenzkum og erlendum gjaldeyri.

Frá fjárhagsnefnd.

Nefndin leggur til, að frv. verði samþykkt.

Alþingi, 27. nóv. 1948.

Ásg. Ásgeirsson, form., frsm.
Hallgr. Benediktsson, fundaskr.
Jóhann Hafstein.
Skúli Guðmundsson.
Einar Olgeirsson.

Sþ. 149. Tillaga til þingsályktunar [86. mál]

um afnám kaffiskömmtunar.

Flm.: Áki Jakobsson.

Alþingi ályktar að leggja fyrir ríkisstjórnina að afnema nú þegar alla skömmtun til neytenda á kaffi og gera jafnframt ráðstafanir til þess, að ávallt séu til nægar birgðir af kaffi í landinu.

Greinargerð.

Af öllu skömmtunarfarganinu er ekkert jafnsmásálarlegt og fjarstætt og kaffiskömmtunin. Skömmtun kaffis hefur sáralitla þýðingu til þess að spara gjaldeyri, en eins og kunnugt er, hefur ríkisstjórnin nefnt gjaldeyrissparnað sem ástæðuna fyrir hina fáránlega en rándýra skömmtunarbákni. Kaffinotkun í landinu hefur verið sem hér segir: Árið 1945 voru flutt inn 925 tonn, árið 1946 882 tonn og árið 1947 1282 tonn. Síðasta árið var kaffi ekki skammtað nema nokkra síðustu mánuði ársins, og er því ekki ósennilegt, að innflutningurinn það ár gefi til kynna, hver er eðlilegur innflutningur, ef kaffi er ekki skammtað. Sparnaðurinn, sem fæst með skömmtun kaffis, er því sáralítill, og sér hver maður, að hér er því ekki um að ræða sparnað, sem neinu nemur í gjaldeyrislegu tilliti, en veldur hins vegar ótrúlega miklum óþægindum og beinlínis leiðindum á svo að segja hverju heimili í landinu. Kaffiskammtur þeirra Emils Jónssonar og Elíss Ó. Guðmundssonar er af ýmsum talinn um það bil helmingi of lítill til þess að samsvara venjulegri notkun fullorðins fólks. Þetta kemur vitanlega misjafnlega illa við fólk, því að þeir, sem hafa ung börn í heimili, fá kaffiskammt hjá þeim félögunum fyrir þau, jafnvel þó í vöggu séu. Kaffiskömmtun hefur enga raunhæfa þýðingu til gjaldeyrissparnaðar, og þegar skömmtun var tekin aftur upp af núverandi ríkisstjórn, virðist kaffið hafa verið látið koma undir skömmtunina á ný af eintómum páfagaukshætti, af því að það var skammtað á stríðstímunum, en þá stafaði skömmtunin af örðugleikum við öflun kaffis.

Í Englandi er öl þjóðardrykkur, og er þess neytt þar mjög mikið. Engin stjórn í Englandi myndi dirfast að hefja skömmtun öls. Englendingar búa við þrengri skömmtun nauðsynjavara en flestar aðrar þjóðir, en skömmtun öls vilja þeir ekki þola. Kaffið er þjóðardrykkur Íslendinga og neyzla þess hér jafnalgeng og neyzla öls í Englandi. Þrátt fyrir það hefur ríkisstjórnin í röskt ár haldið uppi smásálarlegri skömmtun á kaffi.

Skömmtun kaffis hefur enga jákvæða þýðingu, en veldur vandræðum og hvers konar leiðindum, og þess vegna á að afnema hana strax. Það er margbúið að benda ríkisstjórninni á þetta, en hún rembist við að viðhalda þessari skömmtun af einhverjum óskiljanlegum þráa eða meinfýsni. Alþingi ætti nú fyrir jólin að létta þessum ófögnuði af þjóðinni og veita fólki rétt til þess að fé sér nægilegt kaffi.

Nd. 150. Breytingartillögur [80. mál]

við frv. til l. um aðstoð til útvegsmanna, er síldveiðar stunduðu sumarið 1948.

Frá sjávarútvegsnefnd.

1. Á eftir 7. gr. komi ný grein, svo hljóðandi:
   Ríkisstjórninni er heimilt, að fengnum tillögum lánveitinganefndar, að ákveða, að fé það, er um ræðir í lögum þessum, verði veitt sem óendurkræfur styrkur, ef hún telur þess þörf. Jafnframt heimilast ríkisstjórninni, að fengnum

tillögum lánveitinganefndar, að gefa eftir lán þau, er veitt voru til útgerðarmanna vegna aflabrests á sumarsíldveiðunum 1945 og 1947, komi það í ljós, að slík eftirgjöf greiði fyrir hlutaðeigandi vélbátaeigendum að halda rekstri sínum áfram.

2. Við 8. gr. Greinin hljóði svo:
Ráðherra og lánveitinganefnd geta sett nánari reglur um lánveitingar þessar eða styrk og eftirgjafir, ef þurfa þykir.

Nd. 151. Lög [11. mál]

um heimild fyrir ríkisstjórnina til að innheimta skemmtanaskatt með viðauka árið 1949.

(Afgreidd frá Nd. 29. nóv.)

Samhljóða þskj. 11.

Ed. 152. Nefndarálit [5. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 91 frá 19. júní 1933, um innflutningsbann á niðursoðinni mjólk.

Frá landbúnaðarnefnd.

Nefndin hefur athugað frv. og leggur til, að það verði samþykkt. — Einn nefndarmanna (GÍG) áskilur sér rétt til að flytja breytingartillögu.

Alþingi, 29. nóv. 1948.

Þorst. Þorsteinsson, form. Páll Zóphóníasson, fundaskr. Ásmundur Sigurðsson, frsm.

Guðm. Í. Guðmundsson. Eiríkur Einarsson.

Ed. 153. Nefndarálit [15. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 28 23. apríl 1946, um virkjun Sogsins.

Frá iðnaðarnefnd.

Nefndin leggur til, að frv. verði samþykkt óbreytt. — Einn nefndarmanna (BÓ) var fjarstaddur.

Alþingi, 29. nóv. 1948.

Sigurjón Á. Ólafsson, form., frsm. Páll Zóphóníasson, fundaskr. Gísli Jónsson.

Steingrímur Aðalsteinsson.

Nd. 154. Nefndarálit [10. mál]

um frv. til l. um heimild fyrir ríkisstjórnina til að selja f. h. ríkissjóðs lóð á horni Þverholts og Stakkholts í lögsagnarumdæmi Reykjavíkur.

Frá allsherjarnefnd.

Með bréfi dómsmálaráðuneytisins, dags. 20. sept. 1944, er frú M. Rasmus, fyrrv. forstöðukona Málleysingjaskólans gefið loforð um, að henni verði seld lóð sú, sem í frv. getur, en hún hafði þá undanfarið haft afnot af lóðinni og greitt af henni opinber gjöld. Eftir atvikum leggja undirritaðir nefndarmenn til, að frv. verði samþykkt. Áki Jakobsson var fjarstaddur, þegar málið var afgreitt.

Alþingi, 30. nóv. 1948.

Stefán Stefánsson, form. Finnur Jónsson, fundaskr., með fyrirvara. Jóhann Hafstein, frsm.
Jörundur Brynjólfsson.

Nd. 155. Nefndarálit [8. mál]

um frv. til l. um Landsbókasafn.

Frá menntamálanefnd.

Nefndin hefur athugað frumvarpið og rætt málið við landsbókavörð, háskólabókavörð og varaformann nefndar þeirrar, er samdi frumvarpið. Enn fremur mætti á fundi nefndarinnar fulltrúi frá Tónskáldafélagi Íslands. Nefndin mælir með því, að frumvarpið verði samþykkt með þessum

BREYTINGUM:

1. Við 4. gr. Orðin „sem erlendis eru“ í 2. málsl. falla burt.
2. Á eftir 10. gr. kemur ný grein, svo hljóðandi (greinatalan breytist samkv. því): Íslenzk tónverk og prentmyndir falla undir ákvæði laga þessara.

Alþingi, 30. nóv. 1948.

Páll Þorsteinsson, form., frsm. Gunnar Thoroddsen, fundaskr. Sigfús Sigurhjartarson.
Barði Guðmundsson. Sigurður Bjarnason.

Nd. 156. Nefndarálit [9. mál]

um frv. til l. um afhending skyldueintaka til bókasafna.

Frá menntamálanefnd.

Nefndin hefur athugað frumvarpið og leggur til, að það verði samþykkt óbreytt.

Alþingi, 30. nóv. 1948.

Páll Þorsteinsson, form., frsm. Gunnar Thoroddsen, fundaskr. Sigfús Sigurhjartarson.
Barði Guðmundsson. Sigurður Bjarnason.

Sþ. 157. Fyrirspurnir [87. mál]

til fjármálaráðherra um tekjur og ríkisskatta samvinnufélaganna og samanburð á sköttum hlutafélaga og einstaklinga.

Frá Jóhanni Hafstein.

1. Hverjar voru raunverulegar tekjur (áður en skattar eru dregnir frá) á árunum 1945—47 hjá eftirtöldum samvinnufélögum, og hvernig eru ríkisskattarnir útreiknaðir:
   1. Sambandi íslenzkra samvinnufélaga,
   2. Sláturfélagi Suðurlands,
   3. Kaupfélagi Reykjavíkur og nágrennis,
   4. Kaupfélagi Árnesinga,
   5. Kaupfélaginu í Borgarnesi,
   6. Kaupfélagi Austur-Húnvetninga, Blönduósi,
   7. Kaupfélagi Eyfirðinga,
   8. Kaupfélagi Þingeyinga,
   9. Kaupfélagi Héraðsbúa?

   Óskað er að fá tilgreindar tekjur og skattaútreikning hvers árs fyrir sig. Sérstaklega óskast tilgreint, hvað talið sé arður af viðskiptum við félagsmenn og hvað arður af viðskiptum við utanfélagsmenn.
2. Hvað mundu hlutafélög og einstaklingar hafa greitt í skatta af sömu tekjum og fyrrgreind samvinnufélög?

Ed. 158. Nefndarálit [14. mál]

um frv. til l. um kyrrsetningu og lögbann.

Frá allsherjarnefnd.

Nefndin hefur athugað frv. á nokkrum fundum sínum. Hefur hún sent það til umsagnar lagadeild háskólans og Lögmannafélagi Íslands. Lagadeildin hefur sent álit sitt, og eru flestar brtt. nefndarinnar eftir tillögum hennar. Lögmannafélagið hefur enn ekki sent svar.

Nefndin er sammála um að leggja til, að frv. verði samþykkt með þeim breytingum, er nefndin leggur til og hún flytur á sérstöku þingskjali.

Alþingi, 2. des. 1948.

Guðm. Í. Guðmundsson, form. Lárus Jóhannesson, fundaskr. Þorst. Þorsteinsson, frsm.

Hermann Jónasson. Brynjólfur Bjarnason.

Ed. 159. Breytingartillögur [14. mál]

við frv. til l. um kyrrsetningu og lögbann.

Frá allsherjarnefnd.

1. Við 6. gr. Í stað orðanna „nægilega veðtryggð“ í 1. málsgr. komi: nægilega tryggð.
2. Við 8. gr. Í stað orðanna „eða óvíst má telja, að hann hyggi á afturkomu“ í 1. málsgr. komi: eða líklegt má telja, að hann hyggi ekki á afturkomu.
3. Við 11. gr. Í stað „veðtryggingu“ í 1. málsgr. komi: tryggingu.
4. Við 13. gr. Orðin „til viðurkenningar á því, að krafan sé óréttmæt, og“ í 3. málsgr. falli niður.
5. Við 18. gr. Upphaf 2. málsl. orðist þannig: Þó vinnur grandlaus þriðji maður rétt yfir fasteign, skipi 5 smálesta og stærra og skrásettu loftfari, nema kyrrsetning ....
6. Við 24. gr.
   a. 2. málsgr. falli niður.
   b. Aftan við greinina bætist ný málsgr., svo hljóðandi:
      Um aðilaskipti að kröfu um miskabætur eftir lögum þessum fer samkv. 3. málsgr. 264. gr. almennra hegningarlaga.
7. Við 28. gr. 4. málsgr. orðist þannig:
   Um bætur fyrir miska- og lánstraustsspjöll sakir lögbanna fer eftir því, sem mælt er fyrir í 1. málsgr. 24. gr.

Nd. 160. Frumvarp til laga [88. mál]

um húsaleigu.

Flm.: Sigurður Kristjánsson, Hallgrímur Benediktsson.

1. gr.

Leigu húsnæðis, sem verið hefur í leigu sama manns og frá sama eiganda frá því árið 1939, má segja upp þannig, að húsnæðið verði laust 15. maí 1949. Leigu húsnæðis, sem verið hefur í leigu sama manns og frá sama eiganda frá því árið 1943, má segja upp þannig, að húsnæðið verði laust 1. október 1949. Leigu alls annars húsnæðis má segja upp þannig, að það verði laust 15. maí 1950.

Uppsagnarfrestur samkv. 1. málsgr. má þó ekki vera skemmri en 3 mánuðir og samkv. 2. og 3. málsgr. ekki skemmri en 6 mánuðir.

2. gr.

Með lögum þessum eru úr gildi numin lög nr. 39 7. apríl 1943.

3. gr.

Lög þessi öðlast gildi nú þegar.

Greinargerð.

Húsaleigulög þau, er nú gilda, eru frá 2. apríl 1943. En áður voru í gildi lög um sama efni allt frá 1940. Húsaleigulögin voru sett af styrjaldarástæðum. Höfuðtilgangur laganna var sá að koma í veg fyrir, að tekin yrði óhæfilega há húsaleiga. Ríkið tók sér á þessum árum vald til að leggja verð á margs konar varning og þjónustu til þess að koma í veg fyrir dýrtíð. Þótti ekki óeðlilegt, að húsaleiga væri einnig háð

verðlagsreglum. En með húsaleigulögunum var gengið það framar í þessu efni en á öðrum sviðum, að með þeim voru húseigendur eigi aðeins sviptir þeim rétti að meta sjálfir húsaleigu á húsum sínum, heldur voru þeir um leið sviptir að verulegu leyti umráðarétti yfir húseignunum. Nú eru liðin 8 ár, síðan húsaleigulög voru sett, og á fjórða ár, síðan styrjöldinni lauk. Stórfelldar breytingar á húsnæðismálum og gallar þeir, sem fram hafa komið í lögunum og framkvæmd þeirra, valda því, að lögin eru hætt að ná tilgangi sínum og orðin úrelt.

Nokkur athugun hefur farið fram á því, hve mikið af leiguhúsnæði í Reykjavík sé nú sloppið undan þeim tilgangi húsaleigulaganna að halda húsaleigunni í gamla horfinu. Í ljós kom, að ca. ⅓ af leiguhúsnæði er í húsum, sem byggð hafa verið á tímabili húsaleigulaganna. Leiga í þessu nýja húsnæði er margföld á við húsaleigu í gömlu húsunum. Þetta húsnæði er því í raun og veru komið undan áhrifum húsaleigulaganna. Við athugun, sem fram hefur farið á leigjendaskiptum í eldri húsum á tímabilinu 1940—45, kom í ljós, að nálægt helmingur íbúanna hafði skipt um bústaði. Þetta fólk er einnig komið undan leigumála húsaleigulaganna. Síðan 1945 hafa enn orðið miklar breytingar í þessu efni, svo að varla er óvarlega áætlað, að aðeins ¼ leiguhúsnæðis í Reykjavík sé nú háður hinni lágu verðlagningu samkvæmt húsaleiguvísitölu.

Upphaf 3. gr. húsaleigulaganna er svona: „Leigusala (framleigusala) er óheimilt að leigja öðrum en heimilisföstum innanhéraðsmönnum íbúðarherbergi, og eru slíkir leigusamningar ógildir.“ — Athugun á manntali Reykjavíkur leiðir í ljós, að á tímabilinu 1940—45 fluttust til Reykjavíkur og settust að til frambúðar um 8000 manns. Og þetta aðstreymi hefur haldið áfram.

Það, sem að framan er sagt, sýnir, að þótt húsaleiga hækkaði eitthvað hjá þeim ca. ¼ leigjenda í Reykjavík, sem enn býr við lága húsaleigu, mundi það ekki auka dýrtíðina, svo að neinu verulegu næmi. Það sýnir einnig, að þrátt fyrir bann húsaleigulaganna gegn innflutningi fólks í bæina og vald það, sem lögin gefa húsaleigunefndum í þessu efni, hefur fólksstraumurinn til Reykjavíkur verið gegndarlaus og valdið þeim miklu húsnæðisvandræðum, sem hér eru, og hefur húsaleigunefnd ekki við þetta ráðið. — Allt ber að einum brunni, þeim, að neyðarráðstöfun sú, sem felst í húsaleigulögunum, er úrelt og hætt að ná tilgangi sínum.

Nd. 161. Lög [46. mál]

um eyðingu svartbaks.

(Afgreidd frá Nd. 3. des.)

Samhljóða þskj. 59.

Ed. 162. Breytingartillaga [3. mál]

við brtt. á þskj. 134 (Menningarsjóður).

Frá Þorsteini Þorsteinssyni.

Breytingartillagan hljóði þannig:

Við 1. gr. Greinina skal orða svo:

1. gr. laga nr. 54/1928 skal orða svo (og fellur jafnframt úr gildi 1. gr. laga nr. 70/1936):

Stofna skal sjóð, er nefnist Menningarsjóður. Tilgangur hans er að styðja almenna menningu í landinu, rannsókn íslenzkrar náttúru og þróun þjóðlegrar listar. Ríkissjóður greiðir Menningarsjóði árlega allt að 60 þús. kr. auk verðlagsuppbótar eins og hún er greidd starfsmönnum ríkisins á hverjum tíma.

Ed. 163. Nefndarálit [47. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 58 7. maí 1946, um menntaskóla.

Frá menntamálanefnd.

Nefndin hefur rætt frumvarpið á nokkrum fundum og mælir með, að það verði samþykkt óbreytt.

Á þeim fundi nefndarinnar, þegar málið var afgreitt, voru tveir nefndarmenn, þeir Eiríkur Einarsson og Björn Ólafsson, fjarstaddir.

Alþingi, 3. desember 1948.

Bernh. Stefánsson, form.	Hannibal Valdimarsson, fundaskr., frsm.	Ásmundur Sigurðsson.

Nd. 164. Frumvarp til laga [8. mál]

um Landsbókasafn.

(Eftir 2. umr. í Nd.)

1. gr.

Landsbókasafnið er þjóðbókasafn Íslands.

2. gr.

Hlutverk Landsbókasafnsins er:

1. Að annast söfnun og varðveizlu íslenzkra rita og rita, er varða Ísland eða íslenzk efni, fornra og nýrra, prentaðra og óprentaðra;
2. að halda uppi safni erlendra bókmennta í öllum greinum vísinda, lista, tækni og samtíðarmálefna;
3. að annast rannsóknir í íslenzkri bókfræði;
4. að vinna að kynningu íslenzkra bókmennta og íslenzkrar menningar á erlendum vettvangi.

3. gr.

Landsbókasafn skal þaulsafna öllu prentuðu máli á íslenzku eða því, sem Ísland og íslenzk málefni varðar. Það skal varðveita ónotað eitt eintak af öllu íslenzku prentmáli, sem kostur er á, og skal þeim eintökum fengin sérstaklega örugg geymsla.

4. gr.

Landsbókasafnið varðveitir handritasafn og skal vinna að söfnun íslenzkra handrita og erlendra handrita, er varða íslenzk efni, og greiða fyrir rannsókn þeirra

og útgáfu. Það skal vinna að öflun eftirrita eða mynda af íslenzkum handritum, ef frumritin eru eigi fáanleg.

5. gr.

Landsbókasafn skal halda uppi rannsóknum í íslenzkri bókfræði og gefa út skrár íslenzkra bóka og handrita og önnur rit, er íslenzka bókfræði varða, eftir því sem fé er veitt til í fjárlögum.

6. gr.

Landsbókasafn veitir viðtöku skyldueintökum frá íslenzkum prentsmiðjum og annast ráðstöfun þeirra samkvæmt reglugerð.

Safnið skal reka miðstöð bókaskipta við erlend söfn og vísindastofnanir.

7. gr.

Landsbókasafn skal hafa samvinnu við Háskólabókasafn og sérfræðibókasöfn, sem ríkisstofnanir og félög eiga, um bókakaup og bókalán. Halda skal uppi sérstakri skráningarmiðstöð fyrir söfn þessi, og má fela Háskólabókasafni forstöðu hennar að fengnu samþykki háskólaráðs.

8. gr.

Forseti skipar landsbókavörð. Landsbókavörður stýrir safninu undir yfirstjórn menntamálaráðuneytisins.

Menntamálaráðherra skipar allt að 6 bókaverði, að fengnum tillögum landsbókavarðar.

9. gr.

Laun landsbókavarðar og bókavarða fara eftir launalögum.

10. gr.

Landsbókavörður ræður bókakaupum til safnsins, eftir því sem fé endist til.

Háskólaráð skipar safninu ráðunauta um bókaval, svo marga og í þeim fræðigreinum, sem ástæða þykir til. Starf þeirra er ólaunað.

Landsbókavörður skal leita tillagna ráðunautanna um bókakaup til safnsins.

11. gr.

Íslenzk tónverk og prentmyndir falla undir ákvæði laga þessara.

12. gr.

Menntamálaráðuneytið setur reglugerð um stjórn og starfshætti safnsins, samvinnu þess við önnur bókasöfn og önnur atriði, er ástæða þykir til. Í reglugerð má ákveða viðurlög við brotum notenda á starfsreglum safnsins.

13. gr.

Með lögum þessum falla úr gildi lög nr. 56 22. nóv. 1907, um stjórn landsbókasafnsins, og lög nr. 33 4. júní 1924, um sameiningu yfirskjalavarðarembættisins og landsbókavarðarembættisins.

14. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Nd. 165. Frumvarp til laga [89. mál]

um tekjuskattsviðauka árið 1949.

(Lagt fyrir Alþingi á 68. löggjafarþingi, 1948.)

1. gr.

Auk skatta þeirra, sem í 6. gr. laga nr. 6 1935, sbr. 1. gr. laga nr. 20 1942, og í lögum nr. 21 1942 getur, skal árið 1949 leggja á tekjur ársins 1948 skattauka samkvæmt eftirfarandi reglum:

Af skattskyldum tekjum lægri en 8000 kr., greiðist enginn skattauki.
Af skattskyldum tekjum yfir 8000 kr., en undir 9000 kr., greiðast 2%.

Af	9—	10	þús.	kr.	greiðist	20	kr.	af	9	þús.	og	4	%	af afgangi.
—	10—	12	—	—	—	60	—	—	10	—	—	5	—	— —
—	12—	14	—	—	—	160	—	—	12	—	—	6	—	— —
—	14—	17	—	—	—	280	—	—	14	—	—	7	—	— —
—	17—	20	—	—	—	490	—	—	17	—	—	8	—	— —
—	20—	25	—	—	—	730	—	—	20	—	—	9	—	— —
—	25—	30	—	—	—	1180	—	—	25	—	—	10	—	— —
—	30—	40	—	—	—	1680	—	—	30	—	—	11	—	— —
—	40—	100	—	—	—	2780	—	—	40	—	—	12	—	— —
—	100—	125	—	—	—	9980	—	—	100	—	—	10	—	— —
—	125—	150	—	—	—	12480	—	—	125	—	—	7	—	— —
—	150—	200	—	—	—	14230	—	—	150	—	—	5	—	— —
—	200		—	—	—	16730	—	—	200	—				

2. gr.

Um álagningu, gjalddaga, lögtaksrétt, viðurlög og innheimtu þessa skatts fer að lögum um tekjuskatt og eignarskatt (sbr. lög nr. 20 20. maí 1942, 14. gr. a.).

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Tekjuþörf ríkissjóðs hefur aukizt frá fyrra ári, og er ríkisstjórnin neydd til að halda áfram að innheimta tekjuskattsviðauka á næsta ári.

Frumvarpið er samhljóða lögum nr. 6 1948 að öðru en því, að þau gilda fyrir árið 1949.

Nd. 166. Frumvarp til laga [90. mál]

um heimild fyrir ríkisstjórnina til að innheimta ýms gjöld 1949 með viðauka.

(Lagt fyrir Alþingi á 68. löggjafarþingi, 1948.)

1. gr.

Ríkisstjórninni er heimilt að innheimta á árinu 1949 með 100% viðauka vitagjald, þær aukatekjur ríkissjóðs, sem taldar eru í I.—VI. kafla laga nr. 27 27. júní 1921, stimpilgjald samkvæmt lögum nr. 75 27. júní 1921 og síðari lögum, sem hafa ákvæði um stimpilgjald, leyfisbréfagjöld og lestagjald.

2. gr.

Viðaukann skal reikna þannig, að hver gjaldeining hækki um þann hundraðshluta, sem um ræðir í 1. gr., en broti úr eyri, sem myndast við viðbót þessa, skal sleppt.

3. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1949.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Hér er um að ræða framlenging á gildi ákvæða, sem undanfarin ár hafa gilt frá ári til árs, og eru þau hér framlengd til ársloka 1949. Ákvæðin um heimild á hækkun gjalds af innlendum tollvörum eru tekin í annað frumvarp og því er þeim sleppt hér.

Ed. 167. Frumvarp til laga [91. mál]

um skipamælingar.

(Lagt fyrir Alþingi á 68. löggjafarþingi, 1948.)

1. gr.

Skipaskoðunarstjóri fer með þau mál, er í lögum þessum greinir, undir yfirstjórn þess ráðherra, er siglingamál lúta.

2. gr.

Skipaskoðunarstjóri löggildir menn eftir þörfum til þess að vinna störf lögum þessum samkvæmt. Skilyrði til löggildingar eru þessi:

1. Óflekkað mannorð.
2. Lögræði.
3. Fjárforræði.
4. Þekking á reglum þeim, er um skipamælingar gilda, og nauðsynleg leikni í notkun þeirra. Ráðherra getur sett reglur um prófraun skipamælingamanna eftir tillögum skipaskoðunarstjóra.

Áður en skipamælingamaður tekur til starfa, skal hann rita undir heit, þar sem hann leggur við drengskap sinn og heiður, að hann skuli rækja starfann með trúmennsku og samvizkusemi.

3. gr.

Ráðherra getur skipt landinu í skipamælingaumdæmi eftir tillögum skipaskoðunarstjóra, enda sé í hverju umdæmi kostur eins eða fleiri löggiltra skipamælingamanna. Skipaskoðunarstjóra er þó rétt að láta löggiltan mælingamann framkvæma mælingar utan umdæmis síns, hve nær sem ástæða þykir til.

4. gr.

Skip í lögum þessum tekur til hvers fljótandi fars, sem er 6 metra langt eða meira og skráð er eða skrá skal hér á landi.

Skip skal mæla samkvæmt „Alþjóðareglum um mælingar skipa“ („International Regulations for Tonnage Measurement of Ships“), gefnum út í Genf af Þjóðabandalaginu 30. júní 1939, eins og mælt er í samningi undirrituðum í Osló 10. júní 1947.

Ráðherra getur undanþegið skip mælingu eftir tillögum skipaskoðunarstjóra, ef alveg sérstaklega stendur á.

5. gr.

Reikna skal gjöld öll af skipum, sem miðuð eru við nettórúmlestatal, samkvæmt mælingu, gerðri eftir ákvæðum 4. gr.

6. gr.

Nú er skip byggt á landi hér, og skal þá skipasmiður eða fyrirsvarsmaður hans senda mælingamanni í umdæminu (í Reykjavík skipaskoðunarstjóra) skriflega tilkynningu um skipsmíð með uppdráttum af skipi og einstökum hlutum þess og þeim öðrum gögnum, er skipaskoðunarstjóri getur ákveðið, svo tímanlega, að mæla megi jafnskjótt sem þilfar er lagt og innanborðsþiljur hafa verið settar. Vistarverur og önnur hýsi ofan þilfars skal mæla svo fljótt sem unnt er, áður en mælibréf er útgefið.

7. gr.

Nú er skipi breytt þannig, að rúmlestatal breytist, og er þá skylt að tilkynna það samkvæmt 6. gr., eftir því sem við á, enda skal þá, þegar er unnt er, ný mæling fara fram, að því leyti sem hún er nauðsynleg til ákvörðunar rúmlestatali skips. Síðan skal gefa út nýtt mælibréf, ef breyting hefur orðið á rúmlestatali.

Skila skal jafnan mælibréfi, er nýtt er gefið út.

8. gr.

Nú verða breytingar á stærð þeirra rúma, sem eru undanþegin mælingu eða dregin eru frá, þegar rúmtak er reiknað, eða breyting er gerð á notkun slíkra rúma, og ber skipstjóra eða eiganda að tilkynna það samkvæmt 6. gr. Skal þá mæla skip af nýju, að því leyti sem það er nauðsynlegt til ákvörðunar lestatals þess, og nýtt mælibréf gefið út eða tilgreint á fyrra mælibréfi, hvað breytzt hafi, ef stærðin er hin sama og áður á alla vegu.

9. gr.

Nú er skipt um nafn á skipi, og skal þá mæla skip af nýju, áður en nýtt mælibréf er gefið út, nema sannað sé, að engin sú breyting hafi verið gerð á skipi, er máli skipti um rúmlestatal þess eða greinargerð í mælibréfi varðandi það.

10. gr.

Samkvæmt ósk eiganda skips eða skipstjóra skal mæla skip af nýju, nema skipaskoðunarstjóri telji slíka mælingu algerlega ástæðulausa.

Nú er skip mælt upp, og fer þá um útgáfu mælibréfs eftir 9. gr.

11. gr.

Skipaskoðunarstjóri getur, hvenær sem honum þykir ástæða til, látið mæla skip. Nú kemur það fram, að breytingar, er í þessu efni skipta máli, hafa orðið á skipi, síðan það var mælt og ekki hefur verið sagt til þeirra, og skal mæling þá fara fram á kostnað eiganda skips. Annars kostar fer mæling fram á kostnað ríkissjóðs. Ef breytingar samkvæmt framanskráðu hafa orðið, fer um útgáfu mælibréfs eftir 9. gr.

12. gr.

Nú er skip smíðað hér, eða því er breytt, fyrir erlendan aðilja, og má þá mæla það hér og gefa út mælibréf. Svo má og mæla hér hvert erlent skip eftir beiðni hlutaðeigandi ríkisstjórnar og gefa út mælibréf, enda sé henni þegar sent eftirrit af því ásamt mælingarskýrslum.

Skip erlendra aðilja skal eigi mæla, er þau koma hingað, ef þau eru úr ríki, sem bundið er við Oslóarsamninginn 10. júní 1947 og mæld hafa verið samkvæmt Genfarsamþykkt 30. júní 1939. Sama er um skip úr öðru ríki, ef Ísland er samningi bundið um viðurkenningu mælibréfa, sem þar hafa verið gefin út. En rétt er þó að líta eftir því, skipi að kostnaðarlausu, að nettórúmlestatal það, sem merkt er á skip, svari til

þeirrar nettórúmlestatölu, sem mælibréf greinir, og að skipi hafi ekki verið breytt svo að máli skipti í þessu sambandi, eftir útgáfu mælibréfs. Nú verður það leitt í ljós, að öðruvísi er háttað að þessu leyti en í mælibréfi segir, og skal þá tafarlaust skýra skipamælingayfirvöldum þess ríkis frá því.

13. gr.

Nú verða eigendaskipti að skipi, og það skal skrá í öðru ríki, og skal þá senda mælingayfirvöldum þess ríkis eftirrit af mælibréfi, ef það ríki er bundið við Oslóarsamninginn 10. júní 1947 eða samningar standa annars til þess, ásamt mælingarskýrslum.

14. gr.

Nú er skip smíðað fyrir íslenzkan aðilja, eða því er breytt erlendis, sbr. 7. gr., eða íslenzkur aðili verður eigandi erlends skips, og ber þá að mæla það hér og gefa síðan út mælibréf. Ef það ríki, sem hlut á að máli, er aðili að Oslóarsamningnum 10. júní 1947, þá skal þegar gefa út mælibréf handa skipinu, nema sérstök þörf hafi verið til þess að mæla það upp, enda skal því þá að henni lokinni gefið mælibréf.

15. gr.

Skip, sem mæld hafa verið samkvæmt reglum Genfarsamþykktar 30. júní 1939, sbr. Oslóarsamninginn 10. júní 1947, skulu fá svonefnt „alþjóðlegt mælibréf samkvæmt Oslóarsamningi 10. júní 1947“ („International Tonnage Certificate in accordance with Convention of June tenth 1947“), og skal gefa þau út bæði á íslenzku og ensku.

Sama rétt sem alþjóðlegt mælibréf veitir mælibréf, sem grundvallað er á hinni svonefndu „ensku aðferð“, og gefið er út í því landi, sem skip á heima í, áður en Oslóarsamningurinn kom til framkvæmdar.

Gerð og efni mælibréfa skal vera samkvæmt fyrirmynd, sem fylgir Oslóarsamningnum, 5. gr. hans.

16. gr.

Skipasmið, eiganda og skipstjóra er skylt að liðsinna skipamælingamönnum og létta þeim starf þeirra og ryðja úr vegi öllu, er tálma kann því, eftir föngum.

17. gr.

Gjöld í ríkissjóð fyrir allar mælingar skipa samkvæmt lögum þessum, dagpeninga og ferðakostnað mælingamanna ábyrgist eigandi skips og skipstjóri, ef hann skal beiðast mælingar. Ráðherra setur eftir tillögum skipaskoðunarstjóra gjaldskrá um mælingagjald og dagpeninga og úrskurðar ferðakostnaðarreikninga mælingamanna, ef þörf gerist. Gjöld, dagpeningar og ferðakostnaður eru tryggð með lögveði í skipi með sama hætti sem hafnsögumannskaup.

18. gr.

Brot skipasmiða, eiganda eða fyrirsvarsmanna hans og skipstjóra á skyldum þeim, sem þeim á hendur eru mæltar í lögum þessum, varða sektum í ríkissjóð frá 100—10000 kr., nema þyngri refsing liggi við að lögum.

19. gr.

Lög þessi öðlast gildi frá 1. janúar 1949.

Frá sama tíma er úr lögum numin tilskipun 25. júní 1869, um skipamælingar, svo og önnur ákvæði í lögum, er fara í bága við lög þessi.

Skip, sem mæld hafa verið áður en lög þessi gengu í gildi eftir hinni svonefndu „ensku aðferð“, þarf eigi að mæla af nýju, að öllu óbreyttu, er máli skiptir um rúmlestatal þeirra, og fá skulu þau alþjóða mælibréf, sbr. 15. gr. Önnur skip þarf að mæla upp, og gefa síðan þeim til handa alþjóðlegt mælibréf.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Hinn 30. júní 1939 varð samkomulag í Genf um reglur um mælingu skipa. Og 10. júní 1947 var samningur undirritaður í Osló um það, að ríki þau, sem aðiljar eru eða verða að honum, skuli mæla skip sín eftir fyrirmælum Genfarsamkomulagsins. Undir Oslóarsamninginn rituðu fulltrúar frá Norðurlöndum, Frakklandi, Hollandi og Belgíu. Auk þess geta fleiri ríki gerzt aðiljar. Þau ríki, sem við samning þenna verða bundin, verða að færa löggjöf sína um skipamælingar til samræmis áðurnefndum samningi. Ákvæði um skipamælingar hér á landi eru nú í tilsk. 25. júní 1869, sem því þarf nú að breyta. Frumvarp þetta er í þessu skyni flutt. Auk ákvæða Oslóarsamningsins og tilsk. 29. júní 1869 hafa lög Norðmanna um skipamælingar frá 8. júní 1928 verið höfð til hliðsjónar við samningu frumvarps þessa.

Um 1.—3. gr.

Skipaskoðunarstjóri annast nú eða lætur annast mælingar skipa, og er einsætt að halda þeirri skipun. Landinu er nú skipt í lögbundin skipaskoðunarumdæmi, samkvæmt 10. gr. laga nr. 68/1947, en hallkvæmara virðist að fela ráðherra með atbeina skipaskoðunarstjóra skiptingu landsins í skipamælingaumdæmi, með því að reynsla kann að sýna það, að breytinga þurfi á þeirri skiptingu, sem upphaflega er gerð, og sýnist þá óþarft að leita þurfi hverju sinni til löggjafarvaldsins um slíkar breytingar.

Um 4. gr.

Mælingarskyldan tekur til allra skoðunarskyldra fljótandi fara samkvæmt 2. gr. laga nr. 68/1947, er hér eru skráð eða hér skal skrá. Og er svo mælt samkvæmt tillögum skipaskoðunarstjóra. Í tilsk. 25. júní 1869, 1. gr. 1. tölul. eru herskip og stjórnarskip, innlend og erlend, er eigi annast farmflutninga, undan mælingu þegin. Hér er lagt til, að ráðherra geti undanþegið skip skyldunni, ef sérstaklega stendur á. Og mundi það verða gert um erlend skip, er hingað koma, þar sem samningar standa til eða millirikjavenjur. Og ráðherra getur mælt íslenzk stjórnarskip undan mælingarskyldu, eftir því sem við þykir eiga.

Um 5. gr.

Þykir eigi þurfa að skýra.

Um 6. gr.

Nauðsynlegt er, að viðkomandi mælingamanni sér skýrt frá skipsmíð svo tímanlega, að hann geti mælt það neðan þilja, meðan hægast er að framkvæma mælingu. Sbr. annars 11. gr. tilsk. 25. júní 1869.

Um 7.—9. gr.

Breytingar á skipi, er hafa í för með sér eða kunna að hafa í för með sér breytingar á rúmlestatali þess, er og nauðsynlegt að tilkynna, svo að mæling geti farið fram. Ef breytt er um nafn á skipi, þarf og að ganga úr skugga um það, hvort því hefur jafnframt verið breytt að rúmmáli eða ekki, og þá mæla það upp, ef efni standa til.

Um 10. gr.

Stundum ber það við, að menn krefjast uppmælingar á skipi alveg að ástæðulausu, og virðist þá rétt að heimila skipaskoðunarstjóra að synja kröfu þar um.

Um 11. gr.

Ef skipaskoðunarstjóri hefur vissu eða grun um, að mæling sé röng eða breytingar hafi verið gerðar á skipi, án þess að til þeirra hafi verið sagt, þá er einsætt,

að hann getur látið mæla skip upp. Ef breytingar, sem máli skipta, hafa engar verið gerðar, þá er sannlegt, að ný mæling komi eiganda eigi að gjaldi. Sbr. 2. málsgr. 17. gr. tilsk. 25. júní 1869.

Um 12. gr.

1. málsgr. tekur til skipa, sem byggð eru eða breytt er hér fyrir erlendan aðilja, og má þá auðvitað mæla það hér, enda nauðsynlegt vegna afgreiðslu þess héðan og ákvörðun hafnargjalda o. s. frv.

Í 2. málsgr. segir um erlend skip, er hingað koma. Þau þarf eigi að mæla, ef þau hafa mælibréf samkvæmt Oslóarsamningnum eða ef Ísland er annars samningum bundið um viðurkenningu mælibréfa heimaríkis skips. Sbr. og 15. gr. frv., 2. málsgr. En samkvæmt Oslóarsamningnum er þó rétt að ganga úr skugga um það, að rúmlestatal það, sem merkt er á skip, svari til rúmlestatölu þess samkvæmt mælibréfi, og að skipi hafi eigi síðar verið breytt.

Um 13. gr.

Hún tekur til íslenzkra skipa, sem verða eign erlendra aðilja, og er íslenzkum mælingayfirvöldum þá gert skylt að senda samsvarandi yfirvöldum erlendis, þar sem Oslóarsamningurinn eða aðrir samningar standa til, eftirrit af mælibréfi með greinargerð um mælinguna sjálfa.

Um 14. gr.

Hér segir um erlent skip, sem verður eign íslenzks aðilja, og íslenzk skip, sem breytt er erlendis. Aðalreglan er þá sú, að skip verður hér mælt eða mælt upp. En undantekningar eru frá henni, ef skip er frá ríki, sem við Olslóarsamninginn eða sérsamning við Ísland er bundið. Þá hefur það mælibréf, sem hér er viðurkennt, og þá verður hér mælibréf út gefið samkvæmt því, nema einhver sérstök ástæða þyki til uppmælingar.

Um 15. gr.

Í viðbót við Oslóarsamninginn er fyrirmynd mælibréfs, og er öllum aðiljum hans skylt að hafa enska texta mælibréfs eftir þeim viðbæti. Mælibréf gefið út, er mæling var gerð eftir ensku aðferðinni, áður en Oslóarsamnngurinn kemur til framkvæmdar, veitir samkvæmt honum sama rétt og alþjóðamælibréf eftir þeim samningi, enda þarf eigi að mæla þau skip, er eftir ensku aðferðinni hafa þá verið mæld, aftur, sbr. 19. gr. 2. mgr. frv.

Um 16.—19. gr.

Þykir ekki þurfa að skýra.

Ed. 168. Frumvarp til laga [92. mál]

um breyting á lögum nr. 60 1939, um gjald af innlendum tollvörutegundum.

(Lagt fyrir Alþingi á 68. löggjafarþingi, 1948.)

1. gr.

Ríkisstjórninni er heimilt að innheimta á árinu 1949 með 350% álagi gjald samkvæmt lögum nr. 60 1939, um gjald af innlendum tollvörutegundum. Hækkun þessi tekur þó ekki til gjalds af kaffibæti samkvæmt 1. lið 3. kafla greindra laga.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Með lögum nr. 121/ 1947 var ríkisstjórninni heimilað að innheimta gjald af innlendum tollvörum á árinu 1948 með 50% viðauka. Með lögum nr. 18/1948 var henni heimilað að innheimta gjald þetta, eins og það var orðið með 50% viðaukanum, með 100% álagi. Með lögum nr. 50/1948, 5. lið, var 100% álagið hækkað upp í 200%. Allar þessar hækkanir samantaldar nema 350%, þannig að gjald það, sem samkv. lögunum nr. 60/1930 var 1 króna er nú kr. 4.50. Tekjuþörfin, sem réttlætti hækkanir þessar á árinu 1948, er engu minni nú, og er því hér lagt til að þær verði einnig heimilaðar 1949. Réttara er auðvitað og greinilegra að hafa þær í einum lögum.

Ed. 169. Frumvarp til laga [93. mál]

um breyting á lögum nr. 62/1939, um tollskrá o. fl.

(Lagt fyrir Alþingi á 68. löggjafarþingi, 1948.)

1. gr.

Á árinu 1949 skal innheimta:

A. Vörumagnstoll samkvæmt lögum nr. 62/1939, um tollskrá o. fl., og síðari breytingum á þeim lögum, með þessum hækkunum:
   a. Af benzíni, öðru en flugvélabenzíni, samkvæmt 27. kafla tollskrárinnar, 15. lið, með 20 aurum af kg í stað 1 eyris.
   b. Af öllum öðrum vörum með 200% álagi, þó ekki af flugvélabenzíni og vörum þeim, sem taldar eru í 2. gr.

B. Verðtoll samkvæmt sömu lögum með 65% álagi, þó ekki af vörum þeim, sem taldar eru í 2. gr.

2. gr.

Undanþegnar tollhækkun þeirri, er getur í b-lið A og B-lið 1. gr., eru þessar vörur:

Tollskrárkafli	9	nr. 1—2,	kaffi, óbrennt, brennt, eða brennt og malað.
—	10	— 1—7,	korn, ómalað.
—	11	— 1—12,	mjöl og grjón.
—	17	— 1—6,	sykur.
—	22	— 6—38,	drykkjarvörur og ýmislegir vökvar.
—	24	— 1—9,	tóbak.
—	25	— 10,	salt.
—	27	— 1—4,	kol.
—	—	— 14,	steinolía.

Enn fremur eru vörur, sem sérstakur tollur er greiddur af vegna milliríkjasamninga, undanskildar tollhækkun samkvæmt þessum kafla.

3. gr.

Ekki er heimilt að hækka álagningu verzlana á vörur vegna tollahækkana samkvæmt lögum þessum, og er verðlagsyfirvöldum skylt að sjá um, að svo verði ekki gert, annaðhvort með því að banna álagningu á tollahækkunina eða með því að breyta verðlagsákvæðum þannig, að álagningin hækki ekki að krónutölu vegna tollhækkunarinnar frá því, sem er við gildistöku laga þessara.

4. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1949.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Með lögum nr. 28/1947 var ákveðin til ársloka 1947 hækkun á vörumagnstolli og verðtolli. Ákvæði laganna voru framlengd fyrir árið 1948 með VI. kafla laga nr. 128/1947, um dýrtíðarráðstafanir. Í frumvarpi þessu eru framlengd til ársloka 1949 ákvæði fyrrgreindra laga, óbreytt að efni til, en nokkuð breytt að orðalagi.

Tekjuþörf ríkissjóðs er sízt minni nú en undanfarin 2 ár, og er því ekki talið fært annað en að leggja til, að tollahækkunin verði látin gilda fyrir árið 1949.

Ed. 170. Lög [15. mál]

um breyting á lögum nr. 28 23. apríl 1946, um virkjun Sogsins.

(Afgreidd frá Ed. 6. des.)

Samhljóða þskj. 15.

Ed. 171. Lög [5. mál]

um breyting á lögum nr. 91 frá 19. júní 1933, um innflutningsbann á niðursoðinni mjólk.

(Afgreidd frá Ed. 6. des.)

Samhljóða þskj. 113.

Ed. 172. Frumvarp til laga [14. mál]

um kyrrsetningu og lögbann.

(Eftir 2. umr. í Ed.)

Samhljóða þskj. 14 með þessum breytingum:

6. gr. hljóðar svo:

Fjármuni skuldunauts má kyrrsetja til tryggingar fullnustu lögvarinnar kröfu til peninga eða peningaverðmætis, enda sé krafan fallin í gjalddaga, eigi nægilega tryggð og eigi megi tryggja hana með aðför.

Kyrrsetning má þó gera, enda þótt krafa sé ekki fallin í gjalddaga:

1. Ef ástæða er til ótta um undanskot, eyðslu eða spjöll á fjármunum, þar á meðal á veði, af hálfu skuldunauts eða annarra, áður en aðför verði gerð.
2. Ef annars má óttast það eftir högum eða framferði skuldunauts, að hann muni sérstaklega torvelda fullnustu kröfu, eða ef aðför þyrfti að gera erlendis, ef fjármunir hans yrðu ekki kyrrsettir hér á landi.

Um sjólánsveð fer eftir ákvæðum siglingalaga.

Eigi má kyrrsetningu gera til tryggingar sektagreiðslu, nema svo sé sérstaklega mælt í lögum.

8. gr. hljóðar svo:

Kyrrsetja má mann, ef svo er farið, að hann er á förum eða hyggst bráðlega að fara af landi burt, án afturkomu eða líklegt má telja, að hann hyggi ekki á afturkomu til landsins, og hann á að svara til kröfu, sem sækja má fyrir hérlendum dómi, enda megi telja kyrrsetningu nauðsynlega til tryggingar fullnustu þeirrar kröfu og eigi sé fullnægjandi trygging sett eða næg verðmæti finnist hér á landi til kyrrsetningar.

Kyrrsetning á manni má verða með tvennum hætti:

1. Varðhaldsvist. Þá má aðbúnaður og meðferð gerðarþola eigi lakari vera en fanga í gæzluvarðhaldi, enda skal taka til greina sérhagi hans með sama hætti sem sérhagi gæzlufanga. Gerðarhafi skal greiða fyrir fram á hverjum tveggja vikna fresti fúlgu með gerðarþola eftir ákvörðun fangavarðar, sem bera má þó undir fógeta til fullnaðarúrlausnar.
2. Farbann. Skal þá bjóða gerðarþola að halda sig í ákveðnu marki, enda má þá fela tilteknum manni að hafa eftirlit með honum. Fógeti ákveður þá hverju sinni, hvort fúlgu skuli greiða og hversu mikla. Nú rýfur gerðarþoli farbann, og má þá varðhaldsvist beita.

Kyrrsetning fellur niður, jafnskjótt sem aðför má gera til tryggingar kröfu, og ef fúlga greiðist ekki svo sem mælt er.

Eigi má varðhaldsvist hafa, ef krafa að innstæðu til nemur minna en 500 krónum eða 500 kr. virði og aldrei má kyrrsetning á manni standa sex mánuðum lengur.

Sama mann má einungis einu sinni kyrrsetja vegna sömu kröfu.

Eigi má kyrrsetja skipverja ferðbúins skips, sem skrásett er á landi hér, nema skipstjóri leyfi eða útgerðarmaður, ef um skipstjóra er að tefla.

Eigi má kyrrsetja alþingismann, meðan Alþingi stendur.

Haldast skulu ákvæði framfærslulaga um aðgerðir gagnvart þeim, er eigi gegna framfærsluskyldum sínum.

11. gr. hljóðar svo:

Í upphafi gerðar skal fógeti spyrja gerðarþola, ef hann er við staddur, um álit hans á kröfu þeirri, er kyrrsetning varðar, gjalddaga, tryggingu og önnur þau atriði, er máli skipta. Ef gerðarþoli er fjarstaddur, er fógeta heimilt og eftir atvikum skylt að veita honum kost á að koma fyrir dóm, enda verði hagsmunum gerðarbeiðanda ekki stofnað þar með í hættu. Rétt er fógeta að láta sækja gerðarþola með valdi, ef návist hans telst nauðsynleg vegna framkvæmdar gerðar.

Fresti má að jafnaði ekki veita gerðarþola gegn mótmælum gerðarbeiðanda, nema tryggt sé, að rétti hans verði eigi fyrir það spillt.

13. gr. hljóðar svo:

Nú er nægileg trygging sett fyrir greiðslu kröfu með vöxtum til áætlaðs greiðsludags eða gjalddaga, ef krafa er ekki fallin í gjalddaga, og kostnaði, og má kyrrsetning þá ekki fram fara, enda skal fella hana niður, jafnskjótt sem nægileg trygging kann síðar að verða sett. Um mat tryggingar fer samkvæmt 12. gr.

Tryggingu skal skila, þegar krafa sú fellur niður, sem tryggð er. Sama er, ef gerðarbeiðandi gerir ekki reka að viðurkenningu kröfu sinnar fyrir sátt eða dómi innan 4 vikna frá því, er trygging var sett, ef krafa var þá fallin í gjalddaga, en ella innan 4 vikna frá gjalddaga.

Rétt er gerðarþola að höfða mál til lausnar tryggingar.

18. gr. hljóðar svo:

Óheimilt er gerðarþola að ráðstafa kyrrsettum munum með samningum, þannig að í bága fari við rétt gerðarbeiðanda, enda er gerðarbeiðandi ekki bundinn gagnvart þriðja manni við slíkar ráðstafanir. Þó vinnur grandlaus þriðji maður rétt yfir fasteign, skipi 5 smálesta og stærra og skrásettu loftfari, nema kyrrsetning hafi verið þinglesin (innrituð í Reykjavík), og yfir viðskiptabréfum, nema athugasemd um kyrrsetningu hafi verið á þau skráð. Tilkynna þarf skuldunaut, ef krafa er kyrrsett og geymslumanni kyrrsetts hlutar kyrrsetningu. Annars kostar er þeim rétt að greiða gerðarþola skuld eða skila honum hlut, ef þeir eru grandlausir um kyrrsetningu. Sama er um vaxtagreiðslur af skuld samkvæmt viðskiptabréfi.

Nd. 173. Breytingartillaga [8. mál]

við frv. til l. um Landsbókasafn.

Frá Finni Jónssyni.

Við 2. gr. bætist nýr liður, er verði tölul. 5., svo hljóðandi:
að efla bókfræðiiðkanir, m. a. með því að gefa landsmönnum kost á að kynna sér innlendar og erlendar bækur, sem í safninu eru.

Ed. 174. Frumvarp til laga [94. mál]

um nauðungaruppboð.

(Lagt fyrir Alþingi á 68. löggjafarþingi, 1948.)

I. KAFLI
Almenn ákvæði.

1. gr.

Samkvæmt lögum þessum fara:
1. Uppboð til fullnustu fjárkröfum samkvæmt heimild í
   a. Aðfarargerð (fjárnámi, lögtaki).
   b. Samningi um veðrétt í fasteign, þar sem slíkt er heimilað í lögum.
   c. Samningi um handveð.
   d. Skiptameðferð þrotabúa, skuldafrágöngu dánarbúa og annarra búa, þar sem enginn ber almennt ábyrgð á skuldum.
   e. Lögum, þar sem aðilja er mæltur lögveðsréttur í verðmætum til tryggingar greiðslu og sala heimiluð án aðfarar.
2. Uppboð til sölu á munum, er uppboðsbeiðandi hefur haldsrétt á sér til tryggingar.
3. Uppboð á strandmunum og vogrekum.

2. gr.

Sýslumenn í sýslum, bæjarfógetar í kaupstöðum og borgarfógeti í Reykjavík halda uppboð. Í kauptúnum, þar sem sérstakur lögreglustjóri er skipaður, heldur hann uppboð. Nefnast emættismenn þessir uppboðshaldarar, er þeir fara með uppboðsmál.

Athafnir þessara embættismanna eru dómsathafnir, nema öðruvísi sé mælt í lögum. Uppboð skal halda á dómþingi.

Uppboðsbók skal vera við hvert framannefndra embætta, svo úr garði gerð sem lög mæla.

Vottar tveir skulu við uppboð vera, og fer um þá að lögum.

Uppboðshaldari úrskurðar öll atriði varðandi uppboð.

Uppboðshaldari má hvorki gera sjálfur boð á uppboði né láta annan mann gera það fyrir sína hönd.

3. gr.

Rétt er, að hreppstjóri haldi uppboð á fjármunum þeim, er í III. kafla laga þessara greinir, enda nemi innstæða hverrar þeirrar kröfu, er selja skal til greiðslu á, eigi yfir 2000 krónur. Uppboðshaldari getur þó falið á sína ábyrgð hreppstjóra að halda uppboð, þótt ofannefndum skilyrðum sé ekki fullnægt, enda megi telja hagsmunum aðilja fullkomlega borgið.

Hreppstjóri má skrá uppboð í hreppsbók, ef honum hefur ekki verið fengin sérstök löggilt uppboðsbók.

Ákvæði 2. gr. um votta og bann við boði á uppboði tekur og til hreppstjóra.

4. gr.

Ákvæði laga nr. 85/1936 um dómara, þinghöld, aðilja, málflytjendur, málflutning, fresti, hafningu máls, aðiljaskýrslur, vitni, skjöl, mat og skoðun, réttarfarssektir, málskostnað, úrskurði, áfrýjun og kæru taka og til uppboðs, eftir því sem við getur átt, nema öðruvísi sé mælt í lögum þessum.

Áfrýjunarfrestur samkvæmt 197. gr. téðra laga skal vera 4 vikur frá lokum þeirrar dómsathafnar, sem áfrýja skal, en veitt getur dómsmálaráðherra þó leyfi til áfrýjunar næstu þrjá mánuði frá sama tíma, ef sérstaklega stendur á.

5. gr.

Vörzlumanni þeirra verðmæta, er selja skal, er skylt að veita uppboðshaldara (hreppstjóra) og væntanlegum kaupendum aðgang að þeim eftir þörfum, eftir að uppboð hefur verið auglýst, og fræðslu um þá eftir föngum, þar til er sala fer fram, enda er lögreglumönnum skylt að veita uppboðshaldara (hreppstjóra) nauðsynlega aðstoð í því efni, ef hann krefst þess.

Nú reynist nauðsynlegt að taka muni þá, er selja skal, með valdi úr vörzlum manns, og er uppboðshaldara þá rétt að framkvæma allt þar að lútandi með sama hætti sem fógeta.

6. gr.

Beiðni um uppboð skal vera skrifleg. Greina skal þar svo, að ekki verði um villzt, nafn, heimili og stöðu uppboðsbeiðanda og uppboðsþolanda og eftir föngum aðra menn, er réttindi eiga í söluverðmætum. Greina skal og þau verðmæti nægilega glöggt, svo sem fasteign, skip, flugvél, bifreið o. s. frv. með viðeigandi merkjum eða einkennum, verðbréf með flokkstölu, bókstaf og númeri, ef því er að skipta, vörutegund, ef vörur skal selja, skepnur, svo sem hross, kýr o. s. frv. Gera skal og grein fyrir uppboðsheimild og láta þau skjöl fylgja, er sanna hana, svo sem eftirrit af lögtaksgerð eða fjárnáms, veðskuldabréf, handveðssamning o. s. frv. Uppboðshaldari getur og lagt fyrir uppboðsbeiðanda, að veðbókarvottorð verði lagt fram fyrir hann, ef beiðzt er uppboðs á fasteign eða skipi, bifreið eða flugvél.

Nú fer sá, er uppboð heldur, sjálfur með innheimtu þeirrar kröfu, er greiða skal með uppboðsandvirði, og gilda þá ákvæði 1. málsgr. ekki.

Uppboðshaldari (hreppstjóri) tilkynnir uppboðsþolanda þegar beiðni með þeim hætti, er hlýða þykir.

7. gr.

Nú er uppboðsheimild skotið til æðra dóms, eftir að uppboðs hefur verið beiðzt, og skal þá uppboði fresta, unz málskot er til lykta leitt. Þó má, þrátt fyrir málskotið, selja muni, sem liggja undir skemmdum eða undirorpnir eru verðrýrnun að marki, eða ef geymsla þeirra er sérstökum vandhæfum bundin vegna kostnaðar eða annarra orsaka.

8. gr.

Aðiljar uppboðs eru:

1. Uppboðsbeiðandi.
2. Uppboðsþolandi.
3. Veðhafar og þeir aðrir, sem tjá sig eiga réttindi í söluverðmætum og koma fram fyrir uppboðshaldara í því skyni.
4. Þriðji maður, er annars kemur fram á uppboði með réttarkröfu varðandi söluverðmæti eða andvirði þess eða til áfrýjunar uppboðs í heild eða einstakra hluta þess.

9. gr.

Kaupréttur, forkaupsréttur, endurkaupsréttur eða innlausnarréttur veita ekki heimild til þess að ganga inn í boð annars manns á uppboðsþingi, nema svo sé sérstaklega mælt í lögum.

Samningur um það, að eigi skuli maður bjóða á uppboði eða einungis bjóða að tilteknu marki, er ógildur.

Nú hefur maður afsalað sér rétti til tilkynningar, sem í lögum þessum eru mælltar, og er þá slíkt afsal ógilt.

10. gr.

Til uppboðskostnaðar telst:

1. Gjöld í ríkissjóð.
2. Vottagjöld, auglýsingakostnaður, burðargjald og símskeyta, ferðakostnaður uppboðshaldara (hreppstjóra), þóknun hreppstjóra, er uppboð heldur, og greiðslur til annarra, sem kvaddir eru til starfa eða skýrslugjafar vegna uppboðs.
3. Sanngjörn þóknun til lögfræðilegs ráðunautar uppboðsbeiðanda, sbr. 1. málsgr. 21. gr.
4. Innheimtukostnaður.
5. Annar kostnaður, sem leiðir af nauðsynlegum eða heppilegum aðgerðum vegna uppboðs.

Það skilyrði má setja fyrir því, að uppboðsbeiðni verði tekin til meðferðar, að sett sé trygging fyrir greiðslu áætlaðs kostnaðar af aðgerðum vegna árangurslauss uppboðs eða uppboðs, sem aldrei varð haldið, aflýsinga á uppboði eða ef annars má vafi á því leika, að kostnaður fáist greiddur af uppboðsandvirði.

Nú verður eigi af uppboði, og skal því þá aflýst með auglýsingu, birtri einu sinni í Lögbirtingablaði, ef þess er kostur nægilega fljótt, á kostnað uppboðsbeiðanda eða uppboðsþolanda eftir ákvörðun uppboðshaldara (hreppstjóra).

11. gr.

Skylt er þeim, er uppboð heldur, að annast innheimtu uppboðsandvirðis, nema allir aðiljar verði á annað sáttir.

Innheimtulaun skal eigi greiða af þeim hluta uppboðsandvirðis, sem kaupandi tekur undir sjálfum sér, áfram stendur veðtryggt í eign eða kaupandi og kröfuhafi semja um greiðslu á án nokkurs atbeina þess, er innheimtu annast.

Innheimtulaun uppboðshaldara (hreppstjóra) skal ákveða í gjaldskrá, er dómsmálaráðherra setur að fengnum tillögum stjórnar Félags héraðsdómara.

II. KAFLI

Um uppboð á fasteignum og skipum.

12. gr.

Samkv. þessum kafla fara og uppboð á erfðafesturétti, erfðaábúðarrétti, grunnleigurétti og öðrum slíkum fasteignaréttindum, að því leyti sem slík réttindi mega ganga kaupum og sölum, svo og uppboð á byggingum og mannvirkjum á slíkum löndum, hvort sem þau eru seld með réttindunum eða sér. Sama er um uppboð á byggingum og öðrum mannvirkjum, sem á annars manns fasteign standa.

Skip í þessum kafla tekur til fljótandi fara fimm smálesta eða stærri.

13. gr.

Þá er uppboðshaldara hefur borizt uppboðsbeiðni með viðeigandi gögnum, kynnir hann sér það, hvort uppboðsskilyrðum sé fullnægt, enda getur hann krafið beiðanda allra nauðsynlegra skýringa. Skylt er og eiganda söluverðmætis að veita

allar skýrslur um veðbönd og önnur höft á eign, þar á meðal um sjóveð á skipi og ógreidd opinber gjöld, sem tryggð eru með veði í eign hans, o. s. frv.

Þá er uppboðshaldari hefur gengið úr skugga um það, að uppboðsheimild sé fullnægjandi, gerir hann frumvarp að uppboðsskilmálum. Annars kostar synjar hann uppboðsbeiðni með úrskurði, ef þess er krafizt, enda hafi uppboðsbeiðanda og uppboðsþolanda verið veittur kostur á að tala máli sínu eftir þörfum.

14. gr.

Nú hafa tveir eða fleiri krafizt uppboðs á sömu eign, áður en uppboðsauglýsing hefur verið gefin út, og er þá sá, er réttindi hans ganga fyrir hinum, talinn uppboðsbeiðandi, en ef tveir eða fleiri standa jafnfætis, teljast þeir báðir eða allir uppboðsbeiðendur.

Þá er uppboðsauglýsing hefur verið gefin út, er öðrum óheimilt að krefjast uppboðs á sömu eign, meðan beiðni hins er ekki niður fallin.

Eigi má kyrrsetning á eign eða aðför, sem gerð er eftir þennan tíma, baka uppboðsbeiðanda eða öðrum, er uppboðssala skiptir máli, kostnað með nokkrum hætti. Þó er veðhafa fasteignar, sem einnig á veð í fylgifé hennar lögum samkvæmt og tekið hefur þá muni fjárnámi, áður en uppboðsauglýsing var gefin út, heimilt að krefjast þess, að uppboð taki einnig til þeirra. Skal þá fyrst bjóða eign upp án fylgifjárins og án skyldu uppboðsbeiðanda til greiðslu uppboðskostnaðar vegna þess, en ef veðhafi þess fær þá eigi fulla greiðslu, þá skal bjóða eign upp með fylgifé eða svo miklu af því, er nægir.

15. gr.

Eigi má setja væntanlegum kaupanda í uppboðsskilmálum eða með öðrum hætti að nauðsynjalausu nokkur óvenjulega hörð skilyrði, er ætla má, að torveldi sölu á eign.

Jafnan skal uppboðshaldari eftir föngum gæta þess, að ekkert það sé í uppboðsskilmála sett, er horfir þriðja manni ólöglega til tjóns, nema samþykki hans komi til.

16. gr.

Greina skal í uppboðsskilmálum, hvort og, ef því er að skipta, hvern kostnað af uppboði kaupandi skuli greiða. Kaupandi greiðir kostnað, þegar boð hans er samþykkt, nema öðru vísi sé mælt. Heildarfjárhæð uppboðskostnaðar skal greina, svo sem næst verður komizt.

Í uppboðsskilmálum skal geta kvaða, ítaka og annarra slíkra hafta, er á eign hvíla og veðbókarvottorð getur ekki.

Geta skal ógreiddra og áfallinna kvaðagjalda, skatta og opinberra gjalda, sem á eign hvíla, og fjárhæð þeirra hvers um sig, eftir því sem unnt er, og hvort kaupandi skuli þau greiða og þá hvenær. Heildarfjárhæð slíkra gjalda skal greina, svo sem næst verður komizt.

Nú ganga bönd þau á eign, er í 2. málsgr. getur, fyrir öllum kröfum, sem greiðast eiga af uppboðsandvirði, og skal þá selja eign með þeim áhvílandi, enda ber kaupanda þá að svara til þeirra að fullu. Annarskostar skal fyrst bjóða eign upp með böndunum áhvílandi eftir söluna, Ef eigi fæst þá nægilegt boð til greiðslu krafna, er framar þeim standa, þá skal færa þau til peningaverðs og bjóða eign síðan upp án þeirra, enda fái rétthafi þá greiðslu af uppboðsandvirði, ef því er að skipta, eftir þann, er næst stendur fyrir framan hann.

17. gr.

Nú er maður skuldbundinn samkvæmt samningi til þess að láta veðskuld standa, enda þótt veð fyrir skuldinni sé selt, og getur hann þá krafizt þess eins, að rétti hans sé ekki raskað, sbr. þó 36. gr.

Eigi þarf sá, er krafa hans er ekki í gjalddaga komin, að taka við greiðslu, enda skal uppboðshaldari þá geyma það, er honum skal greiða af uppboðsandvirði, til gjalddaga.

Nú skal greiða skilyrtar eða að öðru óvissar kröfur af uppboðsandvirði, og skal þá með sama hætti geyma það, unz skilyrði rætist eða ljóst er, að það rætist ekki, eða þar til er krafa verður ákveðin.

Kaupandi greiðir samningsbundna vöxtu að veðskuldum þeim, er áfram kunna að standa eftir uppboðsafsal eða hann annars kann að fá gjaldfrest á, nema öðruvísi semji.

18. gr.

Í uppboðsskilmálum má setja ákvæði um tryggingu, er kaupandi skuli setja, fyrir efndum á uppboðsskilmálum. Getur uppboðshaldari jafnan sett það skilyrði fyrir því, að boð sé tekið til greina eða eign sé slegin aðilja, að hann setji þá þegar tryggingu fyrir greiðslu uppboðsandvirðis, uppboðskostnaðar þess, er honum ber að greiða, eða greiðslu þess taps, er verða mætti af því, ef setja þyrfti eign aftur á uppboð vegna vanefnda hans. Ákveður uppboðshaldari, hverja tryggingu setja skuli, enda leiti hann um það, eftir því sem við á, álits þeirra, er það mál varðar hverju sinni.

Þá er strandfé eða vogrek skal selja, skal veita að minnsta kosti 14 daga gjaldfrest. Þá skal og svo mælt, að skip eða skipsleifar, sem ekki eru fluttar burt úr fjöru innan tveggja ára frá skipstrandi, verði eign ríkissjóðs eða fjörueiganda samkvæmt 29. gr. laga nr. 42/1926.

Ef ekki er öðruvísi mælt í uppboðsskilmálum, skal svo líta á, að eign sé seld svo farin sem hún er, þegar hamar fellur, að kaupandi beri áhættu á henni frá því, er boð hans er samþykkt, að hann fái vörzlur hennar og arð frá afsalsdegi og að seljandi svari hvorki til vanheimildar né leynandi lasta, enda komi rifting eða afsláttur af kaupverði því aðeins til greina, að krafa þar um komi fyrir uppboðshaldara áður en úthlutunargerð samkvæmt 34. gr. er ráðin.

19. gr.

Ef eigi er öðruvísi mælt í uppboðsskilmálum, er hver sá, er boð gerir á uppboði, bundinn við boð sitt, þar til er annað boð hefur verið samþykkt, þó ekki lengur en 3 vikur, sbr. þó 4. málsgr. 29. gr.

Geta skal þess í uppboðsskilmálum, ef frest skal taka til samþykkis eða synjunar á boði, og hversu langur sá frestur skuli vera.

Nú gera fleiri en einn jafnhátt boð, sem eigi fæst hækkað, og ræður uppboðshaldari þá, hvorum eða hverjum eign er slegin, nema hann vilji láta hlutkesti ráða. Þó skal sá að jafnaði ganga fyrir, sem þegar sannar getu sína til fullnægingar uppboðsskilmálum.

20. gr.

Uppboðshaldari nefnir matsmenn eða skoðunar til þess að skoða og meta söluverðmæti, ef hann telur það nauðsynlegt eða heppilegt. Uppboðshaldari gerir það, sem nauðsynlegt er til þess, að mats- og skoðunarmenn geti framkvæmt starfa sinn, enda er skuldunaut og vörzlumönnum söluverðmætis skylt að veita til þess atbeina sinn eftir föngum.

21. gr.

Nú tekur uppboðsbeiðandi beiðni sína aftur, áður en uppboðsauglýsing samkvæmt 22. gr. hefur verið gefin út, og er þá aðgerðum samkvæmt þeirri beiðni lokið. Ef beiðni er síðar aftur tekin eða fellur niður, t. d. vegna greiðslu, þá fer með sama hætti, nema einhver sá veðhafi eða aðfararhafi, sem á kröfu gjaldfallna vegna vanskila á henni eða annarra atriða, er hana sjálfa varða, svo sem rýrnunar á veði o. s. frv., krefjist uppboðs á grundvelli þess, er þegar hefur fram farið. Metur uppboðshaldari beiðni hans samkvæmt 13. gr.

Nú fellur uppboðsbeiðni niður, og ber þá uppboðsbeiðanda samkvæmt 1. málsgr. að greiða allan löglegan kostnað, er beiðni hans hefur haft í för með sér, enda taki engin beiðni upp samkvæmt sömu málsgrein.

22. gr.

Þá er frumvarp að uppboðsskilmálum hefur verið gert, auglýsir uppboðshaldari þegar uppboð af sjálfsdáðum. Í auglýsingu skal nefna uppboð nauðungaruppboð, enda skal þar greina:

1. Heiti söluverðmætis eða aðra skilgreining þess, eftir því sem við á. Geta skal fylgifjár, ef því er að skipta, svo sem véla með verksmiðju, kúgilda með jörð o. s. frv., og annarra atriða í stuttu máli, er máli kunna að skipta um verðmæti og sölulíkur eignar.
2. Heiti, heimili og stöðu uppboðsbeiðanda og uppboðsþolanda, eftir því sem unnt er.
3. Uppboðsdag, stað og stund.
4. Að frumvarp að uppboðsskilmálum sé til sýnis á skrifstofu uppboðshaldara, og að athugasemdir við það skuli vera komnar til uppboðshaldara í síðasta lagi viku fyrir uppboð, enda megi aðili búast við því, að annars verði þeim eigi sinnt.

Uppboðsauglýsingu skal birta þrisvar sinnum í Lögbirtingablaði, þannig að eigi líði minna en 6 vikur milli fyrstu birtingar og uppboðs, og í einu öðru blaði einu sinni, ef uppboðshaldari telur það heppilegt, og með þeim fyrirvara, er hann ákveður. Þegar selja skal strönduð skip, nægir þó birting einu sinni, ef telja má skip lítils vert, og 14 daga frestur. Rétt er, að uppboð sé birt í öðrum blöðum en áður var sagt, útvarpi eða með öðrum hætti eftir kröfu og á kostnað uppboðsbeiðanda eða uppboðsþolanda. Birting á uppboðum búa, sbr. 1. gr. 1. d., og strandskipa greiðist þó jafnan af fé búa og strandi, ef skiptaráðandi eða lögreglustjóri hafa ráðið birtingarháttum. Loks skal uppboðshaldari festa auglýsingu um uppboð upp á skrifstofu sinni með þeim hætti og þeim fyrirvara, er hann ákveður.

Uppboðshaldari skal senda skuldunaut eða eiganda eignar, ef hann er annar maður, og þeim, er samkvæmt veðmálabókum eða öðrum gögnum eiga eða ætla má eiga réttindi í eign, uppboðsauglýsingu í ábyrgðarbréfi eða tilkynningu um uppboð með öðrum tryggum hætti, svo sem símskeyti, ef þeir eiga kunnugt heimilisfang hér á landi, innan 14 daga fyrir uppboð eða þegar í stað, ef hann hefur síðar fengið vitneskju um rétthafa eða heimilisfang hans.

Nú skal selja hér erlent skip nauðungarsölu, og skal þá uppboðshaldari senda utanríkisráðuneytinu uppboðsauglýsingu, en það sendir hana svo fljótt sem kostur er utanríkisráðuneyti í heimalandi skips.

23. gr.

Uppboð skal halda á fasteign þeirri, er selja skal, nema sérstök lagaheimild sé til annars. Nú skal selja réttindi samkvæmt 12. gr., og skal þá einnig uppboð halda á fasteign þeirri, sem réttindin eru við tengd.

Uppboð á skipi skal halda, þar sem skip er.

Víkja má frá ákvæðum greinar þessarar, ef allir aðiljar verða á það sáttir.

24. gr.

Nú sækir uppboðsbeiðandi, sbr. 1. málsgr. 21. gr., ekki uppboðsþing, og verður þá ekki af uppboði, nema einhver sá, er uppboðs mátti krefjast eftir sömu gr., beiðist þess. Fresta skal þó jafnan uppboði, ef uppboðsbeiðandi lýsir forföllum.

25. gr.

Á uppboðsstað og áður en uppboðsþing er sett tekur uppboðshaldari til athugunar og úrlausnar þær athugasemdir við frumvarp að uppboðsskilmálum, sem hon-

um kunna að hafa borizt, sbr. 22. gr., nema það hafi þegar verið gert. Ef þeim athugasemdum er ekki andmælt og uppboðshaldari telur sér ekki skylt að hrinda þeim samkvæmt 15. grein, þá breytir hann frumvarpi sínu samkvæmt þeim. Annars kostar reynir hann að jafna ágreining og veitir aðiljum kost á að tala máli sínu eftir þörfum. Ef þörf krefur, þá kveður hann upp úrskurð og breytir síðan frumvarpi, ef því er að skipta, samkvæmt úrskurði, eða geymir, ef svo stendur á, aðilja rétt sinn til úthlutunargerðar, sbr. 34. gr. Að því loknu eru uppboðsskilmálar ákveðnir.

Á uppboðsþingi verða eigi hafðar uppi aðfinningar við uppboðsskilmála, er eigi hafa komið fram samkvæmt 22. gr., aðrar en þær, er fela í sér það, að uppboðshaldari hafi eigi gætt þeirra atriða einhverra, sem honum beri að gæta af sjálfsdáðum samkvæmt 15. gr. Með slíkar aðfinningar skal fara samkvæmt 1. málsgr.

Um málskot fer eftir 27. gr., svo sem við á.

Nú vill aðili veita væntanlegum kaupanda ívilnanir um greiðslu eða tryggingu o. s. frv., eða nauðsyn þykir að bæta við athugasemdum um söluverðmæti eða annað, og getur þá uppboðshaldari gert viðauka eða breytingar í þá átt á uppboðsskilmálum á uppboðsþingi, eftir því sem við þykir eiga, og skráð í uppboðsbók.

26. gr.

Áður en tekið er til að bjóða eign upp, les uppboðshaldari uppboðsskilmála með breytingum og viðaukum, sbr. 25. gr., ef því er að skipta, veðbókarvottorð og þau skjöl önnur, er honum þykir hlýða, enda skulu uppboðsskilmálar og önnur skjöl, er söluna varða, vera til sýnis á uppboðsstað. Þegar svo er með farið, tjóar engum að bera fyrir sig ókunnugleika á uppboðsskilmálum eða nokkru því, er sölu varðar og skjöl þessi greina.

27. gr.

Uppboðshaldari ákveður minnsta mun boða, nema svo hafi verið gert í uppboðsskilmálum. Hann kallar söluverðmæti upp með þeim hætti, sem honum þykir hlýða og samkvæmt uppboðsskilmálum, ef því er að skipta, enda skal rita boð í uppboðsbók jafnharðan sem þau eru gerð, og geta nafns bjóðanda við hvert boð. Þá er þrisvar sinnum hefur verið skorað á menn að gera yfirboð, en enginn gefur sig fram, lýkur sölutilraunum. Veita skal aðiljum kost á að gera athugasemdir og kröfur um tryggingu, nýtt uppboð, útlagningu samkvæmt 32. gr. o. s. frv., eftir því sem efni standa til, enda úrskurðar uppboðshaldari þau atriði eftir þörfum. Til marks um það, að sölutilraun sé lokið að því sinni, lætur uppboðshaldari hamar sinn falla, og að boð aðilja verði tekin til athugunar innan tiltekins tíma, enda verði eign ekki öðrum seld á því tímabili.

Málskot á ákvörðun uppboðshaldara samkvæmt þessari grein eða yfirlýsing þar um frestar því aðeins uppboði, að ákvörðun varði atriði, sem uppboðshaldið sjálft veltur á, t. d. lögmæti greiðsluframboðs af hálfu skuldunautar, eignarrétt þriðja manns að söluverðmæti o. s. frv.

28. gr.

Nú fæst ekkert boð í eign eða svo lágt boð, að enginn þeirra, er í 1. málsgr. 21. gr. segir, fær nokkuð af uppboðsandvirði, og hefur uppboðshaldari þá uppboðsþing.

Rétt er hverjum þeim, er í 1. málsgr. getur og á í vonum að fá hluta af uppboðsandvirði, að krefjast þess, að eign verði slegin hæstbjóðanda, nema sýnilegt megi telja, að hann geti ekki fullnægt uppboðsskilmálum, enda sé þar ekki öðruvísi mælt. Ef engin slík krafa kemur fram, skal hefja uppboðsþing.

29. gr.

Þeim aðiljum, er hér greinir, er rétt að krefjast uppboðs af nýju, ef þeir gera það þegar á staðnum, áður en uppboði er slitið, og setja nægilega tryggingu fyrir greiðslu kostnaðar af nýju uppboði, er ekki kann að fást greiddur af því uppboðsandvirði:

1. Skuldunaut eða eiganda eignar, ef hann er annar maður, ef ekkert eða svo lágt boð hefur fengizt, að telja má, að hann bíði fjártjón að marki.
2. Réttindahafa í eign, sem missa mundi réttinda sinna í henni sakir þess, hversu lágt boð hefur fengizt.

Fleiri uppboð en tvö skal eigi halda, nema allir þeir, er uppboðsaðgerða geta krafizt samkvæmt 1. málsgr. 21. gr., samþykki. Hver sá, er eigi mótmælir, telst samþykkja.

Í auglýsingu um síðara uppboðsþing skal þess geta, að það sé annað og síðasta uppboð. Auglýsing fer eftir síðustu málsgr. 22. gr., nema allir þeir, er 1. og 2. tölul. 1. málsgr. segir, samþykki aðra meðferð á því atriði.

Nú fæst ekki svo hátt boð á síðara uppboði sem á hinu fyrra eða boð þykir ekki tækt, og eru bjóðendur á fyrra uppboði þá bundnir við boð sín, þó aldrei lengur en 6 vikur frá lokum fyrra uppboðs talið.

Nú fæst jafnhátt eða hærra boð á síðara uppboði, og getur þá hver sá, er í 1. málsgr. 21. gr. segir og væntanlega fær hluta af uppboðsandvirði, krafizt þess, að eign sé slegin hæstbjóðanda, er fullnægir eða telja má, að muni fullnægja skilmálum.

30. gr.

Hæstbjóðandi á ekki heimtingu á því, að honum sé slegin eign, nema svo sé mælt í uppboðsskilmálum.

Uppboðshaldara er rétt að setja ókunnum mönnum eða ógjaldfærum það skilyrði á uppboðsþingi, að trygging verði sett, ef boði þeirra eigi að sinna, enda þótt ekkert sé slíkt mælt í uppboðsskilmálum.

31. gr.

Rétt er þeim, sem slegin hefur verið eign, að framselja rétt sinn, enda hafi þá uppboðsskilmálum verið eða þeim verði þá fullnægt. Telst slíkt framsal stimpilskylt sem framsal réttar samkvæmt kaupsamningi.

32. gr.

Nú hefur veðhafi, þar á meðal handveðhafi að veðskuldabréfi, eða aðfararhafi orðið hæstbjóðandi á uppboði og fær samkvæmt boði sínu greiðslu að nokkru, en ekki að fullu, og er honum þá rétt að krefjast þess, að eign verði honum lögð út til eignar fyrir það verð, er hann hefur boðið, enda segi hann til, meðan þess er enn kostur að gera hærra boð. Nú býður enginn betur, og skal þá hætta uppboði.

Aðili greiðir gjald í ríkissjóð sem fyrir árangurslaust uppboð.

Veðhafi samkvæmt veðbréfi, sem er eða verið hefur handhafabréf, hefur eigi heimild til útlagningar samkvæmt 1. málsgr.

Nú krefur einhver þeirra, sem í 1. málsgr. 21. gr. segir og gerzt hefur kaupandi að eign, án þess að krafa þeirra hafi greiðzt að fullu, skuldunaut eða aðra um eftirstöðvar kröfunnar eða hluta af þeim, og getur dómur þá fært kröfu niður um það, er svarar mismun á sannvirði eignar á uppboðsdegi, svo sem það sannast með mati óvilhallra manna eða með öðrum hætti, og kaupverði.

Rétt er og skuldunaut og öðrum, sem svara eiga til kröfu samkvæmt 1. málsgr., að höfða mál á hendur kröfuhafa til ákvörðunar á sannvirði eignar á uppboðsdegi, og getur dómur þá fært kröfu niður undir sama skilorði sem áður var mælt.

33. gr.

Ef engin mótmæli hafa komið fram gegn uppboði, gefur uppboðshaldari út afsal að seldri eign, þegar aðili hefur fullnægt uppboðsskilmálum eða sýnir full skilríki hlutaðeiganda fyrir samþykki þeirra til þess, enda þótt uppboðsskilmálum hafi eigi verið fullnægt að þeirra leyti.

Nú hafa mótmæli komið fram gegn uppboði sjálfu, og má þá eigi gefa út uppboðsafsal, fyrr en áfrýjunarfrestur er liðinn, nema aðili hafi afsalað sér áfrýjunar-

heimild, enda reyni uppboðshaldari eftir föngum að ganga úr skugga um það, hvort hennar verði neytt.

Eigi getur sá, er veði sínu eða réttindum heldur óskertum áfram þrátt fyrir uppboð, varnað útgáfu afsals, enda taki aðili að sér skyldur þær, er á fyrra eiganda hvíldu í því sambandi.

34. gr.

Þegar eign hefur verið slegin eða krafa um útlagningu eftir 32. gr. er fram komin, skal uppboðshaldari ganga úr skugga um það, hvort aðili fullnægir uppboðsskilmálum. Ef svo reynist, gerir hann skilagrein um kostnað af uppboði og semur frumvarp að úthlutunargerð uppboðsandvirðis, ef þess er þörf, til þeirra, er fá eiga hluta af því, og í þeirri röð, er réttur hvers stendur til. Síðan kveður uppboðshaldari þá, er hluta eiga að fá af uppboðsandvirði samkvæmt þeirri vitneskju, sem þegar er fengin, á fund með þeim fyrirvara, er honum þykir hlýða, enda skal þeim þá skýrt frá því, að frumvarp að úthlutunargerð liggi til sýnis á skrifstofu hans.

Nú koma engar kröfur um breytingar á frumvarpi fram, og greiðir uppboðshaldari þá hverjum það, er honum ber. Sama er um greiðslur til einstakra aðilja, sem enginn mótmælir. Ágreining um atriði, sem krafizt er breytinga á, reynir uppboðshaldari að jafna, en ef það tekst ekki, þá ræður hann ágreiningi til lykta með úrskurði, eftir að aðiljar hafa átt kost á að tala máli sínu. Greiðslur samkvæmt úrskurði mega ekki fara fram, fyrr en áfrýjunarfrestur er liðinn eða aðiljar lýsa yfir eða sýna í verki, að áfrýjunarheimild verði ekki notuð.

Nú hvíla skilyrtar eða að öðru óvissar kröfur á eign, og kröfuhafi ætti að fá greiðslu af uppboðsandvirði, og leggur uppboðshaldari þá fé til geymslu, þar til er sannreynt er, hvað hverjum ber. Ef ekkert skal greiða eða ef afgangur verður, þá skal greiða þeim, er það fé hefði borið, ef engin slík krafa hefði fram komið.

35. gr.

Nú fullnægir kaupandi ekki uppboðsskilmálum, og getur þá uppboðsbeiðandi og hver sá, er í 1. málsgr. 21. gr. segir, krafizt þess, að eign sé boðin upp af nýju á kostnað og áhættu hans og samkvæmt þeim uppboðsskilmálum, sem áður voru ráðnir, svo sem við á. Um auglýsingu uppboðs fer þá samkvæmt 29. gr.

Hinum upphaflega kaupanda er skylt að greiða það, er á þessu uppboði fæst minna fyrir eign en það, er áður var hæst boðið, auk uppboðskostnaðar.

Rétt er og hverjum þeim, er greiðslu mundi hafa fengið af uppboðsandvirði, að lögsækja kaupanda fyrir sitt leyti á varnarþingi uppboðs til greiðslu þess, er honum hefði borið. Slíka heimild hefur og uppboðshaldari fyrir hönd einhvers eða allra þeirra, er svo er farið um, hvort sem ákvæða 1. málsgr. hefur verið neytt eða ekki.

36. gr.

Afmá skal í veðmálabókum þau veðbönd og höft á eign, sem uppboðsandvirði hefur ekki hrokkið til að greiða, aðilja að kostnaðarlausu, þá er hann sýnir afsal samkvæmt 33. gr., enda skal þess geta í afsali, hver þau eru og að hve miklu leyti þau hafa ekki orðið greidd.

Veðbönd og önnur höft á erlendu skipi, sem hér er selt nauðungarsölu samkvæmt lögum þessum, falla niður undir sama skilorði sem í 1. málsgr. segir.

III. KAFLI

Um uppboð á öðrum verðmætum en þeim, er í II. kafla laga þessara greinir.

37. gr.

Uppboð fer fram, þar sem munir þeir eru, er selja skal, enda er rétt að safna saman á einn stað munum eins manns eða fleiri, eftir því sem á stendur, en greina skal þá glöggt í uppboðsbók, hver muni eigi og uppboðsheimild hvers um sig, og annað það, er nauðsynlegt kann að vera þeim til aðgreiningar.

Útistandandi skuldir og önnur ólíkamleg verðmæti skal selja á heimili uppboðsþolanda, nema uppboðshaldari telji annan stað heppilegri.

Rétt er uppboðsbeiðanda að flytja sölumuni innan hrepps, úr einum hreppi eða lögsagnarumdæmi í annan hrepp eða annað lögsagnarumdæmi, ef vonast má eftir betri sölu með þeim hætti, enda setji hann tryggingu fyrir greiðslu á spjöllum á sölumunum, er af vörzluskiptum, flutningi eða geymslu kunna að stafa, enda ákveður uppboðshaldari, þar sem munir eru fyrir flutninginn, um hann og tryggingu, ef ágreiningur verður.

38. gr.

Uppboðshaldari (hreppstjóri) semur umboðsskilmála, ef hann skal annast innheimtu uppboðsandvirðis. Annarskostar gerir uppboðsbeiðandi eða innheimtumaður frumvarp að uppboðsskilmálum, en leggja skal þó slíkt frumvarp fyrir uppboðshaldara nægum tíma fyrir uppboð, enda gæti hann þess, að ekkert sé í þeim lögum andstætt eða neitt það, er að nauðsynjalausu megi vera til tjóns skuldunaut, eiganda söluverðmæta eða öðrum. Gerir uppboðshaldari þá breytingar á uppboðsskilmálum eftir þörfum, enda hafi aðiljum verið veittur kostur á að tala máli sínu.

Nú annast hreppstjóri uppboð, og skal ágreining þá bera undir uppboðshaldara til úrlausnar.

Nú eiga fleiri en uppboðsbeiðandi veðrétt eða önnur réttindi í söluverðmæti samkvæmt veðmálabók eða öðrum skýrslum, og ber uppboðshaldara þá að senda þeim uppboðsauglýsingu eða tilkynningu samkvæmt 22. gr., enda skal þá svo með fara sem í 25. gr. segir.

Nú skal útistandandi skuld selja, og skal þá tilkynna með sama hætti skuldunaut og ábyrgðarmönnum, ef því er að skipta. Þetta gildir þó ekki, ef selja skal heildarsafn skulda, svo sem útistandandi skuldir verzlunar eða slíks fyrirtækis, nema einhver þeirra, er það skiptir máli, vilji á sinn kostnað tilkynna einstökum skuldunautum eða ábyrgðarmönnum sérstaklega uppboð.

39. gr.

Svo skal líta á, nema öðruvísi sé mælt í uppboðsskilmálum eða með öðrum hætti, að:

1. Munir séu seldir svo farnir sem þeir eru, er hamar fellur.
2. Kaupandi beri áhættu á seldum hlut frá hamarshöggi.
3. Eigi sé ábyrgð tekin á vanheimild eða leynandi löstum, og að kaupi verði því aðeins rift eða afsláttur af kaupverði vegna slíkra annmarka geti því aðeins komið til mála, að krafa þar um sé gerð til uppboðshaldara (hreppstjóra), innan þess tíma, er í uppboðsskilmálum er mælt, er vera skal áður en reikningsskil eru gerð samkvæmt 46. gr.
4. Kaupanda sé rétt að taka sölumuni í vörzlur sínar, er honum hafa verið þeir slegnir, að hann verði þá eigandi þeirra og taki af þeim ókominn, áfallinn og óheimtan arð, svo sem vexti af skuld, lamb með á o. s. frv.
5. Greiða skuli við hamarshögg. Ef einhver sá, er það kann að skipta máli, krefst þess, skal setja í uppboðsskilmála fyrirmæli um hæfilegan gjaldfrest til handa kaupendum, sem innheimtumaður telur óhætta skuldunauta, með tryggingu eða án hennar.
6. Uppboðskostnaður, annar en innheimtulaun, sé kaupanda óviðkomandi.

40. gr.

Uppboðshaldari (hreppstjóri) auglýsir uppboð. Þar sem blöð eru gefin út á staðnum, skal birta uppboð í einu þeirra eða fleirum einu sinni, eða tvisvar, ef þess er óskað, með að minnsta kosti viku fyrirvara. Þar sem ekki er blaðakostur á staðnum eða ekki þykir heppilegt eða einhlítt að auglýsa í blaði, sem ekki er

gefið út á staðnum, skal birta uppboð á opinberum mannfundum, ef þess er kostur, eða með auglýsingu, festri upp á þinghús eða á öðrum stöðum, þar sem fjölmenni kemur eða ætla má, að fjölmenni komi, eða með boðum um sveit eða nálægar sveitir, allt eftir því sem uppboðshaldari telur heppilegt og með hliðsjón til þess, hversu mikið og hversu verðmætt á að selja, og hvaðan kaupenda megi helzt vænta.

Uppboðsfrest má stytta, ef söluverðmæti eru bráðum skemmdum undirorpin, varðveizla þeirra er sérstaklega kostnaðarsöm eða torveld o. s. frv.

Í uppboðsauglýsingu skal greina glöggt stað og stund, er uppboð skal halda. Þar skal og vera almenn greinargerð um söluverðmæti, sérstaklega um þau, er verðmest má telja, svo sem bifreiðar, flugför og báta, listaverk, skrautgripi, úrvalsskepnur o. s. frv.

41. gr.

Aðfararhafar, hvort sem þeir hafa gert aðför áður en eða eftir að uppboðsbeiðandi aflaði sér uppboðsheimildar, geta ekki varnað uppboði samkvæmt ákvæðum þessa kafla, en eigi skal kostnaður af uppboði samkvæmt kröfu þess, er að baki stendur, koma eldra aðfararhafa til gjalds, enda skal uppboðsandvirði varið til fullnustu hans, áður en nokkur sá, er að baki honum stendur, fái greiðslu.

Rétt er aðfararhafa að krefjast uppboðs eftir birtingu uppboðs samkvæmt 40. gr., ef uppboðsbeiðandi fellur frá beiðni sinni.

Nú á maður veð í söluverðmæti, og veð það skal víkja fyrir rétti uppboðsbeiðanda, og má þá sá veðhafi ekki varna uppboði. Nú skal uppboðsbeiðandi víkja fyrir veðhafa, og er uppboðsbeiðanda þá rétt að leysa veðrétt af söluverðmætum, hvort sem krafan er fallin í gjalddaga eða ekki, enda kemur hann þá í stað veðhafa.

42. gr.

Rétt er uppboðshaldara (hreppstjóra) að láta gera skrá, er hann getur látið margfalda eftir þörfum, um verðmæti þau, er selja skal, ef hann telur, að það muni verða aðiljum til hags, enda er hverjum þeim, er telur hag að því, rétt að láta gera slíka skrá á sinn kostnað og undir eftirliti uppboðshaldara innan þess tíma, er uppboð skal halda. Uppboðshaldari ákveður, hvernig kynna skuli almenningi slíka skrá.

Í skrá skal setja uppboðsskilmála næst á eftir titilblaði.

43. gr.

Að settu uppboðsþingi les uppboðshaldari (hreppstjóri) upp uppboðsskilmála í heyranda hljóði. Skal venjulega festa þá upp á áberandi stað til sýnis almenningi. Skrá um sölumuni, ef því er að skipta, skal og liggja frammi til sýnis þeim, er vilja kynna sér hana. Enginn getur borið fyrir sig ókunnugleika á uppboðsskilmálum, ef svo er með farið.

Síðan býður uppboðshaldari (hreppstjóri) upp hvert einstakt verðmæti með stuttri lýsingu á því, eftir því sem á stendur, í þeirri röð, er hann ákveður, eftir atvikum í samráði við uppboðsbeiðanda, skuldunaut eða eiganda, ef hann er annar maður, enda sé þess gætt, að einskis manns hagsmunir séu skertir í því efni. Ef skrá um söluverðmæti hefur verið gerð samkvæmt 42. gr., skal venjulega bjóða muni upp í þeirri röð, er þar greinir. Rétt er að selja í einu númeri fleiri en einn samkynja muna, ef nauðsynlegt eða hentugt þykir, enda má jafnan auka munum við hvert númer, ef eigi fæst annars boð í það. Ef selja skal útistandandi skuldir, skal og venjulega reyna sölu á hverri skuld sér, en rétt er þó að selja í einu lagi safn slíkra skulda samkvæmt bókum lánardrottins, svo sem útistandandi skuldir atvinnufyrirtækis, enda hafi það áður verið athugað eftir föngum, hvers virði ætla megi þær, og væntanlegum kaupendum veittur kostur á slíkri athugun. Jafnan skal veita mönnum kost á að athuga söluverðmæti eftir föngum, áður en uppboði á því er lokið.

44. gr.

Uppboðshaldari (hreppstjóri) skal veita mönnum nægan kost á að gera boð og eigi láta hamar falla, fyrr en þrisvar sinnum hafi skýrt og glöggt verið skorað á menn að hækka boð, og enginn hafi sinnt þeirri áskorun, enda hafi mönnum verið veitt nægilegt ráðrúm til þess að hugleiða það, hvort gera skuli hærra boð. Nú gera tveir eða fleiri jafnhátt boð, og ræður uppboðshaldari (hreppstjóri) þá, hverjum hann slær, en þó gengur sá fyrir, er leggur þegar fram greiðslu, þeim er gjaldfrest vilja fá. Ef boð þykir eigi tækt, er sá, er næst hæst bauð, bundin við boð sitt, nema öðruvísi sé mælt í uppboðsskilmálum.

Greina skal í uppboðsbók nægilega skýrt hvert verðmæti í framhaldandi töluröð, söluverð þess og kaupanda. Nú er greitt við hamarshögg, og þarf þá ekki að greina kaupanda, nema hann óski þess sérstaklega, en einungis geta þess, að þegar sé greitt.

Enginn á heimtingu á því, að honum sé slegið söluverðmæti, þótt hann hafi boð gert í það, nema öðruvísi sé mælt í uppboðsskilmálum.

45. gr.

Nú þykir það orka tvímælis, hvort nægilega hátt boð hafi fengizt í einstakt söluverðmæti, eða rétt þykir að veita kaupanda frest til þess að fullnægja uppboðsskilmálum, og getur uppboðshaldari (hreppstjóri) þá frestað ákvörðun um það, hvort boð skuli samþykkja, eða til að veita kaupanda færi á fullnægingu skilmála, enda eru hæstbjóðandi og næstbjóðandi þá bundnir við boð sitt næstu viku.

46. gr.

Jafnskjótt sem uppboðsandvirði er komið í hendur uppboðshaldara (hreppstjóra), gerir hann reikning yfir kostnað, þar á meðal innheimtulaun, ef þau hafa eigi þegar verið frá dregin, og uppboðsandvirði og greiðir síðan til uppboðsbeiðanda það, er honum ber, og afganginn til fyrri eiganda, ef því er að skipta.

Ef fleiri kröfuhafar en uppboðsbeiðandi gefa sig fram, skal svo með fara sem í 34. gr. segir, eftir því sem við á.

47. gr.

Taka má uppboðsandvirði lögtaki næstu 12 mánuði eftir gjalddaga.

Heimta má uppboðsandvirði með lögsókn á varnarþingi uppboðs.

Ákvæði 35. og 36. gr. taka til uppboða samkvæmt þessum kafla, eftir því sem við getur átt.

48. gr.

Ef innheimtumaður uppboðsandvirðis er ráðinn, fara innheimtulaun eftir samkomulagi, enda setur hann þá tryggingu, sem allir þeir, er hluta eiga að fá af uppboðsandvirði, verða á sáttir og um er kunnugt. Annarskostar ákveður uppboðshaldari (hreppstjóri) tryggingu.

Sá, er innheimtir uppboðsandvirði, ábyrgist það sem sjálfs sín skuld, enda ræður hann, hvort og hverjum gjaldfrest skuli veita, og hverja tryggingu uppboðskaupandi skuli setja, ef því er að skipta.

Ráðnum innheimtumanni ber að standa skil á uppboðsandvirði til uppboðshaldara (hreppstjóra) með þessum hætti:

1. Því, sem greitt er við hamarshögg, viku eftir lok uppboðs.
2. Því, er síðar skal greiða, 2 vikum að gjaldfresti liðnum.

Uppboðshaldari getur þó veitt lengri frest, þegar sérstakar ástæður eru til, svo sem ef uppboð hefur verið mjög yfirgripsmikið, ef uppboðsskuld hefur ekki greiðzt á gjalddaga o. s. frv.

Ef brestur verður á greiðslum af hálfu ráðins innheimtumanns, ber honum að greiða 5% ársvöxtu af því fé, er greiðsludráttur verður á, enda má sækja hann til greiðslu á varnarþingi uppboðs. Dómari leitar sátta í því máli.

49. gr.

Nú hafa verðbréf með skráðu gengi hér á landi eða erlendis, svo sem ríkisskuldabréf, veðdeildarbréf, hlutabréf o. s. frv., verið tekin fjárnámi, og er uppboðshaldara þá rétt að selja þau eða láta banka eða miðlara selja þau.

Kröfur, sem teknar hafa verið fjárnámi, er uppboðshaldara rétt að innheimta eða láta innheimta, jafnskjótt sem þær falla í gjalddaga. Ef annar en uppboðshaldari annast innheimtu, þá kveður hann á um tryggingu af hendi innheimtumanns og semur um þóknun fyrir starfann, að því leyti sem hún greiðist ekki af skuldunaut, enda hafi fógeti eða skiptaráðandi ekki gert slíkar ráðstafanir áður. Eftirrit af fjárnámsgerð um innheimtukröfur og vottorð uppboðshaldara um innheimtuumboð er full sönnun innheimtuheimildar.

Ráðinn innheimtumaður greiðir innheimtufé til uppboðshaldara með þeim hætti, er uppboðshaldari ákveður. Hann fer síðan með það fé sem áður er mælt um uppboðsandvirði.

IV. KAFLI
Niðurlagsákvæði.

50. gr.

Lög þessi koma til framkvæmda 1. júlí 1949.

Frá sama tíma eru úr gildi numin þessi lagaákvæði:

Jónsbók, Kaupbálkur 22. kap., um heimild handveðshafa til útlagningar veðs til eignar eftir virðingu og sölu veðs.

Tilskipun 21. júní 1793, um lögsagnarmörk borgaralegra uppboðshaldara og skiptaráðenda, 3. gr.

Kancellíbréf 22. apríl 1817, um veðskuldabréf yngri veðhafa, 1. og 2. gr.

Opið bréf 3. júní 1818, um ýmsar ráðstafanir varðandi uppboð í dánar- og þrotabúum.

Kancellíbréf 19. marz 1819, um skyldur uppboðshaldara.

Kancellíbréf 25. jan. 1820, um boð á uppboðum.

Skiptalög nr. 3 12. apríl 1878, 31. gr. 1. málsgr., 1. og 2. málsl., sbr. við 90. gr.

Lög nr. 29 16. des. 1885, um lögtök o. fl., 10. gr., 2. og 3. málsl.

Lög nr. 16 16. sept. 1893, um sérstaka heimild til að afmá veðskuldbindingar úr veðmálabókum, 1. gr.

Lög nr. 32 11. júlí 1911, um úrskurðarvald sáttanefnda, 12. gr., að því leyti sem þar segir um uppboðshald hreppstjóra.

Lög nr. 27 27. júní 1921, um aukatekjur ríkissjóðs, 38. gr., 1. og 2. málsgr., að því leyti sem þar segir um birtingu nauðungaruppboðs.

Lög nr. 42 15. júní 1926, um skipströnd og vogrek, 17. gr. 2. málsgr., nema 1. málsl.

Lög nr. 23 7. maí 1928, um nauðungaruppboð á fasteignum og skipum.

Lög nr. 95 5. júní 1947, um lögræði, 39. gr. 2. málsl.

Svo eru og úr lögum numin öll önnur lagaákvæði, er fara í bága við lög þessi.

51. gr.

Aðgerðir, sem fram fara vegna uppboðs eftir gildistöku laga þessara, fara eftir þeim. Þó skal uppboð, sem byrjað er áður en lög þessi koma til framkvæmdar, en heldur síðan áfram, fara eftir eldri lögum.

Nú hefur uppboð verið birt, áður en lög þessi komu til framkvæmdar, og skal þá, ef þess er kostur, tilkynna uppboð samkvæmt 22. eða 40. gr., svo og birta uppboð framar en gert hefur verið samkvæmt ákvæðum téðra greina, ef því verður við komið og einhver aðilja krefst þess.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Uppboð er sérstök söluaðferð, þar sem almenningi er veittur kostur á að gera boð í söluverðmæti samtímis og veit hver bjóðandi af boðum hinna. Slík söluaðferð er ekki nefnd í Jónsbók, og hefur víst ekki tíðkazt á landi hér, fyrr en eftir 1780, að því er virðist, að minnsta kosti ekki í ríkum mæli. Í Danmörku (og Noregi) er uppboðssala eitthvað farin að tíðkast seinni hluta 17. aldar, og uppboð voru falin embættismönnum, sums staðar þegar fyrir 1700 og annars staðar síðar. Um miðbik 18. aldar er farið að skoða athafnir uppboðshaldara dómsathafnir. Hingað til lands hefur uppboðssala sjálfsagt komizt í tízku eftir danskri fyrirmynd. En ekki voru hin elztu dönsku lagaboð um uppboð þó birt hér, svo sem tilsk. 19. des. 1693. Eins og kunnugt er, var ákveðið að selja jarðir Skálholtsstóls á opinberum uppboðum 1785 (uppboðsskilmálar dagsettir 27. apríl það ár), og rétt eftir aldamótin 1800 voru jarðir Hólastóls seldar með sama hætti (uppboðsskilmálar dagsettir 13. marz 1802). Þegar hér er komið sögu, sýnist uppboðssala hafa verið orðin hér alþekkt. Í erindisbréfi hreppstjóra 24. nóv. 1809, 53. gr., er sýslumönnum t. d. veitt heimild til þess að láta hreppstjóra halda smávegis uppboð í forföllum sínum. Og er því gert ráð fyrir því, að uppboð séu þá orðin algeng.

Uppboð var ekki upphaflega haft til sölu á verðmætum til fullnustu lánardrottnum. Eftir Jónsbók Kaupab. 3 lét lánardrottinn taka og virða sér svo mikið af fé skuldunauts sem skuld nam, og eftir Kaupab. 22 gat lánardrottinn látið virða sér veð til eignar, ef skuld var ekki greidd. Eftir N. L. 1—22 var og sá háttur hafður á, að fjárnumin verðmæti voru lögð lánardrottni til eignar eftir virðingu (N. L. 1—22—19). Lánardrottinn gat þó heimtað yfirvirðingu á lausafé og selt síðan á uppboði (N. L. 1—22—34). Ákvæði N. L. hafa víst komizt hér í tízku eftir 1732, er dómskapaákvæði þeirra voru hér lögleidd að nafni til. En lengi síðan var sami háttur hafður á í Danmörku um útlagningu fjárnuminna verðmæta til lánardrottins eftir virðingu. En smám saman verður það reglan, að selja skyldi fjárnumin verðmæti á opinberu uppboði. Var það gert til þess, að sem hæst verð fengist, og var því oft í þágu beggja, lánardrottins og skuldunauts, og einnig annarra manna, sem réttindi áttu í eign þeirri, sem selja skyldi. En uppboð sýnist hafa farið með sama eða svipuðum hætti, hvort sem selt var eftir kröfu lánardrottna eða eftir ósk eiganda eða fyrirsvarsmanns hans. Hér mun fyrst verða greinarmunur á uppboðum eftir því, hvort lánardrottnar krefjast þeirra eða aðrir, þegar svo er boðið með opnu bréfi 22. apríl 1817, 1. og 2. gr., að afmá skuli veðréttindi yngri veðhafa í veðmálabók, er ekki hafa fengið fulla greiðslu af uppboðsandvirði, enda væri þrjú uppboð haldin og þau auglýst með tilteknum hætti. Frá þeim tíma sýnist greinilegur munur verða á svonefndum frjálsum uppboðum og nauðungaruppboðum, sem jafnan eru þáttur í skuldaheimtu með aðstoð dómsvaldsins.

Þó að frjálsu uppboðin svonefndu séu að vísu dómsathöfn, þá eru þau söluaðferð í þágu eiganda verðmæta þeirra, er selja skal, eða stundum annarra, svo sem sala óskilafjár o. fl., og salan fer yfirleitt eftir lögum um kaup og sölu. En nauðungaruppboð fer fram vegna lánardrottna, og þeir missa ef til vill réttindi sín í seldri eign, svo sem áður var sagt. Þarf því bæði að gæta hagsmuna lánardrottna, ef til vill fjarstaddra, og annarra rétthafa skuldunauts, og löggjafinn hlýtur því að láta sig miklu meira varða nauðungaruppboðin en hin svonefndu frjálsu uppboð, enda hefur ekki þótt ástæða til þess að taka þau með hér.

Löggjöf vor um nauðungaruppboð er nú mjög í molum. Um það efni eru dreifð ákvæði hingað og þangað í lögum. Sum hafa jafnvel ekki verið þýdd á íslenzka tungu, og vafasamt talið gildi þeirra hér á landi, eins og t. d. sjálfs höfuðákvæðisins, opna bréfsins frá 22. apríl 1817, sem lengi hefur þó verið farið eftir. Virðist því sízt vera vanþörf á nýrri heildarlöggjöf um nauðungaruppboð þegar af þessari ástæðu. En þar að auki eru ákvæði þau, sem nú er farið eftir, ekki að öllu heppileg og úrelt. Eftir þeim getur hver veðhafa eða aðfararhafa krafizt nauðungaruppboðs alveg án

tillits til annarra veðhafa eða aðfararhafa. Í lögum Dana, þar sem löggjöf og venja fór áður í svipaða átt og hér, er þessu nú breytt, þannig að krafa eins veðhafa eða aðfararhafa skiptir svipuðu máli um hina og krafa eins lánardrottins um gjaldþrotaskipti á búi skuldunauts um hag annarra lánardrottna. Munurinn er auðvitað sá, að gjaldþrotaskiptin varða allar eignir og skuldir, en nauðungaruppboð einungis tiltekna eign og tilteknar kröfur eða réttindi, sem við hana eru tengd. Nauðungaruppboð verður því nokkurs konar sérþrotaskipti („special konkurs") eftir áðurnefndum lögum og ákvæðum þessa frumvarps, ef þau verða að lögum. Með því móti sparast bæði fyrirhöfn og kostnaður nokkur, enda séð stórum betur fyrir því með fyrirmælum frumvarpsins en nú er, að hagsmunir fjarverandi manna verði ekki fyrir borð bornir.

Um I. kafla.

Hér eru ýmis ákvæði, er til uppboða taka almennt. Um einstakar greinar athugast:

Um 1. gr.

Hér eru taldar uppboðsheimildir. Um 1. a.—e. þarf eigi að ræða, því að þar eru þær heimildir taldar, sem nú eru grundvöllur nauðungaruppboðs. Um 2. er það að segja, að sala á hlutum, bundnum haldsrétti, er í raun réttri til fullnustu skuldakröfu, með því að haldsmaður fær haldsrétt í uppboðsandvirði, eftir því sem talið er, og getur skuldajafnað við kröfu sína, tekið greiðslu undir sjálfum sér. Um 3. er þess gætandi, að sala fer oft fram á eign fjarstadds aðilja, oft mjög spilltri, og heppilegt er því, að svipaðra reglna sé gætt og við venjulegt nauðungaruppboð. Svo er ófallið, að veðbönd geti haldizt á slíkum verðmætum eftir sölu, t. d. á erlendu skipi, enda ólíklegt, að sæmilegt boð fáist í slík skip, ef kaupandi mætti búast við því, að einhver erlendur maður gefi sig síðar fram með veðkröfu í skipi. Hins vegar er rétt að veita slíkum veðhafa færi á því, eftir því sem kostur er, að gæta hagsmuna sinni á uppboði, sbr. síðustu málsgr. 22. gr. Að sjálfsögðu fær veðhafi það, sem afgangs kynni að verða öllum löglegum kostnaði, en veðréttur hans fellur niður samkvæmt 36. gr. frv.

Um 2. og 3. gr.

Hér sýnist einungis ástæða til að vekja athygli á ákvæðum 3. gr. um heimild hreppstjóra til uppboðshalds. Hún nær yfirleitt einungis til uppboða samkvæmt III. kafla („lausafjáruppboða"), en uppboðshaldari getur þó falið hreppstjóra að halda uppboð samkvæmt II. kafla, ef hættulaust má telja. Mundi slíkt einkum verða notað, þegar smávægileg verðmæti skal selja, t. d. lítilsverða byggingu á grunni annars manns o. s. frv. Það hefur verið hér í lögum allt frá 1809, að hreppstjórar mættu halda minniháttar uppboð, sjá hreppstjórareglugerð 24. nóv. 1809, 53. gr. Og virðist hentugt framvegis, sem áður, að hreppstjórar geti haldið uppboð, þegar um smáræði er að tefla, enda þótt fasteignaruppboð teljist. Auðvitað er, að uppboðshaldari getur haldið öll þau uppboð, er hann vill halda, En kostnaðarminna verður uppboðshald hreppstjóra víða í sveitum, enda hættulaust, einkum þegar um lausafjáruppboð er að tefla, þar sem venjulega þarf ekki að gera ráð fyrir réttindum annarra en uppboðsbeiðanda og skuldunauts.

Um 4. gr.

Áfrýjunarfrestur uppboðs er ætlazt til, að verði einungis 4 vikur, og er það nægur tími, eins og nú er samgöngum háttað, en hins vegar hallkvæmt, að óvissutími um áfrýjun verði sem skemmstur. Um kærufrest fer framvegis eftir 199. gr. laga nr. 85/1936.

Um 5.—8. gr.

Þykir ekki þurfa að skýra.

Um 9. gr.

Það virðist óeðlilegt og ástæðulítið, að aðili, sem hefur áskilið sér forkaupsrétt o. s. frv., ef eigandi selur eign, geti gengið inn í hæsta boð, sem gert er á uppboði, er aðrir krefjast, þótt hann ef til vill hafi alls ekki á uppboðið komið eða ekki annars boðið þar í eign. Eigandi ræður ekki nauðungarsölu, og verður því heimild þriðja manns til að ganga inn í hæsta boð ekki reist á samningum hans við eiganda. Hins vegar er réttur til inngöngu í hæsta boð líklegur til að spilla söluhorfum og verða því eiganda og öðrum til tjóns. Sams konar ákvæði sem hér er sett hafa Norðmenn sett í sín lög um „Tvangsfuldbyrdelse" frá 13. ág. 1915, 154. gr.

Um 10. gr.

Heimild til þess að setja skilyrði um tryggingu fyrir kostnaði, áður en uppboðsbeiðni verði tekin til meðferðar, er nýmæli. Ef uppboð verður árangurslaust, sbr. 28. gr., þá hefur uppboðshaldari enga tryggingu fyrir slíkum greiðslum, en hann getur eftir þessari grein jafnan tryggt sig, þótt uppboð leiði ekki til tilætlaðrar niðurstöðu.

Það er og nýmæli, að auglýsa skuli aflýsingu uppboðs. Stundum er þess vitanlega ekki kostur, með því að skuldunautur greiðir stundum á síðustu stundu og afstýrir þannig uppboði.

Um 11. gr.

Einsætt þykir, að innheimtumaður fái ekki innheimtulaun af fé, sem hann hefur aldrei veg og vanda af, þó að það sé að nafni til hluti af uppboðsandvirði. Það er nýmæli, að dómsmálaráðherra setji gjaldskrá um innheimtulaun uppboðshaldara (hreppstjóra), enda leiti hann tillagna stjórnar Félags héraðsdómara. Ef innheimtumaður er ráðinn, sbr. 1. málsgr. 48. gr., fara innheimtulaun eftir samkomulagi. En sakir ákvæða 1. málsgr. 11. gr. mun sjaldan þurfa til þess að koma. Það mun venjulega verða kostnaðarminnst, að uppboðshaldari (hreppstjóri) heimti uppboðsandvirði, og því sýnist rétt að gera honum að skyldu að gera það, nema allir aðiljar, þar á meðal skuldunautur, verði á annað sáttir.

Um II. kafla.

Í þessum kafla eru sérákvæði um nauðungarsölu fasteigna. Eins og fyrr segir, verkar beiðni um nauðungaruppboð, **svo langt sem hún nær,** eins og beiðni um gjaldþrotaskipti. Þeir, sem réttindi eiga í eign, verða hér aðiljar. Mörg ákvæða kaflans helgast af þessari meginreglu.

Um 12. gr.

Það kann að hafa verið nokkuð vafasamt, hvort nauðungaruppboð á sumum þeirra réttinda og bygginga á eign annars manns ættu að hlíta reglum um nauðungaruppboð á fasteign eða lausafé. Þykir rétt að mæla ákveðið um þetta og láta uppboðin fara fram sem fasteignauppboð.

Veð í skipum fimm smálesta eða stærri hefur verið talið veita sömu tryggingu að lögum sem fasteignaveð, svo sem því verður við komið, og því eru mörkin hér sett við skip af þessari stærð. Nauðungaruppboð á minni skipum fer eftir III. kafla.

Um 13. gr.

Þykir ekki þurfa að skýra.

Um 14. gr.

Ákvæði 1. málsgr. skera úr um það, hver ábyrgð beri á uppboðsbeiðni, og til hvers uppboðshaldari geti haldið sér varðandi tryggingu samkvæmt 2. málsgr. 10. gr.

Með því að uppboðsbeiðni kemur öðrum réttindahöfum í eign til gagns, sbr. 21. gr. 1. málsgr., þá er þeim óþarft að krefjast uppboðs og eigi ástæða til að leyfa þeim að gera aðför eða kyrrsetningu í eign, eftir að uppboð hefur verið birt, er

baka mætti nokkrum kostnað eða tjón. Undantekning verður þó að gera um þann, er hefur jafnframt veð í fylgifé eignar, sbr. 4.—6. gr. laga nr. 18/1887. Með því að honum er rétt að krefjast sölu á eign með fylgifénu, þá væri rétti hans hallað, ef hann mætti ekki með venjulegum hætti gera nauðsynlegar ráðstafanir í því skyni.

Um 15. og 16. gr.

Hér er einungis ástæða til að geta ákvæða 4. málsgr. 16. gr. Sum höft á eign, t. d. ýmis ítök, ganga fyrir öllum veðskuldum, og er þá eðlilegast, að eign sé seld með þeim áhvílandi. Kaupandi tekur þá við eign þannig heftri. En haftið skal ef til vill standa að baki veðskuld. Húseign skal t. d. selja til greiðslu 1. veðréttar skuldar, kr. 50000.00. Kvöð hvílir á eigninni, sem standa skal að baki veðskuldinni. Ef nú nægilegt er boðið í eignina til greiðslu veðskuldar, en ekki meira, þá mundi kvöðin falla niður samkvæmt 36. gr. En ef ekki fæst nægilegt boð til greiðslu veðskuldarinnar, þá má það vera af því, að menn vilja ekki kaupa eignina með kvöð áhvílandi, og uppboð verði árangurslaust af þeim sökum. En hins vegar kynnu menn að vilja bjóða hærra en 1. veðrétti nemur, ef kvöðin væri af eigninni. Þá kemur til þess að færa kvöðina til peningaverðs („kapitalisera" hana). Hún er t. d. metin 10000.00 kr. virði. Nú kemur 60000.00 kr. boð í eignina. Þá mundi 1. veðréttarhafi láta slá hana. Þá fær eigandi kvaðarinnar það, sem afgangs verður, þegar 1. veðréttarhafi hefur fengið sitt, en kvöðin fellur niður samkvæmt 36. gr.

Um 17. gr.

Sá, sem samningsbundinn er til að láta veðskuld standa, enda þótt veð sé selt, verður að hlíta samningsskyldu sinni. Ef boðið er upp úr veðskuld hans, þá stendur hún óhögguð. En ef lægra er boðið, þá fellur veðréttur niður að einhverju leyti eða öllu samkvæmt 36. gr. Hér er brugðið út af reglunni um það, að uppboð verki svipað og gjaldþrotaskipti. Svipað er að segja um ákvæði 2. málsgr. Hefur ekki þótt ástæða til að láta hér koma fram sams konar verkanir sem um gjaldþrotaskipti, sbr. 16. gr. laga nr. 25/1929. Skerðir þetta ekki rétt veðhafa í eign, er njóta hlunninda af uppboðsbeiðni eða annarra réttindahafa til þess að fá greiðslur af uppboðsandvirði.

Um 18. gr.

Ákvæði 2. málsgr. eru í samræmi við samsvarandi ákvæði 17. gr. 2. málsgr. laga nr. 42/1926.

Um 19. gr.

Ákvæði 1. málsgr. eru nýmæli. Með því að jafnan má telja óvíst, hvaða boði verði unnt að taka, þykir hentugt, að hver bjóðenda sé við sitt boð bundinn, unz boð hefur verið samþykkt, allt að þremur vikum. Þó er frestur lengri, ef tvö uppboð eru haldin, sbr. 29. gr. Sýnist það og nauðsynlegt, svo að halda megi sér að bjóðendum á fyrra uppboði, ef hið síðara verður árangurslaust.

Um 20. gr.

Þykir eigi þurfa að skýra.

Um 21. gr.

Ákvæði 1. málsgr. er í samræmi við þá meginreglu, að nauðungaruppboðsbeiðni verki með svipuðum hætti, svo langt sem hún nær, sem beiðni um gjaldþrotaskipti.

Um 22. gr.

Hér eru settar reglur til varnar því, að nauðungaruppboð fari fram að óvörum þeim, er hagsmuna eiga að gæta. Og jafnframt er þess vænzt, að þær verði til þess, að uppboð fari ekki heldur fram að óvörum þeim, er hug kunna að hafa á því að bjóða í eign. Til þess er og ætlazt, að athugasemdir við frumvarp

uppboðshaldara að uppboðsskilmálum komi fram svo tímanlega, að uppboðshaldari geti kynnt sér þær, áður en uppboð skal fram fara.

Um 23. og 24. gr.

Virðist ekki þurfa að skýra.

Um 25. gr.

Með því að fjöldi uppboða, sem auglýst hafa verið, eru afturkölluð, virðist ekki þörf að ganga til fullnaðar frá uppboðsskilmálum fyrr en á uppboðsdegi. Hins vegar á frumvarp að uppboðsskilmálum að liggja frammi hjá uppboðshaldara, þegar eftir að uppboð hefur verið auglýst, til sýnis aðiljum. Venjulega eru engar athugasemdir gerðar við frumvarpið, og því mun sjaldan verða þörf á ákvörðun um skilmála á uppboðsstað, enda er uppboðshaldara rétt að kveðja aðilja saman til úrlausnar því máli, ef athugasemdir, sem hann telur ástæðu til að athuga, koma fram samkvæmt 22. gr. Og athugasemdir, sem koma fyrst fram á uppboðsstað, er ekki ástæða til að taka til greina, nema þær lúti að efnum, sem uppboðshaldari á að gæta af sjálfsdáðum.

Um 26. og 27. gr.

Virðist ekki þurfa að skýra.

Um 28. og 29. gr.

Þegar svo lágt er boðið, að enginn þeirra, er í 1. málsgr. segir, fær nokkuð upp í kröfu sína, eða svo lágt er boðið, að boð þykir ekki tækt, þykir rétt að veita þeim, er í 1. og 2. tölul. 29. gr. segir, kost á að láta reyna uppboð af nýju. Ef niðurstaða þar verður hallkvæmari en á hinu fyrra uppboði, þá verður svo sem það hefði ekki verið haldið, og bjóðendur þar eru ekki lengur bundnir við boð sín, ef boð á síðara uppboðsþingi er samþykkt. Sama verður, ef jafnhátt boð á síðara uppboðsþingi er samþykkt. Annars kostar má halda sér að bjóðendum á fyrra uppboði, enda sé sex vikna fresturinn ekki liðinn.

Um 30. gr.

Þarf ekki að skýra.

Um 31. gr.

Ákvæði greinarinnar eru til þess að taka af tvímæli um rétt manna til þess að framselja öðrum þann rétt, er þeir hafa öðlazt fyrir boð sitt á uppboði, áður en það hefur verið samþykkt eða afsal er þeim veitt. Þeir framselja þá rétt sinn væntanlega eftir tilboði eða kaupsamningi, enda má jafna samþykktu boði til kaupsamnings um eign.

Um 32. gr.

Réttur lánardrottins til útlagningar samkvæmt þessari grein er í samræmi við ákvæði opins bréfs 22. apríl 1817, 2. gr., sbr. lög nr. 16/1893, 1. gr. Eftir frumvarpinu ákveður uppboðshaldari útlagningu, en eftir gildandi reglum gerir skiptaráðandi það, ef eign bús er seld, en fógeti ella. Skiptir þetta að vísu sjaldan máli, með því að sami embættismaður fer nú almennt með þessi störf, en í kauptúnum, þar sem sérstakur lögreglustjóri er skipaður, sbr. 1. málsgr. 2. gr., ákveður hann þó útlagningu eftir frv. Ákvæði 1. málsgr., um rétt handveðshafa til útlagningar, er til að taka af tvímæli um heimild hans, sem hefur að minnsta kosti ekki þótt vafalaus. Hagnaður af útlagningu er sá, að aðili losnar við greiðslu sölulauna í ríkissjóð. Honum eru veitt þau hlunnindi, af því að gert er ráð fyrir því, að venjulega verði hann fyrir tapi, þar sem enginn hefur viljað kaupa eignina því verði, að hann fengi skuld sína greidda að fullu. Hins vegar hefur þó ekki þótt ástæða til þess að veita eigendum handhafaveðskuldabréfa þetta hagræði, með því að bæði hafa þeir sætt betri kjörum um stimpilskyldu sakir framsals slíkra bréfa en þeir, er nafnbréf fá sér framseld, og reynsla þykir vera um það, að eigendur handhafabréfa hafi oft eða jafnvel

venjulega fengið þau með afföllum, stundum allverulegum. Annars skal þess geta, að ákvæði þetta hefur verið tekið í frumvarpið eftir tillögum borgarfógeta í Reykjavík, sem manna kunnugastur er þessu efni.

Þó að gert séð ráð fyrir því, að veðskuldaeigendur, sem fá eign útlagða eftir þessari grein, verði einatt fyrir tapi, þá þarf auðvitað ekki alltaf svo að vera, með því að ýmsar ástæður kunna að vera til þess, að eigi hafa hærri boð fengizt en raun varð á aðrar en raunveruleg verðlægð eignarinnar. Fyrir því eru ákvæði 4. og 5. málsgr. lögð til. Virðist óviðeigandi, að lánardrottinn græði á kostnað skuldunauts.

Um 33. gr.

Það er auðvitað, að kaupandi fær afsal, jafnskjótt sem hann fullnægir uppboðsskilmálum, ef engin mótmæli koma fram gegn sjálfu uppboðinu. Annars kostar verður að bíða, þar til er séð er fyrir endann á því máli.

Um 34. gr.

Uppboðshaldari á auðvitað að gera reikning yfir uppboð, jafnskjótt sem uppboðsandvirði er heimilt eða kaupandi hefur samið við veðhafa eða aðra réttindahafa um greiðslu þess. Jafnframt gerir uppboðshaldari skrá yfir þá, er taka eiga uppboðsandvirði, eftir þeim gögnum, sem fyrir honum liggja. Venjulega er slíkt mjög einfalt mál, og engar aðfinningar koma fram við skrá hans. En ef ágreiningur verður milli aðilja um hlutdeild þeirra í uppboðsandvirði, verður uppboðshaldari að skera úr honum, og má þá ekki greiða, fyrr en séð er fyrir endann á því máli.

Um 35. gr.

Ákvæði greinar þessarar eru nýmæli, en samsvarandi fyrirmæli eru í 582. gr. réttarfarslaga Dana. Þau miða til þess að skerpa ábyrgð uppboðskaupanda, sem ekki hefur verið látinn setja næga tryggingu fyrir því, að hann fullnægði uppboðsskilmálum, enda eiga lánardrottnar ekki að bíða tjón fyrir vanefndir hans.

Um 36. gr.

Ákvæði hennar eru í samræmi við gildandi lög, sbr. opið bréf 22. apríl 1817, 1. gr., og lög nr. 16/1893, 1. gr.

Um III. kafla.

Hér greinir um nauðungaruppboð á lausafé, svo sem skipum undir fimm smálesta stærð, bifreiðum, flugförum, kröfuréttindum og öðrum ólíkamlegum verðmætum. Með því að miklu er sjaldgæfara, að þessi verðmæti séu bundin veði eða höftum en fasteignir, þykir ekki nauðsynlegt, að jafnrækilegar reglur séu settar um nauðungarsölu þeirra og fasteigna. En þó er reynt að sjá fyrir því, að réttur manna verði ekki fyrir borð borinn, ef eitthvert slíkra verðmæta reynist vera veðsett fleirum en uppboðsbeiðanda eða öðrum höftum bundið, sbr. 38. gr.

Um 37. gr.

Þykir ekki þurfa skýringar.

Um 38. gr.

Vegna hagsmuna aðilja ber uppboðshaldara að gæta þess, að ekkert sé það í uppboðsskilmálum, er halli ólöglega rétti þeirra. Hann verður því að skera úr öllum atriðum varðandi það efni. Fer um það mál samkvæmt 25.. gr.

Um 39. gr.

Ákvæði greinarinnar eru til fyllingar uppboðsskilmálum, en eigi því til fyrirstöðu, að öðruvísi sé þar mælt. Um 3. tölul. athugast sérstaklega, að ábyrgð uppboðsbeiðanda og uppboðshaldara hlýtur að vera önnur og minni en seljanda verðmætis almennt, með því að enginn getur ætlazt til þess, að þeim sé öðrum fremur

kunnugt um heimildarbrest eða leynandi löstu á söluverðmæti. En ef verulegir gallar eða heimildarbrestur kemur í ljós, þá er ósanngjarnt, að grandlaus kaupandi skuli allt af standa við kaup sitt. Hins vegar mundi það raska of miklu, ef hann gæti haft þessi atriði uppi við uppboðshaldara ótakmarkaðan tíma og eftir það, að reikningur er gerður um uppboð og greiðslur hefðu farið fram að einhverju leyti samkvæmt henni. Fyrir því er lagt til, að kaupandi verði af rétti til riftingar eða afslætti á kaupverði, ef hann hefur ekki haft kröfu þar um uppi eftir ákvæðum um tímamark í uppboðsskilmálum og áður en uppboðshaldari hefur gert reikningsskil samkvæmt 46. gr.

Um 40. gr.

Þykir ekki þurfa að skýra.

Um 41. gr.

Eigi er ástæða til þess, að aðili, sem þegar hefur gert aðför, varni öðrum uppboðs, enda þótt réttur hans standi framar en réttur uppboðsbeiðanda. En jafnauðsætt er það, að hinn fyrrnefndi gengur fyrir hinum síðarnefnda um greiðslur af uppboðsandvirði. Sama er um þann veðhafa, sem víkja skal fyrir uppboðsbeiðanda, að hann getur ekki varnað honum uppboðs. Ef veðhafi skal ganga fyrir uppboðsbeiðanda, þá getur hann að vísu varnað honum uppboðs, ef hann er samningsskyldur til þess að láta skuld sína standa, því að honum mundi vera óskylt að þola það, að vörzluskipti yrði á veði og áhætta hans þar með ef til vill aukin. En þá er lægra settum veðhafa heimilað að leysa hinn út. En jafnvel þótt ekki standi svo á, virðist rétt að veita lægra settum veðhafa heimild til að leysa hinn út, hvort sem skuld hans er komin í gjalddaga eða ekki, enda mundi veðhafi að jafnaði verða feginn greiðslu, með því að menn leggja fé sitt venjulega ekki til ávöxtunar gegn veðtryggingu í lausafé.

Um 42.—45. gr.

Þykja ekki þurfa skýringar.

Um 46. gr.

Ef fleiri en einn aðili skulu taka greiðslu af uppboðsandvirði söluverðmætis, verður svo með það að fara sem samsvarandi atriði, er fasteign er seld, þ. e. eftir 34. gr.

Um 47. gr.

Sjá athugasemd við 35.—36. gr.

Um 48. gr.

Þó að ætla megi, að uppboðshaldari (hreppstjóri) heimti venjulega andivirði seldra verðmæta á uppboðsþingi, þykir rétt að setja fyrirmæli um ráðinn innheimtumann, er eftir skuli fara, nema öðruvísi sé löglega ákveðið hverju sinni. Áður voru fyrirmæli um skil innheimtumanna í opnu bréfi 3. júní 1818. Sjá nú 31. gr. skiptalaganna.

Um 49. gr.

Ýmis verðbréf kann að vera heppilegra að selja utan uppboðs. Og útistandandi skuldir kann einnig henta betur að innheimta en að selja þær á uppboði. Og er uppboðshaldara því veitt heimild til þess að haga því svo.

Um IV. kafla.

Hér eru talin þau ákvæði í lögum, er úr gildi falla, ef frumvarp þetta verður að lögum, og það mælt, hvenær ákvæði þess koma til framkvæmdar og að hve miklu leyti þau koma til greina um uppboðsgerðir, sem hafnar eru þá, en ekki er að fullu lokið. Virðist ekki þurfa að skýra þessi ákvæði.

Þess skal þó geta, að ástæðulaust virðist að halda hinu gamla ákvæði Jónsbókar Kaupab. 22 um heimild handveðshafa til þess að láta leggja sér veð til eignar eftir virðingu eða selja veð (án uppboðs).

Nd. **175. Nefndarálit** [17. mál]

um frv. til l. um kjötmat o. fl.

Frá landbúnaðarnefnd.

Nefndin hefur athugað tillögur yfirdýralæknis og stjórnar Dýralæknafélags Íslands og borið þær saman við breytingartillögur landbúnaðarnefndar Ed. og frv. Enn fremur hefur nefndin aflað sér upplýsinga um ýmislegt, er lýtur að kjötmatinu. Að þessum athugunum loknum og að fengnum upplýsingum varð nefndin sammála um að gera á frv. nokkrar smábreytingar, sem eru á sérstöku þingskjali, og mælir hún með frv. þannig breyttu.

Alþingi, 7. des. 1948.

Steingr. Steinþórsson, form. Jón Pálmason, fundaskr. Jón Sigurðsson, frsm.
Ásg. Ásgeirsson. Sigurður Guðnason.

Nd. **176. Breytingartillögur** [17. mál]

við frv. til l. um kjötmat o. fl.

Frá landbúnaðarnefnd.

1. Við 2. gr. Orðin „og kæling“ í 1. málsl. falli burt.
2. Við 3. gr. Síðasti málsl. 2. málsgr. orðist þannig: Ráðuneytið heldur skrá yfir löggilt sláturhús og frystihús, þar sem hvert þeirra hefur sérstakt löggildingarmerki eða löggildingarnúmer, og skal númer þetta eða merki koma fram í kjötstimpli, sem notaður er til auðkennis í hlutaðeigandi sláturhúsi.
3. Við 4. gr. Síðasti málsl. orðist svo: Ráðuneytið tilkynnir þá jafnframt aðilum þeim, sem sláturleyfin veita, að slátrun á þeim stað skuli þá þegar niður lögð, unz úr sé bætt.
4. Við 9. gr. Síðari málsl. 2. málsgr. orðist þannig: Einnig skal hann, eftir því sem við verður komið, gera athugun á kjöti og öðrum sláturfjárafurðum, sem fluttar eru á erlendan markað og til helztu sölustaða innan lands, og framkvæma yfirmat á þeim, er þurfa þykir.

Sþ. **177. Fyrirspurnir.** [95. mál]

I. Til viðskiptamálaráðherra um sjálfvirku símstöðina á Akureyri.

Frá Sigurði E. Hlíðar.

Hvað líður sjálfvirku símstöðinni fyrir Akureyri, og hvenær má vænta þess, að hún verði sett upp?

II. Til ríkisstjórnarinnar um fjáröflun í sambandi við skipakaup.

Frá Jónasi Jónssyni.

1. Hvar og hvernig hefur ríkisstjórnin tryggt sér fjármagn til að greiða þá 10 togara, sem hún lætur smíða í Englandi?

2. Hvar og með hvaða kjörum hefur ríkisstjórnin útvegað sér þær fimm milljónir króna, sem með þarf til að greiða hið nýja strandgæzluskip, sem verið er að smíða í Danmörku?

III. Til ríkisstjórnarinnar um tilkostnað og árangur af þátttöku Íslendinga í alþjóðafundum í sambandi við hafrannsóknir og friðun Faxaflóa.

Frá Jónasi Jónssyni.

1. Á hve mörgum alþjóðafundum um hafrannsóknir og friðun Faxaflóa hafa Íslendingar haft fulltrúa síðan 1938?
2. Hvar hafa þessir fundir verið haldnir, og hve lengi hafa fulltrúar Íslands dvalið þar í hvert sinn?
3. Hverjir voru fulltrúar Íslands á hverjum þessum fundi?
4. Hve mikið kostaði þátttaka Íslands í þessu fundahaldi íslenzka ríkið í hvert sinn?
5. Hver var árangur fyrir íslenzka ríkið af þátttöku í hverjum fundi?
6. Hverjar eru niðurstöður af þessu fundahaldi varðandi friðun Faxaflóa?

IV. Til forsætisráðherra varðandi flutning þingfrétta í útvarpi.

Frá Jónasi Jónssyni.

1. Hvaða stjórnarvöld hindra, að útvarpið segi frá fyrirspurnum, sem bornar eru fram á Alþingi?
2. Hvers vegna er þetta bann lagt á fyrirspurnir á Alþingi?
3. Á hvaða formlegum heimildum byggist þetta bann?

Nd. 178. Nefndarálit [40. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 6 10. janúar 1935, um tekjuskatt og eignarskatt.

Frá fjárhagsnefnd.

Nefndin hefur athugað frv. og átt viðræður um málið við skattstjóra, sem telur framkvæmd þeirrar skattaívilnunar, sem hér um ræðir, ekki sérstökum erfiðleikum bundna. Aftur á móti hefur skattlagning komið allhart niður á ýmsum, sem lagt hafa á sig mikla aukavinnu og erfiði við byggingu eigin íbúða, jafnvel þótt skattstjóri telji, að slík aukavinna hafi verið vægilega metin.

Nefndin er því sammála um, að rétt sé að samþykkja frv., en telur, að fyrirvara ætti að hafa um það, ef íbúð er seld með hagnaði innan 5 ára frá því að byggingu lýkur. Einstakir nefndarmenn áskilja sér rétt til að fylgja öðrum breytingartillögum, sem fram kunna að koma, en nefndin leggur til, að frv. sé samþykkt með eftirfarandi

BREYTINGU:

Á eftir fyrri efnismálslið 1. gr. kemur nýr málsl., svo hljóðandi: Þessi ívilnun fellur þó burt að því leyti, sem vinnan kann að fást endurgreidd með söluhagnaði af íbúðinni samkv. e-lið 7. greinar.

Alþingi, 7. des. 1948.

Ásg. Ásgeirsson, form. Hallgrímur Benediktsson, fundaskr. Jóhann Hafstein, frsm.
Einar Olgeirsson. Skúli Guðmundsson.

Nd. 179. Breytingartillögur [80. mál]

við frv. til l. um aðstoð til útvegsmanna, er síldveiðar stunduðu sumarið 1948.

Frá sjávarútvegsnefnd.

1. Við 2. gr. Í stað greinarinnar koma þrjár greinar, svo hljóðandi:
   a. (2. gr.) Ríkissjóður getur leyst til sín lögveðskröfur og sjóveðskröfur á hendur þeim útgerðarmönnum og útgerðarfyrirtækjum, sem stunduðu síldveiðar sumarið 1948.
      Enn fremur er heimilt að veita útgerðarmönnum og útgerðarfyrirtækjum lán samkvæmt lögum þessum, sem svara til krafna þeirra, er í 1. málsgr. eru taldar, ef aðilar hafa þegar greitt þær og þeim ella væri ókleift að halda áfram rekstri vegna aflabrests á síldarvertíðinni sumarið 1948.
      Aðstoð ríkissjóðs samkvæmt 1. og 2. málsgr. þessarar greinar er því skilyrði bundin, að tryggt sé, að þessir aðilar geti haldið útgerð áfram næstu vetrarvertíð.
   b. (3. gr.) Lögveðsréttur og sjóveðsréttur á kröfum þeim, sem ríkissjóður innleysir samkvæmt 2. gr., helzt í fullu gildi í eitt ár frá innlausnardegi að telja, nema fyrningarfrestur sé lengri samkvæmt öðrum lögum.
   c. (4. gr.) Útgerðarmenn og útgerðarfyrirtæki, sem stunduðu síldveiðar sumarið 1948 og aðstoð fá samkvæmt 2. gr., skulu hafa greiðslufrest til 1. júlí 1949 á öllum skuldum og vöxtum af þeim, sem stofnað hefur verið til vegna útgerðarinnar.
      Greiðslufrestur þessi nær ekki til þeirra krafna, sem tryggðar eru með lögveði eða sjóveði í eignum útgerðarmanna eða útgerðarfyrirtækja.
      Tímabilið frá gildistöku laga þessara til 1. júlí 1949 telst ekki með fyrningartíma skulda, sem greiðslufrestur er veittur á, víxilréttar né neinna réttargerða.
2. Við 3. gr., sem verður 5. gr. Greinina skal orða svo:
   Sjávarútvegsmálaráðherra skipar þriggja manna nefnd til að hafa á hendi innlausn lögveðskrafna og sjóðveðskrafna samkvæmt 1. mgr. 2. gr. og lánveitingar samkvæmt 2. mgr. 2. gr. svo og aðra framkvæmd laga þessara. Lánþega er skylt að gefa nefndinni allar þær skýrslur, er hún telur nauðsynlegar. Með allar skýrslur varðandi lánin skal farið sem trúnaðarmál.
3. Við 4. gr., sem verður 6. gr. Greinina skal orða svo:
   Lánveitinganefnd skal sannprófa eins og unnt er, hvort skjöl þau séu rétt, sem hún fær frá útgerðarmönnum og útgerðarfyrirtækjum. Nefndin ákveður, hver fjárhæð hvers láns skal vera. Einnig ákveður hún lánstíma og skiptingu afborgana. Lánstími má þó ekki vera yfir 10 ár. Ársvextir skulu vera 5%.
4. Við 5. gr., sem verður 7. gr. Greinina skal orða svo:
   Ekkert lán má afgreiða né innleysa sjóveð fyrr en ráðherra hefur veitt samþykki sitt til þess.
   Fiskveiðasjóður Íslands sér um afgreiðslu lánanna og um bókhald og innheimtu þeirra fyrir þóknun, sem ráðherra ákveður.
5. Við 6.—7. gr. Greinarnar verða 8.—9. gr.
6. Við 8. gr., sem verður 10. gr. Greinina skal orða svo:
   Ráðherra og lánveitinganefnd geta sett nánari reglur um alla framkvæmd laga þessara, ef þurfa þykir.
7. Við 9. gr. Greinin verður 11. gr.

Nd. 180. Frumvarp til laga [96. mál]

um öryggisráðstafanir á vinnustöðum.

(Lagt fyrir Alþingi á 68. löggjafarþingi, 1948.)

I. KAFLI

Gildissvið laganna, tilkynningarskylda o. fl.

1. gr.

Lög þessi ná til sérhverrar starfrækslu, þar sem einn verkamaður eða fleiri vinna, eða notuð er orka, sem er eitt hestafl eða meira, hvort tveggja þó með þeim undantekningum, er greinir í lögum þessum.

Undanþegin lögum þessum eru:

1. siglingar, fiskveiðar og aðrar veiðar, þar með talin aðgerð á veiðinni á skipsfjöl, enda sé ekki um sérstök verksmiðjuskip að ræða,
2. loftferðir,
3. vinna í einkaíbúð vinnuveitanda, enda sé um algeng heimilisstörf að ræða.

Ráðherra getur, í samráði við öryggismálastjóra og öryggisráð, mælt svo fyrir í reglugerð, að vélar og önnur áhöld og mannvirki, sem lög þessi ná ekki til, skuli þó vera háð því eftirliti, er lög þessi mæla fyrir um.

2. gr.

Verkamaður merkir í lögum þessum hvern þann mann, karl eða konu, sem vinnur utan heimilis síns í annars manns þjónustu.

Vinnuveitandi merkir í lögum þessum hvern þann mann, karl eða konu, sem hefur í þjónustu sinni einn eða fleiri verkamenn.

Sé fyrirtæki, sem lög þessi ná til, starfrækt af tveim mönnum eða fleiri í sameiningu, telst aðeins annar eða einn þeirra vinnuveitandi samkvæmt þessum lögum, en hinn eða hinir teljast vera verkamenn, enda vinni þeir við fyrirtækið. Skal það tilkynnt öryggiseftirlitinu, hver sé talinn vinnuveitandi.

Framkvæmdastjóri félags telst vinnuveitandi í merkingu þessara laga.

Sé um opinberan rekstur að ræða, telst vinnuveitandi sá, er umsjón hefur með starfrækslunni, og skal það tilkynnt öryggiseftirlitinu, hver það er.

3. gr.

Sérhvert fyrirtæki, sem lög þessi ná til (sbr. 1. gr.), skal tilkynna öryggiseftirlitinu starfrækslu sína áður liðinn er hálfur mánuður frá því hún hófst. Tilkynningunni skulu fylgja fullnægjandi upplýsingar um starfræksluna, hvers konar og hve mikil orka er notuð, hve margir verkamenn vinni þar að jafnaði og annað það, er máli kann að skipta og krafizt verður.

Þegar gerð er breyting á fyrirtæki, skal senda öryggiseftirlitinu sams konar tilkynningu og um getur í 1. málsgr. þessarar greinar strax og breytingum er lokið.

Eigandi farandvélar skal tilkynna öryggiseftirlitinu, hvar vélin er í notkun á hverjum tíma.

4. gr.

Rísi ágreiningur milli öryggismálastjóra og vinnuveitanda um það, hvort lög þessi nái til starfrækslu, má skjóta ágreiningnum til öryggisráðs, og kveður það upp úrskurð um hann.

II. KAFLI
Almenn ákvæði um tilhögun á vinnustað.

5. gr.

Vinnuveitanda ber að sjá um, að á vinnustað sé öllu svo fyrir komið, að verkamenn séu verndaðir gegn slysum og sjúkdómum eftir því, sem föng eru frekast til.

Vinnuveitanda ber að sjá svo um, að verkamenn fái vitneskju um, ef hætta fylgir störfum þeirra og á hvern hátt bezt sé að forðast hana. Sérstaklega skal leiðbeina óvönum verkamönnum, nemum og ungum verkamönnum í þessu efni.

6. gr.

Verkamenn skulu stuðla að því eftir megni, að allt, sem gert er til að vernda þá gegn slysum og sjúkdómum, komi að sem beztum notum, þeim ber og að stunda reglusemi og nauðsynlega varkárni á vinnustað.

Verkamenn skulu sérstaklega gæta þess, að vélar, verkfæri, áhöld og annar útbúnaður, sem notaður er við vinnuna, sé í góðu lagi, og skulu þeir lagfæra þá galla, sem á kunna að verða, ef unnt er, en annars tilkynna þá yfirmanni sínum.

Verði verkamaður fyrir slysi við vinnu sína, ber honum að tilkynna það yfirmanni sínum svo fljótt sem verða má. Eigi má hann taka upp vinnu sína á ný, fyrr en það hefur verið lagfært, sem kann að hafa verið í ólagi.

Þegar verkamönnum er ætluð sérstök matstofa, sem öryggiseftirlitið hefur viðurkennt, er þeim óheimilt að neyta matar síns annars staðar á vinnustað.

7. gr.

Trúnaðarmaður verkamanna (sbr. 45. gr.) skal reglulega líta eftir því, að allur öryggisútbúnaður sé í góðu lagi og hann notaður á réttan hátt. Verði hann var einhverra ágalla, skal hann tilkynna það vinnuveitanda. Verði trúnaðarmaðurinn þess var, að hægt sé að bæta um öryggisútbúnaðinn á einhvern hátt, ber honum að vekja athygli vinnuveitanda á því. Sömuleiðis skal trúnaðarmaðurinn vekja áhuga verkamanna á notkun alls þess, er til öryggis má verða, og leiðbeina þeim um allt það, er að öryggisútbúnaðinum lýtur.

Trúnaðarmaður skal, í samráði við verkstjóra, hafa gát á því, að óviðkomandi menn séu ekki á ferli á vinnustað.

8. gr.

Þegar um vinnu er að ræða, sem hefur í för með sér óvenjulega mikla hættu fyrir líf, limi eða heilbrigði verkamanna eða er óvenjulega erfið, getur ráðherra sett reglur í samráði við öryggismálastjóra og öryggisráð um öryggisútbúnað umfram það, sem mælt er fyrir um í lögum þessum. Í þeim reglum geta verið ákvæði um takmörkun vinnutímans, að verkamenn innan 18 ára aldurs séu eigi látnir framkvæma verkið og eigi heldur verkamenn, sem hafi annaðhvort ekki nægilegt líkamlegt eða andlegt atgervi til vinnunnar.

9. gr.

Ráðherra getur ákveðið, í samráði við öryggismálastjóra og öryggisráð, að fram fari reglubundin læknisskoðun verkamanna, enda sé ástæða til að ætla, að á þann hátt megi koma í veg fyrir eða hefta atvinnusjúkdóma til muna. Vinnuveitandinn er skyldur að gefa verkamönnunum frí frá störfum, án skerðingar á kaupi, til þess að skoðunin geti farið fram.

10. gr.

Ráðherra er heimilt, í samráði við öryggismálastjóra og öryggisráð, að gefa út reglugerðir og aðrar reglur um tilhögun á vinnustað, starfsháttu og önnur atriði, er varða heilbrigði og velferð verkamanna, svo og um öryggisútbúnað til að forðast

slys og sjúkdóma af völdum vinnunnar, allt innan þeirra takmarka, er lög þessi ákveða.

Ef vélar, verkfæri, áhöld og annar útbúnaður, sem notaður er við vinnuna, er þannig gerður, að nauðsynlegt sé að sannreyna styrkleika hans eða önnur gæði eða rannsaka hann á annan hátt, ber seljandinn eða eigandinn allan eða nokkurn hluta kostnaðarins af rannsókninni eftir nánari fyrirmælum ráðherra.

11. gr.

Sérhver, sem ætlar að reisa eða starfrækja verksmiðju eða verkstæði eða breyta eldra fyrirtæki, skal leita umsagnar öryggismálastjóra um, hvort hið fyrirhugaða skipulag sé í samræmi við lög þessi eða reglugerðir settar samkvæmt þeim. Í því skyni skal hann láta í té sundurliðaða greinargerð með nægilegum uppdráttum yfir fyrirkomulag véla og húsakynna og öðrum upplýsingum, er máli kunna að skipta, allt eftir því, sem öryggismálastjóri kann að krefjast.

Vilji hlutaðeigandi ekki una úrskurði öryggismálastjóra, getur hann skotið máli sínu til úrskurðar öryggisráðs.

III. KAFLI

Sérstakar reglur varðandi ráðstafanir til verndar heilbrigði og velferð verkamanna.

12. gr.

Um verksmiðjur, verkstæði, verzlunarstaði og skrifstofur gilda eftirfarandi ákvæði, enda séu þessi fyrirtæki starfrækt að staðaldri á sama stað:

1. *Lofthæð.* Þar, sem unnið er, skal eigi vera lægra undir loft en 2.5 m, en sé hiti mikill, raki, ryk, reykur, óþefur, eitraðar gastegundir, sprengifimar gastegundir eða annað þess háttar, sem eigi er hægt að fjarlægja, skal lofthæð vera a. m. k. 3 m.
2. *Loftrúm.* Við vinnu skal hver verkamaður hafa a. m. k. 15 m^3 loftrúm. Þó má minnka loftrúmið niður í 10 m^3 fyrir hvern verkamann, ef sérstök loftræsting er fyrir hendi, enda samþykki öryggismálastjóri það. En sé hins vegar óhjákvæmilega mikill hiti á vinnustaðnum, raki, ryk, reykur, óþefur, eitraðar gastegundir, sprengifimar gastegundir eða annað þess háttar, getur öryggismálastjóri krafizt þess, að loftrúmið sé aukið allt upp í 25 m^3. Þegar reiknað er út loftrúm, skal eigi taka tillit til hæðar, sem er yfir 4 m.
3. *Gólf.* Á vinnustað skulu gólfin vera úr því efni, er bezt hentar hverju sinni, og efnisvalið fara eftir vinnu þeirri, sem að er unnið.
4. *Þak, veggir og loft.* Á vinnustað skal þak, veggir og loft vera nægilega þétt og hlý. Málningu skal haldið vel við, þar sem málað er, en sé vinnustaðurinn kalkaður, skal kalka á hæfilegum fresti. Öryggismálastjóri getur bannað að nota veggfóður á loft og veggi, ef hann telur það óhentugt af heilbrigðis- eða hreinlætisástæðum.
5. *Lýsing.* Sérhver verkamaður skal hafa þá birtu við vinnu sína, er bezt hentar hverju sinni, svo að sjón hans sé ekki hætta búin.
6. *Hreingerning.* Vinnustaðir skulu vera tilhlýðilega hreinsaðir. Hreingerningu skal lokið a. m. k. ¼ klst. áður en vinna hefst.
7. *Hiti.* Upphitun skal vera nægileg á vinnustað og í matstofu að dómi trúnaðarmanns verkamanna og öryggismálastjóra, og fari eftir því, hver vinna er stunduð.
8. *Drykkjarvatn.* Verkamenn skulu hafa aðgang að nægilegu og góðu drykkjarvatni, og skal svo vera um búið, að hægt sé að gæta nægilegs hreinlætis, þegar þess er neytt.
9. *Handþvottur og böð.* Á sérhverjum vinnustað skulu vera nægilega margar handlaugar eða annar hentugur útbúnaður með sápu eða öðru þvottaefni

fyrir verkamenn til að þrífa sig. Skal þeim haldið tilhlýðilega hreinum. Handlaugarnar skulu vera í eða fast við búningsherbergi, ef það er fyrir hendi, en annars í vinnuherbergi. Telji öryggismálastjóri það nauðsynlegt af þrifnaðar- eða heilbrigðisástæðum, getur hann krafizt þess, að heitt vatn sé tiltækilegt til notkunar við þvottinn. Af sömu ástæðum getur hann krafizt þess, að sérstök bað- eða þvottaherbergi séu til afnota, og eru verkamenn þá skyldugir að nota þau.

10. *Búningsherbergi o. fl.* Þegar vinnu er þannig háttað, að nauðsynlegt sé að hafa fataskipti áður en vinna hefst og að henni lokinni, skulu verkamenn hafa aðgang að búningsherbergi, er sé nálægt vinnustað þeirra og hæfilega útbúið, m. a. að því leyti, að hægt sé að geyma fatnaðinn, svo að vel fari. Eigi má geyma fatnaðinn þar, sem matazt er, nema öryggismálastjóri hafi gefið leyfi til þess, eigi heldur í vinnuherbergjum verkstæða og verksmiðja, nema í skápum, sem til þess eru sérstaklega gerðir. Hægt er að krefjast þess, að fatnaður sá, sem verkamenn nota við vinnu sína, sé geymdur annars staðar en fatnaður sá, sem þeir nota ekki við vinnu, enda sé vinnu þannig háttað, að eigi verði hjá því komizt, að vinnufatnaður óhreinkist verulega. Reiðhjól og önnur svipuð farartæki, sem verkamenn nota til og frá vinnu, skal vera hægt að geyma á tryggum og hagkvæmum stað, meðan á vinnu stendur. Frá þessu síðastnefnda ákvæði getur öryggismálastjóri þó gefið undanþágu þeim fyrirtækjum, sem tekin eru til starfa, er lög þessi öðlast gildi, enda sé það verulegum vandkvæðum bundið að koma slíku skýli fyrir.
11. *Vinnufatnaður o. fl.* Verkamenn skulu vera í vinnufötum, sem vel henta fyrir vinnuna. Sé af heilbrigðisástæðum nauðsynlegt að nota sérstök vinnuföt, má krefjast þess, að vinnuveitandinn láta þau í té og annist hreinsun þeirra. Verði ekki hjá því komizt að vinna í miklum hita eða raka, getur öryggismálastjóri lagt svo fyrir, að verkamönnum sé gefinn kostur á því að skipta um föt og fá fatnað sinn þurrkaðan.
12. *Matstofa og dvalarstofa.* Verkamenn skulu hafa aðgang að matstofu eða öðrum hentugum stað til að matast. Þar skal vera hægt að hita upp mat og drykk. (Sbr. enn fremur síðustu málsgr. 6. gr.)
13. *Salerni.* Hæfilega mörg vatnssalerni skulu vera til afnota fyrir verkamenn. Þau skulu vera nálægt vinnustað og tilhlýðilega frá þeim gengið. Þar sem 5 kvenmenn eða fleiri vinna að staðaldri, skal þeim ætlað sérstakt salerni.
14. *Stólar.* Þegar verkamönnum er ætlað að vinna sitjandi, skulu þeir hafa til afnota hentuga stóla. Sé þeim hins vegar ætlað að vinna standandi, má krefjast þess, að þeir fái til afnota sæti, sem þeir geta notað, þegar tækifæri gefst við vinnuna.
15. *Loftræsting.* Á vinnustað skal andrúmsloftið endurnýjað nægilega og á þann hátt, er bezt hentar viðkomandi starfrækslu. Þó skal þess gætt, að skaðlegur súgur sé ekki, þar sem unnið er.
16. *Reykur, gufa, eitraðar og sprengifimar gastegundir o. fl.* Gastegundir, sem óhollusta eða sprengihætta stafar af, svo og reykur, gufa, hitasvækja og óþefur, sem myndast í einstökum vinnustofum, skal leitt burt frá stað þeim, þar sem það myndast, eftir því sem frekast er unnt, en þess ætíð gætt, að það berist ekki í aðrar vinnustofur. Þar sem ekki er hægt að komast hjá óhreinindum í andrúmsloftinu, sem hætta stafar af, skal verja verkamenn gegn áhrifum þeirra á viðeigandi hátt. Verkamenn skal verja eftir megni gegn áhrifum mikils hita.
17. *Skaðlegur raki.* Ef vinnuaðferðin hefur í för með sér, að hið venjulega rakastig loftsins breytist til muna, skulu gerðar viðeigandi ráðstafanir til verndar verkamönnum gegn áhrifum rakans.
18. *Ryk.* Aðferðum við vinnuna skal eftir mætti hagað þannig, að ryk myndist

ekki. Verði ekki hjá því komizt, að ryk berist í andrúmsloftið, skulu gerðar ráðstafanir til verndar verkamönnum gegn skaðlegum áhrifum þess.

19. *Eitruð efni og önnur efni hættuleg heilsu manna.* Alls staðar þar, sem framleidd eru eitruð efni eða önnur efni, sem eru hættuleg heilsu manna, slík efni myndast, eru notuð, vegin, búið er um þau eða með þau farið á annan hátt, skulu gerðar ráðstafanir til verndar verkamönnum gegn skaðlegum áhrifum þeirra. Sé þess nokkur kostur, skal nota miður hættuleg efni eða hættulaus efni í stað hinna hættulegu, enda hafi það ekki verulegt óhagræði í för með sér fyrir starfræksluna. Í samráði við öryggismálastjóra og öryggisráð getur ráðherra bannað framleiðslu eða notkun sérstaklega hættulegra efna eða sett þau skilyrði fyrir leyfi á notkun þeirra, að sérhvert ílát eða umbúðir, sem efnin eru í hrein eða blönduð öðrum efnum, beri þess greinileg merki.

20. *Smithætta.* Ef sérstök hætta er á, að verkamenn geti smitazt af sjúkdómum við vinnu sína, skulu gerðar nauðsynlegar ráðstafanir til að verja þá smitun.

21. *Hlífðarútbúnaður verkamanna o. fl.* Verkamönnum skal látið í té sérstakur hlífðarútbúnaður, svo sem grímur, hanzkar, gleraugu, eyrnahlífar og öndunaráhöld, þeim til varnar gegn skaðlegum áhrifum, ef ekki er á annan hátt hægt að verja þá gegn þeim. Kostnaðinn af slíkum hlífðarútbúnaði ber vinnuveitandinn. Verkamönnum ber að nota þennan hlífðarútbúnað, þegar þeir eru við slíka vinnu.

22. *Náttból.* Ef vinnustaður er svo afskekktur, að örðugt sé fyrir verkamenn að útvega sér náttból, skal vinnuveitandi láta verkamönnum í té tilhlýðilegan og ef þörf krefur upphitaðan næturdvalarstað, þar sem karlar og konur geta dvalið hvort í sínu lagi.

13. gr.

Eigi vinnuveitandi að sjá verkamönnum fyrir húsnæði, skal það vera svo rúmgott, að hver verkamaður hafi eigi minna loftrými, þar sem sofið er, en 7 m^3. Hver verkamaður skal hafa hæfilega stórt hvílurúm fyrir sig. Bil milli rúma skal eigi vera minna en 1 m, en liggi rúm samhliða hvort hjá öðru, skal vera þétt skilrúm á milli þeirra. Konur skulu hafa svefnklefa sérgreinda frá svefnklefum karla.

Gera má rúmaraðir tvöfaldar, efri og neðri rúm, en þá má hæð undir loft hvergi vera minni en 2.65 m.

Verkamenn skulu hafa aðgang að nægilega rúmgóðu eldhúsi og hafa til umráða hentuga matargeymslu, enda sjái vinnuveitandi þeim eigi fyrir fæði. Þá skulu þeir og hafa aðgang að nægilega rúmgóðri borðstofu.

Að öðru leyti gilda ákvæði 12. gr. þessara laga um húsnæði verkamanna eftir því, sem við á og ráðherra ákveður í reglugerð í samráði við öryggismálastjóra og öryggisráð.

Sé vinna stunduð aðeins skamma hríð á sama stað, getur öryggismálastjóri gefið undanþágu frá einstökum ákvæðum þessarar greinar.

14. gr.

Ef vinna fer fram að nokkru eða öllu leyti undir berum himni, í opnum skúrum, undir hlífðarþaki eða á annan svipaðan hátt, gilda ákvæði 12. gr. þessara laga að svo miklu leyti, sem við getur átt.

15. gr.

Um starfrækslu, sem ákvæði 12. gr. þessara laga ná ekki til, t. d. byggingavinnu, fermingu og affermingu skipa, mannflutninga og aðra flutninga, matsölustaði, gistihús, skemmtistaði, landbúnað og garðyrkju, ákveður ráðherra samkvæmt tillögum öryggismálastjóra og öryggisráðs, að hve miklu leyti ákvæði 12. gr. skuli ná til slíkrar starfrækslu.

Rísi ágreiningur um það, hvort einhver starfræksla falli undir ákvæði 12. gr. eða þessarar greinar, sker öryggisráð úr ágreiningnum.

IV. KAFLI
Ráðstafanir til að verjast slysum.

16. gr.

Byggingar allar og önnur mannvirki, sem lög þessi ná til, svo og vélar, verkfæri, áhöld og annar útbúnaður skal vera tryggilega gerður, og skal hann notaður og honum haldið við á tilhlýðilegan hátt. Þar sem byggingarsamþykktir eru í gildi, skal farið eftir ákvæðum þeirra, enda séu ekki gerðar strangari kröfur í lögum þessum. Ef nauðsynlegt er, skal vinnuveitandi láta fram fara rannsókn á því, hvort frágangur sé tryggilegur.

Þegar fyrirkomulag bygginga og annarra mannvirkja er ákveðið, skal þess gætt, að gangar, stigar og útgöngudyr séu nægilega greiðfærar, ef eldsvoða ber að höndum. Hættulegar gryfjur, skurðir og annað þess háttar skal vera nægilega varið. Gólfum skal haldið þannig við, að ekki sé sérstök hætta við falli á þeim. Hvarvetna þar sem umferð er, skal vera séð fyrir nægilegri birtu.

Útbúnaður, sem gerður er til varnar slysum, skal vera eins hentugur og frekast eru föng á og settur upp á réttan hátt. Honum skal haldið nægilega vel við.

17. gr.

Enginn framleiðandi eða seljandi má láta af hendi vélar, vélahluta, verkfæri, áhöld eða annan útbúnað, sem lög þessi ná til, nema ákvæðum laga þessara og reglugerða, sem settar eru samkvæmt þeim, sé tryggilega fullnægt, og skal allur nauðsynlegur öryggisútbúnaður fylgja vélunum.

Sá, sem setur upp vélar, vélahluta, verkfæri, áhöld eða annan útbúnað, sem lög þessi ná til, ber ábyrgð á því, að ákvæðum laga þessara og reglugerða, sem settar eru samkvæmt þeim, sé fullnægt.

Ákvæði 1. og 2. málsgr. þessarar greinar skerða þó á engan hátt ábyrgð þá, sem hvílir á vinnuveitanda samkvæmt lögum þessum.

Ráðherra getur ákveðið, að hver sá, sem lætur af hendi aflvélar, verkfæri eða annan útbúnað, sem lög þessi ná til, skuli tilkynna það öryggismálastjóra. Lætur öryggiseftirlitið þá í té ókeypis eyðublöð fyrir tilkynningarnar.

Raforkuver skulu láta öryggiseftirlitinu í té upplýsingar um sölu þeirra á raforku, eftir nánari fyrirmælum ráðherra.

18. gr.

Á sérhverjum vinnustað, sem lög þessi ná til, skal vera tiltækilegur útbúnaður til hjálpar í viðlögum, og skal útbúnaðurinn vera í samræmi við nánari fyrirmæli öryggismálastjóra. Sömuleiðis getur öryggismálastjóri krafizt þess af stærri fyrirtækjum, að þau búi út sérstakar slysastofur eftir nánari fyrirmælum hans.

Í fyrirtækjum, þar sem slysahætta er veruleg, skal einn eða fleiri af verkamönnunum hafa tekið þátt í námskeiði í hjálp í viðlögum, og hafi þá sá eða þeir verkamannanna einir umráð yfir útbúnaði þeim, sem er fyrir hendi til hjálpar í viðlögum.

19. gr.

Sérhver vél, allur búnaður hennar, undirstöður og festing skal vera fulltraust og þannig frá öllu gengið, að notkun vélarinnar hafi sem minnsta slysahættu í för með sér. Ef nauðsynlegt er, skal vélin vera með hentugum öryggisbúnaði, sem byggður sé með henni, sé þess nokkur kostur.

Ef öryggismálastjóri telur það nauðsynlegt af öryggisástæðum, getur hann krafizt þess, að þannig sé frá vél og öryggisbúnaði hennar gengið, að eigi sé hægt að nota vélina, nema öryggisbúnaður hennar sé í fullu lagi.

Eigi má taka öryggisbúnað af vél meðan hún er í notkun.

Gangar ætlaðir til umferðar í vélarúmum eða öðrum stöðum, þar sem vélar eru í notkun, skulu vera svo breiðir og háir, að umferð þar sé hættulaus. Önnur bil milli

véla skulu vera lokuð, meðan önnur hvor eða báðar vélarnar eru í gangi, og á þann hátt, er öryggismálastjóri kann að segja fyrir um.

Meðan vél er í gangi má eigi leggja á hana reim, snúru eða annað þess háttar, hreinsa hana, smyrja eða gera annað svipað við hana, nema það sé óumflýjanlega nauðsynlegt og þá því aðeins, að gætt sé ýtrustu varkárni, t. d. þess, að viðkomandi verkamaður sé eigi þannig klæddur, að fötin auki hættuna.

Þegar eigi verður hjá því komizt, t. d. vegna viðgerðar eða annars þess háttar, að unnið sé nálægt eða við hættulegar vélar, skal þeim haldið kyrrum og þannig vera frá þeim gengið, að þær verði eigi settar í gang, unz vinnunni er lokið.

Eigi má nota hanzka, vettlinga eða annað þess háttar við vörzlu véla, ef það kann að auka slysahættu.

20. gr.

Aflvélar skulu vera þannig gerðar, að ræsa megi þær hættulaust, sé gætt venjulegrar varkárni. Öryggismálastjóri getur sett nánari reglur um þetta atriði.

Þegar vélar eru tengdar aflvélinni, má ekki ræsa hana, fyrr en gefið hefur verið greinilegt merki um það, og skal merkið heyrast alls staðar þar, sem þess er þörf. Frá þessu ákvæði getur öryggiseftirlitið gefið undanþágu, ef slysahætta eykst ekki við það að þess áliti.

21. gr.

Frá öllum drifbúnaði skal tryggilega gengið og settar um hann hlífar allt eftir nánari fyrirmælum öryggismálastjóra.

22. gr.

Frá vinnuvélum skal þannig gengið, að hægt sé að stöðva þær fljótt og hættulaust frá vinnustað, enda telji öryggiseftirlitið þá varúðarráðstöfun ekki ónauðsynlega.

Ef vinnuvél er reimknúin frá hreyfli eða drifás og ekki er hægt að ræsa, þegar vinnuvélin er í tengslum, skal vera þannig frá henni gengið, að hún verði á öruggan hátt tekin úr tengslum með búnaði, er öryggismálastjóri samþykkir.

23. gr.

Ílát með gufu eða öðrum gastegundum, sem eru með yfirþrýstingi, skulu vera nægilega sterk og þannig frá þeim gengið að öðru leyti, að sem minnst hætta stafi af þeim. Sérstaklega skal þess gætt, að þrýstingsaukning í þeim hafi ekki verulega aukna hættu í för með sér.

24. gr.

Gæzlu gufukatla og suðukatla, sem eru með yfirþrýstingi, má aðeins fá í hendur reglumönnum og áreiðanlegum mönnum, sem eru fullra 18 ára að aldri.

Sá, sem stendur fyrir gæzlu eða gætir á eigin ábyrgð gufuketils með hitafleti, sem er 30 m² eða meira, skal hafa vélstjórapróf eða hafa notið annarrar menntunar, sem ráðherra, í samráði við öryggismálastjóra og öryggisráð, telur fullnægjandi.

Þeir, sem gæta á eigin ábyrgð annarra gufukatla en þeirra, er getur í 2. málsgr. þessarar greinar, þurfa að hafa notið þeirrar menntunar, er öryggismálastjóri tekur gilda, eða að sanna á annan hátt fyrir honum kunnáttu sína, t. d. með því að ganga undir próf hjá honum eða fulltrúa hans.

Verði gæzlumaður gufuketils sannur að sök um óreglu í starfi eða vítaverða óvarkárni, getur öryggismálastjóri svipt hann rétti til gæzlu gufuketils. Úrskurði öryggismálastjóra má áfrýja til öryggisráðs.

Ef ómögulegt er af óviðráðanlegum ástæðum að útvega til gæzlu gufuketils mann, sem hefur réttindi til þess, getur vinnuveitandi falið gæzluna manni, sem hann telur vel til þess fallinn, enda þótt hann hafi eigi rétt til gæzlu gufuketils. Þessi ráðstöfun skal strax tilkynnt öryggiseftirlitinu, og tekur það ákvörðun um, hversu lengi hún

megi haldast. Eigi má haga gæzlu gufuketils eins og segir í þessari málsgrein lengur en hálfan mánuð, nema samþykki öryggismálastjóra komi til.

Ráðherra getur, samkvæmt tillögum öryggisráðs og öryggismálastjóra, veitt undanþágur frá ákvæðum þessarar greinar fyrir einstaka gufukatla eða sérstakar gerðir gufukatla.

25. gr.

Ker og önnur ílát, sem soðið er í eða brætt, svo og ílát með ætandi efnum eða öðrum hættulegum efnum, skulu vera þannig útbúin og þannig frá þeim gengið, að hættan af þeim sé svo lítil, sem verða má.

26. gr.

Lyftitæki, gálgar, hengibrautir og önnur slík verkfæri skulu vera sterkbyggð og þannig gerð, að sem minnst hætta stafi af þeim fyrir verkamenn. Á þeim skal sérstaklega athuga:

1. hvort allir burðarhlutar (útleggjarar, keðjur, strengir og annað þess háttar) séu nægilega sterkir og sé vel haldið við;
2. að ofhleðsla eigi sér ekki stað;
3. að byrðin sé fest og losuð á öruggan hátt, og
4. að byrðin setji mann ekki í hættu, meðan hún er á lofti.

Um fermingu og affermingu skipa gilda eftirfarandi sérstök ákvæði: Á flutningsstykki, sem eru 1000 kg að þyngd með umbúðum eða meira og fermd eru í íslenzkri höfn, skal þunginn vera greinilega merktur og þannig, að merkingin máist ekki brátt af. Sé ómögulegt eða illgerlegt að ákveða þungann nákvæmlega, getur öryggiseftirlitið leyft, að ágizkaður þunginn sé merktur á umbúðirnar. Að öðru leyti setur ráðherra reglur um fermingu og affermingu skipa í samræmi við ákvæði þessara laga.

27. gr.

Sé hætta á falli húsa, reykháfa, brúa, geyma eða annarra mannvirkja, falli eða skriðufalli moldarbakka, sands, malar, vörustafla eða annars þess háttar, skal gera nauðsynlegar öryggisráðstafanir, svo að eigi sé hætta á slysum á mönnum.

Þegar unnið er í brunnum, námum, gryfjum, kötlum, geymum eða öðru þess háttar, sömuleiðis þegar unnið er með eitruð efni, sprengifim efni eða efni, sem eru hættuleg á annan hátt, skal gera nægilegar öryggisráðstafanir, svo að eigi sé hætta á, að menn kafni, eitrist, verði fyrir slysi af völdum sprengingar eða slasist á annan hátt.

28. gr.

Ef eigi er hægt að veita verkamönnum nægilega vernd gegn slysum eða sjúkdómum með öðrum hætti, skal gera sérstakar öryggisráðstafanir, þar sem því verður við komið, t. d. nota hentugasta fatnað, öryggisbelti eða hlífðarútbúnað þann, sem nefndur er í 21. tölulið 12. greinar.

Verkamenn eru skyldir að nota þann öryggisútbúnað, sem nefndur er í 1. málsgrein þessarar greinar, þegar þeir þarfnast hans við vinnu sína.

29. gr.

Komi fyrir slys á vinnustað, svo að dauði verkamanns hljótist af, eða verði verkamaður fyrir slysi, sem er þess eðlis, að gera megi ráð fyrir að dómi læknis, að Almannatryggingarnar verði bótaskyldar, skal vinnuveitandi tilkynna það öryggiseftirlitinu svo fljótt, sem verða má, og eigi síðar en að einum sólarhring liðnum. Öryggiseftirlitið skal krefjast rannsóknar á orsökum slyssins.

Verði verkamaður veikur af sjúkdómi, sem stafar af atvinnu hans, skal tilkynna það á sama hátt og þegar um slys er að ræða (sbr. 1. málsgr. þessarar greinar).

30. gr.

Hafi læknir verkamann til lækninga, sem þjáist af atvinnusjúkdómi (sbr. 49. gr. laga nr. 50/1946, um almannatryggingar), skal læknirinn tilkynna sjúklinginn og sjúkdóminn til héraðslæknis, er síðan tilkynnir það öryggiseftirlitinu.

Ráðherra setur, í samráði við öryggismálastjóra og öryggisráð, nánari reglur um ákvæði 1. málsgr. þessarar greinar. Þar getur hann og ákveðið, að tilkynningarskyldan nái til fleiri sjúkdóma en þeirra, er 1. málsgr. þessarar greinar nær til, enda geti þeir stafað af aðbúnaði á vinnustað eða öðru, er vinnuna snertir.

V. KAFLI
Lágmarkshvíldartími verkamanna o. fl.

31. gr.

Vinnu skal þannig hagað, að sérhver verkamaður geti notið samfelldrar hvíldar frá vinnu sinni, er eigi sé skemmri en 8 klst. á sólarhring.

Ákvæði 1. málsgreinar þessarar greinar ná þó eigi til:

1. hvers konar björgunarstarfs;
2. björgun hvers konar framleiðslu frá skemmdum;
3. annars konar vinnu, sem ráðherra, í samráði við öryggismálastjóra og öryggisráð, kann að tiltaka í reglugerð.

Þegar undantekningarákvæði 2. málsgr. þessarar greinar eru í gildi, skal haga vinnu þannig, að verkamenn geti notið samanlagðs lágmarkshvíldartíma á þrem sólarhringum.

32. gr.

Bifreiðastjórar, sem flytja fólk, og stjórnendur véla, sem mönnum getur stafað hætta af, skulu eigi hafa lengri vinnutíma en 12 klst. á sólarhring.

33. gr.

Meðan vinna stendur yfir skulu verkamenn fá hæfilega langa hvíldartíma með hæfilegu millibili. Getur ráðherra, í samráði við öryggismálastjóra og öryggisráð, gefið út nánari reglur um ákvæði þessarar greinar.

VI. KAFLI
Eftirlit með framkvæmd laganna.

34. gr.

Eftirlit með því, að ákvæðum laga þessara og reglugerða settum samkvæmt þeim sé framfylgt, hefur sérstakt öryggiseftirlit, sem stjórnað er af öryggismálastjóra. Ráðherra skipar öryggismálastjóra og fasta starfsmenn öryggiseftirlitsins.

Ráðherra setur öryggiseftirlitinu starfsreglur í samráði við öryggisráð.

35. gr.

Fastir starfsmenn öryggiseftirlitsins eru öryggismálastjóri, öryggiseftirlitsmaður, skoðunarmenn og annað starfsfólk skrifstofu eftirlitsins, og taka þeir laun samkvæmt launalögum, en ráðherra ákveður umdæmisskoðunarmönnum (sbr. 37. gr.) þóknun fyrir störf þeirra.

Öryggiseftirlitið hefur samráð við hlutaðeigandi héraðslækni í öllum málum, er snerta heilbrigði verkamanna.

Trúnaðarlæknir öryggiseftirlitsins er kennari við Háskóla Íslands í heilsufræði.

Eigi mega starfsmenn öryggiseftirlitsins hafa eftirlit í fyrirtækjum, þar sem þeir hafa fjárhagslegra hagsmuna að gæta.

36. gr.

Öryggismálastjóri og öryggiseftirlitsmaður skulu vera véla- eða efnafræðingar, en skoðunarmenn skulu færa sönnur á, að þeir hafi nægilega þekkingu að dómi öryggismálastjóra og öryggisráðs.

Ákvæði 1. málsgr. þessarar greinar koma þó ekki til framkvæmda að því er snertir núverandi starfsmenn véla- og verksmiðjueftirlitsins.

Aðalmenn og varamenn öryggisráðs geta ekki jafnframt verið starfsmenn öryggiseftirlitsins.

37. gr.

Ráðherra skiptir landinu í eftirlitsumdæmi í samráði við öryggismálastjóra og öryggisráð og skipar skoðunarmenn í hvert þeirra. Umdæmisskoðunarmenn eru umboðsmenn öryggiseftirlitsins hver í sínu umdæmi, og framkvæma þeir vandaminni skoðanir undir eftirliti öryggiseftirlitsmanna og öryggismálastjóra.

38. gr.

Þar sem slysahætta er mikil eða vinna þess eðlis, að sérstök hætta sé á, að verkamenn bíði tjón á heilsu sinni, skal starfrækslan skoðuð reglulega samkvæmt nánari ákvörðun öryggismálastjóra og öryggisráðs. Önnur starfræksla skal skoðuð, þegar öryggiseftirlitið álítur þess þörf eða ef sérstakt tilefni er til, t. d. vegna breytinga, slysa, er orðið hafa, eða samkvæmt beiðni. Öll stærri fyrirtæki skulu þó skoðuð a. m. k. einu sinni á ári.

Starfsmenn öryggiseftirlitsins skulu fylgjast með því eftir föngum, að lög þessi séu haldin, en jafnframt skulu þeir beita áhrifum sínum í þá átt, að samvinna takist milli vinnuveitenda, verkstjóra og verkamanna til eflingar aukinnar varkárni sérhvers verkamanns, að öryggisútbúnaður og aðrar ráðstafanir til aukins öryggis komi að sem beztu gagni og að umbætur verði gerðar á öryggisútbúnaði. Verkamönnum og trúnaðarmönnum þeirra er heimilt að bera fram kvartanir við öryggiseftirlitið og gera tillögur til umbóta á öryggisútbúnaði. Sé trúnaðarmönnum verkamanna kunnugt um, að eigi sé farið eftir ákvæðum laga þessara, er þeim skylt að tilkynna það öryggiseftirlitinu. Með allar slíkar umkvartanir eða tilkynningar skal fara sem trúnaðarmál.

39. gr.

Öryggiseftirlitið skal beita sér fyrir rannsóknum á útbreiðslu atvinnusjúkdóma og vinna að útrýmingu þeirra.

Trúnaðarlæknir er öryggiseftirlitinu til aðstoðar í öllum þeim málum, sem snert geta heilbrigði verkamanna, og leita skal álits hans áður en læknisskoðun er fyrirskipuð samkv. 9. gr. þessara laga.

Ráðherra setur, í samráði við öryggismálastjóra og öryggisráð, nánari reglur um starfssvið trúnaðarlæknisins.

40. gr.

Öllum starfsmönnum öryggiseftirlitsins skal hvenær sólarhrings sem er heimill frjáls aðgangur að sérhverjum vinnustað, sem lög þessi ná til, enda geri þeir vinnuveitanda ekki ónæði utan venjulegs vinnutíma, nema nauðsyn krefji. Þeim er heimilt að krefjast nauðsynlegra upplýsinga starfi sínu viðkomandi af vinnuveitanda og sérhverjum verkamanni, sem er í vinnu eða hefur verið í vinnu einhvern tíma síðustu þrjá mánuði. Þeim er og heimilt að skoða skjöl þau og skilríki, sem eiga að vera fyrir hendi samkvæmt þessum lögum.

Starfsmenn öryggiseftirlitsins mega ekki nota aðstöðu sína til að afla sér annarra upplýsinga um starfræksluna en þeirra, sem eru nauðsynlegar eða kunna að verða nauðsynlegar vegna eftirlitsins. Eigi mega þeir heldur láta öðrum í té upplýsingar um starfræksluna, verkamenn eða aðra aðila, ef þeir hafa fengið vitneskjuna vegna eftirlits síns og ástæða er til að ætla, að henni skuli haldið leyndri.

41. gr.

Ef öryggiseftirlitið hefur krafizt þess með hæfilegum fyrirvara af einhverju fyrirtæki, að öryggisútbúnaður verði lagfærður eða nýjum öryggisútbúnaði komið fyrir og lagfæringin hefur eigi verið gerð, þegar frestur sá er liðinn, sem öryggiseftirlitið hefur gefið til framkvæmdanna, getur öryggismálastjóri látið framkvæma lagfæringarnar á kostnað fyrirtækisins. Slíkan kostnað má innheimta jafnhliða opinberum gjöldum, og fylgir lögtaksréttur þeim kröfum.

Telji öryggiseftirlitið sérstaka hættu á ferðum fyrir líf eða heilbrigði verkamanna eða annarra, getur það krafizt þess, að strax sé bætt úr því, sem ábótavant er, eða látið hætta vinnu í þeim hluta starfrækslunnar, sem þannig er á sig kominn.

42. gr.

Ákvörðunum öryggismálastjóra skv. 41. gr. þessara laga má innan hálfs mánaðar áfrýja til ráðherra, sem kveður upp úrskurð um deiluefnið í samráði við öryggisráð.

Áfrýjun samkvæmt 1. málsgr. þessarar greinar frestar ekki framkvæmd aðgerða eftir ákvæðum 2. málsgr. 41. gr. þessara laga.

43. gr.

Öryggismálastjóri gerir, í samráði við öryggisráð, útdrátt úr þessum lögum og reglugerðum, sem settar verða samkvæmt þeim. Útdrætti þessa skal festa upp á vinnustað, eftir því sem við á, og skal þannig frá þeim gengið, að verkamenn eigi auðvelt með að kynna sér efni þeirra. Öryggisráð getur þó veitt undanþágu frá ákvæðum þessarar greinar í samráði við öryggismálastjóra.

Öryggismálastjóri getur fyrirskipað vinnuveitanda að festa upp greinilegar aðvaranir á stöðum, þar sem sérstök nauðsyn er vegna slysahættu eða annars, er lög þessi varðar.

44. gr.

Læknar og sjúkrahús skulu tilkynna héraðslækni alla sjúklinga, sem eru til lækninga hjá þeim og eru með sjúkdóma, sem stafa eða kunna að stafa af atvinnu þeirra, en héraðslæknir gerir öryggiseftirlitinu síðan aðvart. Ráðherra setur, í samráði við landlækni og öryggisráð, nánari reglur um tilkynningarskyldu þessa.

45. gr.

Í hverju fyrirtæki, þar sem 5 verkamenn eða fleiri vinna að staðaldri, skulu þeir velja sér trúnaðarmann, er viðurkenndur sé af vinnuveitanda.

Trúnaðarmaður verkamanna skal fylgjast með starfstilhögun í fyrirtækinu í samráði við vinnuveitanda og líta eftir, að haldnar séu settar reglur um öryggisútbúnað og hollustuhætti. Vinnuveitandi og verkstjórar skulu ráðgast við trúnaðarmann um allt það, er snertir öryggi verkamanna við vinnu og annan aðbúnað þeirra.

Hafi trúnaðarmaður verkamanna kvartað við vinnuveitanda eða verkstjóra um eitthvert atriði, er snertir öryggi verkamanna við vinnu og annan aðbúnað þeirra, skal trúnaðarmanninum tilkynnt að hæfilegum tíma liðnum, hvað gert verður vegna umkvörtunarinnar.

Öryggiseftirlitsmenn skulu jafnan leita upplýsinga um viðkomandi fyrirtæki hjá trúnaðarmanni verkamanna, þegar litið er eftir fyrirtækinu, en trúnaðarmaður er skyldur að gefa eftirlitsmönnunum þær upplýsingar um fyrirtækið, er hann getur í té látið og snerta öryggi verkamanna við vinnu eða hollustuhætti.

Trúnaðarmaður verkamanna nýtur þeirrar verndar, sem ákveðin er í 11. gr. laga nr. 80/1938, um stéttarfélög og vinnudeilur.

46. gr.

Vinnuveitendum, verkstjórum og trúnaðarmönnum verkamanna skulu látin í té ókeypis lög þessi sérprentuð og reglugerðir, sem settar verða samkvæmt þeim, eftir því sem við á.

VII. KAFLI
Öryggisráð.

47. gr.

Ráðherra skipar fimm manna öryggisráð til sex ára í senn. Hann skipar formann þess án tilnefningar, en tvo verkamenn og tvo fulltrúa vinnuveitenda samkvæmt tilnefningu eftirtaldra aðila:

1. Alþýðusambands Íslands,
2. Félags íslenzkra iðnrekenda og
3. Landssambands iðnaðarmanna,

einn frá hvorum hinna fyrsttöldu, en tvo frá hinum síðasttalda, og sé annar þeirra starfandi sveinn, er útnefningin fer fram, en hinn meistari.

Varamenn skulu skipaðir jafnmargir og á sama hátt.

Ráðherra setur öryggisráðinu starfsreglur og ákveður því þóknun fyrir störf þess.

Kostnaður við störf öryggisráðs greiðist úr ríkissjóði.

48. gr.

Ráðherra og öryggismálastjóri geta krafizt af öryggisráðinu yfirlýsingar um mál, er snerta öryggi verkamanna við vinnu og önnur atriði, er lög þessi ná til. Öryggisráðið tekur til athugunar þau mál, sem lög þessi ná til, og lætur álit sitt á þeim í ljós við ríkisstjórnina og öryggiseftirlitið. Það skal og gera tillögur til ráðherra um breytingar á þessum lögum og viðauða við þau, ef því þykir ástæða til.

VIII. KAFLI
Eftirlitsgjald.

49. gr.

Til að standast kostnað af framkvæmd laga þessara skulu eigendur þeirra fyrirtækja, er lög þessi ná til, greiða árlega í ríkissjóð eftirlitsgjald samkvæmt gjaldskrá, er ráðherra setur í samráði við öryggismálastjóra og öryggisráð. Eftirlitsgjaldið skal miðað við orkunotkun og vélafjölda fyrirtækis eða fjölda verkamanna, sem vinna í fyrirtækinu, eða hvort tveggja, rúmmál húsa í smíðum, magn þeirrar vöru, sem flutt er úr eða í skip, stærð íbúðarskýla verkamanna og vinnustofa án véla, og enn fremur skal greiða skrásetningargjald nýrra véla miðað við innkaupsverð þeirra. Eftirlitsgjaldið innheimtist jafnhliða opinberum gjöldum, og fylgir því lögtaksréttur.

Þrátt fyrir ákvæði 1. gr. þessara laga er ráðherra heimilt, í samráði við öryggisráð, að undanþiggja þá starfrækslu eftirlitsgjaldinu, þar sem fimm verkamenn eða færri vinna, eða notuð er orka, sem eigi fer fram úr 3 hö, enda sé vinnu þannig háttað, að eftirlit sé miður nauðsynlegt.

IX. KAFLI
Refsiákvæði.

50. gr.

Brot gegn lögum þessum eða reglugerðum settum samkvæmt þeim varða sektum frá 50—5000 krónum, nema þyngri hegning liggi við að öðrum lögum. Sektirnar renna í ríkissjóð.

51. gr.

Með mál út af brotum á lögum þessum eða reglugerðum settum samkvæmt þeim skal farið sem almenn lögreglumál.

X. KAFLI
Ýmis ákvæði.

52. gr.

Með lögum þessum eru úr gildi numin lög nr. 24 7. maí 1928, um eftirlit með verksmiðjum og vélum, lög nr. 102 3. maí 1935, um viðauka við lög nr. 24 frá 7. maí 1928, um eftirlit með verksmiðjum og vélum, og lög nr. 72 7. maí 1940, um breyting á lögum nr. 24 7. maí 1928, um eftirlit með verksmiðjum og vélum.

53. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Svo hljóðandi ályktun var samþykkt á Alþingi 16. maí 1947:

„Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að láta fara fram endurskoðun á gildandi lögum og reglugerðum um eftirlit með verksmiðjum og vélum. Endurskoðuninni skal hraða sem verða má og árangur hennar lagður fyrir næsta reglulegt Alþingi.“

Samkvæmt þessari ályktun skipaði samgöngumálaráðherra með bréfi dags. 14. nóv. 1947 fimm manna nefnd „til að endurskoða gildandi lög og reglugerðir um eftirlit með verksmiðjum og vélum“. Eftir tilnefningu Alþýðusambands Íslands var skipaður í nefndina Kristinn Ág. Eiríksson, járnsmíðameistari, eftir tilnefningu Félags íslenzkra iðnrekenda Páll S. Pálsson, lögfræðingur, og eftir tilnefningu Landssambands iðnaðarmanna Guðmundur H. Guðmundsson, húsgagnasmíðameistari, en tveir menn voru skipaðir í nefndina án tilnefningar, þeir Jón E. Vestdal, verkfræðingur, og Sæmundur E. Ólafsson, gjaldkeri Sjómannafélags Reykjavíkur.

Formaður nefndarinnar var skipaður Jón E. Vestdal.

Í áðurnefndu bréfi ráðuneytisins segir enn fremur:

„Endurskoðuninni óskast hraðað sem verða má, svo unnt sé að leggja árangur hennar fyrir næsta reglulegt Alþingi.“

Til viðbótar því, er segir í skipunarbréfi samgöngumálaráðuneytisins, fól samgöngumálaráðherra nefndinni enn fremur að athuga, hvernig eftirlitið samkvæmt lögum um eftirlit með verksmiðjum og vélum (lög nr. 24/1928) hefðu verið rækt að undanförnu.

Skömmu eftir að nefndarmönnum hafði borizt skipunarbréf ráðherra tóku þeir til starfa, og hefur nefndin síðan haldið 50 bókfærða fundi, hinn fyrsta 26. nóv. 1947, hún hefur haft tal af fjölmörgum mönnum úr hópi verkamanna og vinnuveitenda til að kynna sér viðhorf þeirra til þessara mála, hún hefur skoðað verksmiðjur og aðra vinnustaði hér í Reykjavík og í nágrenninu og annars staðar á landinu, og hún hefur reynt að afla sér sem beztra upplýsinga um lagafyrirmæli annarra þjóða í því efni, sem hér er um að ræða. Nefndin hefur viðað að sér ýmsum öðrum upplýsingum, sem hún hefur talið vera til gagns fyrir störf sín, og er þeirra að nokkru getið í greinargerð þeirri fyrir frumvarpi til laga um öryggisráðstafanir á vinnustöðum, er hér fer á eftir, en jafnframt er þeirra aflað með það fyrir augum, að þær gætu orðið til gagns við endurskoðun reglugerða settra samkvæmt lögum um eftirlit með verksmiðjum og vélum, er nefndinni var jafnframt falið að endurskoða.

I. Gildandi lagafyrirmæli um öryggisráðstafanir á vinnustöðum.

Fyrst voru sett lög um öryggisráðstafanir á vinnustöðum hér á landi 1928, og eru það lög nr. 24/1928, um eftirlit með verksmiðjum og vélum. Nafnið á lögunum er rangnefni, því að í þeim er ekki einungis gert ráð fyrir eftirliti með verksmiðjum og vélum, heldur eru einnig eftirlitsskyld samkvæmt 1. gr. laganna „verkstæði

og vinnustöðvar, þar sem þrír menn hið fæsta vinna saman að jafnaði". Ná lögin því til velflestra vinnustöðva hér á landi, og eigi einungis til verksmiðja og verkstæða.

Lög þessi eru enn í gildi lítt breytt. Á þeim hafa verið gerðar þær einar breytingar, að árið 1940 var lítillega breytt tilhögun eftirlitsins og innheimtufyrirkomulagi gjalds þess, er eftirlitsskyld fyrirtæki skyldu inna af hendi (lög nr. 72/1940). Þá hefur og verið gefinn út viðauki við þessi lög, þar sem mælt er fyrir um, að ráðherra sé heimilt að setja í reglugerð ákvæði um eftirlit með fermingu og affermingu skipa til verndar lífi og heilsu verkamanna og um gerð og frágang verkpalla við hvers konar vinnu (lög nr. 102/1935 um viðauka við lög nr. 24 frá 7. nóv. 1928, um eftirlit með verksmiðjum og vélum).

Nokkrar reglugerðir hafa verið gefnar út samkvæmt lögum þessum. Fyrst var gefin út allýtarleg almenn reglugerð um eftirlit með verksmiðjum og vélum 1929 (reglugerð nr. 10/1929 um eftirlit með verksmiðjum og vélum). Þá var gefin út reglugerð um eftirlit með lyftum (reglugerð nr. 56/1929), reglugerð um meðferð og framleiðslu á gasi til iðnaðar og um búnað og meðferð hylkja fyrir þjappað loft, svo og um hreinsun og viðgerð á benzíntunnum (reglugerð nr. 14/1933). Breyting var gerð á hinni fyrstu almennu reglugerð fyrst 1933 (reglugerð nr. 91/1933, um viðauka við reglugerð um eftirlit með verksmiðjum og vélum, 16. febr. 1929), aftur 1934 (rgj. nr. 15/1934) og að síðustu árið 1941 (rgj. nr. 95/1941) og þá tekin upp ákvæði, sem vart hafa stoð í lögum. Loks var á síðastliðnu ári gefin út reglugerð um öryggisútbúnað sýningartækja við kvikmyndasýningar (reglugerð nr. 49/1947). Gjaldskrá sú, sem nú er í gildi, var gefin út 12. marz 1941. — Loks er að geta erindisbréfa fyrir skoðunarmenn verksmiðja og véla í I. skoðunarumdæmi og utan I. skoðunarumdæmis (erindisbréf nr. 30 og nr. 31 12. marz 1941).

Heimild sú í áðurnefndum viðaukalögum (lög nr. 102/1935), að setja megi í reglugerð ákvæði um „eftirlit með fermingu, affermingu og annarri afgreiðslu skipa hér við land, til verndar lífi og heilsu verkamanna, sem að því starfi vinna, og annarra", hefur ekki verið notuð, eigi heldur heimild sú í sömu viðaukalögum, að setja megi í reglugerð ákvæði um „gerð og frágang verkpalla við hvers konar vinnu og um eftirlit með þeim".

II. Eftirlit með verksmiðjum og vélum samkv. lögum nr. 24/1928.

Skömmu eftir að áðurnefnd lög um eftirlit með verksmiðjum og vélum gengu í gildi, eða nánar til tekið 9. júní 1929, voru skipaðir 2 skoðunarmenn samkv. 23. gr. laganna, og jafnframt var eftirlitsskyldum fyrirtækjum gert að greiða eftirlitsgjald samkv. 23. gr. laganna. Hélzt þessi skipun til ársloka 1931, og var þá öðrum manninum sagt upp starfinu. Höfðu orðið vandkvæði á innheimtu eftirlitsgjaldsins, og var það nú lækkað niður í þriðjung þess, er það hafði áður verið. Skyldi eftirlitsmaðurinn nú sjálfur innheimta gjaldið. Nokkru seinna var eftirlitsgjaldið enn lækkað nokkuð. Þetta fyrirkomulag hélzt óbreytt til ársloka 1940, en á því ári hafði verið gerð breyting á lögunum þess efnis, að tilhögun eftirlitsins og innheimtufyrirkomulagi eftirlitsgjaldsins hafði verið breytt. Þá var bætt við einum manni til eftirlitsstarfa og jafnframt skipaðir fimm skoðunarmenn, er höfðu búsetu utan Reykjavíkur, og skyldu þeir framkvæma minni háttar skoðanir, enda hafði verksmiðjum og öðrum eftirlitsskyldum fyrirtækjum fjölgað stórlega. Engin veruleg breyting hefur verið gerð á eftirlitinu síðan, en þó hefur verksmiðjum og ýmsum vinnuvélum fjölgað enn mikið á þessum árum, einkum þó hin síðustu ár.

Um eftirlitið má að öðru leyti vísa til bréfs verksmiðjuskoðunarstjórans, Þórðar Runólfssonar, dags. 22. sept. 1948, er hann hefur sent nefndinni og látið er fylgja þessari greinargerð (fylgiskjal II).

Undanfarið hefur allmikið verið deilt á verksmiðju- og vélaeftirlitið, sem svo er nefnt. Hafa slíkar ádeilur m. a. birzt í skjölum Alþingis og eigi síður í ræðum

einstakra þingmanna, t. d. við umræðurnar um ofangreinda þingsályktun. Mun það einkum hafa verið vegna þeirra umræðna, að samgöngumálaráðherra fól nefndinni að athuga, hvernig eftirlit þetta hefði verið rækt að undanförnu.

Nefndin hefur gert sér mikið far um að kynnast störfum eftirlitsins sem bezt og haft af því mikla fyrirhöfn. Í því skyni hefur hún m. a. haft tal af fjöldamörgum fulltrúum verkamanna og vinnuveitenda. Hún hefur skrifað öllum verkalýðsfélögum á landinu, öllum iðnaðarmannafélögum, öllum félagsmönnum Félags íslenzkra iðnrekenda og öllum þeim fyrirtækjum, sem skoðuð hafa verið af verksmiðju- og vélaeftirlitinu. Þá hefur nefndin og skoðað margar verksmiðjur og aðrar vinnustöðvar til að kynnast ástandi þeirra af eigin sjón og hafa tal af þeim mönnum, sem við fyrirtækin hafa starfað og fyrir þeim staðið. Enn fremur óskaði nefndin eftir skýrslu þeirri frá verksmiðjuskoðunarstjóranum, sem birt er hér á eftir sem fylgiskjal I.

Í ofangreindu bréfi nefndarinnar dags. 25. febr. 1948 til verkalýðssamtaka og vinnuveitenda segir svo m. a.:

„Fyrir störf nefndarinnar við undirbúning þessara mála er það henni einkar nauðsynlegt að fá sem gleggstar og víðtækastar upplýsingar frá þeim aðilum, er lögin varða, um viðhorf þeirra til þessara laga og annarra fyrirmæla, er hér að lúta. Er athygli yðar því hér með vakin á störfum nefndarinnar og þeim vinsamlegu tilmælum beint til yðar, að þér látið henni í té:

a. óskir yðar um þá viðauka eða breytingar, er þér teljið æskilegt, að gerðar séu á núgildandi fyrirmælum áðurgreindra laga og reglugerða;
b. hverjar þær upplýsingar aðrar, er þér álítið, að nefndinni geti komið að gagni, svo sem það, hvernig yður virðizt lögin og framkvæmd þeirra hafa gefizt hingað til.

Þess má sérstaklega geta, að núgildandi lög um eftirlit með verksmiðjum og vélum ná einnig til eftirlits með „verkstæðum og vinnustöðvum, þar sem þrír menn hið fæsta vinna að jafnaði“ (1. gr.). Auk þess hefur nefndin til athugunar að fella inn í væntanlegt lagafrumvarp ákvæði um lágmarkshvíldartíma starfsmanna, og eruð þér einnig beðnir um álit yðar á því atriði“.

Í samtölum þeim, sem nefndin átti við fulltrúa verkamanna og vinnuveitenda á fundum sínum, var spurt svipaðra spurninga, einnig í viðræðum nefndarmanna við einstaka verkamenn og vinnuveitendur, þegar skoðuð voru fyrirtæki.

Svarbréf hafa nefndinni borizt allmörg og þó miklu færri en vænta mátti, og eru þau yfirleitt mjög fáorð um það atriði, sem hér er um að ræða, hvernig eftirlitið hafi verið rækt af verksmiðju- og vélaeftirlitinu. Aðeins eitt félag kvartar um framkvæmd eftirlitsins, Verkamannafélagið Hlíf í Hafnarfirði, og segir m. a. svo í bréfi til nefndarinnar, dags. 16. apríl s. l.:

„Reynsla af núgildandi lögum um eftirlit með verksmiðjum og vélum er að því leyti er oss er kunnugt sú, að í framkvæmdinni hafa þau verið aðeins til á pappírnum, því að þeir, er sjá hafa átt um framkvæmd þeirra, eftirlitsmennirnir, hafa ekki látið sjá sig, nema endrum og eins, og því ekki séð um, að nefndum lögum væri framfylgt. Starfandi eru í þessum bæ verkstæði og verksmiðjur, sem aldrei hafa verið skoðuð af eftirlitsmönnum. Sömuleiðis eru í notkun stórvirkar vélar og áhöld, er aldrei hafa verið skoðuð.“

Vegna bréfs þessa spurðist nefndin fyrir um það hjá verkamannafélaginu Hlíf, hver þessi verkstæði, verksmiðjur, vélar og áhöld væru, sem aldrei hefðu verið skoðuð. Þeirri fyrirspurn nefndarinnar svaraði verkamnnafélagið, og er í bréfi þess dags. 27. ág. s. l. tilgreind

1. verksmiðja, sem tók til starfa á s. l. vetri, en hafði ekki verið skoðuð, er bréfið var skrifað;
2. fjórir stórir kranar knúnir rafmagni, sem notaðir eru til að ferma og afferma skip og hafa verið í notkun a. m. k. hálfan annan áratug, en hafi aldrei verið skoðaðir, og

3. stórvirk áhöld og vélar (kranar o. fl.), sem notaðar hafa verið við hafnargerðina, en hafi ekki verið skoðuð þann tíma, sem þau hafi verið notuð þar á staðnum.

Bréf þetta frá verkamannafélaginu Hlíf í Hafnarfirði sýndi nefndin verksmiðjuskoðunarstjóranum, Þórði Runólfssyni, og hefur henni borizt eftirgreint svar frá honum, dags. 29. sept. s. l.:

„Verksmiðja sú, er um ræðir, hefur starfað fyrr en á síðastliðnum vetri og verið skoðuð af eftirlitinu, en ekki þá skrásett, með því að hún var talin vera í smíðum. Verksmiðjan var síðan flutt og umbyggð á síðastliðnu ári. Framkvæmdastjóri verksmiðjunnar hitti skoðunarmann eftirlitsins að máli á síðastliðnu hausti og ræddi þá við hann um breytinguna og kvaðst mundu tilkynna eftirlitinu, þegar er hann væri tilbúinn til að hefja vinnslu, en sem hann ekki hefur enn gert. Mun verksmiðjan hafa starfað eitthvað á síðastliðnum vetri án þess að eftirlitinu væri kunnugt um það, en er nú á ný undirlögð víðtækri endurbyggingu og stækkun. Eftirlitið hefur að sjálfsögðu vitað þetta brot á tilkynningarskyldu framkvæmdastjórans, en ekki kært það til lögreglunnar.

Fram til ársins 1941, að breyting var gerð á fyrirkomulagi eftirlitsins, voru að jafnaði skoðaðir 2 kranar, sem þá voru í notkun á bæjarbryggju Hafnarfjarðar, en fyrir einhver óvenjuleg mistök hafa þeir fallið niður af skrá og þess vegna ekki verið skoðaðir af hinum nýja eftirlitsmanni.

Hefur þetta nú verið athugað og reyndust kranarnir ekki einungis 4 eins og stendur í bréfinu, heldur 6. Hafa 4 krananna 1500 kg lyftimagn, en 2 þeirra 750 kg lyftimagn. Við skoðun reyndust kranarnir allir í góðu ásigkomulagi, að því undanskildu, að lagfæra þurfti festingu á öðrum minni krananum og krók á einum stærri krananna. Eru þetta leið og lítt afsakanleg mistök, að skoðun á þessum tækjum skyldi falla niður um svo langt skeið, þar eð eftirlitið hafði áður „fundið“ og skoðað reglulega tvo af krönunum.

Varðandi hinar stórvirku vélar, sem sagt er, að séu í notkun við hafnargerð Hafnarfjarðar, en aldrei verið skoðaðar, hef ég þessu til að svara:

Meðan unnið var að hafnargerðinni norðan fjarðarins var þar í notkun eimknúinn krani, sem að jafnaði var skoðaður, og var hann síðast skoðaður árið 1945, en síðan hefur eftirlitsmaðurinn ekki getað fundið hann þar til nú, að hann frétti, að hann lægi sundurtekinn nálægt fyrrgreindu vinnusvæði. Hins vegar hefur eftirlitinu ekki borizt nein tilkynning um hið nýja vinnusvæði sunnan fjarðarins, en það fann eftirlitsmaðurinn nú að gefnu tilefni, og reyndust eftirfarandi vélar þar í notkun:

Í grjótnámi á Hvaleyrarholti: 2 mótorknúnir kranar með 6 tonna lyftimagni.
1 loftpressa með loftkút, mótorknúin.
1 ca. tveggja tonna mótorknúin vélskófla.

Við hafnargerð: Einn mótorknúinn krani með 5 tonna lyftimagni.

Við skoðun reyndust tæki þessi að mestu í lagi.

Þar sem tæki þessi aldrei hafa verið tilkynnt eftirlitinu, er hér um freklegt brot á tilkynningarskyldunni að ræða. Þarf ég ekki að lýsa því, hversu örðugt eftirlitinu er að fylgjast með ástandi farandvéla, nema því berist hverju sinni tilkynning um, hvar þær eru í notkun. Má ef til vill finna eftirlitinu það til áfellis, að það hefur ekki að jafnaði kært til lögreglunnar og látið þá, sem vanrækja að tilkynna, sæta sektum.

Ég vil að lokum geta þess, að frá Verkamannafélaginu Hlíf hefur eftirlitinu aldrei borizt bending eða kvörtun um, að framangreind eða önnur tæki væru óskoðuð í notkun, en það tel ég, að hefði verið eðlilegt, að það hefði gert, og jafnvel skylda þess, eftir að það varð þess áskynja, að skoðun hefði ekki farið fram um lengri tíma.

Ef dæma ætti eftirlitið eftir þeim kvörtunum, sem því hafa borizt frá verkamönnum eða trúnaðarmönnum þeirra á vinnustöðvum, mætti ætla, að óánægja þeirra yfi framkvæmd þess væri ekki mikil.“

Svipuð ummæli og þau, er greinir í ofannefndu bréfi verkamannafélagsins Hlífar, hefur nefndin tíðum heyrt, enda þótt ekki hafi verið gengið eins ríkt eftir að fá þau staðfest.

Hins er og að geta, að nefndinni hafa ósjaldan borizt til eyrna ummæli um verksmiðju- og vélaeftirlitið, sem eru alger andstæða þess, er að ofan greinir. Er þá skemmst að minnast fundar, sem nefndin hélt með iðnrekendum 6. okt. s. l., og voru þar mættir þrír menn úr stjórn Félags íslenzkra iðnrekenda auk þriggja annarra félagsmanna. Var það sameiginlegt álit þessara manna, að vélaeftirlitsmenn ríkisins hefðu rækt starf sitt vel og staðið sig ágætlega í starfinu. Þeir létu þessa getið m. a.:

1. Skoðun hefði farið fram að jafnaði árlega í þeim fyrirtækjum, sem þeim væri kunnugt um.
2. Ef ný vél hefði verið tilkynnt eftirlitinu, hefði verið komið að skoða hana.
3. Eftirlitsmennirnir hefðu gengið eftir því, að það yrði lagfært innan tiltekins tíma, sem aðfinnsluvert var.
4. Eftirlitsmennirnir hefðu oftlega aðstoðað við að koma vélum og öðrum útbúnaði þannig fyrir, að allt væri samkvæmt fyrirmælum gildandi laga.

Þessi umsögn iðnrekenda er ekki heldur neitt einsdæmi. Mörg fleiri svipuð dæmi mætti tilfæra. En þess má geta, að nefndinni er ekki kunnugt um neitt annað dæmi þess en það, er að framan greinir í bréfi verksmiðjuskoðunarstjórans til nefndarinnar vegna ásakana verkamannafélagsins Hlífar, að skoðun hafi ekki farið fram á vél eða verksmiðju, hafi hún verið tilkynnt eftirlitinu eða því verið kunnugt um tilveru hennar með öðrum hætti.

Nefndin óskaði eftir því, að verksmiðjuskoðunarstjórinn gæfi henni skýrslu um allar skoðanir eftirlitsins, sem framkvæmdar hafa verið undanfarin þrjú ár, svo að hægt væri að gera sér nokkra hugmynd um starfsemi eftirlitsins í heild. Skýrsla þessi fylgir greinargerðinni sem fylgiskjal I. Til að reyna sannleiksgildi skýrslunnar hafði nefndin þá aðferð, að velja 20 fyrirtæki af handahófi út úr henni og spyrjast fyrir um það hjá fyrirtækjunum, hvernig skoðun hefði verið framkvæmd undanfarin ár og hvort gerðar hefðu verið athugasemdir af eftirlitinu við viðkomandi fyrirtæki. Upplýsingar þær, sem þannig fengust, voru í öllum atriðum í samræmi við skýrsluna. Gerir nefndin því ráð fyrir, að hún sé sannleikanum samkvæm og þótti ekki vera ástæða til að hafa rannsókn þessa víðtækari, þar sem öllu bar vel saman.

Skoðanir þær, sem um getur í skýrslunni, eru að langmestu leyti framkvæmdar af tveim mönnum. Nefndin telur sig ekki vera dómbæra á það, hvort þær, ásamt skrifstofuvinnu í sambandi við þær, séu hæfilegt starf tveggja manna eða ekki. En skrifstofustarfið virðist taka allmikið af starfstíma skoðunarmanna, eða 3—4 fyrstu mánuði ársins, svo að skoðanir eru lítt framkvæmdar á þeim tíma, enda berist eftirlitinu ekki sérstök beiðni um skoðun. Slíkar skoðanir eru framkvæmdar hvenær sem er.

Ástæðulaust mun vera að nefna fleiri einstök dæmi um athuganir nefndarinnar á þessu atriði, það myndi lengja greinargerðina að óþörfu og um of, því að eins og áður var sagt hefur nefndin gert sér mikið far um að kynnast störfum eftirlitsins og hefur leitað vandlega að því, hvort um vanrækslu gæti verið að ræða eða ekki. En álit nefndarinnar á störfum verksmiðju- og vélaeftirlitsins er í stuttu máli þetta:

I. Verksmiðjur og vélar, aðrar en farandvélar.

Nefndinni virðist eftirlitið yfirleitt hafa verið rækt þannig, að tilkynntar vélar og verksmiðjur hafi verið skoðaðar nokkurn veginn reglulega einu sinni á ári og þá litið eftir því, að gildandi ákvæðum laga og reglugerða um öryggisbúnað væri fylgt. Eigi hefur nefndin orðið annars vör en að eftirlitið hafi krafizt lagfæringar á því, sem því fannst ábótavant, og gengið síðan eftir því og fylgzt með því, að það yrði

lagfært, sem aflaga fór. Bera vélarnar í verksmiðjum greinileg merki þess, að verið hefur eftirlit með öryggisbúnaði þeirra, því að óvíða sést lélegur frágangur að þessu leyti, en svo myndi vart vera í eftirlitslausum verksmiðjum.

Sjaldan mun verksmiðjueftirlitið hafa látið þá aðila sæta ábyrgð að lögum, sem hafa hliðrað sér hjá að verða við kröfum þess um lagfæringar. Sjálfir hafa eftirlitsmennirnir gefið þá skýringu á þessu, að dómsvaldið í landinu hafi oft og einatt daufheyrzt við kærum þeirra og kröfum um fyrirtekt mála vegna brota á verksmiðjueftirlitslögunum. Af þeim ástæðum hafi þeir yfirleitt talið tilgangslítið að kæra brotlega aðila.

II. Farandvélar.

Eins og skýrsla verksmiðjuskoðunarstjórans ber með sér (fylgiskjal I), hafa farandvélar yfirleitt ekki verið skoðaðar. Mun þetta einkum stafa af því, að vélar þessar hafa ekki verið tilkynntar eftirlitinu eins og eigendum þeirra ber þó skylda til að gera (sbr. 2. gr. laga nr. 24/1928), og svo virðist sem ekki hafi verið gengið nógu ríkt eftir því, að slíkar vélar væru tilkynntar.

III. Ferming og afferming skipa, byggingavinna o. fl.

Ekkert eftirlit mun hafa verið með fermingu, affermingu og annarri afgreiðslu skipa, né heldur með gerð og frágangi verkpalla við hvers konar vinnu, t. d. byggingavinnu. Í þessu sambandi má þó geta þess, að samkvæmt sérstökum viðaukalögum (lög nr. 102/1935) við verksmiðjueftirlitslögin var ráðherra heimilað að gefa út reglugerð um eftirlit með þeirri starfrækslu, er að ofan greinir, en slík reglugerð hefur eigi verið gefin út. Er það eftirlitinu nokkur afsökun.

IV. Annars konar starfræksla.

Ýmsar starfsgreinar, sem eru eftirlitsskyldar samkvæmt gildandi lögum, hafa verið látnar afskiptalausar af eftirlitinu, og má þar til nefna m. a. sand- og grjótnám. Að vísu eru ákvæði varðandi þessa starfrækslu mjög ófullkomin í gildandi lögum, en sennilega hefði þó eitthvað fengizt aðgert, ef verksmiðjueftirlitið hefði litið eftir henni.

V. Verbúðir og annað húsnæði, sem verkamönnum er látið í té.

Húsnæði, sem verkamönnum er látið í té af vinnuveitendum til íbúðar (t. d. verbúðir), er víða mjög lélegt og sums staðar jafnvel lakara en vörugeymslurnar, svo að ekki væri vanþörf á eftirliti með slíku húsnæði. Verksmiðjueftirlitið mun lítt eða ekki hafa látið til sín taka í þessu efni.

VI. Aðbúnaður verkamanna á vinnustað.

Verksmiðjueftirlitið mun lítil afskipti hafa haft af aðbúnaði verkafólks á vinnustað hvað kaffistofur, búningsherbergi, hreinlætistæki, böð og salerni snertir, enda er of víða ábótavant í þessu efni.

Í þessu sambandi verður þó eigi fram hjá því gengið, að í gildandi lögum er eftirgreint ákvæði (2. málsgr. 9. gr. laga nr. 24/1928):

„Nú lúta ákvæði reglugerðar að hibýlaskipun, og ber þá að taka tillit til, hversu hana megi framkvæma án þess að íþyngja um of fyrirtæki, sem rekið er, þegar lög þessi öðlast gildi.“

Hefur verið hægt að afsaka margt vegna þessa ákvæðis laganna og eftirlitsmennirnir þá ekki getað gengið nógu ríkt eftir nauðsynlegum umbótum. Þannig var ein verksmiðja norðanlands, er nefndin skoðaði s. l. sumar, í mjög lélegu ástandi, og var engu líkara en hún hefði verið eftirlitslaus með öllu. En að sögn verksmiðjuskoðunarstjórans hefur ekki verið hægt að fá nauðsynlegar umbætur vegna ofangreinds ákvæðis.

Að lokum skal þess getið, að eftirlitsgjalds mun hvergi hafa verið krafizt af fyrirtækjum, sem eigi voru á skrá hjá eftirlitinu og því ekki skoðuð. Aðeins þeim fyrirtækjum hefur verið gert að greiða eftirlitsgjald, sem eru á skrá hjá eftirlitinu, og eru öll slík fyrirtæki nafngreind í skýrslu þeirri frá verksmiðjuskoðunarstjóranum, er hér með fylgir sem fylgiskjal I. Hefur nefndin sannreynt þetta hvað Reykjavík snertir með því að bera skýrsluna saman við skrá yfir innheimt eftirlitsgjöld hjá tollstjóranum í Reykjavík.

III. Slys á vinnustað.

Engar skýrslur er hægt að fá um það, hve tíð slys eru á vinnustað. Fréttir af öllum minni háttar slysum berast lítt eða ekki út fyrir hvern einstakan vinnustað, enda er þeim, sem fyrir slysinu verður, eigi bætt tjónið að öðru leyti en því, sem vinnuveitandinn gerir hverju sinni. Um bætur fyrir slys er þá fyrst að ræða, þegar sá, sem fyrir slysinu verður, deyr af völdum þess, verður öryrki eða verður óvinnufær lengur en 10 daga, en hér teljast þó þeir einir til öryrkja, sem misst hafa 15% eða meira af starfsorku sinni. Eru fá önnur slys tilkynnt Tryggingastofnun ríkisins en þau, sem eru þess eðlis, að um bætur geti verið að ræða. En gera má ráð fyrir, að öll eða langflest þess konar slys séu tilkynnt. Um þau eru því til nákvæmar skýrslur. Hefur Tryggingastofnun ríkisins góðfúslega látið nefndinni í té ýmsar upplýsingar varðandi þessi slys, og er það, sem hér fer á eftir, byggt á þeim upplýsingum, og aðeins þau slys tekin með, sem eru bótaskyld samkvæmt ofanrituðu.

Þess ber að geta, að iðntrygging sú, sem hér er um að ræða og upplýsingar Tryggingastofnunar ríkisins byggjast á, náði eigi til annarrar landbúnaðarvinnu en vélavinnu, engrar skrifstofuvinnu og engrar vinnu við húshjálp. Er slík vinna því eigi talin hér með, hvorki að því er snertir tryggingartíma né slys.

Eigi vannst tími til að sundurliða eftirgreindar skýrslur eftir starfsgreinum, eins og æskilegt hefði verið, heldur varð að fara eftir flokkun þeirri um áhættu, sem iðgjöld til Tryggingarstofnunar ríkisins er bundin við. Í hverjum áhættuflokki eru margar starfsgreinar, og vísast um það í reglur um áhættuflokkun og ákvörðun iðgjalda fyrir slysatryggingar nr. 222/1939. Lægst eru iðgjöld fyrir I. áhættuflokk, þ. e. talin vera minnst hætta á slysum í þeim starfsgreinum, sem honum heyra til. Iðgjöldin fara síðan hækkandi frá flokki til flokks og eru hæst fyrir 10. áhættuflokk.

Í eftirgreindri töflu I má sjá, hve víðtæk sú trygging er, sem hér er um að ræða. Í fyrsta dálkinum eru áhættuflokkarnir, en í næstu þrem dálkunum er tryggingartími iðntryggingarinnar eftir áhættuflokkum fyrir árin 1944—46, og er hann gefinn upp í vikum. Sé gert ráð fyrir, að sérhver hinna tryggðu hafi starfað allt árið og í sömu starfsgrein, má finna fjölda „ársmanna“ með því að deila tryggingarviknafjöldanum með 52. Hefur svo verið gert, og má sjá útkomuna í þrem síðustu dálkunum.

Tafla I. Tryggingartími iðntryggingarinnar og fjöldi „ársmanna“ 1944—46.

Áhættu-	Tryggingartími í vikum árið			Fjöldi hinna tryggðu („ársmenn“) árið		
flokkur	1944	1945	1946	1944	1945	1946
1.	84 665	87 809	32 258	1628,2	1688,6	1581,9
2.	70 870	79 928	91 111	1362,9	1537,1	1752,1
3.	78 181	94 063	109 150	1503,5	1808,9	2099,0
4.	421 605	551 242	642 242	8107,8	10600,8	12350,8
5.	80 778	82 378	87 849	1553,4	1584,2	1689,4
6.	47 666	52 160	53 133	916,7	1003,1	1021,8
7.	2 181	2 185	2 324	41,9	42,0	44,7
Aðrir samt.	250	233	1 112	4,8	4,5	21,4
Samtals	786 196	949 998	1069 179	15119,2	18269,2	20561,1

Tafla II. Fjöldi slysa 1944 og greiðslur tryggingarinnar vegna þeirra.

Áhættu-flokkur	Fjöldi »ármanna«	Fjöldi slysa: Dauða-slys	Örorku-slys	Önnur slys	Slys samt.	Greiðslur tryggingarinnar vegna slysa: Dag-peningar	Sjúkra-kostn.	Örorku-bætur	Dánar-bætur	Greiðslur samtals
1.	1628,2	„	1	13	14	10 109,17	1 614,61	7 239,91	„	18 963,69
2.	1362,9	„	1	13	14	11 123,01	4 254,42	9 214,73	„	24 592,16
3.	1503,5	„	„	47	47	23 922,19	3 390,66	„	„	27 312,85
4.	8107,8	3	5	322	330	266 998,50	53 032,13	59 654,82	24 040,00	403 725,45
5.	1553,4	„	1	141	142	106 978,72	19 831,57	7 738,84	„	134 549,13
6.	916,7	2	2	93	97	73 764,03	19 160,13	18 230,66	35 827,78	146 982,60
7.	41,9	„	„	11	11	7 467,09	754,62	„	„	8 221,71
Aðrir	4,8	„	„	2	2	1 747,13	123,89	„	„	1 871,02
Ósundurliðað	„	„	„	„	„	„	3 610,67	„	„	3 610,67
Samtals	15119,2	5	10	642	657	502 109,84	105 772,70	102 078,96	59 867,78	769 829,28

Tafla III. Fjöldi slysa 1945 og greiðslur tryggingarinnar vegna þeirra.

1.	1688,6	„	„	9	9	9 748,74	623,14	„	„	10 371,88
2.	1537,1	„	2	23	25	25 337,12	1 757,43	43 575,87	5 700,00	76 370,42
3.	1808,9	„	1	63	64	52 401,71	4 698,76	16 870,73	„	73 971,20
4.	10600,8	6	8	353	367	307 566,66	50 646,63	114 151,43	219 594,68	691 959,40
5.	1584,2	3	3	127	133	76 824,46	10 212,05	53 157,15	19 180,00	159 373,66
6.	1003,1	4	„	85	89	75 721,59	8 726,39	„	190 892,00	275 339,98
7.	42,0	„	„	4	4	2 411,71	89,50	„	„	2 501,21
Aðrir	4,5	„	„	„	„	„	„	„	„	„
Ósundurliðað	„	„	„	„	„	„	3 594,10	„	„	3 594,10
Samtals	18269,2	13	14	664	691	550 011,99	80 348,00	227 755,18	435 366,68	1 293 481,85

Tafla IV. Fjöldi slysa 1946 og greiðslur tryggingarinnar vegna þeirra.

1.	1581,9	„	„	7	7	10 498,35	853,84	„	„	11 352,19
2.	1752,1	1	„	16	17	9 215,94	377,40	„	„	9 593,34
3.	2099,0	„	„	64	64	58 514,85	4 475,70	„	„	62 990,55
4.	12350,8	1	9	358	368	351 252,97	49 414,61	221 367,07	6 040,00	628 074,65
5.	1689,4	„	2	150	152	107 826,89	11 570,04	22 676,01	„	142 072,94
6.	1021,8	2	2	91	95	89 679,95	9 353,84	11 253,31	11 510,00	121 797,10
7.	44,7	„	„	5	5	4 179,61	309,35	„	„	4 488,96
Aðrir	21,4	„	„	„	„	„	„	„	„	„
Ósundurliðað	„	„	„	„	„	„	2 976,88	„	„	2 976,88
Samtals	20561,1	4	13	691	708	631 168,56	79 331,66	255 296,39	17 550,00	983 346,61

Í næstu töflum (tafla II—IV) má sjá fjölda þeirra slysa, sem bætt hafa verið hin umræddu ár (1944—46), og er þess þar jafnframt getið, hve mörg slys hafi valdið dauða og hve mörg örorku. Í þessum töflum eru sömuleiðis sundurliðaðar greiðslur tryggginganna vegna slysanna. Um þá sundurliðun vill Tryggingastofnun ríkisins láta þess getið sérstaklega, að gera megi ráð fyrir enn meiri útgjöldum vegna þessara slysa en fram kemur hér, einkum þó vegna slysa, sem urðu árin 1945 og 1946, því að allir reikningar muni enn ekki hafa borizt Tryggingastofnuninni.

Í eftirfarandi yfirliti má sjá fjölda þeirra slysa, sem bætt hafa verið árin 1944—1946 og jafnframt allar greiðslur tryggingarinnar þeirra vegna:

Ár	Fjöldi „ársmanna“	Fjöldi slysa	Greiðslur tryggingarinnar vegna slysa
1944	15119,2	657	769 829,28
1945	18269,2	691	1 293 481,85
1946	20561,1	708	983 346,61

Þetta eru hin beinu útgjöld tryggingarinnar vegna hinna meiri slysa. En tjón þjóðfélagsins og einstaklinganna af þeirra völdum er miklu meira. Má gera sér nokkra grein fyrir því með því að finna vinnutapið af þeirra völdum, en það er hægt með nokkurri nákvæmni út frá upplýsingum þeim, sem fyrir liggja í framangreindum töflum II—IV um dagpeningagreiðslur. Greiðir tryggingin mest kr. 7,50 á dag að viðbættri verðlagsuppbót samkvæmt vísitölu framfærslukostnaðar. Mun láta nærri, að meðalgreiðsla árið 1946 hafi verið um kr. 19,50 á dag (meðalvísitala framfærslukostnaðar 292,7), meðalgreiðsla árið 1945 kr. 18,50 (meðalvísitala framfærslukostnaðar 277,2) og meðalgreiðsla árið 1944 kr. 18,00 (meðalvísitala framfærslukostnaðar 267,8). Sé þessum tölum deilt í dagpeningagreiðslur tryggingarinnar, kemur út dagafjöldi sá, sem hinir slösuðu menn hafa verið frá vinnu og bættir hafa verið af tryggingunni. En þess ber þó að geta, að tryggingin bætir ekki hina fyrstu sjö daga, sem slasaðir menn eru frá vinnu. Þarf því að bæta þeim við þá tölu, sem út kemur við ofannefnda deilingu. Hefur það verið gert í eftirfarandi yfirliti, sem sýnir þessa útreikninga, og er þá fjöldi hinna slösuðu manna, sem sjá má í töflu II—IV, margfaldaður með 7, því að hver einstaklingur, sem fyrir slysi verður, fær ekki bætta fyrstu sjö dagana:

Ár	Bætt vinnutap, dagar	Óbætt vinnutap, dagar	Vinnutap, samtals, dagar
1944	27 895	4 564	32 459
1945	29 730	4 746	34 476
1946	32 368	4 928	37 296

Af þessu yfirliti og hinu næsta á undan má gera sér nokkra grein fyrir því fjárhagslega tjóni, sem hin meiri háttar slys valda þjóðfélaginu í heild og einstaklingunum. Er það tjón ekki óverulegt. En þetta nær aðeins til hinna meiri háttar slysa, þegar hinn slasaði maður verður óvinnufær lengur en 10 daga. Um hin slysin, þegar hinn slasaði maður verður óvinnufær 10 daga eða skemur, eru engar skýrslur til, en áreiðanlegt er, að þau eru miklu fleiri að tölunni til en hin meiri háttar slys. Tjón af þeirra völdum mun því eigi síður vera tilfinnanlegt, þótt ekki sé hægt að staðfesta það álit með opinberum skýrslum.

En það er aðeins önnur hliðin á þessu máli að ræða um fjárhagslegt tjón af völdum slysa. Hitt er ekki síður mikilsvert atriði: óhamingja sú, sem orsakast af sérhverju slysi. Og hún snertir ekki aðeins þá menn, sem fyrir slysunum verða, heldur einnig mikinn fjölda annarra manna, einkum nánustu aðstandendur.

Allar tilraunir, sem miða að því að koma í veg fyrir slys, eru því ekki einungis fjárhagslegs eðlis, heldur jafnframt og ekki síður mannúðarmál.

Af því, er að ofan greinir, liggur það ljóst fyrir, að til mikils er að vinna, ef hægt er að hafa áhrif á slysatíðnina í lækkunarátt. Frumvarp það, sem hér um

ræðir, stefnir að því marki, og eru nefndarmenn þess fullvissir, að komið verður í veg fyrir mörg slys, ef frumvarp þetta kemst til framkvæmda. En hitt er jafnvíst, að lagafyrirmæli eru ekki einhlít í þessu efni. Af þeim ástæðum eru tekin upp ákvæði í frumvarpið, sem miða að því að vekja áhuga verkamanna og vinnuveitenda fyrir þessum málum og stofna til samvinnu þeirra á milli. Væntir nefndin sér mikils árangurs af því, ef það kemst til framkvæmda og vel tekst um samvinnuna í upphafi.

IV. Endurskoðun laga og reglugerða um eftirlit með verksmiðjum og vélum.

Samkvæmt ályktun Alþingis var nefndinni falið að endurskoða lög og reglugerðir um eftirlit með verksmiðjum og vélum. Hefði því legið beinast við fyrir nefndina að gera aðeins tillögur til breytinga á hinum gildandi lögum, svo að þau yrðu meira í samræmi við nútíma atvinnurekstur en þau eru nú. Myndu störf nefndarinnar hafa gengið greiðlegar, ef hægt hefði verið að hafa þann hátt á. En margt mælti gegn því að hafa þá aðferð, og varð nefndin fljótlega sammála um að semja sérstakt lagafrumvarp. Ástæðurnar fyrir því eru m. a. þær, er nú skal greina:

1. Í gildandi lögum eru allýtarleg ákvæði um eimkatla, aflvélar og aðrar „vélar, sem settar eru í hreyfingu af aflvél". Mörg þeirra eru þess eðlis, að réttara virðist að hafa þau í reglugerð heldur en í lögum. Þessum kafla laganna hefði því þurft að breyta verulega, en hann er tæpur helmingur laganna að lengd til.

2. Almenn ákvæði, sem miða að því að auka öryggi verkamanna við vinnu, eru aðeins í einni grein, 5. gr. laganna, og eru svo hljóðandi:

„Verksmiðjum, verkstæðum og vinnustöðvum, sem lög þessi taka til, skal haga þannig, að líf, heilsa og limir verkamanna við vinnu og dvöl á vinnustöðvum sé tilhlýðilega verndað. Stigar skulu traustir og greiðir og útgöngudyr tálmalausar."

Fleiri eru ákvæðin ekki. Var nefndin á einu máli um, að hér þyrfti verulegra umbóta við, ef lögin ættu að koma að fullu gagni.

3. Ákvæðin í gildandi lögum um aðbúnað verkamanna við vinnu eru að dómi nefndarinnar alls ófullnægjandi, og þykir henni bera brýna nauðsyn til þess að setja um það atriði nánari ákvæði í væntanleg lög. Þá er og vafasamt, að sum ákvæði reglugerðanna, er settar voru 1929 og 1941 um þetta efni, hafi stoð í lögunum. Er sízt minni ástæða til að verja heilsu verkamanna gegn tjóni af illum eða lélegum aðbúnaði en að verja þá gegn slysum.

4. Nauðsynlegt þótti að taka upp í væntanleg lög ákvæði, sem miðuðu að því, að verkamenn ofreyndu sig ekki vegna of skammrar hvíldar, en slík ákvæði eru engin í núgildandi lögum. Sömuleiðis þótti ástæða til að takmarka vinnutíma stjórnenda bifreiða og véla, sem mönnum getur stafað bein hætta af, svo að þeir ofþreytist ekki.

5. Gildar ástæður eru til þess að stofna til samvinnu milli verkamanna og vinnuveitenda um að auka öryggi á vinnustað og bæta aðbúnað verkamanna við vinnu. Í gildandi lögum eru engin ákvæði, sem miða að því.

Að öllu þessu athuguðu þótti réttara að fara þá leið að semja nýtt frumvarp til laga um öryggisráðstafanir á vinnustöðum í stað þess að gera tillögur til breytinga á hinum gildandi lögum, því að fátt eitt úr þeim er þess eðlis, að það geti staðið óbreytt með öllu að dómi nefndarinnar. Hins vegar hefur allt það úr hinum gildandi lögum, sem til gagns má verða, verið fellt inn í lagafrumvarpið.

Væntir nefndin þess, að aðrir geti orðið henni sammála um þessi vinnubrögð.

Sama máli mun gegna um reglugerðir þær, sem settar hafa verið samkvæmt lögum um eftirlit með verksmiðjum og vélum, að nauðsynlegt mun reynast að semja nýjar reglugerðir í stað sumra hinna eldri, þegar þar að kemur. En endanleg ákvörðun hefur enn ekki verið tekin í því efni, enda hefur ekki unnizt tími til að byrja á endurskoðun reglugerðanna.

V. Samið frumvarp til laga um öryggisráðstafanir á vinnustöðum.

Áður en hafizt var handa um samningu frumvarps til laga um öryggisráðstafanir á vinnustöðum, kynnti nefndin sér allrækilega lagafyrirmæli um sama efni í nágrannalöndunum, einkum Norðurlöndunum, en einnig í Bretlandi, Bandaríkjum Norður-Ameríku og víðar. Þá hafði nefndin og til athugunar frumvarp það til laga um verkamannavernd, er samið var að tilhlutun danska félagsmálaráðuneytisins á árunum 1934—1938 (Forslag til Lov om Arbejderbeskyttelse) og birt var í miklu riti, Betænkning afgivet af Udvalget angaaende Arbejderbeskyttelse, Köbenhavn 1938.[1]) Hefur nefndin mjög stuðzt við þetta frumvarp í starfi sínu, en þó ekki þótt ráðlegt að svo komnu máli að mæla með ýmsum ákvæðum úr því. Má þar til nefna einkum ýtarleg ákvæði um hámarksvinnutíma og vinnu barna og unglinga. Þótt ákvæði þessi séu hin gagnlegustu, þá þykir nefndinni ekki tímabært að bera þau fram.

Nefndin hafði tal af ýmsum fulltrúum verkamanna og vinnuveitenda, áður en hafizt var handa um samningu frumvarpsins og meðan á því stóð, í því skyni að kynna sér viðhorf þessara aðila til lagasetningarinnar í heild og einstökum atriðum hennar. Hefur oft verið mikið gagn að þessum viðræðum. Þá sendi nefndin bréflega fyrirspurnir til þeirra aðila, er hér eiga hlut að máli, og er kafli úr því bréfi birtur hér að framan. Er einnig margt á svörunum að græða, einkum þó fyrir væntanlega endurskoðun reglugerðanna.

Meðan á samningu frumvarpsins stóð, starfaði verksmiðjuskoðunarstjórinn með nefndinni.

Þegar nefndin hafði að mestu lokið við að semja frumvarpið, fékk fulltrúi Alþýðusambands Íslands í nefndinni, Kristinn Ág. Eiríksson, stjórn sambandsins eitt eintak þess í hendur. Skipaði sambandsstjórnin nefnd til að athuga frumvarpið. Sú nefnd gerði nokkrar athugasemdir og breytingartillögur við það. Á sumar þeirra var fallizt og frumvarpinu breytt í samræmi við þær. En á aðrar tillögur var ekki hægt að fallast, og verður þeirra getið, hverrar á sínum stað, þegar rædd verða einstök atriði frumvarpsins. Nefnd sú, sem stjórn Alþýðusambandsins skipaði, lét þess getið, að henni hefði aðeins unnizt tími til að fara lauslega yfir frumvarpið, svo að vel mætti vera, að hún gerði frekari breytingartillögur við vandlegri yfirferð.

Prófessornum í heilsufræði við Háskóla Íslands, dr. Júlíusi Sigurjónssyni, var sýnt frumvarpið vegna þeirra atriða þess, sem snerta hans embætti. Fór hann yfir frumvarpið ásamt landlækni, og gerðu þeir nokkrar tillögur til breytinga á því til nefndarinnar. Á flestar breytingartillögurnar gat nefndin fallizt, en eina ekki. Þeirrar breytingartillögu, sem ekki var tekin til greina, verður getið síðar, þar sem rætt verður um það atriði frumvarpsins (35. gr.).

Samkomulag var í nefndinni um öll atriði frumvarpsins, að tveim undanskildum, er einn nefndarmanna gat ekki fylgt meiri hluta nefndarinnar að málum. Þessa ágreinings er getið sérstaklega hér á eftir (VI. kafli greinargerðarinnar).

Verksmiðjuskoðunarstjórinn, Þórður Runólfsson, telur sig geta verið frumvarpinu samþykkur eins og það liggur fyrir frá nefndinni.

VI. Ágreiningsatriði.

Um tvö atriði frumvarpsins gat nefndin eigi orðið sammála. Annað er um niðurlag 1. málsgr. 45. gr. frumvarpsins, en hitt um skipun öryggisráðs (47. gr.). Er það í báðum tilfellunum fulltrúi Alþýðusambands Íslands í nefndinni, Kristinn Ág. Eiríksson, sem taldi sig ekki geta átt samleið með meiri hluta nefndarinnar, og og óskar að láta tillagna sinna um bæði þessi atriði getið.

---

1) Dráttur sá, sem hefur orðið á því að taka þetta frumvarp til afgreiðslu í ríkisþinginu danska, stafar af styrjöldinni, sem brauzt út skömmu eftir að frumvarpið var fullgert.

45. gr. frumvarpsins óskaði hann breytt á þá lund, að orðin „er viðurkenndur sé af vinnuveitanda“ í niðurlagi 1. málsgr. falli niður, og vill að trúnaðarmaður verkamanna sé valinn á sama hátt og ráð er fyrir gert í 9. gr. laga nr. 80/1938, um stéttarfélög og vinnudeilur, sem hljóðar þannig: „Á hverri vinnustöð, þar sem a. m. k. 5 menn vinna, hefur stjórn stéttarfélags þess, sem á staðnum er í viðkomandi starfsgrein, rétt til að tilnefna 2 menn til trúnaðarmannsstarfa, úr hópi þeirra, sem á staðnum vinna. Skal atvinnurekandi samþykkja annan þeirra sem trúnaðarmann stéttarfélagsins á vinnustöðinni.“ Meiri hluti nefndarinnar vill hins vegar með vali trúnaðarmanns verkamanna stofna til samvinnu milli vinnuveitenda og verkamanna og telur æskilegast, að til þeirrar samvinnu sé þegar í upphafi stofnað með samkomulagi beggja aðila. Telur hún með öllu ástæðulaust að ætla, að til þess komi, að kosti verkamanna verði þröngvað í þessu efni, þótt vinnuveitandinn eigi að viðurkenna val trúnaðarmannsins.

Skipun öryggisráðs (47. gr. frumvarpsins) hefur verið mikið rædd í nefndinni. Það er sameiginlegt álit nefndarmanna, að heppilegast verði að skipa öryggisráðið tveim verkamönnum, tveim fulltrúum vinnuveitenda og einum óvilhöllum manni. Nefndarmenn eru einnig sammála um það, að ráðherra skipi hinn óvilhalla mann í öryggisráðið án tilnefningar, og sé hann jafnframt formaður þess.

Um skipun ráðsins að öðru leyti hafa verið uppi ýmsar tillögur, eins og gerðabók nefndarinnar ber með sér. Allir nefndarmenn hafa þó hallazt að þeirri tilhögun, að fulltrúar verkamanna og vinnuveitenda yrðu skipaðir í ráðið af ráðherra samkvæmt tilnefningu einhverra samtaka þessara aðila. En vissulega er úr vöndu að ráða, þegar velja skal þrjú eða fjögur félög í þessu skyni. Myndi val félaganna hafa orðið auðveldara, ef gert hefði verið ráð fyrir sjö meðlimum öryggisráðsins í stað fimm. En nefndarmenn eru því mótfallnir, að meðlimir þess séu fleiri en fimm, búast við, að fjölgun þeirra myndi frekar tefja störf ráðsins en flýta fyrir þeim og engin sérstök ástæða sé til að ætla, að sjö nefndarmenn leystu störf sín betur af hendi en fimm. En miklar vonir eru tengdar við öryggisráðið, og vill nefndin ekki skorast undan því að gera tillögur um skipun þess á sama hátt og um önnur atriði þessa frumvarps.

Meiri hluti nefndarinnar féllst á þá skipun öryggisráðsins, sem gert er ráð fyrir í frumvarpinu, að Alþýðusamband Íslands tilnefni einn mann í ráðið, Landssamband iðnaðarmanna tvo menn, annan þeirra svein, en hinn meistara, og Félag íslenzkra iðnrekenda tilnefni einn mann. Þegar tillagan um þessa skipun ráðsins var lögð fram í nefndinni, fylgdi henni eftirfarandi greinargerð:

„Þar sem gert er ráð fyrir, að frumvarp þetta, ef að lögum verður, nái jafnt til þeirrar starfrækslu, þar sem faglærðir menn vinna sem ófaglærðir, virðist sanngjarnt, að annar fulltrúi verkamanna í öryggisráði sé faglærður verkamaður (sveinn) en hinn ófaglærður. Af sömu ástæðu er sanngjarnt, að annar fulltrúi vinnuveitenda sé úr hópi faglærðra manna (meistari), en hinn úr hópi verksmiðjueigenda.

Gera má ráð fyrir, að það verði affarasælla fyrir störf ráðsins til frambúðar, að menn þessir verði skipaðir í ráðið af ráðherra samkvæmt tilnefningu landssamtaka þeirra aðila, er hér eiga hlut að máli. Þykir því eðlilegast, að báðir hinir faglærðu menn (sveinn og meistari) verði tilnefndir af landssambandi hinna faglærðu iðnaðarmanna — Landssambandi iðnaðarmanna —, fulltrúi hinna ófaglærðu verkamanna verði tilnefndur af Alþýðusambandi Íslands, en fulltrúi vinnuveitenda verði tilnefndur af landssambandi verksmiðjueigenda — Félagi íslenzkra iðnrekenda“.

Fulltrúi Alþýðusambands Íslands, Kristinn Ág. Eiríksson, gat ekki sætt sig við þessi málalok, en heldur fast við tillögu sína um skipun öryggisráðs, en hún er á þá leið, að ráðherra skipi í öryggisráðið tvo menn samkvæmt tilnefningu Alþýðusambands Íslands, einn mann samkvæmt tilnefningu Landssambands iðnaðarmanna og einn mann samkvæmt tilnefningu Félags Íslenzkra iðnrekenda. Gerir hann grein fyrir þessari tillögu sinni eins og hér segir:

„Það er óþarfi að fara um það mörgum orðum, hversu réttmætt og sjálfsagt það

er, að A. S. Í. tilnefni þá tvo fulltrúa verkamanna, er samkomulag hefur orðið um, að ættu sæti í ráðinu. Virkir félagar Alþýðusambandsins voru samkv. síðustu skýrslum 20370, þar af um 2650 faglærðir menn, og sem vinna í verksmiðjum eða 18 sveinafélög, sem eingöngu hafa faglærða meðlimi og 3 iðjufélög (verksmiðjufólk) og auk þess nokkur mótorvélstjórafélög. Samkvæmt þessu ætti það að vera ljóst, að engin samtök í landinu hafa nándar nærri svo marga faglærða verkamenn innan sinna vébanda, auk hins mikla fjölda ófaglærðra verkamanna."

VII. Frumvarp til laga um öryggisráðstafanir á vinnustöðum.

Frumvarpi þessu er skipt í 10 kafla. Er hinn fyrsti þeirra um gildissvið, tilkynningarskyldu o. fl., 2. kafli almenn ákvæði um tilhögun á vinnustað, 3. kafli sérstakar reglur varðandi ráðstafanir til verndar heilbrigði og velferð verkamanna, 4. kafli um ráðstafanir til að verjast slysum, 5. kafli um lágmarkshvíldartíma verkamanna o. fl., 6. kafli um eftirlit með framkvæmd laganna, 7. kafli um öryggisráð, 8. kafli um eftirlitsgjald, 9. kafli refsiákvæði og 10. kafli ýmis ákvæði.

Um einstakar greinar frumvarpsins vill nefndin einkum taka það fram, er hér fer á eftir:

I. KAFLI

Um 1. gr.

Gert er ráð fyrir, að gildissvið laganna sé að mestu hið sama og núgildandi laga. Munurinn er sá, að í frumvarpinu er gert ráð fyrir, að það nái til „sérhverrar starfrækslu, þar sem einn verkamaður eða fleiri vinna, eða notuð er orka, sem er eitt hestafl eða meira", en samkvæmt núgildandi lögum eru eftirlitsskyldar „verksmiðjur, verkstæði og vinnustöðvar, þar sem þrír menn hið fæsta vinna að jafnaði, svo og eimkatlar og vélar". Gerir frumvarpið því hvort tveggja í senn: að rýmka gildissvið laganna og þrengja það. Hvað mannahald snertir, er það rýmkað lítillega, en hvað orkunotkun snertir, er það þrengt eins og séð verður. Þykir nefndarmönnum þessi skilgreining á gildissviði laganna viðkunnanlegri og meira í samræmi við önnur ákvæði frumvarpsins en núgildandi skilgreining. Þá er þess og að geta, að í 49. gr. frumvarpsins er gefin heimild til að undanþiggja minni háttar starfrækslu eftirlitsgjaldi því, sem gert er ráð fyrir í frumvarpinu, eða þá starfrækslu, „þar sem fimm verkamenn eða færri vinna, eða notuð er orka, sem eigi fer fram úr 3 hö, enda sé vinnu þinnig háttað, að eftirlit sé miður nauðsynlegt".

Sjálfsagt þykir að hafa undanþegna þá starfrækslu, sem talin er í 1.—3. tölulið greinarinnar, enda eru í gildi sérstök lög um þá starfrækslu, sem talin er í 1. tölulið, en loftferðir, sem taldar eru í 2. tölulið, eru allt annars eðlis en starfræksla sú, sem þessu frumvarpi er ætlað að ná til. Aftur á móti er ætlazt til, að frumvarp þetta, ef að lögum verður, taki til fermingar og affermingar skipa, og er sú starfræksla nefnd í 15. gr. frumvarpsins, svo að það geti ekki orkað tvímælis.

Í síðustu málsgr. greinarinnar er gefin heimild til að víkka gildissvið laganna frá því, sem mælt var fyrir um í 1. málsgr., þegar um „vélar og önnur áhöld og mannvirki" er að ræða, og var þá einkum höfð í huga olíukynding í heimahúsum, bryggjur, uppfyllingar, brýr og annað þess háttar. Nauðsynlegt er að hafa eftirlit með sumu af þessu að minnsta kosti, og er þá gefin heimild til þess í málsgreininni.

Um 2. gr.

Í þessari grein er gefin skýring á því, hvað verkamaður og hvað vinnuveitandi merkir í lögum þessum og hver skuli bera ábyrgð vinnuveitanda, sé um sameign að ræða, félag eða opinberan rekstur. Er nauðsynlegt, að um þessi atriði séu skýr ákvæði í lögunum. Í núgildandi lögum eru engin samsvarandi ákvæði.

Um 3.—4. gr.

Ákvæði 3. gr. eru að mestu leyti í samræmi við ákvæði 1. málsgr. 2. gr. í núgildandi lögum. Síðasta málsgreinin er þó nýmæli, en það er bráðnauðsynlegt, til þess að hægt sé að fylgjast vel með ásigkomulagi farandvéla þeirra, sem eiga að vera háðar eftirliti samkvæmt þessum lögum.

4. gr. þarf engra skýringa við.

II. KAFLI

Um 5.—7. gr.

Í grein þessari eru teknar upp almennar grundvallarreglur um það, hverjar kröfur séu gerðar til hvers um sig, vinnuveitanda, verkamanns og trúnaðarmanns verkamanna. Eru engin tilsvarandi ákvæði í núgildandi lögum hvað snertir 6. og 7. gr., en ýmis ákvæði eru í gildandi lögum, sem svara til ákvæða 5. gr.

Kröfur þær, sem gerðar eru til vinnuveitandans í þessu efni í 5. gr., ættu ekki að þurfa skýringa við, þær virðast vera svo sjálfsagðar. Þess má þó geta varðandi niðurlag greinarinnar, að sérstaklega skuli leiðbeina óvönum verkamönnum, nemum og ungum verkamönnum, að reynsla margra fyrirtækja er sú, að slysatíðni meðal óæfðra verkamanna sé um fjórum sinnum meiri en meðal æfðra verkamanna í sömu starfsgrein. Ætti að vera augljóst af þessu, að kröfur þær um leiðbeiningar, sem gerðar eru í þessari grein, eru ekki að ófyrirsynju.

Eigi er nægilegt að leggja skyldur á herðar vinnuveitandans í þessu efni. Þeir menn, sem vinnuna stunda, þurfa að gera sitt til, að öryggisráðstafanir þær, sem vinnuveitandinn gerir, komi að tilætluðu gagni, enda eiga þeir mest í húfi. Af þeim ástæðum eru gerðar nokkrar almennar kröfur til verkamanna í 6. gr., og hefur nefndin ástæðu til að ætla, að verkamenn séu þessum kröfum ekki mótfallnir, a. m. k. kom það álit fram hjá þeim fulltrúum verkamanna, sem nefndin hefur haft tal af.

Ákvæði 7. gr. hníga að því að auka eftirlitið með öllum öryggisútbúnaði sem mest og stuðla að því, að hann sé notaður á réttan hátt. Öryggiseftirlit það, sem gert er ráð fyrir í þessu lagafrumvarpi, getur að sjálfsögðu ekki litið eftir sérhverjum vinnustað nema endrum og eins, til jafnaðar líklega ekki nema einu sinni á ári, ef vel er. En stöðugt eftirlit manns, sem vinnur á staðnum, ætti að verða miklu betra, ef vel tekst um val mannsins. Hann á að geta fylgzt með því, að allur öryggisútbúnaður sé rétt notaður og verið félögum sínum til leiðbeiningar í því efni. Gerir nefndin sér vonir um, að mikið gagn geti orðið að störfum trúnaðarmanns verkamanna. — Algert nýmæli er þetta þó ekki, því að í 6. gr. reglugerðar nr. 95/1941, um breyting á reglugerð nr. 10 16. febr. 1929, um eftirlit með verksmiðjum og vélum, eru svipuð ákvæði og hér eru gerð. En reglugerðarákvæðið mun naumast hafa stoð í gildandi lögum, svo að minna hefur orðið úr þessari starfsemi en ætlað var í upphafi.

Um 8. gr.

Grein þessi er að mestu í samræmi við 9. gr. í hinum norsku lögum um öryggisráðstafanir á vinnustöðvum (lov om arbeidervern) og með líku sniði og 9. gr. í hinu danska lagafrumvarpi. Í skýringum við hina norsku lagagrein[1]) er talin upp sú starfræksla, sem ákvæði greinarinnar ná til, og er sú upptalning í 25 liðum, þar á meðal er sú starfræksla, er hér verður talin:

1. Sementsverksmiðjur.
2. Verksmiðjur, sem framleiða sprengiefni.
3. Prentsmiðjur.
4. Málmhúðunarverkstæði og smeltverksmiðjur (emaljeverksmiðjur).
5. Áburðarverksmiðjur.

---

1) Ferdinand Römcke: Lov om arbeidervern, Oslo 1947.

6. Klæðaverksmiðjur.
7. Málmslípunarverksmiðjur og sérstakar málmslípunardeildir í annars konar fyrirtækjum.
8. Viðgerðarvinna í skipum með olíugeymum.
9. Málmsteypuverksmiðjur.
10. Vinna við smíði mannvirkja, ef a. m. k. 300 verkamenn eru starfandi þar í a. m. k. einn mánuð og þeim er séð fyrir húsnæði á vinnustaðnum eða í námunda við hann.

Þótt sú starfræksla, sem hér er um að ræða, sé ekki enn sem komið er margbreytileg hér á landi, þykir samt vera ástæða til að hafa slíka heimild sem þessa í væntanlegum lögum.

Um 9. gr.

Marga atvinnusjúkdóma má hefta til muna og jafnvel koma í veg fyrir þá, ef viðkomandi menn eru rannsakaðir af lækni í tæka tíð. Er víða erlendis látin fara fram reglubundin læknisskoðun á verkamönnum í þeim fyrirtækjum, þar sem helzt má búast við atvinnusjúkdómum, og hefur sú starfsemi gefið góða raun. Því er ástæða til að taka þá starfsemi upp í ríkara mæli en verið hefur hér á landi, og þarf varla að efast um árangurinn.

Um 10. gr.

Svið þeirra laga, sem hér er um að ræða, er svo vítt og starfsemin, sem þau taka til, svo margbreytileg, að það er næstum ógerningur að taka öll nauðsynleg fyrirmæli upp í lögin, enda naumast æskilegt, því að framþróunin á þessu sviði er oft mjög ör, og er þá auðveldara að fylgjast með tímanum með fyrirmælum í reglugerðum heldur en með lagabreytingum hverju sinni. Í 9. gr. laga nr. 24/1928 er einnig gefin heimild fyrir ráðherra að gefa út reglugerðir með nánari fyrirmælum um tilhögun og starfsháttu „fyrir hvert einstakt fyrirtæki eða flokk fyrirtækja". Á sama hátt hefur það sjónarmið verið ríkjandi meðal nefndarmanna, að lögin ættu aðallega að vera til þess að setja reglugerðunum takmörk og gefa þeim gildi, þau beri að skoða meira sem umgerð, er fylla þurfi upp í með reglugerðum.

Um 11. gr.

Ákvæði greinarinnar eru að mestu í samræmi við ákvæði 4. gr. laga nr. 24/1928. Þó er það hér gert að skyldu að leita umsagnar öryggismálastjóra um það, hvort fyrirhugað skipulag verksmiðja eða verkstæða sé í samræmi við lögin eða reglugerðir settar samkvæmt þeim, en í núgildandi lögum er aðeins um heimild að ræða („.... getur krafizt umsagnar skoðunarmanns um, hvort hið fyrirhugaða skipulag komi í bága við lög þessi eða reglugerðir settar samkvæmt þeim").

III. KAFLI

Um 12. gr.

Í grein þessari eru mörg atriði, er einkum snerta heilbrigði og velferð verkamanna, og eru fá tilsvarandi ákvæði í hinum gildandi lögum. Hins vegar eru í hinni almennu reglugerð, er fyrst var gefin út samkvæmt verksmiðjueftirlitslögunum, rgj. nr. 10/1929, nokkur sams konar ákvæði. Það getur að vísu nokkuð orkað tvímælis, hve langt á að ganga í því efni að taka ákvæði sem þessi upp í lögin. En nefndin er þeirrar skoðunar, að það hljóti að vera til gagns fyrir hvern og einn, sem á að fara eftir lögunum, að í þeim sé a. m. k. tvímælalaust gefið til kynna, á hvaða sviði hin væntanlegu ákvæði reglugerðanna muni verða. Með það sjónarmið fyrir augum hefur nefndin talið það hyggilegra að hafa þessa grein með því sniði, sem raun ber vitni um, þótt mörg atriði hennar kunni í fljótu bragði að virðast sjálfsögð og jafnvel óþörf.

Um einstök atriði greinarinnar skal að öðru leyti aðeins þetta tekið fram.

1. tölul. er í samræmi við ákvæði 1. málsgr. 5. gr. rg. nr. 10/1929 að öðru leyti en því, er tekur til niðurlags töluliðsins, þar er um nýmæli að ræða og vissulega ekkert óþarfa ákvæði.

2. töluliður. Hér er gert ráð fyrir allmiklu meira loftrými fyrir hvern verkamann en nú er í gildandi reglugerð (sbr. einnig 6. gr. laga nr. 24/1928), en í 4. gr. rg. nr. 10/1929 er krafizt 8 m³ loftrýmis við venjuleg skilyrði, en 12 m³ loftrýmis, ef „ryk, eimur eða óheilnæmar lofttegundir“ geta spillt andrúmsloftinu. Nefndin gerir tillögur sínar að vel athuguðu máli og þykist ekki vera ósanngjörn í því efni. Erlendis eru ákvæðin, sem að þessu lúta, allmisjöfn, og má víða finna sömu ákvæði og eru í hinum gildandi íslenzku fyrirmælum. En þau eru þá sízt yngri en íslenzku fyrirmælin. Mun vart vera dæmi til þess nú orðið hér á landi, að loftrými fyrir hvern verkamann sé ekki til muna meira en 8 m³, enda myndi naumast fást maður til að vinna við slík skilyrði. Er nefndin því á einu máli um það, að hækka beri núgildandi ákvæði um loftrými á vinnustöðum, og eru tillögur hennar í samræmi við tillögurnar í hinu danska frumvarpi.

3. tölul. er að mestu í samræmi við ákvæði 4. málsgr. 5. gr. rgj. nr. 10/1929.

4. tölul. er nýmæli, en hans er ekki síður þörf en 3. tölul.

5. tölul. er sömuleiðis nýmæli, og þarfnast hann ekki skýringar við.

6. tölul. er í samræmi við ákvæði 1.—3. málsgr. 10. gr. rgj. nr. 10/1929.

7. tölul. er sama efnis og 1. málsgr. 9. gr. rgj. nr. 10/1929, en þar er svo fyrir mælt, að vinnustofur skulu „hitaðar ef því verður við komið án mjög mikils tilkostnaðar“. Nefndin getur ekki fallizt á það sjónarmið, sem lýsir sér í þessu ákvæði, en telur eðlilegast, að verkamenn fái sjálfir að ráða miklu um það, hve heitt skuli vera, þar sem þeir vinna. Er það því lagt undir dóm trúnaðarmanns verkamanna, en til þess að eigi geti verið um ósanngjarnar kröfur að ræða frá hans hendi, á hann að hafa samráð við öryggismálastjóra.

8. tölul. er nýmæli, og ætti það ekki að þurfa skýringa við.

9. tölul. er að mestu leyti í samræmi við ákvæði 3. málsgr. 3. gr. rgj. nr. 95/1941. Útbúnaður til handþvotta er víða fyrir hendi á vinnustöðum, sums staðar einnig útbúnaður til baða. Er brýn nauðsyn á því, að fullnægjandi útbúnaður til handþvotta sé til afnota fyrir verkamenn alls staðar þar, sem unnið er að staðaldri, og víða er nauðsynlegt að hafa böð til afnota fyrir verkamenn. En nefndin hefur orðið þess vör, að oft er erfitt að fá verkamenn til að nota böðin, þótt þau séu fyrir hendi. Af þeim ástæðum er niðurlag greinarinnar haft eins og raun ber vitni. Verður aldrei hægt að koma aðbúnaði verkamanna á vinnustað í sæmilegt horf, ef verkamennirnir sjálfir notfæra sér ekki þær umbætur, sem gerðar eru, oft með ærnum kostnaði.

10. tölul. er að miklu leyti í samræmi við 2. málsgr. 3. gr. reglugerðar nr. 95/1941 og á mörgum vinnustöðum er aðbúnaðurinn kominn í það horf, sem hér er gert ráð fyrir og telja verður brýna nauðsyn.

11. tölul. er sömuleiðis nýmæli í frumvarpinu. Þykir það sjálfsagt að krefjast þess af verkamönnum, að þeir séu í sem hentugustum fötum við vinnu sína. En sé vinnu þannig háttað, að nota þurfi sérstök vinnuföt, er eðlilegast, að vinnuveitandinn láti verkamönnum þau í té verkamönnum að kostnaðarlausu á sama hátt og hlífðarútbúnað, sem nauðsynlegur kann að þykja (sbr. 21. tölul. þessarar greinar).

12. tölul. er svipaðs efnis og 6. gr. rgj. nr. 10/1929. Gerir nefndin ráð fyrir, að um þetta atriði verði gefin út nánari fyrirmæli í reglugerð, því að sitt hentar hverjum vinnustað í þessu efni.

13. tölul. er í samræmi við 4. málsgr. 10. gr. rgj. nr. 10/1929. Gerir nefndin einnig hér ráð fyrir, að um þetta atriði verði gefin út nánari fyrirmæli í reglugerð, þar sem m. a. verði tekið fram um fjölda salerna á vinnustað.

14. tölul. er nýmæli í frumvarpinu. Þykir nefndinni sjálfsagt, að verkamenn fái þá aðstöðu við vinnu sína, að þeir lýist sem minnst, og ætti það ekki síður að vera til gagns fyrir vinnuveitandann en verkamanninn, þegar til lengdar lætur.

15. og 16. tölul. er að mestu í samræmi við 1. málsgr. 7. gr. rgj. nr. 10/1929.

17. tölul. er nýmæli í frumvarpinu, en það er alkunnugt, að rakastig andrúmsloftsins hefur eigi síður áhrif á vellíðan manna en lofthitinn, hiti lofts, veggja og gólfa og hreyfing á andrúmsloftinu, einkum þó, þegar unnin er erfiðisvinna. Er því full ástæða til að taka ákvæði í þessu efni upp í frumvarpið, en nefndin gerir ráð fyrir, að nánari fyrirmæli verði sett í reglugerð.

18. tölul. er að nokkru leyti nýmæli í frumvarpinu, en að nokkru leyti í samræmi við 1. málsgr. 7. gr. rgj. nr. 10/1929. Er það alkunnugt, að mikil hætta getur stafað af ryki, ef menn vinna að staðaldri í því, og geta beðið varanlegt tjón á heilsu sinni af þess völdum. Má því einskis láta ófreistað að bægja því sem mest frá mönnum. Þarf að sjálfsögðu nákvæmari ákvæði í þessu efni en hér eru, en bezt er að hafa þau í reglugerð.

19. tölul. er nýmæli í frumvarpinu, og ætti það ekki að þurfa nánari skýringa við. Í reglugerð þarf að tilgreina, hver þau efni eru, sem hér er um að ræða, því að engin sérstök löggjöf um eiturefni er til hér á landi. Þykir ekki ástæða að nefna þau frekar hér.

20. tölul. er sömuleiðis nýmæli í frumvarpinu. Að vísu munu þær ástæður sjaldan vera fyrir hendi, sem töluliður þessi gerir ráð fyrir, en eigi að síður þykir sjálfsagt að hafa þetta ákvæði í frumvarpinu. Það er tekið eftir hinu danska frumvarpi, og í greinargerð við það eru nefndir ferns konar sjúkdómar, sem hér sé einkum um að ræða: anthex (miltisbrandur), actinomycosis (bólga, sem orsakast af sérstökum sveppum, en þeir berast í menn úr heyi, hálmi og öðru þess háttar), tetanus (stífkrampi) og berklaveiki.

21. tölul. er sömuleiðis nýmæli í frumvarpinu. Hlífðarútbúnaður sá, sem hér er um að ræða, er mjög gagnlegur fyrir verkamenn. Er vinnu oft svo háttað, að aðrar öryggisráðstafanir koma ekki að eins góðum notum. Þykir því nauðsynlegt að hafa ákvæði um slíkan hlífðarútbúnað í frumvarpinu, enda er hann nú þegar almennt notaður. Þó ber nokkuð á því, að verkamenn skeyti ekki um að setja á sig hlífðarútbúnaðinn, þótt hann sé þeim nærtækur, og er verkamönnum af þeim ástæðum gert að skyldu í niðurlagi töluliðsins að nota þann hlífðarútbúnað, sem talinn er nauðsynlegur og hafður er þeim til afnota.

22. tölul. er sömuleiðis nýmæli. Þessi töluliður gildir aðeins um stutta gistingu á sama stað, eina eða fáar nætur, og þykir ekki ástæða til að hafa ákvæði um slíkan næturdvalarstað mjög ýtarlegan. Sé hins vegar um lengri dvöl á sama stað að ræða, eiga ákvæði 13. gr. þessa frumvarps við.

Um 13. gr.

Ákvæði þessarar greinar eru að mestu leyti í samræmi við ákvæði 4. gr. rgj. nr. 95/1941, en mjög er það vafasamt, hvort sú reglugerðargrein hefur stoð í lögum. Hins vegar ber brýna nauðsyn til þess að fá vafalaus ákvæði um þetta atriði löglcidd. Á nokkrum vinnustöðum hefur nefndin séð góðan aðbúnað verkamanna í þessum efnum og sums staðar ágætan. En hins vegar er aðbúnaði verkafólks í húsnæði því til íbúðar, sem því er látið í té af vinnuveitendum, víða mjög ábótavant. Hefur nefndin séð þess ljót dæmi á ferðum sínum, sem ástæðulaust mun þó vera að lýsa nánar hér. En grein sú, sem hér um ræðir, er orðin til fyrir þessar athuganir. — Síðasta málsgr. greinarinnar er einkum miðuð við vegavinnu og aðra svipaða vinnu, þar sem eigi mun gerlegt enn sem komið er að reisa skála handa verkamönnum til að búa í, en unnið er að sumarlagi og að jafnaði búið í tjöldum. Sér nefndin ekki ástæðu til að mæla með breytingu á því fyrirkomulagi að svo komnu máli og vill því, að heimild sé til undanþágu, þegar svo stendur á. Þó mun ekki þurfa að gefa undanþágu frá öllum ákvæðum greinarinnar, heldur aðeins fáum ákvæðum hennar.

Um 14. og 15. gr.

Í upphafi 12. gr. frumvarpsins segir, að ákvæði hennar gildi „um verksmiðjur, verkstæði, verzlunarstaði og skrifstofur, ... enda séu þessi fyrirtæki starfrækt að staðaldri að sama stað". Sum ákvæði 12. gr. geta átt við hvers konar vinnu, en önnur eru þess eðlis, að þau geta eigi verið í gildi, sé t. d. um vinnu að ræða, sem er aðeins um stundar sakir á sama stað. Tilgangur 14. og 15. gr. er því að ákveða eða gefa ráðherra heimild til að ákveða, að hve miklu leyti ákvæði 12. gr. skuli gilda um annars konar starfrækslu. — Við 15. gr. gerði Alþýðusamband Íslands svo hljóðandi athugasemd: „Greinin allt of óákveðin. Þarf að vera ákvæði um öryggi við hafnarvinnu (fermingu og affermingu skipa), almenna útivinnu og byggingavinnu". — Nefndin getur ekki fallizt á þetta sjónarmið, en telur eðlilegast, að um þessa og ýmsa aðra starfrækslu verði gefnar út reglugerðir.

IV. KAFLI

Um 16. gr.

Ákvæði svipuð þeim, sem eru í þessari grein, eru naumast til í gildandi lögum eða reglugerðum, nema að sumu leyti að því er tekur til véla og styrkleika húsa. Þó er grein þessi þungamiðja lagasetningar, sem miðar að því að verja menn gegn slysum, og eru ákvæði hennar svo sjálfsögð, að nánari skýringa á þeim mun ekki þurfa við. — Varðandi niðurlag 1. málsgreinar má þó geta þess, að það ákvæði á við, þegar skoðunarmanni þykir tvísýnt, að séð verði með skoðun einni saman, hvort frágangur sé tryggilegur, svo að nauðsynlegt verði af þeim ástæðum, að fram fari prófun eða önnur rannsókn því til sönnunar. Er þetta í samræmi við það, sem nú er venja. Þannig prófar t. d. framleiðandinn hverju sinni stálflöskur þær, sem notaðar eru undir samanþjappað gas.

Um 17. gr.

Ákvæði fyrstu þriggja málsgreina þessarar greinar eru að mestu í samræmi við 3. og 4. málsgr. 5. gr. rgj. nr. 95/1941, og þykir sjálfsagt, að framleiðandi, seljandi eða sá, sem setur upp vélar, áhöld eða annan útbúnað, beri nokkra ábyrgð á því, að frá öllu sé tryggilega gengið, enda á þessum aðilum að vera bezt um það kunnugt. — Síðustu tvær málsgreinar greinarinnar eru að mestu í samræmi við 1. gr. rgj. nr. 95/1941.

Um 18. gr.

Ákvæði 1. málsgr. þessarar greinar eru að mestu í samræmi við ákvæði 11. gr. rgj. nr. 10/1929. Þó er það nýmæli, að í stærri fyrirtækjum sé hægt að krefjast þess, að þar séu útbúnar sérstakar slysastofur. Er gert ráð fyrir, að sú heimild sé ekki notuð, nema sérstakar ástæður séu fyrir hendi, slysahætta sé mikil eða annað þess háttar. Þá er og síðari málsgrein þessarar greinar nýmæli, og virðist það ekki geta orkað tvímælis, að gagn geti orðið að því ákvæði. — Við þessa grein gerði Alþýðusamband Íslands þá tillögu til breytingar, að í stað orðanna: „og skal útbúnaðurinn vera í samræmi við nánari fyrirmæli öryggismálastjóra" í 1. málsgr. komi: „Útbúnaðurinn skal miðast við þörf og aðstæður hvers vinnustaðar". Nefndin féllst ekki á þá breytingartillögu, taldi hana vart vera til bóta, því að öryggismálastjóri myndi í reyndinni hvort er eð meta það, hvort útbúnaður væri miðaður við þörf og aðstæður vinnustaðar.

Um 19. gr.

Ákvæði greinarinnar eru í samræmi við ákvæði 11. gr. laga nr. 24/1928, en þó til muna ýtarlegri. Eru fyrirmæli greinarinnar svo sjálfsögð, að óþarft þykir að skýra þau nánar.

Um 20. gr.

Ákvæði greinarinnar eru í samræmi við ákvæði 12. gr. laga nr. 24/1928 og 9. málsgr. 39. gr. rg. nr. 10/1929, en þó nokkru ýtarlegri að sumu leyti.

Um 21. gr.

Ákvæði þessarar greinar eru í samræmi við ákvæði 2. málsgr. 11. gr. laga nr. 24 1928 og 16. og 37. gr. rgj. nr. 10/1929, en þó ekki eins ýtarleg. Þykir ástæðulaust að setja nákvæmar reglur um þetta atriði, því að nú færist það æ meira í vöxt, að hver einstök vél sé með sérstökum rafmagnshreyfli, og er þá hvort tveggja að jafnaði byggt í einu lagi.

Um 22. gr.

Ákvæði greinarinnar er í samræmi við ákvæði 2. málsgr. 12. gr. laga nr. 24 1928 og 1. málsgr. 38. gr. og 8. málsgr. 39. gr. rgj. nr. 10/1929, en þó nokkru ýtarlegri.

Um 23. gr.

Ákvæði greinarinnar er í samræmi við 1. málsgr. 11. gr. laga nr. 24/1928, en þó víðtækari og ýtarlegri, því að hér er ekki átt við eimketil eingöngu eins og gert er í gildandi lögum, heldur hvers konar ílát, sem í er eitthvert samanþjappað gas. Þykir eðlilegast að láta eitt yfir öll slík ílát ganga.

Um 24. gr.

Ákvæði greinarinnar eru að miklu leyti í samræmi við 15. gr. laga nr. 24/1928, en þó miklu ýtarlegri og víðtækari. Er þessi grein einnig látin taka til hvers konar suðukatla, sem eru með yfirþrýstingi og ný fyrirmæli tekin upp í hana. Þykir sanngjarnt að setja strangari ákvæði um kunnáttu þeirra manna, sem gæta gufuketils með 30 m² hitafleti eða stærri, en þeirra, sem gæta minni katla, enda mun annað vart framkvæmanlegt. Þá þykir og nauðsynlegt, að öryggismálastjóri fái vald til að svipta menn rétti til gæzlu gufuketils, sé um óreglu í starfi eða vítaverða óvarkárni að ræða. Að öðru leyti ætti greinin ekki að þurfa skýringa við. — Alþýðusamband Íslands gerði þá tillögu til breytingar á greininni, að síðasta málsgrein hennar félli niður. Eigi gat nefndin fallizt á þá tillögu. Þykist hún þess fullviss, að undanþáguheimildin verði ekki notuð nema ástæða sé til og því aðeins, að alls öryggis sé nægilega gætt.

Um 25. gr.

Ákvæði greinarinnar eru nýmæli í frumvarpinu, og ættu þau ekki að þurfa skýringa við.

Um 26. gr.

Ákvæði greinarinnar eru nýmæli í frumvarpinu að öðru leyti en því, sem ákveðið er í rgj. nr. 56/1929 um eftirlit með lyftum, en sú reglugerð gildir aðeins „fyrir vélknúnar lyftur eða lyftitæki með kassa eða trogi, sem hreyfist milli fastra stýristeina". Er ekki síður ástæða til að hafa ströng ákvæði í lögum um önnur lyftitæki, enda færist notkun þeirra mjög í vöxt, og er mikil slysahætta af þeim. Verður það eitt höfuðverkefni öryggiseftirlitsins á næstunni, að fá útbúnaði allra þeirra tækja þessarar tegundar, sem nú eru í notkun, komið í gott horf. — Hvað snertir síðustu málsgr. greinarinnar, er þess að geta, að oftast verður þungi þeirra stykkja, sem afhent eru til flutnings, ekki séður á þeim, en ýmis lyftitæki þola ekki meiri þunga en 1000 kg. Ef þungi stykkjanna er ritaður á þau, þegar hann fer fram úr 1000 kg, ætti ekki til þess að koma, að lyftitækin verði ofreynd. — Alþýðusamband Íslands gerir þá tillögu til breytingar við þessa grein, að í stað orðanna „að sem minnst hætta stafi af þeim fyrir verkamenn", komi: „að ekki stafi hætta af þeim fyrir verkamenn". Eigi gat nefndin fallizt á þessa breytingartillögu, því að algerlega hættulaus geta lyftitæki sem þessi aldrei orðið. En nauðsynlegt er að gera allt sem hættuminnst.

Um 27. gr.

Ákvæði greinarinnar eru nýmæli, en þau ættu ekki að þurfa skýringa við.

Um 28. gr.

Ákvæði greinarinnar eru sömuleiðis nýmæli, en þau ættu ekki að þurfa skýringa við. Væri áreiðanlega hægt að komast hjá mörgum slysum, ef ákvæði greinarinnar kæmust fullkomlega í framkvæmd.

Um 29. gr.

Ákvæði 1. málsgr. greinarinnar eru að miklu leyti í samræmi við ákvæði 25. gr. laga nr. 24/1928. Nefndin ræddi það allýtarlega á fundum sínum, hvort krefjast skyldi rannsóknar á orsökum sérhvers slyss, sem fyrir kemur á vinnustað, og gæti slíkt fyrirkomulag vissulega verið gagnlegt. Eigi sér nefndin sér þó fært að mæla með því fyrirkomulagi að svo komnu máli, það myndi að líkindum verða allumfangsmikið. Hins vegar er hún því eindregið meðmælt, að orsakir allra meiri háttar slysa verði rannsakaðar, en sá háttur verði ekki hafður, sem nú er, að orsakir slyssins séu því aðeins rannsakaðar, að lögreglan álíti, að um „brot á fyrirmælum þessara laga, eða reglugerðum settum samkvæmt þeim“ geti verið að ræða. — Þegar um það var að ræða, hvar setja skyldi takmörkin milli þeirra slysa, sem skylda væri að rannsaka, og annarra slysa, þótti eðlilegast, að takmörkin væru hin sömu og nú eru í 52. gr. laga nr. 50/1946, um almannatryggingar, en samkvæmt því verða tryggingarnar bótaskyldar, þegar slasaður maður verður óvinnufær lengur en 10 daga.

Síðari málsgr. greinarinnar er nýmæli, en rétt þykir, að hið sama gildi um atvinnusjúkdóma og eiginleg slys að þessu leyti.

Um 30. gr.

Ákvæði greinarinnar er nýmæli, en nauðsynlegt er, að öryggiseftirlitið geti fengið að fylgjast með öllum atvinnusjúkdómum og öðrum skyldum sjúkdómum, hvar þeirra verði vart, hve útbreiddir þeir eru og annað þeim viðkomandi, er máli kann að skipta.

V. KAFLI

Um 31. gr.

Engin ákvæði samsvarandi þeim, er hér um ræðir, eru í hinum gildandi lögum um eftirlit með verksmiðjum og vélum. Hins vegar eru í gildi lög um hvíldartíma háseta á íslenzkum botnvörpuskipum (lög nr. 45/1928), og er þar svo fyrir mælt, að hver háseti skuli hafa „að minnsta kosti 8 klst. óslitna hvíld í sólarhring hverjum“. Einnig er í bifreiðalögunum gefin heimild til að ákveða lágmark hvíldartíma fyrir bifreiðastjóra, en þess atriðis verður nánar getið í sambandi við næstu grein (32. gr.).

Í sams konar erlendum lögum og þeim, er frumvarp þetta stefnir að, eru víða ýtarleg ákvæði um hámarksvinnutíma, t. d. í hinum norsku lögum (lov om arbeidervern). Í hið danska lagafrumvarp hafa einnig verið tekin ýtarleg ákvæði um hámarksvinnutíma.

Þegar nefndin fór að ræða fyrirhugað lagafrumvarp og þetta atriði sérstaklega, hvort taka skyldi upp einhver ákvæði um hámarksvinnutíma eða lágmarkshvíldartíma, urðu menn fljótt á eitt sáttir um það, að gagnslítið myndi reynast að fyrirskipa bezta öryggisútbúnað og gera annað til að forða mönnum frá slysum, ef verkamenn sjálfir hafa ef til vill ekki nægilega árvekni við vinnu sína vegna ofþreytu. Það myndi hafa hin verstu áhrif á slysahættuna og auka hana aftur til muna. Þá er og hitt sjónarmiðið ekki síður mikilsvert: tjón það, sem menn bíða á heilsu sinni af of langri vinnu og of stuttum tíma til hvíldar og hressingar. Í frumvarpi þessu er gert ráð fyrir, að verkamenn fái góðan aðbúnað við vinnu sína, næga birtu, nóg loftrými, næga endurnýjun andrúmsloftsins, hæfilegan hita og annað eftir því, allt í því skyni, að verkamenn bíði ekki tjón á heilsu sinni. Þetta eru kröfur þær, sem m. a. eru gerðar til vinnuveitanda. Er þá til of mikils ætlazt af hvorum tveggja, vinnuveitanda og verkamanni, að heilsunni sé ekki spillt að nauðsynjalausu með of stuttum hvíldum?

Af þessum ástæðum m. a. varð nefndin sammála um það fyrir sitt leyti að taka upp ákvæði í frumvarpið um einhvern lágmarkshvíldartíma. Hélt hún jafnframt spurnum fyrir um það hjá fulltrúum verkamanna og vinnuveitenda, hvort þeim þætti slíkt ákvæði æskilegt eða ekki. Sömuleiðis lét nefndin þess getið í bréfi sínu til verkalýðsfélaga og vinnuveitenda, sem áður er vitnað í hér að framan, að til athugunar væri „að fella inn í væntanlegt lagafrumvarp ákvæði um lágmarkshvíldartíma", og var beðið um álit hvers og eins á því atriði.

Yfirleitt voru menn sammála nefndinni í því, að nauðsyn bæri til að hafa slíkt ákvæði í frumvarpinu. En um hitt hafa nefndinni borizt ýmsar tillögur, hversu langt skyldi gengið í þessu efni. Eigi ber þó mikið á milli, margir vildu ákveða lágmarkshvíldartímann nokkru lengri en nefndin hefur lagt til í frumvarpinu. Hins vegar sér nefndin sér ekki fært að svo komnu máli að fara fram á lengri lágmarkshvíldartíma, þar sem hér er um algert nýmæli að ræða við flestalla vinnu í landi. Telur hún eðlilegra, að hinn lögboðni hvíldartími, ef til þess kemur, verði síðar lengdur, ef góð reynsla fæst af því, sem nú er lagt til í þessu efni.

Varðandi þessa grein gerði Alþýðusamband Íslands svo hljóðandi athugasemd: „Vegna ólíkra sjónarmiða í afstöðu til þessa máls viljum vér hafa fyrirvara gagnvart því."

Um 32. gr.

Í gildandi lögum um eftirlit með verksmiðjum og vélum eru engin ákvæði samsvarandi þeim, er felast í þessari grein. Aftur á móti eru í bifreiðalögunum hliðstæð ákvæði í 23. gr. þeirra (lög nr. 23/1941). Í 3. málsgr. þeirrar greinar segir, að enginn megi „aka eða reyna að aka bifreið, ef hann vegna ofreynslu, svefnleysis .... er haldinn slíkri þreytu eða sljóleika, að hann geti eigi á tryggilegan hátt stjórnað bifreiðinni". Og í 5. málsgr. sömu greinar segir, að ákveða megi „með reglugerð lágmark hvíldartíma í sólarhring hverjum fyrir bifreiðastjóra, með hæfilegri hliðsjón af hættu, sem stafað getur af ofþreytu eða svefnleysi". Heimild þessi var einnig í hinum eldri bifreiðalögum, og var samkvæmt henni mælt svo fyrir í 1. gr. reglugerðar nr. 60/1930, um hvíldartíma bifreiðastjóra, að „bifreiðastjórar fólksflutningsbifreiða skuli að jafnaði hafa 12 klst. hvíld á sólarhring hverjum auk nauðsynlegs matartíma. Þó skal leyfð 6 klst. yfirvinna, þegar nauðsyn krefur, enda komi þá að minnsta kosti 10 klst. hvíld á eftir". — Varðandi það ákvæði, sem snertir bifreiðastjóra, vill nefndin taka það fram, að hún hugsar sér hinn umrædda 12 klst. vinnutíma ekki þannig, að bifreiðastjórum sé skylt að vinna hann í einni lotu. Geta þeir því skipt vinnutíma hvers sólarhrings t. d. í tvennt og þá farið í ferðalög, sem taka lengri tíma en 12 klst., t. d. 18 klst., ef þeir geta hvílst 6 klst. þar af.

Hér er að því leyti um annað mál að ræða en í undanfarandi grein, að öðrum mönnum en þeim sjálfum, sem stjórna vélunum, getur stafað hætta af ofþreytu eða ónógri árvekni þess manns eða þeirra manna, er eigi að hafa vald á vélunum, og oft er fjöldi manns í beinni hættu. Verður því að gæta hinnar mestu varfærni. Telur nefndin því bera brýna nauðsyn til þess, að vinnutími þeirra manna, sem stjórna slíkum vélum, verði takmarkaður við 12 klst. á sólarhring.

Um 33. gr.

Ákvæði greinarinnar eru nýmæli í frumvarpinu, en þau eru í samræmi við algengustu starfshætti hér á landi.

VI. KAFLI

Um 34.—35. gr.

Ákvæði þessara greina eru að mestu í samræmi við breytingu þá, sem gerð var í lögum um eftirlit með verksmiðjum og vélum 1940 (lög nr. 72/1940), en þó gert ráð fyrir nokkurri aukningu starfsliðsins, enda er nauðsynlegt að auka eftirlitið og láta það taka til miklu fleiri vinnustaða en gert hefur verið. Er þó gert ráð fyrir, að

eftirlitið beri sig fjárhagslega án hækkunar á eftirlitsgjaldi, og verður rætt nánar um það atriði í sambandi við 49. gr. frumvarpsins. — Í síðari greininni gerir nefndin ráð fyrir mönnum með tvenns konar menntun til eftirlitsstarfa (sbr. einnig 36. gr.). Er þá svo til ætlazt, að öryggiseftirlitsmaður, sem svo er nefndur, sé alhliða starfsmaður öryggiseftirlitsins ásamt öryggismálastjóra, og hafi þeir með höndum allar vandameiri skoðanir, en skoðunarmennirnir, sem svo eru nefndir, hafi með höndum allar vandaminni skoðanir.

Ákvæði 2. málsgr. eru sett samkvæmt ósk landlæknis, og vísast til þess, er segir í bréfi hans (sbr. fylgiskjal III). Gerir nefndin ráð fyrir, að um þetta atriði verði sett nánari fyrirmæli með reglugerð.

Þótt gert sé ráð fyrir, að öryggiseftirlitið hafi samráð við héraðslækna í öllum málum, er snerta heilbrigði verkamanna, þykir nauðsynlegt, að eftirlitið geti leitað til ákveðins trúnaðarlæknis í ýmsum málum, einkum málum varðandi atvinnusjúkdóma, sem starfsmenn eftirlitsins hafa ekki þekkingu á. Virðist eðlilegast, að til þessa sé valinn kennari í heilsufræði við Háskóla Íslands, því að gera má ráð fyrir, að hann hafi manna víðtækasta sérþekkingu á því sviði læknisfræðinnar, er til greina kemur, og ekki er gert ráð fyrir, að starf trúnaðarlæknis öryggiseftirlitsins verði svo umfangsmikið, að til þess þurfi alla starfskrafta eins manns. — Eins og áður er getið, sýndi nefndin kennaranum í heilsufræði við Háskóla Íslands, dr. Júlíusi Sigurjónssyni, frumvarpið og benti honum sérstaklega á þessa grein þess og 39. gr. Hann vill láta þess getið, að eins og sakir standa sé hann því ekki mótfallinn að taka þetta starf að sér, en sér fyndist hins vegar réttara, að það væri ekki bundið í lögum, að starfið fylgdi embættinu. Mál gætu vissulega skipazt svo, að annað væri heppilegra. Nefndin vill aftur á móti halda fast við það, að greinin fái að halda sér eins og hún hefur orðað hana. Vill hún með því undirstrika það álit sitt, að hún ætlist ekki til allra starfskrafta eins manns í þessu skyni.

Síðasta málsgr. 35. gr. ætti ekki að þurfa skýringa við.

Um 36. gr.

Ákvæði greinarinnar er nýmæli. Að vísu hefur það álit verið ríkjandi, að menn, sem slík eftirlitsstörf hefðu með höndum, sem hér um ræðir, ættu að hafa tekniska þekkingu. En nefndin er þeirrar skoðunar, að aðeins hin bezta tekniska menntun sé nægileg, ef fullt gagn á að verða að eftirlitinu. Er það og í samræmi við ályktun, sem gerð var í Genf árið 1923 um þessi mál, en í henni segir svo m. a.:

„Séu hafðar í huga hinar mörgu greinar nútíma iðnaðar og hin margvíslegu viðfangsefni, sem eftirlitsmenn með öryggi verkamann þurfa að leysa af hendi, ekki einungis hvað skýringar á lagafyrirmælum snertir, heldur einnig samband þeirra við verkamenn og vinnuveitendur, verkamanna- og vinnuveitendafélagasamtök og embættismenn bæjarfélaga og ríkis, er það einkar mikilsvert, að eftirlitsmennirnir hafi hina beztu teknisku menntun og reynslu, að þeir hafi góða almenna menntun og að þeir með dugnaði sínum í starfinu og skapshöfn afli sér almenns trausts.“

Þar sem gert er ráð fyrir, að skoðunarmenn framkvæmi störf sín í samráði við öryggismálastjóra og öryggiseftirlitsmann og í þeirra umsjá, verða að sjálfsögðu ekki gerðar jafnmiklar kröfur til þeirra hvað þekkingu snertir. Þó má gera ráð fyrir, að til þessara starfa verði öðrum fremur valdir menn að nokkra tekniska þekkingu.

Þótt nauðsynlegt sé að krefjast hinnar beztu menntunar af þeim mönnum, sem hafa með höndum vandamestu verk öryggiseftirlitsins, þykir ekki rétt, að slík ákvæði, ef að lögum verða, verki aftur fyrir sig. Af þeim ástæðum er gerð sú tillaga, sem felst í 2. málsgr., svo að þeir menn, sem nú starfa við véla- og verksmiðjueftirlitið, geti gegnt störfum sínum áfram.

Síðari málsgr. greinarinnar ætti ekki að þurfa skýringar við.

Um 37. gr.

Ákvæði greinarinnar eru í samræmi við breytingu þá, sem gerð var á lögunum um eftirlit með verksmiðjum og vélum 1940 (lög nr. 72/1940). Samkvæmt þeim lögum var landinu skipt í sex umdæmi:

1. Reykjavík og Suðvesturland frá Hornafirði til Gilsfjarðarbotns.
2. Vestfirðir (Strandir þó ekki meðtaldar).
3. Siglufjörður.
4. Akureyri og Eyjafjörður (héruðin báðum megin fjarðarins).
5. Austfirðir frá Vopnafirði til Djúpavogs.
Prentmyndir h/f				3.1.
Aths.: '46, '47.				
Prentsmyndir h/f				3.1.
Aths.: Engar.				
Prentverk Guðm. Kristjánssonar, Rvk.				8.6.
Aths.: '47.				
Prentsmiðja Hafnarfjarðar, Hafnarf.				29.12.
Aths.: '47.				
Ísrún h/f, Ísafirði				23.8.
Aths.: '47.				
Prentverk Odds Björnssonar, Akureyri	28.10.	23.11.		22.3.
Aths.: Skoð. 20.1.'48. Ath. '45.				
Prentsm. Björns Jónssonar, Akureyri	14.12.	16.11.		21.3.
Aths.: Skoð: 19.1.'48. Ath. '48.				
Vélbókbandið h/f, Akureyri	28.10.	23.11.		22.3.
Aths.: Skoð. 21.1.'48. Ath. engar.				
Prentsm. Sigurj. Sæmundssonar, Siglufirði ..		28.12.	9.11.	
Aths.: Engar.				
Prents. Eyrún, Vestmannaeyjum			17.12.	
Aths.: Engar.				
Prentsm. Samkomuhúss Vestmannaeyja			1945	
Aths.: Engar.				
9. flokkur: Ýmis efnaiðnaður.				
Reykjavíkur Apótek	2.5.	9.5.	12.4.	16.6.
Aths,: '46.				
Svanur h/f	29.12.	12.6.	20.4.	10.12.
Aths.: '44, '45, '46, sk. oft árlega.				
Efnagerð KRON	5.6.	6.11.	23.5.	14.11.
Aths.: '45.				
Sælgætisgerðin Freyja	17.11.	19.9.	22.11.	26.6.
Aths.: '44, '47.				
Sanitas h/f	21.1.	27.10.	22.11.	1.12.
Aths.: Öll árin.				
Smjörlíkisgerð Reykjavíkur	11.11.		15.11.	10.12.
Aths.: '46, '47.				
Efnagerð Reykjavíkur	29.12.	22.12.	18.5.	2.5.
Aths.: '47, 2 skoð. '47.				
Laugavegs Apótek	29.12.	22.12.	18.2.	2.5.
Aths.: '45.				
Ölgerðin Egill Skallagrímsson	21.4.			
Aths.: Skoðað oft árlega. Ath. alltaf.				
Sultu- og efnagerð bakara	29.12.	28.12.		
Aths.: Flutt í Rúgbrauðsgerðina.				
Málningarverksm. Harpa h/f	29.6.	16.1.	29.12.	10.6.
Aths.: '44, '46, '47.				
Lakkrísgerðin h/f	28.12.		11.1.	
Aths.: Skoð. 23.8.'48. Ath. '46.				

Nöfn	Skoðað 1944	1945	1946	1947
Sápuverksm. Hreinn h/f	25.5.		24.5.	28.5.
Aths.: '46, '47.				
Brjóstsykurgerðin Nói h/f	25.5.		24.5.	28.5.
Aths.: '47, 2 skoð. '47.				
Súkkulaðiverksm. Síríus h/f	25.5.		24.5.	28.5.
Aths.: '46, '47.				
Sápugerðin Frigg (áður Ásgarður)				10.10.
Aths.: '47.				
Ölgerðin Þór	30.12.	26.6.		
Aths.: '45. Hætt störfum.				
Ísaga h/f	30.12.	25.5.		
Athugasemdir: '44. Breytingar '45.				
Pípugerðin h/f	30.12.		2.2.	8.10.
Aths.: '47.				
Litir & Lökk h/f	30.12.		4.2.	24.5.
Aths.: '46.				
Smjörlíkisgerðin Ljómi	30.12.	27.1.		29.8.
Aths.: Engar.				
Gosdrykkjaverksm. Sirius	28.11.	26.6.	8.8.	1947
Aths.: 2 skoð. '44 og 3 skoð. '47.				
Vífilfell h/f	27.10.	26.11.	17.9.	23.10.
Aths.: '46, '47.				
Efnagerðin Stjarnan	9.8.		22.2.	
Aths.: '46.				
Chemia h/f				10.10.
Aths.: 2 skoð. '47.				
Gasstöð Reykjavíkur	2.9.		22.2.	
Aths.: Skoð. 9.2.'48.				
Sælgætisgerðin Víkingur	15.11.		4.3.	5.11.
Aths.: Hætt störfum.				
Smjörlíkisgerðin h/f, Ísafirði	2.8.	29.8.	5.9.	20.9.
Aths.: Engar.				
Smjörlíkisgerð Akureyrar	3.11.	27.11.		22.3.
Aths.: Skoð. 21.1.'48. Ath. '48.				
Öl- og gosdrykkjagerð Akureyrar	20.1.	29.1.		12.12.
Aths.: '44.				
Ölgerð Axels Schiöth, Akureyri	24.3.	27.1.		25.3.
Aths.: Skoð. 29.1.'48.				
Kaffibætisverksmiðjan Freyja	23.3.	25.1.		24.3.
Aths.: Skoð. 26.1.'48.				
Efnagerð Akureyrar	24.3.	28.11.		25.3.
Aths.: Skoð. 29.1.'48. Ath. '45.				
Sápuverksm. Sjöfn, Akureyri		28.11.		25.3.
Aths.: Skoð. 16.2.'48.				
Smjörlíkisgerð KEA, Akureyri		28.11.		25.3.
Aths.: Skoð. 16.3.'48.				
Efnagerð Siglufjarðar			13.11.	
Aths.: Engar.				
10. flokkur: Ýmis fyrirtæki.				
Bræðurnir Ormsson, Rvk.	6.12.	25.11.	2.10.	5.11.
Aths.: '44, '46, '47.				

Nöfn	Skoðað 1944	1945	1946	1947
Mjólkurfél. Reykjavíkur	8.12.	6.12.	28.6.	5.11.
Aths.: '44, '47.				
Júlíus Björnsson, rafv.	27.11.	28.11.		5.11.
Aths.: '44, '47.				
Tóbaksgerð ríkisins	6.12.	28.11.	2.10.	6.11.
Aths.: '44.				
H/f Föt	30.12.		4.2.	18.3.
Aths.: '47, 2 skoð. '46.				
Verksmiðjan Skírnir				4.2.
Aths.: Engar.				
Olíuverzl. Íslands h/f	24.8.		10.3.	4.2.
Aths.: '46, '47, 3 skoð. '46.				
Rúllu- og hleragerðin, Rvk	29.12.	28.9.	25.11.	
Aths.: '44 ('47 enginn við).				
Brynja, glerslípun	3.5.	21.12.	28.10.	5.11.
Aths.: '47.				
Glerslípun og speglagerð	3.5.	21.2.	5.11.	6.12.
Aths.: Engar.				
Rydens kaffi, Vatnsstíg 3 (áður Aðalstr. 11)	29.1.	27.12.	15.11.	14.11.
Aths.: Engar.				
Málmhúðun Björns Eiríkssonar	4.12.	20.12.	4.4.	6.12.
Aths.: '44, '46, 2 skoð. '46.				
Silfursmiðjan h/f	29.12.	28.9.	15.11.	15.11.
Aths.: '44, '45.				
Radioverkst. Landssímans.			19.3.	8.12.
Aths.: '46.				
Birgðaskemma Landssímans			12.1.	8.12.
Aths.: 2 skoð. '46. Ath. alltaf.				
Kápan h/f		22.12.		15.12.
Aths.: Engar.				
Klæðaverzl. Andrésar Andréssonar	1944	10.2.	13.12.	12.12.
Aths.: '45, '46.				
Blindravinnustofan, Grundarstíg 11				9.5.
Aths.: '47, 2 skoð. '47.				
Sjúkrahús Hvítabandsins				21.10.
Aths.: '47.				
Fiðurhreinsun Íslands	1944	16.4.	16.12.	
Aths.: Engar. Hætt störfum.				
Jóh. Rönning, rafv.	29.12.	27.12.		21.12.
Aths.: '47.				
Gúmmí h/f	29.12.	2.5.	4.2.	21.12.
Aths.: '44, '45, 2 skoð. '45.				
Tjarnarkaffé, Rvk.	24.11.	27.12.	16.12.	19.12.
Aths.: '47.				
Hótel Borg	6.9.	21.11.	23.5.	20.5.
Aths.: '44, '45, '47, 3 skoð. '47.				
Belgjagerðin, Rvk.	29.12.	11.6.		21.12.
Aths.: '45, '47, 2 skoð. '45.				
Guðm. Einarsson frá Miðdal, leirbr.	1944	10.2.	11.12.	
Aths.: Skoð. 17.3.'48. Ath. engar.				
Mjólkurstöð Mjólkursamsölunnar	1944	10.2.	14.9.	23.12.
Aths.: '44, '45, '46.				

Nöfn	Skoðað 1944	1945	1946	1947
Toledo, Rvk.	1944	20.3.	11.12.	23.12.
Aths.: Öll árin.				
Verksmiðjan Sunna			1.10.	23.12.
Ath.: '46.				
Steiniðjan s/f, Grettisg. og Einholti			20.2.	13.10.
Aths.: Engar.				
Pappírspokagerðin h/f			7.11.	
Aths.: Sk. 23.1.'48. Ekki starfr. '44, '45.				
Flókagerð Valdimars Árnasonar	16.7.	3.3.		
Aths.: Brann '45.				
Ískremgerð, Rvk.	9.12.			
Aths.: Hætt störfum.				
Sokkaverksm. S.Í.S.	29.12.			
Aths.: Hætt störfum.				
Járn & gler h/f				11.8.
Aths.: Undanþegið skoðun.				
Burstagerðin, Laugav. 96				5.3.
Aths.: Engar.				
Segull h/f, rafv.	1944	1945	17.9.	7.10.
Aths.: '45, 2 skoð. '45.				
Netaverkst. Björns Benediktssonar	2.11.	21.11.	18.7.	2.10.
Aths.: '46.				
Vikurfélagið h/f	23.10.		1.2.	22.10.
Aths.: '46, '47.				
Shell h/f, olíustöð	11.12.		1.2.	
Aths.: Skoð. 27.1.'48. Ath. '44, '46.				
Tivoli h/f			8.7.	13.5.
Aths.: '46, '47.				
Bálstofan í Reykjavík			18.12.	
Aths.: '46.				
Flugfélag Íslands				25.1.
Aths.: '47.				
Veiðarfæragerð Íslands	30.12.	1.2.	31.12.	
Aths.: Skoð. 10.2.'48, ath. '46.				
Hampiðjan h/f	29.12.	27.6.	21.3.	20.11.
Aths.: '44, '45, '47. 2 skoð. '45.				
Harðfisksalan s/f	30.12.	29.11.		14.3.
Aths.: '47.				
Steinhúðunarmylla Egils Árnasonar	30.12.			
Aths.: Engar (lokað).				
H/f Viðey (áður Juno)	1944	17.2.	1946	23.5.
Aths.: Öll árin, 2 skoð. '47.				
Vinnufatagerð Íslands	30.12.		4.2.	10.2.
Aths.: '46, 2 skoð. '46.				
Netagerðin Neptun			15.4.	
Aths.: Skoð. 11.2.'48. Ath. '46, '48.				
Prjónastofa Ó. Ólafssonar			7.11.	
Aths.: Skoð. 11.2.'48. Ath. engar.				
Verksmiðjan Fram				20.9.
Aths.: 2 skoð.				
Steinstólpar h/f	7.9.	10.11.		
Aths.: Skoð. 13.2.'48. Ath. '44, '45.				

Nöfn	Skoðað 1944	1945	1946	1947
Askja h/f	3.9.	17.2.	16.5.	
Aths.: Skoð. 13.2.'48, ath. engar.				
Netagerðin Höfðavík			3.6.	
Aths.: Skoð. 13.2.'48, ath. alltaf.				
Kaffibr. O. Johnson & Kaaber	11.9.	8.2.		
Aths.: Skoð. 13.2.'48, ath. engar.				
Olíuhreinsunarstöðin, Rvk.				31.10.
Aths.: Engar.				
Sjóklæðagerðin h/f	22.4.	2.5.		
Aths.: Skoð. 9.2.'48.				
Korkiðjan, Rvk.	1944	17.2.		26.2.
Aths.: '44, '47.				
Georg & Co., umbúðagerð	3.9.		25.2.	
Aths.: Skoð. 9.2.'48. Ath. alltaf.				
Gúmmíbarðinn h/f			27.3.	
Aths.: Skoð. 23.2.'48. Ath. engar.				
Hitaveita Rvk. Dælust. við Þvottalaugar	1944	17.2.		10.2.
Aths.: '44, '45, 2 skoð. '45.				
Sjúkrahúsið Kleppur	25.9.	26.11.		1947
Aths.: 4 skoð. '47. Ath.				
Sandnám Reykjavíkurbæjar				5.5.
Aths.: '47, 2 skoð. '47.				
Grjótnám Reykjavíkurbæjar				12.5.
Aths.: '47, 2 skoð. '47.				
Malbikunarstöð Rvk.				12.5.
Aths.: '47, 2 skoð. '47.				
Pípugerð Reykjavíkur				4.6.
Aths.: '47.				
Bikunarstöð vegagerðanna				8.9.
Aths.: '47.				
Hjólbarðaviðgerðin, Rvk.		23.11.	31.12.	30.9.
Aths.: '45, '47.				
Leó & Co.	20.12.			
Aths.: Hætt störfum.				
Kveldúlfur h/f, kaffibrennsla	1944	9.2.		14.11.
Aths.: Undanþegið skoðun.				
Saumastofa Gefjunar	1944	5.2.		
Aths.: Undanþegið skoðun.				
Heilsuhælið Vífilsstöðum	29.8.	21.12.	20.6.	17.12.
Aths.: Öll árin.				
Netaverkstæði Hafnarfjarðar	27.9.	14.12.		
Aths.: Undanþegið skoðun.				
Mjólkurbú Hafnarfjarðar	5.12.	10.12.	7.11.	19.12.
Aths.: '45.				
Forsetabústaðurinn, Bessastöðum	6.11.		11.10.	
Aths.: Skoð. 10.1.'48. Ath.: '48.				
Saumastofan Fortuna, Hafnarf.	1944			
Aths.: Undanþegið skoðun.				
Saumastofan Gleym-mér-ei, Hafnarf.	1944			
Aths.: Finnst ekki.				
Smurstöð Hafnarfjarðar	11.12.	10.12.		
Aths.: Hætt störfum.				

Nöfn	Skoðað 1944	1945	1946	1947
Saumastofa Þórðar Ásmundssonar, Akranesi	29.9.	25.9.		
Aths.: Hætt störfum.				
Vesturgata 25, Akranesi				26.9.
Aths.: Engar.				
Akraneskaupstaður, hrærivél				27.9.
Aths.: Engar.				
Dælustöð Hitaveitunnar, Reykjum	6.11.	19.12.		
Aths.: Skoð. 20.2.'48. Ath. engar.				
Mjólkurbú Flóamanna, Selfossi	5.9.	16.8.	20.9.	23.9.
Aths.: Öll árin.				
Radio Range, Vík			22.8.	15.7.
Aths.: '46.				
Rafstöðin að Ljósafossi, katlar		14.2.	29.9.	24.5.
Aths.: '45, '46, '47, 2 sk. '45.				
Mjólkursamlag Borgfirðinga, Borgarn.	20.11.	29.8.	26.9.	21.7.
Aths.: Engar.				
Hið ísl. steinolíufélag, Hvalfirði				30.5.
Aths.: '47.				
Vikurnámið, Arnarstapa		1.9.		24.7.
Aths.: '45, '47.				
St. Franciskus sjúkrahús, Stykkishólmi		29.8.	8.	22.7.
Aths.: Öll árin.				
Kaupfél. Ísfirðinga, Ísaf.	2.8.	30.8.	4.9.	20.8.
Aths.: Engar.				
Rafstöð Suðureyrar, Súgandaf.	3.8.	1.9.	6.9.	23.8.
Aths.: Engar.				
Rafstöð Þingeyrar, Þingeyri		3.9.	7.9.	28.8.
Aths.: Engar.				
Rafstöð Flateyrar, Flateyri	4.8.	1.9.	6.9.	23.8.
Aths.: Engar.				
Raftækjav. Þórðar Finnbogasonar, Ísaf.		30.8.	4.9.	
Aths.: Engar.				
Saumastofa Gefjunar, Akureyri	14.12.	27.11.		25.3.
Aths.: Skoð. 26.1.'48.				
Heilsuhælið Kristnesi	29.9.	5.9.		
Aths.: Skoð. 3.2.'48. Ath. '48.				
Sjúkrahúsið Akureyri	14.12.	27.11.		
Aths.: Skoð. 2.2.'48.				
Prjónastofan Drífa, Akureyri	24.3.	25.1.		25.3.
Aths.: Skoð. 21.1.'48.				
Kaffibr. Akureyrar	23.3.	25.1.		24.3.
Aths.: Skoð. 21.1.'48.				
Vatnsveita Hríseyjar, Hrísey		18.8.		
Aths.: Skoð. 10.1.'48.				
Grjótmulningsvél Akureyrar	14.12.	28.11.		
Aths.: Skoð. 21.1.'48.				
Nýja Bíó, Akureyri	20.1.	27.1.		21.3.
Aths.: Skoð. 22.1.'48.				
Sindri h/f, Akureyri	20.1.	27.1.		22.3.
Aths.: Skoð. 19.1.'48. Ath. '44, '48.				
Saumastofan, Strandg. 7, Akureyri	8.2.	27.1.		
Aths.: Skoð. 19.1.'48.				

Nöfn	Skoðað 1944	1945	1946	1947
Saumast. Draupnir h/f, Ak.	2.6.	22.1.		
Aths.: Engar.				
Saumastofa B. Laxdal, Akureyri		26.1.		
Athugasemdir: Skoð. 20.1.'48.				
Netagerðin Dalvík		5.9.		
Aths.: Skoð.: 4.2.'48.				
Grjótmulningsvél Akureyrar		16.10.		25.3.
Aths.: '45.				
Gúmmíviðgerð KEA, Akureyri				20.3.
Aths.: Skoð. 14.1.'48.				
Mjólkursamlag KEA, Akureyri				20.3.
Aths.: Skoð. 15.3.'48. Ath. '45, '48.				
Söltunarstöð Kaupfélags Siglfirðinga			9.11.	
Aths.: Áður Ingvar Guðjónsson.				
Söltunarstöðin Njörður, Siglufirði			9.11.	
Aths.: Hætt störfum.				
Bólstraraverkst. Jóh. Stefánssonar, Siglufirði.			15.11.	
Aths.: Engar.				
Netastöð Péturs Njarðvík, Sigluf.			15.11.	
Aths.: Hætt störfum.				
Netagerð Siglufjarðar h/f	30.12.		9.10.	
Aths.: Engar.				
Gúmmív. Ól. Guðmundssonar, Vestm.eyjum		15.8.	16.12.	
Aths.: Engar.				
Gúmmív. Guðm. Kristjánssonar, Vestm.eyjum		15.8.	16.12.	
Aths.: Engar.				
Nót h/f, Vestm.eyjum		15.8.		
Aths.: Engar.				
Netagerð Vestmannaeyja		15.8.	17.12.	
Aths.: Engar.				
Rjómabú Kaupfél. Þingeyinga, Húsavík		25.7.	22.5.	6.8.
Aths.: Engar.				
Bólstraraverkst. Konráð & Erlingur, Rvk.	1944	15.4		12.12.
Aths.: '47.				

Fylgiskjal II.

VERKSMIÐJUSKOÐUNARSTJÓRINN

Reykjavík, 22. sept. 1948.

Út af athugunum þeim á starfrækslu verksmiðju- og vélaeftirlitsins, sem öryggismálanefnd hefur framkvæmt í sambandi við endurskoðun laga um sama efni, og í framhaldi af umræðufundum, sem ég hef setið með nefndinni, vil ég hér með láta henni í té lauslegt yfirlit yfir gang eftirlitsins frá byrjun.

Árið 1928 samþykkti Alþingi lög um eftirlit með verksmiðjum og vélum, og hlutu þau staðfestingu 7. maí sama ár.

Síðla sumars 1928 gerði þáverandi atvinnu- og samgöngumálaráðherra mér boð að koma til viðtals við sig. Í viðtali þessu óskaði ráðherra, að ég tæki að mér að semja reglugerðir fyrir verksmiðju- og vélaeftirlitið og tjáði mér jafnframt, að ég gæti fengið starf sem skoðunarmaður við eftirlitið að þessu verki loknu. Með því að ég hafði þá ekkert fast starf með höndum og íslenzkir atvinnuvegir virtust ekki

á þeim árum hafa mikil not fyrir menn með vélfræðimenntun, þá tók ég að mér starf þetta. Hins vegar taldi ég mig ekki hafa næga sérþekkingu á þessum málum og óskaði því, að mér gæfist kostur á að fara utan til nágrannalandanna til þess að kynna mér, hverjum tökum slík mál væru tekin þar. Slíkrar ferðar var ekki talin þörf, með því að mikið af dönskum og norskum lögum og reglugerðum væri til í ráðuneytinu og mætti hafa það til hliðsjónar við samningu reglugerðanna.

Var samningu hinnar fyrstu reglugerðar lokið laust eftir áramótin 1929 og um svipað leyti reglugerð um eftirlit með lyftum. Lá þá næst fyrir að semja gjaldskrá vegna skoðunargjalda þeirra, sem eigendur fyrirtækjanna skyldu greiða vegna eftirlitsins. Var mér jafnframt sagt, að gert væri ráð fyrir tveim skoðunarmönnum, og skyldu skoðunargjöldin nægja til þess að launa þá og auk þess til greiðslu ferðakostnaðar og annars kostnaðar við eftirlitið.

Leið svo tíminn þar til 9. júní 1929, að Pétur Bjarnason og ég vorum skipaðir skoðunarmenn til ársloka 1932. Skyldum við fá föst laun og ferðakostnað greiddan úr ríkissjóði. Auk þess var húsaleiga, pappír, prentun og fleira, sem starfinu tilheyrði, greitt úr ríkissjóði. Skoðunargjöld áttu að innheimtast af lögreglustjórum og renna í ríkissjóð, til þess að standa straum af framangreindum kostnaði.

Áttu því tiltölulega fá fyrirtæki að bera allan kostnað af eftirlitinu, sem auk þess var óeðlilega mikill, vegna þess að tveir menn voru skipaðir í starfið, þar sem einn nægði, eins og einnig sýndi sig í framkvæmdinni. Hinn nýji skattur, sem auk þess var gerður óþarflega hár, var illa séður af öllum þorra gjaldendanna og bitnaði það á eftirlitinu af eðlilegum ástæðum.

Fyrstu árin, sem eftirlitið starfaði, var megináherzlan lögð á það að fá bætt úr öryggisbúnaði véla og eimkatla, sem víða voru í herfilegu ástandi.

Var eftirlitið rekið með framangreindu fyrirkomulagi til ársloka 1931. Var þá svo komið, vegna þess hve gjöldin höfðu innheimzt illa, að eftirlitið var komið í tugþúsunda skuld við ríkissjóð, enda þótt reikningar sýndu árlega fullkominn greiðslujöfnuð. Sá ráðherra, að við svo búið mátti ekki sitja, og tók hann þá ákvörðun að láta Pétur Bjarnason hætta störfum við eftirlitið og fela mér það einum. Jafnframt var sú breyting gerð, að gjaldskráin var lækkuð, svo að gjöldin urðu nú ekki nema ⅓ hluti af því, sem þau höfðu áður verið. Jafnframt skyldi ég engin föst laun fá, en innheimta gjöldin sjálfur og greiða með þeim allan kostnað við eftirlitið, þar með talin laun mín. Fyrsta árið, sem eftirlitið var rekið með þessu fyrirkomulagi, innheimtust gjöldin vel, enda greiddu menn þau nú með meiri ánægju, þar sem þau höfðu lækkað svo mjög. Hins vegar var það stundum dálítið óþægilegt fyrir mig, að framvísa reikningum jafnframt því að leggja fram langan lista yfir umbætur, sem ég krafðist. Með því að ég taldi æskilegt að fá gjöldin enn lækkuð, gerði ég það að tillögu minni í lok ársins, að gjaldskráin yrði enn lækkuð að verulegu leyti og að ferðakostnaður yrði greiddur úr ríkissjóði, eins og lögin gera ráð fyrir. Var tillögu minni um lækkunina vel tekið af ráðherra, og leiddi það til þess, að gefin var út ný gjaldskrá í apríl 1933. Var hún mun lægri en gjaldskráin frá 1932. Tillögu minni um, að ferðakostnaður greiddist úr ríkissjóði var hins vegar hafnað, og skyldi ég eftir sem áður taka hann af innheimtum skoðunargjöldum.

Með óbreyttu fyrirkomulagi var svo eftirlitið rekið til ársloka 1940. Árið 1935 gerði ég þó tillögur til nokkurra breytinga, sem þó ekki náðu fram að ganga.

Haustið 1938 tókst ég ferð á hendur til Danmerkur og Noregs til þess að kynna mér fyrirkomulag þessara mála í löndum þessum. Greiddi ég sjálfur allan kostnað af för þessari.

Var nú svo komið, bæði vegna hinnar miklu aukningar í iðnaðinum og aukins sviðs eftirlitsins, sem stöðugt útheimti meiri vinnu, — að einn maður komst ekki lengur yfir framkvæmd þess. Þá hafði það og sýnt sig, að mjög æskilegt var, að til væri fulltrúi frá eftirlitinu á helztu stöðum úti á landi.

Í ársbyrjuún 1939 lagði ég fram tillögu um breytingar á mannahaldi og innheimtu gjalda við eftirlitið, leiddu þær til þess, að, að tilhlutun þáverandi atvinnumálaráð-

herra, var lagt fram á Alþingi frumvarp til laga um breytingu á eftirlitslögunum og samþykkt var á Alþingi 1940. Kom breyting þessi til framkvæmda í ársbyrjun 1941. Jafnframt var gerð nokkur breyting á reglugerðinni frá 16. febr. 1929, og gjaldskránni, en þó ekki til hækkunar.

Með því að ég tel mig mega fullyrða, að þegar hér var komið væri að fullu leystur véltekniskur hluti eftirlitsins og öryggisbúnaður kominn í það harf, sem bezt tíðkast meðal nágrannaþjóða vorra, hlaut viðfangsefni eftirlitsins að miklum hluta að verða sá, að ráða bót á hollustuháttum og öðrum aðbúnaði verkafólks á vinnustöðvum, ganga því ákvæði reglugerðarinnar frá 1941 mjög í þessa átt. En þar sem nauðsyn umbóta í þessa átt liggja ekki jafnt í augum uppi og nauðsyn öryggisbúnaðar véla, þar sem og ákvæði laganna um þetta eru mjög svo óljós, hefur eftirlitið oft orðið að fara hægt í sakirnar í kröfum sínum um þessi atriði. Tel ég þessu því allvíða ábótavant, þó mikil breyting til batnaðar hafi orðið á síðustu árum. Styrjöldin og ástand eftirstríðsáranna hefur og gert sitt til að tefja fyrir framkvæmdum. Á stríðsárunum kvörtuðu menn mjög undan því, að ekki væri hægt að fá nauðsynlegustu umbætur framkvæmdar vegna vöntunar á fagmönnum og nú síðustu ár stranda framkvæmdir á vöntun nauðsynlegra tækja og efnis.

Eins og ég tók fram í bréfi mínu til nefndarinnar, dags. 12. maí þ. á., hafa öll skrásett fyrirtæki verið skoðuð sem næst á 12 mánaða fresti, nema sérstakar orsakir lægju til, þó er það ávallt svo, að mörg fyrirtæki þarf að skoða tvisvar eða jafnvel oftar á sama ári.

Þegar þetta er borið saman við tíðni skoðana hjá nágrönnum okkar á Norðurlöndum, er sá samanburður sízt okkur í óhag. Í Danmörku er skoðunartími nú síðustu árin sem næst 1¼ ár, í Noregi nálægt 2 ár, í Svíþjóð sem næst 2½ ár. Ég vil taka það fram, að í þessum löndum þykir þetta ófullnægjandi, og þess vegna eru breytingar í undirbúningi, sem ætlað er að bæta úr ástandinu.

Eins og ég hef áður skýrt fyrir nefndinni, þá er ég ekki þeirrar skoðunar, að nauðsynlegt sé að skoða öll fyrirtæki árlega, eins og það getur verið nauðsynlegt að framkvæma að jafnaði fleiri en eina skoðun árlega í sumum fyrirtækjum.

Ef til vill má segja, að eftirlitið hafi ekki litið eftir öllu því, sem því hefði borið samkvæmt gildandi lögum og reglugerðum, en því er til að svara, að mjög eru á huldu ákvæði varðandi sum þeirra atriða, sem til greina kæmu, og svo hitt, að starfslið eftirlitsins, eins og það er nú, hefði ekki með góðu móti komizt yfir meira en það hefur látið sig skipta.

Hins vegar tel ég atvinnuhætti í landinu hafa tekið þeim breytingum á síðari árum, að nauðsyn beri til að víkka út starfssvið eftirlitsins til stórra muna, svo að það nái til sem flestra greina atvinnulífsins í landi, þar sem gæta þarf heilsu og hollustuhátta hinna vinnandi. Þessu verður ekki náð nema með gerbreytingu á starfsháttum eftirlitsins og stórauknu starfsliði, sem veitt geti alhliða fræðslu um öryggis- og heilbrigðismál á vinnustöðvum.

Stöndum við vel að vígi, þar sem við í þessum efnum getum notfært okkur þá reynslu, sem nágrannaþjóðir okkar hafa öðlazt í gegnum margra ára rannsóknir og athuganir auk þeirrar reynslu, sem við höfum þegar fengið hér á landi.

Þ. Runólfsson.

Til öryggismálanefndar, Reykjavík.

Fylgiskjal III.

LANDLÆKNIR

Reykjavík, 18. sept. 1948.

Með tilvísun til samtals sendi ég yður hér með eftirrit af bréfi mínu til dómsmálaráðuneytisins, dags. 20. júní 1942, svo og þar um ræddri tillögu minni til breytingar á reglugerð nr. 10 16. febrúar 1929, um eftirlit með verksmiðjum og vélum til tryggingar nauðsynlegri samvinnu skoðunarmanna og heilbrigðisyfirvalda við framkvæmd eftirlits með verksmiðjum, verkstæðum og vinnustöðvum. Þessi viðleitni mín bar ekki árangur vegna andstöðu atvinnumálaráðuneytisins, enda mun eftirlitsmaður með verksmiðjum og vélum hafa lagzt gegn tillögum mínum.

Vilm. Jónsson.

Dr. Jón E. Vestdal, Reykjavík.

LANDLÆKNIR

Reykjavík, 20. júní 1942.

Það hefur þótt koma í ljós við framkvæmd laga nr. 24 7. maí 1928, um eftirlit með verksmiðjum og vélum, að því er tekur til þrifnaðar, aðbúnaðar verkafólks í verksmiðjum, verkstæðum og vinnustöðvum og annars heilbrigðisöryggis, að ónóg tengsl og þar af leiðandi lítil eða engin samvinna sé á milli hinna sérstöku skoðunarmanna samkvæmt hinum tilgreindu lögum og heilbrigðisyfirvaldanna, sem annast hið almenna heilbrigðiseftirlit á hverjum stað, þ. e. heilbrigðisnefnda og héraðslækna Er hætt við, að þetta leiði til þess, að hvor þessara aðila treysti öðrum til að annast þetta eftirlit, svo að úr verði fullkomin vanræksla, svo sem allt of víða mun eiga sér stað, eða hættulegs ósamræmis gæti í framkvæmdinni, þannig að einn leyfi eða láti óátalið viðgangast það, sem annar fordæmir og bannar. Er þá skiljanlegt, að hlutaðeigendur viti illa, hvorum ber fremur að hlýða, og hafi of mörg þarfleg fyrirmæli að engu.

Til þess að ráða bót á þessu leyfi ég mér að stinga upp á því, að fyrirskipuð eftirlitsstarfsemi hinna tveggja tilgreindu aðila verði samræmd á fullnægjandi hátt og þannig, sem fyrir er mælt í tillögu minni til breytingar á reglugerð nr. 10 16. febr. 1929, um eftirlit með verksmiðjum og vélum. Tel ég ekki þörf á, að tillagan sé skýrð frekar.

Ég leyfi mér að mælast til, að ráðuneytið beini þessari tillögu minni til atvinnumálaráðuneytisins, sem verksmiðjueftirlitið heyrir undir, en sjálfsagt tel ég, að það ráðuneyti beri málið undir hina löggiltu skoðunarmenn, áður en það tekur endanlega afstöðu til þess.

Vilm. Jónsson.

Dómsmálaráðuneytið, Reykjavík.

Auglýsing um breyting á reglugerð nr. 10 16. febrúar 1929, um eftirlit með verksmiðjum og vélum.

Aftan við 45. grein reglugerðarinnar bætast tvær nýjar málsgreinar, svo hljóðandi:

Við framkvæmd aðalskoðunar og annars eftirlits, er tekur til þrifnaðar, aðbúnaðar verkafólks og hvers konar heilbrigðisöryggis í verksmiðjum, verkstæðum og á vinnustöðvum, skulu skoðunarmenn jafnan kveðja til með sér heilbrigðisfulltrúa

eða annan fulltrúa heilbrigðisnefndar, þar sem heilbrigðisnefndir eru, en ella héraðslækni, og skal heilbrigðisnefnd (héraðslæknir) jafnan vera með í ráðum um allt, er að þessu lýtur, enda undirrita skoðunargerðir hér að lútandi ásamt skoðunarmönnum.

Auk þessa sérstaka eftirlits er heilbrigðisnefndum eftir sem áður skylt að rækja eftirlit með verksmiðjum, verkstæðum og vinnustöðvum samkvæmt ákvæðum heilbrigðissamþykkta á hverjum stað.

Nd. 181. Frumvarp til laga [97. mál]

um breyting á lögum nr. 50 7. maí 1946, um almannatryggingar.

Flm.: Sigurður Kristjánsson, Barði Guðmundsson.

1. gr.

Síðari málsgrein 13. gr. laganna fellur burt.

2. gr.

Fyrir orðin „um helming“ og „þreföldum lífeyri“ í 2. mgr. 1. tölul. ákvæða til bráðabirgða kemur: um einn fjórða, fimmföldum lífeyri.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Með breytingu þessari fellur frádráttur frá elli- og örorkulífeyri skv. 13. gr. laganna undir ákvæði til bráðabirgða tölul. 1. Virðist ekki ástæða til að gera greinarmun á því, hvaðan tekjurnar koma. Óeðlilegt virðist líka, að tryggingalögin svipti gamalt fólk með öllu lágum heiðurslaunum og því líku, sem það hefur hlotið fyrir langa þjónustu.

Frádráttarreglur ákvæða til bráðabirgða virðast of harðar. Ætti ekki að svipta fólk með öllu elli- og örorkubótum, fyrr en aðrar tekjur nægja til hóflegs framfæris.

Nd. 182. Nefndarálit [49. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 128 29. des. 1947, um dýrtíðarráðstafanir.

Frá minni hl. fjárhagsnefndar.

Fjárhagsnefnd hefur klofnað um afstöðuna til þessa máls. Ég var einn fylgjandi því að samþykkja frv. og fella þar með úr gildi það ákvæði dýrtíðarlaganna, sem bindur vísitöluna við 300. Hinir fjórir nefndarmennirnir (ÁÁ, SkG, JóhH, HB) voru andvígir frumvarpinu og vildu fella það.

Þegar dýrtíðarlögin voru sett fyrir tæpu ári, var því lýst yfir af forsætisráðherra fyrir hönd ríkisstjórnarinnar, að þessi binding væri aðeins til nokkurra mánaða, því að sakir dýrtíðarráðstafana stjórnarinnar mundi raunveruleg vísitala strax lækka niður í 315 og síðan halda áfram að lækka. Það væru því aðeins smáfórnir í nokkra mánuði, sem launþegar yrðu að leggja á sig, til þess að tryggja þar með betri kjör og fulla atvinnu handa öllum.

Nú hefur það sýnt sig, að ekkert af þessum loforðum ríkisstjórnarinnar hefur verið haldið. Dýrtíðin hefur farið vaxandi. Raunveruleg vísitala er nú að áliti þeirra sérfræðinga, sem ríkisstjórn og fjárhagsráð hvað eftir annað leita til, 405 stig. Þær forsendur, sem ríkisstjórnin fékk vísitölubindinguna samþykkta á, eru ekki til: nokkurra mánaða fórnir meðan raunveruleg vísitala færi niður í 300. Hafi ríkisstjórnin sjálf trúað því, sem hún sagði þjóðinni í fyrra, er hún fékk Alþingi til þess að samþykkja vísitölubindinguna, þá ber henni því nú að fella bindinguna úr gildi. Annað væri óheiðarlegt og mundi sanna, að takmark ríkisstjórnarinnar með vísitölubindingunni hefði ekki verið það að lækka dýrtíðina, heldur hitt, að rýra lífskjör almennings.

Rannsóknir þær, sem gerðar hafa verið á kaupmætti launanna, sýna, að lífskjör almennings hafa stórum rýrnað síðan núverandi ríkissjórn gerði dýrtíðarráðstafanir sínar, og að kaupmáttur launanna hefur minnkað mikið, en alls ekki vaxið, eins og lofað var. Nefnd, skipuð af Alþýðusambandi Íslands og Bandalagi starfsmanna ríkis og bæja, hefur komizt að þeirri niðurstöðu um rýrnandi kaupmátt tímakaups verkamanna og mánaðarlauna kennara, er greina skal hér á eftir. Miðar nefndin útreikning sinn við raunverulegan kaupmátt launanna og leiðrétta vísisölu, þannig að reiknað er með því, að núverandi vísitala leiðrétt sé 405 stig. Gefur útreikningur nefndarinnar þá hugmynd um raunverulegan kaupmátt launanna miðað við hvað kaupmáttur þeirra var fyrir stríð. — Í nefnd þessari voru af hálfu Alþýðusambands Íslands Jónas Haralz hagfræðingur og Ingólfur Gunnlaugsson verkam., og af hálfu Bandalags starfsmanna ríkis og bæja Ólafur Björnsson próf., forseti B. S. R. B., og Guðjón Baldvinsson, ritari B. S. R. B. Fylgir nefndarálit þetta með þessu nál. sem fylgiskjal I.

Vísitala um kaupmátt tímakaups Dagsbrúnarverkamanns sýnir samkv. þessari rannsókn, að ef kaupmátturinn í október 1938 var settur 100, var hann orðinn 155 í des. 1944 og 156 í des. 1947, áður en dýrtíðarlögin voru sett. En í okt. 1948 er vísitala kaupmáttarins komin niður í 143. Hefur kaupmáttur tímakaupsins þannig lækkað um 8%. Þar við bætist svo kjararýrnun vegna minnkandi eftirvinnu, aukins atvinnuleysis, vöruskorts og skömmtunar.

Vísitala um kaupmátt mánaðarkaups barnakennara í Reykjavík sýnir svo, hvernig kaupmætti starfsmanna hins opinbera hefur hrakað sökum þessara ráðstafana. Ef kaupmáttur mánaðarkaups reykvíska barnakennara var settur 100 í okt. 1938, þá komst hann í desember 1945, eftir að nýsköpunarstjórnin endurbætti launalögin, upp í 154. En nú, í okt. 1948, er vísitala kaupmáttar þessara mánaðarlauna komin niður í 136. Hefur þá raunverulegt mánaðarkaup starfsmanna lækkað um 12% frá því í desember 1945, auk þeirra áhrifa, sem skömmtunin, vöruskorturinn o. s. frv. hefur til kjararýrnunar.

Það sýnir sig því, að kjör launþega, verkamanna og starfsmanna, hafa farið stórkostlega versnandi á þessu ári og fyrst og fremst vegna ráðstafana ríkisstjórnarinnar. Hins vegar er vitanlegt, að auður hefur í einstakra manna höndum aldrei verið meiri en nú, og misskipting auðs og tekna er meiri í tíð þessarar ríkisstjórnar en verið hefur nokkru sinni fyrr í sögu Íslands. Sem dæmi þess má nefna, að samkvæmt skýrslu Skattstofunnar þá eru árið 1947 nettótekjur allra tekjuskattsgreiðenda í Reykjavík samtals tæpar 592 milljónir króna. Séu tekjur þeirra, sem ekki greiða tekjuskatt, áætlaðar a. m. k. 10 milljónir, þá eru samanlagðar tekjur Reykvíkinga yfir 600 milljónir króna. Ef reiknað er með greiðslu um 100 milljóna króna í skatta og útsvör, þá eru hreinar tekjur um 500 milljónir króna eða meðaltekjur um 10 þúsund krónur á hvert mannsbarn. Það gæfi hverri 5 manna fjölskyldu meðaltekjur, er næmi allt að 50000 krónum. En hundrað tekjuhæstu einstaklingar og félög hafa þetta sama ár tekjur samanlagt, er nema rúmum 26 milljónum króna, eða 250 þúsund krónur á hvern þeirra að meðaltali.

Og hundrað eignahæstu einstaklingarnir og félögin eiga á sama tíma í skuldlausum eignum 87 milljónir króna, ef reiknað er með fasteignamatsverði fasteigna

og nafnverði hlutabréfa, — eða yfir 400 milljónur króna í skuldlausum eignum, ef reiknað er með söluverði slíkra eigna nú.

Dýrtíðarráðstafanir ríkisstjórnarinnar — og þá fyrst og fremst vísitölubindingin — hafa aukið á misréttið í þjóðfélaginu. Lífskjör alþýðu manna hafa rýrnað, svo sem nú er sýnt og sannað. Og það er ekki nóg með, að afkoma launþega sé orðin svo miklu verri en áður. Fjöldi launþega er líka í þeirri hættu að missa þær litlu eignir, sem þeir hafa með miklum erfiðismunum verið að reyna að eignast, svo sem hús sín eða einstakar íbúðir, o. s. frv.

Hins vegar hafa engar ráðstafanir verið gerðar til þess að draga úr auði þeim hinum mikla, sem safnazt hefur á örfáar hendur. Þvert á móti hefur vald þess auðs vaxið, sökum þeirrar kreppu, sem dýrtíðarráðstafanirnar hafa skapað hjá almenningi. Launþegar munu nú þegar farnir að selja eigur sínar sakir þess, hve að þeim kreppir, en auðugir menn hafa nú meiri gróðamöguleika á svörtum markaði þeim, sem nú hefur myndazt, en nokkru sinni fyrr.

Vísitölubindingin hefur því þjakað launþega, gert alþýðu dýrtíðina þungbærari, — en svo að segja engin áhrif haft í þá átt að lækka dýrtíðina. En þessi dýrtíðarráðstöfun ríkisstjórnarinnar hefur aukið misréttið og ójöfnuðinn í þjóðfélaginu og á því að hverfa.

Legg ég því til, að frumvarp þetta verði samþykkt og binding vísitölunnar við 300 þar með afnumin. Er það ósk hinna ýmsu launþegasamtaka þjóðarinnar, jafnt verkamanna, opinberra starfsmanna sem verzlunarmanna, að svo verði gert, og læt ég fylgja hér með sem fylgiskjöl samþykktir frá nokkrum af samtökum þessum um þetta mál.

Alþingi, 7. des. 1948.

Einar Olgeirsson.

Fylgiskjal I.

Álit nefndar, skipaðrar af Alþýðusambandi Íslands og Bandalagi starfsmanna ríkis og bæja til þess að rannsaka áhrif dýrtíðarlaganna á afkomu launþega.

Áhrif dýrtíðarlaganna á afkomu launþega.

I. Kjaraskerðing vegna dýrtíðarlaganna.

Með dýrtíðarlögum þeim, er samþykkt voru á síðasta Alþingi, var m. a. ákveðið, að eigi skyldi greiða hærri vísitöluuppbót á laun en sem svaraði vísitölu 300, hvort sem vísitala framfærslukostnaðar væri hærri eða lægri. Í desember 1947 var vísitala framfærslukostnaðar 328 stig, en lækkaði um nýárið niður í 319 stig, og hefur síðan verið nálægt því, þó var hún í okt. s. l. 324 stig.

Sú skerðing raunverulegra kjara, sem af því leiðir, að visitöluuppbótin miðast við 300 stig í stað 324, sem vera ætti, ef greidd væri full verðlagsuppbót, nemur þannig 7.4%, Ætti þetta nokkurn veginn að svara til þeirrar kjaraskerðingar, sem er bein afleiðing dýrtíðarlaganna, þar eð gera má ráð fyrir því, að söluskattur sá, sem lagður var á samkvæmt lögum þessum, hafi nú að fullu komið fram í vísitölunni. Á móti þessari kjaraskerðingu kemur að vísu 10% lækkun húsaleigu, skv. heimild í 15. gr. nefndra laga, en sú lækkun kemur ekki fram í vísitölunni, þar sem hún nær aðeins til húsa byggðra eftir árslok 1941. Þar sem lækkun þessi því er engan veginn almenn, að því leyti sem hún yfirleitt hefur komið til framkvæmda, verður eigi gert ráð fyrir, að hún hafi fyrir heildina haft þau áhrif til lækkunar framfærslukostnaðar, sem neinu nemi. Á hinn bóginn má gera ráð fyrir því, að vegna þess að landbúnaðarvörur og fleiri vörutegundir, sem mikla þýðingu hafa í vísitölunni, voru undanþegnar söluskattinum, hafi þetta orðið til þess að auka nokkuð vísitöluskekkjuna, þannig að skerðing raunverulegra kjara sé nokkru meiri en fram kemur í vísitölunni, en ókleift er að meta slíkt tölulega.

Enn fremur má benda á það, að sú lækkun vísitölunnar, sem hér er um að ræða, stafar að nokkru leyti af lækkun verzlunarálagningar og fyrirskipaðri verðlækkun innlendra iðnaðarvara. Eins og viðskiptaástandi er nú háttað, þar sem í flestum greinum er ríkjandi mikil vöruekla, verður það að teljast vafasamt, hvort þessi fyrirskipaða lækkun álagningar kemur neytendum raunverulega til góða nema að takmörkuðu leyti. Í vísitölunni er reiknað með hinni fyrirskipuðu álagningu, en talsverður hluti varanna er seldur með hærri álagningu, eða hærra verð tekið með öðru móti, án þess að verðlagseftirlitið fái rönd við reist. Því meir sem hin lögmæta álagning er lækkuð og því meiri sem vöruekla er, því meiri brögð má búast við, að verði að þessu. Hvað snertir kaupfélögin sérstaklega má búast við, að hin fyrirskipaða álagningarlækkun leiði þar til minnkaðrar arðsúthlutunar og sjóðamyndunar, og verði því félagsmönnum ekki að þeim notum, sem álagningarlækkunin út af fyrir sig gefur til kynna.

Það er vert að vekja á því sérstaka athygli, að sú lækkun vísitölunnar um 9 stig, sem varð um áramótin 1947—1948, mun ekki nema að litlu leyti hafa átt rót sína að rekja til þeirrar lækkunar á kaupgjaldsvísitölunni, sem þá var gerð. Um 3 stig af lækkun þeirri, sem varð um þessi áramót, munu stafa af auknum niðurgreiðslum úr ríkissjóði á kartöfluverði. Rúmlega 4 stig af lækkun vísitölunnar áttu rót sína að rekja til lækkunar á kjötverði, en meginhluti þeirrar lækkunar mun hafa átt rót sína að rekja til annarra ráðstafana en lækkunar kaupgjaldsvísitölunnar. Einnig má telja sennilegt, að sú álagningarlækkun, lækkun á flutningsgjöldum og á verði innlendra iðnaðarvara, sem fyrirskipuð var samkvæmt 15. gr. dýrtíðarlaganna, hafi verið meiri en sem svaraði til, að þeir kostnaðarliðir, sem stöfuðu af vinnulaunum, lækkuðu í hlutfalli við niðurfærslu kaupvísitölunnar. Er því hér að einhverju leyti um lækkun að ræða, sem í sjálfu sér ekki kemur kauplækkuninni við og ekki er hægt að rekja til hennar. Það mun því óhætt að fullyrða, að lækkun sú á vísitölu framfærslukostnaðar, sem kom fram sem bein afleiðing af lækkun kaupgjaldsvísitölunnar um 28 stig, hafi vart numið meira en 3 stigum. Að þessi lækkun varð svo lítil sem raun er á, stafar vitanlega að nokkru leyti af því, að verð á landbúnaðarvörum haustið 1947 var aðeins miðað við 306 vísitölustig, þannig að hækkun vísitölunnar upp í 328 stig var ekki komin fram í verði landbúnaðarafurða. Einnig kemur hinn nýi söluskattur hér til greina. Engu að síður verður varla nógsamleg áherzla lögð á þá staðreynd, að hin sjálfkrafa lækkun verðlagsins til móts við lækkun kaupgjalds nemur aldrei nema litlum hluta kauplækkunarinnar, þannig að verðhjöðnun, framkvæmd á þann hátt að lækka kaupgjaldið, hlýtur að hafa í för með sér mjög verulega skerðingu raunverulegra kjara fyrir launþegastéttirnar.

Það mun samkvæmt áður sögðu láta nærri, að kjaraskerðing sú, sem telja má beina afleiðingu dýrtíðarlaganna, nema nú um 7% raunverulegra launa eins og þau voru áður en þessar ráðstafanir komu til sögunnar. Þessi samanburður á raunverulegum launum áður og eftir að lögin voru sett er þó ekki að öllu leyti réttmætur.

Um það verður varla deilt, að vegna þróunar verðlagsmálanna hér á landi undanfarin ár var fjárhagur smábátaútvegsins með þeim hætti á s. l. vetri, að útgerð báta á vetrarvertíð hefði sennilega stöðvazt með öllu, ef ekki hefði verið gripið til sérstakra aðgerða af hálfu ríkisvaldsins þessum atvinnuvegi til aðstoðar. Stöðvun útgerðarinnar hefði hins vegar ótvírætt haft í för með sér mjög tilfinnanlega skerðingu raunverulegra lífskjara fyrir almenning í landinu, bæði vegna atvinnumissis beint og óbeinnt, svo og vegna þess skorts á erlendum nauðsynjavörum, sem leitt hefði af hinum minnkuðu gjaldeyristekjum. Vegna þess, hve gjaldeyrisaðstaða landsins hafði versnað frá því, sem verið hafði, hefði enn fremur orðið óhjákvæmilegt að gera ráðstafanir til þess að takmarka innflutning neyzluvara með skömmtun eða á annan hátt, en slíkar ráðstafanir hefðu óhjákvæmilega haft í för með sér skerðingu raunverulegra kjara fyrir almenning. Það má því telja, að sá samanburður, er einna mesta raunhæfa þýðingu hefði, væri samanburður á raunveru-

legum launum eins og þau voru eftir setningu dýrtíðarlaganna og raunverulegum launum eins og þau hefðu getað orðið, ef aðrar ráðstafanir til aðstoðar útgerðinni og til að koma á jafnvægi í viðskiptum við útlönd hefðu verið gerðar.

Hér koma margvíslegar leiðir til greina, og lítur nefndin svo á, að sér hafi ekki verið ætlað það víðtæka verkefni, að rannsaka þær og skera úr öllum þeim óvissuatriðum, sem samanburði þessara ýmsu leiða mundu fylgja. Þó vill nefndin ekki láta hjá líða að benda á það, að sama árangri til handa útgerðinni og náð var með lækkun kaupgjaldsvísitölunnar hefði mátt ná þannig, að slíkt hefði haft í för með sér til muna minni kjaraskerðingu fyrir launþegana, ef farin hefði verið einhver önnur þeirra leiða, er mest hafa verið ræddar í þessu sambandi. Með þessu, eða verðhjöðnunarleiðinni svonefndu, er reynt að leysa fjárhagsvandamál útgerðarinnar með lækkun framleiðslukostnaðar að óbreyttu afurðaverði. Þar sem allverulegur hluti framleiðslukostnaðar útgerðarinnar er erlendur, verður lækkunin að verða á innlendum kostnaðarliðum, og þá fyrst og fremst kaupgjaldi, sem er stærsti kostnaðarliðurinn. Þar sem framfærslukostnaður lækkar ekki nema að nokkrum hluta til móts við lækkun kaupgjaldsins, hlýtur þessi leið að leggja mjög þungar byrðar á launþegastéttirnar, og má í rauninni segja, að þessi leið þýði það, að byrðarnar séu raunverulega lagðar fyrst og fremst á launþegaséttirnar og bændur, að því leyti sem verð landbúnaðarafurða er lækkað. Það gefur nokkra hugmynd um, hve stórfellda verðhjöðnun þyrfti til þess að koma bátaútveginum á kjöl með þessari ráðstöfun einni saman, að á síðastliðnum vetri var reiknað út, að kaupgjaldsvísitalan þyrfti að lækka niður í 132 stig, til þess að tryggja á þennan hátt rekstur bátanna, og er þá miðað við, að uppbótargreiðslur yrðu að fullu afnumdar.

Sömuleiðis hafa útreikningar sýnt, að ef kaupgjaldsvísitalan hefði verið lækkuð niður í 250 stig og niðurgreiðslur á neyzluvörum úr ríkissjóði lækkaðar um helming, hefði vísitalan lækkað um 1 stig frá því sem var á því tímabili, og útreikningarnir voru miðaðir við, eða úr 325 stigum í 324. Verðhjöðnun hlýtur einnig, einkum ef hún er framkvæmd smátt og smátt, að hafa hin óhagstæðustu áhrif á atvinnumöguleikana, þar sem menn fresta eðlilega öllum sínum framkvæmdum, ef menn búast við lækkandi verðlagi. Hins vegar hlýtur verðhjöðnun eðlilega að vera mjög í hag þeim aðilum, er eiga peninga og peningakröfur, en sem kunnugt er hefur á stríðsárunum safnazt mikið af slíkum eignum á hendur einstakra manna. Verðhjöðnunin hefur því í för með sér yfirfærslu á kaupmætti frá þeim, er bera byrðar hennar, launþegum og bændum, til áðurnefndra aðila.

Þær aðrar leiðir, er ræddar hafa verið í sambandi við afkomuerfiðleika útgerðarinnar, eru einkum gengislækkun og aðrar ráðstafanir skyldar henni, svo sem útflutningsuppbætur, tvöfalt gengi, aukin clearingviðskipti o. þ. u. l. Hér skulu þessar leiðir ekki ræddar nánar, heldur aðeins bent á, að hver þeirra sem er hlýtur að hafa í för með sér minni kjaraskerðingu fyrir launþega heldur en verðhjöðnunarleiðin. Gengislækkun hefur í för með sér verðhækkun erlendra vara, og þar með hækkun framfærslukostnaðar í hlutfalli við þá þýðingu, sem erlendar vörur hafa fyrir framfærslukostnaðinn. Sú kjaraskerðing, sem af þessu hlýzt, séu laun ekki hækkuð samhliða, nær til allra, en ekki eins og verðhjöðnunin aðeins til launþega og bænda. Enn fremur er hér ekki um að ræða yfirfærslu á kaupmætti til eigenda peninga og peningakrafna.

Þá má á það benda, að þegar notkun erlendra vara er þegar takmörkuð vegna skömmtunar og innflutningshafta, veldur verðhækkun þessara vara minni kjaraskerðingu en tilsvarandi almenn skerðing kaupmáttarins. Af þessu leiðir, að gengislækkun, sem kemur að jafnmiklu gagni fyrir útgerðina og ákveðin verðhjöðnun, rýrir kjör launþega allmiklu minna en verðhjöðnunin, enda hefur þetta komið berlega fram við þá útreikninga, sem gerðir hafa verið um þessi atriði. Þær aðrar leiðir, sem ræddar hafa verið, svo sem útflutningsuppbætur, tvöfalt gengi, aukin clearingviðskipti o. s. frv., hafa allar í för með sér minni kjaraskerðingu fyrir launþega en almenn gengislækkun. Stafar þetta bæði af því, að þessar ráðstafanir

þurfa ekki að ná til allra útflutningsafurða, og eins af því, að hægt er að láta þær koma mismunandi niður á innfluttum vörum, t. d. hlífa þýðingarmestu neyzluvörunum. Sérstök áherzla skal þó á það lögð, að áhrif þessara leiða geta verið mjög mismunandi eftir því, hvernig þær eru framkvæmdar í einstökum atriðum, og eftir því, hvaða ráðstafanir hafa verið gerðar samhliða þeim. Hlýtur því afstaða til þeirra mjög að mótast af því, hvernig framkvæmdum er háttað og hverjar aðrar ráðstafanir eru gerðar.

Með því, sem hér hefur verið sagt, er því enginn dómur lagður á þessar leiðir að öðru leyti en því, að sé litið á kauplækkunarákvarðanir dýrtíðarlaganna eingöngu sem ráðstöfun til hjálpar útgerðinni, hafi þær verið hvort tveggja í senn, sú leið, er að minnstu gagni kom útgerðinni og þyngst kom niður á launþegum.

Dýrtíðarlögunum mun þó hafa verið ætlað víðtækara markmið en það eitt að tryggja rekstur bátaútvegsins á s. l. vetrarvertíð. Með ráðstöfunum þessum mun einnig hafa átt að stöðva hinar stöðugu verðhækkanir undanfarinna ára, sem að ekki óverulegu leyti hafa átt rót sína að rekja til þess fyrirkomulags, að landbúnaðarafurðir, annað verðlag og kaupgjald hefur hækkað á víxl. Það mun í sjálfu sér varla ágreiningur um það, að nauðsyn hafi borið til að stöðva víxlhækkun þá, sem hér hefur verið um að ræða, með einhverjum ráðstöfunum. En það komu mjög margar leiðir til greina, sem komið hefðu mismunandi við hinar ýmsu stéttir og einstaklinga þjóðfélagsins, og telur þessi nefnd það utan verksviðs síns að rannsaka þessar leiðir og fella dóm um áhrif hverrar einstakrar. Nefndin getur þó ekki látið hjá líða að taka til nokkurrar athugunar fyrirmæli þau, sem í dýrtíðarlögunum er að finna um ráðstafanir, er fyrst og fremst snerta aðrar stéttir þjóðfélagsins en launþega og bændur. Verður slíkt að teljast eðlilegt, þar sem telja má, að þær hafi átt að vera þessum stéttum það, sem kauplækkunin var launþegum. Þessi fyrirmæli eru í aðalatriðum þrenns konar: 1) Lækkun húsaleigu um 10% í húsum, sem reist hafa verið eftir árslok 1941, svo og í eldri húsum, þar sem nýr leigusamningur hefur verið gerður eftir árslok 1941 (15. gr. laganna). 2) Lækkun verzlunarálagningar o. þ. u. l., sem fyrirskipuð var af verðlagsyfirvöldunum um áramótin (sbr. 15. gr. laganna). 3) Eignaraukaskattur sá, sem lagður er á samkvæmt II. kafla laganna.

1. Húsaleigulækkunin.

Um þessa ráðstöfun má vísa til þeirra atriða, sem nefnd voru hér að framan og hljóta mjög að draga úr þýðingu þessara ráðstafana. Enn fremur má á það benda, að hin samningsbundna húsaleiga er venjulega ekki nema nokkur hluti húsaleigunnar í nýjum húsum, en meginhlutinn og stundum öll húsaleigan er fyrirframgreiðslur o. þ. h., sem áðurnefnd lagaákvæði ekki geta náð til. Jafnvel að því er snertir hina samningsbundnu húsaleigu, mun það í flestum tilfellum vera mjög komið undir góðvilja húseigendanna sjálfra, hvort lækkunin yfirleitt kemur til framkvæmda. E. t. v. hefði að einhverju leyti mátt úr þessu bæta með sérstökum framkvæmdarráðstöfunum, en ekki er kunnugt um, að þær hafi hingað til verið gerðar. Á hinn bóginn færist stöðugt meira húsnæði úr gamalli í nýja leigu, og á sér þá jafnframt stað tilsvarandi tekjuyfirfærslu frá leigjendum til húseigenda.

2. Lækkun verzlunarálagningar.

Um þetta atriði má einnig vísa til þess, sem áður hefur verið sagt um örðugleika á framkvæmd slíkra ráðstafana vegna hins mikla vöruskorts, sem ríkjandi er og veldur því, að ekki er lengur um neina samkeppni að ræða milli þeirra aðila, sem verzlun stunda. Þá má einnig á það benda, að eftirlit með verðlagi er langörðugast í framkvæmd að því er snertir vörur þær, sem mestum verzlunarhagnaði skila, svo sem iðnaðarvöru alls konar, vefnaðarvöru o. fl. Verðlagseftirlitið er auðveldast í framkvæmd gagnvart almennum nauðsynjavörum, en það eru einmitt þær vörur,

þar sem kaupfélögin annast hlutfallslega mest af dreifingunni, þannig að lækkun álagningar lendir þá á félagsmönnum sjálfum.

3. Eignaraukaskatturinn.

Þennan skatt á að leggja á þá eignaraukningu, sem orðið hefur á tímabilinu 1. jan. 1940 til 31. desember 1947. Á skatturinn að nema eftirtöldum upphæðum eftir því, hvað eignaraukningin er mikil.

Eignaraukning 1000 kr.	Eignaraukaskattur 1000 kr.	Skattur í % af eignaraukningu.
100	0	0 %
200	5	2.5 %
300	15	5.0 %
400	25	6.2 %
500	40	8.0 %
600	55	9.2 %
700	75	10.7 %
800	95	11.9 %
900	120	13.3 %
1 000	145	14.5 %
1 500	295	19.7 %
2 000	445	22.2 %
10 000	2 845	28.5 %

Skattur þessi verður að teljast tiltölulega lágur, stighækkun hans er lítil, og nær hann aldrei 30% eignaraukningar, hversu mikil sem hún er. Þar við bætist, að ýmis sérstök ákvæði eru í lögunum, sem gera það að verkum, að skatturinn kemur miklu vægar niður en ella mundi. Má þar einkum nefna eftirfarandi 1) Samkvæmt 4. og 5. gr. laganna er öll eignaraukning, sem sprottin er af verðhækkun fasteigna eða skipa, undanþegin skattinum, og á þá jafnt við, hvort sem eignin er enn í eign skattþegns eða sala hefur farið fram. Sú eignaraukning, sem hér er undanþegin skatti, er ein helzta tegund hins svokallaða stríðsgróða. 2) Samkvæmt 3. gr. laganna skulu hlutabréf bæði í byrjunar- og lokaeign metin á nafnverði. Eignaraukning hlutafélaga kemur því aðeins til skatts hjá félaginu sjálfu, en ekki hluthöfum. Þar sem það er mjög algengt hér á landi, að fyrirtæki, sem raunverulega eru eign einstaklings, fjölskyldu eða fárra manna, séu rekin sem eitt eða fleiri hlutafélög, leiðir það af þessu, að eignaraukningin í mjög mörgum tilfellum dreifist á marga aðila og skatturinn verður sem því svarar lægri.

Enn fremur má benda á það, að eignaraukaskattur þessi á að leggjast á þá eignaraukningu, er fram kom við eignakönnunina um áramótin síðustu. Þar sem sá háttur var á hafður við þessa eignakönnun, sem hvergi mun hafa tíðkazt annars staðar, að um 8 mánuðir liðu frá því lögin voru sett þar til könnunin var framkvæmd, hafa verið mjög miklir möguleikar að koma eignum undan, skipta þeim o. s. frv., sem að sjálfsögðu rýrir mjög þýðingu skattsins.

Enn sem komið er, er ókunnugt um það, hve mikið þessi skattur muni gefa í aðra hönd, en af því, sem að framan er sagt, er ljóst, að búast má við, að þar geti ekki verið um miklar upphæðir að ræða.

Um allar þessar ráðstafanir dýrtíðarlaganna, er miðuðu að því að leggja á efnahagslegar byrðar, er fyrst og fremst má búast við, að komi niður á öðrum stéttum þjóðfélagsins en launþegum og bændum, má segja, að ómögulegt sé að gera neinar áætlanir um það, hversu miklar þessar byrðar séu, en fullyrða megi, að þessar ráðstafanir geti ýmist ekki nema að litlu leyti komið til raunverulegra framkvæmda, eða að lagaákvæðin sjálf og framkvæmd þeirra dragi mjög úr þýðingu þeirra.

II. Framfærsluvísitalan.

Þegar áhrif dýrtíðarlaganna á afkomu launþega eru rannsökuð, verður ekki hjá því komizt að taka vísitölu framfærslukostnaðar til sérstakrar athugunar. Breytingar á kjörum launþega eru sem sé mældar með þeim breytingum, sem verða á hlutfallinu milli launa og framfærslukostnaðar. Sé mælikvarði framfærslukostnaðarins, framfærsluvísitalan, ekki að öllu leyti réttur, verða þessir útreikningar skakkir, sem þessu nemur.

Það hefur lengi verið kunnugt, að vísitala kauplagsnefndar og hagstofunnar fyrir framfærslukostnað í Reykjavík, sem birt er mánaðarlega, hefur að geyma mjög þýðingarmiklar skekkjur. Má í því sambandi benda á grein Jóns heitins Blöndals hagfræðings í vikublaðinu Útsýn frá október 1945. Í stuttu máli má segja, að þessar skekkjur séu ferns konar: 1) Skekkja á húsaleigulið vísitölunnar, er stafar af því, að í vísitölunni er reiknað með lögleyfðri leigu í húsum byggðum fyrir 1940, en hvorki tekið tillit til húsaleigu í húsum byggðum eftir þennan tíma né ólögleyfðrar leigu í eldri húsum, sem vitað er, að mikið kveður að. 2) Skekkjur, sem stafa af því, á hvern hátt er reiknað með verði landbúnaðarafurða í vísitölunni, en þessi reikningsaðferð er fyrirskipuð með lagasetningu frá sumrinu 1945. 3) Skekkjur á ýmsum einstökum liðum vísitölunnar, sem stafa af breyttum aðstæðum frá því að vísitölugrundvöllurinn var fundinn. 4) Skekkjur, er stafa af því, að hlutföllin á milli neyzlu einstakra vöruflokka eru nú önnur en í vísitölugrundvellinum. Þessar skekkjur fá aukna þýðingu vegna niðurgreiðslnanna á vissum matvörum.

Skulu þessar skekkjur vísitölunnar hér teknar til nokkuð nánari athugunar.

1. Húsaleiguskekkjan.

Þessi skekkja er langveigamesta skekkja vísitölunnar. Það er hægt að gera sér nokkra grein fyrir því, hve miklu hún nemur, með því að áætla húsaleiguhækkun þá, sem orðið hefur að meðaltali hjá íbúum Reykjavíkur frá því fyrir stríð. Vitað er með allmikilli nákvæmni um það, hve mikill hluti af íbúðarhúsnæði bæjarins er byggður fyrir og hve mikill hluti á hverju eftir 1940. Upplýsingar um þetta er að finna í manntalinu frá 1940 og hinum árlegu skýrslum byggingarfulltrúa bæjarins. Telja má víst, að sú vísitala byggingarkostnaðar, sem hagstofan reiknar út, sýni ekki að fullu þá hækkun, sem orðið hefur á byggingarkostnaði í bænum, og enn síður þá hækkun, sem orðið hefur á húsaleigu í nýbyggðum húsum. Sé þessi vísitala notuð sem mælikvarði á hækkun húsaleigu í nýbyggðum húsum, eins og hér verður gert, er því um lágmarksáætlun að ræða. Mesta óvissuatriðið í sambandi við áætlun á húsaleiguhækkuninni er það, hve mikil brögð eru nú orðið að því, að losnað hafi um leigusamninga í eldri húsum og húsnæðið aftur verið leigt á hærri leigu. Hér verður gengið út frá þeirri forsendu, að slíkt húsnæði hafi á hverju ári verið jafnmikið og það nýja húsnæði, sem tekið hefur verið í notkun, og áætluð leiga á því einnig miðuð við vísitölu byggingarkostnaðar. Byggist val þessarar forsendu m. a. á því, að þegar flutt er í nýbyggð hús, losnar yfirleitt um leið húsnæði, sem aftur er leigt hærri leigu. Niðurstöður þessara útreikninga eru þær, að áætla megi skekkju húsaleiguliðarins nú um 48 stig. Fer þessi skekkja af eðlilegum ástæðum ört vaxandi, sem sjá má t. d. af því, að í desember 1945 hefði hún reiknuð á sama hátt verið 28 stig. Eins og ljóst er af því, sem hér að framan hefur verið sagt, eru þessir útreikningar að ýmsu leyti byggðir á forsendum, sem mikil óvissa er ríkjandi um, en þó mun óhætt að fullyrða, að niðurstöðurnar séu sízt of háar, þannig eru forsendurnar valdar.

2. Skekkjur í sambandi við verð landbúnaðarafurða.

Samkvæmt lögum, er út voru gefin sumarið 1945, eru í gildi ákveðnar reglur um það, hvernig beri að reikna með verði landbúnaðarafurða í vísitölunni. Þessi lög mæla svo fyrir:

1. Að tekið skuli tillit til hinnar svokölluðu kjötuppbótar við ákvörðun kjötverðs þess, sem reiknað er með í vísitölunni.
2. Að sé tvenns konar verð á vöru, skuli einungis reiknað með lægra verðinu í vísitölunni, enda sé á boðstólum það magn vörunnar, er svari til 25% meiri neyzlu en reiknað er með í vísitölugrundvellinum. Þetta gildir um allar vörur, en hefur fram að þessu aðallega haft þýðingu í sambandi við landbúnaðarafurðir.
3. Að „sumarverð" á landbúnaðarvörum skuli ekki tekið til greina.

Allar þessar reglur hafa leitt til alvarlegrar skekkju í vísitölunni. Ekki getur talizt rétt að taka tillit til „kjötuppbótarinnar" við ákvörðun þess kjötverðs, sem reiknað er með í vísitölunni. Þessi „uppbót" er ekkert annað en frádráttur á beinum sköttum, sem ekkert kemur kjötverðinu við. Þar sem ekki er tekið tillit til beinna skatta í vísitölunni yfirleitt, er ekki rétt að láta þennan skattafrádrátt hafa áhrif á vísitöluna, frekar en hækkanir á beinum sköttum hafa áður komið fram í vísitölunni. Þessi skekkja nemur 27 stigum.

Í þessu sambandi er þó vert að taka það fram, að þessi skekkja vísitölunnar felur ekki í sér, að kjör launþega séu þeim mun rýrari sem skekkjan er há. Sú skattalækkun, sem „kjötuppbótin" hefur í för með sér, kemur launþegum að sjálfsögðu til góða. Þessi skattalækkun er þó mjög misjöfn eftir fjölskyldustærð og mun yfirleitt alls ekki nálgast það að vega upp á móti hækkun kjötverðsins, og má í því sambandi vísa til útreikninga Jóns Blöndals í fyrrnefndri grein í „Útsýn". Enn fremur er tekna til að standa straum af þessum „uppbótargreiðslum" aflað með álögum í einni eða annarri mynd, sem að miklu leyti koma aftur niður á launþegum, án þess að áhrifa þeirra gæti í vísitölunni nema að nokkru. Það er þó ekki undir neinum kringumstæðum hægt að taka tillit til þessara „uppbótargreiðslna" í framfærsluvísitölunni nema með því móti einu að taka þar tillit til allra beinna skatta. Óvíst er, hver áhrif það mundi hafa á vísitöluna, ef beinir skattar væru taldir með, en það tíðkast nú yfirleitt ekki við vísitöluútreikninga, og hefur athugun á því ekki verið framkvæmd hér.

Í vísitölunni hefur síðan 1945 verið reiknað með verði á skömmtuðu erlendu smjöri, enda þótt þetta smjör hafi ekki verið nema hluti af neyzlunni, og hefur ekkert tillit verið tekið til verðlags á íslenzku smjöri.

Sé reiknað með meðalverði skammtaðs og óskammtaðs smjörs eins og gera má ráð fyrir, að hlutföllin milli þessara tveggja tegunda smjörs hafi verið í neyzlunni árið 1947, ætti skekkjan, sem af þessu stafaði, að hafa numið um 3 stigum það ár. Hver samsvarandi skekkja verður á þessu ári, er ekki hægt að segja að svo stöddu, þar sem enn er ekki vitað, hver þessi hlutföll verða á árinu. Í þessu sambandi er vert að benda á atriði, sem sýnir glögglega, hve miklum erfiðleikum vísitöluútreikningar eru bundnir við núverandi aðstæður. Skömmtun hefur nú verið tekin upp á íslenzku rjómabússmjöri, og hefur það að undanförnu verið selt á sama verði og danska smjörið. Þar sem þá er ekki nema um eitt smjörverð að ræða, mætti halda því fram, að sú vísitöluskekkja, sem hér hefur verið rædd, væri þar með úr sögunni. Þetta þarf þó ekki að vera rétt. Sé smjörskamturinn óbreyttur, er það auðséð, að lífskjör hafa með þessari ráðstöfun verið rýrð, en ekki bætt, og ætti vísitalan því að réttu lagi að hækka, en ekki að lækka. Verður nánar vikið að þessu vandamáli síðar í sambandi við skömmtunina.

Í vísitölunni hefur á undanförnum árum ekki verið tekið tillit til þess hærra verðlags, sem er á nýjum garðávöxtum og kjöti af nýslátruðum dilkum í mánuðunum ágúst og september, enda þótt þessar dýrari vörur hafi verið mikill hluti neyzlunnar og hinar ódýrari vörur jafnvel ófáanlegar.

Samkvæmt þeim upplýsingum, sem fyrir liggja um hlutföll á milli sölu þessara vara í ágúst- og september-mán. s. l. og um meðalverð þeirra, má áætla þá skekkju sem af þessu leiðir, um 10 stig fyrir hverja vörutegundina þann hálfan annan mánuð, sem hér um ræðir. Sé þessum skekkjum hins vegar jafnað yfir árið, verður

skekkjan um 3 stig samtals fyrir báðar vörutegundirnar. Nokkur leiðrétting mun nú hafa verið gerð í vísitölunni vegna kartaflnanna, en ekki eru fyrir hendi upplýsingar um það, hve miklu sú leiðrétting nemur.

3. Aðrar skekkjur einstakra liða.

Þær skekkjur, sem gerð hefur verið grein fyrir hér að framan, eru aðalskekkjur vísitölunnar. Ýmsir aðrir liðir vísitölunnar eru þó háðir skekkjum, sem ómögulegt er að áætla, hve miklu nemi, en yfirleitt stafa af breyt., er átt hafa sér stað síðan vísitölugrundvöllurinn var ákveðinn, og yfirleitt munu hafa áhrif í þá átt að gera vísitöluna of lága. Meðal þeirra atriða, sem hér koma til greina, má nefna það, að í vísitölunni er aðeins tekið tillit til verðs á kartöflum og fyrsta flokks súpukjöti, en ekki til annarra garðávaxta og annarra tegunda dilkakjöts. Verður hér tvímælalaust um að ræða skekkju, vegna þess að bæði neyzluhlutföll og verðhlutföll á milli kartaflna og annarra garðávaxta og súpukjöts og annars dilkakjöts hafa raskazt mikið síðan vísitölugrundvöllurinn var fundinn. Svipuðu máli gegnir um búsáhaldaliðinn, þar sem aðeins er reiknað með eldhúsáhöldum og sængurfötum, en ekki með leirmunum, bollum, diskum o. s. frv. Hvað fatnaðarliðinn snertir munu þar vera sérstaklega mikil brögð að því, að ýmsar þær vörur, sem mikið voru notaðar fyrir stríð, séu nú lítt notaðar eða fáist ekki, en í stað þeirra hafi komið vörur, sem þá voru lítið eða ekkert þekktar. Þessum lið vísitölunnar er því lítt treystandi eins og er. Þar við bætist, að verðupplýsingar, sem fengnar eru fyrir milligöngu verðlagseftirlitsins, verða hér að teljast sérstaklega varhugaverðar, bæði hvað snertir það, að þær séu í samræmi við raunverulegt söluverð og að þær gefi hugmynd um almennar verðbreytingar í þessum vöruflokki.

4. Skekkjur, er stafa af breytingum á hlutfallinu milli einstakra neyzluflokka.

Vísitölugrundvöllur sá, sem nú er notaður, var fundinn með rannsókn búreikninga, er framkvæmd var á árinu 1939. Er því þessi grundvöllur 10 ára gamall á næsta ári, en sá aldur hefur yfirleitt verið talinn hámarksaldur slíkra grundvalla, vegna þeirra miklu breytinga, sem verða á neyzluvenjum og vöruframboði á svo löngum tíma. Breytingar þær, er orðið hafa hér á landi á þessu tímabili, eru þó miklu meiri en nokkurn tíma hafa orðið áður á jafn stuttum tíma. Af þessum ástæðum hefði verið nauðsynlegt að endurskoða vísitölugrundvöllinn þegar á árunum 1942—'43 eins og meirihluti þeirrar nefndar, er þá hafði þessi mál til athugunar, lagði til. Fastlega má gera ráð fyrir, að miklar breytingar hafi orðið á hlutföllunum milli neyzlu einstakra vöruflokka frá því fyrir stríð, einkum á árunum 1944—47. Á hinn bóginn er erfiðara að gera sér grein fyrir, hvort þessar breytingar hafa orðið í þá átt, að vísitalan hafi orðið of lág eða of há. Þó virðast líkur benda til þess, að a. m. k. á seinni árum hafi einnig þessar skekkjur gert vísitöluna of lága. Koma þar ekki hvað síst til greina hinar sívaxandi niðurgreiðslur, en þær eru fyrst og fremst látnar hafa áhrif á verð þeirra vara, sem þungar eru á metunum í vísitölunni, en fjár til þeirra er aflað með beinum sköttum, sem ekki hafa áhrif á vísitöluna, og tollum og sölusköttum, einkum á þeim vörum, sem ekki vega þungt í hinum gamla vísitölugrundvelli.

Þær skekkur vísitölunnar, sem hér hafa verið gerðar að umræðuefni undir liðunum 3 og 4, eru þess eðlis, að ómögulegt er að áætla, nema þá að undangengnum mjög ýtarlegum athugunum, hve miklu þær nema. Skekkjurnar, sem ræddar voru undir liðunum 1 og 2, má hins vegar áætla með nokkurri nákvæmni. Þessar skekkjur voru áætlaðar um 80 stig. Mun því óhætt að fullyrða, að vísitala, er rétt sýni breytingar á framfærslukostnaði í Reykjavík, geti ekki undir neinum kringumstæðum nú verið lægri en rúm 400 stig.

Það er rétt að benda sérstaklega á, að sú vísitala, sem hér að framan hefur verið rædd, er framfærsluvísitalan, þ. e. a. s. sú vísitala, er sýnir breytingar á framfærslukostnaðinum, en ekki kaupgjaldsvísitalan, sú vísitala, er ákveður greiðslu

kaupuppbótar á grunnlaun. Fyrri vísitalan er hliðstæð mæli og vog og verður að uppfylla viss skilyrði, til þess að geta talizt rétt. Það er því ekki hægt að gera ákvarðanir eða setja reglur varðandi útreikning þessarar vísitölu, er brjóta í bága við þessi skilyrði, án þess að hún sé um leið orðin annað en hún á að vera, falskur en ekki réttur mælikvarði. Kaupgjaldsvísitalan er hins vegar samnings- eða lagasetningaratriði, sem ekki eru sett nein þau takmörk, sem gilda fyrir framfærsluvísitöluna.

Með því, sem hér hefur verið sagt, hefur því aðeins verið sýnt fram á, að framfærsluvísitalan ætti nú a. m. k. að vera um 400 stig, en ekki að kaupgjaldsvísitalan ætti að vera hið sama. Hið síðarnefnda fer eftir þeim samnings- og lagaákvæðum, sem á hverjum tíma eru í gildi.

Skömmtun sú og vöruskortur, sem verið hefur ríkjandi hér undanfarið, skapar ýmis sérstök vandamál í sambandi við útreikning framfærsluvísitölunnar. Eigi framfærsluvísitalan að vera mælikvarði á breytingar á lífskjörum, er ekki nóg, að hún taki tillit til verðbreytinga, heldur verður hún einnig að taka tillit til þess, ef skömmtun eða vöruskortur leiða til minnkaðrar neyzlu miðað við vísitölugrundvöllinn. Verður þetta að ske m. a. með því, að aðrar skyldar vörur séu teknar inn í grundvöllinn í stað hinna skömmtuðu eða ófáanlegu, sé þetta unnt, að gæðamismunur sé látinn koma fram sem verðmismunur o. s. frv. Allar slíkar breytingar grundvallarins verða þó að ske með ýtrustu varfærni. Hér er ekki rúm til að rekja þetta atriði nánar, en rétt hefur þótt að vekja hér athygli á því, þar sem það hefur sérstaka þýðingu hér á landi sem stendur.

Ekki er hægt að segja um það með neinni vissu, hvort og að hve miklu leyti skekkjur vísitölunnar hafi aukizt síðan um s. l. áramót. Húsaleiguskekkjan heldur að sjálfsögðu áfram að aukast, en fyrir jafn stutt tímabil er ekki hægt að áætla þær breytingar með neinni nákvæmni, allra sízt þar sem um viðbót nýrra íbúða á árinu er ekki enn vitað. Um nýjar skekkjur vísitölunnar á árinu hefur ekki verið að ræða, svo að vitað sé, aðrar en skekkju í sambandi við útreikning þvottaefnis, sem aftur mun hafa verið leiðrétt. Þær upplýsingar, sem fyrir liggja, benda ekki til þess, að skekkjur vegna smjörverðs og sumarverðs landbúnaðarafurða hafi vaxið á árinu. Um þær skekkjur vísitölunnar, sem hér að framan hefur verið gerð tilraun til að mæla, verður ekkert fullyrt, hvort þær hafi farið vaxandi eða minnkandi á árinu. Niðurgreiðslur hafa þó aukizt á árinu, og ætti það ásamt söluskattinum samkvæmt því, sem að framan hefur verið sagt, að hafa orðið til þess að auka þessar skekkjur.

Fyrir launþega og samtök þeirra hlýtur það að hafa sérstaklega mikla þýðingu, að vísitala framfærslukostnaðar gefi á hverjum tíma sem réttasta mynd þeirra breytinga, er verða á framfærslukostnaðinum. Þessi vísitala er mælikvarði á kaupmátt launanna og hlýtur að vera viðmiðun launþega og samtaka þeirra. Sé þessi mælikvarði rangur, vantar allan grundvöll til þess að dæma um, hvaða þróun sé um að ræða á þessu sviði, og um leið áttavita, þegar ákveða á stefnuna fram á við. Ekki verður annað séð, en að vinnuveitendum og ríkisvaldi sé það ekki síður þýðingarmikið en launþegum, að vísitala framfærslukostnaðar sé sem áreiðanlegastur mælikvarði, og það af sömu ástæðum. Skynsamlegar umræður um launa- og kjaramál geta yfirleitt ekki átt sér stað, nema allir aðilar, er hlut eiga að máli, hafi nokkuð áreiðanlega vitneskju um það, hvaða áfanga sé náð og hvert stefni.

Af þessum sökum hefur hér þótt rétt að benda á nokkrar þær ráðstafanir, er nauðsynlegar eru, til þess að vísitala framfærslukostnaðar geti uppfyllt þá kröfu að vera réttur mælikvarði, en ekki rangur.

1. Húsaleiguskekkjuna þyrfti að leiðrétta samkvæmt áætlun um breytingar meðalleigu eftir þeim gögnum, sem fyrir hendi eru, þar til ýtarlegri athuganir hafa farið fram.
2. Afnema þyrfti þau lagaákvæði, er setja ákveðnar reglur um það, hvaða vöruverði skuli reiknað með í vísitölunni, einkum á landbúnaðarafurðum. Þessi

ákvæði er að finna í lögum nr. 20. frá 10. apríl 1946 og lögum nr. 37 frá 29. apríl 1946.

3. Lög þau, er í gildi eru um útreikning vísitölunnar (lög nr. 51 frá 12. febrúar 1940), þyrfti að endurskoða og setja í þau ákveðin fyrirmæli til þess að reyna að tryggja það, að ríkisvaldið eða þau yfirvöld, sem ábyrgð bera á útreikningi vísitölunnar, setji ekki þær reglur varðandi þennan útreikning, er brjóti í bága við grundvallaratriði rétts vísitölureiknings. Jafnframt þyrfti að fyrirskipa tíða endurskoðun vísitölugrundvallarins.
4. Endurskoðun vísitölugrundvallarins þyrfti hið fyrsta að fara fram. Ekki sízt vegna þeirra ástæðna, er nú eru ríkjandi í viðskiptamálum vegna vöruskorts og skömmtunar, yrði þó að gera ráð fyrir, að neyzluathugunum væri haldið áfram og leiðréttingar gerðar árlega á grundvellinum í samræmi við það, sem þær athuganir leiddu í ljós.

III. Kaupmáttur launanna.

Hér mun gerð nokkur tilraun til að fá fram mynd af því, hvernig kaupmáttur launanna hefur breytzt frá því fyrir stríð. Ýmsir erfiðleikar eru samfara þessu. Í fyrsta lagi eru ekki unnar neinar hagskýrslur um launamál. Enda þótt upplýsingar séu fyrir hendi um breytingar á töxtum verkalýðsfélaga, eru ekki til neinar upplýsingar um fjölda þeirra, er laun fá greidd samkvæmt hinum mismunandi töxtum, og ekki um þær launaupphæðir, sem greiddar eru. Í öðru lagi gefur vísitala framfærslukostnaðar mjög ranga mynd af breytingum framfærslukostnaðarins, eins og þegar hefur verið bent á. Hér hefur verið farin sú leið að velja tímakaupið samkvæmt hinum almenna taxta Dagsbrúnar sem mælikvarða á þróun launanna. Þessi mælikvarði er að því leyti heppilegur, að á síðari árum hafa breytingar á töxtum annarra verkalýðsfélaga yfirleitt fylgt breytingum á þessum taxta. Á hinn bóginn má búast við, að sú launahækkun, sem þessi taxti sýnir, sé of lítil að því leyti sem vissir starfshópar eða vissar tegundir vinnu hafa flutzt yfir á hærri taxta, en að því hefur kveðið talsvert á seinni árum. Enn fremur má búast við, að launahækkanir hafi orðið hlutfallslega meiri, t. d. hjá iðnaðarmönnum, sem tekið hafa upp ákvæðisvinnu. Annar hentugri mælikvarði er hins vegar ekki fyrir hendi. Á eftirfarandi yfirlitstöflu sést tímakaup samkvæmt hinum almenna taxta Dagsbrúnar árin 1938—48 og vísitala þessa tímakaups miðað við 1938 = 100. Í þriðja dálki er vísitala framfærslukostnaðar eins og hún hefur verið birt af kauplagsnefnd, en í fjórða dálki er þessi vísitala sýnd leiðrétt. Þessar leiðréttingar eru í samræmi við það, sem hér að framan hefur verið sagt um skekkjur vísitölunnar. Árin 1941—44 ná þessar leiðréttingar aðeins til húsaleiguliðarins, en árið 1945 koma síðan leiðréttingar vegna verðs landbúnaðarafurða. Vegna þess, hve bæði vísitala framfærslukostnaðar og leiðréttingar hennar eru ónákvæmar, er hvorug þessara talna sýnd með meiri nákvæmni en sem svarar fimm stigum. Í tveim síðustu dálkum yfirlitsins eru síðan sýndar vísitölur um kaupmátt launanna, bæði samkvæmt óleiðréttri og leiðréttri vísitölu, og eru þær vísitölur fengnar með því að deila vísitölu framfærslukostnaðar í vísitölu tímakaups og margfalda með 100.

Ár	Tímak. Dagsbr.-manna kr.	Vísit. tímak. 1938=100	Vísit. tímak. framf.k. óleiðr.	Vísit. framf.k. leiðrétt	Vísitala um kaupmátt tímak. Samkv. óleiðr. vísitölu	Samkv. leiðr. vísitölu
1938 (okt.) ..	1.45	100	100	100	100	100
1939 (okt.) ..	1.45	100	105	105	95	95
1940 (des.) ..	1.84	127	140	140	91	91
1941 (des.) ..	2.54	175	175	180	100	97
1942 (des.) ..	5.46	377	270	280	140	135
1943 (des.) ..	5.44	375	260	275	144	136

Ár	Tímak. Dagsbr.-manna kr.	Vísit. tímak. 1938=100	Vísit. tímak. framf.k. óleiðr.	Vísitala um kaupmátt tímak. Vísit. framf k. leiðrétt	Samkv. óleiðr. vísitölu	Samkv. leiðr. vísitalu
1944 (des.) ..	6.64	458	275	295	167	155
1945 (des.) ..	6.96	480	285	340	168	141
1946 (des.) ..	8.03	554	305	375	182	148
1947 (des.) ..	9.13	630	330	405	191	156
1948 (okt.) ..	8.40	579	325	405	178	143

Samkvæmt þessu yfirliti ætti kaupmáttur launanna að hafa verið heldur minni en fyrir stríð fram á árið 1942. Á árunum 1942—44 fer þessi kaupmáttur stórlega vaxandi, eða um 55% miðað við hina leiðréttu vísitölu. Næstu þrjú árin á eftir er ekki um að ræða frekari hækkun þessa kaupmáttar. Hækkanir þær, er verða á grunnkaupinu á þessum árum, ná aðeins að halda í við hækkun framfærslukostnaðarins. Síðan verður á árinu 1948 8% lækkun kaupmáttarins vegna ákvæða dýrtíðarlaganna og þeirrar hækkunar meðalhúsaleigu, sem áætluð er á árinu. Ætti kaupmáttur tímakaupsins samkvæmt þessu að liggja á milli þess, sem hann var árið 1943 og árið 1944, en vera um 43% hærri en fyrir stríð. Hve mikla þýðingu skekkjur vísitölunnar hafa, þegar dæmt er um kaupmátt launanna, sést bezt á því, að samkvæmt hinni óleiðréttu framfærsluvísitölu ætti kaupmáttur tímakaupsins nú að vera 78% meiri en fyrir stríð, en samkvæmt hinni leiðréttu vísitölu aðeins 43%. Varðandi hina miklu lækkun kaupmáttarins, er fram kemur á árinu 1945, skal það tekið fram, að hún mun vera nokkru meiri en rétt er, vegna þess að það ár kemur vísitöluskekkjan vegna „kjötuppbótarinnar“ í fyrsta sinn til greina. Vísast í því sambandi til þess, er áður er sagt um eðli þeirrar skekkju.

Á það skal að lokum bent, að það yfirlit yfir breytingar á kaupmætti tímakaupsins, sem hér hefur verið gert, hlýtur að vera mjög ónákvæmt vegna þess, hve lítt öruggar upplýsingar þær eru, sem fyrir liggja, bæði um breytingu tímakaupsins almennt og um breytingar framfærslukostnaðarins. Enn fremur tekur þetta yfirlit ekki tillit til þeirrar minnkunar á kaupmætti tímakaupsins, er stafar af skömmtun, vöruþurrð og „svartamarkaðs“-verzlun. Athygli skal einnig vakin á því, að hér hefur eingöngu verið rætt um breytingar á kaupmætti **tímakaupsins**, en ekki um breytingar á kaupmætti **tekna** verkamanna eða annarra launþega, en tekjurnar eru að sjálfsögðu háðar því, hvort mikið eða lítið er um vinnu, og geta því breytzt, enda þótt tímakaupið sé óbreytt.

Til þess að gera sér einhverja hugmynd um, hvernig launakjör opinberra starfsmanna og kaupmáttur launa þeirra hefur breytzt síðan 1938, hefur ein stétt opinberra starfsmanna verið valin úr og launakjör hennar athuguð. Hefur orðið að fara þessa leið að velja ákveðinn hóp starfsmanna, þar sem engir útreikningar eru til um meðallaun opinberra starfsmanna og breytingar á þeim. Sá hópur opinberra starfsmanna, sem hér hefur verið valinn, eru barnakennarar í Reykjavík. Er þetta einn fjölmennasti starfsmannahópurinn, en mun hins vegar hafa fengið hlutfallslega meiri kjarabætur með setningu launalaganna en flestir aðrir starfsmannahópar. Ættu því niðurstöðurnar hér á eftir að sýna meiri kjarabætur en almennt mun vera meðal opinberra starfsmanna. Á eftirfarandi töflu sjást í fyrsta dálki mánaðarlaun barnakennara í Reykjavík á hverju ári og í öðrum dálki vísitala þessara launa miðuð við 1938 = 100. Er hér alls staðar miðað við hámarkslaun, þ. e. þau laun, er kennarar ná hæstum eftir ákveðinn starfstíma. Í þriðja dálki sést vísitala framfærslukostnaðar leiðrétt á sama hátt og áður, og í fjórða dálki vísitala um kaupmátt mánaðarkaupsins.

Ár	Mánaðarlaun barnakennara hámarkslaun kr.	Vísitala mánaðarlauna (1938=100)	Vísitala framfærslu-kostnaðar leiðrétt	Vísitala um kaupmátt mánaðarlauna samkv leiðr. vísitölu
1938 (okt.)	354	100	100	100
1939 (okt.)	354	100	105	95
1940 (des.)	428	121	140	86
1941 (des.)	620	175	180	97
1942 (des.)	1 231	348	280	124
1943 (des.)	1 255	355	275	129
1944 (des.)	1 319	373	295	126
1945 (des.)	1 853	523	340	154
1946 (des.)	1 989	562	375	150
1947 (des.)	2 132	602	405	149
1948 (okt.)	1 950	551	405	136

Samkvæmt þessu ætti kaupmáttur mánaðarlauna barnakennara að hafa farið lækkandi fyrstu stríðsárin. Árið 1942—1944 er þessi kaupmáttur um 25—30% hærri en fyrir stríð og hækkar síðan mjög á árinu 1945 vegna setningar launalaganna. Ætti hann í lok þess árs að hafa verið um 54% hærri en fyrir stríð. Eftir 1945 fer kaupmátturinn síðan lækkandi og ætti í október 1948 að vera 36% hærri en fyrir stríð. Nemur því lækkun frá hámarkinu 1945 um 12% og lækkunin frá því desember 1947 um 9%. Séu þessar tölur bornar saman við breytingar þær, er orðið hafa á tímakaupi verkamanna, kemur í ljós, að um svipaða þróun er að ræða fram á árið 1942. Árin 1942—44 batna launakjör barnakennara allmiklu minna en verkamanna. Þetta vinnst síðan upp með setningu launalaganna, og í árslok 1945 er kaupmáttur mánaðarlauna barnakennara álíka miklu hærri en fyrir stríð og kaupmáttur tímakaupsins var árið áður. Á því tímabili, sem síðan er liðið, hefur kaupmáttur kennaralaunanna lækkað hlutfallslega meira en kaupmáttur tímakaupsins, sem eðlilegt er, þar sem um grunnlaunahækkanir hefur verið að ræða á tímabilinu hjá verkamönnum, en ekki opinberum starfsmönnum. Til þess að forðast misskilning skal það að lokum tekið fram, að hér er átt við hin föstu mánaðarlaun kennara, en ekki tekjur þeirra, og sá samanburður, sem hér hefur verið gerður við tímakaup verkamanna, gildir að sjálfsögðu aðeins um þær mismunandi breytingar, sem átt hafa sér stað síðan 1938, en er ekki samanburður á kjörum þessara stétta sem slíkum.

IV. Skömmtunin og vísitalan.

Eitt þeirra atriða, sem meginþýðingu hefur í sambandi við gildi vísitölunnar sem mælikvarða á raunverulegan framfærslukostnað, er vöruskömmtunin. Á þeim tíma, er safnað var upplýsingum þeim, er liggja til grundvallar núverandi vísitöluútreikningi, voru allar neyzluvörur óskammtaðar, þannig að hverjum var frjálst að kaupa það magn af þeim, er hann hafði efni á. Má í rauninni segja, að það sé frumskilyrði þess, að vísitalan gefi til kynna raunverulegar breytingar á framfærslukostnaði, að fáanlegt sé að minnsta kosti það magn, sem gert er ráð fyrir í vísitölugrundvellinum, við því verði, sem í hvert sinn er látið gilda við útreikning nýrrar vísitölu.

Ef vara verður ófáanleg eða minna magn fæst af henni en áður, t. d. sökum skömmtunar, hafa verðbreytingar þær, er á henni verða, minni þýðingu fyrir raunverulegan framfærslukostnað en vera mundi, ef nægilegt framboð væri af vörunni. Hvernig leiðrétta beri þá röskun á vísitölugrundvellinum, sem af þessu leiðir, er atriði, sem hér verður eigi farið nánar út í, þó má á það benda, að til greina kæmi að auka gildi skyldra vörutegunda í vísitölugrundvellinum, þar sem gera má ráð fyrir því, að eftirspurn eftir þeim hafi aukizt. Svo framarlega sem þarfir hafa haldizt óbreyttar, má þó gera ráð fyrir, að slík breyting á neyzlunni hafi haft í för með

sér kjaraskerðingu, sem eðlilegt væri að láta koma fram á þann hátt, að vísitala framfærslukostnaðar hækkaði. Mat á eðlilegri hækkun vísitölu vegna kjaraskerðingar af völdum vöruskorts og skömmtunar verður þó nokkrum erfiðleikum bundið, og verður það ekki rætt nánar hér.

Hins vegar skal gerð á því nokkur athugun, að hve miklu leyti vöruskömmtunin, miðað við þann skammt, sem úthlutað hefur verið af hverri vöru á þessu ári, hefur haft í för með sér röskun á grundvelli þeim, sem núverandi vísitöluútreikningur er byggður á. Eru þessir útreikningar miðaðir við skammtinn eins og hann hefur verið á öllu árinu, en ekki eins og skammturinn hefði verið, ef núverandi skammtur hefði gilt allt árið. Fer hér á eftir yfirlit yfir það magn af helztu skömmtunarvörum, sem reiknað hefur verið með í vísitölugrundvelli þeim, sem notaður hefur verið að undanförnu og byggður var á búreikningum frá árunum 1939—1940. Að því er snertir skammt af fatnaðarvöru og búsáhöldum, skal þess getið til skýringar, að stofnauki nr. 13 er metinn á 700 kr., en skófatnaðarskammtur á 130 kr.

Vörutegund	Magn skömmtunarvara í vísitölugrundvelli	Skammtur 1948
Kornvara	254.4 kg	288 kg
Smjör	13.53 —	21.6 —
Sykur	136.3 —	86.4 —
Kaffi	13.65 —	8.64 —
Fatnaður og búsáhöld miðað við verð 1. júlí 1948	2 644.48 kr.	4 510.00 kr.

Af kornvöru og smjöri og fatnaði og búsáhöldum virðist skammturinn þannig meiri en svarar til magns þess, sem reiknað er með í vísitölugrundvellinum, en hins vegar er sykur- og kaffiskammturinn töluvert minni. Samanburður við vísitölugrundvöllinn gefur þó vitanlega alveg ranga mynd af því, hver áhrif skömmtunin hefur haft á neyzluna, eða þeirri skerðingu raunverulegra lífskjara, sem af henni leiðir, þar sem búast má við, að neyzla skömmtunarvara, einkum fatnaðar, hafi aukizt mjög á stríðsárunum. Betri hugmynd um þetta mætti sjálfsagt fá með því að miða við niðurstöður búreikninganna, sem haldnir voru framan af stríðsárunum og nokkuð hefur verið unnið úr, þótt nægilega sundurliðað yfirlit yfir þá sé ekki fyrir hendi til þess að geta gert sér grein fyrir þessu. Þó má geta þess, að samkvæmt búreikningum, sem haldnir voru á árinu 1942, hafði notkun fatnaðar aukizt úr kr. 642.04 í kr. 1133.28, hvort tveggja miðað við verðlag 1939. Ef gert er ráð fyrir því, að kaup á búsáhöldum hafi aukizt í sama hlutfalli, yrði fatnaður og búsáhöld samtals kr. 1309.28.

Ef þessi tala er hækkuð til samræmis við verðlag 1. júlí 1948 og skóviðgerðir dregnar frá, verður útkoman kr. 4610.29, eða nokkru hærri en skammtur þessara vara hefur numið á árinu. Þar sem búast má við því, að notkun þessara vara hafi enn aukizt eftir það, að athuganir þessar voru gerðar, má fullyrða, að hin raunverulega kjaraskerðing vegna skömmtunarinnar á þessum vörum hafi verið meiri en þessar tölur gefa til kynna. Mjög erfitt er þó að meta slíkt, þar sem engar upplýsingar liggja fyrir um breytingar þær, sem orðið hafa á neyzlunni frá þessum tíma, en nokkra hugmynd má gera sér um þetta með samanburði á innflutningi neyzluvara fyrir og eftir skömmtunina. Fer hér á eftir athugun á þessu, sem nefndin hefur látið gera. Rétt er að taka það fram, að auðvitað er kjaraskerðing sú, sem af minnkun neyzluvöruinnflutningsins leiðir, ekki af völdum skömmtunarráðstafana í sjálfu sér, heldur hins minnkaða innflutnings og þeirra orsaka, sem honum valda.

Innflutningur neyzluvöru.

Hér hefur verið reynt að gera sér nokkra grein fyrir því, um hve mikla skerðingu lífskjara getur verið að ræða af völdum skömmtunar og vöruþurrðar. Hefur

verið valin sú leið að taka til athugunar innflutning neyzluvöru eins og hann hefur verið síðan 1938 samkvæmt verzlunarskýrslum og bera hann saman við neyzluvöruinnflutning þann, sem ráðgerður var í innflutningsáætlun fjárhagsráðs fyrir árið 1948.

Neyzluvöruinnflutningur fyrir árin 1938—1947 hefur verið tekinn upp samkvæmt 2. yfirliti verzlunarskýrslnanna, og eru það liðirnir 1 og 8—10, sem hér hafa verið taldir til neyzluvöru, en þeir eru vörur til framleiðslu matvæla, drykkjarvara og tóbaks, matvæli, drykkjarvörur og tóbak, aðrir óvaranlegir munir til notkunar og varanlegir munir til notkunar. Verðmæti innflutningsins fyrir hvert ár hefur verið reiknað um samkvæmt verðlagi ársins 1938. Hefur þetta verið gert á grundvelli þeirra talna, er birtar eru í þessu yfirliti verzlunarskýrslnanna, en þar er innflutningur hvers árs sýndur umreiknaður samkvæmt verðlagi næsta árs á undan. Til þess að með þessu móti fáist nokkurn veginn rétt útkoma, má ekki hafa orðið mikil röskun á hlutfalli hinna ýmsu vöruflokka í þessum innflutningi eða ekki mjög ólík verðþróun þeirra. Ætti undir öllum kringumstæðum að mega treysta því, að hér geti ekki verið um þær skekkjur að ræða, er veruleg áhrif hafi á sjálfa heildarmyndina, þar sem hér er hvort sem er aðeins um grófan samanburð að ræða.

Með þessu móti fást þá tölur fyrir verðmæti neyzluvöruinnflutningsins árin 1938 til 1947, sem ættu að vera nokkurn veginn sambærilegar, þ. e. sýna verðmæti þessa innflutnings miðað við verðlag ársins 1938. Talan fyrir árið 1948 er tekin úr innflutningsáætlun fjárhagsráðs eins og hún er birt í Alþingistíðindum (fylgiskjal með nefndaráliti minni hl. fjárveitinganefndar, þskj. 466). Hefur verið reynt að fylgja sömu flokkuninni og notuð er í verzlunarskýrslunum, þannig að þessi tala yrði sambærileg tölunum fyrir innflutning áranna á undan. Þessi tala hefur einnig verið umreiknuð samkvæmt verðlagi ársins 1938, og hefur þá verið gengið út frá því, að verðlag sé það sama og var 1946. Þessi forsenda hefur einnig verið notuð varðandi innflutning ársins 1947, þar sem yfirlit verzlunarskýrslnanna er ekki að fullu tilbúið fyrir það ár. Þar sem yfirleitt hefur verið um verðhækkanir að ræða á þessum árum, ætti þetta að sýna nokkuð hærri tölur en rétt er. Ekki er kunnugt um, hve mikið samræmi hefur verið á milli innflutningsáætlunarinnar og raunverulegs innflutnings á árinu, né heldur hverjum breytingum innflutningsáætlunin kann að hafa tekið eftir birtinguna. Tölur þær, er fengizt hafa með þessu móti, eru sýndar í eftirfarandi yfirliti. Í fyrsta dálki yfirlitsins sést neyzluvöruinnflutningurinn í 1000 kr. umreiknaðar samkvæmt verðlagi ársins 1938 á þann hátt, er fyrr getur. Í öðrum dálki sést þessi sami innflutningur á hverja 1000 íbúa, og í þriðja og fjórða dálki eru vísitölur beggja fyrri dálkanna miðað við 1938 = 100.

Neyzluvöruinnflutningur 1938—1948.

(Miðað við liði 1 og 8—10 í 2. yfirliti verzlunarskýrslnanna.)

Ár	Innflutningur 1000 kr. (Miðað við verðlag 1938)	Innflutningur á 1000 íbúa 1000 kr.	Vísitala innflutnings (1938=100)	Vísitala innflutnings á 1000 íbúa (1938=100)
1938	12 900	108	100	100
1939	13 000	108	101	100
1940	11 800	97	91	90
1941	22 500	184	174	170
1942	35 600	287	276	266
1943	30 500	242	236	224
1944	32 300	253	250	234
1945	43 100	330	334	306
1946	56 100	422	435	391
1947	50 200	369	390	342
1948 (innflutningsáætlun)	26 800	193	208	179

Það, sem fyrst og fremst verður að teljast athugavert við þann samanburð, sem hér hefur verið gerður, er það, að hann nær aðeins til hluta af neyzlunni og getur því ekki gefið hugmynd um þá heildarbreytingu, sem hér hefur átt sér stað. Í fyrsta lagi nær þetta yfirlit ekki til neyzlu innlendra landbúnaðarafurða, en þar sem búast má við, að sú neyzla hafi ekki tekið miklum breytingum s.l. 2—3 ár, skiptir þetta minna máli, þegar um er að ræða samanburð fyrir þann tíma. Í öðru lagi nær yfirlitið ekki til þeirrar neyzluvöru, er framleidd er af innlendum iðnfyrirtækjum. Að vísu mun vera í yfirlitinu nokkuð af hráefnum eða hálfunnum vörum, sem þessi iðnaður notar til framleiðslu sinnar, en þó aðeins að tiltölulega litlu leyti. Þetta gerir samanburð við árin fyrir stríð og fyrstu stríðsárin sérlega hæpinn, þar sem vitað er, að þáttur innlends iðnaðar í neyzluvöruframleiðslunni hefur vaxið mjög frá þeim tíma. Hins vegar er vitað, að þessi framleiðsla muni yfirleitt hafa dregizt saman frá því, sem var árið 1946, og ætti þetta því ekki að skipta eins miklu, þegar borið er saman við það ár. Í þriðja lagi nær þessi samanburður ekki til þess hluta neyzlunnar, sem fólginn er í notkun húsnæðis.

Að lokum er svo rétt að benda á það, að hér er að sjálfsögðu ekki um að ræða samanburð á neyzlu launþega á hinu umrædda tímabili, heldur á þeim neyzluvöruinnflutningi, sem þjóðin öll hefur haft til umráða.

Allt þetta verður að hafa hugfast í sambandi við þær ályktanir, sem hér á eftir verða dregnar af hinu umrædda yfirliti. Hér er um að ræða yfirlit yfir breytingar á framboði þeirrar neyzluvöru, sem flutt er inn í landið tilbúin eða að mestu tilbúin, en ekki yfirlit yfir breytingar neyzlunnar allrar. Sökum þess að áreiðanlegar upplýsingar eru ekki fyrir hendi um heildarneyzluna og breytingar hennar, hefur orðið að láta sér þetta yfirlit nægja. Enn fremur er þessi samanburður ekki miðaður við launþega eina, heldur nær til allrar þjóðarinnar.

Samkvæmt yfirlitinu hefur neyzluvöruinnflutningurinn verið svipaður árin 1938—1940, en þó minnstur síðasta árið. Síðan vex innflutningurinn ört árin 1941--42, og er árið 1942 hér um bil þrisvar sinnum meiri en fyrir stríð, eða um 170% meiri, ef miðað er við innflutning á íbúa. Á árunum 1943—44 er aftur um nokkra minnkun að ræða, en síðan verður stórfelld aukning árin 1945—46. Árið 1946 er neyzluvöruinnflutningurinn meir en fjórfaldaður miðað við það, sem var fyrir stríð, en um 290% meiri á hvern íbúa.

Minnkun innflutningsins á árinu 1947 er til þess að gera lítil, rúm 10%, en mun raunverulega hafa verið meiri, þar sem eitthvað talsvert af þeim innflutningi, sem talinn er til þess árs, mun vera frá árinu 1946. Sé neyzluvöruinnflutningur sá, sem innflutningsáætlunin gerði ráð fyrir á árinu 1948, að lokum tekinn til athugunar, kemur í ljós, að hér er um mjög stórfellda lækkun að ræða frá árinu 1946, eða meir en helming. Miðað við íbúatölu er lækkunin um 55%. Er þessi neyzluvöruinnflutningur á hvern íbúa svipaður og var árið 1941, en allmiklu meiri en var fyrir stríð, eða um 80%. Þess ber þó að gæta, auk þeirra atriða, sem áður eru nefnd, að um kjaraskerðingu, er samsvari þessu, er enn ekki að ræða, þar sem innflutningur áranna 1945—46 var það mikill, að fólk hlýtur að búa að honum um nokkurt árabil, hvað snertir varanlegar neyzluvörur, eins og alls konar tæki, húsgögn, fatnað og því um líkt. Þessum vörum getur þó verið mjög misjafnt skipt, og aukist innflutningurinn eða innlend framleiðsla ekki fljótlega að nýju, mun kjaraskerðingin í þessu tilliti nálgast þær tölur, sem hér hafa verið nefndar.

Það skal að endingu tekið fram til að forðast allan misskilning, að hér er á engan hátt vikið að því, hvort og að hve miklu leyti þessi þróun hefur verið óumflýjanleg, æskileg eða óæskileg, miðað við aðrar þarfir þjóðarinnar, heldur aðeins reynt að fá fram mynd þeirra breytinga, er raunverulega hafa átt sér stað.

Fylgiskjal II.

Ályktun samþykkt einróma af verkamannafélaginu Dagsbrún 29. nóv.

„Fundur í verkamannafélaginu Dagsbrún, haldinn 29. nóv. 1948, lítur svo á, að síðan dýrtíðarlögin voru sett og kaupgjaldsvísitalan lækkuð í 300 stig, hafi kjör verkamanna og annars láglaunafólks versnað svo mjög, að vinnutekjur þeirra nægi ekki til að framfleyta meðalfjölskyldu svo viðunandi sé, þar eð þau fyrirheit um stöðvun og lækkun dýrtíðarinnar, sem gefin voru þegar lögin voru sett, hafa ekki verið efnd, en verð á mörgum nauðsynjavörum hins vegar hækkað mjög tilfinnanlega á þessu ári og dýrtíðin færzt í aukana.

Þá telur fundurinn, að hinar tilfinnanlegu fórnir — 1600—2000 krónur — sem með dýrtíðarlögunum voru lagðar á hvern láglaunamann yfir þetta ár, hafi að mjög litlum hluta lent hjá þeim atvinnuvegi, sem þau áttu að bjarga, bátaútveginum, þar sem meginhluti af kaupgreiðslum hans er aflahlutur, heldur orðið að langmestu leyti orðinn gróði í höndum einstakra atvinnurekenda og braskara.

Fundurinn telur því með engu móti réttlætanlegt og því síður sanngjarnt, að áfram verði haldið að svipta verkalýðinn stórum hluta af samningsbundnu kaupi hans og naumum þurftarlaunum, og lýsir fundurinn því eindregið yfir sem skoðun sinni, að til þess að rétta hlut almennings verði vöruverðið að lækka og kaupmáttur launanna á þann hátt að aukast — eða launin að öðrum kosti að hækka.

Skorar fundurinn því eindregið á Alþingi að samþykkja nú þegar frumvarp Hermanns Guðmundssonar og Sigurðar Guðnasonar, þannig að launþegar fái greitt að fullu samningsbundið kaup sitt. Jafnframt verði gerðar raunhæfar ráðstafanir til að lækka dýrtíðina, svo sem með lækkun tolla á helztu neyzluvörum almennings, stórfelldum umbótum á innflutningsverzluninni, lækkun á kostnaði við rekstur ríkisins o. fl.“

Fylgiskjal III.

Ályktun samþykkt af afgreiðslumannadeild Verzlunarmannafélags Reykjavíkur 24. nóvember 1948.

„Aðalfundur afgreiðslumannadeildar VR 1948 skorar á Alþingi að breyta dýrtíðarlögunum nú þegar í það horf, að full dýrtíðaruppbót sé greidd til launþega samkvæmt vísitölu á hverjum tíma. Enn fremur telur fundurinn, að endurskoða þurfi vísitölugrundvöllinn og koma honum í réttlátara horf.“

Fylgiskjal IV.

Ályktun samþykkt af Starfsmannafélagi ríkisstofnana 20. okt. 1948.

„Fundur í Starfsmannafélagi ríkisstofnana, haldinn í Baðstofu iðnaðarmanna 20. okt. 1948, vill vekja athygli hæstvirtrar ríkisstjórnar og hv. Alþingis á eftirfarandi staðreyndum varðandi launalögin:

1. Kaup launþega, er teknir voru til samanburðar við samningu launalaganna 1944, hefur frá þeim tíma hækkað um 8 til 45%.
2. Þeir ríkisstarfsmenn, sem eru í lægstu launaflokkunum, geta ekki með núverandi verðlagi á lífsnauðsynjum lifað af launum sínum.

Að öðru leyti vill fundurinn benda á eftirfarandi:

a. Ákvæði launalaganna um aldurshækkanir hafa reynzt óframkvæmanleg hvað snertir lægri launaflokkana.
b. Stofnanir þær, er standa utan launalaganna, greiða yfirleitt hærri laun en launastigi þeirra laga gerir ráð fyrir.

c. Vegna ósamræmis um launakjör eru jafnvel dæmi þess, að opinberar stofnanir kaupi starfskrafta hver frá annarri.
d. Ríkið getur ekki tryggt sér þá starfskrafta, sem taldir eru beztir og hæfastir, vegna þess að einkarekstur og bæjarfélög bjóða mun betri kjör.
e. Vegna tregðu um afgreiðslu kaups- og kjaramála af hálfu stjórnarvaldanna, skapast oft óánægja og leiðindi, sem leiðir til ills eins.

Þetta allt veldur því, að fundurinn telur sjálfsagt réttlætismál, að launalögin verði þegar tekin til endurskoðunar og að samningar verði teknir upp við B.S.R.B. um samskipti ríkisvaldsins og ríkisstarfsmanna.

Rannveig Þorsteinsdóttir, formaður. Jón J. Símonarson, ritari.

Til hæstv. Alþingis."

Fylgiskjal V.

Ályktun samþykkt einróma af Verkamannafélaginu Hlíf í Hafnarfirði 2. sept. 1948.

„Fundur, haldinn í Verkamannafélaginu Hlíf fimmtudaginn 2. sept. 1948, lætur í ljós þá skoðun sína, að síðan kaupgjaldsvísitalan var lækkuð og bundin við 300 stig samkvæmt lögum frá Alþingi um s. l. áramót, þá hafi kjör verkamanna mjög versnað, þar sem síðan hefur orðið hækkun á mörgun nauðsynjavörum og þá sérstaklega nú síðla sumars.

Lítur fundurinn svo á, að nú þegar sé svo komið, að kaupgjald verkamanna nægi ekki til að framfleyta verkamanni með meðalfjölskyldu og að áframhald á vaxandi dýrtíð og bundinni kaupgjaldsvísitölu geri kjör verkamanna svo rýr, að enginn vegur sé við þau að una.

Því samþykkir fundurinn að skora alvarlega og eindregið á ríkisstjórn, verðlagsnefndir og aðra aðila, er hlut eiga að máli, að lækka nú þegar verð á nauðsynjavörum, svo og skorar fundurinn einnig á Alþingi, er nú kemur saman í næsta mánuði, að afnema lögbindingu kaupgjaldsvísitölunnar og samþykkja aðeins dýrtíðarráðstafanir, er fela það í sér, að byrðarnar lendi fyrst og fremst á þeim, er breiðust hafa bökin, það er stórgróða- og stóreignamönnum.

Þá ályktar fundurinn, að fyllstu nauðsyn beri til þess, að verkalýðurinn um land allt taki höndum saman til þess að rétta hinn skarða hlut sinn og verði verkalýðurinn nú að búa sig undir að grípa til róttækra ráðstafana, ef eigi næst fram lækkun á nauðsynjavörum og full uppbót á grunnkaup í samræmi við dýrtíðina eins og hún er á hverjum tíma."

Fylgiskjal VI.

Samþykktir 10. þings B. S. R. B. í launa- og dýrtíðarmálum.

Tíunda þing B. S. R. B. telur, að dýrtíðarlöggjöf sú, er sett var á síðasta Alþingi, hafi ekki fullnægt réttlætiskröfum um skiptingu byrða þeirra, er á þjóðfélagsþegnana voru lagðar. Þvert á móti er það staðreynd, að opinberir starfsmenn er sú stéttin í landinu, sem kjaraskerðing laganna hefur bitnað þyngst á. Er þetta þeim mun alvarlegra, þegar höfð er í hug sú staðreynd, að þessi stétt varð að bíða lengst allra stétta þjóðfélagsins eftir leiðréttingu á launakröfum sínum á verðbólguárunum, og hafa því launahækkanir opinberra starfsmanna aldrei verið orsök dýrtíðar, heldur ávallt afleiðing.

Vegna þeirra staðreynda, er hér hafa verið fram færðar, og ríkjandi öngþveitis í viðskipta- og fjármálum, hefur sá grundvöllur, er launalögin voru byggð á, raskazt svo mjög, að eigi verður lengur við unað. Fyrir því gerir 10. þing B. S. R. B. eftirfarandi áskoranir til hins háa Alþingis:

I.

a. Að þegar í stað verði skipuð milliþinganefnd, er endurskoði gildandi launalög, og verði álit hennar lagt fyrir næsta reglulegt Alþingi.
b. Til að bæta úr brýnustu nauðsyn og og til leiðréttingar á ríkjandi misrétti heimili Alþingi það, er nú situr, ríkisstjórninni að greiða opinberum starfsmönnum launauppbót, er nemur kjaraskerðingu þeirri, er sannanleg reynist.
c. Að dýrtíðarlöggjöfin frá síðasta Alþingi verði endurskoðuð nú þegar, og er í því sambandi eindregið mótmælt „verðhjöðnunarleiðinni“ og öðrum slíkum úrræðum í dýrtíðarmálunum, er leggja byrðarnar einhliða á herðar launþega og bænda.

II.

Þar sem vitað er, að því fer mjög fjarri, að núverandi vísitala sýni réttar breytingar á framfærslukostnaði, skorar þing B. S. R. B. á stjórnarvöldin að láta fara fram endurskoðun á reglum þeim, er liggja vísitöluútreikningnum til grundvallar.

III.

Tíunda þing B.S.R.B. telur brýna nauðsyn bera til þess, að hert verði á eftirliti með skattaframtölum, þar sem fullvíst má telja, að skattsvik þau, er viðgangast, þyngi mjög skattabyrðina á fastlaunuðu fólki. Enn fremur að persónufrádráttur verði aukinn í samræmi við raunverulegan framfærslukostnað. Þingið vill einnig ítreka samþykkt 9. þings B.S.R.B. um, að skattamálum hjóna verði breytt í það horf, að konur verði sjálfstæðir skattþegnar, ef þær vinna launuð störf.

10. þing B.S.R.B. álítur nauðsyn bera til þess, að skömmtunarmálunum og vörudreifingunni verði komið í það horf, að tryggð sé jöfn og réttlát dreifing nauðsynjavara og með því móti komið í veg fyrir okur og verzlun á svörtum markaði, þá vill þingið og benda á nauðsyn þess, að á verðlagseftirlitinu sé hert og það aukið til stórra muna.

Niðurlagsorð.

Þingið felur væntanlegri bandalagsstjórn að fylgja samþykktum þessum fast og eindregið eftir við Alþingi og ríkisstjórn og skorar á bandalagsfélögin að vinna einhuga með stjórninni að þessum málum.

Ed. 183. Nefndarálit [47. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 58 7. maí 1946, um menntaskóla.

Frá minni hl. menntamálanefndar.

Meiri hl. nefndarinnar hefur gert tillögu um, að frumvarp þetta verði samþykkt án breytinga. Hins vegar telur undirritaður ótímabært og undirbúning skorta til þeirrar lögfestingar um fjölgun menntaskóla, sem frv. gerir ráð fyrir.

Þegar barna- og unglingafræðslu lýkur, er á það að líta, að hverri menntagrein sníðist sem bezt stakkur eftir vexti, fræðslan aukin og örvuð þar, sem deyfð og vanþekking hamlar nauðsynlegu starfi fullorðinsáranna, en varúðar aftur gætt um hvatningu til fleiri en hóflega margra, þar sem framtíðarstarfið er þrengri takmörkum háð um fjölda sérmenntaðra manna til fullnægingar starfsgreininni.

Að vísu er stúdentspróf ekki lokatakmark á vegi menntunarinnar, heldur óhjá-

kvæmilegur spölur á námsleið þeirra, er sérfræðinám ætla sér á háskólum og annars staðar þar, sem gagnfræðamenntun nægir ekki til undirbúnings sérmenntunar. — Eigi verður því neitað, að greinum hinnar æðri menntunar fjölgar með ári hverju og að sú þróun, sem á sér stað hér á landi, krefst nú miklu fleiri háskólalærðra manna en áður var, en hins vegar verður ekki betur séð en að stúdentaviðkoman nú árlega nægi fyllilega, svo að hér skorti ekki á. Sé verulega umfram fullnægingu þessarar þarfar, verður stúdentamenntunin ofeyðsla á dýrmætum starfstíma nemandans, þótt alltaf megi segja þá menntun góða, sem eykur þekkingu og skýrir áttirnar.

Það er því ekki fjölgun menntaskóla, sem mestu máli skiptir nú, heldur hitt, að þeir menntaskólar, sem þegar eru reistir, vandi sem bezt starf sitt, að hlúð sé að þeim og þeir skili þeim stúdentafjölda, er útskrifast árlega, vel úr fóðrunum.

Hér skal það tekið fram, að mikla nauðsyn ber til, að flýtt verði að reisa og auka heimavistarhús við þá menntaskóla, sem nú eru, einkum með hliðsjón til þess, að fátækum nemendum, er heima eiga utan skólabæjanna, verði gert kleift að ná settu takmarki. Fyrir þá, sem hafa fjárhagslega erfiða aðstöðu, gæti slíkt, ef vel er á haldið, orðið notadrýgra en fjölgun skólanna, svo sem frv. gerir ráð fyrir.

Þegar þessi mál eru rædd, má ekki gleyma því, að stærstu bæirnir, þar sem menntaskólarnir eru nú (Reykjavík og Akureyri), hafa allt aðra og betri aðstöðu til góðrar kennslu en smærri skólar, dreifðir um landsbyggðina, ættu kost á. Í Reykjavík t. d. þyrfti eigi að vera skortur á úrvalskennaraliði, þar eru söfnin og fleiri slík hjálpargögn fyrir hendi, og fleira mætti í því sambandi benda á, er að gagni má verða námsmanninum, en lítt föng á annars staðar.

Þrátt fyrir það, er hér hefur verið bent á því til stuðnings, að fjölgun menntaskóla samkvæmt frv. sé ótímabær, skal það tekið fram, að þegar nauðsynlegur undirbúningur og önnur aðstaða beinir að því, að fjölga skuli skólum þessum, ætti slíkur menntaskóli að verða reistur í sveit. Hefur því fyrr verið hreyft á Alþingi, að svo verði gert, og frumvarp það, er hér liggur fyrir, ætlar tveim hinna þriggja nýju menntaskóla stað í sveit. En þá yrði líka að vanda til alls, svo að andrúmsloft sveitanna kæmist þar að og nyti sín. Slíkur menntaskóli mætti ekki verða í neinni þeirri hvirfingu, er kynni á leiðinlegan hátt að minna á það, er raskar rónni í stórbæjunum. Á skólasetur þau í sveit, sem frv. tilnefnir, skal hér enginn dómur lagður, hvort vel sé valið eða eigi. Hitt skal fullyrt, að þessar staðarákvarðanir frv. séu hvatlegar ákvarðanir, því að um ýmsa aðra hagkvæma staði mætti ræða. Er flutningur frv. einnig að þessu leyti án nægilegs undirbúnings og rannsóknar. Mál þetta verðskuldar gaumgæfilegan undirbúning og athugun, því að í sveit ætti að reisa næsta menntaskóla, svo sem hér hefur verið drepið á, en þá fyrst er ástæða þykir til að fjölga skólum þessum.

Það er ástæðulaust að ræða hér, hvern kostnað það mundi hafa í för með sér að fjölga skólunum samkv. frv., þar sem með áliti þessu er gert ráð fyrir, að málinu verði frestað fyrst um sinn, og auk þess á það að líta, að allar slíkar kostnaðaráætlanir reynast harla ótraustar nú á tímum, og jafnframt mundu tölur, er þar kæmu fram, verða til aukins ágreinings milli þeirra, sem sjaldnast hika, hvað sem fjárhæðunum líður, og svo hinna, er fá svima við að reikna slík dæmi.

Samkvæmt framanskráðu er hér lagt til, að frumvarpið verði afgreitt með svofelldri

RÖKSTUDDRI DAGSKRÁ:

Í trausti þess, að ríkisstjórnin hlynni sem bezt að þeim menntaskólum, sem nú eru í landinu, svo sem með því, að gerðar verði heimavistir fyrir fátæka utanbæjarnemendur, og taki jafnframt til athugunar, hvar hentast mundi síðar að reisa menntaskóla í sveit, ef skólum þessum yrði fjölgað, sem eigi þykir ástæða til að svo komnu, tekur deildin fyrir næsta mál á dagskrá.

Alþingi, 8. des. 1948.

Eiríkur Einarsson.

Nd. 184. Frumvarp til laga [98. mál]

um breyting á lögum nr. 66 17. júlí 1946, um atvinnu við siglingar á íslenzkum skipum.

Frá sjávarútvegsnefnd.

1. gr.

Aftan við 3. gr. laganna bætist nýr stafliður, svo hljóðandi:

c. Skipstjórnarmönnum og vélamönnum ber að afla á 5 ára fresti læknisvottorða þeirra, er um ræðir í lögum þessum.

2. gr.

Fyrir „15“ í 30. gr. laganna komi: 25.

3. gr.

1. Fyrir „15“ í 31. gr. laganna komi: 25.
2. Fyrir „50“ á tveim stöðum í sömu gr. komi: 75.

4. gr.

1. Fyrir „15“ í 32. gr. laganna komi: 25.
2. Fyrir „50“ á tveim stöðum í sömu gr. komi: 75.

5. gr.

Fyrir „50“ í 33. gr. laganna komi: 75.

6. gr.

1. Fyrir „50“ á tveim stöðum í 34. gr. laganna komi: 75.
2. Fyrir „15“ í sömu gr. komi: 50.

7. gr.

Fyrir „600“ í 35. gr. laganna komi: 900.

8. gr.

1. Fyrir „600“ í 36. gr. laganna komi: 900.
2. Í stað orðanna „50 hestafla vél í 12 mánuði“ í b-lið sömu gr. komi 75 hestafla vél í 18 mánuði.

9. gr.

37. gr. laganna orðist svo:

Sá einn hefur rétt til að vera yfirvélstjóri á mótorskipi með meira en 250, en ekki yfir 900 hestafla vél, svo og til að vera aðstoðarvélstjóri á mótorskipi með meira en 900 hestafla vél, sem fullnægir skilyrðum þeim, sem um ræðir í 38. gr.

10. gr.

1. Fyrir „600“ í 38. gr. laganna komi: 900.
2. a-liður sömu gr. orðist svo: hefur siglt sem undirvélstjóri á mótorskipi með yfir 250 hestafla vél í 18 mánuði eða sem yfirvélstjóri á mótorskipi með yfir 150 hestafla vél í 24 mánuði, eftir að hafa öðlazt skírteini það, sem ræðir um í 36. gr.

11. gr.

39. gr. laganna orðist svo:

Sá einn hefur rétt til að vera aðstoðarvélstjóri á mótorskipi með meira en 900 hestafla vél, sbr. þó 37. gr., eða undirvélstjóri á mótorskipi með meira en 900, en ekki yfir 1300 hestafla vél, sem öðlazt hefur skírteini það, sem um ræðir í 40. gr.

12. gr.

Upphaf 40. gr. laganna skal orða svo:

Sá einn getur öðlazt aðstoðarvélstjóraskírteini á mótorskipi með meira en 900 hestafla vél, sbr. þó 37. gr., eða undirvélstjóraskírteini á mótorskipi með meira en 900, — o. s. frv.

13. gr.

Fyrir „600“ í 41. gr. laganna komi: 900.

14. gr.

Fyrir „600“ í upphafi 42. gr. laganna komi: 900.

15 gr.

1. Fyrir „50“ í b- og c-liðum 48. gr. laganna komi: 75.
2. Fyrir „42. gr.“ í fyrri málsgr. sömu gr. komi: 38. gr., — og fyrir „40. gr.“ á tveimur stöðum í sömu málsgr. kemur á fyrri staðnum: 36. gr., — en í síðara skiptið 38. eða 40. gr.
3. Fyrir „40. gr.“ í f-, g- og h-liðum sömu lagagr. kemur: 38. gr.

16. gr.

Aftan við 55. gr. laganna komi ný málsgr., svo hljóðandi:

Atvinnumálaráðherra er því aðeins heimilt að veita undanþágu frá skilyrðum laga þessara um vélamenn á mótorskipum, að sannað sé hæfi manns til starfans hverju sinni.

17. gr.

Fyrir „þrjár vikur“ í 57. gr. laganna komi: sex vikur.

18. gr.

Aftan við ákvæði til bráðabirgða bætist nýtt ákvæði, svo hljóðandi:

Þeir menn skulu eiga rétt á að öðlast skírteini samkvæmt 36. gr., án frekara náms eða prófs, sem að öðru leyti fullnægja ákvæðum hennar og siglt hafa sem vélstjórar á mótorskipum með yfir 150 hestafla vél í 36 mánuði fyrir gildistöku laga nr. 51 frá 1946.

19. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi, og skal fella meginmál þeirra inn í lög nr. 66 frá 17. júlí 1946, um atvinnu við siglingar á íslenzkum skipum, og gefa þau út svo breytt.

Greinargerð.

Með bréfi, dags. 19. okt. 1948, sendi samgöngumálaráðuneytið sjávarútvegsnefnd Nd. frv. til laga um breytingu á lögunum um atvinnu við siglingar, sem stjórn Mótorvélstjórafélags Íslands hafði samið, ásamt umsögn vélfræðiráðunauts Fiskifélags Íslands, Þorsteins Loftssonar um frumvarpið, dags. 13. júlí 1948. Frv. þetta var og í fyrra til athugunar í sjávarútvegsnefnd og þá sent ráðuneytinu til athugunar.

Höfuðatriði frv. eru þau að veita vélstjórum, sem hafa stundað nám við hið meira vélstjóranámskeið Fiskifélags Íslands og hafa öðlazt fullan reynslutíma, rétt til þess að vera yfirvélstjórar við mótora allt að 900 ha og aðstoðarvélstjórar við hvaða mótor sem er. Sjávarútvegsnefnd hefur fallizt á að flytja frv., þó með nokkrum breytingum í samræmi við ábendingu Þorsteins Loftssonar. Nefndarmenn áskilja sér rétt til þess að flytja eða fylgja breytingartillögum, sem fram kunna að verða bornar.

Það er vert að benda hér á, að á flestum hinna stærri skipa okkar sigla vélstjórar með undanþágum, sem þó er engin heimild í lögum til að veita. Með frv. þessu, ef að lögum verður, munu flestir þessara manna öðlast rétt til þess starfs,

sem þeir gegna nú með undanþágu og óhjákvæmilegt er að láta þá starfa að, ef möguleikar eiga að vera á því að halda flotanum gangandi.

Frv., eins og það kom frá Mótorvélstjórafélagi Íslands, fylgdu svo hljóðandi athugasemdir:

Síðan skipan var fyrst gerð með lögum hér á landi um vélgæzlu á mótorskipum (lög nr. 50 frá 1924) hafa orðið gífurlega miklar breytingar á þeim atvinnuháttum hér og meiri en svo, að athafnir löggjafarvaldsins hafi hingað til haldizt í hendur við þær. Segja má samt, að þróun þessara mála hafi, sem í öðrum þeim atriðum, er varða siglingar landsmanna, horft í áttina til betri aðbúðar og aukins öryggis fyrir skip og áhöfn. Samt er nú svo komið, að sá kafli laganna um atvinnu við siglingar, sem frumvarp þetta er af risið, hefur orðið fyrir afturkipp, aðallega vegna samþykktar laga nr. 51 frá 1946, sem felld voru inn í lög nr. 68 frá 1945, sem voru síðan gefin út svo breytt sem lög nr. 66 frá 1946.

Hinir nýju tímar í athafnalífi þjóðarinnar krefjast aukinna krafta og aukinnar menntunar, til þess að menn geti notfært sér til fulls nýtízku atvinnutæki, og á þetta ekki sízt við um sjávarútveginn. Mótorvélar í skipum og bátum eru nú yfirleitt aflmeiri en þegar lög nr. 104 frá 1936 voru sett, og mun svo verða um skip þau, sem væntanleg eru til landsins. Fyrir þessu hefur ekki verið séð í tíma og skilyrði fyrir réttindum til vélgæzlu því ekki endurskoðuð svo vel sem skyldi og breytt til samræmis við núverandi aðstæður. Sakir þessa hefur undanfarið verið hörgull á vélstjórum, er hefðu rétt til vélgæzlu á hinum nýrri skipum. Var því gripið til þess úrræðis að veita mönnum, sem rétt höfðu til að gæta mótorvéla allt að 150 hestafla, undanþágu til þess að fara með aflmeiri vélar. Í ársbyrjun 1946 munu 63 menn hafa haft slíkar undanþágur, þar af 34 til að fara með vélar yfir 150 hestöfl allt að 400 hestöfl, en þessi voru þá mörkin fyrir þá menn, sem staðizt höfðu hið meira mótorvélstjórapróf Fiskifélags Íslands og siglt tólf mánuði sem yfirvélstjórar á mótorskipi með yfir 50 hestafla vél. Um þær mundir kom fram frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 68 frá 1945 í því skyni að auka rétt þeirra manna, er máttu fara með mótorvélar allt að 150 hestafla, þannig að þeir mættu fara með vélar allt að 250 hestafla. Var frv. þetta borið fram að ósk vélstjóra á Akranesi og í Vestmannaeyjum og náði samþykki með nokkrum breytingum sem fyrrgreind lög nr. 51 frá 1946. Lagasetning þessi mætti þó allharðri mótspyrnu af hálfu 10. þings Fiskimanna- og farmannasambands Íslands svo og Mótorvélstjórafélags Íslands, er töldu breytingar þessar miða að því að draga úr öryggi við vélgæzluna og þó einkum úr áhuga manna til þess að afla sér nauðsynlegrar menntunar í þessari grein. Einnig lögðu þessir aðilar áherzlu á það ójafnrétti, sem lagabreytingar þessar hafa valdið innan stéttarinnar.

Áður en þetta verður rakið nánar, skal hér aðeins minnzt á „reglur um, hvernig ákveða skuli hestöfl vélar" (auglýsing nr. 115 frá 21. júní 1945). Með þessum reglum var komið allmiklu raski á hestaflatölu véla, þar eð alveg sérstakar reglur, sem ekki eiga stoð í aflfræðinni, voru settar um vélar, sem hafa minna en 800 hestöfl. Þessar reglur voru bersýnilega settar með það eitt fyrir augum, að afla mönnum, sem lokið höfðu hinu minna mótorvélstjóraprófi, réttinda til þess að fara með stærri vélar en menntun þeirra heimilaði þeim samkvæmt þágildandi lögum, er settu markið við 150 hestöfl. Með reglum þessum og lögunum frá 1946 hefur þessu marki verið náð, og hafa minnaprófsmenn nú réttindi til að fara með vélar, sem hefðu eftir eldri reglunum reiknazt 325 hestöfl, ef um hraðgengar vélar ræðir, þar eð hestaflatala þeirra lækkar niður í um 200, þegar reiknað er eftir nýju reglunum. Hvor tveggja þessara ráðstafana hefur verið gerð með það fyrir augum að bæta úr skorti þeim, sem á mótorvélstjórum hefur verið, eins og fyrr var lýst. Hins vegar má það vera hverjum manni ljóst, að ekki fjölgar vélstjórum við þetta, heldur hefur það þau ein áhrif, að vélstjórar þeir, sem fyrir voru, taka nú við stærri skipum, en á hinum minni starfa ólærðir menn samkvæmt undanþágum, en lögin frá 1946 voru einmitt rökstudd með því, að þau gerðu undanþágur óþarfar. Má af framanrituðu gera sér

ljóst, að af þessu stafar alvarleg hætta fyrir framtíð þessarar atvinnugreinar, er dregið er úr menntunarkröfum í stað hins, sem sjálfsagt var að stuðla að í þessari stétt sem öðrum, að auka menntun og starfshæfi manna þeirra, sem þá atvinnu stunda.

Þeir mótorvélstjórar, sem lokið hafa meira námskeiði Fiskifélagsins og hafa öðlazt réttindi til að stjórna vélum allt að 400 hestafla, hafa hins vegar orðið fyrir því, að atvinnusvið þeirra hefur mjög þrengzt af völdum laganna. Að vísu gefa lögin þeim kost á að afla sér réttinda til að stjórna vélum allt að 600 hestafla gegn því að sækja tveggja mánaða aukanámskeið. Hér þykir rétt að vekja þegar athygli á því, að réttindaaukning handa þeim er algerlega bundin þessu aukanámskeiði, og kemur reynsla þeirra og langur siglingatími þeim ekki að neinu haldi, þótt þeir menn, sem staðizt hafa hið minna mótorvélstjórapróf Fiskifélagsins öðlist aukin réttindi samkvæmt bráðabirgðaákvæðum laganna, ef þeir hafa siglt í 4 ár sem vélstjórar, áður en lögin gengu í gildi. Við þetta bætist, að sé hin ráðgerða réttindaaukning meiraprófsmanna athuguð nánar, kemur í ljós, að hún er tylliboð eitt, þar eð svo hagar nú til, að ekkert skip er hér á landi með vél, er hafi milli 400 og 600 hestöfl, og engar líkur eru sjáanlegar til þess, að breyting verði á þessu fyrst um sinn. Hin varhugaverðasta afleiðing ástands þess, sem lýst hefur verið hér, er því sú, að hinir betur menntuðu vélstjórar og reyndari hætta siglingum og afla sér atvinnu við störf í landi, er svo er þrengt kosti þeirra. Jafnframt þessu hlýtur að draga úr því eða jafnvel taka alveg fyrir það, að menn sæki framvegis hið meira námskeið Fiskifélagsins, þegar ekki er um bætta atvinnumöguleika að ræða sem aukna hvöt mönnum til að afla sér betri þekkingar og reynslu í atvinnugrein sinni. Virðist slíkt ekki nema eðlilegt, þegar þess er gætt, hve gífurlegur munur er á kröfum þeim, sem gerðar eru nú um nám og undirbúning þessara tveggja flokka vélstjóra. Réttindi til að stjórna 250 hestafla vél eru bundin við 3 mánaða námskeið og 12 mánaða siglingartíma, en réttindi til að stjórna vél með milli 250 og 600 hestöfl eru bundin 10 mánaða námskeiðum, samanlögðum 24 mánaða smiðjutíma og 36 mánaða siglingatíma eða samtals 70 mánaða undirbúningi.

Þykir af öllu framanrituðu ljóst, að hér þarf skjótra og góðra aðgerða við, til þess að samræma megi kröfur þær, er aukinn skipastóll og öflugra atvinnulíf landsmanna gerir til vélstjóra, þær kröfur, sem þjóðin í heild og þó einkum sjómannastéttin gerir um aukið og vaxandi öryggi við siglingar vorar, og í því er það ekki minnsti þátturinn, að vandað sé til manna þeirra, sem skipa ábyrgðarstöður um borð í skipunum. Með frumvarpi þessu er gerð tilraun til þessa, þar sem bæði er þess gætt, að unnt verði að fá vélstjóra á hin nýju skip, svo og hins, að hvatning sé fyrir hendi til þess, að vélstjórar afli sér meiri menntunar og þjálfunar í grein sinni, og loks þess, að sjávarútvegurinn fái notið starfskrafta þeirra vélstjóra, sem þegar hafa varið bæði tíma sínum og fé til að auka starfshæfi sitt, en hafa, eins og áður segir, ekki orðið aðnjótandi tilhlýðilegra kjarabóta."

Skýringar við einstakar greinar eru felldar niður.

Ed. 185. Breytingartillaga [66. mál]

við frv. til l. um breyt. á l. nr. 84 6. júlí 1932, um bifreiðaskatt o. fl.

Flm.: Páll Zóphóníasson.

Við 1. gr.

a. Í stað „5 aura" komi: 10 aura.

b. Aftan við greinina bætist: Af innflutningsgjaldi því, sem innheimt er af benzíni eftir þessum lögum, skal greiða 5 aura af hverjum lítra, og rennur það í sérstakan sjóð, er nefnist brúasjóður. Alþingi ákveður síðar, hvenær fé skuli tekið úr brúasjóði og hvaða ár skuli hverju sinni brúaðar fyrir fé úr honum.

Ed. 186. Nefndarálit [93. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 62/1939, um tollskrá o. fl.

Frá fjárhagsnefnd.

Nefndin hefur athugað frv. og borið það saman við gildandi lög um sama efni. Leggja undirritaðir nefndarmenn til, að frv. verði samþykkt

Tveir nefndarmenn (BrB og BÓ) voru fjarstaddir.

Alþingi, 9. des. 1948.

Þorst. Þorsteinsson, frsm. Guðm. Í. Guðmundsson, fundaskr. Hermann Jónasson.

Ed. 187. Nefndarálit [92. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 60 1939, um gjald af innlendum tollvörutegundum.

Frá fjárhagsnefnd.

Fjárhagsnefnd hefur nú á fundi sínum athugað frv. þetta og borið það saman við gildandi lög um sama efni. Leggja undirritaðir nefndarmenn til, að frv. verði samþykkt.

Tveir nefndarmenn (BrB og BÓ) voru fjarstaddir.

Alþingi, 9. des. 1948.

Þorst. Þorsteinsson, frsm. Guðm. Í. Guðmundsson, fundaskr. Hermann Jónasson.

Ed. 188. Nefndarálit [66. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 84 6. júlí 1932, um bifreiðaskatt o. fl.

Frá fjárhagsnefnd.

Nefndin hefur athugað frv. og mælir með því, að frv. verði samþ. óbreytt. Á þeim fundi nefndarinnar, sem afgreiddi málið, voru aðeins staddir þrír undirritaðir nefndarmenn.

Alþingi, 9. des. 1948.

Guðm. Í. Guðmundsson, fundaskr., frsm. Hermann Jónasson. Þorst. Þorsteinsson.

Nd. **189. Nefndarálit** [56. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 20 20. maí 1942, um breyt. á l. nr. 6 9. jan. 1935, um tekjuskatt og eignarskatt.

Frá minni hl. fjárhagsnefndar.

Fjárhagsnefnd hefur klofnað um afstöðuna til frumvarps þessa, og hefur meiri hl., 4 nefndarmenn, lagt til, að það yrði fellt, en ég legg til, að það verði samþykkt.

Samkvæmt þessu frumvarpi, ef að lögum yrði, mundi persónufrádráttur hækka svo, að 5 manna fjölskylda í Reykjavík hefði skattfrjálsar árstekjur, er næmu 18 þús. kr.

Tilgangurinn með því að hafa ákveðna upphæð árstekna skattfrjálsa er að tryggja, að ekki sé heimtaður tekjuskattur af þeim tekjum, sem nauðsynlegar eru mönnum til lífsframfæris. Persónufrádrátturinn á því að miðast við það, að þjóðfélagið skattleggi alls ekki þurftartekjur manna.

1939 voru þurftartekjur þær, sem lagðar voru til grundvallar við vísitöluútreikninginn, áætlaðar 3853 kr., miðað við fjölskyldu með tæplega 5 manns í heimili. Ef reiknað er nú með réttri vísitölu á slíkar þurftartekjur, en sú vísitala er 405 samkvæmt útreikningi sérfræðinga á því sviði, þá væru slíkar þurftartekjur nú 15604 krónur, miðað við sömu lífsafkomu og var 1939. Hins vegar er vitanlegt, að öll lífsafkoma þjóðarinnar hefur batnað svo síðan þá, að það væri ekki nema sanngjarnt, þótt tryggt væri, að árstekjur, er nema 18000 kr., kæmu ekki undir tekjuskatt, þegar um 5 manna fjölskyldu væri að ræða.

Það sést bezt, hver sanngirni mælir með slíku, þegar athugað er, hverjar heildartekjur og eignir manna eru, og hef ég fengið frá Skattstofunni upplýsingar um tekjur og eignir Reykvíkinga 1947, svo að hægt sé að bera saman og sjá, hvort tekjur og eignir manna séu ekki það miklar, að sleppa megi fimm mann fjölskyldu við skatt á þurftartekjur sínar, 18 þús. kr.

Samkvæmt upplýsingum Skattstofunnar voru nettótekjur allra tekjuskattsgreiðenda í Reykjavík 1947 (en þeir voru 25 323 talsins) alls 591 894 100 kr. Þegar tillit er svo tekið til tekna þeirra, sem ekki komast í tekjuskatt, má óhætt áætla heildarnettótekjur Reykvíkinga yfir 600 milljónir. Ef skattar og útsvör er áætlað 100 milljónir, þá kemur í ljós, að rúmlega 50 þúsund Reykvíkinga hafa yfir 500 millj. kr. tekjur að frádregnum sköttum og útsvörum, eða nálægt 10 þús. kr. á hvern Reykvíking. Ef meðaltekjur 5 manna fjölskyldu í Reykjavík væru því jafnvel upp undir 50 000 kr., þá liggur í augum uppi, að sanngjarnt er að sleppa þeim 5 manna fjölskyldum, sem aðeins hafa 18 000 kr. árstekjur, við tekjuskatt og að þjóðfélagið hefur efni á því. Slíkt mundi létta nokkuð skattaáþján þá, sem þorri verkalýðs og millistétta nú stynur undir. Og það mundi einnig draga nokkuð úr því gífurlega misrétti, sem nú er á tekjum manna. Skal þess getið til að sýna, hve misjafnt er skipt, að af þeim 591 millj. kr., sem eru heildar-nettótekjur 25 þúsund Reykvíkinga, hafa 100 tekjuhæstu einstaklingar og félög 26 millj. kr. í nettótekjur og 200 tekjuhæstu alls 38 millj. kr.

Væru einhverjir, sem héldu, að með því að sleppa fjölskyldum verkamanna og millistétta við skatt á raunverulegar þurftartekjur, væri hinum tekjuhærri og efnaðri borgurum þjóðfélagsins íþyngt svo, að ekki yrði undir staðið, þá skal ég hér upplýsa, hvað Reykjavík snertir, hverjar eignir þar eru samkvæmt skattframtali, svo að ekki verði um það villzt, að nógu breið bök eru þar til að bera byrðarnar, þótt létt væri á bökum þeirra fátækustu, sem nú eru að sligast undir þeim.

Samkvæmt skýrslu Skattstofunnar til mín um nettóeign allra eignarskattsgreiðenda í Reykjavík 1947, — en þeir eru 13 104 talsins, — þá er heildar-nettóeign þeirra (sem sé skuldlaus eign) 632 345 900 kr. Eign 100 ríkustu félaga og einstaklinga er þar af 87 655 400 kr., en 200 ríkustu félaga og einstaklinga alls 117 694 200

kr. Í hópi þessara 200 ríkustu félaga og einstaklinga munu vera þrjú samvinnufélög, sem gefa reikninga sína opinberlega, svo að ég get upplýst, hverjar eignir þeirra samkvæmt skattframtali eru. Eru það þessi samvinnufélög og sambönd, og skuldlausar eignir þeirra samkv. skattframtali 31. des. 1947 tilgreindar fyrir aftan:

1.	Samband ísl. samvinnufélaga	4 104 000 kr.
2.	Sláturfélag Suðurlands	3 309 600 —
3.	Kaupfélag Rvíkur og nágrennis	854 300 —
	Samtals	8 267 900 kr.

Skuldlausar eignir 200 ríkustu hlutafélaga og einstaklinga í Rvík 1947 verða því, þegar þessi félög eru talin frá, 109 426 300 kr., og eru þá allar fasteignir uppfærðar með fasteignamati og öll hlutabréf með nafnverði. Er því erfitt að áætla söluandvirði slíkra eigna, þegar engin sundurliðun liggur fyrir, en vart er það undir 500—600 millj. kr. (Þess skal getið, að Eimskipafélag Íslands er ekki með í skattaframtali þessu).

Og þjóð, sem hefur látið 500—600 millj. kr. safnast skuldlausar í hendur 200 einkahlutafélaga og einstaklinga, hefur sannarlega efni á því að veita þeim borgurum sínum persónufrádrátt, sem hlífir raunverulegum þurftartekjum fjölskyldu við skatti.

Með því skattráni á alþýðu manna, sem nú viðgengst, er einungis verið að auka misréttið í þjóðfélaginu, gera þá fátæku fátækari og banna þeim að eignast nokkuð, — og gera þá ríku enn þá auðugri en þeir þegar eru orðnir.

Legg ég því til, að frv. verði samþykkt.

Alþingi, 9. des. 1948.

Einar Olgeirsson.

Nd. 190. Frumvarp til laga [80. mál]

um aðstoð til útvegsmanna, er síldveiðar stunduðu sumarið 1948.

(Eftir 2. umr. í Nd.)

1. gr.

Fé því, sem veitt verður í fjárlögum fyrir árið 1949 til stuðnings bátaútveginum vegna veiðibrests á síldveiðunum sumarið 1948, skal ráðstafa samkvæmt ákvæðum þessara laga.

2. gr.

Ríkissjóður getur leyst til sín lögveðskröfur og sjóveðskröfur á hendur þeim útgerðarmönnum og útgerðarfyrirtækjum, sem stunduðu síldveiðar sumarið 1948.

Enn fremur er heimilt að veita útgerðarmönnum og útgerðarfyrirtækjum lán samkvæmt lögum þessum, sem svara til krafna þeirra, er í 1. málsgr. eru taldar, ef aðilar hafa þegar greitt þær og þeim ella væri ókleift að halda áfram rekstri vegna aflabrests á síldarvertíðinni sumarið 1948.

Aðstoð ríkissjóðs samkvæmt 1. og 2. málsgr. þessarar greinar er því skilyrði bundin, að tryggt sé, að þessir aðilar geti haldið útgerð áfram næstu vetrarvertíð.

3. gr.

Lögveðsréttur og sjóveðsréttur á kröfum þeim, sem ríkissjóður innleysir samkvæmt 2. gr., helzt í fullu gildi í eitt ár frá innlausnardegi að telja, nema fyrningarfrestur sé lengri samkvæmt öðrum lögum.

4. gr.

Útgerðarmenn og útgerðarfyrirtæki, sem stunduðu síldveiðar sumarið 1948 og aðstoð fá samkvæmt 2. gr., skulu hafa greiðslufrest til 1. júlí 1949 á öllum skuldum og vöxtum af þeim, sem stofnað hefur verið til vegna útgerðarinnar.

Greiðslufrestur þessi nær ekki til þeirra krafna, sem tryggðar eru með lögveði eða sjóveði í eignum útgerðarmanna eða útgerðarfyrirtækja.

Tímabilið frá gildistöku laga þessara til 1. júlí 1949 telst ekki með fyrningartíma skulda, sem greiðslufrestur er veittur á, víxilréttar né neinna réttargerða.

5. gr.

Sjávarútvegsmálaráðherra skipar þriggja manna nefnd til að hafa á hendi innlausn lögveðskrafna og sjóveðskrafna samkvæmt 1. mgr. 2. gr. og lánveitingar samkvæmt 2. mgr. 2. gr. svo og aðra framkvæmd laga þessara. Lánþega er skylt að gefa nefndinni allar þær skýrslur, er hún telur nauðsynlegar. Með allar skýrslur varðandi lánin skal farið sem trúnaðarmál.

6. gr.

Lánveitinganefnd skal sannprófa eins og unnt er, hvort skjöl þau séu rétt, sem hún fær frá útgerðarmönnum og útgerðarfyrirtækjum. Nefndin ákveður, hver fjárhæð hvers láns skal vera. Einnig ákveður hún lánstíma og skiptingu afborgana. Lánstími má þó ekki vera yfir 10 ár. Ársvextir skulu vera 5%.

7. gr.

Ekkert lán má afgreiða né innleysa sjóveð fyrr en ráðherra hefur veitt samþykki sitt til þess.

Fiskveiðasjóður Íslands sér um afgreiðslu lánanna og um bókhald og innheimtu þeirra fyrir þóknun, sem ráðherra ákveður.

8. gr.

Ef lántakandi selur skip sitt eða aðrar eignir, sem settar hafa verið að tryggingu fyrir láninu, má innheimta lánið að nokkru eða öllu leyti þegar í stað.

9. gr.

Þeir, sem fá lán samkvæmt lögum þessum, eru skyldir að láta reikningaskrifstofu sjávarútvegsins í té reikninga um rekstur skipa þeirra, sem lánin eru við miðuð, í því formi, sem reikningaskrifstofan ákveður.

10. gr.

Ráðherra og lánveitinganefnd getur sett nánari reglur um alla framkvæmd laga þessara, ef þurfa þykir.

11. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Nd. 191. Frumvarp til laga [17. mál]

um kjötmat o. fl.

(Eftir 2. umr. í Nd.)

1. gr.

Í lögum þessum merkir:

Sláturfénaður: Sauðfé, nautgripi, hross, svín, alifugla o. s. frv.

Læknir: Dýralækni þann, er kjötskoðunina annast, eða hvern þann lækni eða læknanema, sem löggiltur hefur verið til starfsins samkvæmt 7. gr. laga þessara.

Kjötmatsmaður: Hvern þann undirkjötmatsmann, er lýtur yfirkjötmatsmanni.

2. gr.

Sláturfénaði, sem slátra á í því augnamiði að flytja kjötið nýtt, fryst, saltað eða á annan hátt verkað á erlendan markað eða til sölu og neyzlu innanlands, í kjötbúðum og öðrum opinberum sölustöðum, skal slátra í löggiltum sláturhúsum og frysting kjötsins fara fram í löggiltum frystihúsum. Atvinnumálaráðuneytið löggildir sláturhús og frystihús, að fengnum meðmælum frá yfirdýralækni eða hlutaðeigandi héraðsdýralækni, ef húsin eru að dómi þeirra svo fullkomin að gerð og öllum útbúnaði, að hægt sé þess vegna að fullnægja nauðsynlegum heilbrigðis- og hreinlætiskröfum.

Ráðherra getur þó, þar sem brýn nauðsyn krefur, leyft slátrun til eins árs í senn í sláturhúsum, sem ekki eru svo úr garði gerð, að löggilding geti farið fram á þeim, ef yfirdýralæknir eða hlutaðeigandi héraðsdýralæknir telja, að slátrun geti tekizt þar á viðunandi hátt, en stefna skal að því, að sem allra fyrst verði málum svo komið, að öll slátrun fari fram í löggiltum sláturhúsum, ef afurðirnar eru ætlaðar til sölu á opinberum markaðsstöðum, og getur ráðherra sett hlutaðeigandi aðilum ákveðinn frest til úrbóta.

Ráðherra setur reglur um útbúnað sláturhúsa og frystihúsa, að fengnum tillögum yfirdýralæknis og kjötmatsformanns.

3. gr.

Við gildistöku þessara laga skulu allir sláturleyfishafar senda atvinnumálaráðuneytinu umsóknir, þar sem þeir óska eftir, að fram fari löggilding húsa til slátrunar og frystingar á sláturafurðum, söltunar o. s. frv. Ráðuneytið sendir síðan yfirdýralækni eða hlutaðeigandi héraðsdýralækni umsóknirnar til umsagnar, sbr. 2. gr.

Hver sá, sem síðar hyggst að hefja slátrun sauðfjár eða annars sláturfénaðar í þeim tilgangi að selja afurðir á opinberum markaðsstöðum, skal senda atvinnumálaráðuneytinu slíka umsókn. Eftir fyrstu löggildingu annast yfirdýralæknir eða héraðsdýralæknar eftirlit með slátur- og frystihúsum í hlutaðeigandi umdæmum. Ráðuneytið heldur skrá yfir löggilt sláturhús og frystihús, þar sem hvert þeirra hefur sérstakt löggildingarmerki eða löggildingarnúmer, og skal númer þetta eða merki koma fram í kjötstimpli, sem notaður er til auðkennis í hlutaðeigandi sláturhúsi.

4. gr.

Nú fullnægir löggilt slátur- eða frystihús eigi lengur skilyrðum þeim, sem sett voru fyrir löggildingu, og ber þá dýralækni, sem eftirlitið hefur annazt, að skýra ráðuneytinu frá því tafarlaust. Setur ráðuneytið umráðamönnum hússins hæfilegan frest til að lagfæra það, sem ábótavant er, og fellur löggildingin niður, ef eigi er bætt úr göllunum innan hins ákveðna frests. Ráðuneytið tilkynnir þá jafnframt lögð, unz úr sé bætt.

5. gr.

Læknisskoðun skal fram fara á öllum sláturfénaði, sem um getur í lögum þessum, áður en slátrun fer fram, og mega ekki líða meira en 12 klst. frá þeirri skoðun og til slátrunar. Enn fremur skal heilbrigðisskoðun á öllu kjöti og innyflum af þeim sláturfénaði, sem um getur í lögum þessum, fara fram áður en afurðirnar eru boðnar til sölu nýjar á opinberum markaði og enn fremur áður en kæling, frysting, söltun eða önnur verkun fer fram. Að skoðun lokinni skal dýralæknir eða hver sá, sem löggiltur hefur verið til starfsins, merkja kjötið samkvæmt reglugerð, er ráðherra setur um heilbrigðisskoðun og merkingu á kjöti og innyflum. Enn fremur getur ráðherra sett reglur, að fengnum tillögum yfirdýralæknis, um læknisskoðun og merkingu annarra sláturfjárafurða, ef þörf krefur.

Í reglum þeim, sem ráðherra setur samkvæmt þessari grein, má ákveða hámarksþóknun fyrir læknisskoðun og merkingu kjöts og annarra sláturfjárafurða.

6. gr.

Sláturfjárafurðir, sem reynast spilltar eða sýktar, svo að hætta geti stafað af að nota þær til manneldis, eftir úrskurði kjötskoðunarlæknis, skulu þegar í stað ónýttar samkvæmt fyrirmælum ráðuneytisins, á þann hátt að tryggt sé, að engin hætta geti stafað af þeim.

Ekki má slátra í sláturhúsi sjúku sláturfé, er nokkur sýkingarhætta getur stafað af að áliti kjötskoðunarlæknis, nema sérstakur klefi sé til þeirra afnota einna í sláturhúsinu. Sjálfdauðar skepnur má ekki flytja inn í sláturhús né á lóð þess, nema til komi leyfi kjötskoðunarlæknis, enda geri hann sér þá þegar ljóst, hver dauðaorsökin hafi verið, og fyrirskipar ráðstafanir samkvæmt því.

7. gr.

Dýralæknar annast kjötskoðun og merkingu á kjöti og öðrum sláturfjárafurðum, sbr. 5. gr. laga þessara. Náist ekki til dýralæknis, skipar ráðherra, að fengnum tillögum yfirdýralæknis, lækni til starfsins, enda hafi hann lokið kjötskoðunarprófi hjá dýralækni hér á landi.

8. gr.

Allt kjöt og innyfli af sláturfénaði, sem um getur í lögum þessum, sem flutt er á erlendan markað eða til sölu innanlands í kjötbúðum og öðrum opinberum sölustöðum, skal metið, flokkað og merkt eftir tegundum og gæðum af kjötmatsmönnum, sem starfa undir umsjón yfirkjötmatsmanna.

Ráðuneytið setur reglugerð um flokkun, merkingu, frystingu, söltun, umbúðir, flutning og meðferð kjöts og innyfla, að fengnum tillögum kjötmatsformanns, framleiðsluráðs landbúnaðarins og helztu kjötsöluaðila.

Ef þörf þykir, getur ráðherra sett sérstakar reglur um slátrun, mat og merkingu á kjöti og innyflum til ákveðinna landa, eftir því hvaða kröfur eru gerðar í því efni.

9. gr.

Ráðherra skipar 4 yfirkjötmatsmenn, og hafi hver þeirra ákveðið starfssvæði.

Einn þeirra fjögurra skal ráðherra skipa kjötmatsformann, og skal hann hafa forgöngu um þau atriði í lögum þessum, er snerta verksvið yfirkjötmatsmanna. Einnig skal hann, eftir því sem við verður komið, gera athugun á kjöti og öðrum sláturfjárafurðum, sem fluttar eru á erlendan markað og til helztu sölustaða innan lands, og framkvæma yfirmat á þeim, er þurfa þykir.

Yfirkjötmatsmenn skulu hafa sem bezta þekkingu á kjöti og öðrum sláturfjárafurðum og öllu því, er lýtur að meðferð sláturfjárafurða.

Ráðuneytið setur yfirkjötmatsmönnum reglur um störf þeirra og ákveður umdæmi þeirra.

Ekki mega yfirkjötmatsmenn þiggja neina þóknun hjá þeim, er við kjötsölu eru riðnir, né heldur hafa með höndum sölu á kjöti utanlands né innan eða milligöngu í því efni, er þeir geti haft hagnað af.

Árslaun yfirkjötmatsmanna skulu vera kr. 900.00 og kjötmatsformanns kr. 1800.00.

Ferðakostnað í þágu yfirmatsins skulu þeir og fá greiddan samkvæmt reikningi, sem ráðuneytið úrskurðar.

Allan kostnað, sem af yfirmatinu leiðir, skal greiða úr ríkissjóði.

10. gr.

Lögreglustjóri skipar kjötmatsmenn, einn eða fleiri á hverjum slátrunarstað. Fer um tölu þeirra og val eftir tillögum yfirkjötmatsmanns.

Kjötmatsmenn annast hlutverk það og starf, sem þeim er falið með lögum þessum, samkvæmt reglugerð, sem ráðuneytið setur. Kaup kjötmatsmanna skal vera 25% hærra en venjulegt verkamannakaup á staðnum, þar sem matið fer fram, og greiða sláturleyfishafar, sem slátrunina framkvæma, kaupið.

Eigi mega kjötmatsmenn þiggja neina aukaþóknun eða hlunnindi hjá þeim, sem kjötverzlun annast, né sjálfir vera riðnir við sölu þess, svo að ætla megi þá hlutdræga í matinu.

Nú vanrækir kjötmatsmaður starf sitt, sýnir hlutdrægni við matið eða leysir það illa af hendi á einhvern hátt að dómi yfirkjötmatsmanns, og er yfirkjötmatsmanni þá heimilt að víkja honum frá um stundarsakir, en tilkynna skal hann hlutaðeigandi lögreglustjóra samstundis þessa ráðstöfun, sem þá víkur hinum brotlega kjötmatsmanni endanlega frá störfum og skipar annan matsmann í hans stað.

11. gr.

Í kaupstöðum og kauptúnum, þar sem eru 500 íbúar eða fleiri,, skal allt kjöt af skepnum, sem slátrað er þar eða flutt þangað nýtt og ætlað til sölu þar, skoðað og merkt af lækni þeim, er kjötskoðun annast þar á staðnum, og getur ráðuneytið sett nánari reglur þar um. Ákvæði þetta tekur þó ekki til kjöts, er áður hefur verið merkt og skoðað af kjötskoðunarlækni í löggiltu sláturhúsi. Kjöt, sem flutt er að frosið, kælt eða nýtt, skal flutt í þar til gerðum umbúðum, er læknir tekur gildar. Ráðuneytið getur einnig, ef ástæður þykja til, fyrirskipað sams konar kjötskoðun í kauptúnum, þar sem búa færri en 500 manns.

Nú eru nýjar sláturfjárafurðir fluttar til sölustaðar án þess að læknisskoðun hafi farið fram á þeim, og skal þá bæjarfélag eða hreppsfélag sjá fyrir löggiltu húsnæði til skoðunar á þeim gegn sanngjörnu gjaldi, er eigandi greiðir, samkvæmt nánari fyrirmælum ráðuneytisins.

Sé sláturhús á móttökustað eða sérstakar kjötmiðstöðvar, skal læknisskoðun fara þar fram og enn fremur gæðamat, samkvæmt reglugerð, sbr. 8. gr.

12. gr.

Í kaupstöðum og kauptúnum, sem lög þessi taka til, má eigi hafa ómerkt kjöt, nýtt eða frosið, í kjötbúðum eða öðrum sölustöðum.

13. gr.

Ráðherra getur sett reglur, að fengnum tillögum yfirdýralæknis, um útbúnað kjötbúða og annað, sem lýtur að verzlun með sláturfjárafurðir, og um það, hverjar vörur aðrar megi selja í kjötbúðum en þær, sem um ræðir í lögum þessum. Ráðherra getur einnig sett reglur, að fengnum tillögum yfirdýralæknis, um atvinnurekstur við tilbúning matvæla úr sláturfjárafurðum, svo sem pylsugerð, niðursuðu sláturfjárafurða og annað því um líkt.

14. gr.

Nú flytur einhver eða lætur flytja út kjöt til sölu á erlendan markað eða til sölu innanlands án þess að gæta fyrirmæla laga þessara um læknisskoðun, merkingu, mat og flokkun, og varðar það sektum frá kr. 500.00 til 25 000.00. Önnur brot gegn lögum þessum eða reglugerðum, sem settar verða samkvæmt þeim, varða sektum allt að kr. 10 000.00. Fara skal með mál út af brotum þessum sem almenn lögreglumál.

Um refsingu fyrir brot kjötskoðunarlækna, yfirkjötmatsmanna og kjötmatsmanna gegn ákvæðum þessara laga fer sem um refsingu fyrir brot opinberra starfsmanna.

15. gr.

Með lögum þessum eru úr gildi felld lög nr. 39 frá 19. júní 1933, um kjötmat o. fl., lög nr. 3 frá 1. febrúar 1936 og lög nr. 115 30. des. 1943, um breyting á lögum nr. 39 19. júní 1933, svo og reglugerðir þær, sem settar hafa verið, og auglýsingar, sem út hafa verið gefnar samkvæmt þeim lögum.

16. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Nd. 192. Frumvarp til laga [40. mál]

um breyting á lögum nr. 6 10. janúar 1935, um tekjuskatt og eignarskatt.

(Eftir 2. umr. í Nd.)

1. gr.

Aftan við 9. grein laga nr. 6 1935, um tekjuskatt og eignarskatt, komi nýr stafliður, svo hljóðandi:

e. Eignaauki, er stafar af aukavinnu, sem einstaklingar leggja fram utan reglulegs vinnutíma við byggingu íbúða til eigin afnota. Þessi ívilnun fellur þó burt að því leyti, sem vinnan kann að fást endurgreidd með söluhagnaði af íbúðinni samkv. e-lið 7. greinar. Fjármálaráðherra setur um þetta nánari reglur.

2. gr.

Tekjuskatt álagðan árið 1948 skal ákveða að nýju í samræmi við ákvæði 1. greinar, ef skattgreiðandi krefst þess innan þriggja mánaða frá gildistöku þessara laga.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Ed. 193. Nefndarálit [93. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 62/1939, um tollskrá o. fl.

Frá minni hl. fjárhagsnefndar.

Þegar Alþingi samþykkti tollahækkanir þær, sem í þessu frumv. felast, var ætlazt til, að þær yrðu aðeins til bráðabirgða. Nú er lagt til að framlengja þær ár eftir ár, og virðist einsætt, að nú er til þess ætlazt, að þessi mikla tollahækkun verði til frambúðar. Ég var andvígur þessum hækkunum, þegar þær voru gerðar að lögum í fyrsta sinn, og benti þá á, að þær mundu verða til þess að auka mjög dýrtíðina í landinu. Sú hefur líka orðið raunin á. Ég get þess vegna því síður fallizt á, að þær verði gerðar að föstum tekjustofni, og legg til, að frumv. verði fellt.

Alþingi, 10. des. 1948.

Brynjólfur Bjarnason.

Nd. 194. Breytingartillögur [80. mál]

við frv. til l. um aðstoð til útvegsmanna, er síldveiðar stunduðu sumarið 1948.

Frá Áka Jakobssyni.

1. Við 2. gr. Í stað 1. og 2. mgr. kemur:
   Ríkisstjórninni er heimilt f. h. ríkissjóðs að lána útgerðarmönnum og útgerðarfyrirtækjum, sem síldveiðar stunduðu sumarið 1948, upphæð, er nægi til þess, að þeir geti leyst af skipunum allar lögveðs- og sjóveðskröfur, hvort sem lögveð eða sjóveð hefur verið á lagt eða skipunum verið forðað frá því með

bráðabirgðalánum, sem útgerðarmenn eða útgerðarfyrirtæki hafa tekið og þeim ella væri ókleift að halda áfram rekstri vegna aflabrests á síldarvertíðinni 1948.
2. Við 3. gr. Greinin fellur niður.
3. Við 5. gr. Upphaf greinarinnar orðist svo:
   Alþingi kýs 5 manna nefnd ..... o. s. frv.
4. Við 6. gr. Fyrsti málsl. („Lánveitinganefnd ..... útgerðarfyrirtækjum") fellur burt.
5. Við 7. gr. Orðin „né innleysa sjóveð" í fyrri málsgr. falla niður.

Nd. 195. Breytingartillaga [80. mál]

við frv. til l. um aðstoð til útvegsmanna, er síldveiðar stunduðu sumarið 1948.

Frá meiri hl. sjávarútvegsnefndar.

Við 5. gr. Fyrir „þriggja" í upphafi gr. kemur: fimm.

Nd. 196. Breytingartillaga [80. mál]

við frv. til l. um aðstoð til útvegsmanna, er síldveiðar stunduðu sumarið 1948.

Frá Lúðvík Jósefssyni.

Á eftir 10. gr. komi ný gr. (11. gr.) svo hljóðandi:
Ríkisstjórnin skal nú þegar auglýsa fast lágmarksverð á vetrarsíld, sem nemi 40 kr. fyrir hvert síldarmál (135 kg), miðað við afhendingu síldarinnar á Faxaflóahöfnum.

Ed. 197. Frumvarp til laga [80. mál]

um aðstoð til útvegsmanna, er síldveiðar stunduðu sumarið 1948.

(Eftir 3. umr. í Nd.)

1. gr.

Fé því, sem veitt verður í fjárlögum fyrir árið 1949 til stuðnings bátaútveginum vegna veiðibrests á síldveiðunum sumarið 1948, skal ráðstafa samkvæmt ákvæðum þessara laga.

2. gr.

Ríkissjóður getur leyst til sín lögveðskröfur og sjóveðskröfur á hendur þeim útgerðarmönnum og útgerðarfyrirtækjum, sem stunduðu síldveiðar sumarið 1948.

Enn fremur er heimilt að veita útgerðarmönnum og útgerðarfyrirtækjum lán samkvæmt lögum þessum, sem svara til krafna þeirra, er í 1. málsgr. eru taldar, ef aðilar hafa þegar greitt þær og þeim ella væri ókleift að halda áfram rekstri vegna aflabrests á síldarvertíðinni sumarið 1948.

Aðstoð ríkissjóðs samkvæmt 1. og 2. málsgr. þessarar greinar er því skilyrði bundin, að tryggt sé, að þessir aðilar geti haldið útgerð áfram næstu vetrarvertíð.

3. gr.

Lögveðsréttur og sjóveðsréttur á kröfum þeim, sem ríkissjóður innleysir samkvæmt 2. gr., helzt í fullu gildi í eitt ár frá innlausnardegi að telja, nema fyrningarfrestur sé lengri samkvæmt öðrum lögum.

4. gr.

Útgerðarmenn og útgerðarfyrirtæki, sem stunduðu síldveiðar sumarið 1948 og aðstoð fá samkvæmt 2. gr., skulu hafa greiðslufrest til 1. júlí 1949 á öllum skuldum og vöxtum af þeim, sem stofnað hefur verið til vegna útgerðarinnar.

Greiðslufrestur þessi nær ekki til þeirra krafna, sem tryggðar eru með lögveði eða sjóveði í eignum útgerðarmanna eða útgerðarfyrirtækja.

Tímabilið frá gildistöku laga þessara til 1. júlí 1949 telst ekki með fyrningartíma skulda, sem greiðslufrestur er veittur á, víxilréttar né neinna réttargerða.

5. gr.

Sjávarútvegsmálaráðherra skipar fimm manna nefnd til að hafa á hendi innlausn lögveðskrafna og sjóveðskrafna samkvæmt 1. mgr. 2. gr. og lánveitingar samkvæmt 2. mgr. 2. gr. svo og aðra framkvæmd laga þessara. Lánþega er skylt að gefa nefndinni allar þær skýrslur, er hún telur nauðsynlegar. Með allar skýrslur varðandi lánin skal farið sem trúnaðarmál.

6. gr.

Lánveitinganefnd skal sannprófa eins og unnt er, hvort skjöl þau séu rétt, sem hún fær frá útgerðarmönnum og útgerðarfyrirtækjum. Nefndin ákveður, hver fjárhæð hvers láns skal vera. Einnig ákveður hún lánstíma og skiptingu afborgana. Lánstími má þó ekki vera yfir 10 ár. Ársvextir skulu vera 5%.

7. gr.

Ekkert lán má afgreiða né innleysa sjóveð fyrr en ráðherra hefur veitt samþykki sitt til þess.

Fiskveiðasjóður Íslands sér um afgreiðslu lánanna og um bókhald og innheimtu þeirra fyrir þóknun, sem ráðherra ákveður.

8. gr.

Ef lántakandi selur skip sitt eða aðrar eignir, sem settar hafa verið að tryggingu fyrir láninu, má innheimta lánið að nokkru eða öllu leyti þegar í stað.

9. gr.

Þeir, sem fá lán samkvæmt lögum þessum, eru skyldir að láta reikningaskrifstofu sjávarútvegsins í té reikninga um rekstur skipa þeirra, sem lánin eru við miðuð, í því formi, sem reikningaskrifstofan ákveður.

10. gr.

Ráðherra og lánveitinganefnd geta sett nánari reglur um alla framkvæmd laga þessara, ef þurfa þykir.

11. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Nd. 198. Frumvarp til laga [99. mál]

um framlenging á gildi laga nr. 33 7. maí 1928, um skattgreiðslu h/f Eimskipafélags Íslands.

Frá meiri hl. fjárhagsnefndar.

1. gr.

Lög nr. 33 7. maí 1928, um skattgreiðslu h/f Eimskipafélags Íslands, skulu gilda árin 1949 og 1950, enda verji félagið tekjuafgangi sínum, þá er það hefur greitt hluthöfum 4% arð, venjuleg sjóðstillög og útsvar samkvæmt framangreindum lögum, til kaupa á skipum eða á annan hátt í þágu samgöngumála.

2. gr.

Lög þessa öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Eins og kunnugt er, hefur h/f Eimskipafélag Íslands með vissum skilyrðum undanfarið notið undanþágu frá greiðslu tekju- og eignarskatts og frá greiðslu hærra útsvars en 5% af nettó ágóða, þar sem það hefur aðalaðsetur sitt.

Undanfarið hefur félagið bætt hag sinn, en þrátt fyrir það virðist ekki ástæða til að fella niður hlunnindi þau, er félagið hefur notið. Rétt þykir þó, að ákveðið sé í lögunum, að tekjuafgangi sé varið eingöngu til samgöngubóta.

Frumvarp þetta er samhljóða lögum nr. 76 5. júní 1947 viðvikjandi árunum 1947 og 1948.

Nd. 199. Nefndarálit [89. mál]

um frv. til l. um tekjuskattsviðauka árið 1949.

Frá fjárhagsnefnd.

Nefndin leggur til, að frv. verði samþykkt, en væntir þess jafnframt, að ríkisstjórnin leggi fyrir Alþingi eftir næstu áramót frumvarp um ný skattalög, byggt á athugunum nefndar þeirrar, sem unnið hefur að undirbúningi þess máls undanfarið.

Alþingi, 11. des. 1948.

Ásg. Ásgeirsson, form., frsm. Hallgr. Benediktsson, fundaskr. Skúli Guðmundsson.

Einar Olgeirsson. Jóhann Hafstein.

Nd. 200. Nefndarálit [90. mál]

um frv. til l. um heimild fyrir ríkisstjórnina til að innheimta ýmis gjöld 1949 með viðauka.

Frá fjárhagsnefnd.

Nefndin leggur til, að frv. verði samþykkt. — EOl áskilur sér rétt til að flytja breytingartillögu.

Alþingi, 11. des. 1948.

Ásg. Ásgeirsson, form., frsm. Hallgr. Benediktsson, fundaskr. Skúli Guðmundsson.

Einar Olgeirsson. Jóhann Hafstein.

Nd. 201. Nefndarálit [27. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 84 6. júlí 1932, um bifreiðaskatt o. fl.

Frá fjárhagsnefnd.

Nefndin leggur til, að frv. verði samþykkt. — EOl greiddi ekki atkvæði.

Alþingi, 11. des. 1948.

Ásg. Ásgeirsson, form., frsm. Hallgr. Benediktsson, fundaskr. Skúli Guðmundsson.
Einar Olgeirsson. Jóhann Hafstein.

Ed. 202. Breytingartillaga [66. mál]

við brtt. á þskj. 185 (Bifreiðaskattur).

Frá Ásmundi Sigurðssyni.

Í stað síðari málsl. b-liðar kemur: Fé brúasjóðs skal varið til brúargerða á stærstu fljót landsins, og skal fyrst byggja brú á Jökulsá í Lóni.

Nd. 203. Breytingartillaga [90. mál]

við frv. til l. um heimild fyrir ríkisstjórnina til að innheimta ýmis gjöld 1949 með viðauka.

Frá fjárhagsnefnd.

Við 1. gr. frv. bætist ný málsgr., svo hljóðandi:
Enn fremur heimilast ríkisstjórninni að innheimta á sama tíma með 50% viðauka eignarskatt samkv. 14. gr. l. nr. 6 9. jan. 1935, álagðan á árinu 1949.

Nd. 204. Breytingartillögur [40. mál]

við frv. til l. um breyt. á l. nr. 6 9. jan. 1935, um tekjuskatt og eignarskatt.

Frá Einari Olgeirssyni.

1. Við 1. gr. Greinin orðist svo:
Við 10. gr. l. nr. 6 1935, um tekjuskatt og eignarskatt, komi nýr stafliður, svo hljóðandi:
h) eigin vinnu gjaldanda við hús eða íbúð, sem hann ætlar til eigin afnota, enda sé sú vinna umfram venjulega atvinnu gjaldanda. Samsvarandi frádrátt eftir mati skattanefndar (skattstjóra) má veita þeim, sem er að byggja hús eða íbúð til eigin afnota, sem ekki hefur aðstöðu atvinnunnar vegna til þess að vinna við það sjálfur, en hefur í þess stað, unnið fyrir peningatekjum umfram venjulegar atvinnutekjur. Ef gjaldandi selur hús eða íbúð, sem þannig

er ástatt um, innan 5 ára, skal honum reiknuð hin frádregna vinna eða tekjur til skattskyldra tekna og skattálagningar, þó svo, að þeim skal deilt niður á jafnmörg ár og þeirra var aflað á. Nánari reglur um þennan frádrátt setur ráðherra með reglugerð.

2. Við 2. gr. Greinin orðist svo:
Tekjuskatt álagðan árin 1944—48 skal ákveða að nýju í samræmi við ákvæði 1. gr., ef skattgreiðandi krefst þess innan 6 mánaða frá gildistöku þessara laga.
3. Á eftir kemur ný grein (3. gr.) svo hljóðandi:
Ákvæði 1. og 2. gr. laga þessara gilda um álagningu útsvara, og er bæjarstjórnum og hreppsnefndum skylt, ef útsvarsgjaldandi krefst þess innan 6 mánaða frá gildistöku laganna, að lækka útsvör álögð árin 1944—48 samkvæmt ákvæðum 1. og 2. gr. laganna.

Ed. 205. Nefndarálit [80. mál]

um frv. til l. um aðstoð til útvegsmanna, er síldveiðar stunduðu sumarið 1948.

Frá sjávarútvegsnefnd.

Nefndin hefur rætt frv. á 3 fundum. Mættu til viðtals við nefndina forsætisráðherra og sjávarútvegsmálaráðherra og enn fremur framkvæmdarstjóri Landssambands ísl. útvegsmanna. Ræddi nefndin við þá breytingartillögur þær, sem fram höfðu komið frá einstökum nefndarmönnum. Var nefndin sammála um, að nokkrar breytingar á frumvarpinu væru til bóta, og féllust ráðherrarnir á þá skoðun nefndarinnar. Tveir nefndarmenn (GJ og StgrA) töldu nauðsynlegt að breyta allverulega ákvæðum 4. gr., en um það atriði fékkst ekki samkomulag, hvorki við nefndina né ríkisstjórn. Skrifa þeir því undir nefndarálitið með fyrirvara og munu bera fram breytingartillögur við þá grein.

Einn nefndarmanna (BÓ) var fjarstaddur vegna ferðalaga erlendis og tók því ekki þátt í afgreiðslu málsins.

Nefndin leggur því til, að frumvarpið verði samþykkt með eftirfarandi

BREYTINGUM.

1. Við 2. gr. Aftan við 2 mgr. bætist: Hafa þau lán sama forgangsrétt fyrir öðrum skuldum sem þær lögveðskröfur og sjóveðskröfur, er inn kunna að verða leystar samkv. 1. mgr. þessarar greinar.
2. Við 3. gr. Aftan við greinina bætist: Lögveðskröfur og sjóveðskröfur, sem kunna að myndast eftir gildistöku þessara laga, hafa þó ávallt forgangsrétt fyrir hinum innleystu kröfum samkv. 2. gr.
3. Við 6. gr. Í stað orðsins „Lánveitinganefnd“ í upphafi greinarinnar komi: skilanefnd.
4. Við 10. gr. Í stað orðsins „lánveitinganefnd“ í meginmálsgreininni komi: skilanefnd.

Alþingi, 13. desember 1948.

Gísli Jónsson, form., frsm., með fyrirvara. Björn Kristjánsson, fundaskr. Steingr. Aðalsteinsson, með fyrirvara.

Sigurjón Á. Ólafsson.

Ed. **206. Breytingartillögur** [80. mál]

við frv. til l. um aðstoð til útvegsmanna, er síldveiðar stunduðu sumarið 1948.

Frá Gísla Jónssyni og Steingrími Aðalsteinssyni.

Við 4. gr.

a) Í stað orðanna „1. júlí“ tvisvar í greininni komi: 1. október.
b) Við 1. mgr. bætist: Þetta ákvæði nær þó ekki til lausaskulda. Hins vegar má ekki gera fjárnám í eigum útgerðar til 1. október 1949 til tryggingar þeim skuldum, þótt ekki hafi náðst samkomulag um greiðslu.

Nd. **207. Frumvarp til laga** [100. mál]

um innflutning og úthlutun jeppabifreiða til landbúnaðarþarfa o. fl.

Flm.: Jón Sigurðsson, Jörundur Brynjólfsson, Sigurður Bjarnason, Jón Gíslason, Ásgeir Ásgeirsson, Sigfús Sigurhjartarson.

1. gr.

Meðan innflutningur og gjaldeyrisviðskipti eru háð ákvörðunum ríkisvaldsins, ákveður ríkisstjórnin eða sá aðili, er fer með þessi mál fyrir hennar hönd, tölu þeirra jeppabifreiða eða annarra slíkra bifreiða, sem heimilt er að flytja til landsins til landbúnaðarþarfa ár hvert. Með innflutningi þessum skal að því stefnt að fullnægja, svo fljótt sem verða má, þörfum bænda fyrir þessar bifreiðar og að nægur forði af varahlutum til þeirra sé ávallt fyrirliggjandi í landinu. Gjaldeyris- og innflutningsleyfi fyrir þessum bifreiðum skal bundið því skilyrði, að innflytjandi afhendi þeim, er öðlazt hafa kauprétt samkv. lögum þessum, bifreiðarnar fyrir hæfilegt verð, að dómi verðlagsyfirvaldanna.

2. gr.

Úthlutun þeirra bifreiða, er um ræðir í 1. gr., annast 5 manna nefnd. Skulu 2 þeirra kosnir af stjórn Búnaðarfélags Íslands, 2 af stjórn Stéttarsambands bænda og einn af landbúnaðarnefndum Alþingis. Kosning þeirra gildir til 2 ára. Nefndin kýs sér sjálf formann. Kostnaður við störf nefndarinnar greiðist af hlutaðeigandi aðilum í réttu hlutfalli við þátttöku þeirra í nefndinni.

3. gr.

Bifreiðar, sem nefndin fær til ráðstöfunar, má hún aðeins afhenda bændum eða mönnum, er starfa að búum þeirra og í félagi við þá og eru heimilisfastir í sveitinni og stofnunum landbúnaðarins og starfsmönnum þeirra, skógrækt og sandgræðsla með talin, sem verða vegna starfa sinna í sveitunum að ferðast mikið með bifreiðum. Tala þeirra bifreiða, sem afhentar eru stofnunum og starfsmönnum þeirra, má þó ekki fara yfir 1/25 af úthlutaðri bifreiðatölu hverju sinni, nema nefndin gjaldi því samhljóða jákvæði.

4. gr.

Nefndin aflar sér árlega svo áreiðanlegra upplýsinga sem föng eru á um tölu þeirra býla á landinu, er geta haft full not jeppabifreiða til flutninga að og frá heimilum sínum meiri hluta ársins. Að fengnum þessum upplýsingum og tilkynningu gjaldeyrisyfirvaldanna um væntanlegan innflutning jeppabifreiða á árinu, tekur nefndin ákvörðun um skiptingu bifreiðanna milli sveitarfélaga. Við skiptin skal þess gætt, að bifreiðarnar skiptist milli búnaðarfélaganna í sem réttustu hlutfalli við

tölu þeirra búenda í hverju búnaðarfélagi, sem geta haft bifreiðanna not, eins og áður er sagt, enda sé þá tekið fullt tillit til þeirra jeppabifreiða, sem áður hefur verið úthlutað. Að skiptum loknum tilkynnir nefndin formönnum búnaðarfélaganna tölu þeirra bifreiða, sem væntanlega koma til úthlutunar í félagið á því ári.

5. gr.

Stjórnir hreppabúnaðarfélaga taka á móti umsóknum bænda um jeppabifreiðar, hver af sínu félagssvæði. Nú berast búnaðarfélagsstjórn umsóknir um fleiri jeppabifreiðar en úthlutað verður í hreppinn á því ári, og gerir hún þá tillögu um, hverjum af umsækjendunum hún vill mæla með að því sinni, og sendir tillöguna að því búnu ásamt rökstuddri greinargerð fyrir henni til úthlutunarnefndar. Verði búnaðarfélagsstjórn ekki á eitt sátt, er minni hlutanum heimilt að senda einnig tillögur sínar ásamt greinargerð fyrir þeim til nefndarinnar.

6. gr.

Stjórnir hreppabúnaðarfélaga skulu leitast við í tillögum sínum um úthlutun jeppabifreiða að fylgja eftirgreindum reglum:

1. Að þeir einir komi til greina, er geta haft full not bifreiðarinnar til flutninga að og frá heimilum sínum meiri hluta ársins.
2. Að bændur gangi fyrir öðrum hreppsbúum.
3. Að þeir bændur sitji í fyrirrúmi, er afskekktast búa eða eiga lengsta leið á þjóðveg.
4. Að öðru jöfnu skulu þeir ganga fyrir, sem mesta hafa flutningaþörfina.
5. Nú er ekki teljandi mismunur á aðstöðu umsækjenda samkvæmt 2. og 3. lið, og skal þá láta 2 eða fleiri bændur, sem sameinast um eina bifreið, ganga fyrir einstaklingum.

Óheimilt er að úthluta jeppabifreiðum til þeirra, sem áður hafa fengið slíkar bifreiðar við úthlutun, eiga keyrslufæra fólksbifreið eða hafa keyrslufæra fólksbifreið á heimili sínu. Nú hefur sveitarheimili keyrslufæra vörubifreið, og kemur það heimili því aðeins til greina við úthlutun, að ekki liggi fyrir umsóknir frá öðrum, er hafa óskoraðan rétt til úthlutunar jeppabifreiða.

7. gr.

Þegar úthlutunarnefnd hafa borizt tillögur frá stjórnum hreppabúnaðarfélaganna og hefur athugað þær ásamt öðrum upplýsingum, ef fyrir liggja og að þessu lúta, úthlutar hún bifreiðunum samkv. þeim reglum, er um ræðir í 6. gr. Að lokinni úthlutun sendir nefndin stofnunum landbúnaðarins og stjórnum hreppabúnaðarfélaga tilkynningu um, hverjir af umsækjendum þeirra fái úthlutað jeppabifreið. Óheimilt er að afhenda bifreið fyrr en úthlutunarnefnd hefur borizt skrifleg yfirlýsing frá stjórn hlutaðeigandi stofnunar eða búnaðarfélags um, að hún skuldbindi sig að hlutast til um, að eigandi bifreiðarinnar hlíti fyrirmælum laganna í öllum greinum, og tilkynna nefndinni, ef út af ber.

8. gr.

Bifreiðar, sem úthlutað er til landbúnaðarstofnana eða starfsmönnum þeirra samkv. 3. gr., er óheimilt að selja án samþykkis úthlutunarnefndar. Nú hættir slíkur starfsmaður störfum hjá félaginu eða stofnuninni, er hann hefur unnið hjá, og skal hann þá afhenda bifreiðina þeim aðila, er útvegaði honum bifreiðina, nema úthlutunarnefnd heimili annað eftir tillögum hlutaðeigandi forstöðumanns eða félagsstjórnar.

Aðrar jeppabifreiðar, sem úthlutað er samkv. ákvæðum laga þessara til afnota í ákveðnum sveitarfélögum, er óheimilt að selja, gefa eða flytja burt úr hreppnum án samþykkis stjórnar hlutaðeigandi búnaðarfélags, sem hlutast til um, að bifreiðin sé áður auglýst til kaups fyrir hreppsbúa.

Nú vilja hreppsbúar ekki kaupa bifreiðina, og skal eigandi þá bjóða hana úthlutunarnefnd til ráðstöfunar, enda ábyrgist hún honum andvirði bifreiðarinnar. Vilji nefndin ekki sinna boði seljanda, eða honum hefur ekki borizt svar frá nefndinni mánuði eftir að víst er, að tilboðið barst henni í hendur, er eiganda heimilt að ráðstafa bifreiðinni.

Jeppabifreiðar, sem um ræðir í lögum þessum, má ekki selja yfir kostnaðarverði að frádreginni hæfilegri fyrningu og skemmdum á bifreiðinni, ef einhverjar eru.

9. gr.

Nú þykir augljóst, að kaupandi, sem fengið hefur jeppabifreið fyrir atbeina úthlutunarnefndar, hefur notað sér yfirvarp til að eignast hana, þ. e. notar hana t. d. ekki á heimili sínu eða í sambandi við starf sitt eða atvinnurekstur, og ber nefndinni þá að krefjast þess, að bifreiðinni verði skilað aftur til nefndarinnar.

10. gr.

Bifreið, sem ráðstafað hefur verið gagnstætt ákvæðum laga þessara, skal afhent úthlutunarnefnd gegn upphaflegu kostnaðarverði að frádreginni fyrningu og skemmdum, er dómkvaddir menn meta.

11. gr.

Stjórnum hreppabúnaðarfélaga ber skylda til, hverri á sínu félagssvæði, að fylgjast með því, að fyrirmælum þessara laga sé fylgt, og tilkynna úthlutunarnefnd, ef út af ber, en úthlutunarnefnd hlutast til um rannsókn málsins.

12. gr.

Heimilt er landbúnaðarráðherra að setja með reglugerð samkvæmt tillögum úthlutunarnefndar ákvæði, er tryggi réttláta dreyfingu stærri og minni dráttarvéla til landbúnaðarþarfa.

13. gr.

Brot gegn lögum þessum og reglugerð varða sektum frá 200—10000 kr.

Greinargerð.

Með því að vonir standa til, að fyrir atbeina Alþingis og ríkisstjórnarinnar verði hafinn að nýju innflutningur og úthlutun jeppabifreiða til landbúnaðarþarfa, þykir flutningsmönnum þessa frv. tímabært, að Alþingi setji fyrirmæli um nokkur atriði, er máli skipta í þessu sambandi. Með frv. er að því stefnt að tryggja eftir föngum:

1. Að ávallt séu fyrirliggjandi nægar birgðir af varahlutum til þessara bifreiða.
2. Að bifreiðarnar skiptist milli búnaðarfélaga um land allt.
3. Að þeir eigi fyrst og fremst kost á að fá bifreiðarnar, sem líkur eru til, að hafi þeirra mesta þörfina og notin.
4. Að bifreiðarnar haldist til frambúðar í sveitunum.
5. Að koma í veg fyrir brask og okursölu á þessum samgöngutækjum sveitanna.

Nd. 208. Frumvarp til laga [101. mál]

um heimild fyrir ríkisstjórnina til að selja landræmu úr Öskjuholtslandi í Landsveit.

Flm.: Ingólfur Jónsson.

1. gr.

Ríkisstjórninni heimilast að selja landræmu, utan sandgræðslugirðingar, úr Öskjuholtslandi í Landsveit.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.*

Kristinn Guðnason, bóndi í Skarði, hefur óskað eftir að fá keypta landræmu úr Öskjuholtslandi í Landsveit. Landræma þessi liggur að Skarðslandi og utan sandgræðslugirðingar. Land þetta kemur engum að notum nema Skarðsbóndanum. Það virðist því vera rétt að selja honum nefnda landræmu. Sandgræðslustjóri hefur óskað eftir heimild ráðuneytisins til að selja landræmuna, eins og meðfylgjandi bréf sýnir. Ráðuneytið telur sig vanta heimild til sölunnar, nema lög verði gerð um það á Alþingi.

Fylgiskjal I.

Bréf undirritaðs til ráðuneytisins.

Með skírskotun til samtals, er ég átti við hæstvirtan landbúnaðarráðherra 4. þ. m., sendi ég hér með umsókn Kristins Guðnasonar, bónda í Skarði í Landsveit, varðandi kaup á landræmu úr Öskjuholtslandi í sömu sveit.

Leyfi ég mér hér með að óska heimildar hins háa ráðuneytis um að mega selja Kristni Guðnasyni nefnda landræmu.

Gunnarsholti, 8. des. 1947.

Runólfur Sveinsson.

Fylgiskjal II.

Svarbréf ráðuneytisins.

Eftir viðtöku bréfs yðar, herra sandgræðslustjóri, dags. 8. f. m., varðandi umsókn Kristins Guðnasonar, bónda í Skarði í Landsveit, um kaup á landræmu úr Öskjuholtslandi í sömu sveit, vill ráðuneytið taka það fram, að því er óheimilt að selja umrædda landræmu, nema því verði veitt sérstök heimild til þess með lögum frá Alþingi.

Reykjavík, 26. jan. 1948.

F. h. r.
Gunnl. E. Briem.

Þorv. K. Þorsteinsson.

Ed. 209. Nefndarálit [36. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 42 5. apríl 1948, um útflutning og innflutning á íslenzkum og erlendum gjaldeyri.

Frá fjárhagsnefnd.

Nefndin hefur athugað frv. og leggur til, að það verði samþykkt óbreytt.
Tveir nefndarmenn (BÓ og BrB) voru fjarstaddir.

Alþingi, 14. des. 1948.

Guðm. Í. Guðmundsson, fundaskr.	Hermann Jónasson. frsm.	Þorst. Þorsteinsson.

Ed. 210. Nefndarálit

um frv. til l. um viðauka við l. nr. 50 7. maí 1946, um almannatryggingar.

Frá meiri hl. heilbrigðis- og félagsmálanefndar.

Nefndin hefur athugað frv. og rætt það, en samkomulag náðist ekki um afgreiðslu þess. Leggur meiri hl. nefndarinnar til, að frv. verði samþykkt óbreytt, en minni hl. (BrB) leggur til, að frv. verði fellt, og gefur því út sérálit.

Alþingi, 14. des. 1948.

Páll Zóphóníasson, form.	Hannibal Valdimarsson, fundaskr.	Gísli Jónsson, frsm.

Lárus Jóhannesson.

Nd. 211. Frumvarp til laga [102. mál]

um breyting á lögum nr. 85 frá 9. október 1946, um ráðstafanir í sambandi við skilnað Íslands og Danmerkur.

Frá allsherjarnefnd.

1. gr.

2. gr. laga nr. 85 frá 9. október 1946 orðist þannig:

Meðan eigi er lokið samningum þeim, sem nú standa yfir vegna niðurfellingar dansk-íslenzka sambandslagasamningsins 30. nóvember 1918, heimilast ríkisstjórn Íslands að gera þær ráðstafanir, sem þörf er á til að láta Færeyinga halda þeim rétti, er þeir hafa haft til fiskveiða með handfæri á þilskipum með eða án gangvéla og á opnum bátum hér við land, fyrst um sinn, þó eigi lengur en til ársloka 1949.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Frv. þetta er flutt að beiðni utanríkisráðherra, og fylgdu því svolátandi athugasemdir:

„Með lögum nr. 127 frá 29. desember 1947 var gildistími 2. gr. laga þeirra, er hér um ræðir, framlengdur til ársloka 1948. Var það gert vegna þess, að samningaviðræður stóðu þá yfir varðandi ýmis atriði, er snerta skilnað Íslands og Danmerkur, og þótti rétt að láta Færeyinga halda þeim réttindum, sem talin eru í téðri grein, meðan svo stóð á. Endanlegir samningar hafa enn eigi verið gerðir, og er því í frumvarpi þessu lagt til, að réttindi Færeyinga verði framlengd til ársloka 1949.“

Ed. 212. Frumvarp til laga [103. mál]

um bráðabirgðafjárgreiðslur úr ríkissjóði á árinu 1949.

Frá fjárhagsnefnd.

1. gr.

Þar til er samþykkt hafa verið og staðfest fjárlög fyrir árið 1949, er ríkisstjórninni heimilt að greiða úr ríkissjóði til bráðabirgða, í samræmi við ákvæði fjárlaga fyrir árið 1948, öll venjuleg rekstrarútgjöld ríkisins og önnur gjöld, er talizt geta til venjulegra fastra greiðslna þess, þótt ákveðin séu og heimiluð til eins árs í senn.

2. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1949.

Greinargerð.

Frv. þetta er flutt samkvæmt tilmælum fjármálaráðherra, og fylgdi því svo hljóðandi athugasemd:

„Með því að allar líkur eru til þess, að fjárlög fyrir árið 1949 verði ekki samþykkt fyrir áramót, er nauðsynlegt að ríkisstjórnin fái lagaheimild til að inna af höndum nauðsynlegar greiðslur úr ríkissjóði á næsta ári, þangað til fjárlög liggja fyrir."

Ed. 213. Frumvarp til laga [104. mál]

um breyting á lögum nr. 98 9. júlí 1941, um heimild fyrir ríkisstjórnina til ráðstafana og tekjuöflunar vegna dýrtíðar og erfiðleika atvinnuveganna.

Frá fjárhagsnefnd.

1. gr.

Heimildir þær, sem ríkisstjórninni voru veittar með ákvæðum 3. gr. laga nr. 98 9. júlí 1941, sbr. lög nr. 129 29. desember 1947, skulu gilda til ársloka 1949.

2. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1949.

Greinargerð.

Frv. þetta er flutt samkvæmt beiðni fjármálaráðherra, og fylgdi því svo hljóðandi athugasemd:

„Hér er um að ræða framlenging til ársloka 1949 á ákvæði, sem gilt hefur undanfarið frá ári til árs og ekki er tímabært að hrófla við."

Nd. 214. Frumvarp til laga [90. mál]

um heimild fyrir ríkisstjórnina til að innheimta ýmis gjöld 1949 með viðauka.

(Eftir 2. umr. í Nd.)

1. gr.

Ríkisstjórninni er heimilt að innheimta á árinu 1949 með 100% viðauka vitagjald, þær aukatekjur ríkissjóðs, sem taldar eru í I.—VI. kafla laga nr. 27 27. júní

1921, stimpilgjald samkvæmt lögum nr. 75 27. júní 1921 og síðari lögum, sem hafa ákvæði um stimpilgjald, leyfisbréfagjöld og lestagjald.

Enn fremur heimilast ríkisstjórninni að innheimta á sama tíma með 50% viðauka eignarskatt samkvæmt 14. gr. l. nr. 6 9. jan. 1935, álagðan á árinu 1949.

2. gr.

Viðaukann skal reikna þannig, að hver gjaldeining hækki um þann hundraðshluta, sem um ræðir í 1. gr., en broti úr eyri, sem myndast við viðbót þessa, skal sleppt.

3. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1949.

Ed. 215. Nefndarálit [83. mál]

um frv. til l. um viðauka við l. nr. 50 7. maí 1946, um almannatryggingar.

Frá minni hl. heilbrigðis- og félagsmálanefndar.

Meginefni þessa frv. er að fresta framkvæmd III. kafla laga um alþýðutryggingar, sem fjallar um heilsugæzlu, enn um eitt ár. Enda þótt í frv. séu smærri atriði, sem eru til bóta, er ég andvígur meginatriði þess og legg því til, að það verði fellt.

Alþingi, 14. des. 1948.

Brynjólfur Bjarnason.

Sþ. 216. Nefndarálit [41. mál]

um till. til þál. um endurskoðun laga um veiði, friðun fugla og eggja o. fl.

Frá allsherjarnefnd.

Nefndin hefur athugað tillöguna og leitað um hana umsagnar Náttúrufræðifélagsins og þjóðminjavarðar. Af svari Náttúrufræðifélagsins svo og af bréfi frá menntamálaráðuneytinu kemur það í ljós, að nú er þegar hafinn undirbúningur og nefnd skipuð til að endurskoða gildandi lög um friðun fugla og eggja samkvæmt þátttöku Íslands í alþjóðasambandi um fuglavernd.

Í bréfi sínu til nefndarinnar telur fornminjavörður mikla nauðsyn á, að hafizt sé handa um undirbúning laga um náttúrufriðun.

Að fengnum framangreindum upplýsingum telur nefndin, að fyrri liður þingsályktunartillögunnar sé þegar kominn í framkvæmd, og leggur til, að hún verði samþykkt með svofelldri

BREYTINGU:

1. Tillgr. orðist svo:
   Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að láta undirbúa löggjöf um verndun staða, sem eru sérstaklega merkir af náttúru sinni eða sögu.
2. Fyrirsögn till. orðist svo:
   Till. til þál. um undirbúning laga um náttúrufriðun og verndun sögustaða.

Einn nm. (SB) var fjarstaddur.

Alþingi, 14. des. 1948.

Jörundur Brynjólfsson, form. Jón Sigurðsson, fundaskr. Jón Gíslason, frsm.
Sigfús Sigurhjartarson. Ingólfur Jónsson.

Ed. 217. Breytingartillaga [80. mál]

við frv. til laga um aðstoð til útvegsmanna, er síldveiðar stunduðu sumarið 1948.

Frá Steingrími Aðalsteinssyni.

Við 5. gr. Í stað orðanna „Sjávarútvegsmálaráðherra skipar“, í upphafi greinarinnar, komi: Alþingi kýs.

Nd. 218. Frumvarp til laga [80. mál]

um aðstoð til útvegsmanna, er síldveiðar stunduðu sumarið 1948.

(Eftir 3. umr. í Ed.)

1. gr.

Fé því, sem veitt verður í fjárlögum fyrir árið 1949 til stuðnings bátaútveginum vegna veiðibrests á síldveiðunum sumarið 1948, skal ráðstafa samkvæmt ákvæðum þessara laga.

2. gr.

Ríkissjóður getur leyst til sín lögveðskröfur og sjóveðskröfur á hendur þeim útgerðarmönnum og útgerðarfyrirtækjum, sem stunduðu síldveiðar sumarið 1948.

Enn fremur er heimilt að veita útgerðarmönnum og útgerðarfyrirtækjum lán samkvæmt lögum þessum, sem svara til krafna þeirra, er í 1. málsgr. eru taldar, ef aðilar hafa þegar greitt þær og þeim ella væri ókleift að halda áfram rekstri vegna aflabrests á síldarvertíðinni sumarið 1948. Hafa þau lán sama forgangsrétt fyrir öðrum skuldum sem þær lögveðskröfur og sjóveðskröfur, er inn kunna að verða leystar samkv. 1. mgr. þessarar greinar.

Aðstoð ríkissjóðs samkvæmt 1. og 2. málsgr. þessarar greinar er því skilyrði bundin, að tryggt sé, að þessir aðilar geti haldið útgerð áfram næstu vetrarvertíð.

3. gr.

Lögveðsréttur og sjóveðsréttur á kröfum þeim, sem ríkissjóður innleysir samkvæmt 2. gr., helzt í fullu gildi í eitt ár frá innlausnardegi að telja, nema fyrningarfrestur sé lengri samkvæmt öðrum lögum. Lögveðskröfur og sjóveðskröfur, sem kunna að myndast eftir gildistöku þessara laga, hafa þó ávallt forgangsrétt fyrir hinum innleystu kröfum samkv. 2. gr.

4. gr.

Útgerðarmenn og útgerðarfyrirtæki, sem stunduðu síldveiðar sumarið 1948 og aðstoð fá samkvæmt 2. gr., skulu hafa greiðslufrest til 1. júlí 1949 á öllum skuldum og vöxtum af þeim, sem stofnað hefur verið til vegna útgerðarinnar.

Greiðslufrestur þessi nær ekki til þeirra krafna, sem tryggðar eru með lögveði eða sjóveði í eignum útgerðarmanna eða útgerðarfyrirtækja.

Tímabilið frá gildistöku laga þessara til 1. júlí 1949 telst ekki með fyrningartíma skulda, sem greiðslufrestur er veittur á, víxilréttar né neinna réttargerða.

5. gr.

Sjávarútvegsmálaráðherra skipar þriggja manna nefnd til að hafa á hendi innlausn lögveðskrafna og sjóveðskrafna samkvæmt 1. mgr. 2. gr. og lánveitingar samkvæmt 2. mgr. 2. gr. svo og aðra framkvæmd laga þessara. Lánþega er skylt að gefa nefndinni allar þær skýrslur, er hún telur nauðsynlegar. Með allar skýrslur varðandi lánin skal farið sem trúnaðarmál.

6. gr.

Skilanefnd skal sannprófa eins og unnt er, hvort skjöl þau séu rétt, sem hún fær frá útgerðarmönnum og útgerðarfyrirtækjum. Nefndin ákveður, hver fjárhæð hvers láns skal vera. Einnig ákveður hún lánstíma og skiptingu afborgana. Lánstími má þó ekki vera yfir 10 ár. Ársvextir skulu vera 5%.

7. gr.

Ekkert lán má afgreiða né innleysa sjóveð fyrr en ráðherra hefur veitt samþykki sitt til þess.

Fiskveiðasjóður Íslands sér um afgreiðslu lánanna og um bókhald og innheimtu þeirra fyrir þóknun, sem ráðherra ákveður.

8. gr.

Ef lántakandi selur skip sitt eða aðrar eignir, sem settar hafa verið að tryggingu fyrir láninu, má innheimta lánið að nokkru eða öllu leyti þegar í stað.

9. gr.

Þeir, sem fá lán samkvæmt lögum þessum, eru skyldir að láta reikningaskrifstofu sjávarútvegsins í té reikninga um rekstur skipa þeirra, sem lánin eru við miðuð, í því formi, sem reikningaskrifstofan ákveður.

10. gr.

Ráðherra og skilanefnd geta sett nánari reglur um alla framkvæmd laga þessara, ef þurfa þykir.

11. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Nd. 219. Frumvarp til laga [105. mál]

um ráðstafanir til að tryggja rekstur útvegsins.

Flm.: Áki Jakobsson og Lúðvík Jósefsson.

1. gr.

Ríkisstjórnin ábyrgist fyrir hönd ríkissjóðs þær ráðstafanir, sem taldar eru í 2.—4. gr., í þeim tilgangi að tryggja bátaútveginum á árinu 1949 70 aura verð fyrir hvert kg af nýjum fiski, miðað við slægðan vertíðarþorsk og ýsu með haus.

2. gr.

Ríkissjóður ábyrgist hraðfrystihúsunum það, sem á kann að vanta, að söluverð á þorsk- og ýsuflökum nái kr. 1.45 fyrir lbs. fob. Skal verð annarra fisktegunda vera tilsvarandi.

3. gr.

Ríkissjóður ábyrgist saltfiskútflytjendum það, sem á kann að vanta, að söluverð verði kr. 2.40 fyrir kg. fob., miðað við fullstaðinn stórfisk (þorsk) 1. flokks, og skal verð annarra flokka og fisktegunda vera tilsvarandi.

4. gr.

Til þess að tryggja 70 aura verð á nýjum fiski og sölu aflans, er ríkisstjórninni heimilt að ábyrgjast útflutningsverð á fiski, sem verkaður er á annan hátt en um er rætt í 2. og 3. gr., enn fremur að gera nauðsynlegar ráðstafanir til að koma honum á markað.

Ríkisstjórninni er heimilt að skipa fyrir um verkun á fiski, eftir því sem markaðshorfur segja til um.

5. gr.

Auglýsa skal fyrir 1. janúar 1949 lágmarksverð á nýjum fiski, sem miðast við 70 aura, sbr. 1. gr., og skal verð annarra fisktegunda vera tilsvarandi. Leita skal tillagna Landssambands ísl. útvegsmanna um verðlagninguna.

Ríkisstjórnin getur með reglugerð sett nánari fyrirmæli um allt, er lýtur að framkvæmd þeirra ákvæða, sem felast í 1. til 4. grein, þar á meðal sönnunargögn fyrir því, að hlutarmönnum og útgerðarmönnum, er selja fisk sinn öðrum, hafi verið greitt gildandi lágmarksverð, enda er greiðsla þess verðs skilyrði fyrir öllum ráðstöfunum ríkisstjórnarinnar og ábyrgðum, sem felast í þessum kafla.

6. gr.

Vextir af stofnlánum til útvegsins vegna báta, skipa, fiskiðjuvera eða annarra fasteigna skulu frá og með 1. jan. 1949 eigi vera hærri en 2½% árlega. Heildarupphæð þeirra lána, sem vaxtalækkunin nær til, skal til hvers aðila vera tilsvarandi því, sem veitt hefði verið úr stofnlánadeild sjávarútvegsins. Frá sama tíma skulu vextir af rekstrarlánum til útgerðar og fyrirtækja, sem starfa í beinu sambandi við útgerðina, eigi vera hærri en 2½% árlega. Óheimilt er að segja upp lánum vegna þessara vaxtalækkana.

Jafnframt skal ríkisstjórnin gera ráðstafanir til þess, að lán, sem ákvæði 1. málsgr. ná til, verði föst lán, og lánstími 20—30 ár, miðað við ný skip og báta og nýjar verksmiðjur. Skulu lánsstofnanir skyldar að hlíta því, að lánum útgerðarinnar hjá þeim verði þannig breytt.

Um framkvæmd þessarar greinar skal nánar ákveðið í reglugerð, að fengnu áliti samtaka útvegsmanna.

7. gr.

Ríkisstjórnin skal hlutast til um, að fyrir 1. jan. 1949 verði settar nýjar verðlagsreglur um alla vinnu vélsmiðja, báta- og skipasmíðastöðva og annarra, sem kunna að hafa með höndum viðgerðar- og viðhaldsstörf í þjónustu útgerðarinnar. Skulu hinar nýju reglur miðaðar við, að eigi sé leyft að leggja prósentuálagningu á þessi verk. Verðlagsreglur samkvæmt þessari grein skulu settar að fengnum tillögum samtaka útvegsmanna. Samtökum útvegsmanna skal gefinn kostur á að tilnefna fulltrúa, sem hafi sama rétt og fulltrúar verðlagseftirlits ríkisins til þess að fylgjast með framkvæmd verðlagsreglnanna.

8. gr.

Frá og með 1. janúar 1949 skulu vátryggingariðgjöld fiskiskipa lækka þannig, að iðgjald af nýjum bátum og skipum verði ekki hærra en 4% á ári. Sé um sérstaklega vandaða eða sterka báta og skip að ræða, skal iðgjaldið þó ekki vera hærra en 3% á ári.

Vátryggingariðgjöld eldri báta skulu lækka í samræmi við ákvæði 1. málsgr.

Nánari ákvæði um vátryggingariðgjöld skulu sett með reglugerð, að fengnum tillögum Samábyrgðar Íslands á fiskiskipum.

9. gr.

Ríkisstjórnin skal lækka verð á beitusíld, svo að það verði ekki hærra en kr. 1.00 hvert kíló á vetrarvertíðinni 1949.

10. gr.

Allar afborganir af lánum útvegsins, sem tryggð eru með veði í bátum, skipum, fiskiðjuverum og öðrum fasteignum og falla til greiðslu á árinu 1949, skulu falla niður, og framlengist lánstíminn um eitt ár, nema breytingar séu gerðar á lánstíma samkvæmt 6. gr. hér að framan.

11. gr.

Allar útgerðir fiskibáta, sem lög þessi ná til, skulu eiga rétt á erlendum gjaldeyri, sem nemur helmingi af aflaverðmæti því, sem viðkomandi útgerð hefur aflað á árinu 1949, miðað við gildandi innanlandsverð aflans.

Gjaldeyrisleyfi samkvæmt þessu, sem jafnframt er innflutningsleyfi, skal veita ársfjórðungslega miðað við innlagðan afla næsta ársfjórðung á undan.

Heimilt er að hagnýta gjaldeyri þennan til kaupa á hvers konar útgerðarnauðsynjum án þess að til þeirra kaupa þurfi önnur leyfi. Þá er og heimilt að hagnýta gjaldeyri þennan til innkaupa á öðrum vörum, sem inn má flytja samkv. gildandi innflutningsáætlun, að fengnu samþykki innflutningsyfirvaldanna.

Nánari reglur um framkvæmd á ákvæðum þessarar greinar má setja í reglugerð, og skulu samtök útvegsmanna hafa rétt til tillagna um þá reglugerð.

12. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Alþingi hefur nú setið að störfum í 2 mánuði á þessum vetri, og nær ekkert hefur verið gert. Þinginu sjálfu og öllum nefndum þess er haldið starflausu af ríkisstjórninni, sem ekki virðist koma sér saman um neitt mál. Á sama tíma bíða svo aðkallandi vandamál úrlausnar.

Aðalatvinnuvegur landsmanna, bátaútvegurinn, er stöðvaður og hefur legið aðgerðalaus að mestu síðan sumarsíldveiðunum lauk. Ríkisstjórnin þykist ætla að greiða fram úr vandamálum síldarútvegsins, en frumvarp um það efni hefur þó orðið að liggja hreyfingarlaust hjá þinginu vikum saman vegna ósamkomulags innan stjórnarinnar.

Nú eru aðeins nokkrir dagar þangað til þingi verður frestað vegna jólanna. Ef að vanda lætur, kemur þingað ekki aftur saman fyrr en um miðjan janúar.

Um áramótin ganga úr gildi fiskábyrgðarlögin, sem fiskibátar og frystihús hafa byggt rekstur sinn á á þessu ári. Enn þá bólar þó ekki á neinum tillögum frá ríkisstjórninni um ráðstafanir til þess að tryggja rekstur bátaútvegsins á komandi vertíð. Verði ekki ný löggjöf sett um þessi efni fyrir jól, er fyrirsjáanlegt, að allt lendir í óefni í byrjun vertíðar, strax upp úr áramótum. Seinagangur ríkisstjórnarinnar í þessum málum er svo furðulegur og getuleysi hennar til þess að ráða fram úr vandamálunum, að aldrei hefur annað eins þekkzt.

Á síðast liðnu hausti lét ríkisstjórnin þessi vandamál útvegsins reka á reiðanum á svipaðan hátt og hún gerir nú. Þá fluttum við sósíalistar frumvarp um nýja fiskábyrgð og ýmsar ráðstafanir til þess að tryggja bátaútveginum betri og öruggari afkomu. Frumvarp okkar varð til að stugga við ríkisstjórninni, og þar kom, að hún setti ný fiskábyrgðarlög í meginatriðum á þeim grundvelli, sem tillögur sósíalista lögðu, en hins vegar fékkst hún ekki til að tryggja bátaútveginum ýmsa lækkun í rekstrarútgjöldum, sem við lögðum til.

Frumvarp það, sem hér liggur fyrir, er í meginatriðum byggt á sömu tillögum og frumvarp okkar s. l. haust um þessi mál. Vonandi verður það til þess að knýja ríkisstjórnina til afgreiðslu á vandamálum bátaútvegsins, sem um leið eru mestu vandamál þjóðarheildarinnar, eins og nú horfir.

Hér skal nú vikið sérstaklega að nokkrum aðalákvæðum frumvarpsins.

Gert er ráð fyrir nýrri fiskábyrgð í aðalatriðum á þeim grundvelli, sem verið hefur. Þó er gert ráð fyrir, að ábyrgðarverðið sé miðað við 70 aura á kg fyrir vertíðarþorsk, í stað 65 aura áður. Ábyrgðarverðið til frystihúsanna er hækkað úr kr. 1.33 fyrir lbs. fob. í kr. 1.45, og saltfiskur úr kr. 2.25 kg í kr. 2.40 kg.

Þessi verðhækkun er lögð til vegna þess, að reynslan hefur sýnt, að núverandi ábyrgðarverð er of lágt. Dýrtíð fer sífellt vaxandi og rekstrarafkoman er svo léleg.

að ef tryggja á áframhaldandi rekstur alls bátaflotans og allra frystihúsa, þá verður ábyrgðarverðið að hækka nokkuð.

Þá er í frumvarpinu gert ráð fyrir að lækka ýmsa útgjaldaliði í rekstri bátaútvegsins eins og: vexti, vátryggingar, viðhaldskostnað, beitukostnað o. fl.

Það er álit þeirra, sem kunnugastir eru rekstri bátaútvegsins, að þessar tillögur í frumvarpinu mundu, ef samþykktar væru, lækka rekstrarútgjöld meðalfiskibáts yfir árið um 55 þús. kr. Slík lækkun á rekstrarútgjöldunum mundi að sjálfsögðu gerbreyta afkomu bátaútvegsins. Rekstrinum væri snúið úr taprekstri eða lélegri afkomu í góða afkomu.

Í frumvarpi því, er Sameiningarflokkur alþýðu — Sósialistaflokkurinn flutti á síðasta þingi um ráðstafanir gegn dýrtíðinni og til að tryggja rekstur útvegsins, voru bornar fram ýtarlegar tillögur um fyrirkomulag verzlunarmála þjóðarinnar, bæði útflutnings- og innflutningsverzlunina. Enn fremur voru þar tillögur um að koma allri verzlun með útgerðarvörur í hendur samtaka útvegsins sjálfs og olíuverzluninni í hendur ríkisins, er seldi hana við kostnaðarverði til útvegsins. Í því frumvarpi var skýrt mörkuð meginstefna Sósialistaflokksins til vandamála útvegsins og viðskiptamálanna, stefna, sem getur leitt þjóðina sársaukalítið út úr þeim erfiðleikum, sem hún er nú í. Tillögur Sósialistaflokksins, sem hann lagði fram í fyrra, fengu ekki byr í þinginu í heild sinni, en ýmsar þær ráðstafanir, sem bent var á í frv., svo sem fiskábyrgðarverð og annað, var upp tekið í frv. ríkisstjórnarinnar um dýrtíðarráðstafanir, en þó var hálfvelgjan í tillögum hennar svo mikil, að þær till. hafa alls ekki komið að fullu gagni. En jafnframt sem Sósialistaflokkurinn undirstrikar þá meginstefnu sína, sem fram kemur í frv. því, er hann flutti í fyrra um ráðstafanir gegn dýrtíð og til að tryggja rekstur útvegsins, vill hann benda á, enda tillögurnar á því byggðar, að höfuðástæðan fyrir vandræðum útvegsins stafa ekki af aflatregðu, heldur hinu geigvænlega arðráni, sem hún verður fyrir við það að vera rænd gjaldeyrinum. Heildsalastéttin, sem fær gjaldeyrinn, hefur óhemjugróða af innflutningi þeim, sem hún rekur með gjaldeyrinum, en tekur þó engan þátt í að framleiða þennan gjaldeyri. Á sama tíma sem útvegurinn er að sökkva dýpra og dýpra í skuldafenið vegna taprekstrar útgerðarinnar safnar heildsalastéttin auðæfum á þeim gjaldeyri, sem rændur er frá útgerðinni. Þetta ósamræmi, að þeir, sem fást við gjaldeyrisöflun, skuli tapa, en verzlunin skuli græða, er að setja þjóðfélag okkar um koll. Fjármagnið, lánsfé þjóðarinnar, og vinnukrafturinn flýr frá sjávarútveginum, og við það minnkar gjaldeyrisframleiðslan og lendir yfir í verzlun, alls konar innlendum iðnaði og iðju, sem byggist að öllu leyti á eyðslu gjaldeyris. Það sér hver maður, að slík þróun getur ekki gengið til lengdar án þess að steypa þjóðinni í voða. Útgerðin væri alveg einfær um að standa undir rekstri sínum, ef hún hefði umráð yfir þeim gjaldeyri, sem hún skapar. Þegar gjaldeyririnn er tekinn frá útgerðinni, þá er það því aðeins réttlætanlegt, að það sé gert með hag þjóðarheildarinnar fyrir augum, jafnframt því sem tekið er fullt tillit til þarfa hennar. Eins og nú er ástatt, er gjaldeyririnn tekinn af útgerðinni og langmestur hluti hans afhentur nokkrum stórauðugum heildsölum í Reykjavík, sem ekkert hafa til hans unnið og enga áhættu taka á sig í sambandi við framleiðslu hans. Slíkt fyrirkomulag leiðir til algers hruns fyrir útveginn og verður að afnemast.

Því er í þessu frumvarpi gert ráð fyrir því, að útgerðir þeirra fiskibáta, sem lögin ná til, fái rétt á nokkrum hluta þess gjaldeyris, sem bátarnir afla. Lagt er til, að þessi gjaldeyrir nemi helmingi þeirrar fjárhæðar, sem innlagður afli bátsins nemur í innanlandsverði.

Þannig mundi fiskibátur, sem veiðir afla fyrir 250 þúsund kr. á vetrarvertíð og 150 þúsund kr. á síldarvertíð, eða hefur samtals ársafla fyrir 400 þús. kr., eiga rétt á gjaldeyris- og innflutningsleyfi fyrir 200 þúsund krónum. Afli þessa báts mundi í flestum tilfellum reynast í útflutningsverðmæti um 700 þús. krónur, og fengi útgerð hans því ekki nema ⅓ til ¼ af heildargjaldeyrisöflun bátsins.

Í frumvarpinu er lagt til, að útgerðinni sé heimilt að ráðstafa þessum gjaldeyri

til kaupa á öllum nauðsynjum til útgerðarinnar, án frekari leyfa. Auk þess er svo gert ráð fyrir, að útgerðin geti notað þessi gjaldeyrisleyfi til innkaupa á öðrum þeim vörum, sem leyfður er innflutningur á samkv. innflutningsáætlun, en jafnan skal þó leita samþykkis innflutningsyfirvaldanna til ráðstöfunar á þessum leyfum, ef um innkaup er að ræða á öðru en nauðsynjum til útgerðarrekstrar.

Þau fríðindi, sem lagt er til að veita útgerðinni á þennan hátt, virðast ofur eðlileg. Það sýnist engin ástæða til að veita sérstökum innflytjendum gjaldeyrisleyfi til innflutnings og sölu á nauðsynjum útgerðarinnar. Vilji útgerðin sjálf fá að nota sinn gjaldeyri til þess að kaupa inn nauðsynjar sínar, er slíkt sjálfsagður hlutur. Með því á útgerðin það tryggt, að jafnan séu til helztu nauðsynjar útgerðarinnar, og með því getur hún tryggt sannvirði á þessum vörum og losnað við álögur óþarfa milliliða, sem nú braska með útgerðarvörur.

Þá virðist sanngjarnt að veita útgerðinni jafnan rétt á við aðra til þess að flytja inn vörur, sem annars er leyfður innflutningur á, og mundi útgerðin vera réttari aðili til að hagnast nokkuð á slíkum rétti yfir sínum eigin gjaldeyri en heildsalar eru nú. Að sjálfsögðu mundi ríkið eftir sem áður gæta að verðlagi varanna, og engin ástæða er til að leyfa neina verðhækkun, þrátt fyrir þessa breytingu, en miklar líkur virðast beinlínis til, að í ýmsum tilfellum mætti lækka verðið frá því, sem nú er.

Nd. 220. Breytingartillaga [92. mál]

við frv. til l. um breyt. á l. nr. 60 1939, um gjald af innlendum tollvörutegundum.

Frá fjármálaráðherra.

1. gr. orðist svo:

Ríkisstjórninni er heimilt að innheimta á árinu 1949 með 450% álagi gjald samkvæmt lögum nr. 60 1939, um gjald af innlendum tollvörutegundum, nema af gosdrykkjum samkvæmt 1. tölulið 4. kafla 2. gr. laganna, sem henni heimilast að innheimta með 550% álagi, og öli samkvæmt 3. tölulið sama kafla, sem heimilað er að innheimta með 600% álagi.

Hækkun þessi tekur þó ekki til gjalds af kaffibæti samkvæmt 1. lið 3. kafla laganna.

Nd. 221. Lög [27. mál]

um breyting á lögum nr. 84 6. júlí 1932, um bifreiðaskatt o. fl.

(Afgreidd frá Nd. 15. des.)

Samhljóða þskj. 28.

Nd. 222. Nefndarálit [56. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 20 20. maí 1942, um breyt. á l. nr. 6 9. jan. 1935, um tekjuskatt og eignarskatt.

Frá meiri hl. fjárhagsnefndar.

Samkomulag hefur ekki orðið í fjárhagsnefnd um þetta mál. Einn nefndarmanna (EOl) mælir með frv., en undirritaðir telja eigi ástæðu til að gera nú þegar breytingu á því eina atriði skattalaganna, sem frv. fjallar um, þar sem heildarendurskoðun laganna mun nú langt komið og frumvarp til nýrra skattalaga verður væntanlega lagt fyrir þingið áður langt líður.

Í greinargerð frv. er þess getið, að samkvæmt því yrðu 18 þús. kr. tekjur 5 manna fjölskyldu í Reykjavík skattfrjálsar. Eftir gildandi lögum borga hjón með 3 börn á framfæri, búsett í Reykjavík, sem hafa 18 þús. kr. hreinar árstekjur, 99 krónur í tekjuskatt. Þau mundu sleppa við þá skattgreiðslu, ef frv. yrði samþykkt. Hins vegar mundi skattalækkunin samkv. frv. nema miklu hærri upphæð hjá hátekjumönnum.

Meiri hluti nefndarinnar leggur því fram svo hljóðandi tillögu um

RÖKSTUDDA DAGSKRÁ:

Með skírskotun til þess, að nú er unnið að endurskoðun skattalöggjafarinnar og frumvarp til nýrra skattalaga verður væntanlega lagt fyrir Alþingi innan skamms, telur deildin eigi ástæðu til að afgreiða frv. á þskj. 75 og tekur fyrir næsta mál á dagskrá.

Alþingi, 13. des. 1948.

Ásg. Ásgeirsson, form.	Hallgr. Benediktsson, fundaskr.	Skúli Guðmundsson, frsm.

Jóhann Hafstein.

Nd. 223. Lög [80. mál]

um aðstoð til útvegsmanna, er síldveiðar stunduðu sumarið 1948.

(Afgreidd frá Nd. 15. des.)

Samhljóða þskj. 218.

Ed. 224. Frumvarp til laga [106. mál]

um breyting á lögum nr. 128/1947, um dýrtíðarráðstafanir.

Frá fjárhagsnefnd.

1. gr.

Í stað orðanna „Á árinu 1948“ í upphafi 2. gr. laganna komi: Á árinu 1949.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Frv. þetta er borið fram samkvæmt ósk fjármálaráðherra, en framtalsnefnd hefur tjáð fjármálaráðuneytinu, að sökum þess hve öll gögn varðandi eignarauka-skatt samkv. II. kafla laga nr. 128/1947 bárust nefndinni seint frá skattanefndum víðsvegar á landinu, hafi ekki unnizt tími til að leggja skattinn á á yfirstandandi ári, eins og ráð var fyrir gert. Fyrir því þykir nauðsyn bera til að breyta téðum lögum svo sem að framan greinir.

Ed. 225. Breytingartillögur [83. mál]

við frv. til l. um viðauka við l. nr. 50 7. maí 1946, um almannatryggingar.

Frá meiri hl. heilbrigðis- og félagsmálanefndar.

1. 14. töluliður 1. gr. falli niður.
2. Á eftir 1. gr. komi ný grein, er verði 2. grein og orðist svo:

   Heildarendurskoðun laganna skal hraða svo, að niðurstöður hennar liggi fyrir næsta reglulega Alþingi, þegar það kemur saman.

Nd. **226. Frumvarp til laga** [107. mál]

um dýrtíðarráðstafanir vegna atvinnuveganna.

(Lagt fyrir Alþingi á 68. löggjafarþingi, 1948.)

I. KAFLI.
Um ríkisábyrgð á útflutningsvörum o. fl.

1. gr.

Ríkisstjórnin ábyrgist f. h. ríkissjóðs þær ráðstafanir, sem taldar eru í 2.—4. gr., í þeim tilgangi að tryggja bátaútveginum á árinu 1949 65 aura verð fyrir hvert kg af nýjum fiski, miðað við þorsk og ýsu, slægðan með haus.

2. gr.

Ríkissjóður ábyrgist hraðfrystihúsum það, sem á kann að vanta, að söluverð á þorskflökum nái kr. 1.33 hvert enskt pund fob. og samsvarandi verði á öðrum fisktegundum. Ákveða má með reglugerð, að greiða megi úr dýrtíðarsjóði hluta af geymslukostnaði hraðfrysts vetrarvertíðarfisks, sem fluttur er út eftir 1. ágúst.

Ábyrgð ríkissjóðs samkvæmt 1. mgr. skal einungis taka til fisks, er seldur verður til landa, er ríkisstjórnin ákveður með hliðsjón af markaðshorfum á hverjum tíma.

3. gr.

Ríkissjóður ábyrgist saltfiskútflytjendum það, sem á kann að vanta, að söluverð verði kr. 2.25 fyrir kg fob., miðað við fullsaltaðan stórfisk (þorsk) 1. flokks, og skal verð annarra flokka og fisktegunda vera samsvarandi. Sambærilegt verð skal ábyrgzt fyrir hertan fisk útfluttan. Ákveða skal með reglugerð, að greiða megi úr ríkissjóði rýrnun á saltfiski, er stafar af langri geymslu, enda eigi útflytjandi ekki sök á drættinum. Geymsla saltfisks er að öðru leyti á ábyrgð útflytjanda.

4. gr.

Til þess að tryggja 65 aura verð á nýjum fiski og sölu aflans er ríkisstjórninni heimilt að ábyrgjast útflutningsverð á fiski, sem verkaður er á annan hátt en talið er í 2. og 3. gr.

Ríkisstjórninni er heimilt að skipa fyrir um verkun á fiski, eftir því sem markaðshorfur segja til.

5. gr.

Ríkisstjórnin ábyrgist kjötframleiðendum verðlagsárið frá 31. ágúst 1948 til 1. sept. 1949 það, sem á kann að vanta, að þeir fái fyrir útflutt kjöt, sem til hefur fallið á því tímabili, það verð, sem lagt er til grundvallar í verðlagningu landbúnaðarvara það verðlagsár, sbr. lög nr. 94/1947.

6. gr.

Við samninga um sölu íslenzkra afurða erlendis skal þess gætt, að sem bezt heildarverð fáist fyrir þær, og er ríkisstjórninni heimilt að binda sölu einstakra vörutegunda nauðsynlegum skilyrðum, til þess að því verði náð.

Nú seljast afurðir, sem ábyrgð er tekin á, hærra verði en ábyrgðarverði, og rennur þá sá hluti andvirðis, sem umfram er, í dýrtíðarsjóð, unz ríkissjóður er skaðlaus orðinn af ábyrgð á fiskafurðum samkvæmt þessum lögum.

7. gr.

Auglýsa skal, svo fljótt sem unnt er, lágmarksverð á nýjum fiski, sem miðast við 65 aura verð, sbr. 1. gr., og skal verð annarra fisktegunda vera samsvarandi. Leita skal tillagna Landssambands íslenzkra útvegsmanna um verðlagninguna.

8. gr.

Ríkisstjórnin getur með reglugerð sett nánari fyrirmæli um allt, er lýtur að framkvæmd þessa kafla laganna, þar á meðal um sönnunargögn fyrir því, að hlutarsjómönnum og útgerðarmönnum, er selja fisk sinn öðrum, hafi verið greitt það lágmarksverð, sem ákveðið er samkvæmt 1. gr., enda er greiðsla þess fiskverðs skilyrði fyrir öllum ráðstöfunum ríkisstjórnarinnar og ábyrgðum samkvæmt lögum þessum.

Ríkisstjórnin getur krafizt þess, að útvegsmenn, eigendur hraðfrystihúsa og þeir, er saltfisk verka, láti henni í té rekstrarreikninga um starfsemi sína.

9. gr.

Ríkisstjórninni er heimilt að ákveða verð á beitu. Getur hún bundið niðurfærslu á verði á beitu því skilyrði, að útvegsmenn geri þær ráðstafanir, er ríkisstjórnin telur heppilegar til að spara útgjöld við beitu.

Nú gerir meiri hluti útvegsmanna í tiltekinni verstöð á fundi, er allir útvegsmenn þar hafa verið boðaðir til, samþykkt um notkun beitu og sparnað á henni, og bindur þá slík samþykkt alla útgerðarmenn í verstöðinni, er ráðherra hefur staðfest hana.

Ríkisstjórninni er heimilt að ákveða hámarksleigu fyrir verbúðir.

Brot gegn ákvæðum þessarar greinar og samþykktum, settum samkvæmt henni, varða allt að 50000 króna sekt til ríkissjóðs.

10. gr.

Þegar innflutnings- og gjaldeyrisdeild, sbr. III. kafla laga nr. 70/1947, tekur ákvarðanir varðandi verðlagningu á veiðarfærum og viðgerðum skipa, skal kveðja til tvo fulltrúa, annan frá Landssambandi íslenzkra útvegsmanna og hinn frá Fiskifélagi Íslands. Skulu þeir hafa atkvæðisrétt um þau mál.

11. gr.

Meðan ríkisábyrgð vegna bátaútvegsins samkvæmt 1.—4. gr. er í gildi, mega vextir af rekstrarlánum útgerðarinnar og þeirra fyrirtækja, sem vinna úr sjávarafurðum til útflutnings, ekki vera hærri en 4%, enda fari lánin ekki yfir 85% af ábyrgðarverðinu.

II. KAFLI

Um aðstoð til útvegsmanna, er síldveiðar stunduðu sumarið 1948.

12. gr.

Ríkisstjórninni er heimilt að kveða svo á, að útgerðarmönnum og útgerðarfyrirtækjum, er síldveiðar stunduðu sumarið 1948, verði veitt að nokkru eða öllu:

1. Uppgjöf á innleystum sjóveðskröfum og öðrum lögveðskröfum samkvæmt 1. mgr. 2. gr. laga nr. 85 15. des. 1948.
2. Uppgjöf á lánum samkvæmt 2. mgr. 2. gr. sömu laga, og
3. Uppgjöf á lánum, sem þeim voru veitt úr ríkissjóði vegna aflabrests á sumarsíldveiðum 1945 og 1947.

13. gr.

Skilyrði fyrir uppgjöf krafna og skulda samkvæmt 12. gr. eru þessi:

1. Að útgerðarmaður sæki um aðstoð og sé að dómi skilanefndar, sem getur í 5. gr. laga nr. 85 15. des. 1948, vel hæfur til að reka útgerð.
2. Að útgerðarmaður hafi látið skilanefnd í té fullkomna greinargerð, undirritaða að viðlögðum drengskap, um fjárhag sinn og maka síns, svo og veiti henni færi á að láta kunnáttumenn meta eignir sínar.
3. Að skilanefnd telji útgerðarmanni ekki kleift að standa við skuldbindingar sínar eða reka útgerð á heilbrigðum grundvelli án aðstoðar.

4. Að útgerðarmaður komist að samningum við lánardrottna sína um nægilegan afslátt, að dómi skilanefndar, á öðrum skuldum sínum, til þess að áframhaldandi rekstur verði rekinn á fjárhagslega tryggum grundvelli.

14. gr.

Frá því skuldunautur hefur óskað aðstoðar skilanefndar og þangað til skilanefnd hefur afgreitt mál hans, má hann ekki selja eignir sínar umfram venjulega afurðasölu og ekki veðsetja þær, nema fyrir nauðsynlegum rekstrarlánum, og yfirleitt ekki gera neinar þær ráðstafanir, er veruleg áhrif geti haft á efnahag hans. Ef í ljós kemur eftir að skilanefnd hefur staðfest samning hans við lánardrottna, að útgerðarmaður hafi brotið ákvæði greinar þessarar, er skilanefnd heimilt að neita honum um aðstoð samkvæmt 12. gr.

15. gr.

Jafnskjótt sem skilanefnd hefur tekið við aðstoðarbeiðni, skal það tilkynnt skiptaráðanda, og er þá hvers konar aðför vegna skulda útgerðarmanns óheimil á hendur honum og ábyrgðarmönnum hans, þangað til skilanefnd hefur afgreitt mál hans. Eigi verður heldur bú hans tekið til gjaldþrotaskipta þennan tíma. Nú takast eigi samningar, og bú útgerðarmanns er tekið til gjaldþrotaskipta, áður en sex mánuðir eru liðnir frá því er skilanefnd afgreiddi mál hans, og við skiptin kemur í ljós, að hann hefur brotið gegn ákvæðum 14. gr., og má þá með málssókn rifta þeim samningum og greiðslum, er ólöglega hafa farið fram, samkvæmt reglum gjaldþrotaskiptalaga, enda sé málssókn hafin innan sex vikna frá því er búskipti byrja. Tímabilið frá því er skilanefnd hefur tekið við aðstoðarbeiðni og þangað til hún afgreiðir mál hans, telst ekki með fyrningartíma skuldar, víxilréttar né neinna réttargerða.

16. gr.

Ráðherra ákveður, hvenær skuldaskilum samkvæmt lögum þessum skuli lokið.

17. gr.

Nú kemst útgerðarmaður ekki að samkomulagi við lánardrottna sína um þá niðurfærslu skulda sinna, sem skilanefnd telur nauðsynlega, þá getur ríkisstjórnin samkvæmt tillögum skilanefndar sett reglugerð um skuldaskil útvegsmanna, er síldveiðar stunduðu sumarið 1948.

Skal í reglugerðinni kveðið á um:

1. Innköllun skuldheimtumanna og ábyrgðarmanna, að viðlögðum kröfumissi, ef kröfum er ekki lýst innan tiltekins frests.
2. Vald skilanefndar til að semja frumvarp til skuldaskila.
3. Heimild meiri hluta þeirra lánardrottna, er sækja fund, er skilanefnd boðar til, til þess að samþykkja frumvarp til skuldaskila, þannig að aðrir lánardrottnar séu við það bundnir, og að skuldunautur sé leystur undan að greiða þann hundraðshluta hverrar samningskröfu, sem undan er skilinn í samningnum, bæði gagnvart lánardrottnum sjálfum, ábyrgðarmönnum og öðrum, er annars hefðu átt endurgjaldskröfu á hendur honum fyrir greiðslu skuldarinnar.
4. Að samningar haggi eigi heimild lánardrottins til að ganga að tryggingu eða ábyrgð, sem þriðji maður hefur sett fyrir kröfum á hendur skuldunaut.
5. Að samningur hafi engin áhrif á þær kröfur, sem hér greinir:
   a. Skuldir tryggðar með veði, þó því aðeins, að skuldarupphæð nemi eigi meiru en verðmæti veðsins að dómi skilanefndar eða sérstakra tveggja matsmanna, tilnefndra af skilanefnd. Ef skuld er hærri en verðmæti veðsins samkvæmt mati þessu, ná samningar til þess hluta skuldarinnar, sem fer fram úr verði veðsins, enda óski veðhafi ekki eftir kaupum á hinni veðsettu eign fyrir að minnsta kosti 15% hærra verð en matsverð.

b. Forgangskröfur samkv. 8. kap. 83. gr. skiptalaganna, að svo miklu leyti sem eigur skuldunauts teljast hrökkva fyrir þeim.
6. Nánari ákvæði um allt, er lýtur að framkvæmd skuldaskilanna.

III. KAFLI
Um dýrtíðarsjóð.

18. gr.

Stofna skal sérstakan sjóð, er nefnist dýrtíðarsjóður ríkisins. Skal honum varið til þess að standa straum af greiðslum vegna ábyrgðar ríkisins á verði útfluttrar vöru, svo og greiðslum til lækkunar á vöruverði innanlands.

19. gr.

Dýrtíðarsjóði skal afla tekna á þann hátt, sem segir í 20.—31. gr.

20. gr.

Af tollverði allrar innfluttrar vöru, að viðbættum aðflutningsgjöldum og áætlaðri álagningu 10% — tíu af hundraði —, skal greiða 6% söluskatt. Heildsala er undanþegin söluskatti samkvæmt 21. grein og tekur hún aðeins til venjubundinna umboðslauna, en ekki til neinnar þóknunar, sem telja má, að komi í stað venjulegrar álagningar, svo sem þóknunar fyrir umsjón með vinnu.

Skatt þennan skulu innheimtumenn ríkissjóðs (sýslumenn, bæjarfógetar og lögreglustjórar, í Reykjavík tollstjóri) innheimta um leið og varan er tollafgreidd, og nýtur skatturinn sömu lögverndar og aðflutningsgjöld.

21. gr.

Af sölu skattskyldra atvinnufyrirtækja skal greiða söluskatt sem hér segir:
a. Af smásölu 2%.
b. Af annarri sölu 3%.

Skattskyldan tekur jafnt yfir sölu á vörum sem vinnu og þjónustu, hverju nafni sem nefnist. Skatturinn miðast við heildarandvirði vöru, án frádráttar nokkurs kostnaðar og án tillits til þess, í hverju greiðsla er fólgin, og þótt um sé að ræða skipti gegn vöru eða þjónustu. Þá skal og meðtalinn sá hluti veltu, er stafar af einkanotkun atvinnurekanda.

22. gr.

A. Eftirtaldar vörur eru undanþegnar söluskatti:
Mjólk og mjólkurafurðir, garðávextir, kjöt, fiskur, egg og óunnið slátur, svo og fiskumbúðir, veiðarfæri, önnur en sporttæki, kol, salt, hráolía, brennsluolía, smurningsolía, flugvélabenzín, tilbúinn áburður, dagblöð og vikublöð.
B. Eftirtalin sala er undanþegin söluskatti samkvæmt 21. gr.:
1. Sala fasteigna, skipa, einkaleyfa, verðbréfa og krafna.
2. Andvirði vöru, sem seld er úr landi, útskipunargjald af henni og flutningsgjald.
3. Viðgerð á skipum.
4. Húsaleiga.
5. Iðgjaldatekjur vátryggingarfélaga.
6. Sala þeirra, sem ekki eru bókhaldsskyldir samkvæmt lögum nr. 62/1938, ef söluskattskyld velta þeirra yfir árið nemur ekki yfir kr. 30 000.00.

Nú leikur vafi á því, hvort einhver njóti undanþágu samkvæmt þessum lið, vegna þess að fyrir fram verður ekki vitað, hvort söluskyld velta muni nema ofangreindu lágmarki, og skal þá aðili leita úrskurðar

skattanefndar eða skattstjóra um, hvort söluskatti skuli bætt við verð vörunnar. Hafi söluskatti verið sleppt með leyfi skattanefndar, fellur leyfið jafnskjótt niður, ef í ljós kemur, að veltan muni ná skattskyldu lágmarki.

Vanræki einhver að leggja söluskatt á vöru án leyfis skattanefndar, verður veltan eigi að síður öll skattskyld, ef hún fer yfir skattskylt lágmark, nema sérstakar málsbætur séu.

Nú hefur söluskattur verið innheimtur í söluverði vöru eftir fyrirmælum skattanefndar eða án þeirra, en ársvelta eigi náð skattskyldu lágmarki, og skal þá aðili greiða söluskatt fyrir þann hluta árs eða þann hluta vörusölu, þar sem reiknað hefur verið með skattinum.

23. gr.

Fyrirtæki þau, sem skattskyld eru samkvæmt 21. gr. laga þessara, skulu innan tveggja vikna frá 30. júní 1949 senda skattstjóra eða skattanefnd skýrslu um sölu sína á fyrra misseri ársins og innan tveggja vikna frá 30. september og 30. desember 1949 um sölu á hvoru þriggja mánaða tímabilinu. Þessir aðilar ákveða síðan söluskatt fyrra misserisins fyrir lok júlímánaðar 1949, síðara misserisins fyrir lok októbermánaðar 1949 og janúarmánaðar 1950. Skattur af sölu fyrra misserisins skal síðan greiddur til innheimtumanna ríkissjóðs 1. ágúst 1949, en hins síðara 1. nóvember 1949 og 1. febrúar 1950. Ef skatturinn hefur eigi verið greiddur innan eins mánaðar frá gjalddaga, reiknast af honum dráttarvextir, ½% á mánuði, og telst hver byrjaður mánuður sem heill.

Þeir, sem ekki vilja sætta sig við ákvörðun söluskatts, sem á þá hefur verið lagður, geta kært álagninguna til skattstjóra eða skattanefndar innan 10. næsta mánaðar, eftir að skatturinn var lagður á. Skattanefnd eða skattstjóri skulu kveða upp úrskurð um kæruna og tilkynna úrskurðinn í ábyrgðarbréfi fyrir 20. sama mánaðar. Úrskurðum skattstjóra og skattanefnda má áfrýja til yfirskattanefnda og síðan til ríkisskattanefndar, sem kveður upp fullnaðarúrskurð. Kærufrestir til þessara nefnda eru 10 dagar og úrskurðarfrestir þeirra eru jafnlangir.

Áfrýjun skattaálagningar frestar ekki eindaga skattsins, en ef skattur er lækkaður eftir úrskurði, skal þegar endurgreiða það, sem lækkuninni nemur.

24. gr.

Skattstjórum og skattanefndum er heimilt að krefjast af gjaldendum hverra þeirra gagna, sem telja má nauðsynleg til skýringar á framtalinu. Gefi gjaldandi ekki skýrslu um sölu sína og viðskipti á tilskildum tíma eða telji skattstjóri eða skattanefnd framtali ábótavant, skal þeim heimilt að áætla sölu gjaldandans og ákveða gjaldið eftir því.

Skattstjóri og skattanefndir skulu hafa aðgang að þeim gögnum opinberra skrifstofa, sem fjármálaráðuneytið telur nauðsynleg til endurskoðunar framtala og ákvörðunar skattsins.

25. gr.

Verð vöru og þjónustu má hækka sem söluskatti nemur, en óheimilt er að hækka álagningu verzlana eða fyrirtækja vegna hans.

26. gr.

Fjármálaráðuneytinu er heimilt að ákveða með reglugerð, að vissir flokkar gjaldenda og vissar vörutegundir og þjónusta, auk þess, sem áður er nefnt, skuli undanþegið söluskatti, ef álagning skattsins og innheimta hans er talin sérstökum erfiðleikum bundin. Einnig er ráðuneytinu heimilt að ákveða, að ríkisstofnanir eða aðrir skattfrjálsir aðilar, sem selja sams konar vörur eða þjónustu sem þá, er um ræðir í 21. gr., skuli greiða söluskatt samkvæmt lögum þessum.

Loks má ráðuneytið með reglugerð ákveða, að á síðasta gjalddaganum samkvæmt 23. gr. megi innheimta allan söluskatt ársins, ef um smávægilegan rekstur er að ræða.

27. gr.

Um viðurlög fyrir brot gegn þessum kafla laganna fer samkvæmt lögum um tekjuskatt og eignarskatt, nr. 9/1935, og lögum nr. 70/1947, um verðlagseftirlit o. fl.

28. gr.

Af tolltekjum þeim, sem ráðgerðar verða í fjárlögum ársins 1949, skulu 22 milljónir króna renna í dýrtíðarsjóð.

29. gr.

Viðbótargjöld fyrir innflutningsleyfi skal greiða:

a) af innflutningsleyfi fyrir kvikmyndum 100% af leyfisfjárhæð;
b) af gjaldeyrisleyfum til utanferða, öðrum en leyfum til námsmanna og sjúklinga, 75% af leyfisfjárhæð;
c) af innflutningsleyfum fyrir bílum 50% af leyfisfjárhæð;
d) af innflutningsleyfum fyrir rafmagnstækjum til heimilisnota, öðrum en eldavélum og þvottavélum, 100% af leyfisfjárhæð, en af leyfum fyrir þvottavélum 50%.

Gjöld þessi skal viðskiptanefnd innheimta við afhendingu leyfanna.

30. gr.

Greiða skal gjald, 20% af matsverði bifreiða, sem ganga kaupum og sölum innanlands.

Ákveða skal með reglugerð, hvernig meta skuli verð bifreiðanna.

Gjaldið skal lögreglustjóri innheimta um leið og bifreiðin er skrásett á nafn hins nýja eiganda, enda skal vera lögveð í bifreiðinni.

31. gr.

Leyfisgjöld samkvæmt 14. gr. laga nr. 70 1947, um fjárhagsráð, innflutningsverzlun og verðlagseftirlit, skal innheimta á árinu 1949 með 100% álagi og minnsta gjald vera 2 kr. Tekjur þær af gjöldum þessum, er meiru kunna að nema en kostnaði af fjárhagsráði og framkvæmd nefndra laga, renna í dýrtíðarsjóð.

32. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1949.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Ábyrgð ríkissjóðs á útfluttum fiski og útfluttu kjöti samkvæmt lögum nr. 128 1947, um dýrtíðarráðstafanir, tók einungis til framleiðslu ársins 1948. Eins og atvinnulífi og fjárhagslífi þjóðarinnar nú er háttað, verður ekki hjá því komizt að framlengja ábyrgð ríkissjóðs á fiskverðinu til framleiðenda á sama hátt og gert var 1948. Hins vegar þykir ekki kleift, eins og hag ríkissjóðs er komið, að hækka ábyrgðarverðið þrátt fyrir kröfur útvegsmanna. Annars er I. kafli frumvarpsins að mestu sniðinn eftir IV. kafla laga nr. 128/1947.

Afgreidd hafa verið lög um aðstoð til útvegsmanna, er síldveiðar stunduðu sumarið 1948. Óhjákvæmilegt þykir að veita heimild til að veita uppgjöf að öllu eða nokkru leyti á lánum þeim, sem útvegsmönnum verða veitt samkv. þeim lögum og þeim hefur verið veitt með svipuðum hætti vegna síldarbrestsins allt frá 1945. Gert er ráð fyrir, að útvegsmenn sjálfir reyni fyrst til þrautar að ná samkomulagi við lánardrottna sína. Ef þeim tekst það ekki, er ráðherra veitt heimild til með reglugerð að kveða á um skuldaskil þeirra útvegsmanna, er teljast hæfir til að halda áfram útgerð.

Til þess að standa straum af gjöldum þeim, er ráðstafanir I. og II. kafla lagafrumvarps þessa hafa í för með sér, svo og til að lækka verð á nauðsynjavörum

innanlands, er lagt til, að stofnaður verði svonefndur dýrtíðarsjóður, og er gert ráð fyrir, að honum sé aflað tekna á þann hátt, sem segir í III. kafla frumvarpsins.

Ákvæði 20.—27. gr. koma í stað VII. kafla laga nr. 128 1947 og laga nr. 43 1948. Skattur sá, sem getur í greinunum, skal álagður árið 1949 og er hækkaður um helming frá því, sem var 1948, en er skipt niður með nokkuð öðrum hætti. Nokkuð fleira er undanþegið skattinum en var í lögum, er giltu 1948. Áætlað er, að söluskatturinn nemi 34 milljónum króna, eins og tekið er fram í fjárlagafrumvarpinu. Samkvæmt 28. gr. skulu 22 milljónir króna af tolltekjum á árinu 1949 renna í dýrtíðarsjóð. Gert er ráð fyrir, að greiðslur úr dýrtíðarsjóði á árinu 1949 muni nema um 70 milljónum króna, og er tilætlunin að afla þeirra tekna, sem á vantar til að standa straum af þessum greiðslum, með þeim hætti, sem segir í 29. og 30. gr.

Nd. 227. Frumvarp til laga [83. mál]

um viðauka við lög nr. 50 7. maí 1946, um almannatryggingar.

(Eftir 3. umr. í Ed.)

1. gr.

Ríkisstjórninni er heimilt að ákveða:

1. *að* III. kafli laga nr. 104 30. desember 1943, um sjúkratryggingar, skuli vera í gildi til ársloka 1949 með þeirri breytingu, að hámark framlaga ríkissjóðs og sveitarsjóða samkv. 47. gr. hækki úr 12 krónum í 18 krónur á ári, grunngjaldið, og að til sama tíma skuli frestað framkvæmd III. kafla laga nr. 50 7. maí 1946, um heilsugæzlu, að öðru leyti en því, að réttur sveitarfélaga, sem koma á fót heilsuverndar- og/eða lækningastöðvum og reka þær samkv. 76. gr., til ríkissjóðsstyrks samkv. 77. gr. helzt óbreyttur, svo og ákvæði 82. og 83. gr. um skipun lækna við slíkar stöðvar;
2. *að* Tryggingastofnun ríkisins skuli vera heimilt á árinu 1949 að greiða sjúkrasamlagsiðgjöld þeirra elli- og örorkulífeyrisþega, sem þess óska og eigi hafa hærri tekjur en svo, að þær ásamt lífeyri frá Tryggingastofnuninni eða eftirlaunum úr opinberum sjóði nemi tvöfaldri lífeyrisupphæð samkv. 15. gr.;
3. *að* Tryggingastofnun ríkisins skuli vera heimilt á árinu 1949 að greiða styrki til læknisvitjanasjóða, er starfa samkv. lögum nr. 59 frá 1942, og til sjúkrasamlaga, sem verða fyrir óvenjulegum útgjöldum vegna sjúkraflutninga og læknisvitjana og starfa í héruðum, þar sem ekki eru læknisvitjanasjóðir. Styrkir þessir mega samtals nema allt að 100 000 krónum, auk vísitöluuppbótar, og skal úthlutunin til læknisvitjanasjóða gerð að fengnum tillögum landlæknis, en úthlutun til sjúkrasamlaga samkv. ákvörðun tryggingaráðs;
4. *að* Tryggingastofnun ríkisins skuli vera heimilt á árinu 1949 að greiða giftum konum, þótt þær eigi vinni utan heimilis, sjúkrabætur vegna aðstoðar eða hjúkrunar í veikindum þeirra, sbr. 92. grein, enda nemi sjúkrabætur til þeirra eigi hærri upphæð en samsvarar lífeyri samkv. 15. gr. og greiðist því aðeins, að skilyrði 2. málsgr. 40. greinar séu fyrir hendi;
5. *að* iðgjöld atvinnurekenda á II. verðlagssvæði samkv. 112. gr. skuli á árinu 1949 vera 25% lægri en greinin ákveður;
6. *að* Tryggingastofnun ríkisins skuli vera heimilt á árinu 1949 að fella niður af iðgjöldum þeirra atvinnurekenda, sem hætt hafa atvinnurekstri á árinu 1948, allt að þeirri upphæð, sem hlutaðeigandi greiddi í slysatryggingaiðgjöld fyrir árið 1946 samkv. II. kafla laga nr. 104 frá 1943;

7. *að* störf ógifts fólks yfir 20 ára aldur, er dvelur og starfar á heimili foreldra sinna, skuli metin til vinnuviku samkv. 112. gr. á sama hátt og nú er gert um störf unglinga á aldrinum 16—20 ára, sbr. reglugerð frá 21/12 1946 um áhættuiðgjöld o. fl.
8. *að* iðgjöld samkv. 107. gr. og 112. gr. skuli á árinu 1949 innheimt með vísitöluálagi, er miðist við 310 vísitölustig, og að grunnupphæð heildarframlags sveitarfélaganna til tryggingasjóðs samkv. 114. gr. skuli það ár vera 3,6 millj. króna;
9. *að* skrár þær, er sveitarstjórnum ber að gera samkv. 118. gr., skuli á árinu 1949 vera fullgerðar einum mánuði fyrr en greinin ákveður og annað eintak þeirra sent hlutaðeigandi innheimtumanni, svo og, að afhendingu nýrra tryggingaskírteina megi á árinu 1949 fresta, eftir því sem tryggingaráð telur nauðsynlegt, og nota skírteini ársins 1947, meðan sú frestun varir;
10. *að* bráðabirgðaákvæði 11 skuli vera í gildi til ársloka 1949;
11. *að* vangreiðslur sjúkrasamlagsiðgjalda á árinu 1949 skuli varða skerðingu eða missi réttinda til sjúkrahjálpar á árinu 1950;
12. *að* lágmarksiðgjald sjúkrasamlaga, annarra en skólasamlaga, skuli á árinu 1949 vera 5 kr. á mánuði;
13. *að* sjúkrasamlagsiðgjöld samkv. 45. gr. laga nr. 104 frá 1943 og iðgjöld samkv. 112. og 113. gr. almannatryggingalaganna vegna lögskráðra sjómanna og bifreiðastjóra skuli hvíla sem lögveð á hlutaðeigandi skipum og bifreiðum, er gangi fyrir öllum öðrum veðum en lögveðum fyrir gjöldum til ríkissjóðs, og að iðgjöld samkvæmt sömu greinum vegna byggingar húsa og annarra mannvirkja skuli hafa sams konar veðrétt í eignum þessum.

2. gr.

Heildarendurskoðun laganna skal hraða svo, að niðurstöður hennar liggi fyrir næsta reglulega Alþingi, þegar það kemur saman.

3. gr.

Lög þessi öðlast gildi nú þegar. Lög nr. 126 frá 1947 falla úr gildi 31. desember 1948.

Ed. 228. Nefndarálit [89. mál]

um frv. til l. um tekjuskattsviðauka árið 1949.

Frá fjárhagsnefnd.

Fjárhagsnefnd hefur athugað frv. þetta, og mæla undirritaðir nefndarmenn með því, að það verði samþykkt.
BÓ var fjarstaddur, en BrB tók enga afstöðu til málsins.

Alþingi, 16. des. 1948.

Þorst. Þorsteinsson, frsm. Hermann Jónasson. Guðm. Í. Guðmundsson.

Ed. 229. Nefndarálit [90. mál]

um frv. til l. um heimild fyrir ríkisstjórnina til að innheimta ýmis gjöld 1949 með viðauka.

Frá fjárhagsnefnd.

Nefndin hefur athugað frv., og leggja undirritaðir nefndarmenn til, að það verði samþykkt óbreytt.

Tveir nefndarmanna (BÓ) og GÍG) voru fjarstaddir.

Alþingi, 16. des. 1948.

Þorst. Þorsteinsson, frsm. Brynj. Bjarnason. Hermann Jónasson.

Nd. 230. Lög [103. mál]

um bráðabirgðafjárgreiðslur úr ríkissjóði á árinu 1949.

(Afgreidd frá Nd. 16. des.)

Samhljóða þskj. 212.

Nd. 231. Lög [104. mál]

um breyting á lögum nr. 98 9. júlí 1941, um heimild fyrir ríkisstjórnina til ráðstafana og tekjuöflunar vegna dýrtíðar og erfiðleika atvinnuveganna.

(Afgreidd frá Nd. 16. des.)

Samhljóða þskj. 213.

Nd. 232. Nefndarálit [92. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 60 1939, um gjald af innlendum tollvörutegundum.

Frá fjárhagsnefnd.

Meiri hluti nefndarinnar (ÁÁ, HB, JóhH, SkG) leggur til, að frv. verði samþykkt, en minni hlutinn (EOl), að það verði fellt.

Alþingi, 13. des. 1948.

Ásg. Ásgeirsson, form., frsm. Hallgr. Benediktsson, fundaskr. Skúli Guðmundsson.

Einar Olgeirsson. Jóhann Hafstein.

Nd. **233. Nefndarálit** [93. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 62/1939, um tollskrá o. fl.

Frá meiri hl. fjárhagsnefndar.

Meiri hl. nefndarinnar leggur til, að frv. verði samþykkt.

Alþingi, 16. des. 1948.

Ásg. Ásgeirsson, form., frsm. Hallgr. Benediktsson, fundaskr. Jóhann Hafstein. Skúli Guðmundsson.

Ed. **234. Lög** [89. mál]

um tekjuskattsviðauka árið 1949.

(Afgreidd frá Ed. 16. des.)

Samhljóða þskj. 165.

Ed. **235. Lög** [90. mál]

um heimild fyrir ríkisstjórnina til að innheimta ýmis gjöld 1949 með viðauka.

(Afgreidd frá Ed. 16. des.)

Samhljóða þskj. 214.

Nd. **236. Breytingartillaga** [107. mál]

við frv. til l. um dýrtíðarráðstafanir vegna atvinnuveganna.

Frá Ingólfi Jónssyni.

Við 22. gr. A. Við greinina bætist: landbúnaðarvélar og fóðurbætir.

Ed. **237. Nefndarálit** [102. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 85 9. okt. 1946, um ráðstafanir í sambandi við skilnað Íslands og Danmerkur.

Frá allsherjarnefnd.

Allsherjarnefnd hefur athugað frv., og leggja undirritaðir nefndarmenn til, að frv. verði samþykkt.

Alþingi, 16. des. 1948.

Lárus Jóhannesson, fundaskr. Þorst. Þorsteinsson, frsm. Hermann Jónasson.

Nd. 238. Breytingartillaga [107. mál]

við frv. til l. um dýrtíðarráðstafanir vegna atvinnuveganna.

Frá Sigurði Bjarnasyni.

Við 29. gr. c). Við stafliðinn bætist: Undanþegnar þessu gjaldi skulu vera jeppabifreiðar eða aðrar hliðstæðar bifreiðar, sem fluttar verða inn í þágu landbúnaðarins. Enn fremur bifreiðar, sem verið hafa 4 ár eða lengur í eigu íslenzkra manna, er dvalið hafa erlendis.

Nd. 239. Breytingartillaga [107. mál]

við frv. til l. um dýrtíðarráðstafanir vegna atvinnuveganna.

Frá Jóni Pálmasyni.

Við 28. gr. Greinin falli burt.

Nd. 240. Breytingartillaga [93. mál]

við frv. til l. um breyt. á l. nr. 62 1939, um tollskrá o. fl.

Frá fjárhagsnefnd.

Við 2. gr. Í stað orðanna „samkvæmt þessum kafla“ í lok greinarinnar komi: samkvæmt 1. grein.

Nd. 241. Nefndarálit [107. mál]

um frv. til l. um dýrtíðarráðstafanir vegna atvinnuveganna.

Frá meiri hl. fjárhagsnefndar.

Nefndin hélt fund um málið strax að aflokinni fyrstu umr. og klofnaði í afstöðu til frv. Ríkisstjórnin hefur lagt mjög mikla áherzlu á nauðsyn þess að hraða gangi málsins. Meiri hluti fjárhagsnefndar leggur því til, að frv. verði samþykkt óbreytt við aðra umræðu, en nefndarmenn geyma sér rétt til að flytja breytingartillögur við þriðju umræðu og einnig að fylgja öðrum breytingartillögum, sem fram kunna að koma.

Alþingi, 17. des. 1948.

Ásgeir Ásgeirsson, form.	Hallgrímur Benediktsson, fundaskr.	Jóhann Hafstein, frsm.

Skúli Guðmundsson.

Nd. 242. Breytingartillögur [107. mál]

við frv. til l. um dýrtíðarráðstafanir vegna atvinnuveganna.

Frá Pétri Ottesen.

Á eftir 11. gr. kemur ný gr., svo hljóðandi:

Auk þeirrar aðstoðar bátaútveginum til handa, er felst í ákvæðum 1.—11. gr., skulu honum á árinu 1949 veitt gjaldeyrishlunnindi þau, er hér fara á eftir:

1. Veita skal gjaldeyris- og innflutningsleyfi fyrir 10 millj. króna af þeim erlenda gjaldeyri, sem fæst fyrir hraðfrystan og saltaðan fisk svo og hrogn, gegn viðbótargjaldi, er nemi 100% af leyfisfjárhæð. Veita skal ¼ hluta þessara leyfa á hverjum ársfjórðungi. Gjald þetta skal viðskiptanefnd innheimta við afhendingu leyfanna.

   Leyfi fyrir gjaldeyri þessum má ekki veita til innflutnings á þeim vörum, sem verðlagsvísitalan tekur til, nema því aðeins að færðar séu sönnur á, að slíkur innflutningur valdi ekki hækkun á vísitölunni.
2. Forgangsrétt til að fá gjaldeyris- og innflutningsleyfi samkvæmt tölul. 1 hafa þeir, er innflutningsverzlun reka jafnframt bátaútgerð.
3. Fjárhæð sú, sem inn kemur fyrir leyfi þau, er hér um ræðir, skal renna til útvegsmanna þeirra báta, er þorskveiðar stunda, svo og hlutarsjómanna á slíkum bátum, og skal viðskiptanefndin greiða Fiskifélagi Íslands ¼ hluta fjárhæðarinnar í lok hvers ársfjórðungs. Fiskifélagið skiptir síðan fénu milli þeirra aðila, er hér eiga hlut að máli, í hlutfalli við verðmæti afla hvers um sig, eftir nánari reglum, er ráðherra setur, að fengnum tillögum Fiskifélagsins.

Nd. 243. Breytingartillögur [107. mál]

við frv. til l. um dýrtíðarráðstafanir vegna atvinnuveganna.

Flm.: Lúðvík Jósefsson.

1. Við 1. gr. Í stað „65 aura verð“ komi: 70 aura verð.
2. Við 2. gr.
   a. Í stað „kr. 1.33 hvert enskt pund fob.“ komi: kr. 1.45 hvert enskt pund fob.
   b. Síðari málsl. 1. málsgr. orðist svo: Ákveða má með reglugerð, að greiða megi úr dýrtíðarsjóði hluta af geymslukostnaði á frystum fiski, sem legið hefur lengi í geymslu.
   c. 2. málsgr. falli niður.
3. Við 3. gr. Í stað „kr. 2.25“ komi: kr. 2.40.
4. Við 4. gr. Í stað „65 aura“ komi: 70 aura.
5. Við 8. gr. Síðari málsgr. falli niður.
6. 13., 14., 15., 16. og 17. gr. falli niður.

Ed. 244. Lög [102. mál]

um breyting á lögum nr. 85 frá 9. okt. 1946, um ráðstafanir í sambandi við skilnað Íslands og Danmerkur.

(Afgreidd frá Ed. 17. des.)

Samhljóða þskj. 211.

Nd. 245. Lög [83. mál]

um viðauka við lög nr. 50 7. maí 1946, um almannatryggingar.

(Afgreidd frá Nd. 17. des.)

Samhljóða þskj. 227.

Nd. 246. Nefndarálit [16. mál]

um frv. til l. um áburðarverksmiðju.

Frá meiri hl. landbúnaðarnefndar.

Landbúnaðarnefnd hefur haft þetta frumvarp til meðferðar á mörgum fundum og leitað álits ýmissa sérfróðra manna um málið almennt og einstök atriði þess. Nefndin ræddi ýtarlega við þá Ásgeir Þorsteinsson forstjóra, Björn Jóhannesson jarðvegsefnafræðing og Jóhannes Bjarnason framkvæmdastjóra, en þeir hafa allir starfað að undirbúningi frumvarpsins. Þá átti nefndin viðræður við Jakob Gíslason raforkumálastjóra og Steingrím Jónsson rafmagnsstjóra, sérstaklega um raforkuþörf slíkrar verksmiðju og hvaða möguleikar væru til að fullnægja henni. Þessir sérfræðingar töldu, að þegar þeirri virkjun Sogsins, sem nú er unnið að, verði lokið, muni verða hægt að fá raforku, er nægi verksmiðju með allt að 10 þús. smálesta ársframleiðslugetu af köfnunarefni, þótt það hafi vitanlega í för með sér, að fyrr þurfi að virkja aftur.

Nefndin er öll á þeirri skoðun, að rétt sé að lög þau, er sett verða um þetta efni, heimili, að reist verði nokkru stærri verksmiðja en ráðgert er í frumvarpinu. Nefndarmenn leggja þó mismunandi áherzlu á það, hve langt skuli gengið í því efni. Einn nefndarmanna (SG) vill, að reist verði miklu stærri verksmiðja en hér er gert ráð fyrir. Skilar hann því sérstöku nefndaráliti ásamt breytingartillögum.

Meiri hl. nefndarinnar mælir með, að frumvarpið verði samþykkt með eftirfarandi

BREYTINGUM:

1. Við 1. gr. Upphaf síðari málsgr. orðist svo:
   Stærð verksmiðjunnar skal miðuð við það, að vinnslugeta hennar sé 5000—10000 smál. ársframleiðsla af köfnunarefni að minnsta kosti.
2. Við 4. gr. Greinin orðist svo:
   Stjórn verksmiðjunnar skal skipuð þremur mönnum, sem kosnir skulu hlutfallskosningu í sameinuðu Alþingi til fjögurra ára í senn. Landbúnaðarráðherra skipar einn þeirra formann verksmiðjustjórnar. Ráðherra setur stjórninni erindisbréf og ákveður laun hennar. Verksmiðjustjórnin hefur á hendi stjórn verksmiðjunnar.
3. Við 5. gr. Greinin orðist svo:
   Verksmiðjan skal reist svo fljótt sem ástæður leyfa að dómi verksmiðjustjórnar og með samþykki landbúnaðarráðherra, enda hafi þá fengizt trygging fyrir nægri raforku og nægilegu fé til greiðslu stofnkostnaðar.
4. Við 8. gr. Síðari málsgr. orðist svo:
   Áburðarsala ríkisins skal í byrjun hvers árs láta verksmiðjustjórninni í té áætlun um áburðarmagn til innanlandsnotkunar það ár.

Alþingi, 16. des. 1948.

Steingr. Steinþórsson, form., frsm.	Jón Pálmason, fundaskr.	Ásg. Ásgeirsson.
	Jón Sigurðsson.	

Sþ. 247. Nefndarálit [22. mál]

um till. til þál. um innflutning landbúnaðarvéla.

Frá allsherjarnefnd.

Nefndin hefur rætt tillöguna og leggur til, að hún verði samþykkt með eftirfarandi

BREYTINGU:

Tillgr. orðist svo:

Alþingi ályktar að skora á ríkisstjórnina að hlutast til um, að á næsta ári verði fluttar til landsins landbúnaðarvélar, eftir því sem þörf krefur, svo sem jarðýtur, skurðgröfur og aðrar stórvirkar vélar, til að fullnægja þörf búnaðarfélaga og ræktunarsambanda. Einnig minni dráttarvélar og aðrar búvélar, eftir því sem frekast er unnt. Jafnframt verði séð fyrir nægilegum varahlutum.

Alþingi, 17. des. 1948.

Jörundur Brynjólfsson, form. Jón Sigurðsson, fundaskr. Ingólfur Jónsson, frsm.
Ásg. Ásgeirsson. Jón Gíslason. Sigurður Bjarnason.
Sigfús Sigurhjartarson.

Nd. 248. Breytingartillaga [107. mál]

við frv. til l. um dýrtíðarráðstafanir vegna atvinnuveganna.

Flm.: Lúðvík Jósefsson.

Á eftir 11. gr. komi ný grein, svo hljóðandi:

Allar útgerðir fiskibáta, sem lög þessi ná til, skulu eiga rétt á erlendum gjaldeyri, sem nemur helmingi af aflaverðmæti því, sem viðkomandi útgerð hefur aflað á árinu 1949, miðað við gildandi innanlandsverð aflans.

Gjaldeyrisleyfi samkv. þessu, sem jafnframt eru innflutningsleyfi, skal veita ársfjórðungslega, miðað við innlagðan afla næsta ársfjórðung á undan.

Heimilt er að hagnýta gjaldeyri þennan til kaupa á hvers konar útgerðarnauðsynjum, án þess að til þeirra kaupa þurfi önnur leyfi. Þá er og heimilt að hagnýta gjaldeyri þennan til innkaupa á öðrum vörum, sem inn má flytja samkv. gildandi innflutningsáætlun, að fengnu samþykki innflutningsyfirvaldanna. Nánari reglur um framkvæmd á ákvæðum þessarar greinar má setja í reglugerð, og skulu samtök útvegsmanna hafa rétt til tillagna um þá reglugerð.

Nd. 249. Frumvarp til laga [92. mál]

um breyting á lögum nr. 60 1939, um gjald af innlendum tollvörutegundum.

(Eftir 2. umr. í Nd.)

1. gr.

Ríkisstjórninni er heimilt að innheimta á árinu 1949 með 450% álagi gjald samkvæmt lögum nr. 60 1939, um gjald af innlendum tollvörutegundum, nema af gos-

drykkjum samkvæmt 1. tölulið 4. kafla 2. gr. laganna, sem henni heimilast að innheimta með 550% álagi, og öli samkvæmt 3. tölulið sama kafla, sem heimilað er að innheimta með 600% álagi.

Hækkun þessi tekur þó ekki til gjalds af kaffibæti samkvæmt 1. lið 3. kafla laganna.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Nd. 250. Frumvarp til laga [93. mál]

um breyting á lögum nr. 62/1939, um tollskrá o. fl.

(Eftir 2. umr. í Nd.)

1. gr.

Á árinu 1949 skal innheimta:

A. Vörumagnstoll samkvæmt lögum nr. 62/1939, um tollskrá o. fl., og síðari breytingum á þeim lögum, með þessum hækkunum:
   a. Af benzíni, öðru en flugvélabenzíni, samkvæmt 27. kafla tollskrárinnar, 15. lið, með 20 aurum af kg í stað 1 eyris.
   b. Af öllum öðrum vörum með 200% álagi, þó ekki af flugvélabenzíni og vörum þeim, sem taldar eru í 2. gr.

B. Verðtoll samkvæmt sömu lögum með 65% álagi, þó ekki af vörum þeim, sem taldar eru í 2. gr.

2. gr.

Undanþegnar tollhækkun þeirri, er getur í b-lið A og B-lið 1. gr., eru þessar vörur:

Tollskrárkafli	9	nr. 1—2,	kaffi, óbrennt, brennt, eða brennt og malað.
—	10	— 1—7,	korn, ómalað.
—	11	— 1—12,	mjöl og grjón.
—	17	— 1—6,	sykur.
—	22	— 6—38,	drykkjarvörur og ýmislegir vökvar.
—	24	— 1—9,	tóbak.
—	25	— 10,	salt.
—	27	— 1—4,	kol.
—	—	— 14,	steinolía.

Enn fremur eru vörur, sem sérstakur tollur er greiddur af vegna milliríkjasamninga, undanskildar tollhækkun samkvæmt 1. gr.

3. gr.

Ekki er heimilt að hækka álagningu verzlana á vörur vegna tollahækkana samkvæmt lögum þessum, og er verðlagsyfirvöldum skylt að sjá um, að svo verði ekki gert, annaðhvort með því að banna álagningu á tollahækkunina eða með því að breyta verðlagsákvæðum þannig, að álagningin hækki ekki að krónutölu vegna tollhækkunarinnar frá því, sem er við gildistöku laga þessara.

4. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1949.

Nd. 251. Breytingartillaga [107. mál]

við frv. til l. um dýrtíðarráðstafanir vegna atvinnuveganna.

Frá Katrínu Thoroddsen.

Við 29. gr. d-lið. Liðurinn falli niður.

Nd. 252. Nefndarálit [107. mál]

um frv. til l. um dýrtíðarráðstafanir vegna atvinnuveganna.

Frá minni hl. fjárhagsnefndar.

Fjárhagsnefnd hefur klofnað um þetta mál. Var ég í mjög veigamiklum atriðum andstæður tillögum þeim, sem í frumvarpinu felast, en flyt eða fylgi brtt. við aðrar, svo að ég gat ekki átt samleið með öðrum nefndarmönnum, sem vilja samþykkja frumvarpið að mestu óbreytt.

Hvað I. kaflann snertir, þá verður að líta svo á, eftir þeim upplýsingum, sem ég hef fengið frá samtökum útvegsmanna, að útgerðin verði ekki rekin, ef ekki er tryggt hærra verð fyrir fiskinn en ábyrgð er tekin á í þessu frumvarpi. Ég mun því flytja eða fylgja breytingartillögum, er ganga í þá átt að tryggja bátaútveginum hærra verð fyrir fiskinn. Ég læt fylgja með sem fylgiskjöl með þessu frv. álit stjórnar Landssambands ísl. útvegsmanna á því og ályktun frá aukafundi Sölumiðstöðvar hraðfrystihúsanna frá 7.—9. des. Segir í fylgiskjali II með hinni síðarnefndu ályktun, að verð á þorskflökum í 8×7 lbs. pergamentpakkningu þurfi að vera kr. 1.50 pr. lbs., miðað við 65 aura hráefnisverð.

Hvað II. kafla snertir, um skuldaskil útgerðarinnar, þá ætti hann að falla burtu að 12. greininni undantekinni. Sú aðferð, sem þarna er lögð til, að taka stóran hluta útgerðarinnar til skuldaskila, mundi hafa mjög skaðleg áhrif á sjávarútveginn og framtíðaraðstöðu hans, ef samþykkt yrði. Það þarf að haga þjóðfélagsmálum vorum þannig, að vinnuafl og fjármagn leiti til undirstöðuatvinnuveganna, en séu ekki flæmd þaðan burtu.

Meginákvæði III. kaflans eru um nýjar álögur á almenning, og er ég andstæður þeim ákvæðum og legg til, að felld séu. Fari svo, að þau yrðu felld, en fjár þyrfti fyrirsjáanlega vegna fiskábyrgðarinnar, mundi ég bera fram fjáröflunartillögur, er miðuðust við að lenda á þeim breiðu bökum, en ekki fyrst og fremst almenningi.

Væntanlegt fylgiskjal frá Landssambandi ísl. útvegsmanna er ekki komið, en verður birt með framhaldsnefndaráliti.

Alþingi, 17. des. 1948.

Einar Olgeirsson.

Fylgiskjal I.

Ályktun frá Sölumiðstöð hraðfrystihúsanna.

Aukafundur haldinn í S.H. dagana 7.—9. des. telur, að ef það verður ákveðið af hálfu þess opinbera, að hraðfrystihúsin skuli kaupa hráefnið föstu ákveðnu verði, þá beri að tryggja þeim það verð fyrir afurðirnar, að rekstri þeirra sé ekki stefnt í voða. Telur fundurinn, að það verð, sem hraðfrystihúsunum var tryggt s. l. ár, kr. 1.33 pr. lbs. í 8×7 lbs. pergament-pakkningu, sé of lágt, og telur áætlun þá, sem lögð var fyrir fundinn af stjórn S.H., réttan grundvöll fyrir því tryggingarverði, sem húsin þurfa að fá fyrir afurðir sínar, miðað við 65 aura hráefnisverð á vertíðar-þorski og núverandi kaupgjald.

Samþykkir fundurinn að fela stjórninni að framfylgja þessari ályktun.

Fylgiskjal II.

SÖLUMIÐSTÖÐ HRAÐFRYSTIHÚSANNA

Miðað við vísitölu 300. Desember 1948.

Þorskur í 8×7 lbs. pergament.

2800 kg á 0.65		kr. 1820.00
Vinnulaun		— 462.00
Umbúðir:		
320 blöð á 0.13	kr. 41.60	
40 pappakassar á 2.30	— 92.00	
Vír	— 20.00	
	Kr. 153.60	
5% rýrnun	— 7.68	
Flutningsgjald	— 20.00	
		— 181.28
Akstur, útskipun og hafnargjöld		— 80.00
Útflutningsgjald 2.35% af kr. 3200.00		— 75.20
Umboðslaun S. H. 2% af kr. 3200.00		— 64.00
Vextir:		
4% af kr. 2400.00 í 6 mán.	kr. 48.00	
5½% af kr. 600.00 í 6 mán.	— 16.50	
		— 64.50
Vátrygging 3‰		— 11.00
Frysting og geymsla		— 550.00
		Kr. 3307.98

Kr. 1.50 pr. lbs.

Nd. 253. Breytingartillaga [107. mál]

við frv. til l. um dýrtíðarráðstafanir vegna atvinnuveganna.

Frá Einari Olgeirssyni og Hermanni Guðmundssyni.

Við 29. gr. Við staflið a bætist: Undanþegnar þessu gjaldi skulu vera allar fræðslukvikmyndir.

Nd. 254. Nefndarálit [106. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 128/1947, um dýrtíðarráðstafanir.

Frá fjárhagsnefnd.

Nefndin leggur til, að frv. þetta verði samþykkt.

Alþingi, 17. des. 1948.

Ásg. Ásgeirsson, form., frsm. Hallgr. Benediktsson, fundaskr. Einar Olgeirsson.

Skúli Guðmundsson. Jóhann Hafstein.

Nd. 255. Frumvarp til laga [108. mál]

um stofnun Framfarasjóðs íslenzkra búnaðarsambanda.

Flm.: Ingólfur Jónsson, Jón Pálmason, Stefán Stefánsson.

1. gr.

Ríkissjóður leggur árlega fram kr. 300000.00 — þrjú hundruð þúsund krónur —, sem renna í sérstakan sjóð, er nefnist Framfarasjóður íslenzkra búnaðarsambanda.

2. gr.

Búnaðarþing skiptir fé sjóðsins á milli búnaðarsambandanna með hliðsjón af framleiðslumagni héraðanna af gjaldskyldum söluvörum landbúnaðarins.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Um þessar mundir eru búnaðarsamböndin í landinu í mikilli fjárþröng. Stafar það m. a. af því, að með þeirri breytingu, sem gerð var á búnaðarmálasjóðslögunum s. l. vetur, var sá tekjustofn, sem samböndin treystu á, skertur til helminga.

Til viðbótar því hefur framlag Búnaðarfélags Íslands til búnaðarsambandanna verið lækkað um helming. Er það tilræði við búnaðarsamböndin með öllu óskiljanlegt og óverjandi, þar sem Búnaðarfélagið hafði ekki minna fé til ráðstöfunar en áður. Fjárþörf búnaðarsambandanna fer stöðugt vaxandi, vegna aukinnar ræktunar og annarra búnaðarframkvæmda. Það er því mikil nauðsyn að bæta fjárhag sambandanna, svo eigi þurfi að stöðvast þær framkvæmdir, sem þau hafa með höndum. Frumvarpi því, sem hér er flutt um stofnun framfarasjóðs búnaðarsambandanna, er ætlað að bæta úr fjárþörf þeirra og gera þeim fært að gegna hlutverki sínu.

Nánari grein fyrir frumvarpinu mun verða gerð í framsögu.

Nd. 256. Breytingartillaga [107. mál]

við frv. til l. um dýrtíðarráðstafanir vegna atvinnuveganna.

Flm.: Lúðvík Jósefsson.

Við 17. gr. Við 5. tölulið bætist nýr stafliður (c.), svo hljóðandi:

Kröfur félagssamtaka útvegsmanna, svo sem olíusamlaga, viðgerðarverkstæða, verzlunarsamtaka o. fl., enda séu þau opin öllum útvegsmönnum á félagssvæðinu.

Nd. 257. Breytingartillögur [107. mál]

við frv. til l. um dýrtíðarráðstafanir vegna atvinnuveganna.

Frá meiri hl. fjárhagsnefndar.

1. Aftan við fyrri málsgr. 2. gr. bætist: og tilsvarandi geymslukostnað vegna fisks, sem veiddur er á öðrum tíma.
2. Í stað orðanna „að greiða megi úr ríkissjóði“ í þriðja málslið 3. gr. kemur: að greiða megi úr dýrtíðarsjóði.

3. Á eftir 4. gr. kemur ný gr., svo hljóðandi:
   Ríkisstjórninni er heimilt að verja allt að 5 milljónum króna til þess að lækka kostnað við framleiðslu sjávarafurða.
4. 10. gr. orðist svo:
   Ríkisstjórnin lætur nú þegar endurskoða reglur um verðlag á viðgerðum á skipum, vélum, veiðarfærum og öðrum útgerðarvörum. Ráðherra skipar tvo fulltrúa með þekkingu á útvegsmálum og skipaviðgerðum, að fengnum tillögum frá Landssambandi íslenzkra útvegsmanna og Fiskifélagi Íslands, til aðstoðar verðlagsyfirvöldunum við verðlagsákvörðunina.
5. Fyrirsögn II. kafla hljóði svo:
   Um aðstoð til útvegsmanna, er síldveiðar stunduðu á tímabilinu 1945 til 1948.
6. Í stað orðanna „er síldveiðar stunduðu sumarið 1948“ í 12. gr. kemur: er síldveiðar stunduðu á tímabilinu 1945 til 1948.
7. 4. tölul. 13. gr. orðist svo:
   Að útgerðarmaður nái viðunandi samningum við lánardrottna sína, að dómi skilanefndar, á öðrum skuldum sínum, til þess að útgerð hans verði rekin framvegis á fjárhagslega tryggum grundvelli.
8. Fyrsta málsgr. 17. gr. orðist svo:
   Ríkisstjórnin getur samkv. tillögum skilanefndar sett reglugerð um skuldaskil útvegsmanna, er síldveiðar stunduðu á tímabilinu 1945 til 1948, er taki til þeirra útvegsmanna, sem ekki komast að samkomulagi við lánardrottna sína, sbr. 13. gr., og slíkra skuldaskila óska.
9. Í stað orðanna „Heimild meiri hluta þeirra lánardrottna, er sækja fund“ í 3. tölul. 17. gr. kemur: Heimild lánardrottna þeirra, er ráða yfir meiri hluta af skuldakröfunum og sækja fund.
10. Í stað „veði“ í 18. gr. kemur: verði.
11. a. Í stað „2. gr.“ í upphafi 23. greinar kemur: 21. gr.
    b. Á eftir orðunum „fyrra misserisins“ í öðrum málsl. sömu greinar kemur: og tilkynna hann skattgreiðanda.
    c. Í stað „10 dagar“ í síðasta málsl. annarrar málsgr. sömu greinar kemur: 30 dagar.
12. a. c-liður 29. gr. orðist svo:
       af innflutningsleyfum fyrir fólksbílum 50% og af jeppa- og vörubifreiðum 25% af leyfisfjárhæð; leyfisgjaldið miðist við tollmat bifreiðanna að frádregnu flutningsgjaldi og vátryggingariðgjaldi, ef leyfisfjárhæð er ekki tiltekin.
    b. Á eftir c-lið koma nýir liðir:
       1. af innflutningsleyfum fyrir bifreiðavarahlutum og bifreiðavélum 50% af leyfisfjárhæð.
       2. af innflutningsleyfum fyrir hjólbörðum og slöngum 25% af leyfisfjárhæð.

Ed. 258. Frumvarp til laga [109. mál]

um manntal.

(Lagt fyrir Alþingi á 68. löggjafarþingi, 1948.)

1. gr.

Semja skal skrá um alla þá, sem heimili eiga eða dveljast á Íslandi.

2. gr.

Hreppsnefnd í hverjum hreppi og bæjarstjórn í hverjum kaupstað skal láta taka manntal á tímabilinu frá 20. til 30. október ár hvert, í fyrsta skipti 1949, sbr. þó 19. gr.

3. gr.

Félagsmálaráðuneytið skal láta gera eyðublöð undir manntalsskýrslur, þar sem greint sé: Nafn, fæðingardagur, fæðingarár, fæðingarstaður, kynferði, heimilisfang, dvalarstaður, ef það á við, hjúskapur, ríkisfang, trúarbrögð, staða, atvinna, flutningur innan sveitarfélags og flutningur milli sveitarfélaga á manntalsárinu, eða til landsins, hvar síðast á manntali o. s. frv.

4. gr.

Félagsmálaráðuneytið skal fyrir 1. október ár hvert senda eyðublöð þau, er í 3. gr. getur, til allra oddvita og bæjarstjóra (borgarstjóra) á landinu, og skulu þeir senda hverjum húseiganda eða umboðsmanni hans nægilega mörg eyðublöð, er hann skal dreifa til heimilisfeðra í húsum sínum. Senda má og heimilisfeðrum eyðublöð beint, ef það þykir hentara. Þá skal og senda utanríkisráðuneytinu og forstöðumönnum heimavistarskóla, sjúkrahúsa, hæla, gistihúsa, fangelsa og annarra slíkra stofnana eyðublöð.

5. gr.

Skrá skal hvern mann í heimilissveit hans og þar sem hann dvelst.

Nú er maður staddur utan heimilissveitar sinnar, þegar manntal er tekið, og skal þá skrá nafn hans á manntalsskýrslu, þar sem hann er staddur, og greinargerð hans um, að heimilisfang hans sé í öðru tilteknu sveitarfélagi, en jafnframt skal hann tekinn á skrá í heimilissveit sinni.

Námsmenn, sjúklinga og refsifanga skal skrá í sveitarfélagi, þar sem þeir dveljast, þegar manntal er tekið, en jafnframt skulu þeir teknir á manntal í heimasveit sinni, enda megi telja, að þeir hafi þar enn þá heimili, t. d. hjá maka, foreldri, kjörforeldri, fósturforeldri, lögráðamanni eða húsbónda.

Nú vill maður telja raunverulegt heimili sitt í öðru sveitarfélagi en því, þar sem hann dvelst, þegar manntal er tekið, og skal hann þá greina tengsl sín við þá sveit, t. d. bústað þar, konu og börn, dvöl, atvinnu o. s. frv.

Nú dvelst maður á manntalsárinu í sveitarfélögum fleirum en einu, og skal hann þá gera grein fyrir því, á hvaða stöðum hann hefur raunverulega dvalizt á manntalsárinu og hversu lengi á hverjum, hvað og hvar hann hefur unnið, hvar hann eigi foreldra, konu eða börn, ef því er að skipta, hvar hann eigi eignir og hverjar og hvernig hann geri sér þær arðbærar, hvort og hvar hann hafi leigt sér híbýli, hvort hann hafi verið lögskráður á skip, og ef svo er, þá hvar, svo og því öðru, er máli skiptir, er meta skal raunverulegt heimilisfang hans.

Nú má telja nánust tengsl slíks manns, er getur í 4. og 5. málsgr., vera við annað tiltekið sveitarfélag en þar, sem hann dvelst, og skal þá einnig skrá hann þar í manntal.

Nú má víst eða líklegt telja, eftir skýrslum, að maður eigi heimili í fleiru en einu sveitarfélagi, og skal þá taka hann á manntal í sveitarfélögum þeim, sem um er að tefla.

6. gr.

Skrá skal íslenzka ríkisborgara, sem eru í þjónustu ríkisins erlendis, og skyldulið þeirra þar í manntal í Reykjavík.

Íslenzkir ríkisborgarar, sem dveljast erlendis og ætla má, að leiti aftur til landsins, svo sem námsmenn, sjúklingar, farmenn og refsifangar, skulu skráðir í manntal í Reykjavík. Ef þeir hafa verið skráðir síðast í manntal hér á landi hjá foreldrum, kjörforeldrum, fósturforeldrum, maka eða lögráðamanni, skal skrá þá þar áfram, meðan þessara vandamanna þeirra nýtur við.

7. gr.

Hverjum manni, 18 ára og eldri, er skylt að sjá til þess, að nafn hans og þeirra, sem með honum dveljast og á vegum hans eru, sé skráð á manntalsblöð samkvæmt

3.—5. gr. Heimilisfeður og húsráðendur skulu og sjá um skráningu einhleypra manna og annarra, er hjá þeim búa eða hafast þar við.

Með sama hætti skráir utanríkisráðuneytið þjónustumenn ríkisins erlendis og forstöðumenn heimavistarskóla, sjúkrahúsa, fangelsa, hæla, gistihúsa og annarra slíkra stofnana, þá sem þar dveljast eða hafast við. Utan kaupstaða er heimilt að láta skrá á manntalsblöð í tvíriti.

8. gr.

Jafnskjótt og þeir aðilar, er í 7. gr. segir, hafa skráð á eyðublöðin, skulu heimilisfeður utan kaupstaða og kauptúna með 300 íbúa eða fleiri koma þeim til oddvita eigi síðar en 10. nóv. næstan á eftir.

Annars staðar safna sveitarstjórnir skýrslunum.

Nú þykir þeim, sem manntal tekur eða vinnur úr manntalsskýrslum, skorta greinargerð um tiltekinn mann, og er þeim þá rétt og skylt að krefja hann eða aðra skýrslna um þau atriði, sem máli skipta, og kalla hann eða þá fyrir sig, ef þurfa þykir.

9. gr.

Oddvitar skulu yfirfara manntalsblöðin, jafnóðum og þau berast, og gæta þess, að greinargerðir séu réttar og fullnægjandi samkvæmt lögum þessum, og afla frekari skýrslna eftir þörfum og föngum. Síðan senda þeir sýslumanni manntalsblöðin eða annað eintak þeirra, ef þau eru tvírituð.

Semja skal manntalsskrá um íbúa hreppsins eftir nánari fyrirmælum félagsmálaráðuneytisins.

10. gr.

Sýslumenn og bæjarstjórar (borgarstjórar) skulu semja skrá um alla þá, er telja skal í manntali samkvæmt lögum þessum, og gæta þess, að í skrá þessari felist svo glögg og handhæg greinargerð um hvern einstakling, raunverulegt heimili hans og dvalarstaði og annað það um hagi hans, sem í lögum þessum er mælt.

Félagsmálaráðuneytið kveður á um tilhögun skrárinnar.

11. gr.

Nú skal samkvæmt ákvæðum 5. gr. taka mann á skrá í öðru sveitarfélagi en þar, sem hann er staddur eða dvelst, og skal þá sýslumaður eða bæjarstjóri (borgarstjóri) í því umdæmi tilkynna það manntalsstofu eða manntalsstofum þeim, er í hlut eiga.

Samsvarandi gildir um þá, sem eiga tvö eða fleiri heimili.

12. gr.

Þá er skrár þær, er í 9. og 10. gr. segir, hafa verið gerðar, skal svo haga um tilkynningar sem hér segir:

1. Ljósmæður skulu tilkynna í kaupstöðum manntalsstofu, en í hreppum oddvita, fæðingu allra barna, sem þær taka við í umdæmi sínu, innan tveggja vikna.

   Skal greina í tilkynningu kynferði barns, nafn, heimili og stöðu föður og móður, ef barnið er skilgetið, en nafn móður, ef það er óskilgetið, og þann, er móðir lýsir föður eða gengizt hefur við faðerni að vitund ljósmóður, og stöðu þeirra og heimili, svo sem sagt var. Þá skal og greina fæðingarstað (húsnúmer), fæðingardag og ár og nafn barnsins, ef því hefur verið gefið nafn.

   Nú elur kona barn, án þess að ljósmóðir sé viðstödd, og hvílir þá tilkynningarskyldan á foreldrum, ef barn er skilgetið, en barnsmóður eða heimilisföður, ef barn er óskilgetið.

   Nú er barni gefið nafn að áðurnefndum fresti liðnum, og er þá foreldrum skilgetins barns og móður óskilgetins barns svo og þeim, sem koma í þeirra stað, ef því er að skipta, skylt að tilkynna áðurgreindum aðilum innan tveggja vikna frá nafngjöfinni nafn barnsins svo og nafn föður óskilgetins barns, ef áreiðanleg vitneskja er um það fengin.
2. Andlát skal sá læknir tilkynna, sem dánarvottorð gefur út, innan þess tíma og

þeim aðilum, er í 1. tölul. segir. Nú er svo farið, að dánarvottorð verður eigi gefið út, svo sem ef skip hefur farizt, menn verða úti eða hverfa, og skal þá maki, foreldri, húsbóndi og útgerðarmaður tilkynna manntalsstofu eða oddvita atburðinn. Svo skulu og prestar eða forstöðumenn safnaða tilkynna áðurnefndum aðilum andlát allra, er andast í söfnuðum þeirra, hverfa eða farast á annan hátt.

Tilkynningar þessar skulu greina eftir þörfum nafn, heimili, stöðu, dánardag og ár, dánarstað og dánarorsök.

3. Nú skiptir maður um nafn eða er ættleiddur, og tilkynnir þá dómsmálaráðuneytið þeim aðilum, er í 1. tölulið segir, nafnskipti og ættleiðingu, þar á meðal nafn kjörforeldris og kjörbarns.
4. Hjúskap og lögskilnað hjóna skal stjórnvald það, er hjónavígslu framkvæmir eða leyfi gefur til skilnaðar, tilkynna með sama hætti og áður segir.
5. Nú er maður sviptur lögræði, og skal þá dómari tilkynna lögræðissviptingu, svo og hver sé lögráðamaður. Með sama hætti fer um afnám lögræðissviptingar.
6. Nú flyzt maður úr einu sveitarfélagi í annað, og skal hann þá þegar tilkynna brottför sína og þeirra, sem á vegum hans eru, ef því er að skipta, svo og hvert hann flyzt, manntalsstofu eða oddvita í því sveitarfélagi, sem hann flyzt úr. Með samsvarandi hætti skal hann tilkynna hið nýja heimilisfang innan þess sveitarfélags, sem hann flyzt í, eigi síðar en viku eftir að hann er þangað kominn. Gera skal hann grein fyrir sér og þeim, sem til heimilis hans teljast.

   Með sama hætti skal tilkynna bústaðaskipti innan sveitarfélags eigi síðar en viku eftir að þau hafa átt sér stað. Nú flyzt maður af landi brott eða fer til útlanda til fastrar dvalar um tíma, svo sem til náms, lækninga eða í verzlunarerindum, og skal hann þá tilkynna það. Heimilisfeður skulu og tilkynna, er maður, sem er á þeirra vegum eða í þeirra húsi, hefur farið af landi brott, með sama hætti sem áður segir.

   Skráningarstjórar skulu tilkynna, ef þeir skrá íslenzka menn á erlend skip eða afskrá þá.

   Með sama hætti skulu menn tilkynna endurkomu sína til landsins eða afskráningu af erlendu skipi hér á landi.
7. Sérhver húsráðandi og heimilisfaðir skal tilkynna, er hann tekur á heimili sitt eða í hús sín fólk til starfa eða náms eða selur manni á leigu herbergi í húsi sínu eða íbúð sinni.

   Sérstaklega skal þess getið, ef um útlendan mann er að tefla, og þá hvers ríkis borgari hann sé og hvaðan hann sé kominn.

   Félagsmálaráðuneytið setur nánari reglur um tilkynningar. Ákvæði síðustu málsgreinar 8. gr. eiga og hér við.

13. gr.

Oddviti skal skrá í manntal hreppsins breytingar samkv. 1.—7. tölul. 12. gr., jafnóðum og þær berast, og senda tilkynningar síðan til manntalsstofu sýslunnar, sem jafnharðan gerir samsvarandi breytingar í sýslumanntalinu.

Breytingar á manntalsskrám kaupstaða skal gera jafnóðum og tilkynningar berast.

14. gr.

Manntalsstofur eða oddvitar skulu láta aðila í té vottorð um flutningstilkynningar, sem hann fær manntalsstofu eða oddvita í því sveitarfélagi, sem hlut á að máli, um leið og hann tilkynnir bústaðaskipti.

Félagsmálaráðuneytið ákveður gerð þessara vottorða og efni.

15. gr.

Nú reynist manntal í hreppi, sýslu eða kaupstað ófullnægjandi eða það glatast, og skal félagsmálaráðuneytið þá gera ráðstafanir til, að úr verði bætt, svo vel og svo fljótt sem unnt er.

16. gr.

Manntalsstofum er skylt að veita hver annarri, dómurum, lögreglustjórum, skattstjórnarvöldum og öðrum yfirvöldum alla þá fræðslu, er aðilar þessir biðja um í embættisnafni og þær mega í té láta. Skylt er manntalsstofum gegn þóknun, er ráðuneytið ákveður, að láta einstaklingum í té vottorð úr skrám sínum eftir nánari fyrirmælum félagsmálaráðuneytisins.

17. gr.

Heimilt er félagsmálaráðuneytinu að kveða svo á, að manntalsskrá í sýslum og kaupstöðum skuli gera í tvíriti og að annað eintakið skuli sent ráðuneytinu.

Hagstofu Íslands skulu heimil afnot af manntalsskrám samkvæmt ákvæðum félagsmálaráðuneytisins.

18. gr.

Eftir manntali og tilkynningum samkvæmt lögum þessum og öðrum þeim gögnum, sem fyrir hendi eru, skulu manntalsstofur gera í tvíriti sérstaka skrá um alla þá menn, sem ekki hafa íslenzkt ríkisfang.

Annað eintakið skulu þeir senda félagsmálaráðuneytinu, og skal lögreglustjórinn í Reykjavík hafa aðgang að því.

Nú fá manntalsstofur gögn í hendur, sem leiða til breytinga á útlendingaskránni, og skulu þær þá gera nauðsynlegar breytingar á skrám sínum og tilkynna þær breytingar jafnharðan félagsmálaráðuneytinu.

19. gr.

Í stað þess árlega manntals, sem getur í 2.—11. gr., skal ár þau, er ártalið endar á 0, taka almennt manntal um land allt 1. dag nóvembermánaðar eða annan dag, sem félagsmálaráðherra ákveður, og skal því lokið þann sama dag, nema óviðráðanlegar tálmanir hamli.

Reglur 3.—11. gr. gilda um manntal þetta með þeirri breytingu, að allir skulu taldir þar, sem þeir höfðu náttstað aðfaranótt manntalsdagsins.

Ákvæði 2. málsgr. 17. gr. eiga og hér við.

20. gr.

Áður en manntal samkv. 19. gr. á fram að fara, skal skipta hverjum kaupstað eða hreppi í svo mörg hverfi, að einn maður komist yfir að telja alla þá, sem í hverju hverfi skal í manntal taka.

21. gr.

Ríkissjóður ber kostnað af eyðublöðum og sendingu þeirra. Kostnað af manntali í hreppum bera hreppssjóðir, en í kaupstöðum bæjarsjóðir. Mannskrár í sýslum skal gera á kostnað sýslusjóða, en í kaupstöðum á kostnað bæjarsjóða.

22. gr.

Brot á lögum þessum varða sektum allt að 10000 krónum, nema þyngri refsing liggi við að öðrum lögum.

23. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi. Frá sama tíma eru úr gildi numin:

Lög nr. 18 16. sept. 1901, um manntal í Reykjavík.

Lög nr. 4 18. maí 1920, um manntal á Íslandi.

Lög nr. 44 19. júní 1933, um breyting á lögum um manntal í Reykjavík.

Lög nr. 96 23. júní 1936, um heimilisfang.

Lög nr. 3 12. jan. 1945, um kirkju- og manntalsbækur (sálnaregistur).

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Í öndverðum októbermánuði s. l. fól félagsmálaráðherra þeim Jónasi Guðmundssyni, skrifstofustjóra í félagsmálaráðuneytinu, dr. Einari Arnórssyni hæstaréttardóm-

ara og Gizuri Bergsteinssyni hæstaréttardómara að athuga gildandi lög um manntal og heimilisfang svo og frumvarp til laga um manntal og frumvarp til laga um lögheimili og annað heimilisfang, en frumvörp þessi hafði samið nefnd fjögurra manna, er félagsmálaráðherra hafði á sínum tíma falið það verk.

Virðist oss manntalsfrumvarpið eigi verða notað með þeim hætti, sem það var úr garði gert, og hefur því orðið að ráði að semja nýtt frumvarp um manntal.

Með frumvarpinu um lögheimili og annað heimilisfang hefur hugmyndin verið sú að setja ný lög í stað laga nr. 95 23. júní 1936, er nú gilda. Athugun á þessu efni hefur sannfært oss um, að bæði áðurnefnd lög og frumvarpið séu frekar til ógagns en gagns, enda verkefni það, sem lögin hafa sett sér, óleysanlegt. Liggja til þess m. a. þær ástæður, sem nú skulu greindar:

Bæði lögin og frumvarpið hafa sett sér það mark að skera úr því, hvar lögheimili manns sé í öllum þeim samböndum, sem það getur skipt máli. En málinu er ekki svo farið, með því að lögheimili manns má oft telja í einu sambandi á þessum stað, en í öðrum samböndum á hinum. Ef maður t. d. telur sig til heimilis á staðnum X, verður hann að sæta þar málssókn og dómi, en vel má vera, að rannsókn á heimilisfangi hans leiði til þess, að útsvar skuli leggja á hann á staðnum Y. Verður það því rannsóknar- og matsatriði hverju sinni, við hvaða stað réttindi og skyldur skuli tengdar, svo sem um framfærslu, kosningarrétt til Alþingis, kosningarrétt og kjörgengi til sveitarstjórna, greiðslu útsvars og bótarétt samkv. lögum um almannatryggingar. Um öll eða flest þessi atriði gildir sú regla, að yfirlýsing manns um heimilisfang sitt út af fyrir sig sker ekki úr, en stjórnvald það, sem ákveður réttindi og skyldur, svo og dómstólar verða að meta það hverju sinni eftir öllum atvikum, við hvaða sveitarfélag maður sé svo nátengdur, að þar megi helzt telja heimili hans. Er því nauðsynlegt, að þessir aðilar hafi í höndum sem nákvæmastar skýrslur um hagi hans, alla þá, er í því sambandi skipta máli. Og er það m. a. tilgangur þess frumvarps til laga um manntal, sem hér er lagt fram, að svo rækilegar skýrslur um þessi efni sem kostur er á geti jafnan verið tiltækar stjórnvöldum og dómstólum, er skera skal úr hverju sinni, sbr. einkum 5. gr. frumvarpsins.

Fyrsta allsherjarmanntal, sem fram fór á Íslandi, var tekið árið 1703, eins og kunnugt er. Því næst var prestum boðið að taka árlega manntal, hverjum í sínu prestakalli, á húsvitjunarferðum sínum, tilskipun 27. maí 1746, 21. gr., og erindisbréf biskupa 1. júlí s. á., 31. gr. D, og um bókhald presta að þessu leyti voru fyrirmæli í konungsbréfi 11. des. 1812. Í Reykjavík var manntal þó falið lögreglustjóra með lögum nr. 18/1901 og síðan borgarstjóra. Að gildandi lögum nr. 3/1945 hafa prestar enn þetta starf á hendi utan Reykjavíkur. Þessi skipun er nú orðin alls kostar ófullnægjandi, enda flutningur fólks innanlands, til landsins og frá því svo tíðir og þýðingarmiklir, að brýna nauðsyn ber til þess að hafa glöggar skýrslur og tiltækar um þá og almennt um hagi manna. Má og á það benda, að Ísland er ekki lengur einangrað land, eins og það hefur verið öldum saman. Og má því m. a. vænta þess, að ákvæði þessa frumvarps megi verða útlendingaeftirlitinu til stuðnings.

Hinu gamla góða lagaheiti, manntali, hefur að vísu verið haldið, þó að tilgangur og ákvæði frumvarpsins gangi miklu lengra, með því að tilætlunin er að semja allsherjarmannskrár og halda þeim við. Má það öllum ljóst vera, hversu mikill hægðarauki öllum stjórnvöldum landsins muni verða að slíkum skrám og hversu miklu máli þær muni skipta um hagsögu, ættfræði og mannfræði landsmanna.

Sú skipun, sem ætlazt er til, að verði á þessum málum, er í aðalatriðum sú, sem nú skal greina:

Félagsmálaráðuneytið lætur gera eyðublöð, sbr. 4. gr., undir manntalsskýrslur og sendir þeim stjórnvöldum, er þar greinir. Síðan eiga hreppsnefndaroddvitar í sveitum og bæjarstjórar í kaupstöðum, í Reykjavík borgarstjóri, að taka manntal samkvæmt ákvæðum frumvarpsins. Gera bæjarstjórnir manntalsskrá í kaupstöðum, en oddvitar skrá, hver handa sínum hreppi, og senda manntalsblöðin síðan til sýslumanns þess, er í hlut á, og lætur hann þá gera mannskrá, er tekur yfir sýslu hans,

sbr. 3., 9. og 10. gr. Sennilega mundi það verða til mikils hagræðis, ef allsherjarmannskrá væri geymd á einum, tryggum stað á landinu, t. d. í vörzlu félagsmálaráðuneytisins. Er því ráðuneytinu veitt heimild til þess í 18. gr. frumvarpsins að kveða svo á, að mannskrár í sýslum og kaupstöðum megi gera í tvíriti, og að annað eintakið skuli sent ráðuneytinu. Mundi þá vera hægt að fá skýrslu um hvern mann á landinu á einum og sama stað og rannsaka feril hans með samanburði á skrám úr fleirum en einu umdæmi. Þá væri og minni hætta á því, að skrár glötuðust með öllu, með því að sitt eintakið yrði á hvorum stað. Kostnaður af þessu ætti ekki að verða mjög mikill, með því að unnt er að gera tvíritin kostnaðarlítið með þeim tækjum, sem nú má nota.

Miklu máli skiptir, að vandað verði mjög til fyrstu mannskrár, sem gerð yrði samkvæmt lögunum. Þurfa eyðublöð undir manntalið að vera mjög rækileg og geyma ýmiss konar spurningar um hagi manna, sbr. 3. og 5. grein, og þeir, sem manntal taka, verða að vinna verkið með alúð og skynsemi. Svo ber einstaklingum og að létta þeim verkið með greinargóðum svörum. Hér er rétt að benda á ákvæði í síðustu málsgrein 8. gr., þar sem þeim, sem manntal tekur eða vinnur úr manntalsskýrslum, er bæði gert rétt og skylt að krefja menn skýrslna um þau atriði, sem máli skipta og þeir telja vanskýrð.

Um 1. og 2. gr.

Þarfnast eigi skýringa, fremur en áður segir.

Um 3. til 6. gr.

Ákvæði þessara greina miða að því að afla svo rækilegra skýrslna sem unnt er um hvern mann varðandi þau atriði, sem í 3. gr. segir. Um flesta menn er því svo farið, að glögg og ótvíræð svör má veita um þessi atriði, en þó telja sumir sig eiga heimili á öðrum stað en þeir dveljast, og aðrir hafast við á ýmsum stöðum eða eru staddir á manntalsdegi utan heimilissveitar sinnar, og skiptir þá miklu máli, að aflað sé glöggra skýrslna um þessa menn, og eru ákvæði 5. gr. í því skyni sett. Verða þær skýrslur undirstaða dóms um réttindi og skyldur, sem tengdar eru við heimili eða dvalarstað, svo sem áður er sagt í greinargerð þessari. Rétt þykir, að íslenzkir ríkisborgarar, sem hafast við erlendis og eru í þjónustu ríkisins eða ætla má, að leiti aftur til landsins, séu hér skráðir, til þess að ferill þeirra verði rakinn frá ári til árs.

Um 7. og 8. gr.

Hér segir um skyldu manna til þess að sjá til þess, að nöfn þeirra og aðrar skýrslur um þá sjálfa og þá, sem á vegum þeirra eru, verði skráð á manntalsblöð, og um skyldu þeirra til að koma blöðunum til stjórnvalda.

Um 9. og 10. gr.

Má vísa til formálsorða.

Um 11. gr.

Ákvæði hennar þykja nauðsynleg til þess, að skýrslur samkvæmt 5. gr. verði samræmdar og fullnægjandi.

Um 12. og 13. gr.

Ákvæði þessara greina miða að því, að jafnan séu ritaðar á mannskrá þær breytingar, sem verða á högum manna og hér skipta máli: Fæðingar, andlát, nafnbreytingar, hjúskapur og hjónaskilnaðir, breytingar á lögræði, bústaðaskipti, för manna af landi til fastrar dvalar erlendis og endurkoma manna til landsins, koma erlendra manna til landsins og brottför þeirra.

Um 14. til 16. gr.

Þykir ekki þurfa að skýra.

Um 17. gr.

Vísast til formálsorða.

Um 18. gr.

Ákvæði hennar eiga að stuðla að því, að glöggar skýrslur séu um þá menn, sem hér dveljast og hafa erlent ríkisfang.

Um 19. til 20. gr.

Rétt þótti að halda þeirri skipan, sem greinir í lögum nr. 4/1920, um manntal, þau ár, er ártal endar á 0. Slíkt manntal hefur þann kost, að það er tekið á einum og sama degi, og er þá síður hætta á því, að menn fari á milli gangna.

Um 21. gr.

Sanngjarnt þykir að skipta kostnaði af framkvæmd laganna, svo sem í greininni segir.

Um 22. gr.

Vitað mál er, að brot opinberra starfsmanna á ákvæðum laga þessara varða við 14. kafla hegningarlaga, nr. 19/1940, og eiga því ákvæði þessarar greinar við aðra menn, sem vanrækja skyldur þær, sem þeim eru á herðar lagðar með lögunum.

Um 23. gr.

Þykir ekki þurfa að skýra.

Ed. 259. Frumvarp til laga [110. mál]

um ræktunarlönd og byggingarlóðir í kaupstöðum, kauptúnum og þorpum.

(Lagt fyrir Alþingi á 68. löggjafarþingi, 1948.)

I. KAFLI
Orðaskýringar.

1. gr.

Í lögum þessum merkir orðið „sveitarstjórn“ bæði bæjarstjórn og hreppsnefnd. „Sveitarfélag“ merkir bæjarfélag og hreppsfélag, og „sveitarsjóður“ merkir bæjarsjóð og hreppssjóð.

II. KAFLI
Um áhrifasvæði laganna.

2. gr.

Lög þessi gilda um land þeirra jarða, sem kaupstaðir og kauptún eru byggð á, svo og um land þeirra þorpa, þar sem verzlun er rekin. Að fengnu samþykki félagsmálaráðuneytisins geta þau einnig gilt um jarðir, þar sem upp hafa risið byggðahverfi, þótt engin verzlun sé þar, enda hafi íbúar þeirra sent ráðuneytinu beiðni um það.

Verði ágreiningur um áhrifasvæði laganna, sker ráðuneytið úr.

3. gr.

Nú telur sveitarstjórn nauðsynlegt vegna landsþarfa fólksins á viðkomandi stað, að áhrifasvæði laganna verði stærra en heimilt er samkv. fyrirmælum 2. gr., og skal hún þá senda ráðuneytinu rökstudda beiðni um stækkun áhrifasvæðisins og taka greinilega fram takmörk þess lands, sem hún óskar eftir til viðbótar, enda hafi málið áður verið rætt við eiganda eða eigendur landsins. Að fengnu áliti skipulagsnefndar

og Búnaðarfélags Íslands um málið er ráðuneytinu heimilt að samþykkja beiðnina, og breytist þá áhrifasvæði laganna samkvæmt því.

Heimild þessa má ráðuneytið eigi nota oftar á sama stað en á 10 ára fresti, nema sérstaklega standi á.

4. gr.

Nú biður sveitarstjórn um stækkun á áhrifasvæði laganna samkv. heimild 3. gr., og er landið, sem beðið er um, að einhverju eða öllu leyti í nágrannasveitarfélagi kaupstaðarins, kauptúnsins eða þorpsins, sem hlut á að máli, og gildir þá heimild 3. gr. einnig um slíkar beiðnir. Nú samþykkir ráðuneytið slíka stækkun, og skulu þá hreppamörkin breytast samkvæmt því, enda greiði þá sveitarfélagið, er landið hlýtur, viðkomandi sveitarsjóði fullar bætur fyrir þá skerðingu á gjaldstofni, sem tilfærsla hreppamarkanna bakar honum. Sama gildir um lönd, sem sveitarstjórnir hafa aflað sér í öðrum sveitarfélögum fyrir gildistöku laga þessara.

Náist ekki samkomulag um þetta milli þeirra aðila, sem hlut eiga að máli, skulu tveir dómkvaddir menn meta bæturnar.

5. gr.

Þegar áhrifasvæði laganna á hverjum stað hefur verið ákveðið, skal landinu, svo fljótt sem kostur er, skipt í ræktunarsvæði og byggingarsvæði, sbr. 9. gr. og 23. gr. laga þessara.

Á áhrifasvæði laganna er óheimilt að selja land, leigja það eða ráðstafa því til langframa á annan hátt en fyrir er mælt í lögum þessum.

Eigi landeigandi sannanlega kost á að leigja landið eða hluta af því, áður en skipulagningu þess til ræktunar og bygginga er lokið, getur hann krafizt þess, að viðkomandi sveitarfélag kaupi landið eða þann hluta af því, sem hann á kost á að leigja, og gilda um þau kaup ákvæði 11. gr. laga þessara.

III. KAFLI

Um forkaupsrétt og bann gegn sölu lóða og landa.

6. gr.

Nú vilja landeigendur á áhrifasvæði laga þessara selja lönd sín og lóðir eða hluta af þeim, án þess að fyrir hendi séu þær ástæður fyrir sölunni, er um getur í 5., 11., og 24. gr. laga þessara, og skulu þeir þá skyldir að bjóða viðkomandi sveitarstjórn forkaupsrétt á landinu fyrir það verð og greiðsluskilmála, sem þeir eiga kost á að fá hjá öðrum. Sveitarstjórn er þá skylt innan fjögurra vikna, frá því er henni berst bréf um forkaupsréttinn, að segja til um, hvort hún vill nota hann. Hafi landeiganda eigi borizt svar innan þess tíma, má hann líta svo á, að forkaupsréttinum hafi verið hafnað.

7. gr.

Nú fer fram sala á landi á áhrifasvæði laga þessara, án þess að sveitarstjórn hafi verið boðinn forkaupsréttur á landinu, og getur hún þá krafizt þess, að sölunni sé riftað. Jafnframt getur sveitarstjórn krafizt þess að fá að ganga inn í kaupin, enda sé lögsókn til þess hafin innan sex mánaða, frá því er sveitarstjórn varð kunnugt um misfelluna.

8. gr.

Óheimilt er þeim sveitarfélögum, sem lög þessi ná til, að selja án lagaheimildar óbyggðar lóðir, ræktunarlönd, þar með talin ræktunarmannvirki, jarðir og hvers konar lönd, sem þau eiga eða kunna að eignast.

IV. KAFLI
Um ræktunarlönd, not þeirra og leigu.

9. gr.

Ræktunarland telst í lögum þessum hvert það land innan áhrifasvæðis þeirra, sem samkvæmt ræktunarskipulagi á staðnum er ræktað eða á að notast til grasræktar, garðyrkju eða framleiðslu annars jarðargróðurs eða til hvers konar búfjárræktar, enda sé landið ekki ætlað til byggingarlóða samkvæmt byggingarskipulagi staðarins.

10. gr.

Ráðuneytið skal fela Búnaðarfélagi Íslands eða annarri stofnun, sem ræður yfir sérþekkingu í ræktunarmálum, að gera svo fljótt sem hægt er mælingar og uppdrætti af ræktunarskipulagi á öllum þeim stöðum, sem lög þessi ná til, og sé skipulagið gert í samráði við þær sveitarstjórnir, sem hlut eiga að máli. Uppdrættir sýni, hvernig haga skuli framræslukerfi landsins, jarðvinnslu, girðingum, vegum, skiptingu þess í skákir, hverjar byggingar megi reisa á landinu og hvort það skuli byggt á erfðaleigu eða ekki. Ræktunarskipulagið öðlast gildi, þegar ráðuneytið hefur staðfest það, enda sé það gert innan tveggja ára frá því tillaga um ræktunarskipulagið var lögð fram.

Nú vill sveitarstjórn gera breytingar á staðfestu ræktunarskipulagi, og skal hún þá senda ráðuneytinu breytingartillögur sínar. Fer þá um breytingartillögurnar samkvæmt ákvæðum 1. málsgreinar þessarar greinar.

11. gr.

Eigendum lands á ræktunarsvæði er óheimilt að ráðstafa því til annarra án vitundar sveitarstjórnar, er hlut á að máli.

Þegar viðkomandi sveitarstjórn óskar eftir, skal hver sá, er óræktað land á innan ræktunarsvæðis, skyldur að leigja það til ræktunar íbúum í viðkomandi kaupstað, kauptúni eða þorpi, með þeim kjörum, sem lög þessi mæla fyrir, enda sé um notkun landsins, skiptingu og ræktun farið eftir gildandi ræktunarskipulagi. Fullræktað land, sem eigandi notar sjálfur, er hann þó ekki skyldur til að leigja, nema brýna nauðsyn beri til að dómi sveitarstjórnar, enda sé þá lokið ræktun á öllu ræktanlegu landi innan ræktunarskipulagsins. Óski landeigandi heldur að selja landið eða þann hluta af því, sem falazt er eftir, er sveitarfélaginu skylt að kaupa það ásamt mannvirkjum, er landeigandi hefur á því gert og hann vill selja með landinu.

Náist ekki samkomulag um kaupverð lands og mannvirkja, skal það ákveðið með mati. Matsmenn séu þrír. Seljandi útnefnir einn, kaupandi annan, en oddamaður sé dómkvaddur, og skal hann hafa sérþekkingu á ræktunarmálum.

Nú verður seljandi fyrir röskun á atvinnurekstri vegna sölunnar, sem honum er tilfinnanleg að dómi matsmanna, og ber þeim þá að taka tillit til þess við matið.

Nú er land það, sem falazt er eftir í leiguábúð eða á annan hátt, í notum eins eða fleiri manna, annarra en eigandans, en þau not eru ekki í samræmi við gildandi ræktunarskipulag, og er þá leigjanda eða leigjendum landsins skylt að láta af hendi leigurétt sinn eða hluta af honum, enda komi bætur fyrir.

Nú vill kaupandi eða seljandi lands, mannvirkja eða leiguréttinda ekki una matsverði á eignum, leiguréttindum eða bótum fyrir atvinnutruflun, og getur þá hver þeirra sem er krafizt yfirmats. Yfirmat skal framkvæmt af þremur dómkvöddum mönnum, og fer það fram samkvæmt lögum nr. 61 14. nóv. 1917.

12. gr.

Árlegt afgjald af ræktunarlöndum skal vera 5% af fasteignamatsverði landsins, eins og það er á hverjum tíma, þar með ekki talinn sá hluti matsverðsins, er myndazt hefur vegna umbóta, er leiguliði hefur gert á því og er hans eign.

Óheimilt er að innheimta leigu af ræktunarlandi fyrr en fasteignamat á því er fyrir hendi, en þá má krefja leigu frá þeim tíma, er landið varð afgjaldsskylt, þó eigi

lengur en tvö ár aftur í tímann. Afgjaldsskylda ræktunarlands telst frá næstu áramótum eftir að útmæling fór fram, enda hafi þá mælingin verið gerð á síðari helmingi árs. Hafi landið verið útmælt fyrir 1. júlí, greiðist hálf leiga það ár.

Um ræktunarlönd gilda tvenns konar leiguform:

a. Leiga í tiltekinn árafjölda, þó eigi yfir 50 ár.
b. Erfðaleiga.

Um leið og ræktunarskipulag er fullgert samkv. 10. gr., skal Búnaðarfélag Íslands og viðkomandi sveitarstjórn ákveða leigutíma ræktunarlands innan skipulagsins á þeim grundvelli, er lög þessi mæla fyrir, og gilda þær samþykktir þar til þessir aðilar ákveða annað. Sú meginregla skal gilda við þessa flokkun að byggja á erfðaleigu aðeins þau ræktunarlönd, sem eru yfir 2000 m² að flatarmáli og eigi er líklegt, að nota þurfi í byggingarlóðir eða til annarra félagslegra afnota næstu 30 ár. Þó skal alltaf leigja félögum og stofnunum land um tiltekinn árafjölda.

13. gr.

Leiguréttur erfðaleigulanda gengur að erfðum til þess hjóna, er lengur lifir, síðan til barna, þar með talin kjörbörn. Foreldrar komi sér saman um, hvert af börnunum erfi leiguréttinn. Nú er engin ákvörðun tekin, og skal þá elzta barn erfa réttinn. Afsali það sér réttinum eftir að það er lögráða, erfist hann eftir aldri barnanna.

Hafi erfingi leiguréttar ekki náð lögaldri, og óski lögráðamaður hans ekki, að erfinginn noti réttinn, þegar hann fellur til hans, skal lögráðamaður leigja landið öðrum, nema landseigandi óski að gera það sjálfur, en aðeins um stundarsakir eða þar til erfingi nær lögaldri.

14. gr.

Nú vill leiguliði hætta afnotum af ræktunarlandi sínu, og ber honum þá að tilkynna það skriflega landseiganda eða umboðsmanni hans með sex mánaða fyrirvara. Skal þá landseigandi eða umboðsmaður hans auglýsa landið til leigu með minnst eins mánaðar fyrirvara. Beiðnir um leigu á ræktunarlöndum skulu gerðar í tveimur samritum. Annað eintakið sendist landseiganda, en hitt afhendist viðkomandi sveitarstjórn. Verði beiðnir um sama land fleiri en ein, skal sveitarstjórn ráða, hver landið hlýtur.

Þegar leiguliðaskipti verða, skal fara fram úttekt á landinu, sem er í því fólgin, að metnar eru til verðs þær umbætur, sem fráfarandi hefur gert á því, svo og hús, ef til eru, enda teljist þau nauðsynleg vegna notkunar landsins að dómi úttektarmanna. Hafi landið gengið úr sér frá því leiguliði tók við því, enda verði honum gefin sök á, skal honum gert að greiða hæfilegt álag. Við úttekt húsa ræður hliðsjón af kostnaði við bygginguna, aldur hennar og ásigkomulag, svo og hæfilegt matsverð sambærilegra fasteigna. Við úttekt á ræktunarmannvirkjum skal leggja til grundvallar ræktunarstig landsins, eins og það er þegar úttekt fer fram, og hafa einnig til hliðsjónar kostnað við ræktun þess.

Úttektarverð húsa og ræktunarmannvirkja má þó aldrei fara fram úr tvöföldu fasteignamatsverði þeirra eigna, sem úttektin er gerð á.

15. gr.

Landseigandi hefur forkaupsrétt að ræktunarmannvirkjum fyrir úttektarverð. Noti hann forkaupsrétt sinn, er hann skyldur að leigja hinum nýja viðtakanda ræktunarmannvirkin fyrir 5% á ári af fasteignamatsverði þeirra. Hafni landseigandi forkaupsrétti, er viðtakandi skyldur að kaupa fyrir úttektarverð þau hús, sem eru á ræktunarlandinu, enda séu þau nauðsynleg við hagnýtingu landsins að dómi úttektarmanna.

16. gr.

Úttekt ræktunarlanda á hverjum stað framkvæma matsmenn þeir, er um getur í 12. gr. laga nr. 3 6. jan. 1938, um fasteignamat. Um kostnað við úttektir þessar og

störf úttektarmanna gilda ákvæði IX. kafla ábúðarlaga, nr. 87 19. júní 1933, að því leyti sem ekki er öðruvísi fyrir mælt í lögum þessum. Úttektargerð ræktunarlands ásamt greinilegri lýsingu á landi og ræktunarmannvirkjum skulu úttektarmenn færa inn í sérstaka bók, sem sýslumaður löggildir sem úttektarbók ræktunarlanda. Sama gegnir um hús og aðrar umbætur á landinu, sem ekki teljast ræktunarmannvirki. Í bók þessa skulu einnig skráð öll fasteignamöt á ræktunarlöndum í viðkomandi sveitarfélagi.

Nú verða skemmdir á ræktunarlandi af náttúrunnar völdum, svo sem af skriðuföllum, sandfoki, eldgosum, vatnagangi, sjávarflóði eða öðrum slíkum orsökum, og getur þá leiguliði krafizt mats úttektarmanna á skemmdunum. Ber þeim þá að meta tjónið til verðs og ákveða afgjaldslækkun í hlutfalli við matið, en heimilt er þeim að ákveða, að afgjaldsbreytingin gildi aðeins takmarkaðan tíma.

17. gr.

Þegar ræktunarland losnar úr ábúð, er landseiganda skylt að leigja það á ný með þeim kjörum og á þann hátt, sem lög þessi mæla fyrir. Sé þess ekki kostur, skal landinu ráðstafað til eins árs í senn, þar til fært reynist að leigja það til lengri tíma. Óheimilt er að leigja ræktunarland til frambúðar þeim manni, sem hefur tvo hektara eða meira af ræktuðu eða ræktanlegu landi til afnota, eða félagi, sem hefur tvo hektara eða meira á hvern félagsmann.

Nú losnar ræktunarland úr ábúð, en enginn vill taka það á leigu, þótt rækilega hafi verið auglýst, og á þá landseigandi forkaupsrétt á ræktunarmannvirki fyrir úttektarverð, en öðrum mannvirkjum má fráfarandi ráðstafa sjálfur, ef landseigandi óskar ekki eftir kaupum á þeim fyrir úttektarverð.

18. gr.

Leiguliði fyrirgerir ábúðarrétti sínum, og varðar útbyggingu, ef hann:

a. Greiðir ekki samningsbundið afgjald af landinu innan tveggja mánaða frá gjalddaga.
b. Vanrækir að greiða af landinu opinbera skatta, er hann á að borga, eða vexti og afborganir af veðskuldum, er á því kunna að hvíla og honum ber að standa straum af, og gert er lögtak í landinu eða fjárnám af þeim ástæðum eða öðrum, og ef leiguliði verður gjaldþrota.
c. Nytjar ekki landið sjálfur.
d. Hirðir landið svo illa, að ræktunarmannvirki þess ganga úr sér að dómi úttektarmanna.
e. Vanrækir að rækta landið, svo sem leigusamningur hans kveður á um, eða brýtur samninginn að öðru leyti í verulegum atriðum.

19. gr.

Nú telur sveitarstjórn sig þurfa á ræktunarlandi að halda til bygginga eða annarra slíkra almenningsþarfa, og er leiguliða þeim, er hlut á að máli, þá skylt að láta af hendi leigurétt sinn, enda sé honum tilkynnt það með ½ árs fyrirvara. Skal leiguliði þá fá endurgjald fyrir ræktunarmannvirki sín og aðrar eignir á landinu, eftir mati úttektarmanna, er nema má allt að tvöföldu fasteignamatsverði eignanna, sem úttektin er gerð á. Enn fremur má ákveða leiguliða bætur fyrir atvinnutruflun, eftir sömu reglum og segir í 11. gr. laga þessara.

Ef bæjar- eða sveitarstjórn vill taka meira en ¼ hluta landsins, getur leiguliði krafizt þess, að landið sé allt tekið ásamt þeim mannvirkjum, er á því eru.

20. gr.

Heimilt er leiguliða á ræktunarlandi, sem er a. m. k. 0.3 ha að stærð, að taka lán með veði í ræktun og öðrum mannvirkjum, sem hann á í landinu. Lán þessi mega þó ekki nema hærri upphæð en 75% af fasteignamati hinna veðsettu eigna.

21. gr.

Leiguliða ber að greiða alla skatta og gjöld til hins opinbera, sem lagðir kunna að verða á ræktunarlandið sem gjaldstofn.

22. gr.

Skylt er að láta leiguliða fá leigusamning. Í samningnum séu tekin fram meginatriði laga þessara um réttindi og skyldur leiguliða. Enn fremur sé þar tilgreind stærð landsins, landamerki, afgjaldsupphæð og ræktunarskyldur. Þá sé og greint frá réttindum til húsabygginga á landinu o. s. frv. Heimilt er að setja í leigusamning ákvæði um greiðslu dráttarvaxta vegna vanskila á afgjaldi, eftir sömu reglum og gilda um útsvör, svo og að afgjaldið hvíli með lögveði á mannvirkjum þeim, sem á landinu eru, á undan samningsbundnum veðum. Fjögur samrit skulu gerð af leigusamningnum, og rita landseigandi og leiguliði nöfn sín undir í votta viðurvist. Heldur landseigandi einu eintakinu, leiguliði öðru, úttektarmenn geyma hið þriðja, en hið fjórða afhendist til þinglýsingar. Leiguliði greiðir kostnað við þinglýsingu og stimplun.

V. KAFLI

Um byggingarlóðir, not þeirra og leigu.

23. gr.

Byggingarsvæði telst í lögum þessum það land í kaupstað, kauptúni, þorpi eða byggðahverfi, sem notað er eða ætla má að notað verði samkvæmt gerðum eða væntanlegum skipulagsuppdrætti til þess að reisa á íbúðarhús, skólahús, sjúkrahús, geymsluhús, hafnarmannvirki, peningshús, götur, torg, hús vegna iðnaðar, flutninga, verzlunar eða gera á hvers konar framkvæmdir vegna menningarmála, viðskipta eða atvinnurekstrar, annars en landbúnaðar.

Nú hefur ekki verið gerður byggingarskipulagsuppdráttur af kauptúni, þorpi eða byggðahverfi, og þar af leiðandi er þar ekkert afmarkað byggingarsvæði, og skal þá sveitarstjórn tafarlaust gera tillögur til ráðuneytisins um stærð og takmörk byggingarsvæðis á staðnum. Ráðuneytið skal leita umsagnar skipulagsnefndar um tillögurnar, áður en það staðfestir þær. Þegar tillögur um byggingarsvæði hafa hlotið staðfestingu ráðuneytisins, fer um afnot og leigukjör landsins til bygginga og annarra framkvæmda eftir því, sem lög þessi mæla fyrir.

24. gr.

Allt óbyggt land innan byggingarsvæðis skal um afnot, annarra en eiganda landsins, vera háð eftirliti viðkomandi sveitarstjórnar, og er eiganda landsins óheimilt að leyfa eða synja um notkun þess án vitundar hennar. Beiðnir um leigu á lóðum skulu gerðar í tveim samritum. Annað eintakið sendist landseiganda, en hitt afhendist sveitarstjórn. Verði beiðnir um sömu lóð fleiri en ein, ræður sveitarstjórn, hver umsækjandi fær lóðina. Skylt er eiganda byggingarsvæðis að leigja lóðir til bygginga, gatnagerðar, torga eða annarra álíkra afnota á óbyggðu byggingarsvæði, ef bæjarstjórn óskar eftir eða mælir með því, enda séu hús þau eða mannvirki, er reisa skal á lóðinni, í samræmi við byggingarskipulagsuppdrátt staðarins, ef til er. Vilji eigandi byggingarsvæðis heldur selja landið eða hluta af því, skal sveitarsjóður skyldur að kaupa það ásamt þeim mannvirkjum, er á því eru og landseigandi vill selja með landinu. Þó er landseigandi ávallt skyldur, ef sveitarstjórn óskar eftir, að selja land undir götur, torg og til annarra opinberra þarfa.

Um kaupverð landsins og aðrar bætur fer eftir sömu reglum og segir í 11. gr. laga þessara.

Nú er óbyggt byggingarsvæði, sem falazt er eftir, í leiguafnotum og notkun þess ekki í samræmi við skipulagsuppdrátt staðarins, og er þá leigjandi landsins skyldur að láta af hendi leigurétt sinn eða hluta af honum, ef sveitarstjórn óskar, og fer um bætur fyrir það eftir sömu reglum og segir í 11. grein.

25. gr.

Skylt er lóðarleigjanda að hefja byggingu á lóð innan árs frá því lóðarleyfi er veitt, og hafa lokið henni innan tveggja ára frá því er hún hófst, ella fellur niður réttur hans til lóðarinnar.

Lóðarsamningar, sem gerðir hafa verið fyrir gildistöku þessara laga, skulu og falla úr gildi, ef eigi er innan þriggja ára frá gildistöku laganna lokið byggingu á lóðunum samkvæmt gildandi byggingarskipulagi. Sveitarstjórnir geta þó framlengt þessa fresti, ef sérstakar ástæður eru fyrir hendi.

Framleiga á lóðum eða hvers konar ráðstöfun á þeim til þriðja manns er óheimil, nema í sambandi við sölu húsa eða meiri háttar mannvirkja, sem á lóðinni standa.

Ef hús eða mannvirki brennur, er rifið niður eða eyðilagt á einhvern hátt, er leigjanda lóðarinnar skylt að byggja það á ný innan tveggja ára, ella fyrirgerir hann réttindum sínum til lóðarinnar.

26. gr.

Byggingarlóðir skulu leigðar um ótakmarkaðan tíma. Árleg leiga eftir byggingarlóðir sé 5% af fasteignamati þeirra, eins og það er á hverjum tíma, þar í ekki taldar umbætur, er lóðareigandi hefur gert á lóðinni. Óheimilt er að innheimta leigu af lóð, fyrr en fasteignamat á lóðinni er fyrir hendi, en þá má krefja lóðargjald frá þeim tíma, er lóðin varð afgjaldsskyld, þó ekki lengur en tvö ár aftur í tímann. Afgjaldsskylda lóðar telst frá næstu áramótum eftir að hún er útmæld, ef mælingin hefur farið fram á síðari helmingi árs. Hafi lóðin verið afhent fyrir 1. júlí, greiðist hálft lóðargjald það ár.

27. gr.

Leigutaka ber að greiða alla skatta og gjöld til hins opinbera, sem lögð kunna að verða á lóðina sem gjaldstofn.

28. gr.

Skylt er að láta leigutaka fá lóðarsamning, þar sem nánar eru fram tekin réttindi hans og skyldur. Heimilt er að setja í lóðarsamninga ákvæði um greiðslu dráttarvaxta vegna vanskila á lóðarleigum, eftir sömu reglum og gilda um útsvör. Enn fremur, að lóðarleiga hvíli með lögveði á mannvirkjum þeim, sem á lóðinni eru, á undan samningsbundnum veðum. Af lóðarsamningi séu gerð þrjú samrit, eitt handa hvorum aðila og hið þriðja til þinglýsingar. Leiguliði greiðir þinglýsingar- og stimpilgjald.

VI. KAFLI
Niðurlagsákvæði.

29. gr.

Þegar lög þessi hafa öðlazt gildi, skulu fasteignamatsnefndir hefjast handa um sundurliðun á fasteignamatinu frá 1940 í grunnverð og mannvirkjaverð, að því er snertir lönd og lóðir, er lög þessi taka til, og skal því verki lokið innan árs frá gildistöku laganna.

30. gr.

Eftir gildistöku laga þessara skulu allir gildandi samningar um lóðir og ræktunarlönd á áhrifasvæði þeirra endurnýjaðir, svo fljótt sem verða má, á þann hátt er lög þessi mæla fyrir.

31. gr.

Ráðherra setur með reglugerð nánari ákvæði um framkvæmd laga þessara.

32. gr.

Með lögum þessum falla úr gildi l. nr. 86 16. des. 1943, um ákvörðun leigumála og söluverð lóða og landa Reykjavíkurkaupstaðar, VII. kafli jarðræktarlaga, nr. 54, 4. júlí 1942, svo og önnur lagaákvæði, er ekki samræmast ákvæðum laga þessara.

33. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Frumvarp þetta var lagt fyrir síðasta Alþingi af ríkisstjórninni, en náði þá ekki samþykki. Fylgdu því þá eftirfarandi athugasemdir:

„Hinn 19. apríl 1943 skipaði þáverandi félagsmálaráðherra fjóra menn í nefnd til þess að semja frumvarp um ræktunarlönd og byggingarlóðir í kaupstöðum og kauptúnum. Var nefnd þessi skipuð samkv. þingsályktun, er sameinað Alþingi afgreiddi 12. apríl 1943 og var svo hljóðandi:

„Alþingi ályktar að skora á ríkisstjórnina að láta athuga með nefndarskipun eða á annan hátt, hvernig megi veita kaupstöðum, kauptúnum og sjávarþorpum eignar- eða umráðarétt yfir nauðsynlegum löndum og lóðum með sanngjörnum kjörum, án þess gengið verði of nærri hagsmunum nágrannasveita þeirra, hvernig komið verði í veg fyrir óréttmæta verðhækkun á þessum löndum og afnotarétti þeirra, og hvernig tryggja megi, að verðhækkun á löndum og lóðum, sem verða kann á fyrrnefndum stöðum vegna meiri háttar opinberra framkvæmda, verði almenningseign.

Athugun þessi fari fram í samráði við hlutaðeigandi bæjar- og sveitarfélög, eftir því sem þurfa þykir, og sé henni lokið fyrir reglulegt Alþingi 1944.“

Í nefndinni áttu sæti: Kjartan Ólafsson bæjarfulltrúi, Hafnarfirði, Sigurður Á. Björnsson frá Veðramóti, framfærslufulltrúi, Rvík, Áki Jakobsson alþingismaður, Rvík, Jens Hólmgeirsson skrifstofustjóri, Rvík, og var hann skipaður formaður nefndarinnar.

Er nefndin hafði lokið störfum, sendi hún félagsmálaráðuneytinu frumvarpið, en þar sem ýmis ákvæði þess þóttu orka tvímælis, leitaði ráðuneytið umsagnar hæfustu lögfræðinga íslenzkra um málið, og var það þeirra álit, að nokkur ákvæði þess mundu brjóta mjög í bága við eignarréttarákvæði stjórnarskrárinnar. Varð því ekki af því, að ráðuneytið legði frumvarpið fyrir Alþingi. Hins vegar var það flutt óbreytt eins og það kom frá nefndinni og með greinargerð hennar af tveim þingmönnum, þeim Lúðvík Jósefssyni og Einari Olgeirssyni, á þinginu 1945—46 (sjá þskj. 507).

Ráðuneytið hefur nú látið yfirfara frumvarpið með tilliti til þess, að úr því yrðu felld þau ákvæði, sem talin voru fara í bága við stjórnarskrá lýðveldisins, en það voru einkum þau ákvæði 11. gr. frumvarpsins, að matsverð lands mætti aldrei hærra vera „en tvöfalt fasteignamat eignarinnar“, o. fl. ákvæði í þeirri grein og öðrum, sem talin voru ganga of nærri eignarrétti manna.

Þá hefur og verið fellduir niður VI. kafli hins upphaflega frumvarps um verðhækkunarskatt á lóðum og löndum, þar sem þau ákvæði missa alveg marks eftir þær breytingar, sem gerðar hafa verið á frumvarpinu. Ef verðhækkunarskattur yrði settur, ætti hann auk þess að ná til allra fasteigna og allrar fasteignasölu, en ekki aðeins til lóða og lendna.

Frekari greinargerð með frumvarpi þessu þykir ekki þurfa, né heldur skýringa við einstakar greinar, því að rækileg greinargerð frá nefndinni fylgdi frumvarpinu, þegar það var lagt fyrir Alþingi 1945—46, og nægir að vísa til hennar um þau atriði, sem ekki hefur verið breytt, svo og skýringanna þar við einstakar greinar frumvarpsins.“

Sþ. 260. Nefndarálit [33. mál]

um till. til þál. um undirbúning löggjafar um stjórn stærri kauptúna.

Frá allsherjarnefnd.

Nefndin athugaði þessa tillögu og sendi hana félagsmálaráðuneytinu og sambandi íslenzkra sveitarfélaga til umsagnar. Eftir að nefndinni höfðu borizt svör frá þessum aðilum, tók hún málið til framhaldsathugunar. Þótt nokkurs skoðunarmunar gætti og einstakir nefndarmenn teldu, að þörf væri ýtarlegri endurskoðunar á sveitarstjórnarlögunum, þá voru allir nefndarmenn sammála um, að endurskoðun á þessum þætti laganna væri aðkallandi.

Nefndin leggur því til, að tillagan verði samþykkt óbreytt.

Alþingi, 17. des. 1948.

Jörundur Brynjólfsson, form.	Jón Sigurðsson, fundaskr., frsm.	Sigfús Sigurhjartarson.
Ingólfur Jónsson.	Jón Gíslason.	Ásg. Ásgeirsson.
	Sigurður Bjarnason.	

Ed. 261. Breytingartillaga [66. mál]

við brtt. á þskj. 202 (Bifreiðaskattur).

Frá Eiríki Einarssyni.

Brtt. orðist svo:

Fé brúasjóðs skal varið til brúargerða á stærstu fljót landsins, og skal byggja brú á Jökulsá í Lóni næst á eftir þeim stórbrúm, er Alþingi hefur sérstaklega ákveðið, að gangi fyrir.

Nd. 262. Breytingartillaga [107. mál]

við frv. til l. um dýrtíðarráðstafanir vegna atvinnuveganna.

Frá Sigfúsi Sigurhjartarsyni.

Aftan við frv. kemur svo hljóðandi

Ákvæði til bráðabirgða:

Meðan innheimt eru þau gjöld, sem um getur í III. kafla laga þessara, og fleiri eða færri vörutegundir eru háðar skömmtun til neytenda, skulu innflutnings- og gjaldeyrisleyfi til verzlana eða iðnfyrirtækja fyrir hinni skömmtuðu vöru vera í samræmi við afhenta skömmtunarseðla þeirra til viðskiptanefndar. Komi í ljós, að verzlun eða iðnfyrirtæki hafi í byrjun skömmtunartímabils haft óeðlilega litlar birgðir, skal veita henni fyrirframleyfi eftir nánar tilteknum reglum.

Viðskiptamanni skal heimilt, ef verzlun eða iðnfyrirtæki hefur eigi nægilega mikið af tiltekinni skömmtunarvöru til að fullnægja eftirspurn, að afhenda verzluninni skömmtunarseðla sína og fela henni að annast útvegun vörunnar fyrir sig, enda ber þá að veita henni innflutnings- og gjaldeyrisleyfi til þess.

Nd. 263. Breytingartillaga [107. mál]

við frv. til l. um dýrtíðarráðstafanir vegna atvinnuveganna.

Frá Katrínu Thoroddsen.

Við 29. gr. d-lið. Liðurinn orðist svo:
Af innflutningsleyfum fyrir rafmagnstækjum til heimilisnota, öðrum en þvottavélum og eldavélum, 5% af leyfisupphæðinni.

Nd. 264. Lög [106. mál]

um breyting á lögum nr. 128/1947, um dýrtíðarráðstafanir.

(Afgreidd frá Nd. 18. des.)

Samhljóða þskj. 224.

Ed. 265. Lög [92. mál]

um breyting á lögum nr. 60 1939, um gjald af innlendum tollvörutegundum.

(Afgreidd frá Ed. 18. des.)

Samhljóða þskj. 249.

Ed. 266. Lög [93. mál]

um breyting á lögum nr. 62 1939, um tollskrá o. fl.

(Afgreidd frá Ed. 18. des.)

Samhljóða þskj. 250.

Nd. 267. Breytingartillaga [107. mál]

við frv. til. l. um dýrtíðarráðstafanir vegna atvinnuveganna.

Frá meiri hl. fjárhagsnefndar.

1. Við 18. gr. Í stað „vöruverði innanlands“ í greinarlok komi: vöruverði og framleiðslukostnaði innanlands.
2. Við 20. gr. 2. málsl. 1. málsgr. orðist svo:
   Heildsala er undanþegin söluskatti samkv. 21. gr. Umboðssala er einnig undanþegin söluskatti samkv. 21. gr., og tekur sú undanþága aðeins til venjubundinna umboðslauna, en ekki til neinnar þóknunar, sem telja má, að komi í stað venjulegrar álagningar, svo sem þóknunar fyrir umsjón með vinnu.

Sþ. 268. Nefndarálit [21. mál]

um till. til þál. um innflutning jeppabifreiða.

Frá allsherjarnefnd.

Nefndin hefur rætt tillöguna á nokkrum fundum og orðið sammála um að mæla með samþykkt hennar. Þó verði sú breyting á henni gerð, að í stað þess, að rætt er um 600 jeppabifreiðar í tillögugreininni, komi 750. Er það samkvæmt tillögu Búnaðarfélags Íslands. Enn fremur, að þessi innflutningur verði ekki aðeins miðaður við jeppabifreiðar, heldur og aðrar tegundir slíkra bifreiða, sem sérstaklega verða notaðar í þágu landbúnaðarins. Jafnframt verði séð fyrir nægilegum innflutningi varahluta til þessara tækja.

Samkvæmt þessu leggur nefndin til, að tillagan verði samþykkt með svofelldum

BREYTINGUM:

1. Fyrir „600 jeppabifreiðar“ í tillgr. komi: 750 jeppabifreiðar og hliðstæðar bifreiðar til landbúnaðarþarfa.
2. Aftan við tillgr. bætist ný málsgr., svo hljóðandi:
   Jafnframt verði séð fyrir nægilegum innflutningi varahluta til þessara tækja.
3. Fyrirsögn till. verði: Till. til þál. um innflutning jeppabifreiða og hliðstæðra bifreiða til landbúnaðarþarfa.

Alþingi, 18. des. 1948.

Jörundur Brynjólfsson, form.	Jón Sigurðsson, fundaskr.	Sigurður Bjarnason, frsm.
Sigfús Sigurhjartarson.	Ingólfur Jónsson.	Jón Gíslason.

Nd. 269. Breytingartillaga [107. mál]

við brtt. á þskj. 257 við frv. til l. um dýrtíðarráðstafanir vegna atvinnuveganna.

Frá Sigfúsi Sigurhjartarsyni.

Við 12. lið a. Orðin „jeppa- og“ falli niður.

Ed. 270. Frumvarp til laga [107. mál]

um dýrtíðarráðstafanir vegna atvinnuveganna.

(Eftir 3. umr. í Nd.)

I. KAFLI

Um ríkisábyrgð á útflutningsvörum o. fl.

1. gr.

Ríkisstjórnin ábyrgist f. h. ríkissjóðs þær ráðstafanir, sem taldar eru í 2.—4. gr., í þeim tilgangi að tryggja bátaútveginum á árinu 1949 65 aura verð fyrir hvert kg af nýjum fiski, miðað við þorsk og ýsu, slægðum með haus.

2. gr.

Ríkissjóður ábyrgist hraðfrystihúsum það, sem á kann að vanta, að söluverð á þorskflökum nái kr. 1.33 hvert enskt pund fob., og samsvarandi verð á öðrum fisktegundum. Ákveða má með reglugerð, að greiða megi úr dýrtíðarsjóði hluta af geymslukostnaði hraðfrysts vetrarvertíðarfisks, sem fluttur er út eftir 1. ágúst, og tilsvarandi geymslukostnað vegna fisks, sem veiddur er á öðrum tíma.

Ábyrgð ríkissjóðs samkvæmt 1. mgr. skal einungis taka til fisks, er seldur verður til landa, er ríkisstjórnin ákveður með hliðsjón af markaðshorfum á hverjum tíma.

3. gr.

Ríkissjóður ábyrgist saltfiskútflytjendum það, sem á kann að vanta, að söluverð verði kr. 2.25 fyrir kg fob., miðað við fullsaltaðan stórfisk (þorsk) 1. flokks, og skal verð annarra flokka og fisktegunda vera samsvarandi. Sambærilegt verð skal ábyrgzt fyrir hertan fisk útfluttan. Ákveða skal með reglugerð, að greiða megi úr dýrtíðarsjóði rýrnun á saltfiski, er stafar af langri geymslu, enda eigi útflytjandi ekki sök á drættinum. Geymsla saltfisks er að öðru leyti á ábyrgð útflytjanda.

4. gr.

Til þess að tryggja 65 aura verð á nýjum fiski og sölu aflans er ríkisstjórninni heimilt að ábyrgjast útflutningsverð á fiski, sem verkaður er á annan hátt en talið er í 2. og 3. gr.

Ríkisstjórninni er heimilt að skipa fyrir um verkun á fiski, eftir því sem markaðshorfur segja til.

5. gr.

Ríkisstjórninni er heimilt að verja allt að 5 milljónum króna til þess að lækka kostnað við framleiðslu sjávarafurða.

6. gr.

Ríkisstjórnin ábyrgist kjötframleiðendum verðlagsárið frá 31. ágúst 1948 til 1. sept. 1949 það, sem á kann að vanta, að þeir fái fyrir útflutt kjöt, sem til hefur fallið á því tímabili, það verð, sem lagt er til grundvallar í verðlagningu landbúnaðarvara það verðlagsár, sbr. lög nr. 94/1947.

7. gr.

Við samninga um sölu íslenzkra afurða erlendis skal þess gætt, að sem bezt heildarverð fáist fyrir þær, og er ríkisstjórninni heimilt að binda sölu einstakra vörutegunda nauðsynlegum skilyrðum, til þess að því verði náð.

Nú seljast afurðir, sem ábyrgð er tekin á, hærra verði en ábyrgðarverði, og rennur þá sá hluti andvirðis, sem umfram er, í dýrtíðarsjóð, unz ríkissjóður er skaðlaus orðinn af ábyrgð á fiskafurðum samkvæmt þessum lögum.

8. gr.

Auglýsa skal, svo fljótt sem unnt er, lágmarksverð á nýjum fiski, sem miðast við 65 aura verð, sbr. 1. gr., og skal verð annarra fisktegunda vera samsvarandi. Leita skal tillagna Landssambands íslenzkra útvegsmanna um verðlagninguna.

9. gr.

Ríkisstjórnin getur með reglugerð sett nánari fyrirmæli um allt, er lýtur að framkvæmd þessa kafla laganna, þar á meðal um sönnunargögn fyrir því, að hlutarsjómönnum og útgerðarmönnum, er selja fisk sinn öðrum, hafi verið greitt það lágmarksverð, sem ákveðið er samkvæmt 1. gr., enda er greiðsla þess fiskverðs skilyrði fyrir öllum ráðstöfunum ríkisstjórnarinnar og ábyrgðum samkvæmt lögum þessum.

Ríkisstjórnin getur krafizt þess, að útvegsmenn, eigendur hraðfrystihúsa og þeir, er saltfisk verka, láta henni í té rekstrarreikninga um starfsemi sína.

10. gr.

Ríkisstjórninni er heimilt að ákveða verð á beitu. Getur hún bundið niðurfærslu á verði á beitu því skilyrði, að útvegsmenn geri þær ráðstafanir, er ríkisstjórnin telur heppilegar til að spara útgjöld við beitu.

Nú gerir meiri hluti útvegsmanna í tiltekinni verstöð á fundi, er allir útvegsmenn þar hafa verið boðaðir til, samþykkt um notkun beitu og sparnað á henni, og bindur þá slík samþykkt alla útgerðarmenn í verstöðinni, er ráðherra hefur staðfest hana.

Ríkisstjórninni er heimilt að ákveða hámarksleigu fyrir verbúðir.

Brot gegn ákvæðum þessarar greinar og samþykktum, settum samkvæmt henni, varða allt að 50000 króna sekt til ríkissjóðs.

11. gr.

Ríkisstjórnin lætur nú þegar endurskoða reglur um verðlag á viðgerðum á skipum, vélum, veiðarfærum og öðrum útgerðarvörum. Ráðherra skipar tvo fulltrúa með þekkingu á útvegsmálum og skipaviðgerðum, að fengnum tillögum frá Landssambandi íslenzkra útvegsmanna og Fiskifélagi Íslands, til aðstoðar verðlagsyfirvöldunum við verðlagsákvörðunina.

12. gr.

Meðan ríkisábyrgð vegna bátaútvegsins samkvæmt 1.—4. gr. er í gildi, mega vextir af rekstrarlánum útgerðarinnar og þeirra fyrirtækja, sem vinna úr sjávarafurðum til útflutnings, ekki vera hærri en 4%, enda fari lánin ekki yfir 85% af ábyrgðarverðinu.

II. KAFLI

Um aðstoð til útvegsmanna, er síldveiðar stunduðu á tímabilinu 1945 til 1948.

13. gr.

Ríkisstjórninni er heimilt að kveða svo á, að útgerðarmönnum og útgerðarfyrirtækjum, er síldveiðar stunduðu á tímabilinu 1945 til 1948, verði veitt að nokkru eða öllu:

1. Uppgjöf á innleystum sjóveðskröfum og öðrum lögveðskröfum samkvæmt 1. mgr. 2. gr. laga nr. 85 15. des. 1948.
2. Uppgjöf á lánum samkvæmt 2. mgr. 2. gr. sömu laga, og
3. Uppgjöf á lánum, sem þeim voru veitt úr ríkissjóði vegna aflabrests á sumarsíldveiðum 1945 og 1947.

14. gr.

Skilyrði fyrir uppgjöf krafna og skulda samkvæmt 13. gr. eru þessi:

1. Að útgerðarmaður sæki um aðstoð og sé að dómi skilanefndar, sem getur í 5. gr. laga nr. 85 15. des. 1948, vel hæfur til að reka útgerð.
2. Að útgerðarmaður hafi látið skilanefnd í té fullkomna greinargerð, undirritaða að viðlögðum drengskap, um fjárhag sinn og maka síns, svo og veiti henni færi á að láta kunnáttumenn meta eignir sínar.
3. Að skilanefnd telji útgerðarmanni ekki kleift að standa við skuldbindingar sínar eða reka útgerð á heilbrigðum grundvelli án aðstoðar.
4. Að útgerðarmaður nái viðunandi samningum við lánardrottna sína, að dómi skilanefndar, á öðrum skuldum sínum, til þess að útgerð hans verði rekin framvegis á fjárhagslega tryggum grundvelli.

15. gr.

Frá því skuldunautur hefur óskað aðstoðar skilanefndar og þangað til skilanefnd hefur afgreitt mál hans, má hann ekki selja eignir sínar umfram venjulega afurðasölu og ekki veðsetja þær, nema fyrir nauðsynlegum rekstrarlánum, og yfir-

leitt ekki gera neinar þær ráðstafanir, er veruleg áhrif geti haft á efnahag hans. Ef í ljós kemur eftir að skilanefnd hefur staðfest samning hans við lánardrottna, að útgerðarmaður hafi brotið ákæði greinar þessarar, er skilanefnd heimilt að neita honum um aðstoð samkvæmt 13. gr.

16. gr.

Jafnskjótt sem skilanefnd hefur tekið við aðstoðarbeiðni, skal það tilkynnt skiptaráðanda, og er þá hvers konar aðför vegna skulda útgerðarmanns óheimil á hendur honum og ábyrgðarmönnum hans, þangað til skilanefnd hefur afgreitt mál hans. Eigi verður heldur bú hans tekið til gjaldþrotaskipta þennan tíma. Nú takast eigi samningar, og bú útgerðarmanns er tekið til gjaldþrotaskipta, áður en sex mánuðir eru liðnir frá því er skilanefnd afgreiddi mál hans, og við skiptin kemur í ljós, að hann hefur brotið gegn ákvæðum 15. gr., og má þá með málssókn rifta þeim samningum og greiðslum, er ólöglega hafa farið fram, samkvæmt reglum gjaldþrotaskiptalaga, enda sé málssókn hafin innan sex vikna frá því er búskipti byrja. Tímabilið frá því er skilanefnd hefur tekið við aðstoðarbeiðni og þangað til hún afgreiðir mál hans telst ekki með fyrningartíma skuldar, víxilréttar né neinna réttargerða.

17. gr.

Ráðherra ákveður, hvenær skuldaskilum samkvæmt lögum þessum skuli lokið.

18. gr.

Ríkisstjórnin getur samkv. tillögum skilanefndar sett reglugerð um skuldaskil útvegsmanna, er síldveiðar stunduðu á tímabilinu 1945 til 1948, er taki til þeirra útvegsmanna, sem ekki komast að samkomulagi við lánardrottna sína, sbr. 14. gr., og slíkra skuldaskila óska.

Skal í reglugerðinni kveðið á um:

1. Innköllun skuldheimtumanna og ábyrgðarmanna, að viðlögðum kröfumissi, ef kröfum er ekki lýst innan tiltekins frests.
2. Vald skilanefndar til að semja frumvarp til skuldaskila.
3. Heimild lánardrottna þeirra, er ráða yfir meiri hluta af skuldakröfunum og sækja fund, er skilanefnd boðar til, til þess að samþykkja frumvarp til skuldaskila, þannig að aðrir lánardrottnar séu við það bundnir, og að skuldunautur sé leystur undan að greiða þann hundraðshluta hverrar samningskröfu, sem undan er skilinn í samningnum, bæði gagnvart lánardrottnum sjálfum, ábyrgðarmönnum og öðrum, er annars hefðu átt endurgjaldskröfu á hendur honum fyrir greiðslu skuldarinnar.
4. Að samningar haggi eigi heimild lánardrottins til að ganga að tryggingu eða ábyrgð, sem þriðji maður hefur sett fyrir kröfum á hendur skuldunaut.
5. Að samningur hafi engin áhrif á þær kröfur, sem hér greinir:
   a. Skuldir tryggðar með veði, þó því aðeins, að skuldarupphæð nemi eigi meiru en verðmæti veðsins að dómi skilanefndar eða sérstakra tveggja matsmanna, tilnefndra af skilanefnd. Ef skuld er hærri en verðmæti veðsins samkvæmt mati þessu, ná samningar til þess hluta skuldarinnar, sem fer fram úr verði veðsins, enda óski veðhafi ekki eftir kaupum á hinni veðsettu eign fyrir að minnsta kosti 15% hærra verð en matsverð.
   b. Forgangskröfur samkv. 8. kap. 83. gr. skiptalaganna, að svo miklu leyti sem eigur skuldunauts teljast hrökkva fyrir þeim.
6. Nánari ákvæði um allt, er lýtur að framkvæmd skuldaskilanna.

III. KAFLI
Um dýrtíðarsjóð.

19. gr.

Stofna skal sérstakan sjóð, er nefnist dýrtíðarsjóður ríkisins. Skal honum varið til þess að standa straum af greiðslum vegna ábyrgðar ríkisins á verði útfluttrar vöru, svo og greiðslum til lækkunar á vöruverði og framleiðslukostnaði innanlands.

20. gr.

Dýrtíðarsjóði skal afla tekna á þann hátt, sem segir í 21.—32. gr.

21. gr.

Af tollverði allrar innfluttrar vöru, að viðbættum aðflutningsgjöldum og áætlaðri álagningu 10% — tíu af hundraði —, skal greiða 6% söluskatt. Heildsala er undanþegin söluskatti samkv. 22. gr. Umboðssala er einnig undanþegin söluskatti samkv. 22. gr., og tekur sú undanþága aðeins til venjubundinna umboðslauna, en ekki til neinnar þóknunar, sem telja má, að komi í stað venjulegrar álagningar, svo sem þóknunar fyrir umsjón með vinnu.

Skatt þennan skulu innheimtumenn ríkissjóðs (sýslumenn, bæjarfógetar og lögreglustjórar, í Reykjavík tollstjóri) innheimta um leið og varan er tollafgreidd, og nýtur skatturinn sömu lögverndar og aðflutningsgjöld.

22. gr.

Af sölu skattskyldra atvinnufyrirtækja skal greiða söluskatt sem hér segir:

a. Af smásölu 2%.
b. Af annarri sölu 3%.

Skattskyldan tekur jafnt yfir sölu á vörum sem vinnu og þjónustu, hverju nafni sem nefnist. Skatturinn miðast við heildarandvirði vöru, án frádráttar nokkurs kostnaðar og án tillits til þess, í hverju greiðsla er fólgin, og þótt um sé að ræða skipti gegn vöru eða þjónustu. Þá skal og meðtalinn sá hluti veltu, er stafar af einkanotum atvinnurekanda.

23. gr.

A. Eftirtaldar vörur eru undanþegnar söluskatti:

Mjólk og mjólkurafurðir, garðávextir, kjöt, fiskur, egg og óunnið slátur, svo og fiskumbúðir, veiðarfæri, önnur en sporttæki, kol, salt, hráolía, brennsluolía, smurningsolía, flugvélabenzín, tilbúinn áburður, dagblöð og vikublöð.

B. Eftirtalin sala er undanþegin söluskatti samkvæmt 22. gr.:

1. Sala fasteigna, skipa, einkaleyfa, verðbréfa og krafna.
2. Andvirði vöru, sem seld er úr landi, útskipunargjald af henni og flutningsgjald.
3. Viðgerð á skipum.
4. Húsaleiga.
5. Iðgjaldatekjur vátryggingarfélaga.
6. Sala þeirra, sem ekki eru bókhaldsskyldir samkvæmt lögum nr. 62/1938, ef söluskattskyld velta þeirra yfir árið nemur ekki yfir kr. 30 000.00.

Nú leikur vafi á því, hvort einhver njóti undanþágu samkvæmt þessum lið, vegna þess að fyrir fram verður ekki vitað, hvort söluskyld velta muni nema ofangreindu lágmarki, og skal þá aðili leita úrskurðar skattanefndar eða skattstjóra um, hvort söluskatti skuli bætt við verð vörunnar. Hafi söluskatti verið sleppt með leyfi skattanefndar, fellur leyfið jafnskjótt niður, ef í ljós kemur, að veltan muni ná skattskyldu lágmarki.

Vanræki einhver að leggja söluskatt á vöru án leyfis skattanefndar, verður veltan eigi að síður öll skattskyld, ef hún fer yfir skattskylt lágmark, nema sérstakar málsbætur séu.

Nú hefur söluskattur verið innheimtur í söluverði vöru eftir fyrirmælum skattanefndar eða án þeirra, en ársvelta eigi náð skattskyldu lágmarki, og skal þá aðili greiða söluskatt fyrir þann hluta árs eða þann hluta vörusölu, þar sem reiknað hefur verið með skattinum.

24. gr.

Fyrirtæki þau, sem skattskyld eru samkvæmt 22. gr. laga þessara, skulu innan tveggja vikna frá 30. júní 1949 senda skattstjóra eða skattanefnd skýrslu um sölu sína á fyrra misseri ársins og innan tveggja vikna frá 30. september og 30. desember 1949 um sölu á hvoru þriggja mánaða tímabilinu. Þessir aðilar ákveða síðan söluskatt fyrra misserisins og tilkynna hann skattgreiðanda fyrir lok júlímánaðar 1949, síðara misserisins fyrir lok októbermánaðar 1949 og janúarmánaðar 1950. Skattur af sölu fyrra misserisins skal síðan greiddur til innheimtumanna ríkissjóðs 1. ágúst 1949, en hins síðara 1. nóvember 1949 og 1. febrúar 1950. Ef skatturinn hefur eigi verið greiddur innan eins mánaðar frá gjalddaga, reiknast af honum dráttarvextir, ½% á mánuði, og telst hver byrjaður mánuður sem heill.

Þeir, sem ekki vilja sætta sig við ákvörðun söluskatts, sem á þá hefur verið lagður, geta kært álagninguna til skattstjóra eða skattanefndar innan 10. næsta mánaðar, eftir að skatturinn var lagður á. Skattanefnd eða skattstjóri skulu kveða upp úrskurð um kæruna og tilkynna úrskurðinn í ábyrgðarbréfi fyrir 20. sama mánaðar. Úrskurðum skattstjóra og skattanefnda má áfrýja til yfirskattanefnda og síðan til ríkisskattanefndar, sem kveður upp fullnaðarúrskurð. Kærufrestir til þessara nefnda eru 30 dagar og úrskurðarfrestir þeirra eru jafnlangir.

Áfrýjun skattaálagningar frestar ekki eindaga skattsins, en ef skattur er lækkaður eftir úrskurði, skal þegar endurgreiða það, sem lækkuninni nemur.

25. gr.

Skattstjórum og skattanefndum er heimilt að krefjast af gjaldendum hverra þeirra gagna, sem telja má nauðsynleg til skýringar á framtalinu. Gefi gjaldandi ekki skýrslu um sölu sína og viðskipti á tilskildum tíma eða telji skattstjóri eða skattanefnd framtali ábótavant, skal þeim heimilt að áætla sölu gjaldandans og ákveða gjaldið eftir því.

Skattstjóri og skattanefndir skulu hafa aðgang að þeim gögnum opinberra skrifstofa, sem fjármálaráðuneytið telur nauðsynleg til endurskoðunar framtala og ákvörðunar skattsins.

26. gr.

Verð vöru og þjónustu má hækka sem söluskatti nemur, en óheimilt er að hækka álagningu verzlana eða fyrirtækja vegna hans.

27. gr.

Fjármálaráðuneytinu er heimilt að ákveða með reglugerð, að vissir flokkar gjaldenda og vissar vörutegundir og þjónusta, auk þess, sem áður er nefnt, skuli undanþegið söluskatti, ef álagning skattsins og innheimta hans er talin sérstökum erfiðleikum bundin. Einnig er ráðuneytinu heimilt að ákveða, að ríkisstofnanir eða aðrir skattfrjálsir aðilar, sem selja sams konar vörur eða þjónustu sem þá, er um ræðir í 22. gr., skuli greiða söluskatt samkvæmt lögum þessum.

Loks má ráðuneytið með reglugerð ákveða, að á síðasta gjalddaganum samkvæmt 24. gr. megi innheimta allan söluskatt ársins, ef um smávægilegan rekstur er að ræða.

28. gr.

Um viðurlög fyrir brot gegn þessum kafla laganna fer samkvæmt lögum um tekjuskatt og eignarskatt, nr. 9/1935, og lögum nr. 70/1947, um verðlagseftirlit o. fl.

29. gr.

Af tolltekjum þeim, sem ráðgerðar verða í fjárlögum ársins 1949, skulu 22 milljónir króna renna í dýrtíðarsjóð.

30. gr.

Viðbótargjöld fyrir innflutningsleyfi skal greiða:

a) að innflutningsleyfi fyrir kvikmyndum 100% af leyfisfjárhæð;
b) af gjaldeyrisleyfum til utanferða, öðrum en leyfum til námsmanna og sjúklinga, 75% af leyfisfjárhæð;
c) af innflutningsleyfum fyrir fólksbílum 50% og af jeppa- og vörubifreiðum 25% af leyfisfjárhæð; leyfisgjaldið miðist við tollmat bifreiðanna að frádregnu flutningsgjaldi og vátryggingariðgjaldi, ef leyfisfjárhæð er ekki tiltekin;
d) af innflutningsleyfum fyrir bifreiðavarahlutum og bifreiðavélum 50% af leyfisfjárhæð;
e) af innflutningsleyfum fyrir hjólbörðum og slöngum 25% af leyfisfjárhæð;
f) af innflutningsleyfum fyrir rafmagnstækjum til heimilisnota, öðrum en eldavélum og þvottavélum, 100% af leyfisfjárhæð, en af leyfum fyrir þvottavélum 50%.

Gjöld þessi skal viðskiptanefnd innheimta við afhendingu leyfanna.

31. gr.

Greiða skal gjald, 20% af matsverði bifreiða, sem ganga kaupum og sölum innanlands.

Ákveða skal með reglugerð, hvernig meta skuli verð bifreiðanna.

Gjaldið skal lögreglustjóri innheimta um leið og bifreiðin er skrásett á nafn hins nýja eiganda, enda skal vera lögveð í bifreiðinni.

32. gr.

Leyfisgjöld samkvæmt 14. gr. laga nr. 70 1947, um fjárhagsráð, innflutningsverzlun og verðlagseftirlit, skal innheimta á árinu 1949 með 100% álagi og minnsta gjald vera 2 kr. Tekjur þær af gjöldum þessum, er meiru kunna að nema en kostnaði af fjárhagsráði og framkvæmd nefndra laga, renna í dýrtíðarsjóð.

33. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1949.

Nd. 271. Lög [66. mál]

um breyting á lögum nr. 84 6. júlí 1932, um bifreiðaskatt o. fl.

(Afgreidd frá Nd. 18. des.)

Samhljóða þskj. 98.

Ed. 272. Breytingartillaga [107. mál]

við frv. til l. um dýrtíðarráðstafanir vegna atvinnuveganna.

Frá Páli Zóphóníassyni.

Við 23. gr. A. Í stað orðanna „og vikublöð“ í lok málsgreinarinnar komi: vikublöð, tímarit, stærri landbúnaðarvélar og fóðurbætir, og skal nánar skilgreint í reglugerð, hvaða landbúnaðarvélar heyra hér undir.

Ed. 273. Nefndarálit [107. mál]

um frv. til l. um dýrtíðarráðstafanir vegna atvinnuveganna.

Frá meiri hl. fjárhagsnefndar.

Nefndin hefur athugað frv., og leggja undirritaðir nefndarmenn til, að frv. verði samþykkt óbreytt.

Björn Ólafsson taldi sig andvígan frv., en Brynjólfur Bjarnason mun skila sérstöku áliti.

Alþingi, 19. des. 1948.

Guðm. Í. Guðmundsson, fundaskr. Þorst. Þorsteinsson, frsm. Bernh. Stefánsson.

Ed. 274. Nefndarálit [107. mál]

um frv. til l. um dýrtíðarráðstafanir vegna atvinnuveganna.

Frá minni hl. fjárhagsnefndar.

Fjárhagsnefnd hefur klofnað um málið, og er ég andvígur veigamiklum atriðum frv. og þeirri meginstefnu, sem í því felst. Nauðsynlegt er, að nú þegar séu afgreidd lög um það efni, sem felst í I. kafla frv., um ríkisábyrgð á útflutningsvörum báta-útvegsins, og er enginn ágreiningur um það, enda liggur nú fyrir neðri deild frv. um það efni frá samflokksmönnum mínum, þar sem málið er tekið þeim tökum, að rekstur útvegsins mundi vera vel tryggður og öll aðstaða hans breytast mjög til batnaðar, ef það næði samþykki. En eins og I. kafli frv. ríkisstjórnarinnar er nú, mundi það ekki nægja til að tryggja rekstur bátaútvegsins, til þess þarf að hækka ábyrgðarverðið á fiskinum, enda hafa samtök útvegsmanna lýst því yfir, að útgerðin hljóti að stöðvast, ef ekki verða gerðar frekari ráðstafanir, eins og meðfylgjandi bréf ber með sér.

Um II. kafla frv. er það að segja, að í því formi, sem hann er í, nær hann ekki þeim tilgangi að verða aðstoð fyrir bátaútveginn, heldur mundu ákvæði hans valda miklum truflunum í rekstri útvegsins.

Þriðji kaflinn miðar að því að auka mjög dýrtíðina í landinu, og tel ég, að samþykkt hans mundi hafa mjög skaðvænleg áhrif.

Ég tel því rétt að afgreiða þetta mál þannig, að samþykkja I. kaflann með veigamiklum breytingum, sem ég mun bera fram, og fylgja öðrum þeim breytingartillögum til bóta, sem fram kunna að koma. Þá tel ég rétt að samþykkja 13. gr. í II. kafla, sem fjallar um heimild til eftirgjafa á styrktarlánum bátaútvegsins, en fella aðrar greinar kaflans, sem fjalla um skuldaskil hans.

Loks legg ég til, að III. kaflinn verði felldur, en í stað þess verði tillögur um fjáröflun, sem kunna að vera nauðsynlegar, lagðar fram í sérstöku frumvarpi.

Alþingi, 18. des. 1948.

Brynj. Bjarnason.

Fylgiskjal.

Til Alþingis, Reykjavík.

Á fundi, sem haldinn var í dag í stjórn Landssambands íslenzkra útvegsmanna, með formanni Sölumiðstöðvar hraðfrystihúsanna og sjávarútvegsnefnd L. Í. Ú., var til umræðu frumvarp til laga um dýrtíðarráðstafanir vegna atvinnuveganna, sem ríkisstjórnin lagði fyrir Alþingi í gær, fimmtudaginn 16. desember.

Eftirfarandi ályktanir voru gerðar á fundinum í sambandi við umrætt frumvarp þetta, og leyfum vér oss hér með að senda þær hinu háa Alþingi í trausti þess, að þær verði teknar til gaumgæfilegrar athugunar við afgreiðslu frumvarpsins:

I.

Fundurinn telur, að frumvarpið feli engan veginn í sér ákvæði, er skapi grundvöll undir rekstri vélbátaflotans og hraðfrystihúsanna á næsta ári, og harmar það, að ríkisstjórn og Alþingi skuli enn ekki sjá sér fært að gera slíkar ráðstafanir.

II.

Fyrsti kafli frumvarpsins kveður á um verð á fiski veiðiskipa og framleiðslu hraðfrystihúsa.

Fundurinn vill benda hinu háa Alþingi á það, að verð þetta er allt of lágt ákveðið, og vill í þessu sambandi minna á ályktun síðasta aðalfundar Landssambandsins um það, að fiskverðið þyrfti að vera 88 aurar fyrir hvert kíló af slægðum fiski með haus, og samþykkt aukafundar Sölumiðstöðvar hraðfrystihúsanna um það, að frystihúsin yrðu að fá kr. 1.50 fyrir hvert enskt pund af flökum, miðað við 65 aura verð á fiskinum, ef rekstur fyrirtækjanna ætti ekki að stöðvast.

Viðræður, sem fram hafa farið á milli verðlagsráðs sjávarútvegsins og stjórnskipaðrar nefndar, hafa leitt í ljós, að ályktanir aðalfundar Landssambandsins um 88 aura fiskverð, sé sízt of hátt.

Þess vegna telur fundurinn augljóst, að verði engar frekari ráðstafanir gerðar en fram kemur í frumvarpi þessu, hljóti þessar atvinnugreinar að stöðvast, enda hljóta þá allsherjarsamtök útvegsins að beita sér fyrir slíku.

Ef Alþingi og ríkisstjórn vilja komast hjá þeim þjóðfélagslega vanda, sem af þessu mundi leiða, verður að setja inn í frumvarpið ákvæði, sem brúa bilið á milli verðsins í frumvarpinu og þess, sem útvegsmenn og hraðfrystihúseigendur verða að fá.

Landssambandið hefur fyrr og síðar sýnt fram á leiðir út úr þessum vandamálum, en þær ábendingar ekki teknar til greina.

Fundurinn vill þó ekki láta hjá líða að benda á eftirfarandi atriði, sem gætu orðið til þess að leysa þennan vanda að verulegu leyti:

a. Að til viðbótar ábyrgðarverðinu, sem gert er ráð fyrir í frumvarpinu, fái bátaútvegurinn gjaldeyris- og innflutningsleyfi fyrir kr. 10 milljónir, til kaupa á auðseljanlegum vörum, sem upp verði taldar í reglugerð, og að leyfð verði álagning á vörur þessar, auk venjulegrar verzlunarálagningar, kr. 21 milljón, sem greiðist sem uppbót á afla bátaútvegsins árið 1949.
b. Að til viðbótar ábyrgðarverði hraðfrystihúsanna fái þau gjaldeyris- og innflutningsleyfi fyrir kr. 15 milljónir, og að fyrir þennan gjaldeyri fái hraðfrystihúsin að flytja inn hvers konar tilbúinn fatnað og leggja á hann kr. 10 milljónir, auk venjulegrar verzlunarálagningar, sem greiðist sem uppbót á framleiðslu hraðfrystihúsa.

Í þessu sambandi vill fundurinn taka fram, að samkvæmt rannsókn, sem gerð hefur verið af Sölumiðstöð hraðfrystihúsanna, mundi ráðstöfun þessi sízt hækka verðið á tilbúnum fatnaði, miðað við það, sem nú er á sams konar innlendri framleiðslu.

c. Að heimilt verði að ráðstafa gjaldeyri fyrir útflutt hrogn á sama hátt og verið hefur í ár, og að hið sama verði látið gilda um eftirtaldar útflutningsvörur: söltuð og reykt faxasíld, smásíld, gellur, kinnfiskur, sundmagi, hákarls- og háfsskrápur, hákarls- og háfslýsi, alls konar fiskroð og reyktur fiskur.
d. Verði leiðir þessar ekki farnar, telur fundurinn hugsaniegt, að ná megi sama árangri með því, að færður verði niður sá reksturskostnaður, sem útgerðin ein greiðir, svo sem veiðarfæri og tryggingargjöld, með greiðslum úr ríkissjóði og að kostnaður vegna veikindaforfalla skipverja verði greiddur af tryggingarstofnunum ríkisins, enda verði hraðfrystihúsunum tryggð tilsvarandi hlunnindi til að bæta rekstur þeirra.

Loks vill fundurinn leggja áherzlu á, að þær ráðstafanir, sem gerðar verða til aðstoðar bátaútveginum, verði einnig látnar ná til allra eldri togara flotans.

III.

Um annan kafla frumvarpsins vill fundurinn taka fram eftirfarandi:

a. Fundurinn telur mikilsvarðandi fyrir útvegsmenn 12.—17. gr. frumvarpsins, þó þannig, að 4. liður 13. gr. orðist þannig: „Að útgerðarmaður nái viðunandi samningum við lánardrottna sína, að dómi skilanefndar, á öðrum skuldum sínum, til þess að áframhaldandi rekstur verði rekinn á fjárhagslega tryggum grundvelli.“
b. Fundurinn getur ekki fallizt á og mótmælir ákvæðum 17. gr. frumvarpsins um lögþvinguð skuldaskil útvegsins.

Í framhaldi af þessu telur fundurinn, að tilgangur frumvarpsins komi mjög misjafnt niður á útvegsmönnum, ef ekki er jafnframt séð fyrir því, að frumvarp til laga um afla- og hlutatryggingarsjóð bátaútvegsins verði afgreitt nú þegar sem lög frá Alþingi, og að það verði látið ná til síldveiðanna 1948.

Verði hins vegar ekki á það fallizt, að afla- og hlutatryggingarsjóðurinn nái til síldveiðanna 1948, verður ekki hjá því komizt að leggja áherzlu á það og mælast eindregið til þess, að framlag ríkissjóðs vegna aflabrests árið 1948 verði hækkað á fjárlögum úr 6 milljónum upp í 12 milljónir króna, og þeirri upphæð úthlutað eftir þeim reglum, sem frumvarp til laga um afla- og hlutatryggingarsjóð ráðgerir.

Fundurinn getur ekki látið hjá líða að lýsa óánægju sinni yfir því, að slíkt frumvarp sem það, er hér um ræðir, skuli borið fram á Alþingi án þess að heildarsamtökum útvegsmanna hafi áður gefizt kostur á að kynna sér frumvarpið.

Virðingarfyllst,

f. h. Landssambands íslenzkra útvegsmanna

Karvel Ögmundsson. Sverrir Júlíusson. Finnbogi Guðmundsson.
Birgir Finnsson. Þórður Ólafsson. J. V. Hafstein.

F. h. Sölumiðstöðvar hraðfrystihúsanna

Elías Þorsteinsson.

Ed. 275. Breytingartillögur [107. mál]

við frv. til l. um dýrtíðarráðstafanir vegna atvinnuveganna.

Frá Brynjólfi Bjarnasyni.

1. Við 1. gr. Í stað „65 aura verð“ komi: 70 aura verð.
2. Við 2. gr.
   a. Í stað „kr. 1.33 hvert enskt pund fob.“ komi: kr. 1.45 hvert enskt pund fob.
   b. 2. málsgr. falli niður.

3. Við 3. gr. Í stað „kr. 2.25“ komi: 2.40.
4. Við 4. gr. Í stað „65 aura“ komi: 70 aura.
5. Við 9. gr. Síðari málsgr. falli niður.

Ed. 276. Breytingartillaga [107. mál]

við frv. til l. um dýrtíðarráðstafanir vegna atvinnuveganna.

Frá Brynjólfi Bjarnasyni.

Á eftir 12. gr. kemur ný grein, svo hljóðandi:

Allar útgerðir fiskibáta, sem lög þessi taka til, skulu eiga rétt á erlendum gjaldeyri, sem nemur ¼ hluta af aflaverðmæti því, sem viðkomandi útgerð hefur aflað á árinu 1949, miðað við gildandi innanlandsverð aflans.

Gjaldeyrisleyfi samkvæmt þessu, sem jafnframt skulu vera innflutningsleyfi, skal veita ársfjórðungslega, miðað við innlagðan afla á næsta ársfjórðungi á undan.

Heimilt er að hagnýta gjaldeyri þennan til kaupa á hvers konar útgerðarnauðsynjum.

Ed. 277. Lög [107. mál]

um dýrtíðarráðstafanir vegna atvinnuveganna.

(Afgreidd frá Ed. 19. des.)

Samhljóða þskj. 270.

Sþ. 278. Tillaga til þingsályktunar [111. mál]

um samþykki til frestunar á fundum Alþingis samkvæmt 23. gr. stjórnarskrár lýðveldisins Íslands, 17. júní 1944.

Frá forsætisráðherra.

Alþingi ályktar að veita samþykki sitt til þess, að fundum þingsins verði frestað frá 20. desember 1948, enda verði það kvatt saman aftur eigi síðar en 21. janúar næstkomandi.

Sþ. 279. Þingsályktun [111. mál]

um samþykki til frestunar á fundum Alþingis samkvæmt 23. gr. stjórnarskrár lýðveldisins Íslands, 17. júní 1944.

(Afgreidd frá Sþ. 20. des.)

Samhljóða þskj. 278.

Sþ. 280. Tillaga til þingsályktunar [112. mál]

um samgöngubann til að hindra útbreiðslu mænusóttar.

Flm.: Jónas Jónsson.

Alþingi ályktar að skora á ríkisstjórnina að láta beita viðeigandi samgöngubanni þegar í stað til að freista með þeim hætti að draga úr útbreiðslu mænuveikinnar.

Greinargerð.

Mænuveikin hefur nú um margra mánaða skeið geisað á Akureyri og að því er virðist borizt þaðan til ýmissa annarra staða bæði fjær og nær. Kunnáttumenn, erlendir og innlendir, virðast alls fáfróðir um eðli þessa sjúkdóms og um útbreiðslu hans. Hefur þess vegna lítið eða ekkert verið gert til að hindra, að sýkin dreifist víða um land. Hins vegar er öllum almenningi ljóst, að sýking gerist að einhverju leyti með nálægð sjúklings eða smitbera við heilbrigt fólk. Smitun heimamanna í Fornahvammi er skiljanleg, þar sem þar hafa stöðuglega verið gestir á ferð frá Akureyri. Hins vegar geta ástæður, sem bundnar eru við staðhætti á Akureyri, ekki haft áhrif á heilsufar í Fornahvammi. Líkur fyrir smitun af völdum persónulegrar nálægðar eru svo sterkar að því er snertir mænuveiki, að þær gera eðlilegt, að fulltrúar almennings á Alþingi grípi hér í tauma.

Nd. 281. Frumvarp til laga [14. mál]

um kyrrsetningu og lögbann.

(Eftir 3. umr. í Ed.)

Samhljóða þskj. 14 með þessum breytingum:

6. gr. hljóðar svo:

Fjármuni skuldunauts má kyrrsetja til tryggingar fullnustu lögvarinnar kröfu til peninga eða peningaverðmætis, enda sé krafan fallin í gjalddaga, eigi nægilega tryggð og eigi megi tryggja hana með aðför.

Kyrrsetning má þó gera, enda þótt krafa sé ekki fallin í gjalddaga:

1. Ef ástæða er til ótta um undanskot, eyðslu eða spjöll á fjármunum, þar á meðal á veði, af hálfu skuldunauts eða annarra, áður en aðför verði gerð.
2. Ef annars má óttast það eftir högum eða framferði skuldunauts, að hann muni sérstaklega torvelda fullnustu kröfu, eða ef aðför þyrfti að gera erlendis, ef fjármunir hans yrðu ekki kyrrsettir hér á landi.

Um sjólánsveð fer eftir ákvæðum siglingalaga.

Eigi má kyrrsetningu gera til tryggingar sektagreiðslu, nema svo sé sérstaklega mælt í lögum.

8. gr. hljóðar svo:

Kyrrsetja má mann, ef svo er farið, að hann er á förum eða hyggst bráðlega að fara af landi burt án afturkomu eða líklegt má telja, að hann hyggi ekki á afturkomu til landsins, og hann á að svara til kröfu, sem sækja má fyrir hérlendum dómi, enda megi telja kyrrsetningu nauðsynlega til tryggingar fullnustu þeirrar kröfu og eigi sé fullnægjandi trygging sett eða næg verðmæti finnist hér á landi til kyrrsetningar.

Kyrrsetning á manni má verða með tvennum hætti:

1. Varðhaldsvist. Þá má aðbúnaður og meðferð gerðarþola eigi lakari vera en fanga í gæzluvarðhaldi, enda skal taka til greina sérhagi hans með sama hætti sem sérhagi gæzlufanga. Gerðarhafi skal greiða fyrir fram á hverjum tveggja vikna fresti fúlgu með gerðarþola eftir ákvörðun fangavarðar, sem bera má þó undir fógeta til fullnaðarúrlausnar.
2. Farbann. Skal þá bjóða gerðarþola að halda sig í ákveðnu marki, enda má þá fela tilteknum manni að hafa eftirlit með honum. Fógeti ákveður þá hverju sinni, hvort fúlgu skuli greiða og hversu mikla. Nú rýfur gerðarþoli farbann, og má þá varðhaldsvist beita.

Kyrrsetning fellur niður, jafnskjótt sem aðför má gera til tryggingar kröfu, og ef fúlga greiðist ekki svo sem mælt er.

Eigi má varðhaldsvist hafa, ef krafa að innstæðu til nemur minna en 500 krónum eða 500 kr. virði, og aldrei má kyrrsetning á manni standa sex mánuðum lengur.

Sama mann má einungis einu sinni kyrrsetja vegna sömu kröfu.

Eigi má kyrrsetja skipverja ferðbúins skips, sem skrásett er á landi hér, nema skipstjóri leyfi eða útgerðarmaður, ef um skipstjóra er að tefla.

Eigi má kyrrsetja alþingismann, meðan Alþingi stendur.

Haldast skulu ákvæði framfærslulaga um aðgerðir gagnvart þeim, er eigi gegna framfærsluskyldum sínum.

11. gr. hljóðar svo:

Í upphafi gerðar skal fógeti spyrja gerðarþola, ef hann er við staddur, um álit hans á kröfu þeirri, er kyrrsetning varðar, gjalddaga, tryggingu og önnur þau atriði, er máli skipta. Ef gerðarþoli er fjarstaddur, er fógeta heimilt og eftir atvikum skylt að veita honum kost á að koma fyrir dóm, enda verði hagsmunum gerðarbeiðanda ekki stofnað þar með í hættu. Rétt er fógeta að láta sækja gerðarþola með valdi, ef návist hans telst nauðsynleg vegna framkvæmdar gerðar.

Fresti má að jafnaði ekki veita gerðarþola gegn mótmælum gerðarbeiðanda, nema tryggt sé, að rétti hans verði eigi fyrir það spillt.

13. gr. hljóðar svo:

Nú er nægileg trygging sett fyrir greiðslu kröfu með vöxtum til áætlaðs greiðsludags eða gjalddaga, ef krafa er ekki fallin í gjalddaga, og kostnaði, og má kyrrsetning þá ekki fram fara, enda skal fella hana niður, jafnskjótt sem nægileg trygging kann síðar að verða sett. Um mat tryggingar fer samkvæmt 12. gr.

Tryggingu skal skila, þegar krafa sú fellur niður, sem tryggð er. Sama er, ef gerðarbeiðandi gerir ekki reka að viðurkenningu kröfu sinnar fyrir sátt eða dómi innan 4 vikna frá því, er trygging var sett, ef krafa var þá fallin í gjalddaga, en ella innan 4 vikna frá gjalddaga.

Rétt er gerðarþola að höfða mál til lausnar tryggingar.

18. gr. hljóðar svo:

Óheimilt er gerðarþola að ráðstafa kyrrsettum munum með samningum, þannig að í bága fari við rétt gerðarbeiðanda, enda er gerðarbeiðandi ekki bundinn gagnvart þriðja manni við slíkar ráðstafanir. Þó vinnur grandlaus þriðji maður rétt yfir fasteign, skipi 5 smálesta og stærra og skrásettu loftfari, nema kyrrsetning hafi verið þinglesin (innrituð í Reykjavík), og yfir viðskiptabréfum, nema athugasemd um kyrrsetningu hafi verið á þau skráð. Tilkynna þarf skuldunaut, ef krafa er kyrrsett og geymslumanni kyrrsetts hlutar kyrrsetningu. Annars kostar er þeim rétt að greiða gerðarþola skuld eða skila honum hlut, ef þeir eru grandlausir um kyrrsetningu. Sama er um vaxtagreiðslur af skuld samkvæmt viðskiptabréfi.

24. gr. hljóðar svo:

Nú fellur kyrrsetning niður, hvort sem það er vegna sýknunar af kröfu þeirri, er tryggja skyldi, vegna galla á gerðinni sjálfri eða vegna þess, að henni hefur ekki verið réttilega haldið til laga, og ber gerðarbeiðanda þá að bæta gerðarþola þann miska og fjártjón, þar á meðal lánstraustsspjöll, er telja má hann hafa liðið sakir gerðarinnar. Bæta skal og, þótt kyrrsetning reynist aðeins að nokkru ólögmæt og þótt hún falli niður sakir atvika, er gerðust eftir framkvæmd hennar, ef ætla má, að hún hefði haft bótaskyldu í för með sér annars. Þegar meta skal bætur, má bæði hafa hliðsjón til þess, hvort gerðarbeiðandi hefur sýnt af sér vanrækslu eða gáleysi, og til þess, hvort gerðarþoli kann að hafa veitt sérstakt efni til aðgerðanna eða tilhögunar þeirra með framkomu sinni í sambandi við þær.

Bótakröfu má hafa uppi í staðfestingarmáli bæði til skuldajafnaðar og til sjálfstæðs dóms. Annars kostar má höfða sjálfstætt mál á varnarþingi kyrrsetningar, þar sem dómari leitar sátta, innan þriggja mánaða frá því, er gerðarþola varð kunnugt um synjun kyrrsetningarbeiðni, frá úrslitum staðfestingarmáls eða niðurfalli kyrrsetningar annars, ef því er að skipta.

Um aðilaskipti að kröfu um miskabætur eftir lögum þessum fer samkvæmt 3. málsgr. 264. gr. almennra hegningarlaga.

28. gr. hljóðar svo:

Lögbann hefst, þar sem sú eign er, er bann varðar, og annars, þar sem aðilar verða á sáttir eða fógeti ákveður hverju sinni.

Fógeti kveður gerðarþola til, ef þess er kostur. Annars kostar skal birta honum bann.

Lögbanni verður venjulega ekki afstýrt með tryggingu, nema gerðarbeiðandi samþykki.

Um bætur fyrir miska- og lánstraustsspjöll sakir lögbanns fer eftir því, sem mælt er fyrir í 1. málsgr. 24. gr.

Greina skal glöggt í fógetabók þann verknað, sem bannaður er, og þá eign, sem bann varðar, ef því er að skipta.

Ed. 282. Nefndarálit [74. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 64 23. júní 1932, um kirkjugarða.

Frá heilbr.- og félagsmálanefnd.

Nefndin hefur athugað frumvarpið og sent það biskupi landsins til umsagnar. Þegar endanlega var gengið frá málinu á fundi 25. jan., vantaði þá HV og LJóh, en hinir nefndarmennirnir voru sammála um að mæla með samþykkt frumvarpsins, en PZ mun flytja við það breytingartillögu, sem nefndarmenn hafa óbundnar hendur um.

Alþingi, 25. jan. 1949.

Páll Zóphóníasson, form., frsm. Gísli Jónsson. Brynj. Bjarnason.

Ed. 283. Breytingartillaga [74. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 64 23. júní 1932, um kirkjugarða.

Flm.: Páll Zóphóníasson.

Við 1. gr. Síðari málsgr. orðist svo:
Nú er tala kjörinna fulltrúa jöfn, og skal þá á sameiginlegum fundi hlutaðeigandi sóknarnefnda eða safnaðarstjórna kjósa oddamann í kirkjugarðsstjórnina fyrir kjörtímabilið, svo og varamann hans.

Ed. 284. Frumvarp til laga [113. mál]

um veitingu ríkisborgararéttar.

Frá allsherjarnefnd.

1. gr.

Með lögum þessum er íslenzkur ríkisborgararéttur veittur eftirtöldum aðilum:

1. a. Dr. phil. Karl Max Herbert Metzner, fæddur 20. nóvember 1900 í Dessau.
   b. Frú Johanne Jenny Dora Metzner, fædd Hansen, fædd 6. febrúar 1904 í Hamburg.
   c. Hans Herbert Brix Metzner, fæddur 27. september 1935.
2. a. Bernhard Albert Fritz Wiencke, fæddur 28. júní 1913 í Hamburg.
   b. Frú Elsa Frida Wiencke, fædd Peterhänsel, ekkja Nottelmann, fædd 27. apríl 1920 í Hamburg.
   c. Karin Lena Peterhänsel, nefnd Nottelmann, fædd 10. marz 1938 í Hamburg.
   d. Peter Peterhänsel, nefndur Nottelmann, fæddur 14. ágúst 1941 í Hamburg.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Frv. þetta er flutt samkvæmt ósk fjármálaráðherra, og fylgdu því svo hljóðandi athugasemdir:

Dr. Herbert Metzner er vel þekktur vísindamaður á sviði fiskiðnaðarins og hefur tekizt á hendur, ef hann fær til þess starfsskilyrði, að aðstoða íslenzk stjórnarvöld og einstaklinga í öllum málum, er snerta fiskiðnað vorn, þegar þess yrði óskað. Til þess að hægt verði að hafa hans full not í þessu efni, er talið nauðsynlegt að veita honum ríkisborgararétt ásamt aðstoðarmanni hans og fjölskyldum þeirra.

Sþ. 285. Breytingartillaga [21. mál]

við brtt. á þskj. 268 (Innfl. jeppabifreiða).

Frá Steingrími Aðalsteinssyni.

Við tölulið 2. Liðurinn orðist svo:
Jafnframt verði séð fyrir nægilegum innflutningi varahluta til þessara og annarra atvinnubifreiða.

Sþ. 286. Fyrirspurnir [114. mál]

I. Til samgöngumálaráðherra varðandi símabilanir á Vestfjörðum.

Frá Sigurði Bjarnasyni.

1. Hverjar eru taldar vera orsakir hinna tíðu bilana, sem orðið hafa undanfarna mánuði á símalínum á Vestfjörðum?
2. Hvaða ráðstafanir eru fyrirhugaðar til þess að bæta úr því öngþveitisástandi, sem ríkir í símamálum þessa landshluta?
3. Hvernig eru horfur með innflutning á nauðsynlegu efni til viðhalds og nýbyggingu símalína í landinu?

II. Til samgöngumálaráðherra um kostnað við undirbúning á frv. til laga um öryggisráðstafanir á vinnustöðum.

Frá Gísla Jónssyni.

Hvað hefur undirbúningur á frv. til laga um öryggisráðstafanir á vinnustöðum kostað, og hvernig skiptist sá kostnaður, og til hvaða aðila hafa greiðslurnar farið og hve mikið til hvers aðila?

III. Til atvinnumálaráðherra um mjólkurflutninga til Reykjavíkur úr Borgarfjarðarhéraði.

Frá Jónasi Jónssyni.

Hverju sætir það, að sölumjólk til Reykjavíkur úr Mýra- og Borgarfjarðarsýslu skuli vera flutt með bílum fyrir Hvalfjörð, en ekki með flóabátnum Laxfossi?

Nd. 287. Lög [113. mál]

um veitingu ríkisborgararéttar.

(Afgreidd frá Nd. 25. jan.)

Samhljóða þskj. 284.

Nd. 288. Frumvarp til laga [115. mál]

um breyting á lögum nr. 29 23. apríl 1946, um hafnargerðir og lendingarbætur.

Flm.: Jónas Jónsson, Sigurður Kristjánsson.

1. gr.

Á eftir 60. tölulið B. í 2. gr. laganna kemur nýr liður:
Svalbarðseyri.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Þegar gengið var frá lögum um hafnargerðir og lendingarbætur 1946, var Svalbarðseyri ekki tekin með í tölu styrkhæfra hafna, af því að staðurinn var þá í einkaeign. Nú hefur Svalbarðshreppur keypt eignina og ákveðið að leggja í allmikla viðgerð á bryggju á staðnum. Hafnarskilyrði eru mjög góð á Svalbarðseyri. Með þeirri umbót á bryggjunni, sem nú er ráðgerð, geta öll minni skip legið þar við festar án þess að byggja þurfi skjólgarð. Allmikið af verzlun í Suður-Þingeyjarsýslu fer fram á Svalbarðseyri. Leggst óþarfa kostnaður á þau viðskipti, meðan bryggjan hefur ekki hlotið þá viðgerð, sem hreppurinn vill nú framkvæma með styrk samkvæmt því, sem tíðkast undir svipuðum kringumstæðum.

Nd. 289. Nefndarálit [13. mál]

um frv. til l. um veitingu ríkisborgararéttar.

Frá meiri hl. allsherjarnefndar.

Nefndin hefur athugað frumvarpið og jafnframt rannsakað nákvæmlega allar aðrar umsóknir um íslenzkan ríkisborgararétt, sem fyrir liggja.

Málið var athugað á mörgum fundum nefndarinnar, en einn nefndarmanna, Áki Jakobsson, mætti aðeins á tveimur fundanna og var ekki viðstaddur endanlega afgreiðslu málsins í nefndinni.

Meiri hluti nefndarinnar hefur orðið sammála um að leggja til, að 14 nýjum umsækjendum verði bætt inn í frumvarpið. Um þetta fólk er þannig ástatt, að 11 umsækjendanna eru af íslenzkum ættum. Þá eru tveir Norðurlandamenn, Dani og Norðmaður, sem báðir hafa dvalizt hér lengur en 10 ár og eru giftir íslenzkum konum hér. Loks ein nunna til viðbótar, eftir tillögum dómsmálaráðuneytisins, og einn Dani, sem hefur dvalið hér á Hvítanesi í Borgarfjarðarsýslu frá 5. marz 1939 og dómsmálaráðherra lagði til við nefndina, að tekinn yrði inn í frumvarpið. Allir þessir aðilar uppfylla skilyrði ríkisborgaralaganna, önnur en 10 ára búsetuskilyrðið, sem ekki þótti ástæða til, að fylgt væri, þegar um er að ræða fólk af íslenzkum ættum, sem alveg sérstaklega stendur á um.

Aftur á móti hefur nefndin ekki tekið upp í tillögu sína umsækjendur, sem að vísu uppfylla einnig 10 ára búsetuskilyrðið, en eru frá öðrum löndum en Norðurlöndum. Einstakir nefndarmenn hafa þó óbundnar hendur um að styðja eða bera fram tillögur til viðauka, þótt í þeim felist frávik frá þessum reglum

Þá taldi nefndin ekki fært að veita íslenzkum konum, sem misst hafa ríkisborgararétt sinn við giftingu, þennan rétt aftur, þótt þær dvelji nú hér á landi, meðan hjónabandi er ekki slitið, og þær mundu því, eins og áður, missa réttinn aftur við það að fara af landi brott. Er því lagt til að fella af frv. nöfn 4 kvenna, sem þannig er ástatt um.

Meiri hl. nefndarinnar leggur því til, að frv. verði samþykkt með eftirtöldum

BREYTINGUM:

Við 1. gr.

I. Niður falli stafliðir 4, 8, 9 og 13.

II. Við greinina bætist nýir liðir:

1. Christensen, Gísli, Halldór, verkamaður, fæddur 9. okt. 1929 í Danmörku.
2. Christensen, Sylvía María, ungfrú, fædd 15. febr. 1918 í Danmörku.
3. Hansen, Margrét Lund, nemandi, fædd 21. ágúst 1924 á Íslandi.

4. Magnús Jón Ernst Magnússon, nemandi, fæddur 14. febr. 1935 í Þýzkalandi.
5. Montanus, Ólafsson Gísli, nemandi, fæddur 16. okt. 1933 í Belgíu.
6. Ormslev, Gunnar, tannsmíðanemi, fæddur 22. marz 1928 í Danmörku.
7. Rasmussen, Birna Halldórsdóttir Melsted, frú, fædd 29. jan. 1910 á Íslandi.
8. Rasmussen, Olgeir Möller, nemandi, fæddur 15. júlí 1928 í Danmörku.
9. Susanna Þórðardóttir, frú, fædd 2. febr. 1913 á Íslandi.
10. Versteeg, Nanna Nagtglas, ungfrú, fædd 9. marz 1930 á Java.
11. Christiansen, Erik, verkstjóri, fæddur 27. maí 1911 í Danmörku.
12. Cyrilla María, fædd 28. ágúst 1880 í Þýzkalandi.
13. Hagvaag, Analius Georg, vélamaður, fæddur 23. sept. 1907 í Noregi.
14. Hansen, Aage, landbúnaðarverkamaður, fæddur 25. des. 1919 í Danmörku.

Alþingi, 26. jan. 1949.

Stefán Stefánsson, form.	Finnur Jónsson, fundaskr.	Jóhann Hafstein, frsm.

Jörundur Brynjólfsson.

Ed. 290. Frumvarp til laga [116. mál]

um afnám laga nr. 54 31. maí 1927, um breyting á lögum nr. 30 20. október 1913, um umboð þjóðjarða.

Frá landbúnaðarnefnd.

1. gr.

Lög nr. 54 31. maí 1927, um breyting á lögum nr. 30 20. október 1913, um umboð þjóðjarða, skulu úr gildi felld.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Frv. þetta er flutt samkvæmt ósk atvinnumálaráðherra, og fylgdu því svo hljóðandi athugasemdir:

Um skeið þótti eigi henta að láta ákvæði laga nr. 30 20. október 1913, um umboð þjóðjarða, koma til framkvæmda um Múlasýsluumboð. Voru því sett lög nr. 54 31. maí 1927, um breyting á nefndum lögum, og skipaður sérstakur umboðsmaður fyrir Múlasýsluumboð. Nú eru slíkar ástæður eigi fyrir hendi, og þykir því bezt henta að láta lögin um umboð þjóðjarða frá 1913 einnig gilda um þjóðjarðir í Múlasýsluumboði og nema hin nefndu lög, nr. 54 31. maí 1927, úr gildi.

Sþ. 291. Breytingartillaga [22. mál]

við brtt. á þskj. 247 [Innflutningur landbúnaðarvéla].

Frá Einari Olgeirssyni.

Á eftir tillgr. bætist svo hljóðandi málsgr.:

Leggur Alþingi fyrir ríkisstjórn og fjárhagsráð að fullnægja þörf þeirri, sem hér er um rætt, áður en leyfður er innflutningur á bílum.

Sþ. 292. Nefndarálit [112. mál]

um till. til þál. um samgöngubann til að hindra útbreiðslu mænusóttar.

Frá allsherjarnefnd.

Nefndin hefur haft fund um málið og leggur til, að tillögunni verði vísað til ríkisstjórnarinnar.

Alþingi, 27. janúar 1949.

Jörundur Brynjólfsson, form., frsm. Ingólfur Jónsson. Ásg. Ásgeirsson.
Sigurður Bjarnason. Sigfús Sigurhjartarson. Jón Gíslason.

Ed. 293. Nefndarálit [2. mál]

um frv. til l. um heimild fyrir ríkisstjórnina til þess að leyfa innflutning á síldarbræðsluskipi.

Frá meiri hl. sjávarútvegsnefndar.

Nefndin hefur rætt frumvarpið og gat ekki orðið sammála um afgreiðslu þess.

Meiri hl. nefndarinnar telur, eins og sakir standa, að ekki verði hjá því komizt, að frumvarpið nái fram að ganga. Hins vegar álítur meiri hl. nefndarinnar alla meðferð málsins mjög óvenjulega og varhugaverða. Samkvæmt upplýsingum, sem nefndin hefur fengið, var fjárfestingarleyfi veitt af fjárhagsráði 15. marz 1948 og næsta dag var innflutnings- og gjaldeyrisleyfi veitt af viðskiptanefnd fyrir skipinu, sem gert var ráð fyrir, að yrði eldra en 12 ára, þrátt fyrir það að slík leyfisveiting var brot á fyrirmælum laga nr. 68 frá 5. júní 1947, um eftirlit með skipum. Viðskiptanefnd hafði enga heimild að gefa út slíkt leyfi á þeim tíma, sem það var gert. Hinn 28. júní tilkynnti h/f Hæringur samgöngumálaráðuneytinu, að keypt væri 45 ára gamalt skip. Ráðuneytið sendi bréf þetta skipaskoðunarstjóra til umsagnar. Hann svarar með bréfi 1. júlí og treystist ekki til að mæla með innflutningi skipsins. Bráðabirgðalög voru síðan gefin út 16. júlí, sem heimila að veita innflutning á slíku skipi.

Nefndarmenn eru sammála um, að mjög sé varhugavert að veita innflutning á svo gömlu skipi sem hér er um að ræða. En þótt meiri hl. nefndarinnar geti ekki verið samþykkur þeim gerðum, sem að framan er lýst, er honum ljóst, að ógerlegt er nú að ónýta þær ráðstafanir, sem þegar hafa verið gerðar með miklum tilkostnaði, og leggur því til, að frumvarpið verði samþykkt.

Alþingi, 26. jan. 1949.

B. Kristjánsson, fundaskr. Björn Ólafsson, frsm. Steingr. Aðalsteinsson.
Sigurjón Á. Ólafsson.

Ed. 294. Frumvarp til laga [74. mál]

um breyting á lögum nr. 64 23. júní 1932, um kirkjugarða.

(Eftir 2. umr. í Ed.)

1. gr.

1. og 2. málsgr. 16. gr. laganna hljóði þannig:

Nú nota tveir eða fleiri söfnuðir, sem hafa 1000 eða fleiri gjaldskylda meðlimi hver, sama kirkjugarð, og skulu þá sóknarnefndir þjóðkirkjusafnaða og stjórnir utanþjóðkirkjusafnaða þeirra, sem hlut eiga að máli, kjósa hver úr sínum hópi fulltrúa í sameiginlega kirkjugarðsstjórn, til 6 ára í senn, og jafnmarga varamenn. Sé bálstofa starfandi í sambandi við kirkjugarð, skal Bálfarafélag Íslands eða félagsdeildir þess utan Reykjavíkur, þar sem bálstofa starfar, hafa rétt til að kjósa einn fulltrúa í kirkjugarðsstjórn á sama hátt og starfandi söfnuðir.

Nú er tala kjörinna fulltrúa jöfn, og skal þá á sameiginlegum fundi hlutaðeigandi sóknarnefnda eða safnaðarstjórna kjósa oddamann í kirkjugarðsstjórnina fyrir kjörtímabilið, svo og varamann hans.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Ed. 295. Nefndarálit [2. mál]

um frv. til laga um heimild fyrir ríkisstjórnina til þess að leyfa innflutning á síldarbræðsluskipi.

Frá minni hl. sjávarútvegsnefndar.

Ég hef ekki getað orðið sammála meiri hluta nefndarinnar um að leggja til, að frv. þetta yrði samþykkt, af eftirfarandi ástæðum.

Þegar frv. til laga um bráðabirgðabreyting nokkurra laga o. fl. var til umræðu á síðasta Alþingi, þar sem gerðar voru ýmsar ráðstafanir til sparnaðar á útgjöldum ríkissjóðs, með frestun á framkvæmdum gildandi laga, var jafnframt borin fram og samþykkt till. um að heimila ríkisstjórninni að leggja fram úr ríkissjóði 1250 þús. krónur sem hlutafé í Hæring h/f, Reykjavík, til kaupa og rekstrar síldarbræðsluskip. Áður en þessi heimild var veitt, var upplýst, að kaupa ætti skip, sem var 45 ára gamalt og hafði verið smíðað á sínum tíma sem fljótaskip. Ég greiddi þá atkvæði á móti þessu fjárframlagi, vegna þess að ég taldi þá og tel enn, að slík skip eigi ekki að kaupa inn í landið og allra síst í sambandi við þá merku tilraun, sem hér var verið að gera á sviði atvinnu- og framleiðslumála, sem ég að öðru leyti var fylgjandi, að gerð yrði. Ef svo kynni að fara, að tilraunin næði ekki þeim árangri, sem stefnt var að og rétt og nauðsynlegt þætti fyrr eða síðar, að taka allar verksmiðjuvélar úr skipinu og koma þeim fyrir á ný í verksmiðju á landi, og sjálfsagt var að gera ráð fyrir því í upphafi, mátti engan veginn kaupa skip af þeirri tegund og af þeim aldri sem hér var gert. Skip þetta getur aldrei orðið samkeppnisfært sem flutningaskip, ef til þess kæmi, að taka yrði úr því verksmiðjuvélarnar, né orðið söluhæft úr landi nema sem brotajárn. Það er ekki heldur sem verksmiðjuskip haffært landa á milli í hvaða veðri sem er eða á hvaða tíma ársins, sem það kynni að þurfa að fara yfir hafið, en slíkar ferðir eru óhjákvæmilegar til þess að hreinsa það og mála og framkvæma nauðsynlegar skoðanir á botni þess að minnsta kosti einu sinni á ári. Auk þess var vitað, þegar skipið var keypt, að lög um eftirlit með skipum frá 5. júní 1947 mæla svo fyrir, að á engu skipi megi leyfa innflutn-

ing, sem eldra sé en 12 ára, enda hafi þá skipaskoðunarstjóri mælt með innflutningi, að fengnum tilskildum gögnum, svo sem lýsingu á skipinu, skoðunarskýrslum o. fl.

Þrátt fyrir þessi fyrirmæli laga leyfir fjárhagsráð og viðskiptanefnd innflutning skipsins með leyfum, sem út voru gefin í marz 1948, eða 4 mánuðum áður en bráðabirgðalögin, sem hér er leitað staðfestingar á, voru gefin út. Mér dettur ekki í hug að ætla, að ríkisstjórnin og gjaldeyrisyfirvöldin í heild hafi litið svo á, að verið væri að gefa út slíkt leyfi í fullkomnu heimildarleysi og án stoðar í lögum, heldur að þetta hafi verið talið allt leyfilegt samkvæmt því valdi, sem fjárhagsráði er veitt með lögum nr. 70 frá 1947, en sé svo, var engin ástæða til þess að gefa út bráðabirgðalögin, sem hér um ræðir, og þá heldur engin ástæða til þess að samþykkja þau nú. Hafi hins vegar fjárhagsráð og viðskiptanefnd gefið leyfið út í heimildarleysi, sé ég ekki ástæðu til þess að leggja til, að Alþingi taki á sig ábyrgð, sem af þeim mistökum kann að hljótast.

Ég legg því til, að frv. verði felld.

Alþingi, 27. janúar 1949.

Gísli Jónsson,
form.

Ed. 296. Nefndarálit [76. mál]

um frv. til l. um innflutning jeppabifreiða.

Frá fjárhagsnefnd.

Nefndin hefur athugað frv. þetta, en treystir sér ekki til að úrskurða um það, hvaða stofnanir skuli öðlast rétt til þess fyrstar allra að fá innfluttar jeppabifreiðar. Nú liggur hér fyrir Alþingi frv. um innflutning og úthlutun jeppabifreiða til landbúnaðarþarfa, sem sennilega verður samþykkt, og gerir það ráð fyrir úthlutun jeppabifreiða til slíkra stofnana, sem hér um ræðir og hafi sérstök nefnd á höndum úthlutunina. Teljum vér rétt, að fari eins um þá jeppabíla, er frv. ræðir um, og aðra jeppabíla til landbúnaðarþarfa, og leggjum til, að frv. verði vísað frá með svo hljóðandi

RÖKSTUDDRI DAGSKRÁ:

Í trausti þess, að stofnanir þær, er frv. ræðir um, fái réttláta afgreiðslu, er úthlutun jeppabifreiða til landbúnaðarþarfa fer fram, tekur deildin fyrir næsta mál á dagskrá.

Alþingi, 28. jan. 1949.

Björn Ólafsson, form.	Guðm. Í. Guðmundsson, fundaskr.	Þorst. Þorsteinsson, frsm.
Hermann Jónasson.	Brynjólfur Bjarnason.	

Ed. 297. Nefndarálit [99. mál]

um frv. til l. um framlenging á gildi laga nr. 33 7. maí 1928, um skattgreiðslu h/f Eimskipafélags Íslands.

Frá fjárhagsnefnd.

Nefndin hefur athugað frv., en ekki orðið sammála um afgreiðslu þess. Tveir nefndarmanna, Hermann Jónasson og Brynjólfur Bjarnason, leggja til, að frv. verði

fellt. Björn Ólafsson leggur til, að frv. verði samþ. óbreytt, en Þorsteinn Þorsteinsson og Guðm. Í. Guðmundsson hafa óbundnar hendur um afgreiðslu málsins.

Alþingi, 27. jan. 1949.

Björn Ólafsson, form., frsm. Guðm. Í. Guðmundsson, fundaskr. Hermann Jónasson.
Þorst. Þorsteinsson. Brynjólfur Bjarnason.

Ed. 298. Frumvarp til laga [117. mál]

um vöruhappdrætti fyrir Samband íslenzkra berklasjúklinga.

Frá heilbrigðis- og félagsmálanefnd.

1. gr.

Heimilt skal Sambandi íslenzkra berklasjúklinga að stofna vöruhappdrætti með eftirfarandi skilyrðum:

a. Hlutatalan má ekki fara fram úr fimmtíu þúsund, er skiptist í sex flokka á ári hverju, og skal dráttur fara fram fyrir einn flokk 5. dag annars hvers mánaðar frá febrúar til desember ár hvert.
b. Hlutina má aðeins selja í heilu lagi. Iðgjald fyrir hvern hlut ákveður fjármálaráðherra, að fengnum tillögum frá stjórn Sambands íslenzkra berklasjúklinga.
c. Vinningar skulu vera að verðmæti samtals að minnsta kosti 40% af iðgjöldunum samantöldum í öllum 6 flokkum.
d. Drættirnir fara fram opinberlega í Reykjavík.

2. gr.

Heimild þessi gildir í 10 ár frá því að lögin öðlast gildi. Öllum ágóða af happdrættinu skal varið til að greiða stofnkostnað við byggingarframkvæmdir vistheimilisins í Reykjalundi.

3. gr.

Ráðherra setur með reglugerð nánari ákvæði um starfsemi happdrættisins.

4. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Nefndinni hefur borizt frv. þetta með tilmælum um að flytja það, og hefur hún orðið við þeim tilmælum. Sérhver nefndarmaður er óbundinn um að bera fram við það breytingartillögur eða fylgja brtt., sem fram kynnu að koma. Frv. fylgdu svo hljóðandi athugasemdir:

Um langan aldur hefur berklaveikin verið böl, sem legið hefur með miklum þunga á þjóðinni og valdið henni mörgum sárum og kostað hana mikið fé. Fjölmörgum glæsilegum ungmennum, sem lífið annars brosti við, hefur hún stytt aldur, en lamað lífsþrótt annarra, svo að þeir voru æ síðan hálfir menn eða varla það. En hvar sem hún kom við, skildi hún eftir sár, mismunandi djúp eftir því, hve heiftug hún var.

Í upphafi þessarar aldar var hafin skipulögð og sterk sókn hér á landi gegn þessum skæða óvini lífsins. Þeirri sókn hefur síðan verið haldið þrotlaust áfram.

En þrátt fyrir mikið og merkilegt starf hinna ágætustu manna þjóðarinnar eru berklahælin enn of full og hópur sjúklinganna enn allt of stór. Aðsóknin að hælunum hefur jafnan verið svo mikil, að ekki hefur verið unnt að flokka sjúklingana þar á þann hátt, sem æskilegt var og nauðsyn bar til, eða halda þeim þar eins lengi og þörf var á oft og tíðum. Margir hafa því orðið að hverfa þaðan án þess, að þeim væru búin annars staðar nauðsynleg skilyrði, til þess að tryggt væri um áframhaldandi bata. Af þessum ástæðum urðu of margir að hverfa á ný á hælin, þótt þeir hefðu verið þaðan brottskráðir, en aðrir, sem ekki fengu að heldur varanlegan bata, lentu sem öryrkjar á vergangi lífsins við óblíð kjör, og það var jafnvel enn ömurlegra en hitt, að vera dæmdur til langvarandi dvalar á hæli. Skelfingin við þessi ömurlegu örlög var oft óbærileg. Hún lamaði sjúklinginn andlega og torveldaði batann, stundum að fullu og öllu. Engum var þetta eins ljóst og sjúklingunum sjálfum. Árið 1938 stofnuðu þeir Samband ísl. berklasjúklinga og hófu samstundis fjársöfnun um land allt til þess að koma upp vistheimili fyrir þá menn, sem burt voru skráðir frá berklahælunum, en enn voru of þróttlitlir til þess að vinna algeng störf, þurftu sérstaka aðhlynningu og eftirlit, voru enn hlaðnir ótta við örlög sín og höfðu takmarkaða trú á framtíðinni. Verkefnin voru skipulögð. Fyrirhugað var að koma fyrst upp nokkrum litlum sérbýlishúsum og samfara þeim vinnustofu, þar sem hægt væri að láta vistmennina starfa, hvern eftir sinni getu. Síðar var hugsað að koma upp stóru sameiginlegu vistheimili með dagstofum, borðstofum, svefnklefum, sjúkrastofum, lækna- og rannsóknarstofum, sólbyrgjum og böðum, allt af fullkomnustu gerð, en þó einfalt og íburðarlaust. Heimilið skyldi verða athvarf allra þeirra sjúklinga, sem brottskráðir hefðu verið af berklahælunum, en yrðu þó að njóta sérstakrar aðstoðar og eftirlits til þess að viðhalda batanum. Hér skyldi þeim sköpuð vinnuskilyrði við þeirra hæfi, eftir því sem kraftar og heilsa kynni að leyfa.

Allur almenningur skildi strax, að hér var um að ræða mjög merkilega tilraun, sem hann var fús að styðja fjárhagslega. Á skömmum tíma safnaðist töluvert fé víðs vegar að, og ríkissjóður lagði einnig fram sinn skerf til þess, að þessi merkilega tilraun mætti takast. Vistheimilinu var valinn staður að Reykjalundi í Mosfellssveit, þar sem hann fékk úthlutað nokkru landsvæði með nægilegum jarðhita til notkunar fyrir heimilið. Var byrjað þar á byggingum í júní 1944. 1. febr. 1945 tók heimilið til starfa. Hafði þá verið ráðinn þangað sérstakur læknir, sem jafnframt var forstöðumaður heimilisins. 5 smáhúsum, hverju fyrir 4 íbúa, hafði þá verið komið þar upp, og fengu 20 vistmenn þar heimili þá þegar. Önnur 6 sams konar hús voru þá einnig í smíðum, og var þeim að fullu lokið í maí 1945 og þá samstundis einnig tekin í notkun. Árið 1946 var hafizt handa á aðalbyggingunni, og er búizt við, að henni verði lokið að fullu á fyrri hluta þ. á. Kostnaður við hana er rúmar 3 milljónir króna, en allur byggingarkostnaður við vistheimilið er nú orðinn um 6 millj., að meðtöldum kostnaði við byggingu vinnuskála, sem komið var upp til bráðabirgða. Sem stendur eru 44 vistmenn á heimilinu, og er stöðugt vaxandi eftirspurn eftir vist þar. Þegar aðalbyggingunni er lokið, verður hægt að bæta enn við 50 vistmönnum. Ýmsar aðrar byggingarframkvæmdir eru fyrirhugaðar, en mest aðkallandi er bygging vinnustofu, þar sem skólar þeir, sem nú eru notaðir fyrir vinnustofur, eru aðeins bráðabirgðaskýli og lítt nothæfir fullfrísku fólki. Hér þarf að rísa upp góð, björt og hlý vinnustofa. Er gert ráð fyrir því, að hún muni kosta um 2 milljónir króna. Þá er einnig fyrirhugað að koma enn upp 12 nýjum smáhúsum, sem hvert er áætlað, að muni kosta 140 þús. krónur, og enn fremur byggingu fyrir starfsfólk. Þá er fyrirhugað að koma þar einnig upp gróðrarstöð ásamt margvíslegum jarðræktarframkvæmdum. Er áætlað, að allur þessi kostnaður verði um 5 millj. króna. Til þess að greiða að fullu kostnað við aðalbygginguna vantar enn 600 þús. krónur. Á fyrsta starfsári vistheimilisins varð rekstrarhalli um 90 þús. krónur. Öll önnur ár hefur rekstrarhagnaður orðið um 100 þús. kr. á ári. Gjafir og styrktarfé er ekki reiknað sem tekjur, því að það fé hefur allt verið notað til byggingarframkvæmda. Í stjórn stofnunarinnar eru og hafa ávallt verið berklasjúklingar eldri og yngri.

Markmið sambandsins er að koma heimilinu sem fyrst í það horf, sem fyrirhugað er og lýst hefur verið hér að framan, svo að það geti búið sem bezt að öllum þeim, sem þangað leita, og hjálpað þeim á ný til sjálfsbjargar. Um síðustu áramót höfðu 99 sjúklingar fengið vist á heimilinu, síðan það tók til starfa. Af þeim hafa 55 farið þaðan aftur, 39 með fullum bata, en 16 til framhaldsvistar á berklahælum.

Stjórn sambandsins er ljóst, að ríkissjóður hefur í mörg horn að líta, en henni er einnig ljóst, að samúð þjóðarinnar með þessari stofnun og gjafmildi á sér engin takmörk. Þess vegna er hún þess fullviss, að ef leyfi það til happdrættis, sem hér er farið fram á, fæst, þá muni almenningur fúslega leggja þessu máli lið, svo að dugi til þess að ljúka fyrirhuguðum framkvæmdum.

Ed. 299. Frumvarp til laga

um breyting á raforkulögum, nr. 12 2. apríl 1946.

Flm.: Þorst. Þorsteinsson.

1. gr.

Aftan við 35. gr. laganna bætist ný málsgrein, svo hljóðandi:

Einnig er heimilt að veita úr raforkusjóði einstökum bændum, er reisa á heimilum sínum rafstöðvar, reknar með vélaafli (mótorrafstöðvar), styrk, allt að ⅓ kostnaðarverðs stöðvarinnar, eða lán með 2% ársvöxtum til 15 ára, allt að ⅗ kostnaðarverðs. Styrkur þessi eða lán veitist því að eins, að stöðin sé minnst 4 kílóvött, ekki séu fyrir héraðsrafveitur á því svæði og ekki líkur til, að þær verði reistar á næstu árum á þeim slóðum, þar sem þeir bæir eru, sem styrks eða láns njóta samkvæmt málsgrein þessari. Lán og styrki þessa ákveður ráðherra, að fengnum tillögum raforkunefndar.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Eitt af meginvandamálum sveitanna er að bæta úr rafmagnsþörf þeirra, og verður það sennilega ekki gert til hlítar fyrr en leiðslur verða lagðar á heimilin frá hinum stærri vatnsorkuverum. Þegar er búið að reisa slík raforkuver í ýmsum héruðum landsins og þéttbýlli sveitir farnar að njóta góðs af þeim. Nokkur héruð eru aftur á móti þannig sett, að erfitt er að koma þar upp stærri vatnsorkuverum, og kauptúnafá, en nú þykir nauðsynlegt, að kauptún séu sem flest og stærst á raforkusvæðinu, svo að minni rafveitukostnaður leggist á hvert einstakt heimili. Í þeim sveitum, sem vonlítið er um slíkar rafveitur í náinni framtíð, hyggjast ýmsir bændur að bregða á það ráð að reisa sjálfir einkastöðvar á heimilum sínum. Er þeim það helzt í huga að reka þær með vélaafli. Hafa komið fram tilboð allálitleg um slíkar vélar (mótora), og þykir hagkvæmara að hafa þær vélar svo stórar, að raforka fáist, er fullnægt geti þörf heimilanna að mestu leyti, þótt ekki verði til upphitunar. Mörg eru þau heimili í þessum sveitum, sem þegar hafa orðið að kaupa smámótora, t. d. vegna mjaltavéla, súgþurrkunar heys o. fl.

Nú eru það margir bændur, sem eiga þrengra um greiðslu en áður vegna húsagerða á síðustu árum og annarra framkvæmda, en allmikið fé þarf að leggja fram til slíkra stöðva og ekki minna í áhaldakaup, ef vel á að vera. Virðist og sanngjarnt, að fé raforkusjóðs verði varið að einhverju leyti til stuðnings þeim bændum, er búa fjær markaðsstöðum og við aðra óhægð meiri en þeir, er búa í þéttbýli í nágrenni Reykjavíkur eða annarra kaupstaða landsins. Bændum þessum er ekki síður

þörf aðstoðar við að koma upp heimilisrafstöðvum, þótt ekki hafi þeir aðstöðu til vatnsvirkjunar.

Frv. þetta veitir aðeins heimild til þess að greiða fyrir rafstöðvum þessum, og þar er ákveðin lágmarksorka stöðva þeirra, er styrks njóta, en að öðru leyti er það á valdi ráðherra og raforkunefndar að setja skilyrði um fyrirkomulag og tegundir raforkuvélanna, og geta þeir látið trúnaðarmenn sína athuga, að vel og tryggilega sé frá stöðinni gengið, áður en veittur er til hennar styrkur eða lán.

Ed. 300. Frumvarp til laga [119. mál]

um breyting á lögum frá 29. des. 1948, um heimild fyrir ríkisstjórnina til að innheimta ýmis gjöld 1949 með viðauka.

(Lagt fyrir Alþingi á 68. löggjafarþingi, 1949.)

1. gr.

Síðari málsgrein 1. gr. laga frá 29. des. 1948, um heimild fyrir ríkisstjórnina til að innheimta ýmis gjöld 1949 með viðauka, orðist þannig:

Enn fremur heimilast ríkisstjórninni að innheimta á sama tíma með 50% viðauka eignarskatt samkvæmt 14. gr. l. nr. 6 9. jan. 1935, álagðan á árinu 1949, svo og gjöld til ríkissjóðs samkv. IX. kafla laga nr. 68 5. júní 1947, um eftirlit með skipum, að undanskildum gjöldum samkvæmt 58. gr. laganna, með 200% viðauka.

2. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1949.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Um frumvarp þetta, sem lagt er fyrir Alþingi samkv. 28. gr. stjórnarskrárinnar, vísast til fylgiskjalsins hér á eftir.

Fylgiskjal.

Bráðabirgðalög um breyting á lögum frá 29. des. 1948, um heimild fyrir ríkisstjórnina til að innheimta ýmis gjöld 1949 með viðauka.

Forseti Íslands

gjörir kunnugt: Fjármálaráðherra hefur tjáð mér, að nauðsynlegt sé að ákveða, að gjöld til ríkissjóðs samkvæmt IX. kafla laga nr. 68 5. júní 1947, um eftirlit með skipum, að undanskildum gjöldum samkvæmt 58. gr. nefndra laga, skuli innheimt með 200% viðauka á árinu 1949, en gjöld þessi voru innheimt með verðlagsuppbót á árinu 1948, samkvæmt ákvæði þar um í lögum nr. 50/1948.

Af framangreindum ástæðum telur fjármálaráðherra brýna nauðsyn bera til, að sett verði með bráðabirgðalögum ákvæði, sams konar og að ofan greinir, í lög um heimild fyrir ríkisstjórnina til að innheimta ýmis gjöld 1949 með viðauka. Til samræmis er ákvæðið orðað svo, að gjöldin skuli innheimt með 200% viðauka í stað þess að innheimta þau með verðlagsuppbót.

Fyrir því eru hér með sett bráðabirgðalög, samkvæmt 28. gr. stjórnarskrárinnar, á þessa leið:

1. gr.

Síðari málsgrein 1. gr. laga frá 29. des. 1948, um heimild fyrir ríkisstjórnina til að innheimta ýmis gjöld 1949 með viðauka, orðist þannig:

Enn fremur heimilast ríkisstjórninni að innheimta á sama tíma með 50% viðauka eignarskatt samkvæmt 14. gr. l. nr. 6 9. jan. 1935, álagðan á árinu 1949, svo og gjöld til ríkissjóðs samkv. IX. kafla laga nr. 68 5. júní 1947, um eftirlit með skipum, að undanskildum gjöldum samkvæmt 58. gr. laganna, með 200% viðauka.

2. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1949.

Gjört í Reykjavík, 29. desember 1948.

Sveinn Björnsson.

(L. S.)

Jóhann Þ. Jósefsson.

Nd. 301. Frumvarp til laga [13. mál]

um veitingu ríkisborgararéttar.

(Eftir 2. umr. í Nd.)

1. gr.

Ríkisborgararétt skulu öðlast:

1. Christensen, Rannveig Halldórsdóttir, frú í Reykjavík, fædd 18. júlí 1903 á Íslandi.
2. Gunnar Már Nehm Pétursson, skrifstofumaður í Reykjavík, fæddur 16. okt. 1919.
3. Grímur Hákonarson, bóndi í Auðsholti í Ölfusi, fæddur á Íslandi 1. sept. 1887.
4. Hansen, Margrét Lund, nemandi, fædd 21. ágúst 1924 á Íslandi.
5. Hulda Laufey Sigurðardóttir, frú í Reykjavík, fædd 11. marz 1918 á Íslandi.
6. Jensen, Guðlaug Aðalheiður Benediktsdóttir, frú í Reykjavík, fædd 29. sept. 1913 á Íslandi.
7. Jón Ebenezersson Halldórsson, lögreglumaður í Reykjavík, fæddur 23. febr. 1919 á Íslandi.
8. Nagel, Salome Þorleifsdóttir, frú í Reykjavík, fædd 19. ágúst 1897 á Íslandi.
9. Rasmussen, Birna Halldórsdóttir Melsted, frú, fædd 29. jan. 1910 á Íslandi.
10. Sigurður Sveinbjörnsson, trúboði í Reykjavík, fæddur 1. apríl 1875 á Íslandi.
11. Strand, Þórdís Einarsdóttir, frú í Reykjavík, fædd 3. sept. 1898 á Íslandi.
12. Susanna Þórðardóttir, frú, fædd 2. febr. 1913 á Íslandi.
13. Bender Carl Christian, verzlunarmaður í Reykjavík, fæddur 26. apríl 1880 í Danmörku.
14. Christensen, Gísli Halldór, verkamaður, fæddur 9. okt. 1929 í Danmörku.
15. Christensen, Sylvía María, ungfrú fædd 15. febr. 1918 í Danmörku.
16. Christiansen, Erik, verkstjóri, fæddur 27. maí 1911 í Danmörku.
17. Eikesdal, Bent, fyrrv. bóndi, Meiri-Hattardal, Álftafirði, fæddur 5. júlí 1875 í Noregi.
18. Farestveit, Einar Knutsen, verzlunarmaður í Reykjavík, fæddur 9. apríl 1911 í Noregi.
19. Felixson, Aaslaug, þjónustustúlka í Reykjavík, fædd 23. júlí 1901 í Noregi.
20. Goldstein, Peter Lothar, loftskeytamaður, fæddur 7. nóv. 1927 í Þýzkalandi.

21. Hagvaag, Analius Georg, vélamaður, fæddur 23. sept. 1907 í Noregi.
22. Hansen, Aage, landbúnaðarverkamaður, fæddur 25. des. 1919 í Danmörku.
23. Jakobsen, Johan Viktor, verkamaður í Reykjavík, fæddur 15. júní 1878 í Svíþjóð.
24. Lindberg, Johan Vilhelm, umboðssali í Reykjavík, fæddur 11. júní 1882 í Danmörku.
25. Magnús Jón Ernst Magnússon, nemandi, fæddur 14. febr. 1935 í Þýzkalandi.
26. Montanus, Ólafsson Gísli, nemandi, fæddur 16. okt. 1933 í Belgíu.
27. Ormslev, Gunnar, tannsmíðanemi, fæddur 22. marz 1928 í Danmörku.
28. Pedersen, Martin Schönning Kristian, rafsuðumaður á Raufarhöfn, fæddur 27. júní 1887 í Noregi.
29. Rasmussen, Olgeir Möller, nemandi, fæddur 15. júlí 1928 í Danmörku.
30. Versteeg, Nanna Nagtglas, ungfrú, fædd 9. marz 1930 á Java.

31. Albina, Maria, Hafnarfirði, fædd 7. maí 1887 í Þýzkalandi.
32. Barbara, Maria, Hafnarfirði, fædd 5. marz 1904 í Þýzkalandi.
33. Cyrilla, Maria, fædd 28. ágúst 1880 í Þýzkalandi.
34. Elise, Maria, Reykjavík, fædd 21. okt. 1902 í Þýzkalandi.
35. Emirentia, Maria, Reykjavík, fædd 4. apríl 1906 í Þýzkalandi.
36. Felicia, Maria, Hafnarfirði, fædd 20. júlí 1901 í Þýzkalandi.
37. Gabrielle, Maria, Reykjavík, fædd 24. júní 1904 í Þýzkalandi.
38. Julitta, Maria, Reykjavík, fædd 25. sept. 1896 í Póllandi.
39. Monika, Maria, Hafnarfirði, fædd 2. maí 1908 í Þýzkalandi.
40. Pouline, Anne, Reykjavík, fædd 17. febr. 1911 í Þýzkalandi.
41. Remberta, Maria, Hafnarfirði, fædd 22. sept. 1877 í Þýzkalandi.
42. Xaveria, Maria, Hafnarfirði, fædd 12. júlí 1896 í Þýzkalandi.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Nd. 302. Frumvarp til laga [120. mál]

um breyting á lögum um menntaskóla, nr. 58 frá 7. maí 1946.

Flm.: Sigurður E. Hlíðar, Stefán Stefánsson, Jón Pálmason, Halldór Ásgrímsson, Jón Sigurðsson, Steingrímur Steinþórsson.

Aftan við lögin komi:

IX. KAFLI
Ákvæði til bráðabirgða.

Á meðan húsrými Menntaskólans á Akureyri leyfir, að dómi skólastjórnar, skal skólinn starfa áfram með sama fyrirkomulagi og var fyrir gildistöku þessara laga, að því viðbættu, að landspróf gildir til upptöku í þriðja bekk skólans.

Greinargerð.

Samkvæmt lögum frá 1946 voru gerðar miklar og margháttaðar breytingar á fræðslukerfi landsins. Voru þessar breytingar gerðar eftir tillögum milliþinganefndar, er falin hafði verið endurskoðun gildandi laga um þessi mál. Hafa margir dregið í efa, að tillögur nefndarinnar hafi verið til bóta, að minnsta kosti nokkuð af þeim, og vissulega á það langt í land, að þær nái tilætluðum árangri. — En eitt má fullyrða í sambandi við hið nýja kerfi. Það verður þjóðinni mjög dýrt, dýrara en menn

almennt gera sér í hugarlund. Á það má t. d. minna, að nefndin áætlaði, að á næstu 4—6 árum þyrfti að byggja 19 skólahús og fjölga kennurum um 120.

Hið nýja fræðslukerfi gerði meðal annars ráð fyrir því, að gagnfræðadeildin við menntaskólana skyldi lögð niður. Fyrir þessari breytingu eru eigi færð nokkur frambærileg rök. Það verður að telja mjög æskilegt, að nemendur komi snemma í þá skóla, er þeir eiga að dveljast langdvölum í, mótist þar af áhrifum, haldi gamlar erfðavenjur og skapi nýjar. Ræktarþel og hollusta eru jafnan mikils virði, og gætir að vonum mest hjá þeim, er lengi dveljast í sömu stofnun.

Breyting sú, er við flutningsmenn leggjum til, að gerð sé á gildandi fræðslukerfi, nær til menntaskólanna og þó aðeins til Menntaskóla Akureyrar. Aðstöðumunur menntaskólanna er mjög verulegur. Við Menntaskóla Reykjavíkur eru engar heimavistir. Telja verður, að hér í höfuðborginni sé góð aðstaða til gagnfræðanáms, bæði hvað húsnæði og kennslukrafta snertir.

Menntaskóli Akureyrar hefur frá byrjun að nokkru verið heimavistarskóli, rúmar um 50—60 nemendur. Er fjarri því, að húsrúm sé í Gagnfræðaskóla Akureyrar fyrir alla þá, er nú stunda nám í 1. og 2. bekk menntaskólans, en í þeim bekkjum hafa verið 110 nemendur að meðaltali s. l. 5 ár, og þar af um helmingur utan Akureyrar.

Nú er í smíðum veglegt stórhýsi við Menntaskóla Akureyrar. Þar eiga að vera heimavistir fyrir nemendur, og mun það rúma um 150 nemendur. Gert er ráð fyrir að leggja niður heimavistir í skólahúsinu, og skapast þá aðstaða til, með viðráðanlegum kostnaði, að fá nokkrar kennslustofur til viðbótar, þannig að þær geti orðið 16—18 alls.

Undanfarið hefur um helmingur utanbæjarnemenda í 1. og 2. bekk verið í heimavist. Vegna hinnar breyttu aðstöðu má ætla, að framvegis geti flestir utanbæjarnemendur, er þess óska, dvalið í heimavist.

Forráðamönnum Menntaskóla Akureyrar hefur frá byrjun tekizt að halda uppi frábærum aga og reglu í skólanum og yfirleitt skapa þann skólabrag, er einstæður mun vera á þessu landi. Af þessum og fleiri ástæðum er Menntaskóli Akureyrar óskabarn allra þeirra, er þangað hafa sótt bæði fyrr og síðar. Einn af okkar þekktustu skólamönnum, Sigurður Guðmundsson, fyrrverandi skólameistari, sagði í ræðu 1. des. s. l., að meira væri um vert að bæta menntaskóla vora en fjölga þeim. Það er vissulega eigi spor til að bæta menntaskólana að leggja niður gagnfræðadeildir þeirra. Það er spor, sem miðar aftur á bak, en ekki nokkuð á leið.

Eftirfarandi ályktanir bera vott um þá andúð, er það sætir norðanlands að leggja niður gagnfræðadeild Menntaskólans á Akureyri:

Bæjarstjórn Akureyrar 6. marz 1948. Bæjarstjórn Akureyrar skorar á menntamálaráðherra að fresta afnámi gagnfræðadeildar Menntaskólans á Akureyri.

Stúdentafélagið á Akureyri 1. apríl 1948. Stúdentafélagið á Akureyri mótmælir fyrirhugaðri breytingu á gagnfræðadeild Menntaskólans á Akureyri og skorar á menntamálaráðherra að heimila stjórn skólans að starfrækja hann fyrst um sinn á sama hátt og verið hefur.

Sýslunefnd Eyjafjarðarsýslu 8. apríl 1948. Sýslunefnd Eyjafjarðarsýslu skorar eindregið á ríkisstjórnina að fresta fyrst um sinn framkvæmd þess ákvæðis hinna nýju fræðslulaga, að gagnfræðadeild skuli lögð niður við Menntaskólann á Akureyri. — Bendir fundurinn á, að verði gagnfræðadeildin flutt úr Menntaskólanum, eiga utanbæjarnemendur ekki kost á heimavistardvöl á Akureyri, en miklir örðugleikar á húsnæði í bænum og það svo dýrt, að lítt kleift er efnalitlum nemendum að standa straum af því.

Sýslunefnd Suður-Þingeyjarsýslu. Sýslunefnd Suður-Þingeyjarsýslu telur afar óheppilegt fyrir nágrennishéruð Akureyrar, ef lögð yrði niður gagnfræðadeild Menntaskólans á Akureyri. — Leyfir sýslunefndin sér þess vegna að skora á menntamálaráðuneytið að fresta fyrst um sinn framkvæmd þess ákvæðis hinna nýju fræðslulaga, er gerir ráð fyrir afnámi gagnfræðadeildarinnar.

Sýslunefnd Skagafjarðarsýslu, 27. maí 1948. Sýslunefnd Skagafjarðarsýslu skorar eindregið á ríkisstjórnina að fresta fyrst um sinn framkvæmd þess ákvæðis hinna nýju fræðslulaga, að gagnfræðadeildin skuli lögð niður við Menntaskólann á Akureyri. Vill fundurinn benda á, að verði gagnfræðadeildin flutt úr Menntaskólanum, eiga utanbæjarnemendur ekki kost á heimavistardvöl á Akureyri, en vegna aukins kostnaðar, er því væri samfara, mundi efnalitlum utanbæjarnemendum lítt kleift að stunda nám á Akureyri.

Sýslunefnd Austur-Húnavatnssýslu. Sýslunefnd Austur-Húnavatnssýslu tekur eindregið undir framkomnar áskoranir bæjarstjórnar Akureyrar, sýslunefndar Eyjafjarðarsýslu o. fl. til kennslumálaráðherra og kennslumálaráðuneytis að fresta að leggja niður gagnfræðadeild Menntaskólans á Akureyri, þar sem námsmenn úr Húnavatnssýslu leita nær eingöngu til Menntaskólans á Akureyri til menntaskólanáms, og þá afar mikils virði fyrir þá að geta átt aðgang að heimavist Menntaskólans þar, þar sem því nær ókleift er fyrir þá, eins og nú er, að útvega sér húsnæði á Akureyri.

Kennarafundur Menntaskólans á Akureyri. Kennarafundur í Menntaskólanum á Akureyri, haldinn 13. apríl 1948, leyfir sér hér með að skora á hæstvirt menntamálaráðuneyti að hlutast til um, að frestað verði um sinn framkvæmd þess ákvæðis hinna nýju fræðslulaga, að gagnfræðadeild skuli lögð niður við Menntaskólann á Akureyri.

Fjórðungssamband Norðlendinga 12. sept. 1948. Þingið skorar á Alþingi að gera þá breytingu á núverandi skólalöggjöf, að við Menntaskólann á Akureyri verði starfrækt þriggja ára gagnfræðadeild, svo sem verið hefur. Til vara er lagt til, að við skólann starfi framvegis miðskóladeild, með sama sniði og ráðgerð er þar í vetur. Þingið skorar einnig á alla þingmenn fjórðungsins að beita sér fyrir framgangi málsins á Alþingi.

Kaupfélag Eyfirðinga 20. apríl 1948. Aðalfundur KEA, haldinn á Akureyri 19. og 20. apríl 1948, skorar eindregið á ríkisstjórnina að fresta fyrst um sinn framkvæmd þess ákvæðis hinna nýju fræðslulaga, að gagnfræðadeild skuli lögð niður við Menntaskólann á Akureyri. Telur fundurinn, að afnám deildarinnar yrði til mikils óhagræðis fyrir Akureyrarbæ og þó einkum nærliggjandi héruð.

Kaupfélag Norður-Þingeyinga. Aðalfundur Kaupfélags Norður-Þingeyinga, haldinn á Kópaskeri dagana 26.—27. apríl 1948, telur, að niðurfelling gagnfræðadeildar við Menntaskólann á Akureyri sé hið mesta tjón fyrir þetta hérað, sem og aðra landshluta, og skorar fastlega á ríkisstjórn að láta deildina starfa áfram, svo sem verið hefur og fresta þar með framkvæmd þess atriðis nýrra fræðslulaga.

Félag ungra Framsóknarmanna í Eyjafjarðarsýslu: ... Enn fremur skorar hann (fundurinn) á menntamálaráðherra að hlutast til um, að gagnfræðadeild við Menntaskólann á Akureyri verði ekki lögð niður. ...

Sjálfstæðisfélag Akureyrar 18. nóv. 1948. Sjálfstæðisfélagið á Akureyri mótmælir afnámi gagnfræðadeildar Menntaskólans á Akureyri og skorar á þingmann kjördæmisins að beita sér fyrir á yfirstandandi Alþingi, að hinum nýju fræðslulögum verði breytt í það horf, að gagnfræðadeild verði starfrækt við Menntaskólann á Akureyri á sama hátt og verið hefur.

Sþ. 303. Tillaga til rökstuddrar dagskrár [112. mál]

í málinu: Till. til þál. um samgöngubann til að hindra útbreiðslu mænusóttar.

Frá Gísla Jónssyni.

Í trausti þess, að ríkisstjórnin geri nú þegar raunhæfar ráðstafanir til þess að hefta útbreiðslu mænusóttarinnar, tekur þingið fyrir næsta mál á dagskrá.

Nd. 304. Nefndarálit [101. mál]

um frv. til l. um heimild fyrir ríkisstjórnina til að selja landræmu úr Öskjuholtslandi í Landsveit.

Frá landbúnaðarnefnd.

Nefndin hefur athugað frumvarpið og mælir með því, að það verði samþykkt.

Alþingi, 1. febr. 1949.

Steingr. Steinþórsson, form. Jón Pálmason, fundaskr., frsm. Sigurður Guðnason.
Jón Sigurðsson. Ásg. Ásgeirsson.

Nd. 305. Breytingartillaga [13. mál]

við frv. til l. um veitingu ríkisborgararéttar.

Frá Sigurði Bjarnasyni.

Við 1. gr. Á eftir 16. tölul. kemur nýr liður:
Eberhardt, Konstantin Alexander, iðnverkamaður í Reykjavík, fæddur 11. nóv. 1893 í Þýzkalandi.

Ed. 306. Nefndarálit [82. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 61 31. maí 1947, um vátryggingarfélög fyrir fiskiskip.

Frá sjávarútvegsnefnd.

Nefndinni þótti rétt að senda frv. til umsagnar stjórn Samábyrgðar Íslands. Er svar stjórnarinnar birt hér með sem fylgiskjal.

Ástæða þykir til að benda á, að sams konar frv. lá fyrir deildinni á s. l. þingi og var þá afgreitt á þann veg, að bráðabirgðaákvæðið um undanþágu fyrir Bátaábyrgðarfélag Vestmannaeyja var framlengt til loka þessa árs. Jafnframt var lögð rík áherzla á það, að fyrir þann tíma tækist samkomulag um varanlegt skipulag þessara mála. Þetta hefur enn ekki tekizt. Einn nefndarmaður (BÓ) hefur óbundnar hendur um afgreiðslu málsins, en nefndin er enn þeirrar skoðunar, að nauðsynlegt sé að ná slíku samkomulagi, og leggur því til, að málið verði afgreitt nú með svo hljóðandi

RÖKSTUDDRI DAGSKRÁ:

Í trausti þess, að ríkisstjórnin beiti sér fyrir því, að samkomulag náist fyrir samkomudag næsta Alþingis um eðlilegt samstarf á milli Samábyrgðar Íslands og Bátaábyrgðarfélags Vestmannaeyja um tryggingu bátaflotans í Vestmannaeyjum, tekur deildin fyrir næsta mál á dagskrá.

Alþingi, 1. febr. 1949.

Gísli Jónsson, form., frsm. B. Kristjánsson, fundaskr. Steingr. Aðalsteinsson.
Sigurjón Á. Ólafsson. Björn Ólafsson, með fyrirvara.

Fylgiskjal.

SAMÁBYRGÐ ÍSLANDS Á FISKISKIPUM

Reykjavík, 5. janúar 1949.

Samábyrgðin hefur athugað frumvarp það, sem fylgdi bréfi yðar, dags. 10. f. m.

Eins og kunnugt er, hefur Bátaábyrgðarfélag Vestmannaeyja haft undanþágu að nokkru leyti frá fyrirmælum laga um vátryggingarfélög fyrir fiskiskip. Félagið hefur eigi að síður endurtryggt skip sín hjá Samábyrgðinni fyrir björgun, aðstoð og algerum skipstöpum, en hvergi endurtryggt fyrir viðgerðartjónum, heldur borið eitt þá áhættu.

Í endurteknum viðræðum, sem formaður félagsins hefur átt við Samábyrgðina, hefur hann tjáð sig algerlega sammála oss um það, að félagið sé ekki þess um komið að bera eitt þá stórfeldu áhættu, sem nú er samfara viðgerðartjónum, og því talið óhjákvæmilegt, að félagið endurtryggi einnig að einhverju leyti fyrir þeirri áhættu. Samábyrgðinni er ekki kunnugt, hverjar ráðstafanir félagið hefur ákveðið í þessu efni. En væntanlega verður leitað til Samábyrgðarinnar með þessa endurtryggingu.

Það mun vera metnaðarmál þessa félags að halda einhverri sérstöðu. Framkvæmdastjóri Samábyrgðarinnar hefur stungið upp á því, og formaður félagsins tjáð sig því samþykkan, að bráðabirgðaákvæði laganna um vátryggingarfélög fyrir fiskiskip verði breytt þannig, að ráðherra verði í eitt skipti fyrir öll heimilað í samráði við Samábyrgðina að veita þessu félagi frá ári til árs sams konar undanþágu og það hefur hér til haft frá lögunum.

Því er ekki að leyna, að önnur bátaábyrgðarfélög, sem lengi hafa starfað, hafa talið eðlilegt, að þau fengju sömu undanþágu og Vestmannaeyjafélagið, eða þá að enginn fengi þessa undanþágu. En með tilliti til þess, að félagið hefur haft undanþáguna hér til og að samstarf milli þess og Samábyrgðarinnar hefur verið mjög gott, mælum vér með því, að ráðherra megi, með samþykki Samábyrgðarinnar, veita félaginu til eins árs í senn sams konar undanþágu og það hér til hefur haft.

Virðingarfyllst.

Sigurður Krstjánsson.

Til sjávarútvegsnefndar efri deildar.

Nd. 307. Breytingartillaga [17. mál]

við frv. til l. um kjötmat o. fl.

Frá Skúla Guðmundssyni og Jóni Gíslasyni.

Á eftir 16. gr. frv. komi svohljóðandi

Bráðabirgðaákvæði.

Þrátt fyrir ákvæði 2. gr. laga þessara skal heimilt fyrst um sinn, þar til öðruvísi verður ákveðið, að selja afurðir af sláturfénaði, öðrum en sauðfé, sem slátrað hefur verið utan löggiltra sláturhúsa, enda séu afurðirnar skoðaðar og merktar af dýralækni eða öðrum þeim, er kjötskoðun annast, og metnar af kjötmatsmanni og meðferð vörunnar óaðfinnanleg að þeirra dómi.

Nd. 308. Breytingartillögur [6. mál]

við frv. til l. um breyt. á vegalögum, nr. 34 22. apríl 1947.

Frá Jóni Gíslasyni.

Við 1. gr. Framan við greinina bætist:

1. Á eftir A. 43 í 2. gr. laganna kemur nýr liður:
   Holtsvegur: Af Suðurlandsvegi austan við Eldhraun um Skaftárbrú nýju að Holti á Síðu.
2. Á eftir A. 44 í sömu grein kemur nýr liður:
   Brunasandsvegur: Af Suðurlandsvegi austan Fossála á Síðu um Brunasand sunnan hraunsins að Teygingalæk.

Ed. 309. Frumvarp til laga [17. mál]

um kjötmat o. fl.

(Eftir 3. umr. í Nd.)

1. gr.

Í lögum þessum merkir:

Sláturfénaður: Sauðfé, nautgripi, hross, svín, alifugla o. s. frv.

Læknir: Dýralækni þann, er kjötskoðunina annast, eða hvern þann lækni eða læknanema, sem löggiltur hefur verið til starfsins samkvæmt 7. gr. laga þessara.

Kjötmatsmaður: Hvern þann undirkjötmatsmann, er lýtur yfirkjötmatsmanni.

2. gr.

Sláturfénaði, sem slátra á í því augnamiði að flytja kjötið nýtt, fryst, saltað eða á annan hátt verkað á erlendan markað eða til sölu og neyzlu innanlands, í kjötbúðum og öðrum opinberum sölustöðum, skal slátra í löggiltum sláturhúsum og frysting kjötsins fara fram í löggiltum frystihúsum. Atvinnumálaráðuneytið löggildir sláturhús og frystihús, að fengnum meðmælum frá yfirdýralækni eða hlutaðeigandi héraðsdýralækni, ef húsin eru að dómi þeirra svo fullkomin að gerð og öllum útbúnaði, að hægt sé þess vegna að fullnægja nauðsynlegum heilbrigðis- og hreinlætiskröfum.

Ráðherra getur þó, þar sem brýn nauðsyn krefur, leyft slátrun til eins árs í senn í sláturhúsum, sem ekki eru svo úr garði gerð, að löggilding geti farið fram á þeim, ef yfirdýralæknir eða hlutaðeigandi héraðsdýralæknir telja, að slátrun geti tekizt þar á viðunandi hátt, en stefna skal að því, að sem allra fyrst verði málum svo komið, að öll slátrun fari fram í löggiltum sláturhúsum, ef afurðirnar eru ætlaðar til sölu á opinberum markaðsstöðum, og getur ráðherra sett hlutaðeigandi aðilum ákveðinn frest til úrbóta.

Ráðherra setur reglur um útbúnað sláturhúsa og frystihúsa, að fengnum tillögum yfirdýralæknis og kjötmatsformanns.

3. gr.

Við gildistöku þessara laga skulu allir sláturleyfishafar senda atvinnumálaráðuneytinu umsóknir, þar sem þeir óska eftir, að fram fari löggilding húsa til slátrunar og frystingar á sláturafurðum, söltunar o. s. frv. Ráðuneytið sendir síðan yfirdýralækni eða hlutaðeigandi héraðsdýralækni umsóknirnar til umsagnar, sbr. 2. gr.

Hver sá, sem síðar hyggst að hefja slátrun sauðfjár eða annars sláturfénaðar í þeim tilgangi að selja afurðir á opinberum markaðsstöðum, skal senda atvinnumálaráðuneytinu slíka umsókn. Eftir fyrstu löggildingu annast yfirdýralæknir eða héraðsdýralæknar eftirlit með slátur- og frystihúsum í hlutaðeigandi umdæmum. Ráðuneytið heldur skrá yfir löggilt sláturhús og frystihús, þar sem hvert þeirra hefur sérstakt löggildingarmerki eða löggildingarnúmer, og skal númer þetta eða merki koma fram í kjötstimpli, sem notaður er til auðkennis í hlutaðeigandi sláturhúsi.

4. gr.

Nú fullnægir löggilt slátur- eða frystihús eigi lengur skilyrðum þeim, sem sett voru fyrir löggildingu, og ber þá dýralækni, sem eftirlitið hefur annazt, að skýra ráðuneytinu frá því tafarlaust. Setur ráðuneytið umráðamönnum hússins hæfilegan frest til að lagfæra það, sem ábótavant er, og fellur löggildingin niður, ef eigi er bætt úr göllunum innan hins ákveðna frests. Ráðuneytið tilkynnir þá jafnframt aðilum þeim, sem sláturleyfin veita, að slátrun á þeim stað skuli þá þegar niður lögð, unz úr sé bætt.

5. gr.

Læknisskoðun skal fram fara á öllum sláturfénaði, sem um getur í lögum þessum, áður en slátrun fer fram, og mega ekki líða meira en 12 klst. frá þeirri skoðun og til slátrunar. Enn fremur skal heilbrigðisskoðun á öllu kjöti og innyflum af þeim sláturfénaði, sem um getur í lögum þessum, fara fram áður en afurðirnar eru boðnar til sölu nýjar á opinberum markaði og enn fremur áður en kæling, frysting, söltun eða önnur verkun fer fram. Að skoðun lokinni skal dýralæknir eða hver sá, sem löggiltur hefur verið til starfsins, merkja kjötið samkvæmt reglugerð, er ráðherra setur um heilbrigðisskoðun og merkingu á kjöti og innyflum. Enn fremur getur ráðherra sett reglur, að fengnum tillögum yfirdýralæknis, um læknisskoðun og merkingu annarra sláturfjárafurða, ef þörf krefur.

Í reglum þeim, sem ráðherra setur samkvæmt þessari grein, má ákveða hámarksþóknun fyrir læknisskoðun og merkingu kjöts og annarra sláturfjárafurða.

6. gr.

Sláturfjárafurðir, sem reynast spilltar eða sýktar, svo að hætta geti stafað af að nota þær til manneldis, eftir úrskurði kjötskoðunarlæknis, skulu þegar í stað ónýttar samkvæmt fyrirmælum ráðuneytisins, á þann hátt að tryggt sé, að engin hætta geti stafað af þeim.

Ekki má slátra í sláturhúsi sjúku sláturfé, er nokkur sýkingarhætta getur stafað af að áliti kjötskoðunarlæknis, nema sérstakur klefi sé til þeirra afnota einna í sláturhúsinu. Sjálfdauðar skepnur má ekki flytja inn í sláturhús né á lóð þess, nema til komi leyfi kjötskoðunarlæknis, enda geri hann sér þá þegar ljóst, hver dauðaorsökin hafi verið, og fyrirskipar ráðstafanir samkvæmt því.

7. gr.

Dýralæknar annast kjötskoðun og merkingu á kjöti og öðrum sláturfjárafurðum, sbr. 5. gr. laga þessara. Náist ekki til dýralæknis, skipar ráðherra, að fengnum tillögum yfirdýralæknis, lækni til starfsins, enda hafi hann lokið kjötskoðunarprófi hjá dýralækni hér á landi.

8. gr.

Allt kjöt og innyfli af sláturfénaði, sem um getur í lögum þessum, sem flutt er á erlendan markað eða til sölu innanlands í kjötbúðum og öðrum opinberum sölustöðum, skal metið, flokkað og merkt eftir tegundum og gæðum af kjötmatsmönnum, sem starfa undir umsjón yfirkjötmatsmanna.

Ráðuneytið setur reglugerð um flokkun, merkingu, frystingu, söltun, umbúðir, flutning og meðferð kjöts og innyfla, að fengnum tillögum kjötmatsformanns, framleiðsluráðs landbúnaðarins og helztu kjötsöluaðila.

Ef þörf þykir, getur ráðherra sett sérstakar reglur um slátrun, mat og merkingu á kjöti og innyflum til ákveðinna landa, eftir því hvaða kröfur eru gerðar í því efni.

9. gr.

Ráðherra skipar 4 yfirkjötmatsmenn, og hafi hver þeirra ákveðið starfssvæði. Einn þeirra fjögurra skal ráðherra skipa kjötmatsformann, og skal hann hafa forgöngu um þau atriði í lögum þessum, er snerta verksvið yfirkjötmatsmanna. Einnig skal hann, eftir því sem við verður komið, gera athugun á kjöti og öðrum sláturfjárafurðum, sem fluttar eru á erlendan markað og til helztu sölustaða innanlands, og framkvæma yfirmat á þeim, er þurfa þykir.

Yfirkjötmatsmenn skulu hafa sem bezta þekkingu á kjöti og öðrum sláturfjárafurðum og öllu því, er lýtur að meðferð sláturfjárafurða.

Ráðuneytið setur yfirkjötmatsmönnum reglur um störf þeirra og ákveður umdæmi þeirra.

Ekki mega yfirkjötmatsmenn þiggja neina þóknun hjá þeim, er við kjötsölu eru riðnir, né heldur hafa með höndum sölu á kjöti utanlands né innan eða milligöngu í því efni, er þeir geti haft hagnað af.

Árslaun yfirkjötmatsmanna skulu vera kr. 900.00 og kjötmatsformanns kr. 1800.00.

Ferðakostnað í þágu yfirmatsins skulu þeir og fá greiddan samkvæmt reikningi, sem ráðuneytið úrskurðar.

Allan kostnað, sem af yfirmatinu leiðir, skal greiða úr ríkissjóði.

10. gr.

Lögreglustjóri skipar kjötmatsmenn, einn eða fleiri á hverjum slátrunarstað. Fer um tölu þeirra og val eftir tillögum yfirkjötmatsmanns.

Kjötmatsmenn annast hlutverk það og starf, sem þeim er falið með lögum þessum, samkvæmt reglugerð, sem ráðuneytið setur. Kaup kjötmatsmanna skal vera 25% hærra en venjulegt verkamannakaup á staðnum, þar sem matið fer fram, og greiða sláturleyfishafar, sem slátrunina framkvæma, kaupið.

Eigi mega kjötmatsmenn þiggja neina aukaþóknun eða hlunnindi hjá þeim, sem kjötverzlun annast, né sjálfir vera riðnir við sölu þess, svo að ætla megi þá hlutdræga í matinu.

Nú vanrækir kjötmatsmaður starf sitt, sýnir hlutdrægni við matið eða leysir það illa af hendi á einhvern hátt að dómi yfirkjötmatsmanns, og er yfirkjötmatsmanni þá heimilt að víkja honum frá um stundarsakir, en tilkynna skal hann hlutaðeigandi lögreglustjóra samstundis þessa ráðstöfun, sem þá víkur hinum brotlega kjötmatsmanni endanlega frá störfum og skipar annan matsmann í hans stað.

11. gr.

Í kaupstöðum og kauptúnum, þar sem eru 500 íbúar eða fleiri, skal allt kjöt af skepnum, sem slátrað er þar eða flutt þangað nýtt og ætlað til sölu þar, skoðað og merkt af lækni þeim, er kjötskoðun annast þar á staðnum, og getur ráðuneytið sett nánari reglur þar um. Ákvæði þetta tekur þó ekki til kjöts, er áður hefur verið merkt og skoðað af kjötskoðunarlækni í löggiltu sláturhúsi. Kjöt, sem flutt er að frosið, kælt eða nýtt, skal flutt í þar til gerðum umbúðum, er læknir tekur gildar. Ráðuneytið getur einnig, ef ástæður þykja til, fyrirskipað sams konar kjötskoðun í kauptúnum, þar sem búa færri en 500 manns.

Nú eru nýjar sláturfjárafurðir fluttar til sölustaðar, án þess að læknisskoðun hafi farið fram á þeim, og skal þá bæjarfélag eða hreppsfélag sjá fyrir löggiltu húsnæði til skoðunar á þeim gegn sanngjörnu gjaldi, er eigandi greiðir, samkvæmt nánari fyrirmælum ráðuneytisins.

Sé sláturhús á móttökustað eða sérstakar kjötmiðstöðvar, skal læknisskoðun fara þar fram og enn fremur gæðamat, samkvæmt reglugerð, sbr. 8. gr.

12. gr.

Í kaupstöðum og kauptúnum, sem lög þessi taka til, má eigi hafa ómerkt kjöt, nýtt eða frosið, í kjötbúðum eða öðrum sölustöðum.

13. gr.

Ráðherra getur sett reglur, að fengnum tillögum yfirdýralæknis, um útbúnað kjötbúða og annað, sem lýtur að verzlun með sláturfjárafurðir, og um það, hverjar vörur aðrar megi selja í kjötbúðum en þær, sem um ræðir í lögum þessum. Ráðherra getur einnig sett reglur, að fengnum tillögum yfirdýralæknis, um atvinnurekstur við tilbúning matvæla úr sláturfjárafurðum, svo sem pylsugerð, niðursuðu sláturfjárafurða og annað því um líkt.

14. gr.

Nú flytur einhver eða lætur flytja út kjöt til sölu á erlendan markað eða til sölu innanlands án þess að gæta fyrirmæla laga þessara um læknisskoðun, merkingu, mat og flokkun, og varðar það sektum frá kr. 500.00 til 25 000.00. Önnur brot gegn lögum þessum eða reglugerðum, sem settar verða samkvæmt þeim, varða sektum allt að kr. 10 000.00. Fara skal með mál út af brotum þessum sem almenn lögreglumál.

Um refsingu fyrir brot kjötskoðunarlækna, yfirkjötmatsmanna og kjötmatsmanna gegn ákvæðum þessara laga fer sem um refsingu fyrir brot opinberra starfsmanna.

15. gr.

Með lögum þessum eru úr gildi felld lög nr. 39 frá 19. júní 1933, um kjötmat o. fl., lög nr. 3 frá 1. febrúar 1936 og lög nr. 115 30. des. 1943, um breyting á lögum nr. 39 19. júní 1933, svo og reglugerðir þær, sem settar hafa verið, og auglýsingar, sem út hafa verið gefnar samkvæmt þeim lögum.

16. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Bráðabirgðaákvæði.

Þrátt fyrir ákvæði 2. gr. laga þessara skal heimilt fyrst um sinn, þar til öðruvísi verður ákveðið, að selja afurðir af sláturfénaði, öðrum en sauðfé, sem slátrað hefur verið utan löggiltra sláturhúsa, enda séu afurðirnar skoðaðar og merktar af dýralækni eða öðrum þeim, er kjötskoðun annast, og metnar af kjötmatsmanni og meðferð vörunnar óaðfinnanleg að þeirra dómi.

Sþ. 310. Tillaga til þingsályktunar [121. mál]

um, að dregið sé úr íhlutun ríkisins í atvinnurekstri landsmanna og að afnumin séu höft, skömmtun og nefndavald.

Flm.: Björn Ólafsson.

Með því að reynslan hefur nú sýnt, að ríkisrekstur atvinnugreina, athafnaskerðing og víðtæk afskipti hins opinbera í atvinnurekstri félaga og einstaklinga leiðir til hættulegrar þróunar í atvinnulífi og fjármálum landsins, ályktar Alþingi að fela ríkisstjórninni að undirbúa og koma í framkvæmd svo fljótt sem verða má, gagngerri breytingu í þessum efnum. Skal það gert með það fyrir augum, að dregið sé úr íhlutun ríkisins í atvinnurekstri landsmanna, en afnumin séu höft, skömmtun og nefndavald með breyttri fjármálastefnu og einfaldari skipun málanna, svo að framtak einstaklinganna fái betur notið sín en nú er.

Greinargerð.

Sú stefna hefur verið mjög áberandi undanfarin ár hjá Alþingi og ríkisstjórn að auka þátttöku og ýmiss konar íhlutun ríkisins í atvinnurekstri landsmanna. Hefur ríkið beint og óbeint gerzt aðili að framkvæmdum og ráðstöfunum, sem lagt hafa ríkissjóði á herðar stórkostlegar ábyrgðarskuldbindingar og útgjöld. Þessari stefnu hefur svo fylgt sú ofrausn í framkvæmdum og fjárframlögum ríkisins sjálfs, að hreinn tekjuhalli ríkisbúskaparins undanfarin 3 ár nemur um 120 millj. kr. Af öllu þessu hefur svo leitt lítt viðráðanlega verðbólgu og svo stórkostlegt misræmi í fjármálalífi landsins, að ríkisvaldið hefur neyðzt til að grípa til síaukinna hafta, skömmtunar og alls konar athafnaskerðingar. Reynslan af þessari stefnu er nú óðum að koma í ljós og sýnir, að stefnan leiðir til hættulegrar þróunar í atvinnulífi og fjármálum landsins. Árangurinn er þegar orðinn sá, að ríkið er komið í ábyrgðir og skuldir, er nema 4—5 hundruðum miljóna króna, aðallega af þessum sökum. Vegna sívaxandi verðbólgu, sem af þessari stefnu hefur leitt, er nú svo komið, að bátaútvegur landsins verður ekki rekinn nema með beinum styrkjum úr ríkissjóði. Enginn veit, hversu miklir þeir styrkir kunna að verða, en þeir geta numið samtals mörgum tugum milljóna króna, og til þess að halda verðlagi landbúnaðarvara í skefjum eru nú greiddar árlega um 30 millj. kr. Af atvinnuíhlutunar- og fjárþenslustefnu ríkisvaldsins hefur enn fremur leitt það, að skatta- og tollaálögur hafa færzt svo í aukana á síðustu árum, að til stórvandræða horfir fyrir atvinnurekstur félaga og einstaklinga. Ef áfram er haldið á sömu braut og nú er, mun skattheimtan valda algerri stefnubreytingu á næstu árum í atvinnurekstri landsmanna. Ríkisvaldið sogar nú til sín mestallan afrakstur atvinnuveganna. Árangurinn verður sá, að enginn nema ríkið getur lagt fram fé til stofnunar stærri fyrirtækja eða stóriðju í landinu.

Í þessu sambandi er rétt að athuga hvernig framkvæmdir og rekstur hefur blessazt í höndum ríkisins á eigin fyrirtækjum og hversu happasæl hefur reynzt bein íhlutun þess á öðrum sviðum atvinnuveganna.

Síldarverksmiðjur ríkisins eru eign ríkisins og raunverulega reknar á þess ábyrgð, þótt svo eigi ekki að vera að nafninu til. Verksmiðjurnar eru stærsta atvinnufyrirtæki í landinu. Nýbyggingarframkvæmdir þeirra síðustu árin hafa farið svo ógiftusamlega úr hendi vegna beinna afskipta og ráðsmennsku ríkisvaldsins, að skuldir verksmiðjanna eru nú orðnar 65 millj. kr. og vafasamt, hvort þær fá risið undir þeim fyrst um sinn nema með beinni aðstoð ríkisins. Auk þess má telja mjög vafasamt notagildi sumra verksmiðjanna vegna staðsetningar þeirra. Rekstur verksmiðjanna undir pólitískri stjórn hefur reynzt að mörgu leyti erfiður. Auk þess er fjárhagsleg afkoma þeirra í stöðugri hættu vegna afskipta ríkisvalds-

ins í sambandi við pólitíska hagsmuni þess. Fjárhag og lánstrausti ríkisins stafar mikil og bein hætta af svo áhættusömum stórrekstri, eins og hann hefur verið framkvæmdur undanfarin ár, ef ekki er þegar stungið við fótum og reksturinn færður í annað horf.

Tunnuverksmiðjur ríkisins hafa verið starfræktar til lítils gagns síðan þær voru settar á stofn fyrir tveimur árum. Stjórn verksmiðjanna hefur ekki treyst sér til að gera áætlun um reksturinn næsta ár, og er því í fjárlagafrv. tekin upp áætlun fyrra árs óbreytt. Verksmiðjan mun eiga birgðir af tunnum, sem eru miklu dýrari en útlendar tunnur. Engar aðrar upplýsingar liggja fyrir um þetta fyrirtæki, og virðist með þögninni breitt yfir óhagstæða afkomu og vafalaust raunalegan rekstur.

Fiskiðjuver ríkisins í Reykjavík er gott dæmi um atvinnurekstur í höndum hins opinbera. Í þetta fyrirtæki hafa nú verið lagðar 7—8 millj. kr. Verksmiðjan er ekki fullgerð, og allt er þar hálfkarað. Stjórn hennar hefur ekki farið vel úr hendi. Starfrækslan hefur legið niðri vegna skorts á rekstrarfé. Tapið fer vaxandi, og enginn sýnist bera ábyrgð á þessu milljónafyrirtæki.

Flestum er kunnugt um vélsmiði og bátasmiði ríkisins, Landssmiðjuna. Þetta fyrirtæki hefur löngum verið rekið með raunverulegu tapi. Í stríðinu, þegar vélsmiðjur í einkaeign græddu stórfé, barðist Landssmiðjan í bökkum. Þegar hún svo ætlaði að hefja skipasmíði í samkeppni við bátasmíðar einstaklinga, þurfti að leggja þá starfsemi niður eftir stuttan tíma og ríkissjóður að greiða 2 millj. kr. fyrir tilraunina. Árið 1947 varð 402 þús. kr. tap á rekstrinum.

Sérleyfisrekstur ríkisins hefur verið rekinn með þeim árangri, að halli var á rekstrinum 1947, 240 þús. kr., og á árinu 1948 er útlit fyrir, að raunverulegur rekstrarhalli verði miklu meiri. Áður var þessi akstur í höndum einstaklinga og rekinn með hagnaði. Ef þeim væri veitt sama aðstaða með útvegun tækja og ríkinu, mundu þeir geta séð um aksturinn án styrktar af opinberu fé og með ekki hærri fargjöldum en ríkið tekur.

Ferðaskrifstofa ríkisins áætlar tap á starfsemi sinni næsta ár 200 þús. kr. Þetta fyrirtæki er sífellt að fært út kvíarnar og hefur nú byrjað á hótelrekstri. Tap fyrirtækisins á að greiðast úr „sérleyfissjóði", en í þann sjóð greiðir ríkið aftur drjúgan skerf af taprekstri sínum á langferðaakstri.

Reynslan af ríkisrekstri þeim, sem nú hefur verið nefndur, virðist ekki þann veg, að örvandi sé fyrir þjóðina að láta ríkið taka í sínar hendur stóriðju í nýjum greinum. En þó er nú rætt um enn að setja á stofn ríkisfyrirtæki eins og sementsverksmiðju, áburðarverksmiðju og lýsisherzluverksmiðju og reka slík milljónafyrirtæki með pólitískri framkvæmdastjórn á vegum ríkisins.

Skyld hinum beina ríkisrekstri er ríkisíhlutunarstefnan, sem kemur fram meðal annars í ríkisábyrgð á fiskverði bátaflotans. Enn þá er það hvorki ríkisrekstur né þjóðnýting, en stefnir til annars hvors eða hvors tveggja. Alþingi hefur farið inn á þessa gjaldþrotaleið vegna þess, að þing og stjórn á undanförnum ofrausnarárum hefur látið undir höfuð leggjast að hverfa frá eyðslustefnunni í opinberum fjármálum og gera jafnframt þær vanþakklátu en þjóðnauðsynlegu ráðstafanir, er stefndu að því að skapa atvinnuvegum landsins heilbrigðan starfsgrundvöll. Ábyrgð ríkissjóðs á fiskverðinu verður aldrei metin fyrir fram. Hún er stærsta fjárhættuspil í opinberum fjárreiðum, sem leikið hefur verið hér á landi.

Þessi stefna ríkisrekstrar og íhlutunar er að draga ríkissjóð út í óbotnandi skuldafen. Hin stórkostlega fjárfestingarstefna og næstum sjúklega ofrausn í opinberum fjármálum undanfarin ár, er að liða sundur fjárhagskerfi landsins. Sú sama stefna er aðalrót verðbólgunnar og þess misræmis og jafnvægisskorts í þjóðarbúskapnum, sem leitt hefur af sér taprekstrinn, nefndavaldið, höftin, skömmtunina og framkvæmdaskerðingu á öllum sviðum. Þingið og þjóðin hefur lifað í slíkri sjálfsblekkingu í þessum efnum undanfarin misseri, að slíks munu fá dæmi. Enginn aðili í landinu má hreyfa hönd né fót til nýrra framkvæmda nema spyrja fjár-

hagsráð um leyfi. Útvegur, landbúnaður, verzlun og iðnaður er stórlega háð ákvörðunum og framkvæmdum opinberra nefnda í allri starfrækslu sinni, og sé handvömm ráðandi í starfi slíkra nefnda, sem mjög hefur þótt áberandi í seinni tíð, veldur það erfiðleikum, þverrandi afköstum og mikilli truflun í allri starfsemi þjóðfélagsins.

Nauðsynin á breyttri skipun þessara mála, sem að ofan greinir, er að verða svo aðkallandi, að ekki má lengur dragast, að snúið sé inn á aðrar heilbrigðari leiðir. Með núverandi fjármálastefnu Alþingis, ríkisrekstri og ríkisíhlutun í atvinnuvegum, ásamt hinum viðtæku höftum og athafnaskerðingu, er að myndast hættuleg þróun í atvinnulífi og fjármálum landsins, sem getur valdið hruni í opinberum fjármálum og almennri atvinnukreppu áður en langt um líður. Þjóðin þarf að komast burtu frá hinni skömmtuðu og skipulögðu „fátækt", sem vex eftir því, sem eftirlitið eykst, — og snúast til frjálsari hátta, er leysa úr læðingi auðlegð þá, sem býr í framtaki, hyggindum og vinnugleði einstaklinganna, ef þeir fá að njóta sín.

Ályktunin ákveður ekki tímatakmark fyrir framkvæmd tillögunnar. Ljóst er, að ekki er hægt að breyta því á einum degi, sem timbrað hefur verið upp á mörgum árum, enda fer svo bezt, að ekki sé rasað um ráð fram, ef betri skipun á að takast. En breytta stefnu verður að hefja nú þegar, ef ekki á illa að fara. Verður nánar rætt um það í framsögu, á hvern hátt þetta mætti framkvæma.

Nd. 311. Breytingartillaga [13. mál]

við frv. til l. um veitingu ríkisborgararéttar.

Frá Jóni Pálmasyni.

Við 1. gr. Á eftir 16. tölul. komi nýr liður:

Edelstein, Wolfgang Michael, námsmaður í Reykjavík, fæddur 15. júní 1929 í Þýzkalandi.

Nd. 312. Nefndarálit [16. mál]

um frv. til l. um áburðarverksmiðju.

Frá minni hl. landbúnaðarnefndar.

Nefndin hefur haft frv. þetta til meðferðar á mörgum fundum og leitað umsagna og álits ýmissa sérfróðra manna um málið, eins og segir í áliti meiri hlutans.

Nefndin er öll sammála um, að reisa beri áburðarverksmiðju, og eins, að rétt sé, að miðað sé við stærri verksmiðju en ráðgert er í frumvarpinu. Vill meiri hluti nefndarinnar miða við 7500—10000 smálesta afköst á ári, og skilur þar milli minni og meiri hlutans, þar sem minni hlutinn telur sjálfsagt að gera ráð fyrir miklu stærri verksmiðju, með allt að 30—40 þús. smálesta afköstum á ári. Skal hér á eftir gerð grein fyrir þessari afstöðu og sýnt fram á, að sú leið, sem hér er bent á, er í alla staði þjóðarbúskapnum fyrir bestu og jafnframt framkvæmanleg. Það orkar ekki tvímælis, að hér er á ferðinni hið mesta þjóðnytjamál, ef rétt er á haldið.

Áætlanir þær, sem frumvarpinu fylgja, sýna, að rekstur 5000 smálesta verksmiðju er arðvænlegur að því leyti, að framleiðsluverð frá henni er verulega lægra en útflutningsverð er nú á heimsmarkaði. Þær sýna einnig, að rekstur 7500 smálesta verksmiðju er mun arðvænlegri og að framleiðsla hennar er um 20% ódýrari á hverja smálest en framleiðsla 5000 smál. verksmiðjunnar. Jafnframt er vitað, eins og líka

er staðfest í bréfi þeirra verkfræðinganna Ásgeirs Þorsteinssonar, Björns Jóhannessonar og Jóhannesar Bjarnasonar, að „stofnkostnaður og vinnukostnaður á hverja framleiðslueiningu minnkar eftir því sem afköst verksmiðjunnar aukast, og því lækkar framleiðslukostnaður með verksmiðjustærð upp að vissu marki". (Sjá bréf þeirra, sem hér er prentað á eftir.) Það er því víst, að hér er um fyrirtæki að ræða, sem getur orðið þjóðarbúinu stórkostleg hjálparhella, ef stórt er af stað farið, þegar þess er gætt, að ekki stærri verksmiðjur en þær, sem að framan greinir, eru hvað verð snertir samkeppnisfærar á heimsmarkaðinum.

Eins og nú horfir málum hér, er þjóðin einvörðungu, hvað afkomu og útflutningsverðmæti snertir, upp á fiskveiðar vorar komin og duttlunga þeirra. Verður því að líta á það sem þjóðarnauðsyn að skapa til viðbótar tekjustofna óháða þeim, án þess þó um skerðingu á vinnuafli til atvinnuvega vorra sé að ræða. Stór áburðarverksmiðja skapar mikil útflutningsverðmæti og þar með gjaldeyri, en vinnuafl, sem nota þarf í þjónustu hennar, er tiltölulega mjög lítið, eða ekki meira en um 100 manns.

Í frumvarpinu er gert ráð fyrir 2500—7500 smálesta ársframleiðslu, sem meiri hluti nefndarinnar þó vill hækka upp í 5000—10000 smálesta framleiðslu, og er það spor í rétta átt, þótt allt of skammt sé stigið.

Í frumvarpinu og hjá meiri hlutanum er gengið út frá því, að rafmagn til verksmiðjunnar fáist frá Sogsvirkjuninni og stærðin miðuð við það. Minni hlutinn telur þetta mjög varhugavert og lítur svo á, að með þessu sé verið að draga úr eðlilegri þróun iðnaðar og rafmagnsnotkunar á orkuveitusvæði Sogsins, og vísar hér að lútandi til umsagna raforkumálastjóra og Steingríms Jónssonar, rafmagnsstjóra Reykjavíkur, en svör þeirra við ýmsum spurningum minni hlutans til raforkumálastjóra eru prentuð hér með sem fylgiskjöl. Samkv. umsögn rafmagnsstjóra tekur 10000 smálesta áburðarverksmiðja alla næstu virkjun Sogsins, en gert er ráð fyrir, að þeirri virkjun verði lokið árið 1952. Er þegar hægt að ímynda sér, hvernig ástandið verður þá í rafmagnsmálum orkuveitusvæðisins, þegar nú er vitað, að á næstu árum fram til ársins 1952 má sjá fram á stórkostlegan skort á rafmagni, svo að ekki sé sagt hreint öngþveiti í þeim málum. Þar næsta virkjun Sogsins getur vart komið í gagn fyrr en rafmagnsstjóri gerir ráð fyrir, eða árið 1955, og verður þá fyrst unnt að sjá 10000 smálesta verksmiðju fyrir nægri orku og þó ekki nema um fimm ára skeið, auk þess sem gera verður hlutfallslega ráð fyrir meiri forgangsorku til þessarar verksmiðju og því dýrari orku. Rafmagnsstjóri telur þó, að 7000 smálesta verksmiðju sé unnt að sjá fyrir rafmagni með jafnörum virkjunum í Soginu, en minni hlutinn telur þetta þó mjög vafasamt.

Af því, sem að framan var sagt um betri afkomumöguleika verksmiðju, því stærri sem hún er, sést, að ekki nær nokkurri átt að binda stærðina við orku frá Sogsvirkjuninni. Er því ekki um annað að ræða en að virkja sérstaklega fyrir verksmiðjuna, enda er til nóg vatnsafl í landinu. Auk þess gerir frumvarpið ráð fyrir, sbr. 2. gr. þess, að „fjárframlag ríkissjóðs nær til þess að tryggja verksmiðjunni nægilega raforku til áburðarvinnslunnar, ef þörf gerist". Minni hlutinn lítur svo á, að þetta ákvæði nægi tæplega, ef til þess er gripið að virkja sérstaklega fyrir verksmiðjuna, og er fyrir sitt leyti reiðubúinn til þess að flytja eða vera meðflutningsmaður að frumvarpi í því skyni og telur slíkt heppilegra.

Minni hlutinn leggur til í breytingartillögum sínum, að stærð verksmiðjunnar verði miðuð við 30—40000 smálesta ársframleiðslu, en sú stærð krefur auðvitað nýrrar virkjunar fyrir verksmiðjuna. Í því skyni hefur hann aflað sér meðfylgjandi umsagnar raforkumálastjóra um virkjun Urriðafoss í Þjórsá. Enn fremur hefur hann leitað til fyrrnefndra sérfræðinga (Ásgeirs Þorsteinssonar, Björns Jóhannessonar og Jóhannesar Bjarnasonar) í því skyni að fá upplýsingar um stofnkostnað og rekstur 30000 smálesta verksmiðju. Vísast hér til umsagnar þeirra. Af skiljanlegum ástæðum hafa þeir ekki treyst sér til þess að koma fram með kostnaðaráætlun með svo stuttum fyrirvara, en af umsögnum þessara aðila má þó mynda sér skoðun um stofnkostnað og afkomu slíkrar verksmiðju, svo ekki sé fjarri lagi.

Af umsögnunum verður þetta ráðið:

Virkjun Urriðafoss 95000 kw.
Notkun 30 þús. smálesta verksmiðju 67500 kw.
Notkun til almenningsþarfa 27500 kw.
Rafmagnsverð til verksmiðjunnar um 170 kr. árskw.
Stofnkostnaður verksmiðjunnar um 125 millj. kr.

Út frá þessum forsendum og með hliðsjón af áætlununum, sem framvarpinu fylgja, hefur minni hlutinn gert eftirfarandi kostnaðaráætlun um rekstur 30000 smálesta verksmiðju. Í henni er gert ráð fyrir, eins og í áætlunum í frv., að vextir séu 3% og afskrift fari fram á 15 árum.

Áætlun um rekstrarkostnað við 30000 smálesta áburðarverksmiðju.

1.	Umbúðir	kr.	4 000 000.00
2.	Ýmis rekstrarefni	—	800 000.00
3.	Til húðunar amm.nítrats	—	1 000 000.00
4.	Vinnulaun 100 manna	—	3 000 000.00
5.	Stjórnar- og skrifstofukostnaður	—	500 000.00
6.	Raforka, 480 millj. kwst. á 2.14 aura kwst.	—	10 272 000.00
7.	Skattar	—	280 000.00
8.	Í varasjóð	—	1 800 000.00
9.	Viðhaldskostnaður	—	1 700 000.00
10.	Afborganir, vextir o. fl. um	—	10 648 000.00
		Kr.	34 000 000.00

Framleidd 30000 tonn af köfnunarefni eða 90000 tonn af ammoniaki.

$$\text{Verð á tonni af köfnunarefni } \frac{34\,000\,000}{30\,000} = 1133.33 \text{ kr. tonn.}$$

$$\text{Verð á tonni af ammoniumnitrati } \frac{34\,000\,000}{90\,000} = 377.77 \text{ kr. tonn.}$$

Útflutningsverðmæti 30000 tonna með 2155.—— kr. meðalverði á tonni verður kr. 64 650 000 í útlendum gjaldeyri, en framleiðslukostnaður 34 000 000 kr. í íslenzkum krónum, eða rúmlega 30 millj. kr. hreinn ágóði á ári auk afborgana. Af framleiðslukostnaðinum eru aðeins 10—15% í erlendum gjaldeyri.

Eins og áður var tekið fram, er hér ekki um nákvæmar áætlanir að ræða, en hins vegar gefa þær góða hugmynd um afkomu slíkrar verksmiðju, og má telja víst, að þessi áætlun sé ekki óvarleg, þegar tekið er tillit til þess, að í henni er stuðzt að mestu við áætlun um 7500 smálesta verksmiðju.

Minni hlutinn hyggur, að hann hafi nú sýnt fram á, hvílíkt þjóðþrifafyrirtæki hér er um að ræða, ef hafizt er handa um byggingu nógu stórrar verksmiðju, og það því fremur sem söluhorfur á framleiðslu hennar eru góðar, því að fyrirsjáanlegt er, að markaður fyrir áburð fer alls staðar í vöxt. Fjölgun mannkynsins á jörðinni og það vandamál, sem við hana skapast um að sjá því fyrir matvælum, krefst meiri og meiri ræktunar og því aukins áburðar.

Það er vitað, að til slíks stórfyrirtækis verður að afla fjár með lántöku, enda felur frv. í sér lántökuheimild fyrir ríkisstjórnina í þessu skyni. Verður ekki um þessa hlið málsins annað sagt, enda er það sýnilegt, að sé nokkurn tíma tímabært að taka lán til framkvæmda, þá er það til slíkra framkvæmda sem þessara, þar sem hver króna fengin að láni skilar margföldum arði.

Minni hlutinn hefur um samning þessa álits haft samráð við Sigurð verkfræðing Thoroddsen, fulltrúa Sósialistaflokksins í raforkuráði.

Með tilvísun til framanritaðrar greinargerðar vill minni hluti landbúnaðarnefndar samþykkja frumvarpið með þessum

BREYTINGUM:

1. Við 1. gr. Í stað „2500—7500 smál.“ komi: 30000—40000 smál.
2. Við 2. gr. Málsliðurinn „Vexti af ..... erlendan áburð“ falli burt.
3. Við 2. brtt. meiri hl. (á þskj. 246) við 4. gr. frv. Í stað „þremur“ komi: fimm.
4. Við 9. gr. Í stað orðanna „nemi helmingi af tekjuafgangi hennar eða ½%“ komi: 1%.

Í framsögu verður gerð grein fyrir 2.—4. breytingartillögu minni hlutans.

Alþingi, 3. febrúar 1949.

Sigurður Guðnason.

Fylgiskjal I.

Álit raforkumálastjóra.

Herra alþm. Sigurður Guðnason, Alþingi, Reykjavík.

Sem svar við bréfi yðar, dags. 19. þ. m., skal eftirfarandi tekið fram:

1. Í áætlun G. Sætersmoen frá 1918 er gert ráð fyrir, að hægt sé að virkja 300m³/sek. vatnsrennsli 5 þurrustu mánuði ársins, en 500m³/sek. hina 7 mánuðina. Út frá þessum forsendum telst honum, að afl virkjunar Urriðafoss sé 160 000 hö á túrbínuás í 7 mánuði á ári, en 96 000 hö í 5 mánuði. Meðalafl virkjunarinnar má þá reikna 133 000 hö eða um 95 000 kW í orkuveri.

   Ef Þjórsá væri virkjuð nú, mundi fyrirkomulag verða nokkuð á annan veg en gert er ráð fyrir í áætlunum Sætersmoens. Án þess að gera allnákvæma áætlun um virkjun Urriðafoss er ekki hægt að gera sér fyllilega grein fyrir virkjunarkostnaði nú. Er slíkt töluvert verk og verður ekki gert nema með allmiklum tilkostnaði. Vorið 1947 var gerð tilraun til að gizka á kostnað við virkjun Urriðafoss miðað við tilhögun Sætersmoens og þáverandi verðlag, og var farið nokkuð í gegnum áætlunina um virkjun Urriðafoss. Niðurstaðan af þeirri ágizkun var sú, að virkjunin mundi kosta um 110 millj. kr. og aðalspennistöðvar og háspennulínur til Reykjavíkur um 35 millj. kr. Ættu þessar tölur að gefa hugmynd um, í hvaða stærðarflokki telja má þessa virkjun, en **ber alls** ekki að skoða sem kostnaðaráætlanir.
2. Sé gert ráð fyrir, að rekstrarkostnaður verði 10% af stofnkostnaði og miðað við þann stofnkostnað og þá virkjunarstærð, er að ofan greinir, verður aflverð frá virkjun Urriðafoss eins og sér segir:

Mesta afl við stöðvarvegg	98	kr/kW ár
Meðalafl við stöðvarvegg	118	— —
Meðalafl afspennt í Reykjavík ..	174	— —

   Þess skal getið, að virkjun Urriðafoss er ekki nálægt því nógu stór handa 60 000 tonna áburðarverksmiðju. Til þess mundi þurfa nær helmingi stærri virkjun.
3. Raforkumálaskrifstofan telur mjög varhugavert, ef ekki með öllu útilokað, að reikna með því, að hægt sé að tryggja 10 000 tonna áburðarverksmiðju nægilegt rafmagn frá nýju Sogsvirkjuninni án þess að draga úr eðlilegri notkun rafmagns til annars iðnaðar og heimila.
4. Það er varla hægt að gera ráð fyrir, að hægt sé með nokkru móti að ljúka væntanlegri virkjun Urriðafoss á skemmri tíma en 6 árum.
5. Raforkumálaskrifstofan telur lítinn vafa á því, að nægilegur markaður verði

fyrir allt rafmagn frá Sogsvirkuninni fljótlega eftir að virkjun neðri fossanna tekur til starfa, án þess að áburðarverksmiðjan taki nokkurn hluta þess.

Viðvíkjandi fyrirspurn 3 og 5 vísast að öðru leyti til bréfs Steingríms Jónssonar rafmagnsstjóra, dags.. 20. þ. m., sem sendist hjálagt í afriti.

Virðingarfyllst,

Jakob Gíslason.

Páll Sigurðsson.

Fylgiskjal II.

Álit rafmagnsstjóra 20. jan. 1949.

Reykjavík, 20. jan. 1949.

Varðandi fyrirspurnir um virkjun Sogsins í sambandi við áburðarverksmiðju.

Að beiðni yðar, herra raforkumálastjóri, er mér ljúft að svara fyrirspurnum Sigurðar Guðnasonar alþingismanns í bréfi hans, dags. 19. jan., að því er snertir virkjun Sogsins í sambandi við fyrirhugaða áburðarverksmiðju.

Fyrirspurn 3. Er hægt að tryggja 10 000 tonna áburðarverksmiðju nægilegt rafmagn frá nýju Sogsvirkjuninni, án þess að draga úr nauðsynlegri notkun rafmagns til heimila og iðnaðar?

Svar:

Gert er ráð fyrir, að minnsta nothæft ársmeðalrennsli í Sogi sé 93m³/sek. Með þessu rennsli er hægt að fá þessa orkuvinnslu:

Í Efra Sogi (22 m fall)	139	millj.	kwst. á ári
Í Ljósafossi (17,4 m fall)	110	—	— —
Í Neðra Sogi (37,6 m fall)	238	—	— —
Samtals	487	millj.	kwst. á ári

Orkuvinnslan árið 1948 var 111 millj. kwst. og hefur verið vaxandi með 12—13 millj. kwst. árlega hin síðari árin. Sé gert ráð fyrir áframhaldandi aukningu næstu árin á svipaðan hátt, verður orkuþörfin eins og sýnt er í eftirfarandi töflu. Þar er og talin upp orkuþörf 10 000 tonna áburðarverksmiðju frá 1952.

1. tafla. Áætluð orkuþörf.

Ár	Til alm. þarfa millj. kwst.	Áburðar-verksmiðja millj. kwst.	Samtals millj. kwst.	Fáanlegt úr Sogi millj. kwst.
1949	124	„	124	110
1950	137	„	137	110
1951	150	„	150	110
1952	163	220	383	348
1953	176	220	396	348
1954	189	220	409	348
1955	202	220	422	487
1956	215	220	435	487
1957	228	220	447	487
1958	241	220	461	487
1959	254	220	474	487
1960	268	220	487	487

Virkjun Neðri fossa í Sogi er fyrirhuguð á 1. stigi með 2 vélasamstæður upp á 30800 kw samtals. Sé þetta afl notað til iðnaðar með 7500 stunda hagnýtingartíma árlega, er það 230 millj. kwst. árlega, eða 10 000 tonna áburðarverksmiðja tekur alla næstu virkjun. Yrði því að halda áfram virkjun Efra Sogsins þegar í

stað, og væri henni lokið 3 árum síðar, 1954—55, mundi allt Sogið þá verða fullvirkjað og endast til 1960, fyrir áburðarverksmiðju af ofangreindri stærð auk almenningsþarfa.

Í aftasta dálki töflunnar er sýnt, hversu mikið hægt er að fá frá Sogi, þegar næsta virkjun er tekin til starfa 1952 og Efra Sogið 1955. Má þá af mismuninum á þeim dálki og næsta á undan sjá muninn á áætlaðri þörf og áætlaðri orkuvinnslugetu.

Þar sést, að það er ekki hægt að láta 10 000 tonna áburðarverksmiðju fá fulla orku fyrr en Efra Sogið er einnig virkjað, ekki nema sem svarar 7000 tonna áburðarvinnslu.

Þess má enn fremur geta í þessu sambandi og þegar nota á Sogið fyrir svo stóra áburðarverksmiðju verður að reikna með, að aflið þurfi að vera að meira leyti forgangsafl en upphaflega var reiknað með. Hefur það áhrif á rekstursáætlun áburðarverksmiðjunnar.

Þegar Sogið er fullvirkjað, má sjá þetta þannig:

Sé hagnýtingartími Sogsvirkjunar vegna almenningsnotkunar 4000 st., eins og nú er, miðað við að ekki sé samband við topprekstrarstöð, þá er:

Almenningsnotkun	67 000 kw × 4000 st.	= 268.10⁶ kwh.
forgangsorka áb.verksm.	10 000 kw × 7500 st.	= 75.10⁶ kwh.
Samtals	77 000 kw × 4520 st.	= 343.10⁶ kwh.
afgangsorka		= 145.10⁶ kwh.
Samtals	77 000 kw × 6400 st.	= 488.10⁶ kwh.

og mun þetta ef til vill geta staðizt. En af töflunni má sjá, að sum árin verður Sogið að hafa samstarf við topprekstrarstöð, eins og nú er, og er því hagnýtingartími stöðvarinnar sem grunnaflstöðvar mun meiri, enda má gera ráð fyrir, að hagnýtingartími almenningsnotkunar verði hærri í framtíðinni en nú er. Sé gert ráð fyrir, að hann verði 5000 st., verður útkoman:

Almenningsnotkun	53 800 kw × 5000 st.	= 268.10⁶ kwh.
forgangsafl áb.verksm.	10 000 kw × 7500 st.	= 75.10⁶ kwh.
Samtals	63 800 kw × 5400 st.	= 343.10⁶ kwh.
afgangsorka		= 145.10⁶ kwh.
Samtals	63 800 kw × 7700 st.	= 488.10.⁶ kwh.

Þessi langi hagnýtingartími er vart mögulegur svo að öruggt sé, nema með samsvarandi aukinni toppstöð. Mun það þá hafa áhrif á verð svokallaðrar afgangsorku.

Fyrirspurn 5. Verður markaður fyrir allt rafmagnið frá nýju Sogstöðinni, þegar hún er tilbúin, án þess að áburðarverksmiðjan tæki nokkuð af því?

Svar:

Vöxtur raforkunotkunar í Reykjavík var frá fyrsta rekstursári 1922 fram til 1936, meðan Elliðaárstöðin var ein, 7,5% á ári að meðaltali, sem hvert ár var hærra en næsta ár á undan. Frá 1937, eftir að Sogsvirkjunin tók til starfa, til ársloka 1948 hefur vöxturinn verið að meðaltali nær 25% á ári. Meðalvöxtur frá 1922 til 1948 hefur verið 14% til jafnaðar, en það svarar til nærri 4-földunar á hverjum áratug. Ef því sami vöxtur verður áfram eins og meðaltalið hefur verið 1922—1948, er þörf á, að allt Sogið verði virkjað á einum áratug, enda þótt ekki komi til áburðarverksmiðja. Má því svara spurningunni: tvímælalaust já.

Virðingarfyllst,

Steingr. Jónsson.

Til raforkumálastjóra, Jakobs Gíslasonar, Reykjavík.

Fylgiskjal III.

Álit áburðarverksmiðjunefndar.

Reykjavík, 2. febrúar 1949.

Hr. alþm. Sigurður Guðnason, Alþingi, Reykjavík.

Sem svar við bréfi yðar, herra alþingismaður, dags. 19. janúar s. l., viljum vér taka fram eftirfarandi:

1. Vér höfum því miður ekki upplýsingar, er geri oss kleift að áætla stofn- og rekstrarkostnað 60 000 smálesta verksmiðju, svo að á mætti treysta. Engra verðtilboða hefur verið aflað í verksmiðjur af slíkri stærð.

Af bréfi raforkumálastjóra, dags. 22. jan. s. l., virðist mega ráða, að næsta stórvirkjun í Þjórsá (Urriðafoss) yrði um 95 000 kw., og sýnist þá ekki óeðlilegt að takmarka stærð áburðarverksmiðju við slíka virkjun.

Með því að gera ráð fyrir, að hver smálest af bundnu köfnunarefni krefjist 2.25 árskílowatts af rafmagni, þá mundi 30 000 smálesta verksmiðja þurfa 67 500 kw., og yrði þá eftir af Urriðafossvirkjun tæp 30 000 kw. til almannaþarfa.

Til þess að gefa einhverja hugmynd um stofnkostnað 30 000 smálesta verksmiðju, þá gizkum vér á, að hún mundi kosta um 125 millj. kr., en þessa upphæð má þó engan veginn skoða sem kostnaðaráætlun.

Sé árskílówattið áætlað á kr. 170.00, yrðu árleg útgjöld vegna raforku um 11,5 millj. kr., og vextir og afborganir vegna stofnlána væntanlega í námunda við þessa upphæð.

Brúttó útflutningsverðmæti gætu orðið um 50 millj. kr. með núverandi verðlagi, og er þá gert ráð fyrir, að öll framleiðslan sé flutt út.

Vér teljum ekki rétt að gera tilraun til þess að semja rekstraráætlun fyrir 30 000 smálesta verksmiðju, þar eð slík áætlun yrði óáreiðanleg. Þó er öruggt, að framleiðslukostnaður í slíkri verksmiðju yrði lægri en t. d. í 5000 eða 7500 smálesta verksmiðjum, miðað við full afköst og örugga afsetningu. Stofn- og vinnukostnaður á hverja framleiðslueiningu minnkar eftir því sem afköst verksmiðjunnar aukast, og því lækkar framleiðslukostnaður með verksmiðjustærð upp að vissu marki.

Þessar athuganir, þótt slitróttar séu, verðum vér að láta nægja sem svar við fyrri spurningu yðar.

2. Annarri spurningunni er þegar að nokkru svarað. Með sömu orkuþörf og reiknað er með hér að framan þyrfti 60 000 smálesta verksmiðja 135 000 kw afl, allt sem frumorku.

Virðingarfyllst,

F. h. Ásgeirs Þorsteinssonar, Björns Jóhannessonar og Jóhannesar Bjarnasonar,

Björn Jóhannesson.

Ed. 313. Lög [2. mál]

um heimild fyrir ríkisstjórnina til þess að leyfa innflutning á síldarbræðsluskipi.

(Afgreidd frá Ed. 4. febr.)

Samhljóða þskj. 2.

Nd. 314. Breytingartillaga [13. mál]

við frv. til l. um veitingu ríkisborgararéttar.

Frá Áka Jakobssyni.

Við 1. gr. Á eftir 19. tölul. komi nýr liður:
Friedländer, Heinz Karl, vélamaður í Reykjavík, fæddur í Þýzkalandi 27. ágúst 1914.

Sþ. 315. Þingsályktun [21. mál]

um innflutning jeppabifreiða og hliðstæðra bifreiða til landbúnaðarþarfa.

(Afgreidd frá Sþ. 4. febr.)

Alþingi ályktar að skora á ríkisstjórnina að hlutast til um, að á næsta ári verði fluttar til landsins eigi færri en 750 jeppabifreiðar og hliðstæðar bifreiðar til landbúnaðarþarfa, sem eingöngu verði seldar bændum, enda verði settar strangar reglur, sem tryggi, að þær haldist í sveitum landsins í eigu þeirra, sem landbúnað stunda.

Jafnframt verði séð fyrir nægilegum innflutningi varahluta til þessara og annarra atvinnubifreiða.

Sþ. 316. Þingsályktun [22. mál]

um innflutning landbúnaðarvéla.

(Afgreidd frá Sþ. 4. febr.)

Alþingi ályktar að skora á ríkisstjórnina að hlutast til, að á næsta ári verði fluttar til landsins landbúnaðarvélar, eftir því sem þörf krefur, svo sem jarðýtur, skurðgröfur og aðrar stórvirkar vélar, til að fullnægja þörf búnaðarfélaga og ræktunarsambanda. Einnig minni dráttarvélar og aðrar búvélar, eftir því sem frekast er unnt. Jafnframt verði séð fyrir nægilegum varahlutum.

Leggur Alþingi fyrir ríkisstjórn og fjárhagsráð að fullnægja þörf þeirra, sem hér er um rætt, áður en leyfður er innflutningur á bílum.

Nd. 317. Frumvarp til laga

um heimild fyrir ríkisstjórnina til að selja Hafnarhreppi þjóðjörðina Hafnarnes.

Flm.: Páll Þorsteinsson.

1. gr.

Ríkisstjórninni er heimilt að selja Hafnarhreppi þjóðjörðina Hafnarnes. Land það og lóðir, sem Hafnarhreppur kaupir samkvæmt lögum þessum, er honum heimilt að leigja, en óheimilt að selja öðrum en ríkinu.

Hreppnum skal skylt að afsala ríkinu á kostnaðarverði hluta af landi því eða lóðum, er hann eignast samkvæmt lögum þessum, þurfi ríkið síðar á því að halda vegna opinberra framkvæmda.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Frumvarp þetta er flutt eftir beiðni hreppsnefndarinnar í Hafnarhreppi. Eins og nú er háttað, á Hafnarhreppur ekkert land. En þorpið Höfn er í örum vexti. Þykir því hagkvæmara, að stjórn hreppsins hafi full umráð fyrir landi því, sem að þorpinu liggur.

Sjálfsagt er, að hreppurinn leggi fram hluta af landi því, er hann eignast, þurfi ríkið síðar á því að halda vegna hafnargerðar eða annarra opinberra framkvæmda, enda er svo fyrir mælt í fyrstu grein frv.

Fylgiskjal I.

HREPPSNEFND HAFNARHREPPS

Höfn, Hornafirði, 22. jan. 1949.

Hreppsnefnd Hafnarhrepps hefur leikið hugur á, að hreppsfélagið fengi tækifæri til þess að leita eftir kaupum á Hafnarnestorfunni. Telur hreppsnefndin það hagkvæmara, að Hafnarhreppur hafi umráðarétt á jörðinni vegna framtíðar kauptúnsins, sem er í örum vexti.

Hér með er sent staðfest útskrift úr gerðabók hreppsnefndar Hafnarhrepps, með ósk um, að þið alþingismennirnir, sem fundarsamþykktin nefnir, hafið samvinnu um flutning málsins á hinu háa Alþingi.

Hr. alþingismanni, Ásmundi Sigurðssyni, er send samhljóða greinargerð.

Sigurjón Jónsson,
oddviti.

Herra alþingismaður Páll Þorsteinsson, Alþingi.

Fylgiskjal II.

HREPPSNEFND HAFNARHREPPS

Útskrift úr gerðabók hreppsnefndar Hafnarhrepps.

Ár 1948, sunnudaginn 5. desember, kom hreppsnefnd Hafnarhrepps saman á fund í barnaskólahúsinu. Allir nefndarmenn voru mættir. Það, sem tekið var fyrir:

— — —

2. Kaup á Hafnarneslandinu.

Samþykkt einróma að fela alþingismönnunum, Ásmundi Sigurðssyni og Páli Þorsteinssyni, að flytja frumvarp um, að ríkisstjórninni verði heimilað að selja Hafnarhreppi þjóðjörðina Hafnarnes.

— — —

Fleira ekki tekið fyrir. Fundi slitið.

Sigurjón Jónsson. Benedikt Þorsteinsson. Ásgeir Guðmundsson.
Gísli Björnsson. Óskar Guðnason.

Rétta útskrift staðfestir:

Gunnar Snjólfsson,
Hreppstjóri Hafnarhrepps.

Nd. 318. Frumvarp til laga [123. mál]

um breyting á lögum nr. 50 17. maí 1947, um breyting á lögum nr. 102 19. júní 1933, um samþykktir um sýsluvegasjóði.

Flm.: Jón Sigurðsson, Steingrímur Steinþórsson.

1. gr.

Í stað orðanna „og ekki hærri en 12 af þúsundi“ í 1. gr. laganna komi: og ekki hærri en 16 af þúsundi.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Árið 1947 var hámark álagningar vegna sýsluvegasjóða gegn tilskildu framlagi ríkissjóðs hækkað um 2‰ eða úr 10‰ í 12‰, og komu ákvæði þessi til framkvæmda þegar á því ári. Reynsla tveggja undanfarinna ára hefur leitt í ljós, að þessi hækkun er með öllu ófullnægjandi, og nú er svo komið, að sýsluvegasjóðsgjald það, sem lögin heimila að leggja á, gerir lítið meira en hrökkva fyrir sýsluvegaviðhaldinu einu saman. Þetta er ekki annað en það, sem búast mátti við. Akfærir sýsluvegir lengjast stöðugt og umferð bifreiða eftir þessum vegum hraðvex, en hvort tveggja krefst aukins vegaviðhalds, sem ekki tjáir að vanrækja. Afleiðing þess, að nær ekkert verður eftir af sýsluvegasjóðsfé til nýbygginga, þegar lokið er að greiða vegaviðhaldskostnaðinn, hefur orðið sú, að mörg sveitarfélög hafa neyðzt til að taka stórfé á þeirra mælikvarða að láni til þess að þoka áfram nýbyggingu sýsluvega í hreppunum, sem koma einstökum bæjum og byggðarlögum í það akvegasamband, að unnt sé að koma búsafurðum þaðan daglega á markaðinn með kleifum kostnaði. Þessi vegagerð forðar því, að þessir bæir og byggðarlög fari í eyði sökum vegaleysis. Það er því ekki ófyrirsynju, að lagt er til, að sýslunefndum sé heimilað að hækka sýsluvegasjóðsgjöldin gegn því framlagi ríkissjóðs, er lögin ákveða.

Frumvarp þetta er flutt samkvæmt mjög eindreginni áskorun sýslunefndar Skagafjarðarsýslu. Áskoranir í sömu átt hafa einnig verið samþykktar af mörgum öðrum aðilum, er þessi mál varða sérstaklega.

Nd. 319. Breytingartillögur [13. mál]

við frv. til l. um veitingu ríkisborgararéttar.

Frá allsherjarnefnd.

Við 1. gr.

a. Á eftir 22. tölul. kemur nýr liður:
Helland, Knut Ö., verzlunarmaður á Siglufirði, fæddur 6. nóvember 1914 í Noregi.

b. Á eftir 23. tölul. kemur nýr liður:
Johansen, Aage Boyum, kafari á Siglufirði, fæddur 7. apríl 1914 í Danmörku.

Nd. 320. Nefndarálit [74. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 64 23. júní 1932, um kirkjugarða.

Frá heilbrigðis- og félagsmálanefnd.

Nefndin hefur athugað frv. og leggur til, að það verði samþykkt óbreytt.

Alþingi, 8. febrúar 1949.

Sigurður E. Hlíðar, form. Helgi Jónasson, fundaskr. Hallgr. Benediktsson, frsm.
Katrín Thoroddsen. Gylfi Þ. Gíslason.

Nd. 321. Frumvarp til laga [124. mál]

um samkomudag reglulegs Alþingis 1949.

Frá allsherjarnefnd.

1. gr.

Reglulegt Alþingi 1949 skal koma saman fyrsta dag októbermánaðar, hafi forseti Íslands eigi tiltekið annan samkomudag fyrr á árinu.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Frv. þetta flytur nefndin að beiðni forsætisráðherra, en einstakir nefndarmenn áskilja sér rétt til þess að flytja brtt. um samkomudaginn eða fylgja brtt., er fram kynnu að koma um það efni. Frv. fylgdu svolátandi athugasemdir:

„Vitað er, að Alþingi, er nú situr, mun eigi ljúka störfum fyrir 15. febrúar þ. á. Ber því nauðsyn til að ákveða með lögum annan samkomudag reglulegs Alþingis 1949 en ráðgerður er í 35. gr. stjórnarskrárinnar. Er lagt til, að þingið verði kvatt til fundar eigi síðar en 1. október n. k.“

Nd. 322. Breytingartillögur [13. mál]

við frv. til l. um veitingu ríkisborgararéttar.

Frá Jóhanni Hafstein, Gylfa Þ. Gíslasyni, Steingrími Steinþórssyni, Sigfúsi Sigurhjartarsyni, Gunnari Thoroddsen.

Við 1. gr.

a. Á eftir 13. tölul. kemur nýr liður:
   Billich, Karl, pianóleikari í Reykjavík, fæddur 23. júlí 1911 í Austurríki.
b. Á eftir 16. tölul. koma nýir liðir:
   1. Edelstein, Heinz Theodor, dr., tónlistarkennari í Reykjavík, fæddur 5. júní 1902 í Þýzkalandi.

2. Edelstein, Stefan Emanuel, námsmaður í Reykjavík, fæddur 28. desember 1931 í Þýzkalandi.

c. Á eftir 29. tölul. koma nýir liðir:
1. Urbantschitsch, Peter Paul Martin, námsmaður í Reykjavík, fæddur 4. júlí 1931 í Austurríki.
2. Urbantschitsch, Victor Ernest Johann, dr., tónlistarkennari í Reykjavík, fæddur 9. ágúst 1903 í Austurríki.

Nd. 323. Breytingartillaga [124. mál]

við frv. til l. um samkomudag reglulegs Alþingis 1949.

Frá Jörundi Brynjólfssyni og Stefáni Stefánssyni.

Við 1. gr. Fyrir orðin „fyrsta dag októbermánaðar“ kemur: ellefta dag októbermánaðar.

Sþ. 324. Fyrirspurnir [125. mál]

I. Til ríkisstjórnarinnar varðandi byggingu og rekstur fiskiðjuvers við Grandagarð í Reykjavík.

Frá Jónasi Jónssyni.

1. Hvaða aðilar réðu því, að lagt var út í byggingu fiskiðjuversins?
2. Hve mikið fé hefur verið lagt í þessa byggingu?
3. Hvar standa byggingarlánin fyrir fiskiðjuverið?
4. Hve mikið hefur ríkið fengið fyrir selda framleiðslu fiskiðjuversins árlega?
5. Hve mikill er hinn árlegi tekjuhalli fyrirtækisins?
6. Hve mikið hefur fiskiðjuverið goldið forstöðumönnum sínum fyrir undirbúning, ferðalög og í laun?
7. Hvað ætlar ríkisstjórnin að gera við fiskiðjuverið, fullgera það, starfrækja það, leigja það eða selja?

II. Til ríkisstjórnarinnar um tilkostnað við fjárbú ríkisins á Hesti.

Frá Jónasi Jónssyni.

1. Hve mikið var lagt út úr ríkissjóði til að stofna núverandi fjárbú á Hesti?
2. Hve mikið var greitt vegna Hestbúsins til að byggja yfir prest safnaðarins á Hvanneyri?
3. Hve margt sauðfé hefur verið keypt að Hestbúinu árlega, síðan mæðiveikitilraunir hófust þar?
4. Hve mikið hefur drepizt af fé á Hestbúinu árlega?
5. Hve miklar tekjur og útgjöld hefur landið haft af þessum búrekstri á Hesti?
6. Hve mikinn arð fær Hestbúið af laxveiðinni í Grímsá?
7. Hve mikil laun fékk yfirstjórnandi Hestbúsins árið sem leið sem forstjóri þess, forstöðumaður landbúnaðardeildar í atvinnudeild og sem starfsmaður í Búnaðarfélagi Íslands?
8. Hvað hefur á unnizt í mæðiveikimálinu með tilraunastarfseminni á Hesti?

III. Til menntamálaráðherra um endurgreiðslu á fé ríkissjóðs fyrir lönd hjá Kleppi handa Menntaskólanum í Reykjavík.

Frá Jónasi Jónssyni.

1. Hve mikið fé lét fyrrv. menntamálaráðherra, Brynjólfur Bjarnason, greiða úr ríkissjóði fyrir land í nánd við Klepp sem væntanlega lóð fyrir Menntaskólann í Reykjavík.
2. Hver var eigandi þessara lóðarréttinda, þegar ríkið keypti réttindin?
3. Hvers vegna á ekki að nota þetta land fyrir menntaskólann?
4. Hvenær fær ríkisstjórnin þessa fjárhæð endurgreidda, og hvað hefur hún gert til að endurheimta þetta fé í ríkissjóð?

IV. Til landbúnaðarráðherra um leigu á jarðhúsum.

Frá Gísla Jónssyni.

Hefur ríkisstjórnin tekið á leigu jarðhúsin við Elliðaár? Sé svo, óskast upplýst:

1. Er þetta gert í samráði við forstjóra grænmetisverzlunar ríkisins eða eftir hans tillögum?
2. Til hve langs tíma eru húsin leigð, og hver er ársleigan?
3. Er ársleigan ákveðin með mati, og ef svo er, hverjir hafa metið hana, og hvað hefur það mat kostað?
4. Er hugsað, að grænmetisverzlun ríkisins noti húsin til geymslu á grænmeti, eða stendur til að nota þau í sambandi við annan atvinnurekstur og af öðrum aðilum og þá hverjum?

V. Til fjármálaráðherra um kostnað Íslands af þátttöku í bandalagi Sameinuðu þjóðanna.

Frá Hannibal Valdimarssyni.

1. Hvaða árgjald hefur Íslandi verið gert að greiða til Sameinuðu þjóðanna samkvæmt 17. grein bandalagssáttmálans?
2. Hver hefur orðið kostnaður Íslands af fulltrúasendingum á þing Sameinuðu þjóðanna, hvert árið um sig?
3. Hver er orðinn allur kostnaður Íslands af þátttöku þess í bandalagi Sameinuðu þjóðanna, síðan Ísland gerðist þar aðili og til þessa dags?

VI. Til menntamálaráðherra um greiðslu fyrir þýðingarrétt íslenzkra og erlendra rita.

Frá Lárusi Jóhannessyni.

1. Hversu miklar gjaldeyristekjur hafa landinu borizt fyrir þýðingarrétt á íslenzkum ritum?
2. Hvað hafa Íslendingar greitt til útlanda fyrir þýðingarrétt á erlendum ritum?
3. Hve háar upphæðir hefur verið sótt um til viðskiptanefndar til greiðslu á erlendum þýðingarrétti, en gjaldeyrisleyfum synjað árið 1948?
4. Er ráðherranum kunnugt um, að erlendir umboðsmenn rithöfunda eru hættir að svara bréfum frá Íslendingum út af þýðingarrétti, þar sem þeir telja það ekki svara kostnaði, þar sem yfirfærsla á samningsbundnum smágreiðslum fæst ekki?
5. Vill ráðherra taka til athugunar, hvort ekki væri rétt, að Ísland segði sig úr Bernarsambandinu og semdi í stað þess við einstök ríki um gagnkvæma vernd rithöfundarréttar?

Nd. **325. Frumvarp til laga** [126. mál]

um breyting á lögum nr. 112/1941, um lax- og silungsveiði.

Frá landbúnaðarnefnd.

1. gr.

Í stað „1. september“ í 3. tölul. 16. gr. laganna kemur: 15. september.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Tilgangurinn með að fá breytt ákvæði 3. liðar 16. gr. laga nr. 112/1941, um lax- og silungsveiði, þannig, að veiðitími fyrir göngusilung verði lengdur frá 1. til 15. september, er að leiðrétta ósanngjarnt ákvæði, sem erfitt er að framfylgja. Skal nú gerð grein fyrir, að hvaða leyti ákvæðið í nefndri lagagrein er ósanngjarnt, og einnig, að þetta ákvæði er í andstöðu við tilgang laga um lax- og silungsveiði.

Göngusilungur gengur í ár hér á landi seinni hluta sumars til að hrygna, og er hann mest veiddur í hrygningargöngunni. Sunnan- og vestanlands gengur mestur hluti göngusilungsstofnanna upp í árnar frá miðjum ágústmánuði til jafnlengdar í september, en norðan- og austanlands nokkru fyrr. Samkvæmt núgildandi lögum er því veiðieigendum fyrirmunað að stunda göngusilungsveiði um helming þess tíma, sem veiði er mest. Er þetta ósanngjarnt ákvæði, þar sem það þarf engu tjóni að valda, heldur er beinlínis æskilegt af ýmsum ástæðum, að veiðitíminn sé lengdur fram í miðjan september. Að vísu má gefa undanþágu til að veiða göngusilung lengur en til 1. september samkvæmt lögum, en undanþáguheimildin er ætluð aðeins til að gefa leyfi til framlengingar á göngusilungsveiði þar, sem sérstaklega stendur á, en ekki til að veita svo að segja hverjum veiðieiganda á öllu landinu, eins og þyrfti með vegna núverandi ákvæðis.

Það þykir eðlilegt að binda lok veiðitímans fyrir göngusilung við 15. september. Er þá göngu sjógengins silungs að langmestu leyti lokið og ekki langt til þess tíma, að fyrstu silungar og laxar fari að hrygna. Þann 15. september skal laxveiði einnig lokið árlega, og er sjálfsagt að láta lax- og göngusilungsveiðina enda sama dag, því að við veiðar annarrar tegundarinnar, sem lengur er leyft að veiða, mundu menn veiða af báðum og hirða alla veiðina jafnt án tillits til tegundanna. Sérstaklega er það óheppilegt að leyfa göngusilungsveiði lengur en laxveiði, því að þá mundu menn hyllast til að veiða lax í blóra við leyfi til göngusilungsveiði, en slíkt er óheillavænlegt, þar sem laxinn er mjög viðkvæmur fyrir ofveiði. Þar sem svo hagar til, að veiða megi göngusilung að skaðlausu lengur en til 15. september, kemur heimild til að gefa undanþágur til framlengingar á veiðitímanum að tilætluðum notum.

Saga núverandi ákvæðis um, að veiðitími fyrir göngusilung skuli enda 1. september árlega, er í stuttu máli þessi: Í frumvarpi til laga um lax- og silungsveiði, sem lagt var fram á Alþingi árið 1930, var gert ráð fyrir, að veiðitími fyrir göngusilung endi 15. september árlega, en þá skyldi laxveiði einnig hætt (sjá þingskjal 343, bls. 814 og 815). Frumvarpið var ekki afgreitt á þinginu 1930 og var lagt fram aftur á þinginu 1931 nokkuð aukið, en fékk heldur ekki afgreiðslu þá, og var svo lagt fram í þriðja sinn á þinginu 1932 enn aukið. Í frumvarpinu, sem lagt var fram 1932, var nefnt ákvæði um lok göngusilungsveiði hið sama eins og 1930, og fór það óbreytt í gegnum neðri deild og fram til þriðju umræðu í efri deild, en þá kom fram breytingartillaga við það, þar sem lagt var til, að veiðitíminn fyrir göngusilung, og þá jafnframt fyrir lax, yrði styttur til 15. ágúst árlega, og til vara til 1. september. Varatillagan var samþykkt eftir þriðju umræðu, og hélzt breytingin í meðferð neðri deildar, en þaðan var frumvarpið afgreitt sem lög. Hefur umrætt ákvæði um, að veiðitími fyrir göngusilung endi 1. september haldizt óbreytt fram til þessa dags, þó

að margar breytingar hafi verið gerðar á lögum um lax- og silungsveiði frá 1932, og þar á meðal hafi veiðitími fyrir lax verið lengdur fram til 15. september þegar árið 1936. Hefði verið eðlilegt að lengja veiðitímann fyrir göngusilung um leið og laxveiðitíminn var lengdur, en í það skiptið sem og endranær hefur göngusilungurinn horfið í skuggann fyrir laxinum.

Tilgangur flutningsmanns með breytingartillögu sinni um að stytta veiðitímann fyrir göngusilung og lax var að stuðla að því, að nefndar fisktegundir yrðu veiddar nýrunnar úr sjó, því að þá væru þær verðmætastar, og einnig til að gefa lax og göngusilungi næði á hrygningarstöðvunum á haustin. Tilgangur flutningsmanns var virðingarverður, en stytting veiðitímans var að ýmsu leyti óheppileg ráðstöfun, sem vann á móti, að lögin um lax- og göngusilungsveiði næðu tilgangi sínum. Skal nú vikið nánar að því.

Tilgangurinn með lax- og silungsveiðilögunum var að skapa aðstöðu til fullrar nýtingar náttúruauðæfanna, sem fólgin eru í veiðivötnum landsins, og að jafna hlut veiðieigenda við veiðiárnar frá því, sem var, áður en lögin tóku gildi (sjá þingskjal 343 1930, bls. 832). Ráðstöfun sú, sem fólst í umræddri breytingartillögu, sem sé að stytta veiðitímann frá því, sem upprunalega frumvarpið gerði ráð fyrir, miðaði í öfuga átt við að jafna hlut veiðieigenda, enda hefur sú raunin orðið á í framkvæmd ákvæðisins, að sárafáir hafa tekið ákvæðið alvarlega, heldur hafa veitt í september eftir geðþótta. Þar, sem laxveiði er í ám, sem göngusilungur gengur um, hefur verið auðvelt fyrir veiðimenn að halda því fram eftir lengingu laxveiðitímans 1936, að þeir séu að veiða lax eftir 1. september, þó að vitað sé, að veiðin sé að langmestu leyti göngusilungur.

Frá fiskifræðilegu sjónarmiði má finna ýmislegt til foráttu ákvæði um að hætta að veiða fiskstofna á miðjum veiðitímanum, þegar veiði fer fram meðan fiskur er á göngu upp straumvötn, eins og er tilfellið með núverandi ákvæði um göngusilungsveiði. Skal það eitt aðeins nefnt hér, að það hefur spillandi áhrif á fiskstofnana, að veiðin er stunduð af kappi fyrri hluta göngunnar, en síðgengna fiskinum hlíft. Við það skapast ójafnvægi í viðkomu snemmgenginna og síðgenginna fiska, þannig að með tímanum verður tiltölulega meira af síðgengnum fiski, sem að meðaltali er smærri og verðminni en snemmgengni fiskurinn. Ótal dæmi mætti nefna til sönnunar þessu máli, en ekki þykir þörf á að gera það hér.

Því miður er málum svo farið, að lögum um lax- og silungsveiði er ekki sá gaumur gefinn né að þau hljóti þá virðingu, sem þeim ber með þjóðinni. Orsakast þetta af vanþekkingu almennings á lögunum og tilgangi þeirra og lélegu eftirliti með þeim. Er bráð nauðsyn á að bæta úr vankönturnum, og er þegar farið að gera ráðstafanir til að kynna almenningi lögin, og áherzla er lögð á að bæta eftirlitið. En jafnframt því, að nefndar ráðstafanir eru gerðar, þarf að breyta lögunum í sanngjarnara og eðlilegra horf en þau eru nú í, jafnóðum og séð verður, hvað má betur fara. Er ofangreind breytingartillaga um lengingu veiðitíma fyrir göngusilung fyrsta sporið í þá átt.

Nd. 326. Nefndarálit [116. mál]

um afnám l. nr. 54 31. maí 1927, um breyt. á l. nr. 30 20. okt. 1913, um umboð þjóðjarða.

Frá landbúnaðarnefnd.

Nefndin mælir með, að frumvarpið verði samþykkt.

Alþingi, 9. febr. 1949.

Steingr. Steinþórsson, form., frsm. Jón Pálmason, fundaskr. Jón Sigurðsson.
Sigurður Guðnason. Ásg. Ásgeirsson.

Nd. 327. Breytingartillaga [16. mál]

við frv. til l. um áburðarverksmiðju.

Frá Sigurði Kristjánssyni.

Við 2. gr.

a. Aftan við 2. málsl. bætist: ef Alþingi samþykkir lánsfjárhæðina og lánskjörin.
b. 3. og 4. málsl. falla niður.

Ed. 328. Lög [17. mál]

um kjötmat o. fl.

(Afgreidd frá Ed. 9. febr.)

Samhljóða þskj. 309.

Nd. 329. Breytingartillögur [98. mál]

við frv. til l. um breyt. á l. nr. 66 17. júlí 1946, um atvinnu við siglingar á íslenzkum skipum.

Frá sjávarútvegsnefnd.

1. Við 9. gr. Orðin „svo og til að vera .... meira en 900 hestafla vél" falli niður.
2. Við 10. gr. Greinin orðist svo:
   Aftan við 38. gr. laganna komi ný málsgr., svo hljóðandi:
   Sá, er öðlazt hefur yfirvélstjóraskírteini samkv. 1. mgr. þessarar greinar, staflið a—e, getur öðlazt yfirvélstjóraskírteini á mótorskipi með allt að 900 hestafla vél, ef hann auk skilyrða 1. mgr. hefur siglt sem 2. vélstjóri á skipi með meira en 250 hestafla vél í 24 mánuði, en 18 mánuði, hafi viðkomandi lokið hinu minna mótorvélstjóraprófi og siglt í 24 mánuði á skipi með yfir 50 hestafla vél.
3. Við 11. gr. Orðin „sbr. þó 37. gr." í meginmálsgr. falli niður.
4. Við 12. gr. Orðin „sbr. þó 37. gr." í meginmálsgr. falli niður.
5. Við 15. gr. Greinin orðist svo:
   a. Fyrir „50" í b- og c-liðum 48. gr. laganna komi: 75.
   b. Fyrir „42. gr." í e-lið sömu lagagr. komi 38. eða 42. gr. — og fyrir „40. gr." komi: 36. og 40. gr.
6. Við 16. gr. Greinin orðist svo:
   55. gr. laganna orðist svo:
   Ráðherra er heimilt, þegar skortur er á skipstjórnarmönnum og vélstjórum, að veita undanþágu frá skilyrðum laga þessara til skipstjórnar- og vélstjórastarfa, enda sé áður leitað umsagnar hlutaðeigandi stéttarfélaga.

Nd. 330. Frumvarp til laga [127. mál]

um sölu á steinolíu, hráolíu, benzíni og smurningsolíu.

Frá allsherjarnefnd.

1. gr.

Steinolíu, hráolíu, benzín og smurningsolíu skal selja eftir vigt eða um mæli.

2. gr.

Á hverju íláti, sem inniheldur steinolíu, hráolíu, benzín eða spurningsolíu, skal vera merkt:

a. nafn firma þess, félags eða einstaks manns, er vöruna selur;
b. nafn tegundarinnar, sem ílátið inniheldur;
c. þyngd ílátsins með innihaldi (brúttóvigt);
d. þyngd innihaldsins (nettóvigt);
e. tala (númer) ílátsins.

Þessi ákvæði ná þó eigi til smásölu, þótt seljandi leggi til ílát eða selji þau með vörunni.

3. gr.

Hverjum sölureikningi skal fylgja sundurliðun yfir hvert ílát, þar sem tilgreint er:
a. tala (númer) ílátsins;
b. nafn tegundar;
c. þyngd ílátsins með innihaldi;
d. þyngd ílátsins (sjálfs);
e. þyngd innihaldsins.

4. gr.

Löggildingarstofan löggildir mæla samkv. 1. gr. og hefur eftirlit með þeim, og er sala um mæla óheimil nema löggilding hafi áður farið fram. Nánari ákvæði um framkvæmd löggildingar og eftirlits skal setja með reglugerð.

5. gr.

Brot gegn lögum þessum varða sektum frá 500 til 10000 kr., er renna í ríkissjóð.

6. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi, og falla jafnframt úr gildi lög nr. 55 3. nóvember 1915, um sölu á steinolíu, benzini og áburðarolíu.

Greinargerð.

Frv. þetta er flutt eftir ósk atvinnumálaráðherra með nokkrum breytingum frá nefndinni, og fylgdu því svo hljóðandi athugasemdir:

„Í 1. gr. laga nr. 55 3. nóvember 1915 er svo ákveðið, að steinolíu, benzín og áburðarolíu skuli selja eftir vigt. Nú er hins vegar svo komið, að hentugast er að selja þessa vöru og aðrar olíur um mæli. Hafa tvö olíufélaganna farið þess á leit, að lögunum verði breytt í samræmi við það. Frumvarp þetta er því samhljóða téðum lögum, nr. 55 frá 1915, nema hvað ákveðið er í 1. gr., að þar taldar vörur skuli seldar eftir vigt eða um mæli, og hráolía er talin með öðrum olíum. Þá er og tekið upp í frumvarpið orðið smurningsolía í stað áburðarolía, sem nú er hætt að nota, en gæti valdið misskilningi. — Sektarákvæðin í 4. gr. (nú í 5. gr.) eru hækkuð."

Ed. 331. Lög [39. mál]

um breyting á lögum nr. 42 5. apríl 1948, um útflutning og innflutning á íslenzkum og erlendum gjaldeyri.

(Afgreidd frá Ed. 10. febr.)

Samhljóða þskj. 39.

Nd. 332. Frumvarp til laga [128. mál]

um bæjarstjórn í Keflavík.

Flm.: Ólafur Thors og Emil Jónsson.

1. gr.

Keflavíkurkauptún skal vera kaupstaður og sérstakt lögsagnarumdæmi. Nær umdæmið yfir allan núverandi Keflavíkurhrepp og heitir Keflavíkurkaupstaður.

Umdæmi þetta skal hér eftir sem hingað til vera í alþingiskjördæmi Gullbringu- og Kjósarsýslu. Þar sem í lögum þessum er talað um kaupstað og kaupstaðarbúa, er átt við hið nýja umdæmi og íbúa þess.

2. gr.

Ríkisstjórnin skipar fyrir um, hvernig málum þeim í Keflavíkurhreppi, sem ekki eru útkljáð, þegar lög þessi öðlast gildi, skuli skipt milli sýslumannsins í Gullbringu- og Kjósarsýslu og bæjarfógetans í Keflavík.

3. gr.

Verzlunarlóð kaupstaðarins skal vera landsvæði allt innan núverandi takmarka Keflavíkurhrepps.

4. gr.

Bæjarfógetinn í Keflavík tekur laun eftir VI. flokki launalaganna, nr. 60/1945.

Hann hefur á hendi sömu störf og sýslumönnum og bæjarfógetum eru falin, hverjum í sínu umdæmi, dómarastörf, lögreglustjórn, gjaldheimtu á tekjum ríkissjóðs og önnur störf, gegn þóknun þeirri, er sýslumönnum og bæjarfógetum er ákveðin að lögum.

5. gr.

Málefnum kaupstaðarins skal stjórnað af bæjarstjórn. Í henni eru kjörnir bæjarfulltrúar, kosnir af bæjarbúum, sem kosningarrétt hafa eftir gildandi lögum. Bæjarstjórn kýs bæjarstjóra og ákveður laun hans, enda greiðist þau úr bæjarsjóði.

6. gr.

Um kosningu bæjarfulltrúa, tölu þeirra og kjörtímabil fer samkv. lögum um sveitarstjórnarkosningar.

7. gr.

Bæjarstjórn kýs sér forseta úr flokki bæjarfulltrúa, og stjórnar hann umræðum á fundum og sér um, að það, sem ályktað er, sé ritað í gerðabók. Fundir bæjarstjórnar skulu fara fram í heyranda hljóði. Einstök mál má þó ræða innan luktra dyra, þegar bæjarstjórn ákveður.

Til þess að lögmæt ákvörðun sé gerð, verður minnst helmingur bæjarfulltrúa að vera á fundi. Atkvæðamagn skal ávallt ráða. Séu jafnmörg atkvæði með og móti, fellur atkvæðisefnið, nema við kosningar, þá ræður hlutkesti. Um kosningu nefnda skal farið samkv. lögum um sveitarstjórnarkosningar.

Það skal kunngert bæjarbúum, hvar og hvenær bæjarstjórnin heldur almenna fundi. Aukafundi má halda, þegar bæjarstjórn þykir nauðsyn til bera eða þegar minnst helmingur bæjarfulltrúa æskir þess. Bæjarstjóri skal á undan fundum skýra bæjarfulltrúum frá, hver málefni koma fyrir. Allir bæjarfulltrúar, sem eru á fundi, skulu rita nöfn sín undir gerðabókina, strax og bókun er lokið, og á sérhver fulltrúi rétt á að fá ágreiningsatriði sitt stuttlega bókað. Bæjarstjórn setur sjálf fundarsköp sín, en ráðherra staðfestir þau.

8. gr.

Framkvæmd ákvarðana þeirra, sem bæjarstjórn tekur, og forstaða bæjarmálefna er í hendi bæjarstjóra, nema þar, sem annað er sérstaklega ákveðið af bæjarstjórn.

Virðist forseta einhver ákvörðun bæjarstjórnar ganga út yfir valdssvið hennar, vera gagnstæð lögum eða skaðleg fyrir bæjarfélagið eða miði til að færast undan skyldum þeim, er á því hvíla, má hann fella hana úr gildi um sinn með því að rita álit sitt um hana í gerðabókina. Um þetta skal hann, svo fljótt sem verða má, senda ráðherra skýrslu, og leggur hann úrskurð á málið. Eftirrit af skýrslu forseta skal senda bæjarstjórninni, svo að hún geti gert athugasemdir sínar við hana áður en hún fer til ráðherra.

Með samþykkt, er ráðherra staðfestir, skal setja fastar nefndir til að fara með einstök bæjarmál, og skal í henni kveðið á um skipun, verksvið og vald þeirra. Þó má bæjarstjórn fela einum eða fleiri bæjarfulltrúanna framkvæmd einstakra bæjarstarfa eftir reglum, er hún setur um það.

Allir bæjarfulltrúar eru skyldir að taka að sér þau sérstöku bæjarstörf, sem þeim eru falin á hendur. Fyrir nefndarmenn, kosna utan bæjarstjórnar, gilda sömu synjunarástæður og starfstímatakmörk og um bæjarfulltrúana.

9. gr.

Í málefnum, er snerta uppeldi og fræðslu barna, hefur formaður skólanefndar sæti og tillögurétt á fundum bæjarstjórnar, en atkvæðisrétt því aðeins, að hann sé bæjarfulltrúi.

10. gr.

Bæjarstjórn skipar sýslunarmenn bæjarins og veitir þeim lausn. Lögregluþjóna og næturverði skipar bæjarstjórn eftir tillögum bæjarfógeta, en hann getur veitt þeim lausn án samþykkis bæjarstjórnar.

Bæjarstjórnin gerir tillögur um skipun yfirsetukvenna og sáttanefndarmanna.

11. gr.

Bæjarstjórn ræður byggingarmálum bæjarins, en byggingarnefnd annast framkvæmd þeirra. Skipa hana bæjarstjóri, sem er formaður hennar, og fjórir menn, er bæjarstjórn kýs, tvo úr sínum flokki.

Þyki lóðareiganda eða lóðarhafa rétti sínum hallað með úrskurði bæjarstjórnar eða byggingarnefndar, má skjóta honum til ráðherra.

Nú þykir bæjarstjórn rétt, að sett verði fyllri ákvæði um byggingarmál bæjarins en þá eru í lögum, og má þá setja þau með samþykkt, er bæjarstjórn semur eftir tillögum byggingarnefndar og ráðherra staðfestir.

Í byggingarsamþykkt má ákveða sektir fyrir brot, svo og setja reglur um greiðslu þess kostnaðar, er ákvæði byggingarsamþykktarinnar hafa í för með sér. Svo má og ákveða þar hæfileg gjöld fyrir leyfi þau, sem bæjarstjórn og byggingarnefnd veita.

12. gr.

Bæjarstjórn ræður hafnarmálum bæjarins samkv. lögum.

13. gr.

Bæjarstjórn og bæjarstjóri sérstaklega skal hafa nákvæmar gætur á fjárstjórn bæjarins og sjá um, að skattar, útsvör og aðrar tekjur séu rétt heimtar og í tækan tíma og teknar lögtaki, ef þess þarf með; enn fremur gæta þess, að geymt sé og eftir atvikum ávaxtað fé bæjarins, þangað til á því þarf að halda til þess að greiða gjöld hans. Bæjarstjórn hefur ábyrgð á innistæðum, skuldabréfum og öðrum eignum bæjarins.

14. gr.

Gjaldkeri skal, þegar þess er krafizt, gefa bæjarstjórninni nákvæma skýrslu, er sýni bæði hvað goldizt hafi í bæjarsjóð og hvað úr honum hafi verið greitt. Eigi má greiða neitt úr bæjarsjóði nema eftir ávísun bæjarstjóra. Bæjarstjóri ávísar útgjöldum kaupstaðarins samkvæmt reglum þeim, sem um það eru settar í samþykktinni um stjórn málefna kaupstaðarins.

15. gr.

Fyrir opinber uppboðsþing, sem bærinn lætur halda í sínar þarfir, skal ekkert gjald greiða í ríkissjóð.

16. gr.

Bæjarstjórninni er skylt að láta ríkisstjórninni og hagstofunni í té skýrslur þær, sem beðið er um, svo sem um fólkstölu, skepnuhöld, atvinnuvegi og annað ástand.

17. gr.

Bæjarstjórnin má ekki án samþykkis ráðherra takast á hendur neina skuldbindingu til langframa, sem hvílir ekki á henni samkv. lögum, ekki taka af innistæðufé bæjarins, ekki selja né veðsetja fasteignir hans né kaupa nýja fasteign, ekki taka stærri lán eða til lengri tíma en svo, að þau verði borguð aftur af tekjum þess árs, sem í hönd fer, né heldur endurnýja slík lán eða fresta greiðslu þeirra.

18. gr.

Þegar við lok hvers reikningsárs skal gjaldkeri semja reikning um tekjur og gjöld bæjarins umliðið ár og senda bæjarstjórn fyrir lok marzmánaðar. Lætur bæjarstjórinn reikninginn liggja bæjarbúum til sýnis fimmtán daga á hentugum, auglýstum stað.

Endurskoðendur kaupstaðarins eru tveir, og kýs bæjarstjórn þá hlutfallskosningu. Starf það hafa þeir á hendi í þrjú ár og mega ekki eiga sæti í bæjarstjórn þann tíma. Þeir hafa þóknun úr bæjarsjóði fyrir starfa sinn. Auk reikninga bæjarsjóðs skulu þeir rannsaka reikninga þeirra sjóða og stofnana, sem bæjarstjórn hefur umsjón með. Þeir skulu hafa lokið rannsókn á reikningunum innan mánaðar frá því, er þeir fengu þá í hendur.

Þegar gjaldkeri hefur svarað athugasemdum endurskoðenda — en það skal hann hafa gert innan fimmtán daga —, skal leggja reikninginn fyrir bæjarstjórn, er úrskurðar hann og veitir gjaldkera kvittun. Þó má enginn taka þátt í úrskurði, er snertir þau störf, er honum hafa verið sérstaklega á hendur falin.

Nú vill reikningshaldari eða annar, sem hlut á að máli, eigi viðurkenna, að úrskurður bæjarstjórnar sé réttur, enda sá honum lögð peningaábyrgð á hendur, og má hann þá skjóta málinu til dómstólanna.

Þegar lagður hefur verið úrskurður á reikning gjaldkera, á að auglýsa ágrip af honum, er bæjarstjórn semur. Á ágrip þetta að vera svo fullkomið, að í því séu tilgreind aðalatriði í tekjum og gjöldum bæjarins.

19. gr.

Fyrir lok septembermánaðar ár hvert skal senda ráðherra reikninga yfir umliðið reikningsár.

Komi það fram, að bæjarstjórn hafi greitt ólögmæt gjöld, neitað að greiða gjöld, er hvíla á bænum að lögum, eða á annan hátt ranglega beitt valdi sínu, skal ráðherra gera þær ráðstafanir, er við þarf, og — ef nauðsyn krefur — með lögsókn koma fram ábyrgð á hendur þeim bæjarfulltrúum, sem átt hafa þátt í þessum ályktunum.

20. gr.

Bæjarstjórn semur reglugerð fyrir slökkviliðið, en ráðherra staðfestir hana. Má ákveða sektir fyrir brot gegn ákvæðum reglugerðarinnar, og renna þær í bæjarsjóð. Með mál út af þeirri reglugerð skal farið sem almenn lögreglumál.

21. gr.

Bæjarstjórn hefur umsjón með öllum þeim fyrirtækjum, er bærinn á eða starfrækir, en falið getur hún sérstökum mönnum alla nánari stjórn og umsjón stofnana þessara.

22. gr.

Með samþykkt þeirri, er um getur í 8. gr., má setja nánari reglur um sérhvert atriði í stjórn bæjarins samkv. grundvallareglum þessara laga, þar á meðal ákveða sektir fyrir brot gegn þeim.

23. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gerir ráðherra ráðstafanir til, að þau komi þá þegar til framkvæmda. Falla þá jafnframt úr gildi lög nr. 16 25. jan. 1934, um lögreglustjóra í Keflavík.

Ákvæði um stundarsakir.

1. Hreppsnefnd Keflavíkurhrepps fer með stjórn kaupstaðarins í stað bæjarstjórnar, þar til næstu almennar sveitarstjórnarkosningar fara fram árið 1950. Skal bæjarstjóri kosinn í fyrsta sinn eftir þær kosningar.
2. Skipti á eignum og skuldum Gullbringusýslu svo og ábyrgðarskuldbindingum milli sýslunnar og Keflavíkurkaupstaðar skulu fara fram hið fyrsta.

Rísi nokkur ágreiningur, sker ráðherra úr.

Greinargerð.

Frumvarp þetta er flutt að beiðni hreppsnefndar Keflavíkurhrepps. Fylgdi því bréf frá lögreglustjóra Keflavíkur, herra Alfred Gíslasyni, en hann var formaður nefndar, sem hreppsnefnd Keflavíkurhrepps skipaði til að undirbúa málið. Segir þar meðal annars:

„Á fundi hreppsnefndar Keflavíkurhrepps þann 26. nóv. síðastliðinn var samþykkt svo hljóðandi tillaga:

„Hreppsnefndin samþykkir, að Keflavík fái bæjarréttindi og kýs 3ja manna nefnd til þess að undirbúa frumvarp til laga um Keflavíkurkaupstað, er verði lagt fyrir Alþingi það, er nú situr, og öðlist þá Keflavík bæjarréttindi árið 1950.“

Í nefnd þessa voru kosnir Björn Ó. Pétursson kaupfélagsstjóri, Steindór Pétursson verkstjóri og undirritaður, Alfred Gíslason lögreglustjóri, sem kjörinn var formaður nefndarinnar.

Að gefnu tilefni taldi nefndin rétt, að leggja til við hreppsnefndina, að lögin öðluðust þegar gildi í stað 1. jan. 1950, og féllst hreppsnefndin á það. Eftir að nefndin hafði samið frumvarp til laga um málið, var það að nýju tekið fyrir á fundi hreppsnefndar 2. þ. m. og þar gerð svo hljóðandi samþykkt:

„Hreppsnefndin samþykkir uppkast bæjarréttindanefndar að frumv. til laga um bæjarstjórn í Keflavík. ... Samkvæmt þessari samþykkt samþykkir hreppsnefndin að fara þess á leit við Alþingi, að Keflavík fái bæjarréttindi nú á þessu þingi, og felur hinni kosnu bæjarréttindanefnd að senda þingmanni kjördæmisins frumvarp það, er hún hefur samið, með óskum um, að hann flytji það nú á þinginu.“

Með tilvísun til framanritaðs leyfi ég mér hér með í umboði ofangreindrar bæjarréttindanefndar að fara þess á leit við yður, herra alþingismaður, að þér flytjið meðfylgjandi frumvarp til laga um bæjarstjórn í Keflavík á yfirstandandi Alþingi, og er þess vænzt, að það nái fram að ganga hið fyrsta.“

Þá segir enn fremur:

„Keflavík hafði um langt skeið verið annar fólksflesti hreppur landsins, en er Akranes fékk kaupstaðarréttindi 1. jan. 1942, varð Keflavík fjölmennasti hreppurinn, og hefur svo verið síðan. Við síðasta manntal voru íbúar hans 2048, en fjölgun síðustu 6—8 árin hefur verið mjög ör, eða um 100 manns á ári. Er Keflavik þannig

orðin fjölmennari en margir kaupstaðir landsins, svo sem Seyðisfjörður, Neskaupstaður, Sauðárkrókur og Ólafsfjörður, og með svipaða íbúatölu og sumar sýslurnar, t. d. Dalasýsla og Strandasýsla.

Meðal Keflvíkinga hafa lengi verið upp óskir um, að hreppurinn öðlaðist kaupstaðarréttindi. Ýmissa orsaka vegna hefur þó fram til þessa ekki verið hafzt að í málinu. Nú er svo komið, að eigi þykir lengur mega slá málinu á frest. Hníga að því rök, er ætla má, að öllum háttvirtum alþingismönnum séu vel kunn vegna svipaðra málaleitana annarra hreppa, er þingið að undanförnu hefur fjallað um og orðið við. Þykir því eigi ástæða til að orðlengja um málið, en þó fylgir hér með, aðeins til áréttingar og sem dæmi, bréf, er stjórn Sparisjóðs Keflavíkur skrifaði nefnd þeirri, er undirbjó málið fyrir hreppsnefndina.

„Keflavík, 29. nóv. 1948.

Fyrir liggur nú að semja frumvarp til laga um bæjarstjórn og bæjarréttindi í Keflavík. Gert er ráð fyrir, að það verði lagt fyrir og nái fram að ganga á yfirstandandi Alþingi, þótt hugsað sé, að það komi ekki til framkvæmda fyrr en í janúar 1950.

Máli þessu hefur áður verið hreyft hér heima fyrir, þótt ekki hafi til framkvæmda komið fyrr af ástæðum, sem öllum eru kunnar.

Nú loks þegar skriður er að komast á þetta, þá leyfir stjórn Sparisjóðsins í Keflavík sér að benda nefnd þeirri, er um samningu frumvarpsins fjallar, á hver óþægindi og kostnaður það hefur verið og er, að Keflvíkingar verða að sækja til Hafnarfjarðar allt, er varðar þinglestur, aflýsing skjala og veðbókarvottorð. Það er ekki óalgengt, að menn fari frá vinnu hálfan dag eða heilan til þess að fara inn á sýsluskrifstofu til þess að ná í eitt veðbókarvottorð. Kostar þá vottorðið með vinnutapi og ferðakostnaði 50—100 krónur.

Sparisjóðurinn hefur í mörgum tilfellum verið að forða mönnum frá þessum kostnaði með því að taka frásagnir viðskiptamanna trúanlegar um það, hvað hvíldi á eignum þeim, er þeir hafa ætlað að veðsetja.

Þótt sjóðurinn hafi ekki hlotið tjón af þessu, sem í raun og veru má kalla óvarkárni, hefur það iðulega komið fyrir, að þegar til þinglesturs hefur komið á þannig tilkomnum skjölum, þá hefur verið óaflýst af eignunum skjölum, sem hafa að vísu verið greidd, en sumpart láðst að aflýsa eða hafa glatazt.

Þeim, sem við sjóðinn hafa starfað, hefur þetta einnig verið til óþæginda, þar sem bæði vegna fjarlægðar og anna á sýsluskrifstofunni hefur oft verið seinagangur á þinglestri skjala. Hefur það jafnvel komið fyrir, að skjöl hafi ekki verið komin úr þinglestri, þegar þurft hefur að hafa þau við hendina og kvitta til aflýsingar.

Af þessum ásæðum þá leyfir stjórn sjóðsins sér fyrir sína hönd og viðskiptamanna sjóðsins í Keflavík að mælast eindregið til þess, að í bæjarréttindafrumvarpinu verði tekið fram, að ákvæðin um, að Keflavík verði sérstakt lögsagnarumdæmi, komi til framkvæmda þegar í stað, eftir að frumvarpið er samþykkt, svo að fluttar verði hingað þær veðmálabækur, sem Keflavík tilheyra.

Þetta er ekki eingöngu til sparnaðar fyrir viðskiptamenn sparisjóðsins, sem heima eiga í Keflavík, heldur og til þæginda þeim Keflvíkingum, er viðskipti hafa við bankana í Reykjavík að geta tekið veðbókarvottorðin með sér héðan heldur en ná í þau frá Hafnarfirði.

Virðingarfyllst.

Keflavík, 29. nóv. 1948.

Stjórn Sparisjóðsins í Keflavík.

Þorgr. St. Eyjólfsson. Þorv. Þorvaldsson. Guðm. Guðmundsson.

Til bæjarréttindanefndarinnar, Keflavík.“ “

Eigi þykir ástæða til að bæta öðru við þessa skýrslu lögreglustjóra en því, að hreppsnefndin stendur einhuga að málinu.

Nd. 333. Frumvarp til laga [124. mál]

um samkomudag reglulegs Alþingis 1949.

(Eftir 2. umr. í Nd.)

1. gr.

Reglulegt Alþingi 1949 skal koma saman ellefta dag októbermánaðar, hafi forseti Íslands eigi tiltekið annan samkomudag fyrr á árinu.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Nd. 334. Breytingartillaga [124. mál]

við frv. til l. um samkomudag reglulegs Alþingis 1949.

Frá Finni Jónssyni.

Við 1. gr. Fyrir „ellefta dag októbermánaðar“ kemur: fimmtánda dag septembermánaðar.

Nd. 335. Nefndarálit [54. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 33 12. febr. 1945, um breyt. á l. nr. 30 19. júní 1933, um sjúkrahús o. fl.

Frá heilbrigðis- og félagsmálanefnd.

Nefndin ræddi frv. á allmörgum fundum. Nefndarmenn voru fylgjandi efni frv., en ákvæði 1. gr. voru nokkuð óljós og gátu valdið misskilningi. Auk þess þótti nefndinni ekki rétt að binda ákvæðið um aukið framlag til byggingarframkvæmda við ákveðna fólkstölu í héruðunum. Nefndin leggur því til, að frv. verði samþykkt með eftirfarandi

BREYTINGU:

Við 1. gr. Greinin orðast svo:

Fyrsta efnismálsgrein 1. gr. laganna orðast svo:

Ríkissjóður greiðir bæjarfélögum allt að tveim fimmtu kostnaðar, en öðrum sveitarfélögum allt að tveimur þriðju kostnaðar af að reisa almenn sjúkrahús, sjúkraskýli eða læknisbústaði, sem reistir verða samkvæmt ákvæðum laga þessara, enda fallist ráðherra á þörf þeirra framkvæmda og meti þær við hæfi.

Alþingi, 10. febr. 1949.

Sig. E. Hlíðar, form. Helgi Jónasson, fundaskr., frsm. Hallgrímur Benediktsson.

Gylfi Þ. Gíslason. Katrín Thoroddsen.

Nd. 336. Nefndarálit [97. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 50 7. maí 1946, um almannatryggingar.

Frá heilbrigðis- og félagsmálanefnd.

Nefndin hefur athugað frv. þetta á fundum sínum. Frv. var sent Tryggingastofnun ríkisins til umsagnar. Tryggingastofnunin benti á, að lögin um almannatryggingar væru nú í endurskoðun og mundi þetta atriði, sem frv. fjallar um, tekið til athugunar ásamt öðru slíku. Enda þótt ýmsir nefndarmenn létu í ljós þá skoðun, að breyting sú á almannatryggingarlögum, sem frv. fer fram, sé að ýmsu leyti sanngjörn, þá féllst þó nefndin á sjónarmið Tryggingarstofnunarinnar og var sammála um að afgreiða málið með svofelldri

RÖKSTUDDRI DAGSKRÁ:

Þar sem vitað er, að endurskoðun á lögum um almannatryggingar er þegar hafin og verður væntanlega lokið á þessu ári og að við þá endurskoðun munu þær breytingar, sem frv. fer fram á, verða teknar til athugunar, þá telur deildin ekki ástæðu til að afgreiða málið að þessu sinni og tekur fyrir næsta mál á dagskrá.

Alþingi, 10. febr. 1949.

Sig. E. Hlíðar, form. Helgi Jónasson, fundaskr., frsm. Hallgrímur Benediktsson.

Gylfi Þ. Gíslason. Katrín Thoroddsen.

Sþ. 337. Tillaga til þingsályktunar [129. mál]

um undirbúning að stofnun hressingarhælis í Reykjanesi við Ísafjarðardjúp.

Flm.: Sigurður Bjarnason, Hannibal Valdimarsson.

Alþingi ályktar að skora á ríkisstjórnina að hlutast til um athugun skilyrða til stofnunar hressingarhælis fyrir heilsuveilt fólk í Reykjanesi við Ísafjarðardjúp. Verði í því sambandi leitað álits og tillagna landlæknis um fyrirkomulag og starfsemi slíkrar stofnunar.

Greinargerð.

Í Reykjanesi við Ísafjarðardjúp er hiti mikill í jörðu. Fjöldi hvera og lauga er þar dreifður um allstórt svæði. Náttúruauðævi þessi eru enn þá lítt notuð. Héraðsskóli Norður-Ísfirðinga, sem er á staðnum, og hús, er tilheyra honum, eru að vísu hituð með hveravatni. Enn fremur hefur fyrir alllöngu verið byggð þar opin sundlaug, sem er ein hin stærsta og myndarlegasta á landinu. Í sambandi við hana er einnig gufubaðstofa og sólbaðsskýli.

Hér á landi er mikill skortur margs konar heilbrigðisstofnana, sjúkrahúsa, hressingarstaða og heilsuhæla. Ber brýna nauðsyn til þess, að úr þeim skorti verði bætt eins fljótt og þjóðin hefur efni til þess að ráðast í byggingu þeirra. Með tillögu þessari er lagt til, að athuguð verði skilyrði á einum hinna heitu staða landsins til byggingar og rekstrar einnar slíkrar stofnunar. Fljótt á litið virðist Reykjanes vera tilvalinn staður fyrir hressingarhæli, þar sem heilsuveilu fólki gæfist tækifæri til hvíldar og hressingar. Þar er gnægð af heitu vatni úr iðrum jarðar. Þar er ágætur

sjóbaðstaður, þar sem sjór er heitur af hveravatni. Enn fremur er líklegt, að auðvelt sé að koma þar við leirböðum og fleiri læknisráðum. Skilyrði til íþróttaiðkana eru þar einnig hin beztu. Við jarðhitann má rækta margs konar grænmeti.

Af þessum ástæðum er það mjög æskilegt, að fram verði látin fara athugun sú, sem tillaga þessi gerir ráð fyrir. Þegar hún hefur verið framkvæmd, þyrfti að setja löggjöf um stofnun hressingar- eða heilsuhælis á þessum stað, ef hann teldist heppilegur til þess, en það er skoðun flutningsmanna, að svo sé.

Sþ. 338. Tillaga til þingsályktunar [130. mál]

um radiovita á Arnarnesi við Skutulsfjörð og aukningu og endurbyggingu ljósvita þar.

Flm.: Sigurður Bjarnason, Finnur Jónsson, Hannibal Valdimarsson.

Alþingi ályktar að skora á ríkisstjórnina að hlutast til um, að reistur verði hið fyrsta radioviti á Arnarnesi við Skutulsfjörð, og jafnframt verði ljósviti sá, sem nú er á þessum stað, aukinn og endurbyggður.

Greinargerð.

Eins og kunnugt er, þá er Ísafjarðarkaupstaður við Skutulsfjörð einn af stærstu útgerðar- og verzlunarstöðum landsins, en hins vegar er hann þannig í sveit settur, að nær allar samgöngur við hann eru annaðhvort á sjó eða í lofti. Af þessu leiðir, að allt ber að gera til þess að tryggja sem bezt öruggar siglingar skipa og ferðir flugvéla til og frá staðnum.

Á Arnarnesi austanvert við Skutulsfjörð er ljósviti, sem byggður var 1915 og síðan endurbyggður 1921 og hefur e. t. v. þótt góður á sinni tíð, en nú finnst sjómönnum ljósmagn hans vera orðið allt of lítið, enda hafa siglingar í skammdeginu aukizt mjög á þessum slóðum frá 1921. Þess ber og að gæta, að Arnarnesvitinn er ekki aðeins innsiglingarviti á Skutulsfjörð, heldur leiðarviti fyrir siglingu inn á Djúpið, og er því nauðsynlegt, að hann sjáist vel langt að, en því fer mjög fjarri, að hann geri það nú. Eru þess jafnvel dæmi, að ljósin á bæjunum í Arnardal hafi sézt á undan ljósi vitans.

Í dimmviðri eins og þoku og hríð getur ljósviti þó ekki orðið að gagni, og því er alveg nauðsynlegt með þeim miklu siglingum, sem nú eru á þessum slóðum, að reisa radiovita á Arnarnesi, en með legu sinni þar yrði hann ekki aðeins innsiglingarviti fyrir Ísafjörð, heldur og landtökuviti fyrir öll fiskiskip, stór og smá, sem stöðugt eru að veiðum djúpt undan norðanverðum Vestfjörðum og sérstaklega þurfa á slíkum vita að halda, þegar þau leita í var undan illviðrum. Fyrir flugsamgöngur við Ísafjörð ætti slíkur radioviti einnig að verða til ómetanlegs gagns.

Nd. 339. Breytingartillaga [13. mál]

við frv. til l. um veitingu ríkisborgararéttar.

Frá Lúðvík Jósefssyni.

Við 1. gr. Á eftir tölulið 19 kemur nýr liður:

Gjöveraa, Joen Fredrik Sofus, sjómaður í Neskaupstað, fæddur 14. des. 1890 í Færeyjum.

Nd. 340. Nefndarálit [65. mál]

um frv. til l. um landshöfn í Höfn í Hornafirði.

Frá minni hl. sjávarútvegsnefndar.

Nefndin hefur athugað frv. og ekki orðið ásátt um afgreiðslu þess. Leggur minni hl. til, að frv. verði samþykkt óbreytt.

Alþingi, 9. febr. 1949.

Halldór Ásgrímsson, frsm. Áki Jakobsson.

Sþ. 341. Nefndarálit [7. mál]

um till. til þál. um undirbúning að stofnun sjóminjasafns.

Frá allsherjarnefnd.

Nefndin hefur athugað tillöguna og fengið um hana umsögn þjóðminjavarðar og Farmanna- og fiskimannasambands Íslands. Að fenginni umsögn þjóðminjavarðar varð nefndin sammála um að vísa málinu til ríkisstjórnarinnar með ósk um, að hún hlynni sem bezt að þeim vísi sjómannasafns, sem þegar er til. Umsögn þjóðminjavarðar er prentuð sem fylgiskjal.

Alþingi, 11. febr. 1949.

Jörundur Brynjólfsson, form. Jón Sigurðsson, fundaskr. Sigfús Sigurhjartarson, frsm.

Ingólfur Jónsson. Jón Gíslason. Sigurður Bjarnason.
Ásgeir Ásgeirsson.

Fylgiskjal.

Reykjavík, 21. okt. 1948.

Í bréfi til mín, dags. 18. þ. m., hefur menntamálaráðuneytið óskað álits míns um stofnun íslenzks sjóminjasafns. Sem svar vildi ég taka fram eftirfarandi:

Sjóminjasafn — eða vísir þess — er þegar til, og var í raun réttri stofnað með styrk þeim, er Alþingi veitti í því skyni á fjárlögum fyrir árið 1940 kr. 3500.00. Frumkvæðið um þetta kom frá fulltrúaráði sjómannadagsins, en sjávarútvegssýning, sem haldin var hér 1939, mun hafa átt drjúgan þátt í, að hafizt var handa einmitt um þetta leyti. Árið eftir lét fiskiþing málið til sín taka og sendi Alþingi ályktun um minjasafn veiða og sæfara, og fulltrúaráð sjómannadagsins fór þess á leit, að safnið fengi að halda sama styrk aftur, enda hefur sú orðið raunin, að Alþingi hefur síðan árlega veitt kr. 3500.00 til sjóminjasafnsins. Til er sérstök sjóminjasafnsnefnd, sem ráðherra, Ólafur Thors, setti á laggirnar og skipaði sjálfur formann, Matthías Þórðarson þjóðminjavörð, en fulltrúaráð sjómannadagsins tilnefndi tvo nefndarmenn og Fiskifélag Íslands tvo. Þessi nefnd átti að hafa — og hefur — með höndum undirbúning að stofnun sjóminjasafnsins og ráðstafar í því skyni því fé, sem til þess er veitt. Hefur sjóminjasafninu frá upphafi vega verið ætlað rúm á neðstu hæð hinnar nýju safnbyggingar, enda hlýtur það að verða deild úr þjóðminjasafninu.

Sé ég ekki betur en að sjóminjasafnshugmyndin sé þegar komin á sæmilegan rekspöl, en það skal þó skýrt tekið fram, að miklu riflegri fjárveiting verður bráðnauðsynleg, þegar farið verður að koma safninu fyrir, sem vonandi verður áður en langt um líður.

Með sérstakri virðingu.

Kristján Eldjárn.

Til menntamálaráðuneytisins, Reykjavík.

Ed. 342. Breytingartillaga [124. mál]

við frv. til l. um samkomudag reglulegs Alþingis 1949.

Frá Hannibal Valdimarssyni.

Við 1. gr. Fyrir orðin „ellefta dag októbermánaðar" kemur: fyrsta dag septembermánaðar.

Ed. 343. Lög [124. mál]

um samkomudag reglulegs Alþingis 1949.

(Afgreidd frá Ed. 11. febr.)

Samhljóða þskj. 333.

Nd. 344. Frumvarp til laga [16. mál]

um áburðarverksmiðju.

(Eftir 2. umr. í Nd.)

1. gr.

Ríkisstjórninni er heimilt að láta reisa og reka verksmiðju með fullkomnum vélum og öðrum nauðsynlegum útbúnaði, til framleiðslu þessara áburðarefna:

ammoniaks, úr vatni og lofti,

ammonium-nitrats,

ammonium-fosfats.

Stærð verksmiðjunnar skal miðuð við það, að vinnslugeta hennar sé 5000—10000 smál. ársframleiðsla af köfnunnarefni að minnsta kosti, en framleiðslunni skal að öðru leyti hagað á þann hátt, er ódýrastan má telja, en þó hagkvæman fyrir íslenzka jarðrækt. Jafnframt skal höfð hliðsjón af almennri þörf landsins og notum fyrir þau hráefni, sem verksmiðjan framleiðir á ýmsum stigum áburðarvinnslunnar.

2. gr.

Ríkissjóður leggur fram fé til stofnunar áburðarverksmiðjunnar samkvæmt ákvæðum fjárlaga, og er fé þetta óafturkræft. Ef fjárveitingar samkvæmt fjárlögum hrökkva ekki til stofnkostnaðar verksmiðjunnar, er verksmiðjustjórninni heimilt að taka það fé, sem á vantar, að láni með ábyrgð ríkissjóðs innan lands eða utan.

Verksmiðjan skal endurgreiða slík lán á 15 árum að svo miklu leyti, sem það verður ekki gert með fjárframlögum úr ríkissjóði. Vexti af lánum þessum greiðir ríkissjóður að því leyti sem það telst nauðsynlegt, til að verð á íslenzkum köfnunarefnisáburði verði sambærilegt við erlendan áburð. Fjárframlag ríkissjóðs nær og til þess að tryggja verksmiðjunni nægilega raforku til áburðarvinnslunnar, ef þörf gerist.

3. gr.

Verksmiðjan er sjálfseignarstofnun, er lýtur sérstakri stjórn. Verksmiðjuna má hvorki selja né veðsetja, nema heimild sé veitt til þess af Alþingi.

4. gr.

Stjórn verksmiðjunnar skal skipuð þremur mönnum, er landbúnaðarráðherra skipar til 4 ára í senn. Verksmiðjustjórn hefur á hendi yfirstjórn verksmiðjunnar. Landbúnaðarráðherra setur henni erindisbréf og ákveður laun hennar.

5. gr.

Verksmiðjan skal reist svo fljótt sem ástæður leyfa að dómi verksmiðjustjórnar og með samþykki landbúnaðarráðherra, enda hafi þá fengizt trygging fyrir nægri raforku og nægilegu fé til greiðslu stofnkostnaðar.

6. gr.

Verksmiðjustjórnin ræður framkvæmdastjóra með verkfræðilegri menntun til þess að hafa á hendi daglega stjórn verksmiðjunnar og umsjón með rekstri hennar. Framkvæmdastjóri hefur prókúruumboð fyrir verksmiðjuna og ræður starfsfólk, en hlítir að öðru leyti ákvæðum erindisbréfs, sem verksmiðjustjórnin setur honum. Til þess að skuldbinda verksmiðjuna þarf undirskrift tveggja stjórnenda.

7. gr.

Endurskoðendur verksmiðjunnar eru tveir, skipaðir af landbúnaðarráðherra til tveggja ára í senn, og ákveður hann þóknun þeirra að fengnum tillögum verksmiðjustjórnar.

8. gr.

Áburðarsala ríkisins kaupir af verksmiðjunni áburð til notkunar innanlands fyrir kostnaðarverð, er verksmiðjustjórn áætlar og ákveður fyrir 1. marz ár hvert, að fengnu samþykki landbúnaðarráðherra. Í hinu áætlaða kostnaðarverði skal reikna með nauðsynlegum og lögákveðnum tillögum í fyrningarsjóð og varasjóð verksmiðjunnar.

Áburðarsala ríkisins skal í byrjun hvers árs láta verksmiðjustjórninni í té áætlun um áburðarmagn til innanlandsnotkunar það ár.

9. gr.

Áburðarverksmiðjan skal undanþegin öllum sköttum og opinberum gjöldum nema útsvari til sveitarsjóðs. Aldrei má leggja á hana hærra útsvar en nemi helmingi af tekjuafgangi hennar eða ½% af kostnaðarverði framleiðslunnar ár hvert. Heimilt skal þó jafnan að leggja á hana útsvar, er nemi allt að ¼% af árlegu kostnaðarverði framleiðslunnar.

10. gr.

Framlag áburðarverksmiðjunnar til fastra sjóða hennar skal vera á hverju ári sem hér segir:

a. Til fyrningarsjóðs 2½% af kostnaðarverði húsa, lóðar og annarra mannvirkja og 7½% af kostnaðarverði véla og annarra áhalda.
b. Til varasjóðs allt að 3% af kostnaðarverði framleiðslunnar.

11. gr.

Reikningsár verksmiðjunnar er almanaksárið. Skal stjórn hennar gera reikningsskil fyrir hvert starfsár svo fljótt sem auðið er og svo snemma, að endurskoðun geti farið fram fyrir lok aprílmánaðar ár hvert. Reikningar skulu sendir landbúnaðarráðherra þegar að lokinni endurskoðun undirritaðir af stjórn og framkvæmdastjóra og áritaðir af endurskoðendum. Reikningana skal birta árlega í B-deild Stjórnartíðinda.

12. gr.

Nánari ákvæði um rekstur og tilhögun verksmiðjunnar setur landbúnaðarráðherra með reglugerð, að fengnum tillögum verksmiðjustjórnarinnar.

Nd. 345. Frumvarp til laga [54. mál]

um breyting á lögum nr. 33 12. febr. 1945, um breyting á lögum nr. 30 19. júní 1933, um sjúkrahús o. fl.

(Eftir 2. umr. í Nd.)

1. gr.

Fyrsta efnismálsgrein 1. gr. laganna orðast svo:

Ríkissjóður greiðir bæjarfélögum allt að tveim fimmtu kostnaðar, en öðrum sveitarfélögum allt að tveim þriðju kostnaðar af að reisa almenn sjúkrahús, sjúkraskýli eða læknisbústaði, sem reistir verða samkvæmt ákvæðum laga þessara, enda fallist ráðherra á þörf þeirra framkvæmda og meti þær við hæfi.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Nd. 346. Lög [74. mál]

um breyting á lögum nr. 64 23. júní 1932, um kirkjugarða.

(Afgreidd frá Nd. 14. febr.)

Samhljóða þskj. 294.

Nd. 347. Lög [116. mál]

um afnám laga nr. 54 31. maí 1927, um breyting á lögum nr. 30 20. október 1913, um umboð þjóðjarða.

(Afgreidd frá Nd. 14. febr.)

Samhljóða þskj. 290.

Sþ. 348. Tillaga til þingsályktunar [131. mál]

um rannsókn á heppilegum stað fyrir áburðarverksmiðju.

Flm. Ingólfur Jónsson, Jörundur Brynjólfsson, Eiríkur Einarsson, Helgi Jónasson, Jón Gíslason.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að skipa þriggja manna nefnd til þess að rannsaka, hvar æskilegast sé, að fyrirhuguð áburðarverksmiðja verði reist, einkanlega með tilliti til þess, að áburðurinn verði sem ódýrastur þeim, er aðallega nota hann. Í sambandi við þessa rannsókn skal gaumgæfilega athuga aðstöðuna til þess að byggja verksmiðjuna í Þorlákshöfn.

Nefndin skal ljúka störfum það fljótt, að niðurstöður hennar liggi fyrir, áður en verksmiðjunni verður ákveðinn staður.

Nd. 349. Frumvarp til laga [132. mál]

um breyting á lögum nr. 64 1932, um kirkjugarða.

Frá menntamálanefnd.

1. gr.

33. gr. laganna orðist svo:

Heimilt er kirkjumálaráðherra, samkvæmt tillögum biskups og héraðsprófasts, að veita leyfi til þess að taka upp heimagrafreiti samkvæmt lögum þessum.

Heimild þessi nær þó aðeins til upptöku slíkra grafreita á þeim jörðum, sem eru ættaróðul eða ættarjarðir samkv. l. nr. 116 1943, svo og á þeim jörðum öðrum, sem að dómi héraðsprófasts liggja svo fjarri sóknarkirkjugarði, að sérstakir erfiðleikar eru á líkflutningum þaðan.

2. gr.

Aftan við fyrri málsgr. 34. gr. laganna bætist: ásamt meðmælum héraðsprófasts.

3. gr.

Í stað „150 kr.“ í b-lið 35. gr. laganna kemur: 500 kr.

Greinargerð.

Frv. þetta er flutt eftir ósk menntamálaráðherra. Hafa nefndarmenn óbundnar hendur um afstöðu til þess. Frv. fylgdi hvo hljóðandi greinargerð:

„Breytingar þær á gildandi lögum, sem í þessu frumvarpi felast, eru þrjár:

1. Að binda leyfi til upptöku heimagrafreita við þær jarðir, sem eru ættaróðul eða ættarjarðir, og þær jarðir aðrar, sem liggja svo langt frá sóknarkirkjugarði, að sérstakir erfiðleikar séu á líkflutningi þaðan.
2. Að meðmæli héraðsprófasts skuli fylgja beiðni um upptöku heimagrafreits.
3. Að legstaðarsjóðsgjald verði hækkað úr kr. 150 í kr. 500.00.

Samkvæmt skýrslum prófastanna eru nú 103 heimagrafreitir á landinu. Í fjórum prófastsdæmum (N.-Múla, S.-Múla, Skagafjarðar- og S.-Þingeyjar) eru samtals 61 heimagrafreitur, en í öðrum prófastsdæmum aðeins 42. Þetta sýnir, að upptaka heimagrafreita hefur orðið eins konar tízka í vissum héruðum, en í öðrum byggðarlögum er þessi heimild lítt eða ekki notuð. Þannig eru 8 prófastsdæmi, þar sem aðeins er 1 heimagrafreitur í hverju.

Ætlun þeirra, sem heimagrafreiti hafa upp tekið, hefur vafalaust verið sú, að þessir reitir yrðu ættargrafreitir, en í framkvæmdinni hefur þetta víða farið nokkuð á annan veg. Meðlimir fjölskyldunnar hafa flutt í fjarlæg héruð, og allvíða hafa eigendaskipti orðið á þessum jörðum og hinir nýju eigendur kæra sig ekki um að nota heimagrafreitinn né heldur telja sér skylt að annast um hann eða halda honum við. Má búast við, að ýmsir heimagrafreitanna fari í fullkomna vanhirðu, ef svo heldur áfram sem nú stefnir.

Þess vegna ber nauðsyn til að takmarka framvegis leyfi til upptöku slíkra grafreita, eða jafnvel banna það með öllu. En þar sem algert bann kynni að koma sér bagalega í einstökum tilfellum, hefur þótt réttara að takamarka aðeins leyfi til heimagrafreita við þær jarðir, sem einkum má telja líkur til, að haldist í sömu ætt um alllanga framtíð, en það eru ættaróðul og ættarjarðir samkv. l. nr. 116 1943. Enn fremur er ekki óeðlilegt að leyfa heimagrafreiti á þeim jörðum, þar sem leið til sóknarkirkjugarða er sérstaklega erfið og löng, ef héraðsprófastur, sem kunnugur er staðháttum, mælir með því.

Óhjákvæmilegt er að hækka legstaðasjóðsgjaldið úr kr. 150 í kr. 500.00, er virðist vera hin lægsta upphæð, sem komizt verður af með til þess að tryggja viðhald heimagrafreitanna.“

Sþ. 350. Tillaga til þingsályktunar [133. mál]

um viðgerðarstöð talstöðva, útvarpsviðtækja og símaáhalda á Vestfjörðum.

Flm.: Hannibal Valdimarsson, Finnur Jónsson, Sigurður Bjarnason.

Alþingi ályktar að leggja fyrir stjórnendur landssímans og ríkisútvarpsins, að komið verði upp fyrir næsta haust viðgerðarstöð talstöðva, útvarpsviðtækja og símaáhalda fyrir Vestfirði, og verði viðgerðarstöðin staðsett á Ísafirði.

Greinargerð.

Á vélbátaflotanum á Vestfjörðum er mikill fjöldi talstöðva. Á Vestfjörðum eru einnig komnar allmargar talstöðvar á afskekkta sveitabæi og þyrfti þeim þó mjög að fjölga á næstu árum. Landssíminn er eigandi talstöðvanna og tekur fyrir þær árlega leigu. Hann einn hefur því rétt og skyldu til að sjá um viðgerðir og viðhald þessara tækja. Viðgerðarverkstæði fyrir slík tæki er hins vegar ekkert í þessum landshluta, og er því mjög miklum erfiðleikum bundið vestanlands og tafsamt úr hófi að fá gert við talstöðvar og önnur slík tæki fyrr en seint og síðar meir.

Talstöðvarnar eru af sjómönnum taldar beztu öryggistækin, sem enn þá hafa verið tekin í notkun hér á landi. Þýðing þeirra fyrir afskekktar byggðir er og ómetanleg, og útvarp og sími eru orðin svo þýðingarmikill þáttur í daglegu lífi fólksins, að við það verður ekki unað, ef ekki er allt sem unnt er til þess gert að auðvelda öruggt viðhald þessara dýrmætu tækja.

Að vísu hefur lengi starfað á Ísafirði ágætur símaviðgerðarmaður, en hann er illa búinn að tækjum og kemst auðvitað ekki yfir nema lítið eitt af því, sem að kallar af viðgerðum talstöðva, útvarps- og símatækja. Hins vegar er viðgerðarmaður talstöðva og útvarpstækja venjulega sendur um Vestfirði einu sinni á ári. Þess á milli verður að senda öll viðtæki, sem bila, til Reykjavíkur með ærnum kostnaði og vera þannig án þeirra svona mánaðartíma, þegar ferðir eru með hagkvæmasta móti, en stundum miklu lengur. Hitt er þó alvarlegast, að þótt ein eða tvær talstöðvar séu jafnan hafðar til vara á Ísafirði, kemur það iðulega fyrir, að bátar verða að sætta sig við að vera lengri eða skemmri tíma með bilaða talstöð eða bíða þess, að hún komi aftur úr viðgerð frá Reykjavík.

Það ætti að vera óþarft að rökstyðja svo augljóst mál frekar. Viðgerðarstöð þarf að koma á Ísafirði fyrir Vestfirði, og virðist eðlilegt, að landssíminn og ríkisútvarpið reisi slíka stofnun og reki hana, eins og hér er lagt til.

Nd. 351. Breytingartillaga [54. mál]

við frv. til l. um breyt. á l. nr. 33 12. febr. 1945, um breyt. á l. nr. 30 19. júní 1933, um sjúkrahús o. fl.

Frá Lúðvík Jósefssyni.

Við 1. gr. Í stað orðsins „bæjarfélögum“ komi: þeim bæjarfélögum, sem eru sérstök læknishéruð.

Ed. 352. Frumvarp til laga [134. mál]

um eignarnám á lóðum vegna bygginga fyrir Menntaskólann í Reykjavík.

(Lagt fyrir Alþingi á 68. löggjafarþingi, 1949).

1. gr.

Ríkisstjórninni heimilast að láta taka eignarnámi eftirtaldar lóðir í Reykjavík og mannvirki, er á þeim standa, vegna bygginga fyrir Menntaskólann í Reykjavík:

a. Nr. 2 c og 4 a við Amtmannsstíg.
b. Nr. 7 við Bókhlöðustíg.
c. Neðri hluta lóðarinnar nr. 14 við Þingholtsstræti, allt að 105 flatarmetrum.

2. gr.

Eignarnámið skal fara fram samkvæmt lögum nr. 61 14. nóv. 1917.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Samkvæmt athugunum, sem farið hafa fram, er talin nauðsyn á, að ríkið eignist lóðir þær og lóðahluta, sem taldar eru í frumvarpi þessu, vegna viðbótarbygginga þeirra, sem nauðsyn ber til að reisa á næstunni vegna Menntaskólans í Reykjavík.

Þykir nauðsyn að hafa eignarnámsheimild, en að sjálfsögðu verða samningar reyndir.

Fasteignamat þessara eigna er sem hér segir:

	Lóðaverð:	Húsverð:
Amtmannsstígur 2 c	kr. 14 400.00	kr. 12 300.00
Amtmannsstígur 4 a	— 3 100.00	— 1 900.00
Bókhlöðustígur 7	— 4 600.00	— 15 000.00
Neðri hluti lóðarinnar Þingholtsstræti 14 ca.	— 17.000.00	
Samtals	kr. 39 100.00	kr. 29 200.00

Ed. 353. Frumvarp til laga [13. mál]

um veitingu ríkisborgararéttar.

(Eftir 3. umr. í Nd.)

1. gr.

Ríkisborgararétt skulu öðlast:

1. Christensen, Rannveig Halldórsdóttir, frú í Reykjavík, fædd 18. júlí 1903 á Íslandi.
2. Gunnar Már Nehm Pétursson, skrifstofumaður í Reykjavík, fæddur 16. okt. 1919.
3. Grímur Hákonarson, bóndi í Auðsholti í Ölfusi, fæddur 1. sept. 1887 á Íslandi.
4. Hansen, Margrét Lund, nemandi, fædd 21. ágúst 1924 á Íslandi.
5. Hulda Laufey Sigurðardóttir, frú í Reykjavík, fædd 11. marz 1918 á Íslandi.
6. Jensen, Guðlaug Aðalheiður Benediktsdóttir, frú í Reykjavík, fædd 29. sept. 1913 á Íslandi.
7. Jón Ebenezersson Halldórsson, lögreglumaður í Reykjavík, fæddur 23. febr. 1919 á Íslandi.
8. Nagel, Salome Þorleifsdóttir, frú í Reykjavík, fædd 19. ágúst 1897 á Íslandi.
9. Rasmussen, Birna Halldórsdóttir Melsted, frú, fædd 29. jan. 1910 á Íslandi.
10. Sigurður Sveinbjörnsson, trúboði í Reykjavík, fæddur 1. apríl 1875 á Íslandi.
11. Strand, Þórdís Einarsdóttir, frú í Reykjavík, fædd 3. sept. 1898 á Íslandi.
12. Susanna Þórðardóttir, frú, fædd 2. febr. 1913 á Íslandi.
13. Bender, Carl Christian, verzlunarmaður í Reykjavík, fæddur 26. apríl 1880 í Danmörku.
14. Billich, Karl, pianóleikari í Reykjavík, fæddur 23. júlí 1911 í Austurríki.
15. Christensen, Gísli Halldór, verkamaður, fæddur 9. okt. 1929 í Danmörku.
16. Christensen, Sylvía María, ungfrú, fædd 15. febr. 1918 í Danmörku.
17. Christiansen, Erik, verkstjóri, fæddur 27. maí 1911 í Danmörku.
18. Eberhardt, Konstantin Alexander, iðnverkamaður í Reykjavík, fæddur 11. nóv. 1893 í Þýzkalandi.
19. Edelstein, Heinz Theodor, dr., tónlistarkennari í Reykjavík, fæddur 5. júní 1902 í Þýzkalandi.
20. Edelstein, Stefan Emanuel, námsmaður í Reykjavík, fæddur 28. desember 1931 í Þýzkalandi.
21. Edelstein, Wolfgang Michael, námsmaður í Reykjavík, fæddur 15. júní 1929 í Þýzkalandi.
22. Eikesdal, Bent, fyrrv. bóndi, Meiri-Hattardal, Álftafirði, fæddur 5. júlí 1875 í Noregi.
23. Farestveit, Einar Knutsen, verzlunarmaður í Reykjavík, fæddur 9. apríl 1911 í Noregi.
24. Felixson, Aaslaug, þjónustustúlka í Reykjavík, fædd 23. júlí 1901 í Noregi.
25. Gjoveraa, Joen Frederik Sofus, sjómaður í Neskaupstað, fæddur 14. des. 1890 í Færeyjum.
26. Goldstein, Peter Lothar, loftskeytamaður, fæddur 7. nóv. 1927 í Þýzkalandi.
27. Hagvaag, Analius Georg, vélamaður, fæddur 23. sept. 1907 í Noregi.
28. Hansen, Aage, landbúnaðarverkamaður, fæddur 25. des. 1919 í Danmörku.
29. Helland, Knut Ö., verzlunarmaður á Siglufirði, fæddur 6. nóvember 1914 í Noregi.
30. Jakobsen, Johan Viktor, verkamaður í Reykjavík, fæddur 15. júní 1878 í Svíþjóð.
31. Johansen, Aage Boyum, kafari á Siglufirði, fæddur 7. apríl 1914 í Danmörku.
32. Lindberg, Johan Vilhelm, umboðssali í Reykjavík, fæddur 11. júní 1882 í Danmörku.

33. Magnús Jón Ernst Magnússon, nemandi, fæddur 14. febr. 1935 í Þýzkalandi.
34. Montanus, Gísli Ólafsson, nemandi, fæddur 16. okt. 1933 í Belgíu.
35. Ormslev, Gunnar, tannsmíðanemi, fæddur 22. marz 1928 í Danmörku.
36. Pedersen, Martin Schönning Kristian, rafsuðumaður á Raufarhöfn, fæddur 27. júní 1887 í Noregi.
37. Rasmussen, Olgeir Möller, nemandi, fæddur 15. júlí 1928 í Danmörku.
38. Urbantschitsch, Peter Paul Martin, námsmaður í Reykjavík, fæddur 4. júlí 1931 í Austurríki.
39. Urbantschitsch, Victor Ernest Johann, dr., tónlistarkennari í Reykjavík, fæddur 9. ágúst 1903 í Austurríki.
40. Versteeg, Nanna Nagtglas, ungfrú, fædd 9. marz 1930 á Java.

41. Albina, Maria, Hafnarfirði, fædd 7. maí 1887 í Þýzkalandi.
42. Barbara, Maria, Hafnarfirði, fædd 5. marz 1904 í Þýzkalandi.
43. Cyrilla, Maria, fædd 28. ágúst 1880 í Þýzkalandi.
44. Elise, Maria, Reykjavík, fædd 21. okt. 1902 í Þýzkalandi.
45. Emerentia, Maria, Reykjavík, fædd 4. apríl 1906 í Þýzkalandi.
46. Felicia, Maria, Hafnarfirði, fædd 20. júlí 1901 í Þýzkalandi.
47. Gabrielle, Maria, Reykjavík, fædd 24. júní 1904 í Þýzkalandi.
48. Julitta, Maria, Reykjavík, fædd 25. sept. 1896 í Póllandi.
49. Monika, Maria, Hafnarfirði, fædd 2. maí 1908 í Þýzkalandi.
50. Pouline, Anne, Reykjavík, fædd 17. febr. 1911 í Þýzkalandi.
51. Remberta, Maria, Hafnarfirði, fædd 22. sept. 1877 í Þýzkalandi.
52. Xaveria, Maria, Hafnarfirði, fædd 12. júlí 1896 í Þýzkalandi.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Ed. 354. Frumvarp til laga [135. mál]

um iðnskóla í sveit.

Flm.: Hannibal Valdimarsson, Hermann Jónasson.

1. gr.

Stofna skal skóla í húsasmíði. Skólinn skal vera heimavistarskóli, og leggur ríkið skólanum til stað einhvers staðar þar í sveit, sem vel hentar, svo og nauðsynleg húsakynni til að geta tekið móti allt að 30 nemendum árlega. Einnig skal ríkið leggja til vélar og áhöld til náms og starfs í skólanum.

2. gr.

Skólinn skal rekinn á ábyrgð ríkisins sem sjálfstæð stofnun, er ber sjálf kostnað af skólahaldinu, eftir því sem tekjur hrökkva, enda njóti hún þess ágóða, er verða kann af smíðarekstri skólans, svo og af þeim atvinnurekstri, er hann tekur að sér samkvæmt lögum þessum. Heimilt er skólanum að taka lán til framkvæmda sinna, eftir því sem nauðsyn krefur, að fengnu samþykki ráðherra hverju sinni.

3. gr.

Rétt til skólavistar eiga þeir nemendur héraðsskólanna og gagnfræðaskólanna, sem lokið hafa miðskólaprófi í verknámsdeild með I. einkunn. Einnig eiga þeir rétt á skólavist, sem með prófi geta sannað, að þeir hafi eins mikla fræðilega og verklega kunnáttu og þeir, er slíks náms hafa notið.

4. gr.

Í skólanum skal fram fara bæði fræðileg og verkleg kennsla, og skal námstími hvers nemanda vera allt að tveimur árum. Hefst námið að jafnaði að vorlagi og skal vera lokið að vori. Námi lýkur með verklegu prófi, er jafngildi sveinsprófi í húsasmíði.

5. gr.

Fræðileg kennsla skólans skal fram fara í íslenzku, reikningi, verkteikningu og bókfærslu. Einnig skal nemendum gefinn kostur á nokkurri kennslu í íþróttum og söng.

6. gr.

Verklegt nám í skólanum skal miðað við það, að nemendurnir verði færir um að veita húsasmíði forstöðu. Það heyrir undir verklega námið að veita nemendum skólans rækilega leiðbeiningu um meðferð helztu mótorvéla, rafmagnsvéla og hvers konar vinnuvéla, sem nota má við iðn þeirra.

7. gr.

Verklega námið skal fram fara í verkstæðum skólans og við húsbyggingar, er skólinn tekur að sér og veitir forstöðu.

Skólinn hefur rétt til að takast á hendur byggingar, hvar sem er í sveitum og kauptúnum með minna en 300 íbúa, svo og annars staðar með samþykki iðnráðs í héraði.

Þess skal gætt, að aldrei séu fleiri nemendur að starfi við hverja byggingu en svo, að þeir geti haft þar með höndum verkefni, er þeir læra af iðn sína, og að kennarar komi því vel við að kenna þeim réttar starfsaðferðir.

8. gr.

Verklegt skyldunám nemenda að sumrinu skal vera 7 stundir á dag alla virka daga. Að vetrinum er verknámið í vinnustofum skólans 4—5 stundir, en bóklegt nám 2—3 stundir á dag.

Nú vinnur nemandi að ósk skólans umfram þetta, og fær hann þá greiðslu samkvæmt verkamannataxta fyrra árið og 15% hærra kaup síðara námsárið.

9. gr.

Nemendur eiga sumarleyfi 12 virka daga hvort sumar og vetrarleyfi frá 16. desember til 5. janúar.

10. gr.

Við skólann skal skipaður forstöðumaður, er sé húsameistari að menntun eða arkitekt. Hann hefur aðalumsjón með skólanum og sér um allar framkvæmdir og kennslu. Um meiri háttar mál, svo sem verulegar undanþágur frá námi, styttingu eða sviptingu skólavistar, kveður hann kennara til meðráða og umsagnar. Hann hefur og á hendi allt reikningshald skólans.

11. gr.

Við skólann skulu starfa tveir fastir kennarar, en auk þess getur skólastjóri ráðið fleiri smiði til kennslu við húsabyggingar að sumrinu.

12. gr.

Launakjör skólastjóra og kennara skulu vera þau sömu og skólastjóra og kennara við bændaskólana.

13. gr.

Yfirstjórn skólans er í hendi þess ráðherra, sem með iðnaðarmál fer. Skal hann gefa út reglugerð, sem sett er eftir tillögum forstöðumanns skólans. Í reglugerðinni skal m. a. ákveða nánar um almennar skólareglur, tilhögun kennslu, próf, kennslukrafta, skyldur og réttindi kennara, nemenda og annarra fastra starfsmanna.

Greinargerð.

Á þingunum 1945 og 1946 flutti Hermann Jónasson, þingmaður Strandamanna, frumvarp um iðnskóla í sveitum. Í hvorugt skiptið náði frumvarpið fram að ganga. Á þinginu 1947 var málið enn borið fram af sömu flutningsmönnum og nú, en í verulega breyttri mynd. — Ekki fékk það þó afgreiðslu að heldur. Að þessu sinni er bæði frumvarpið og greinargerðin að kalla má óbreytt frá því í fyrra, enda að vandlega athuguðu málið talið komið í það horf, að allvel hæfi þeirri hugmynd, sem fyrir flutningsmönnunum vakir.

Í frumvarpinu, eins og það var upphaflega, var ráð fyrir því gert, að skólinn tæki árlega móti 50 nemendum. Nú er skólanum samkvæmt ákvæðum 1. greinar aðeins ætlað að geta tekið við allt að 30 nemendum á ári.

Þegar frumvarpið var flutt í sinni fyrri mynd, var það skilyrði fyrir skólavist, að nemandi hefði verið einn vetur í héraðsskóla eða gagnfræðaskóla og fengið þar eigi lakari en II. einkunn, eða sem því svaraði.

Nú er það gert að inntökuskilyrði í skólann, að nemendur hafi hlotið I. einkunn við miðskólapróf verknámsdeildar í héraðsskóla eða gagnfræðaskóla — eða þeir geti sannað, að þeir hafi öðlazt hliðstæða undirbúningsþekkingu með öðru móti. Með þessari breytingu eru gerðar margfalt strangari kröfur til þekkingar nemenda, er þeir hefja nám í skólanum.

Samkvæmt frumvarpinu, eins og það áður var, var gert ráð fyrir því, að skólinn skiptist í tvær deildir: húsasmíðadeild og húsagagna- og búsáhaldasmíðadeild.

Nú er skólanum einungis ætlað að einbeita sér að því hlutverki að gera nemendur sína sem allra færasta í húsasmíði.

Upphaflega var til þess ætlazt, að fræðileg kennsla skólans færi fram í íslenzku, teikningu, bæði almennri teikningu, og verkteikningu, iðnsögu, eðlisfræði og efnisfræði og auk þess í íþróttum og söng.

Ýmsir óttuðust það, að fræðileg kennsla í svo mörgum greinum kynni að verða kák eitt. Þess vegna er nú einungis gert ráð fyrir, að fræðileg kennsla fari fram í skólanum í íslenzku, reikningi, verkteikningu og bókfærslu. Þó skal nemendum auk þess gefinn kostur á kennslu í íþróttum og söng, eins og áður var til ætlazt.

Enn er þess að geta, að í frumvarpinu í sinni fyrri mynd var til þess ætlazt, að nemendur skólans fengju aðeins iðnréttindi í sveitum og kauptúnum.

Nú er tilætlunin sú, að skólanum sé að vísu valinn staður í sveit og að auk þeirra smíða, sem fram fara í vinnustofum skólans að vetrinum, verði aðallega unnið á vegum skólans á sumrin að byggingu íbúðarhúsa og peningshúsa í sveitum og kauptúnum, en ekki í kaupstöðum landsins, nema samþykki iðnráðs komi til. Hins vegar þykir ekki rétt að takmarka réttindi þeirra manna, sem útskrifazt hafa úr skólanum, einungis við sveitir og kauptún með færri en 300 íbúum. Slíkt mundi verða lítt framkvæmanlegt.

Ákvæði eru nú um það í frumvarpinu, að forstöðumaður skólans skuli vera húsameistari eða arkitekt að menntun, og einnig ráð fyrir því gert, að tveir fastir kennarar, er við skólann starfi, séu færir fagmenn í húsasmíði. Þá er til þess ætlazt, að skólinn geti ráðið til sín fleiri húsasmiði á sumrin til þess að kenna nemendum, ef svo mörg hús eru undir í einu, að skólastjóri og kennarar geta ekki séð fyrir nægilegri kennsluaðstoð. Ætti þannig að vera alltryggilega fyrir því séð, að nemendur eigi jafnan kost góðrar faglegrar handleiðslu og tilsagnar.

Kjör nemenda samkvæmt frumvarpinu eru þau í aðalatriðum, að nemandinn vinni í skólans þágu allt að 7 klukkustundum á dag, meðan unnið er úti við að húsabyggingum. Hins vegar er skylduvinna nemenda í verkstæðum skólans að vetrinum ekki nema 4—5 stundir á dag, en við það bætist bóklegt nám 2—3 stundir á dag. Vinni nemandi umfram þetta, skal greiða honum kaup samkvæmt verkamanntaxta fyrra árið og verkamannakaup með 15% álagi seinna námsárið. Auk

þess hafa nemendur frítt fæði, húsnæði, ljós, hita, þjónustu og kennslu, og kemur það á móti skylduvinnu þeirra í þjónustu skólans samkvæmt framansögðu.

Mun því láta nærri, að námskjör þessi svari nokkurn veginn til þeirra kjara, er iðnnemar njóta hjá meisturum samkv. gildandi lögum. Þó eru flutningsmenn þessa frumvarps sannfærðir um, að með þessu námsfyrirkomulagi sé tryggilegar um það búið, að nemendur slíks skóla fái skilyrði til að ljúka námi bæði fljótt og vel og verða færir iðnaðarmenn í sinni grein.

Þegar frumvarpið var flutt í fyrsta sinn á Alþingi, var leitað umsagnar Teiknistofu landbúnaðarins um það og einnig umsagnar Landssambands iðnaðarmanna.

Var svar Teiknistofunnar á þessa leið orðrétt:

Reykjavík, 19. des. 1945.

Ég undirritaður hef kynnt mér frumvarp til laga um iðnskóla í sveitum samkvæmt beiðni háttvirtrar iðnaðarnefndar. Ég álít, að frumvarp þetta sé komið fram af ríkri nauðsyn og sé mjög mikilsvert, að það verði að lögum sem allra fyrst. Í frumvarpinu virðist tekið fram allt það helzta, sem máli skiptir, og vil ég því eindregið mæla með því, eins og það liggur fyrir.

Virðingarfyllst,

Þórir Baldvinsson.

Í svari Landssambandsins sagði meðal annars svo:

„Stjórn sambandsins er sammála flutningsmanni frumvarpsins um það, að það er langt frá því, að ástandið í byggingarmálum sveitanna sé viðunandi, og að því valdi að miklu leyti þekkingarleysi á þessu sviði og skortur kunnáttumanna, til þess að sjá um smíði sæmilegra húsa. Rétt er þó í því sambandi að benda á, að löggjafinn hefur ekki hingað til viljað ætla sveitunum kunnáttumenn á þessu sviði, og að skortur kunnáttumanna stafar af því.

Ráðstafana til úrbóta í þessum efnum er því þörf, og *sennilegt, að opinber skóli verði eina ráðið, er að gagni kemur,* enda séu kennarar skólans fulllærðir iðnaðarmenn

Stjórnin vill því fyrir sitt leyti mæla með þeirri grundvallarhugmynd, sem frumvarpið byggist á, en leyfir sér jafnframt að gera við frv. eftirfarandi athugasemdir: „— Efni athugasemdanna er birt hér í styttu máli. Var fyrsta athugsemd Landssambands iðnaðarmanna á þessa leið:

Verkstæði, sem rúmar 100 manns að vinnu við trésmíðar (glugga, hurðir, skápa og önnur húsgögn), ásamt geymslum fyrir efni og smíðisgripi auk skólahúsnæðis og kennaraíbúða, er feiknamikið bákn. Ætti til að byrja með að nægja, að skólinn rúmaði aðeins helming þess fjölda, sem í frumvarpinu er nefndur, enda viðráðanlegra að öllu leyti.

Eins og frumvarpið liggur nú fyrir, hefur þessi athugasemd verið tekin til greina og nemendatala miðuð við allt að 30 á ári — eða 50—60 nemendur í tveggja ára skóla.

Í annarri athugasemd sinni lét stjórn sambandsins í ljós það álit, að skólinn gæti ekki veitt full iðnaðarréttindi, heldur ætti hann að láta hæfum nemendum, sem námi lykju, í té burtfararskírteini.

Þessari athugasemd er nú mætt með miklu strangari kröfum til þekkingar nemenda í upphafi námstímans, svo og með ströngum kröfum um, að kennarar og forstöðumaður skólans verði mjög vel menntaðir iðnaðarmenn í húsagerðarlist.

Í þriðju athugasemd sinni bendir stjórn Landssambandsins á, að í frumvörpum milliþinganefndarinnar í skólamálum sé gert ráð fyrir, að tveggja ára framhaldsnám og miðskólapróf þurfi til inngöngu í iðnskóla og aðra framhaldsskóla.

Í núverandi mynd frumvarpsins er þessi ábending að fullu tekin til greina, enda var það sjálfsagt til þess að tryggja sem bezta undirstöðumenntun þeirra iðnaðarmanna, er nám stunduðu í skólanum.

Fjórða athugasemd Landssambandsins var þess efnis, að ekki væri gert ráð fyrir reikningskennslu í skólanum, en það væri sú fræðigrein, sem iðnaðarmenn rækju sig oftast á, að þá skorti tilfinnanlega þekkingu í.

Þessi ábending er viðurkennd réttmæt og tekin til greina í frumvarpinu, eins og það nú liggur fyrir. Skólinn skal veita fræðilega kennslu í íslenzku, reikningi, verkteikningu og bókfærslu. Námsgreinabreytingin er sem sé sú frá því, sem áður var í frumvarpinu, að niður eru felldar ýmsar greinar, sem Landssambandið lagði lítið upp úr, og kennslu í reikningi og bókfærslu bætt við í staðinn. Mun það flestra mál, að iðnaðarmönnum sé það næsta nauðsynlegt að kunna nokkur skil á helztu undirstöðuatriðum bókfærslunnar, og þess vegna var sú grein tekin upp ásamt reikningnum.

Í seinustu athugasemd sinni lét stjórn Landssambandsins í ljós, að skólanum væri ætlað að grípa yfir allt of margar iðngreinar, og gæti verið hæpið fyrir ríkisvaldið að bera ábyrgð á hálfkunnáttu, er af því gæti leitt.

Einnig þessi ábending er tekin til greina, og er skólanum nú ætlað að einbeita sér að kennslu í húsasmíði með það fyrir augum að skila nemendum sínum sem allra færustum iðnaðarmönnum í þeirri grein.

Eins og frumvarpið er nú, ætti það því að vera í fullu samræmi við skoðun landssambandsstjórnarinnar, eins og hún kom fram í umsögn hennar um málið, þegar það var fyrst flutt á Alþingi.

Þá er þess að gæta, að frumvarp þetta er borið fram af bráðri þörf. Bæði í sveitum og kauptúnum er aðkallandi nauðsyn mikilla byggingaframkvæmda á næstu árum, en hins vegar eru þar aðeins til fáir faglærðir menn, er veitt geti slíkum byggingaframkvæmdum forstöðu. Kaupstaðirnir geta heldur enga hjálp veitt um þetta, því að þar er nú alls staðar mikill hörgull á faglærðum byggingamönnum.

Á því sex ára tímabili, sem styrjöldin stóð yfir, var mjög lítið byggt í sveitum og smákauptúnum. Ein af mörgum orsökum þessarar kyrrstöðu í byggingarmálum sveita og kauptúna var sú, að flestir þeir, sem helzt kunnu þar eitthvað til smíða, gerðust „gervismiðir“ við byggingar fyrir setuliðið eða fyrir innlenda iðnaðarhölda í kaupstöðum landsins. Síðan hefur sú raun á orðið, að margir þessara manna hafa setzt að í Reykjavík og kaupstöðunum og vinna þar enn að ýmiss konar iðnaðarstörfum. Af þessu leiðir, að í sveitum og kauptúnum er nú næsta fátt manna, sem nokkuð verulega kunna til bygginga, og reynslan er sú, að úr kaupstöðunum eru smiðir ófáanlegir til að veita byggingum í sveitum eða kauptúnum forstöðu, jafnvel hvaða kaup og fríðindi sem í boði eru.

Það er því augljóst mál, að fram úr þessum vanda verður að ráða með sérstökum aðgerðum. Kemur mönnum þá helzt í hug að byggja á verknámi því, sem nú er hafið í nokkrum héraðsskólum og gagnfræðaskólum landsins, og gefa í viðbót við það kost á tveggja ára skipulegu iðnaðarnámi í heimavistarskóla í sveit, eins og hér um ræðir.

Er það von flutningsmanna þessa frumvarps, að með því móti mætti takast að ala smám saman upp meðal þeirra, sem í sveitum og kauptúnum búa, allálitlegan hóp iðnlærðra manna, til þess að takast það nauðsynlega verkefni á herðar að koma byggingarmálum sveita og kauptúna í sómasamlegt horf.

Um ástand byggingarmála í sveitum eru til nokkrar skýrslur, og skal nú vikið að nokkrum atriðum, er þau mál varða, til þess að sýna fram á, hversu brýn þörf er á því að auðvelda svo fljótt sem verða má víðtækar byggingaframkvæmdir í sveitum og sjávarþorpum.

Árið 1910 voru byggð býli talin vera 6796. Þá voru torfbæir 5035 eða 74%. Timburhús í sveitum voru það ár talin 1628 eða 24%. En þá voru steinhús aðeins 136 talsins eða rétt tæpast 2%. — Fæst af þessum svo nefndu steinhúsum voru þó úr steinsteypu, heldur munu þau flest hafa verið hlaðin úr steini á einn eða annan hátt. Þetta voru samt einu byggingarnar, sem talizt gátu nokkurn veginn varanlegar. Að því er timburhúsin snertir, er rétt að vekja athygli á, að tala þeirra er

óeðlilega há. Stafar það af því, að þegar þessi skýrsla var gerð, voru talin með sveitum ýmis smærri þorp, sem í síðari skýrslum voru talin sjálfstæð kauptún. Ekki er þess að dyljast, að allmörg timburhúsanna munu hafa verið fremur lélegar byggingar, sem ekki þurftu síður endurbyggingar við en flestir torfbæirnir. Flest munu timburhúsin hafa verið í sjóþorpunum. Sést það meðal annars af því, að 700 þeirra, eða nærri helmingurinn var í Gullbringu- og Kjósarsýslu, Ísafjarðarsýslum og Suður-Múlasýslu, en eins og kunnugt er, er mikið útræði í þessum sýslufélögum, og búskapur og sjósókn víða rekin þar jöfnum höndum af sömu mönnum.

Af þessu sést þá greinilega, að um 1910, eða fyrir svo sem 39 árum síðan, þurfti um það bil 80—90% af húsakosti sveita og kauptúna fljótlegrar endurnýjunar við. Er þetta, eins og menn sjá, allömurlegt ástand, sem fæstir mundu vilja una við.

Svona slæmt er þá ástandið í þessum málum heldur ekki í dag. Dálítið hefur þokazt í áttina, þótt lítið sé.

Árið 1931 eru torfbæirnir taldir 2253 að tölu, eða 38.5% af öllum íbúðarhúsum. Úr ýmsu efni (aðallega timbri og torfi) eru talin 1052 hús, eða um 18%. Samtals gerir þetta 3305 íbúðir, eða 56.5%.

Timburhúsin eru þetta ár 1617, eða heldur færri en þau voru 1910. Steinhúsin eru orðin 934, eða 16%. Hefur þeim fjölgað um ca. 800 á þessum 20 árum. Nú er það steinsteypan, sem hefur haldið innreið sína sem aðalbyggingarefnið í sveitunum eins og í kaupstöðunum.

Í árslok 1940 eru byggðar jarðir taldar 6006. Þá eru húsalausar jarðir 526. Miðað við tölu íbúðarhúsa á jörðum 1932 hefur byggðum jörðum fjölgað um 150 á þessu árabili. Byggist þessi fjölgun á því, að reist voru um 250 nýbýli á þessum umræddu áratug.

Torfbæir eru nú 1398 og bæir úr ýmsu efni 658, eða samtals 2056. Í þessum flokki íbúðarhúsa eru þannig enn í árslok 1940 34.2% allra íbúðarhúsa í sveitum og kauptúnum.

Timburhúsin eru þá enn 1918, eða 32%, en steinhúsin eru þá orðin 2032, eða 33.8%. Svarar það, eins og menn sjá, til þess, að steinhús séu komin á þriðju hverja jörð í landinu.

Þetta er sem sé nokkuð í áttina, miðað við það, sem var 1910, en hinu má þó ekki gleyma, að þessi skýrsla sýnir berlega, að fullur þriðjungur íbúðarhúsanna eru fallandi torfkofar, auk þess sem reikna má með því, að um það bil helmingur timburhúsanna séu fremur lélegar mannaíbúðir.

Þannig er það því samkvæmt ofangreindum skýrslum rétt um 50% af íbúðarhúsum sveita og sjávarþorpa, sem ekki geta talizt mannsæmandi íbúðir og þurfa því bráðrar endurbyggingar við.

Enn er þess að geta, að samkvæmt athugun, sem skipulagsnefnd atvinnumála lét gera á árinu 1944 á íbúðarhúsnæði í sveitum og kauptúnum, eru það fast að þremur þúsundum fjölskyldna, sem þar verða enn að sætta sig við allsendis ófullnægjandi húsnæði. Er sú niðurstaða í fyllsta samræmi við það, sem áður greinir.

Það þarf því ekki í neinar grafgötur um það að fara, að Íslendingar verða á næstu árum að endurbyggja þúsundir íbúða í sveitum og kauptúnum. Farist það fyrir, verður fólk það, sem í þeim er, húsnæðislaust með öllu og leitar athvarfs í braggahverfum Reykjavíkur eða öðrum þvílíkum húsakynnum. Mundi þó hvorki hugsandi Reykvíkingum né öðrum finnast það æskileg þróun í þessum málum.

Í viðbót við það, sem að framan er sagt um byggingarþörf íbúðarhúsa í sveitum, er rétt að taka það fram, að geysileg verkefni bíða líka í sveitunum eftir byggingafróðum mönnum vegna lélegra peningshúsa, svo þúsundum skiptir. Útihúsin eru allt of víða jafn óviðunandi fyrir búpeninginn, eins og íbúðarhúsin eru það fyrir heimilisfólkið. En auk kofanna, sem falla á næstu árum, hagar víða svo til, að verið er að breyta sauðfjárbúum í kúabú, og leiðir af því, að mjög víða verður alls ekki hjá því komizt að breyta skipun peningshúsa í samræmi við breytta bú-

skaparhætti. Er þetta eitt út af fyrir sig stórbrotnara verkefni en margur hyggur í fljótu bragði.

Það er álit fróðra manna, að fjárfesting flestra bænda sé eins mikil eða meiri í byggingum en í ræktun og bústofni til samans. Hér er því ekki um neitt smámál að ræða, þegar á það er litið í heild.

Þá hefur það ekki litla þjóðhagslega þýðingu, að vel sé vandað til allra bygginga, jafnt í sveitum sem í kaupstöðum. Og víst er um það, að þegar til lengdar lætur, verða illa byggðu húsin ávallt jafnframt dýrustu húsin, auk þess sem þau svara aldrei sínum tilgangi til hlítar. Það getur því orðið þjóðinni harla dýrt, ef sveitirnar verða látnar skorta sérmenntaða iðnaðarmenn til þeirrar stórkostlegu endurbyggingar, sem fram hlýtur að fara þar á næstu árum.

Það væri myndarleg úrbót og vænleg varnarráðstöfun í þessum málum að samþykkja frumvarp það, sem hér liggur fyrir. Og verður að vænta þess, að Alþingi beri gæfu til þess.

Með þessum skóla mundi vera stofnað til nýjungar í skólamálum okkar, þannig að ekki er um verulegar fyrirmyndir að ræða. Því er frumvarpið þannig samið, að leitazt er við að láta það koma skýrt fram, hvaða verkefni skólanum er ætlað og hvernig hugsað hefur verið, að hann leysi það í aðalatriðum. En hins vegar er svo um búið, að sá maður, sem valinn verður til að veita skólanum forstöðu, hafi sem frjálsastar hendur til að haga störfum hans eftir því, sem fyrsta reynsla sýnir, að bezt hentar. Forstöðumanninum er ætlað að gera tillögur um þá reglugerð, sem skólanum verður sett og skólinn á að starfa eftir, og mætti það vel dragast, þar til skólinn hefði verið starfræktur eitt til tvö ár.

Ekki hefur þótt fært að benda á ákveðinn stað fyrir skólann, enda er það naumast hægt, nema að undangenginni athugun og samningum, sem ríkisstjórnin ein getur látið framkvæma.

En sjálfsagt þykir þó, að skólanum verði valinn staður í sveit, þar sem góður kostur væri rafmagns til þess að knýja þær vélar og verkfæri, er hann kann að nota í verkstæðum sínum. Æskilegt væri einnig, að honum væri valinn staður, þar sem gnægð væri jarðhita til upphitunar híbýla hans og verkstæða, og í þriðja lagi væri hagkvæmt, að hann væri þannig settur strax í upphafi, að verkefni væru nærtæk til byggingar íbúðarhúsa í næstu framtíð.

Sem dæmi um stað, sem fyrir margra hluta sakir væri vel fallinn til handa slíkum skóla, mætti nefna Varmahlíð í Skagafirði, þar sem vatnsorka til rafvirkjunar er nærtæk, mikill jarðhiti til hitunar híbýla er fyrir hendi og mikil verkefni fyrir byggingamenn í stórri, samfelldri byggð umhverfis staðinn. Það skal þó jafnframt tekið fram, að á landinu eru sjálfsagt til ýmsir fleiri staðir, sem áþekk skilyrði hafa að bjóða og gætu þannig engu síður komið til álita, er skólastaður yrði valinn.

Alþingi fær nú enn þá einu sinni að taka afstöðu til þessa máls. Eftir því, hvernig sú afstaða verður, má gera sér hugmyndir um kröfur alþingismanna til húsnæðis — fyrir hönd alþýðu manna — og jafnframt, hversu alvarlegum augum þeir líta á flóttann úr sveitunum til kaupstaðanna og þá alveg sérstaklega á flóttanum til Reykjavíkur.

Sþ. 355. Fyrirspurn [136. mál]

til ríkisstjórnarinnar um undirbúning lagasetningar um embættisbústaði.

Frá Helga Jónassyni og Gylfa Þ. Gíslasyni.

Hvað líður undirbúningi þeirrar heildarlagasetningar um embættisbústaði, sem Alþingi fól ríkisstjórninni með ályktun samþykktri í sameinuðu Alþingi 17. marz 1948?

Ed. 356. Frumvarp til erfðalaga. [137. mál]

(Lagt fyrir Alþingi á 68. löggjafarþingi, 1949.)

I. KAFLI
Um arf ættingja og hjóna.

1. gr.

Börn taka arf eftir föður sinn og móður, og erfa þau hina látnu að jöfnu. Ef barn andast á undan foreldri sínu, erfa börn hins látna þann hluta, er því barni hefði borið, ef lifað hefði arfleifanda. Nú er barnsbarn einnig andað á undan arfleifanda, en börn þess lifa, þá koma þau í stað barnsbarnsins og svo framvegis meðan nokkur niðji er til.

2. gr.

Um erfðarétt óskilgetins barns og arf eftir það fer á sama hátt og væri það skilgetið, þó svo, að óskilgetið barn erfir því aðeins föður og föðurfrændur og þeir það, að hann hafi gengizt við faðerni þess, hann verið dæmdur faðir þess eða talinn faðir barns, er honum hefur orðið eiðsfall, samkvæmt dómi. Hafi sambúð karls og konu, sem ógift eru, verið óslitin frá því 10 mánuðum fyrir fæðingu barns og þangað til 3 árum eftir hana, jafngildir hún faðernisjátningu, þá er um erfðarétt barns eftir föður og föðurfrændur ræðir, eða þeirra eftir það.

3. gr.

Ef hinn látni á engan niðja á lífi, kjörbarn eða niðja þess, en faðir og móðir hans lifandi, erfa þau hann að jöfnu.

4. gr.

Ef annað foreldri arfleifanda er andað, en hitt lifir, þá tekur það, sem á lífi er, helming arfs, en hinn helmingurinn hverfur til barna eða barnabarna hins látna foreldris á sama hátt og segir í 1. gr.

Nú eru hvorki börn né barnabörn hins látna foreldris á lífi, og tekur þá hitt foreldrið allan arfinn.

5. gr.

Nú eru báðir foreldrar látnir, og taka þá systkini arfleifanda allan arf eftir hann, að jöfnu ef alsystkini eru, en hálfsystkini hálfan arfshluta móti þeim. Ef systkini eru dáin, erfa börn þeirra þann arfshluta, er hinu látna systkini bar, ef lifað hefði.

6. gr.

Ef ekki eru á lífi niðjar arfleifanda, kjörbarn eða niðjar þess, foreldri hans, börn þeirra eða barnabörn, taka afar og ömmur arf eftir hinn látna, þannig að föðurforeldrar og móðurforeldrar taka sinn helming hvort. Nú er afi eða amma arfleifanda önduð, og erfa þá börn þess þeirra, sem látið er, þann arfshluta, er hinum látna (afa eða ömmu) hefði hlotnazt, ef lifað hefði.

Ef móðurforeldrar arfleifanda eru dánir og börn þeirra, taka föðurforeldrar eða börn þeirra allan arf og vice versa.

7. gr.

Það hjóna, sem lengur lifir, erfir einn fjórða af eignum maka síns, ef arfleifandi á niðja, kjörbarn eða niðja þess á lífi. Séu hvorugir á lífi, en lifandi lögerfingjar samkv. 2.—6. gr., erfir makinn helming eignanna, en allar eignirnar, ef enginn framantaldra erfingja er á lífi.

8. gr.

Nú andast það hjóna, sem lengur lifir, án þess að hafa gifzt aftur, en á ekki lifandi niðja eða kjörniðja og hefur ekki ráðstafað eignum sínum, og skulu þá eftirlátnar eigur þess skiptast milli lögmæltra erfingja þeirra beggja að jöfnu, þó þannig, að arfur sá, er áður kann að hafa verið greiddur eftir hinn fyrr látna maka, verður við arfskiptin talinn arftaka fyrirfram greiddur arfur, og lækkar arfshlutann um þá upphæð.

9. gr.

Barn arfleifanda, getið en ófætt þegar hann andast, en fæðist síðar lifandi, eignast erfðarétt í dánarbúinu við fæðinguna, eins og það hefði verið fætt fyrir andlát hans. Fresta skal skiptingu þess arfshluta, þar til séð er, hvort það fæðist lifandi.

10. gr.

Erfðaréttur hjóna á milli fellur niður við skilnað að borði og sæng og við algeran hjónaskilnað.

11. gr.

Föður og föðurfrændum ber ekki arfur eftir barn, ef faðirinn hefur hlotið refsidóm samkv. 194.—201. gr. almennra hegningarlaga vegna getnaðar þess, sbr. þó 205. gr. sömu laga.

12. gr.

Sá missir rétt til arfs, er varnar arfleifanda að ráðstafa eignum sínum á löglegan hátt fyrir andlát sitt.

13. gr.

Nú leggur faðir eða móðir fram allverulega fjárupphæð, — miðað við efni þeirra, — til eins eða fleiri barna sinna, eða kjörbarna, þeim til menningar, til búsmuna- eða bústofnskaupa við giftingu, til þess að koma fótum undir framtíðaratvinnu barnsins, til að greiða skuldir þess, eða kaupa því eða maka þess lífeyri, eða á annan hátt því til framdráttar, og skal upphæðin dregin frá arfshluta barnsins eftir annað eða hvort tveggja foreldri, enda séu færðar sönnur á, að foreldri hafi ætlazt til, að svo skuli vera, eða barnið kannast við, að svo hafi verið umsamið, en ekki hefur verið samið um hið gagnstæða.

Það telst styrkur frá móður, þótt seinni maður hennar, með ráðstöfun á félagsbúinu, veiti hann.

Ekki kemur til frádráttar arfshluta barns kostnaður foreldra vegna sjúkleika þess eða gjafir vegna þess, að þau telja, að störf þess í þeirra þágu hafi ekki verið fulllaunuð.

Sá, er fengið hefur arf fyrirfram greiddan samkv. framantöldu, skal eiga þess kost að skila aftur fasteign eða grip þannig fengnum, en þó jafngóðum. Meta skal yfirleitt verðmæti hins fyrirfram greidda eftir gangverði þess, er erfinginn veitti því móttöku, og ekki hærra en sanngjarnt er, svo að jöfnuður verði á við hina erfingjana.

Ákvæði gefanda um, að greiðsla til barnsins skuli teljast fyrirfram greiddur arfur, ber ekki að taka til greina, ef það bersýnilega miðar að því, að barnið fái ekki fullrétti á við samarfa sína.

14. gr.

Ef barn hefur fengið fyrirfram meira fé en nemur arfshluta þeim, er því ber, fær það engan arf, en ekki verður það sem skuldunautur skyldað til þess að endurgreiða fé, sem það hefur fyrirfram tekið á móti upp í arfsvon sína, fari sú upphæð ekki fram úr arfshlutanum, að viðbættum þeim hluta eignar, er foreldrunum var heimilt að ráðstafa samkv. 20. gr.

En hafi foreldri af rangsleitni við skuldheimtumenn sína gefið börnum sínum svo miklar gjafir, að eignir þeirra hrökkvi ekki til að greiða skuldheimtumönnum, skulu slíkar gjafir ógildar að lögum.

15. gr.

Um styrk, er föður- eða móðurforeldri veita barnabarni sínu fyrirfram upp í arf, fer á sama hátt og fyrir er mælt í 13. gr. um styrk foreldra til barna.

16. gr.

Nú hefur barn fengið styrk fyrirfram upp í arf sinn eftir foreldri sín, eða annaðhvort þeirra, og deyr fyrri, en á börn á lífi, og skal þá draga þann styrk frá arfshluta þeirra eftir afa og ömmu, á sama hátt og með sömu skilmálum sem fyrir er mælt um barnið sjálft.

17. gr.

Bannað er að selja eða veðsetja arf þann, er maður á í vændum, ekki má heldur gefa slíkan arf, þó skal eigi varna erfingjum að afsala sér arfstökurétti í hendur þeim, er þeir eiga arfsvon að, hvort sem það er gert fyrir nokkuð eða ekkert, séu þeir fullveðja og fjár síns ráðandi. Sé eigi annars getið og sett skilyrði eru ekki því til fyrirstöðu, skal það vera jafnskuldbindandi fyrir börn þess, er afsalar sér arfinum, eins og fyrir hann sjálfan.

II. KAFLI

Um arf kjörbarna og kjörforeldra.

18. gr.

Kjörbarn og niðjar þess öðlast erfðarétt eftir kjörforeldri sem væri það getið og fætt barn þeirra. Kjörforeldri og börn þeirra að þeim látnum eiga rétt til arfs eftir kjörbarn á undan ættingjum þess, öðrum en niðjum, en aldrei hærri upphæðar en verðmæti arfs eða gjafa, er kjörbarnið hefur þegið af kjörforeldri.

Erfðaréttur helzt þrátt fyrir ættleiðsluna milli kjörbarns og niðja þess annars vegar og foreldra þess og ættingja hins vegar.

Nú andast kjörbarn og á ekki lifandi lögerfingja samkv. 1. til 6. gr., sbr. 2. málsgr. þessarar greinar, og taka þá kjörforeldri eða börn þeirra allan arf.

Ákvæði 13. til 16. gr. laga þessara ná einnig til kjörbarna og barna þeirra.

III. KAFLI

Um erfðaskrá.

19. gr.

Hver sá, sem orðinn er fullra 18 ára, getur ráðstafað eignum sínum með erfðaskrá, enda sé hann andlega svo heill, að hann sé fær um að gera þá ráðstöfun á skynsamlegan hátt.

20. gr.

Nú á arfleifandi niðja á lífi, og er honum ekki heimilt að ráðstafa með erfðaskrá meiru en einum fjórða hluta eigna sinna. Ef enginn niðja er á lífi, en maki lifandi, er honum heimilt að ráðstafa helming eigna sinna.

21. gr.

Ef sá, sem gera vill erfðaskrá, er yngri en 18 ára, eða er settur undir forráð annarra vegna eyðslusemi eða af öðrum orsökum, verður erfðaskrá því aðeins gild, að dómsmálaráðuneytið veiti leyfi til að hann geri hana. Slíkur maður þarf einnig leyfi dómsmálaráðuneytisins til þess að afturkalla erfðaskrá.

22. gr.

Erfðaskrárákvörðun er ógild, ef arfleifandi hefur verið kúgaður eða prettaður til þess að gera hana eða hún er gerð vegna misskilnings arfleifanda og forsendur fyrir arfleiðslunni hafa verið rangar og hafi þessi atriði ráðið úrslitum um erfðaskrárákvæðið.

23. gr.

Ef fyrirmæli eru í erfðaskrá um eyðing verðmæta arfleifanda, án þess að skynsamleg ástæða sé til, ber ekki að hlíta slíkum ákvæðum.

24. gr.

Erfðaskrá skal vera skrifleg og arfleifandi sjálfur undirrita hana eða viðurkenna efni hennar fyrir notario publico, eða tveimur vottum.

Geri arfleifandi erfðaskrá erlendis, er áritun sendiherra Íslands eða ræðismanna þess jafngild og áritun notarii publici. Ef arfleifandi er ólæs á letur það, sem erfðaskráin er rituð á, skal þess getið, að hún hafi verið lesin skilmerkilega upp fyrir arfleifanda.

25. gr.

Þess skal getið í áritun votta á erfðaskrá, að þeir hafi verið sérstaklega kallaðir af arfleifanda til að votta undirskrift hans, og að hann hafi undirritað erfðaskrána eða kannazt við undirskrift sína að þeim samtímis viðstöddum, og að þeim hafi verið kunnugt, að um erfðaskrá var að ræða, og skulu þeir samstundis undirrita þá yfirlýsingu.

Þá skulu vottarnir í áritun sinni tilgreina stað og dag, þegar erfðaskráin var undirrituð eða arfleifandi lýsti yfir, að efni hennar væri vilji sinn. Þeir skulu þar geta þess, hver staða þeirra sé og heimilisfang.

Yfirlýsing votta samkv. 1. málsgr. skal metin gild sönnun nema sérstök atvik bendi á hið gagnstæða.

26. gr.

Þegar vottað er um erfðaskrá samkv. 24. gr., skal þess getið, hvort arfleifandi hafi verið svo andlega heill heilsu, að hann væri fær um að gera erfðaskrána. Einnig er rétt að geta atriða, ef fyrir hendi eru, sem gætu haft áhrif á, hvort arfleiðsluskráin yrði gild metin.

27. gr.

Vottar þeir, er á erfðaskrá rita, skulu ekki yngri vera en 21 árs. Þeir skulu vera þekktir að samvizkusemi, hvorki andlega sljóir eða truflaðir. Erfðaskráin má ekki varða hagsmuni þeirra og þeir hvorki vera í náinni frændsemi né mægðum við þann, er góðs nýtur, — svo verulega munar, — af erfðaskránni, og ekki heldur í þjónustu hans.

28. gr.

Verði maður snögglega og hættulega veikur, eða lendi í bráðri hættu og vilji gera erfðaskrá, má víkja frá þeirri reglu, að erfðaskráin sé skrifleg. Má arfleiðslan þá fara fram munnlega fyrir tveimur tilkvöddum vottum. Þeir skulu skrásetja efni erfðaskrárinnar undireins og þeir geta komið því við og staðfesta með undirskrift sinni. Slík erfðaskrá verður ógild, ef arfleifandi hefur ekki endurnýjað hana áður en mánuður er liðinn frá því, að umgetnar tálmanir voru liðnar hjá, og arfleifandi hafði tækifæri að gera erfðaskrána samkv. 24. til 27. gr.

29. gr.

Ef arfleifandi arfleiðir tvo eða fleiri í erfðaskrá sinni, en ákveður þar hvorki um arfahluta þeirra né röð arftaka, fá arftakar allir jafna upphæð.

Nú er ákveðið í erfðaskrá, að einhver arftaki hljóti sérstakan grip, þá hlýtur arftaki hann, þótt aðrir arftakar fái ekki þá upphæð, er erfðaskráin ánafnar þeim.

Ef arfleifandi lætur eftir sig tvær eða fleiri erfðaskrár, gengur sú fyrir, er síðast var gerð, ef ósamræmi er.

30. gr.

Arfleifandi getur tilnefnt í erfðaskrá skiptaforstjóra í búi sínu og tiltekið verksvið hans eða þeirra.

Ef sérstakar ástæður eru fyrir hendi, eins og óregla eða ráðdeildarleysi erfingja, er arfleifanda heimilt að setja í erfðaskrá sína ákvæði um það, hvernig fari um skylduarf til einstakra niðja hans eða maka, svo sem að erfingjum sé skipaður fjárráðamaður, að því leyti er arfinn snertir, og greidd sé árlega ákveðin upphæð af arfinum til erfingjans. Slík ráðstöfun verður því aðeins gild, að dómsmálaráðherra samþykki hana. Heimilt er ráðherra að fella niður skilyrðin að nokkru eða öllu leyti, þegar erfinginn er orðinn 21 árs og hefur fært sönnur á, að forsendur þær, sem voru fyrir skilyrðunum, eru ekki lengur fyrir hendi. Einnig getur ráðherra leyft, að arftaka séu greiddar hærri upphæðir af arfinum en erfðaskráin ákveður, ef óumflýjanleg nauðsyn arftaka eða fjölskyldu hans krefur.

Skilyrðið fellur niður í síðasta lagi við andlát erfingjans.

31. gr.

Meðan skilyrði samkv. undanfarandi grein hvíla á arfshluta geta skuldheimtumenn ekki krafizt þess að fá skuldir erfingjans af því fé, nema tildæmdar skaðabætur út af verknaði erfingjans, frömdum af ásetningi eða stórkostlegu gáleysi.

32. gr.

Framangreindar reglur um erfðaskrár skulu einnig gilda um breytingar og viðauka við hana og um þau gjafabréf, sem ekki er ætlazt til, að komi til framkvæmda fyrr en að gefandanum látnum, þó með þeim breytingum, sem leiðir af því, að gjafabréfið er nokkurs konar samningur.

Erfðaskrá fellur úr gildi, þegar arfleifandi hefur ótvírætt látið það í ljós, að hann vilji svo vera láta. Þó skal hann, ef erfðaskráin er gagnkvæm, tilkynna það hinum aðila, ef þess er nokkur kostur.

33. gr.

Nú á maður engan lögmæltan erfingja, eða erfingja arfleiddan með erfðaskrá, eða réttur erfingi vitjar ekki arfsins áður en 5 ár eru liðin frá því, að kunnugt var um andlát arfleifanda, og hlýtur ríkissjóður þá allan arfinn.

34. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. júlí 1949.

Hafi arfleifandi andazt fyrir gildistöku laganna, skulu eldri lagaákvæði halda gildi um erfð eftir hann.

35. gr.

Frá því lög þessi koma til framkvæmda falla eftirtalin lagaákvæði úr gildi:

N.L. 5. bók, 2. kap., 11., 30. og 75.

Tilskipun um nokkrar breytingar á erfðalögunum á Íslandi frá 25. sept. 1850.

87.—89. gr. laga nr. 20 27. júní 1923, um skyldur og réttindi hjóna, svo og öll eldri lagaákvæði, er brjóta í bág við lög þessi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Sú skoðun hefur komið fram oft og ákveðin nú á síðari árum, að erfðalöggjöf Íslendinga væri orðin mjög úrelt í einstökum atriðum, svo að vart mætti lengur við hlíta. Sérstaklega var bent á hinn lögmælta víðtæka erfðarétt, sem enn er í gildi, fjórmenningaerfðir. Á þeim tímum, þegar ættarböndin voru meiri og sterkari en nú og

framfærsluskylda náði einnig til fjórmenninga, var líka sjálfsagt, að skyldum fylgdu réttindi. Nú, þegar framfærsluskyldan er nær horfin nema foreldra gagnvart börnum sínum innan 16 ára aldurs, horfir mál þetta allt öðruvísi við. Þá er og það, að þegar fjölmargir fjarskyldir erfingjar eiga tilkall til arfs, munar hvern erfingja litlu arfshluti hans, nema stórauður sé, er til arfs fellur, og oft er það miklum erfiðleikum bundið að spyrja uppi alla erfingjana, sem komnir eru á víð og dreif og jafnvel í önnur þjóðlönd. Engin sambönd eru milli slíkra erfingja og arfleifanda. Veit ef til vill hvorugur um tilveru hins. Vegna þessa og fleiri ástæðna þykir nú kominn tími til að breyta erfðalöggjöfinni, og má helzt ekki lengur dragast.

Á Alþingi 1943 var lagt fram í neðri deild frv. til erfðalaga og borið fram af þáverandi ríkisstjórn. Frv. þetta komst til allsherjarnefndar, en var vísað frá með rökstuddri dagskrá.

Á síðasta Alþingi var samþykkt þingsályktun, er þm. Dalamanna flutti um endurskoðun erfðalöggjafarinnar, og vegna þeirrar þingsályktunar er frumvarp þetta borið fram.

Í frumvarpi þessu eru ýmis nýmæli, auk meginbreytinganna, sem það gerir á frændsemiserfðum, má þar benda meðal annars á afstöðu milli kjörbarna og kjörforeldra, um samning erfðaskrár og gildi hennar og um heimild arfleifanda að takmarka umráðarétt erfingja yfir skylduarfi.

Við samning frumvarpsins var stuðzt við erfðalöggjöf þá, er gildir í Noregi og Svíþjóð, en þó sérstaklega við frumvarp það til danskra erfðalaga, sem unnið var að af stjórnskipaðri nefnd manna í Danmörku um 5 ára skeið og út kom árið 1941 með mjög rækilegu nefndaráliti. Í frumvarp þetta eru tekin úr hverjum stað með breytingum eða óbreytt ýmis ákvæði, sem talið var, að til bóta væru í hérlendri erfðalöggjöf, og nokkru bætt við, sem ekki fannst þar.

Verður gerð grein fyrir breytingum þessum í athugasemdum við hverja einstaka grein frumvarpsins.

Um 1. gr.

Það hefur komið fram sú skoðun, að þegar barnabörn arfleifanda tveggja eða fleiri barna hans erfa hann, ættu þau að réttu lagi að erfa jafnháa upphæð hvert, þannig ef tvö börn arfleifanda eru önduð og annað á tvö börn á lífi, en hitt fimm börn, þá verði jafnhár erfðahluti hvers hinna fimm barna og annars hinna tveggja. Á þessa skoðun verður ekki fallizt og virðist langeðlilegast, að systkini erfi ekki framar en erfðahluti foreldris þess hefði orðið, ef lifað hefði.

Um 2. gr.

Samkvæmt grein þessari taka óskilgetin börn arf sem skilgetin væru. Ekki þykir það rétt hér að gera greinarmun arfs þeirra og skilgetinna barna, þótt öðruvísi sé því farið í erfðalögum hinna Norðurlandaþjóðanna. Börnin eiga ekki þess að gjalda, þótt foreldri hafi förlazt um fyrirskipaðar siðferðisreglur. Hér er að mestu farið eftir erfðaákvæðum laga nr. 87/1947. Ekki er fyllingareiður barnsmóður talinn hér nægja til þess að barnið erfi föður eða föðurfrændur eða þeir það.

Um 3. gr.

Hér er erfðaréttur föður og móður eftir óskilgetið barn þeirra látinn vera sami eins og um skilgetið barn væri að ræða. Þó getur erfðaréttur föður fallið niður, sbr. 11. gr. frumvarpsins.

Um 4. gr.

Hér er það nýmæli, að ekki erfa niðjar foreldra arfleifanda lengra niður en systkinabörn hans. Niður erfir ekki afa- eða ömmusystkini sín. Frændsemisbönd eru það sterk hér á landi og yfirleitt það náin kynni milli skyldmenna „að fyrsta og öðrum“, að ekki þykir rétt að slíta þann þátt, sem erfðarétturinn er milli svo náinna

skyldmenna, en aftur á móti er dreifing arfs venjulega orðin mjög mikil, ef niðjar í þriðja lið frá foreldri arfleifanda verða erfingjar hans.

Um 5. gr.

Samanber athugasemd við næstu frumvarpsgrein á undan.

Um 6. gr.

Í gildandi erfðalögum eiga afar og ömmur, langafar og langömmur, langalangafar og langalangömmur og niðjar þeirra erfðarétt. Áður fyrr hvíldi líka framfærsluskylda á þessu fólki innbyrðis. Nú er sú skylda horfin, og þykir því rétt, að erfðaréttur þeirra falli niður, en afar og ömmur og börn þeirra — foreldrasystkini — haldi þó þeim rétti, sem líka er í samræmi við 4. gr. Það gæti verið álitamál, hvort langafar og langömmur ættu ekki að erfa barnabarnabörn sin (beina línu upp á við), en þar sem slík arftaka á sér varla stað, þótti þegar af þeirri ástæðu engin nauðsyn til þess að lögfesta hana hér.

Um 7. gr.

Lög nr. 20 frá 1923, 88. gr., mæla fyrir um, að eftirlifandi maki erfi helming eigna hins látna maka, ef ekki eru niðjar hans á lífi, en lifandi eru foreldrar hans eða niðjar þeirra. Með ákvæðum þessa frumvarps verður réttur makans lakari að því leyti, að afar og ömmur og foreldrasystkini bætast við þann flokk, er takmarkar erfðarétt hans, en aftur á móti hverfa þaðan niðjar systkinabarna hins látna maka, sbr. 4. gr. frv.

Um 8. gr.

Greinin er nýmæli í íslenzkum erfðarétti, en ákvæði hennar virðast sanngjörn. Makinn, sem lengur lifir, fær ¾ hluta félagsbúsins, og fellur sá hluti allur til erfingja hans, en með ákvæðum þessum er gerður meiri jöfnuður millum erfingjanna allra. Þó er þeim maka, er lengur lifir, ekki varnað þess að gera ráðstafanir í óhag erfingjum hins fyrr látna.

Um 9. gr.

Ákvæðin lögfesting á viðurkenndum reglum.

Um 10. gr.

Sbr. lög nr. 20/1923, 89. gr.

Um 11. gr.

Ákvæði greinarinnar virðast sjálfsögð, en engin ástæða til, að þar greindur verknaður skerði erfingjarétt barnsins eða niðja þess.

Um 12. gr.

Það má réttmætt teljast, að hver sá, sem ver manni að gera erfðaskrá af þeim ástæðum, að arfsvon hans sjálfs minnki eða hverfi, og enda þótt aðrar ástæður kunni að vera fyrir þeirri aðferð hans, missi erfðarétt sinn eftir þá persónu, er hann hefur breytt þannig við.

Um 13. til 17. gr.

Greinar þessar eru að efni til að mestu í samræmi við 10.—14. gr. tilsk. frá 1850. Hér eru þó fleiri útgjöld, sem til greina koma til frádráttar arfi, en þar eru talin, sbr. 1. og 3. málsgr. 13. gr. Margt virðist mæla með því, að hin yngri börn arfleifanda fái sérstaka greiðslu frá dánarbúinu til þess að mannast á borð við eldri systkini sín, ef sérstaklega hefur verið til þeirra kostað af búinu, þótt ekki liggi fyrir vilji foreldris um það, en ekki var samt ráðizt í að lögfesta hér slíkt fyrirmæli. Ekki virðist réttlátt að draga sjúkrakostnað vegna barns arfleifanda frá arfi þess eða gjafir, sem í raun og veru eru verkalaun, sbr. 3. málsgr. 13. gr.

Um 18. gr.

Grein þessi er nýmæli í íslenzkum erfðalögum. Áður voru þau ákvæði, að leyfa mátti ættleiðingu með því skilyrði, að ef kjörforeldri áttu niðja, fékk kjörbarnið aldrei meira en ¼ hluta eftirlátinnar eignar þess, sbr. konungsúrsk. 23. des. 1864. Samkv. grein þessari fær kjörbarn jafnan arf eftir kjörforeldra og eigið barn eða börn kjörforeldrisins, ef til eru, en erfir ekki ættmenn kjörforeldris. Kjörbarnið heldur erfðarétti sínum gagnvart holdlegum foreldrum sínum og frændliði og vice versa. Niðjar kjörbarns erfa að því látnu kjörforeldri, en kjörforeldri og þeirra börn, ef einhver eru, erfa kjörbarn aldrei framar en upphæð þá, er kjörforeldri hafa gefið kjörbarninu eða það hlotið í arf eftir þau, nema kjörbarnið eigi engan lögerfingja á lífi. Þá fellur allur arfur til þeirra.

Ekki þótti rétt að svo komnu máli að láta erfðarétt kjörbarns ná til skyldmenna kjörforeldra, enda heldur það erfðarétti sínum eftir holdlega frændur sína eins og ættleiðingin hafi ekki átt sér stað.

Annars er það nauðsynlegt að setja lög allrækileg um ættleiðingar hér á landi að dæmi annarra Norðurlandaþjóða.

Um 19., 20. og 21. gr.

Greinar þessar eru að mestu samhljóða núgildandi ákvæðum laga um rétt til þess að gera erfðaskrá.

Um 22. og 23. gr.

Í þessum greinum eru lögfestar reglur um ógildingu erfðaskrár, sem almennt eru viðurkenndar og fylgt í íslenzku réttarfari, þótt óskráðar hafi verið.

Um 24.—27. gr.

Hér eru fyrirmæli um gerð erfðaskrár, um hæfni erfðaskrárvottanna og hvers þeir eiga að gæta sérstaklega. Þótt varla þurfi að gera ráð fyrir, að arfleiðandi kunni ekki að lesa, eru ýmsir fatlaðir frá að geta það, t. d. blindir. Annars eru hér reglur settar ýtarlegri en nú eru lögskráðar, og þykir rétt, að svo sé, þegar gert er ráð fyrir, að erfðaskráin haldi gildi sínu, þótt vitnin séu látin.

Um 28. gr.

Rétt virðist að veita þeim manni, sem lendir í bráðri hættu, þótt ekki sé af völdum veikinda, undanþágu frá að bréfsetja erfðaskrá sína, því að oft er því þannig farið undir slíkum kringumstæðum, að hvorki er tími né tækifæri til bréfagerða.

Um 29. gr.

Lögfestir reglur, sem taldar eru gilda hér á landi, þótt óskráðar séu.

Um 30. og 31. gr.

Hér er í fyrstu málsgr. tekin upp heimild sú, sem 6. gr. skiptalaganna veitir arfleiðanda, að því viðbættu, að hann geti ákveðið verksvið skiptaforstjórans.

Þá er það nýmæli í grein þessari, að arfleiðandi getur í erfðaskrá lagt höft á skylduarf, svo sem hver hafi fjárreiður, hvernig hann er greiddur erfingja. Þó er því aðeins leyft að leggja slík höft á, að erfinginn þyki ekki fær um að gæta sjálfur arfsins, hann sé óreglumaður, ráðleysingi, andlega sljór o. s. frv. Þó verður samþykki dómsmálaráðherra að koma til, ef slík ráðstöfun á að hafa gildi. Ráðherra getur einnig leyst höftin af erfðafénu undir sérstökum ástæðum.

Það gæti verið nokkurt vafamál, hvort heppilegra er að hafa lagaákvæðið þannig, að ekki þurfi samþykki ráðherra til þess, að haftakvöð arfleiðanda gildi, og að arfleifanda sé heimilt að setja slík skilyrði í erfðaskrá, en ráðherra sé heimilt að fella þau úr gildi eftir kröfu erfingja, enda sanni hann, að þau séu ónauðsynleg. Þótt það megi kallast hart fyrir erfingja að verða þannig að nokkru sviptur fjár-

forræði, gæti það þó í sumum tilfellum bjargað honum frá því að eyða öllu arfafé í einum svip og sitja síðan uppi með tvær hendur tómar. Varla þarf að gera ráð fyrir því, að arfleiðandi leiki niðja sína eða maka þannig að varna þeim að ráða yfir erfðafénu, nema hann telji þeim það fyrir beztu.

Þá eru og ákvæði, er varna skuldheimtumönnum erfingjans að ganga að erfðafénu. Mættu þeir yfirleitt ganga að slíkum arfi, væru höftin gagnslítil. Engin ástæða er til að láta höftin haldast lengur en sá lifir, sem óttast er, að sói arfinum.

Um 32. gr.

Að mestu samhljóða 25. gr. erfðatilskipunar frá 1850, en bætt við frá því sem þar er um, hversu breyting og viðbætur á erfðaskrá skulu gerðar. Ekki þótti nauðsynlegt að setja hér nákvæmar reglur fyrir afturköllun erfðaskrár, og ekki hafa Svíar sett þær í sínum mjög svo rækilegu erfðalögum, en Norðmenn hafa að vísu ákvæði þar um. Hér á landi mun mynduð dómvenja um mörg þau atriði, t. d. sannanlega eyðilögð erfðaskrá af arfleiðanda eða fyrir tilstilli hans eða yfirstrikuð eða útskafin ákvæði í henni.

Um 33. gr.

Með tilliti til þess, hversu samgöngur allar eru nú orðnar greiðar, virðist ekki þörf á að setja erfingja lengri frest en 5 ár að vitja arfs. Áður var sá frestur 15 ár.

Ed. 357. Nefndarálit [52. mál]

um frv. til l. um fiskiðjuver ríkisins í Höfn í Hornafirði.

Frá meiri hl. sjávarútvegsnefndar.

Frv. þetta var flutt á síðasta þingi og var þá afgreitt með rökstuddri dagskrá á þskj. 394, og vísast að mestu til hins ýtarlega nefndarálits, sem þá var gefið út í sambandi við afgreiðslu málsins. Þótt aðstæður allar væru að mestu óbreyttar frá því að málið var afgreitt þannig, þótti rétt að athuga það gaumgæfilega á ný. Sendi nefndin því frv. til umsagnar til stjórnar fiskimálasjóðs og er umsögnin birt hér með sem fylgiskjal. Fer álit sjóðsstjórnarinnar mjög saman við álit meiri hl. nefndarinnar, sem lítur svo á, að ekki sé fært að taka þannig út eina verstöð og láta ríkissjóð bera þar allan kostnað af því að koma upp fiskiðjuveri. Mundi þetta óhjákvæmilega hafa það í för með sér, að fjöldi annarra staða teldi sig eiga sama rétt til slíkra framlaga, en undir því fengi ríkissjóður ekki risið að mæta slíkum kröfum. Sú stefna hefur verið mörkuð í þessum málum almennt að styrkja aðila til þess að koma upp fiskiðjuverum með hagkvæmum lánum úr stofnlánadeild, fiskimálasjóði og fiskveiðasjóði, og telur meiri hl. nefndarinnar, að engin þau rök hafi komið fram í sambandi við þetta sérstaka mál, er réttlæti að breyta frá þessari reglu, auk þess sem sú reynsla, er fengizt hefur af rekstri fiskiðjuvers ríkisins, bendir ekki til þess, að nein trygging væri fyrir því, að sjómenn og útgerðarmenn, sem kæmu til með að skipta við þetta fyrirhugaða fiskiðjuver, fengju almennt gangverð fyrir afurðir sínar, ef fylgja ætti fyrirmælum 6.—8. gr. frv. Á þetta gat minni hl. (StgrA) ekki fallizt. Vildi hann láta samþykkja frv. óbreytt, og gefur hann því út sérstakt nefndarálit. Meiri hl. leggur hins vegar til, að frv. verði afgreitt með svo hljóðandi

RÖKSTUDDRI DAGSKRÁ:

Meðan ríkissjóður telur sig ekki geta lagt fram nægilegt fé til þess að ljúka byggingu fiskiðjuvers ríkisins, sem þó er álitið nauðsynlegt til tryggingar betri afkomu, og meðan því er heldur eigi séð fyrir nauðsynlegu rekstrarfé, þykir ekki rétt að leggja

til, að ákveðið sé með lögum, að ríkissjóður skuli reisa og reka annað fiskiðjuver, sem kosta mundi stórfé, og í trausti þess, að þær lánsstofnanir, sem lögum samkvæmt er ætlað að styðja þá, sem koma vilja upp slíkum fiskiðjuverum, meti að fullu þá þörf, sem hér er fyrir hendi, og styrki þá aðila, sem vildu koma upp fiskiðjuveri í Hornafirði, eftir því sem lög og reglur um lán frekast heimila, tekur deildin fyrir næsta mál á dagskrá.

Alþingi, 16. febr. 1949.

Gísli Jónsson, form., frsm. B. Kristjánsson, fundaskr. Björn Ólafsson.
Sigurjón Á. Ólafsson.

Fylgiskjal.

FISKIMÁLASJÓÐUR

Reykjavík, 8. febr. 1949.

Háttvirt sjávarútvegsnefnd efri deildar Alþingis hefur sent stjórn Fiskimálasjóðs til umsagnar frumvarp til laga um fiskiðjuver ríkisins í Höfn í Hornafirði, en frumvarp þetta, sem er flutt af þeim Ásmundi Sigurðssyni og Páli Zóphóníassyni, liggur nú fyrir háttvirtri deild.

Sjóðsstjórnin telur, eftir að hafa kynnt sér frumvarpið ásamt meðfylgjandi greinargerð, svo og ýmis þau atriði önnur, er varða málið almennt, að nauðsynin á því, að komið sé upp viðhlítandi fiskiðjuveri í Höfn í Hornafirði, þ. e. frystihúsi, beinamjölsverksmiðju og lýsisbræðslu, sé óumdeilanleg og brýn.

Til þess að koma slíku mannvirki sem þessu á stofn telur sjóðsstjórnin vænlegast, að farin yrði sú leið, að byggðarlagið Höfn og heimamenn þar í félagsskap og samvinnu við þá aðkomubáta, sem hlut eiga að máli, reistu og rækju fiskiðjuverið og nytu að sjálfsögðu til þess styrks og fyllstu aðstoðar þeirra opinberu stofnana, sem hafa því hlutverki að gegna að styðja og styrkja byggingar mannvirkja þessarar tegundar, svo sem Stofnlánadeildar sjávarútvegsins og Fiskimálasjóðs.

Þess skal getið, að við afgreiðslu máls þessa var einn úr sjóðsstjórninni, hr. Lúðvík Jósefsson alþingismaður, fjarverandi.

Virðingarfyllst,

Þorl. Jónsson,
pr. formaður.

Til sjávarútvegsnefndar efri deildar Alþingis.

Ed. 358. Frumvarp til laga [138. mál]

um eftirlit með rekstri ríkisins og ríkisstofnana.

(Lagt fyrir Alþingi á 68. löggjafarþingi, 1949.)

1. gr.

Í fjármálaráðuneytinu skal stofna sérstaka deild, er nefnist: Eftirlit með opinberum rekstri. Hlutverk þessarar deildar er:

1. Að hafa eftirlit með rekstri ríkisstofnana og starfsmanna ríkisins, starfsaðferðum, starfsmannahaldi, vinnuafköstum og vinnuskilyrðum þessara aðila;
2. að leiðbeina ríkisstofnunum og ríkisstarfsmönnum um starfstilhögun og mannahald;

3. að gera tillögur til hlutaðeigandi ráðherra um bætta starfstilhögun og breytt skipulag og sparnað, sem við verður komið, þar á meðal um niðurlagningu eða sameiningu stofnana eða starfa.

2. gr.

Forseti Íslands skipar forstöðumann deildarinnar, er nefnist ráðsmaður ríkisins, og hefur hann sömu laun og skrifstofustjórar í stjórnarráðinu. Nauðsynlegt starfslið skipar ráðherra samkvæmt tillögum ráðsmannsins.

3. gr.

Skrifstofustjórar stjórnarráðsins, ríkisbókari, aðalendurskoðandi og forstöðumenn ríkisstofnana, sem heyra beint undir ráðherra, skulu vera ráðsmanni ríkisins til ráðuneytis og getur hann kvatt þá, einn eða fleiri, til sameiginlegra fundarhalda um tiltekin málefni.

4. gr.

Ríkisstofnunum og einstökum starfsmönnum ríkisins er skylt að veita stofnun þessari hverjar þær upplýsingar, sem hún þarfnast vegna starfs síns, og þeim ber einnig að leita samvinnu við deildina um hvað eina, sem varðar skrifstofuhald, svo og fjölgun og fækkun starfsliðs og hverjar aðrar endurbætur í rekstrinum, er til greina koma.

5. gr.

Engin ríkisstofnun né starfsmaður ríkisins má ráða starfsfólk til starfa við skrifstofuvinnu, iðnað, iðju, afgreiðslustörf eða önnur skyld verk án þess að hafa áður fengið samþykki ráðsmanns til ráðningarinnar. Hins vegar fer um veitingu starfa eftir þeim reglum, sem gilt hafa til þessa. Nú ræður forstöðumaður fólk til starfa án samþykkis ráðsmanns, og er sú ráðning þá ógild. Ef ágreiningur verður um starfssvið ráðsmanns samkvæmt ákvæðum þessarar greinar, sker ráðherra úr.

6. gr.

Nýja stofnun má ekki setja á fót nema með lögum. Nú er ný stofnun eða embætti sett á fót, og skal þá ráðsmaður ríkisins ákveða mannahald og starfstilhögun að öðru leyti í stofnuninni í samráði við fyrirsvarsmann stofnunarinnar.

7. gr.

Skýrslur þær og aðrar upplýsingar, sem um ræðir í 4. gr., skulu afhentar ráðsmanni fyrir þann tíma, er hann ákveður, og getur ráðherra ákveðið, að hlutaðeigandi forstöðumenn sæti dagsektum, ef misbrestur verður á um afhendingu umbeðinna upplýsinga.

8. gr.

Fjármálaráðherra getur, að fengnum tillögum ráðsmanns, með reglugerð, erindisbréfi eða öðrum fyrirmælum, kveðið nánar á um starfssvið og önnur atriði, sem um ræðir í lögum þessum.

9. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. júlí 1949.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Hinn 22. sept. 1947 skipaði ríkisstjórnin sérstaka nefnd, sem í voru þrír af skrifstofustjórum stjórnarráðsins, aðalendurskoðandi ríkisins og ríkisbókari. Var nefndinni falið „að rannsaka kostnað við rekstur ríkisins og ríkisstofnana og gera tillögur til ríkisstjórnarinnar um sparnað við þennan rekstur“. Síðar var bætt við í nefndina þrem alþingismönnum. Á meðal þeirra tillagna, sem nefndin hefur afhent ríkisstjórninni, er frv. það til laga um eftirlit með rekstri ríkisins og ríkisstofn-

ana, sem hér birtist og sem ákveðið hefur verið að leggja fyrir háttv. Alþingi, að mestu leyti óbreytt eins og nefndin gekk frá því. Einn nefndarmanna (Sigurjón Á. Ólafsson) stendur þó ekki að frv.

Eins og fram kemur í greinargerð nefndarinnar, er gert ráð fyrir, að tekin verði upp hér á landi svipuð tilhögun í þessu efni og ýmist er komið á eða er í undirbúningi annars staðar á Norðurlöndum, en auðvitað miðað við þær sérstöku ástæður, sem hér eru fyrir hendi.

Síðustu 20 árin hafa störf þau, sem umboðsvaldinu eru falin að lögum, farið stöðugt vaxandi, bæði vegna fjölda nýrra ríkisstofnana og aukinna starfa, sem hlaðizt hafa á ráðuneytin og aðrar stofnanir, vegna margs konar nýrrar löggjafar, sem ekki hefur orðið framkvæmd, nema með auknu mannahaldi, nýjum húsakynnum, nýjum skrifstofugögnum og öðru, sem til slíks rekstrar heyrir, og allt kostar mikið fé. Sem dæmi um slíka löggjöf frá síðustu árum má nefna lög nr. 50 1946, um almannatryggingar, lög nr. 67 1947, um eignakönnun, lög nr. 70 1947, um fjárhagsráð, innflutningsverzlun og verðlagseftirlit.

Fram að þessu hefur enginn aðili verið til, sem hefði skyldu til að gæta þess, að kostnaður við auknar framkvæmdir vegna nýrrar löggjafar yxi ekki úr hófi fram. Hvert ráðuneyti hefur verið einrátt um framkvæmd þeirra mála, er undir það heyra, og forstöðumenn stofnananna munu jafnvel hafa ráðið mestu um mannahald og annan kostnað, sem leitt hefur af framkvæmd nýrra lagafyrirmæla. Má af líkindum ráða, að sparnaðarsjónarmið hafi ekki ætíð verið látin sitja í fyrirrúmi við þær framkvæmdir.

Með frv. þessu, ef að lögum verður, er ætlazt til, að nokkur bót verði á þessu ráðin. Sett verði á stofn sérstök deild í fjármálaráðuneytinu, er hafi með höndum eftirlit með opinberum rekstri, svo sem nánar er skýrt í 1. gr. frv. Forseti Íslands skipar forstöðumann deildarinnar, og nefnist hann ráðsmaður ríkisins. Hefur hann sömu laun og skrifstofustjórar í stjórnarráðinu. Til þess að auðvelda eftirlitið er ráðsmanni veitt allmikið vald, þannig að ráðning starfsmanna ríkis og ríkisstofnana er háð samþykki ráðsmanns, en ógild að öðrum kosti. Við stofnun nýrra embætta eða stofnana gildir hið sama, að ráðsmaður skal ákveða mannahald og starfstilhögun.

Í þessu sambandi er rétt að minna á, að hinn 3. marz 1945 var samþykkt á Alþingi þingsályktun um athugun á starfskerfi og rekstrarútgjöldum ríkisins, þar sem meðal annars er lögð áherzla á: „að komið verði á raunhæfu eftirliti með vinnubrögðum á skrifstofum ríkisins og stofnana þess, enda verði eftirliti þessu einnig beint að því að meta og gera tillögur um starfsmannaþörf í hverri skrifstofu eða stofnun".

Með þessu frumvarpi er beinlínis að því stefnt að framkvæma þann vilja Alþingis, er í tillögunni felst, en þó að vísu á enn raunhæfari hátt en gert er ráð fyrir í tillögunni með því að fela eftirlitsstarfið sérstakri stofnun með svo miklu valdi, sem lýst hefur verið hér að framan.

Að öðru leyti en tekið hefur verið fram vísast til greinargerðar nefndarinnar, sem hér fer á eftir sem fylgiskjal.

Fylgiskjal.

Úr nefndaráliti sparnaðarnefndar.

Við athuganir sínar á nauðsynlegum umbótum á ríkisrekstrinum hefur sparnaðarnefndin sannfærzt um, að lítill árangur muni verða af störfum hennar, nema tryggt sé, að tillögur hennar til umbóta komist greiðlega í framkvæmd. Ýmsar þær umbætur, er telja verður nauðsynlegar, eru þannig vaxnar, að leita yrði til löggjafarvaldsins um framkvæmd þeirra og verður að telja óhentugt og ekki heillavænlegt að setja margháttaða löggjöf um hvað eina, sem til umbóta horfir. Fyrir því hefur nefndin talið rétt að leggja til, að komið yrði á fót sérstakri stofnun, sem löggjafarvaldið fengi einu sinni fyrir allt nokkurt vald til að hafa hönd í bagga með

hinum margþætta ríkisrekstri, stofnun, sem bæði væri ráðgefandi og leiðbeinandi um alla starfstilhögun, en gæti auk þess tekið í taumana, til þess að hindra óeðlilega útþenslu ríkisrekstrarins, þar með fylgjandi skriffinnsku og óþarfa eyðslu á almanna fé.

Hefur öll nefndin orðið sammála um, að setja þessar tillögur fram við hæstvirta ríkisstjórn í frumvarpsformi, sem hún síðan legði fyrir Alþingi.

Nefndin hefur í þessum tillögum sínum fylgt þeirri stefnu, sem Norðurlandaþjóðirnar hafa tekið upp hin síðari ár og mjög virðist falla í sama farveg.

Svíar urðu fyrstir til að koma fastri skipan á þessi mál, með lögum frá 10. des. 1943 um „Statens sakrevision“ og „Statens Organisationsnämnd“, sem komu til framkvæmda 1. jan. 1944, og sem samkvæmt þeirri reynzlu, sem þegar er fengin, virðist hafa gefið góða raun.

Er hér um tvær stofnanir að ræða, sem eiga að hafa náið samstarf um það eitt, að vinna að því, að þær ríkisstofnanir, sem undir eftirlitið falla, séu reknar á skipulagðan, hagkvæman og ódýran hátt.

Næstir urðu Norðmenn til að hefjast handa um umbætur á sviði ríkisrekstrarins með skipun nefndar hinn 20. nóv. 1945. Skilaði hún nefndaráliti 15. júní 1946, þar sem lagt var til að sett yrði á laggirnar sérstök stofnun, „Statens Organisations- og rationaliserings Kontor (S.O.R.). Hefur norska stjórnin fallizt á tillögurnar og lagt þær fyrir þingið, en ekki er nefndinni kunnugt um, hvort þær eru orðnar að lögum.

Árið 1946 skipaði danska stjórnin 15 manna nefnd í sama tilgangi og var Thorkil Kristensen, þáverandi fjármálaráðherra, formaður nefndarinnar. Nefndin skilaði fyrsta áliti sínu s. l. haust og lagði þar einróma til, að tekin yrði upp lík tilhögun og þegar er komin á í Svíþjóð og er í undirbúningi í Noregi. Telja nefndarmenn sem höfuðástæðu fyrir þessum tillögum, að á annan hátt verði ekki komið á, svo í lagi sé, þeim umbótum, er þeir telja nauðsynlegar á ríkisrekstrinum.

Sparnaðarnefndin hefur eins og fyrr greinir komizt að sömu niðurstöðu, og eru nefndarmenn sammála um, að frændþjóðir vorar hafi hitt þarna á rétta leið, sem við gætum haft til fyrirmyndar, að sjálfsögðu með þeim breytingum, sem leiða af ólíkum staðháttum.

Það er augljóst af þeim gögnum, sem nefndin hefur aflað sér um gang þessara mála á Norðurlöndum, að talið hefur verið, að brýna nauðsyn beri til að koma betra lagi á allan rekstur ríkisins í þessum löndum. Tilraunir höfðu áður verið gerðar, sérstaklega í Svíþjóð, til lagfæringar, sem ekki virðast hafa borið tilætlaðan árangur, fyrr en þessum málum var skipað með löggjöf, eins og fyrr segir.

Hér á landi er þörfin enn brýnni, því bæði er það, að vér höfum miklu minni reynslu í þessum efnum en frændþjóðir vorar, þar sem meiri festa ríkir um allar framkvæmdir umboðsvaldsins, fyrir alda gamlar venjur, sem um það hafa skapazt, en auk þess höfum vér tekið upp, sérstaklega á síðustu tuttugu árum, margháttaðan ríkisrekstur, sem engan líka á sér með nágrannaþjóðum vorum á Norðurlöndum, og sem helzt svipar til stórfelldrar þjóðnýtingar. Þannig hefur íslenzka ríkið tekið í sínar hendur verzlun með ýmsar vörutegundir, svo sem áfengi, tóbak, eldspýtur, tilbúinn áburð, grænmeti, viðtæki o. fl., og með lögum um innkaupastofnun ríkisins, sem samþykkt voru á síðasta Alþingi, mun verzlunarrekstur ríkisins aukast verulega, þegar lögin koma til framkvæmda. En auk þess er öll utanríkisverzlun landsmanna háð mjög ströngu eftirliti af hálfu ríkisvaldsins, bæði að því er snertir innkaup á erlendum varningi og sölu afurða landsins, svo í raun og veru er þar enginn frjáls sinna gerða, og til þess að hafa með höndum eftirlit með innflutningsverzluninni hefur verið sett á stofn skrifstofubákn, með allri þeirri skriffinnsku, er því fylgir.

Á sviði iðnaðar gildir hið sama. Þar til má nefna Rafveitur ríkisins, Landssmiðjuna, Trésmiðju ríkisins, Viðgerðarstofu útvarpsins, Viðtækjasmiðjuna, efnagerð Áfengisverzlunar ríkisins, neftóbaksgerðina, Síldarverksmiðjur ríkisins, Fisk-

iðjuver ríkisins, og í ráði er samkvæmt sérstökum lögum að setja á stofn niðursuðuverksmiðju og lýsisherzluverksmiðju. Að því er samgöngur snertir má nefna Skipaútgerð ríkisins, sem annast strandferðir og fólksflutninga póststjórnarinnar á landi, svo og byggingu landshafnar í Keflavík og Njarðvíkum, sem þegar er byrjað á, rekstur flugvalla o. fl. Á sviði félagsmála má nefna Tryggingastofnun ríkisins, Samábyrgðina og Brunabótafélag Íslands. Þá rekur ríkið nokkur stórbú í sambandi við bændaskólana, ríkisspítalana og víðar. Loks má benda á, að öll bankastarfsemi í landinu er rekin á vegum ríkisins, því þó að Útvegsbankinn sé að nafni til hlutafélag, er ríkið eigandi að nærfellt öllu hlutafénu.

Hér verður að sjálfsögðu enginn dómur á það lagður, hver nauðsyn hafi borið til, að ríkið tæki alla þessa starfsemi í sínar hendur, né heldur á kosti ríkisrekstrar fram yfir einstaklingsrekstur, en hitt má öllum vera ljóst, að það er skylda ríkisvaldsins að reka allar sínar stofnanir með hag alþjóðar fyrir augum og helzt svo, að til fyrirmyndar gæti verið.

Sum þessi ríkisfyrirtæki hafa jafnan skilað miklum hagnaði í ríkissjóð, svo sem einkasölur á áfengi og tóbaki, en það er enginn mælikvarði á hagkvæman rekstur þeirra, því slík fyrirtæki hljóta alltaf að skila miklum ágóða, eins og í pottinn er búið. Önnur, sem starfa í beinni samkeppni við einkafyrirtækin, hafa aftur á móti gefizt misjafnlega, sum skilað árlegum hagnaði, önnur verið rekin með tapi ár eftir ár, svo að jafnvel hefur skipt milljónum króna. Slík fyrirtæki, sem rekin eru með tapi fyrir ríkissjóð og almenningur telur sér ekki hag að skipta við fremur en hliðstæð einkafyrirtæki, eiga að sjálfsögðu engan rétt á sér. Sparnaðarnefndin hefur enn ekki haft tök á að grafast fyrir orsakir þessa ástands, sem sjálfsagt eru fleiri en ein, en telur, að nokkuð mætti úr bæta, með meiri hagsýni í rekstri fyrirtækjanna.

Með þeim tillögum, sem felast í frv. nefndarinnar, er gerð tilraun til að koma betra lagi á störf umboðsstjórnarinnar og fyrirtækja ríkisins, og skal nú vikið að einstökum greinum frv.

Um 1. gr.

Gert er ráð fyrir, að sett verði á stofn ný stjórnardeild í fjármálaráðuneytinu, sem hafi með höndum eftirlit með opinberum rekstri. Er hlutverk þessarar stofnunar nánar skýrt í 1. gr. frv. og er í stuttu máli í því fólgið, að kynna sér rekstur stofnana ríkisins og bera fram við hlutaðeigandi ráðuneyti tillögur sínar til umbóta, auk þess, sem hún hafi með höndum leiðbeiningarstarfsemi fyrir ríkisstofnanir og starfsmenn þeirra um hvers konar umbætur, sem horfa mega til bættra starfsskilyrða og sparnaðar í rekstri, en allt starf þessarar stofnunar er miðað við, að meiri árangur náist af starfsemi ríkisins með minni tilkostnaði en áður.

Um 2. gr.

Forstöðumann þessarar stjórnardeildar skipi forseti Íslands, og skal hann hafa sömu laun og skrifstofustjórar í Stjórnarráðinu. Ráðherra skipi nauðsynlegt starfsfólk eftir tillögum forstöðumanns. Enn fremur getur hann ráðið sérfróða menn sér til aðstoðar, ef ástæða þykir til.

Þetta fyrirkomulag er nokkuð á annan veg en í Svíþjóð og gert er ráð fyrir í Danmörku og Noregi, þar sem sérstakar nefndir eiga að starfa að málum þessum, ýmist skipaðar af ríkisstjórn, þingi, eða hvort tveggja í sameiningu. Nefndin þykist hafa sannfærzt um, að skipun nefndar til ýmissa framkvæmda hafi gefið allt annað en góða raun hér á landi, ekki sízt, ef pólitísk sjónarmið hafa verið einráð um mannval. Í nefndum, sem þannig eru skipaðar, gengur oft illa að samræma ólík sjónarmið. Árangurinn verður svo hálfkarað verk, sem enginn þykist bera ábyrgð á.

Um 3. gr.

Í þessari grein er gert ráð fyrir því, að forstöðumaður þessarar stofnunar geti kvatt sér til ráðuneytis skrifstofustjóra ráðuneytanna, aðalendurskoðanda ríkis-

ins og ríkisbókara, og er til ætlazt, að með þessum aðilum verði jafnan náið samstarf, enda þótt framkvæmdin sé í höndum forstöðumannsins.

Um 4. gr.

Þarf ekki skýringa við.

Um 5. gr.

Með ákvæðum þessarar greinar er lagt bann við því, að ríkisstofnanir eða starfsmenn ríkisins ráði nýja starfsmenn, nema samþykki forstöðumanns eftirlitsstofnunarinnar komi til. Hins vegar gilda sömu reglur og áður um veitingu starfa, og ræður því ráðsmaður ríkisins engu um mannval. Þetta kunna að þykja nokkuð ströng ákvæði og fullmikið vald lagt í hendur eins manns, en sparnaðarnefndin hefur ekki fundið heppilegri leið en þessa til að stöðva útþenslu ríkisrekstrarins eða hefta óeðlilega og óþarfa starfsmannafjölgun.

Um 6. gr.

Í samræmi við hlutverk eftirlitsdeildarinnar þykir sjálfsagt, að hún leggi á ráðin um starfstilhögun og mannahald, er nýjar stofnanir á vegum ríkisins, eða ný embætti eru sett á fót, en í samráði við fyrirsvarsmann stofnunarinnar eða hlutaðeigandi embættismann.

Um 7. og 8. gr.

Þarf ekki skýringar við.

Um 9. gr.

Þar sem ganga má út frá, að nauðsynlegur undirbúningur við stofnun eftirlitsdeildarinnar taki nokkurn tíma, er lagt til, að lögin öðlist gildi 1. júlí n. k.

Nd. 359. Nefndarálit

um frv. til l. um landshöfn í Höfn í Hornafirði.

Frá meiri hl. sjávarútvegsnefndar.

Nefndin er klofin í málinu. Tveir nm. skila sérstöku áliti og leggja til, að frv. verði samþykkt óbreytt, en undirritaður meiri hl. leggur til, að frv. verði afgreitt með svo hljóðandi

RÖKSTUDDRI DAGSKRÁ:

Þar eð Höfn í Hornafirði nýtur nú þegar þeirrar aðstoðar frá ríkinu, sem fyrir er mælt í hinum almennu hafnarlögum, eða 40 hundraðshluta styrks og ríkisábyrgðar fyrir allt að 60 af hundraði af kostnaði við hafnargerð, en þeirri einu landshöfn, er stofnuð hefur verið samkvæmt lögum, hefur eigi verið unnt að ljúka sökum fjárskorts ríkissjóðs og heldur eigi er lokið heildarathugun um landshafnir, telur deildin eigi ástæðu til frekari aðgerða í málinu og tekur fyrir næsta mál á dagskrá.

Alþingi, 17. febr. 1949.

Finnur Jónsson, form., frsm.	Pétur Ottesen, fundaskr.	Sigurður Kristjánsson.

Nd. 360. Frumvarp til laga [139. mál]

um breyting á lögum nr. 59 7. maí 1946, um sérstakar fyrningarafskriftir.

Frá fjárhagsnefnd.

1. gr.

Heimild 1. gr. laga nr. 59 7. maí 1946 til sérstakra afskrifta skal einnig ná til eigna af þeirri tegund, sem þar eru taldar og teknar verða í fyrstu notkun á árunum 1949 og 1950.

Öll önnur ákvæði fyrrgreindra laga gilda einnig um þessar eignir.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Frv. er flutt eftir beiðni fjármálaráðherra, og fylgdu því svolátandi athugasemdir:

„Ástandið er nú svo, að enn ríkari ástæða er til að heimila sérstakar fyrningarafskriftir nú en var 1946. Því er lagt til, að ákvæði laganna verði látin ná til eigna, sem teknar verða í fyrstu notkun á árunum 1949 og 1950, en ekki þykir rétt að binda heimildina við lengri tíma í einu að svo stöddu.

Nd. 361. Breytingartillaga [98. mál]

brtt. á þskj. 329 (Atvinna við siglingar á ísl. skipum).

Frá sjávarútvegsnefnd.

Við 6. tölul. Aftan við efnismálsgreinina kemur: eða sambanda þeirra.

Ed. 362. Breytingartillögur [13. mál]

við frv. til l. um veitingu ríkisborgararéttar.

Frá Jóhanni Jósefssyni.

Við 1. gr.

a. Á eftir 33. tölul. kemur nýr liður:
Meinert, Maria Anna Elise, skrifstofustúlka í Reykjavík, fædd 6. desember 1901 í Þýzkalandi.

b. Á eftir 37. tölul. kemur nýr liður:
Schrader, Harry Wilhelm, stundakennari í Reykjavík, fæddur 28. febrúar 1913 í Þýzkalandi.

Nd. 363. Breytingartillögur [16. mál]

við frv. til l. um áburðarverksmiðju.

Frá meiri hl. landbúnaðarnefndar.

1. Við 2. gr. Greinin orðist svo:
Ríkissjóður leggur fram fé til stofnunar áburðarverksmiðju samkvæmt ákvæðum fjárlaga, og er fé þetta óafturkræft. Ef fjárveitingar samkvæmt fjár-

lögum hrökkva ekki til stofnkostnaðar verksmiðjunnar, er verksmiðjustjórninni heimilt að taka það fé, sem á vantar, að láni innanlands eða utan með samþykki ríkisstjórnarinnar og ábyrgð ríkissjóðs.

2. Við 9. gr. Í stað 2. og 3. málsl. komi nýr málsl., er orðist svo:
Aldrei má leggja á hana hærra útsvar en nemi 1% af tekjuafgangi hennar.

Ed. 364. Nefndarálit [18. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 61 31. okt. 1944, um byggingarmálefni Reykjavíkur.

Frá allsherjarnefnd.

Nefndin hefur athugað frv. þetta. — Nefndin efar ekki, að það kunni að valda nokkrum óþægindum að fara venjulega leið með mál út af brotum á byggingarsamþykktinni og að leið sú, sem fara á eftir frv., auðveldi framgang þeirra mála fyrir bæinn. En nefndarmenn telja, að úr afgreiðsluerfiðleikum á málunum megi bæta t. d. með því að fjölga fulltrúum hjá sakadómara, ef brýn nauðsyn krefur, svo að mál þessi geti fengið nauðsynlega afgreiðslu.

Í frumvarpinu er farið fram á, að horfið sé frá þeirri meginreglu, sem stefnt hefur verið að undanfarna áratugi, að aðskilja sem mest framkvæmdarvald og dómsvald. Nefndin telur þetta frv. ekki það mikilsvert, að rétt sé að víkja frá þeirri meginreglu vegna þessa málaflokks. — Nefndin leggur því til, að frv. verði felllt.

BrB. var ekki viðstaddur á fundi, er mál þetta var afgreitt i nefndinni.

Alþingi, 11. febrúar 1949.

Guðm. Í. Guðmundsson, form.	Lárus Jóhannesson, fundaskr., frsm.	Þorst. Þorsteinsson.
	Hermann Jónasson.	

Nd. 365. Frumvarp til laga [140. mál]

um breyting á lögum nr. 56 31. maí 1927, um skemmtanaskatt og þjóðleikhús.

Flm.: Sigurður Bjarnason, Jörundur Brynjólfsson.

1. gr.

Aftan við b-lið 3. gr. laganna bætist nýr málsl.: Undanþága þessi tekur þó ekki til kvikmyndasýninga.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Samkvæmt gildandi lögum um skammtanaskatt eru allmörg kvikmyndahús í landinu undanþegin greiðslu þessa skatts. Munu vera í þeim kvikmyndahúsum, sem nú njóta þessara fríðinda, rúmlega tvö þúsund sæti. Það er því auðsætt, að þeir aðilar, sem skemmtanaskatturinn rennur til, en það eru félagsheimilasjóður, þjóðleikhússjóður og lestrarfélög og kennslukvikmyndir, tapa miklu fé á þessum undanþágum frá greiðslu skemmtanaskatts. Má gera ráð fyrir, að þetta tap hafi á s. l. ári numið allt að einni millj. kr., en verður töluvert hærra á þessu ári, eftir að aðgangseyrir að kvikmyndasýningum hefur hækkað verulega.

Nú er það hvort tveggja, að þessar skattundanþágur eru mjög óeðlilegar og að bæði félagsheimilasjóður og þjóðleikhússjóður þarfnast mjög aukinna tekna. Tekjur félagsheimilasjóðs námu á s. l. ári rúmlega 1.1millj. kr. Umsóknir um styrki úr sjóðnum voru 105, en aðeins 26 þeirra var sinnt. Er af því auðsætt, hversu skammt tekjur hans hafa hrokkið til þess að gegna því þýðingarmikla hlutverki að styðja félagslegt starf með framlögum til byggingar samkomuhúsa og félagsheimila í sveitum, kauptúnum og kaupstöðum landsins. Sýnt þykir einnig, að þau 40% af skemmtanaskatti, sem þjóðleikhúsinu eru ætluð, muni engan veginn hrökkva til þess að standa undir rekstri þess. Þar er því einnig þörf aukinna tekna.

Með frumvarpi þessu er þess vegna lagt til, að allur kvikmyndahúsarekstur í landinu verði skyldaður til þess að greiða skemmtanaskatt. Með samþykkt þess, ef að lögum yrði, væri óviðurkvæmilegt misrétti afnumið, en miklu nauðsynjamáli veitt aukin liðsemd.

Sþ. 366. Breytingartillaga [131. mál]

við till. til þál. um rannsókn á heppilegum stað fyrir áburðarverksmiðju.

Flm.: Pétur Ottesen.

Fyrir orðin „í Þorlákshöfn“ kemur annað hvort á Akranesi eða í Þorlákshöfn.

Nd. 367. Nefndarálit [88. mál]

um frv. til l. um húsaleigu.

Frá minni hl. allsherjarnefndar.

Nefndin hefur athugað frumvarpið, en eigi getað orðið sammála um afgreiðslu þess. Við undirritaðir leggjum til, að frumvarpið verði samþykkt óbreytt.

Alþingi, 17. febr. 1949.

Stefán Stefánsson, form. Jóhann Hafstein, frsm.

Nd. 368. Breytingartillaga [98. mál]

við frv. til l. um breyt. á l. nr. 66 17. júlí 1946, um atvinnu við siglingar á íslenzkum skipum.

Frá Einari Olgeirssyni.

Við 18. gr. Aftan við gr. bætist nýtt ákvæði til bráðabirgða svo hljóðandi:

Ríkisstjórnin skal nú þegar skipa nefnd til þess að endurskoða og samræma öll lög og reglugerðir um nám og réttindi vélstjóra á íslenzkum skipum. Skulu stéttarfélög mótorvélstjóra og vélstjóra eiga fulltrúa í þeirri nefnd. Skal nefnd þessi hafa lokið endurskoðun og skilað áliti til ríkisstjórnarinnar fyrir 1. jan. 1950. Kostnaður við nefndina greiðist úr ríkissjóði.

Nd. **369. Frumvarp til laga** [141. mál]

um iðnfræðslu.

Frá iðnaðarnefnd.

1. gr.

Iðnfræðslu til sveinsprófs skal halda uppi í þeim iðngreinum, sem löggiltar eru, og fer um framkvæmd hennar eftir því, sem segir í lögum þessum.

Með reglugerð skal ákveða, hverjar skuli vera iðngreinar, svo og um kennslu í þeim, eftirlit með kennslunni og prófkröfur. Þar skal og setja ákvæði um verkleg námskeið, er stofnað kann að verða til.

2. gr.

Iðnfræðsluráð stýrir framkvæmdum í iðnfræðslumálum undir yfirstjórn ráðherra.

3. gr.

Ráðherra skipar iðnfræðsluráð til 4 ára í senn. Það skal skipað 5 mönnum búsettum í Reykjavík og nágrenni. Skulu tveir þeirra vera meistarar, tilnefndir af Landssambandi iðnaðarmanna, og tveir þeirra sveinar, tilnefndir af iðnsveinaráði Alþýðusambands Íslands. Formann skipar ráðherra án tilnefningar

4. gr.

Iðnfræðsluráð skipar iðnfulltrúa á þeim stöðum í landinu, er það telur þörf á, og ákveður umdæmi þeirra.

Iðnfulltrúar skulu hafa eftirlit með iðnnámi hver í sínu umdæmi í umboði iðnfræðsluráðs, eftir því sem segir í lögum þessum. Nánari fyrirmæli um störf iðnfulltrúa setur iðnfræðsluráð í erindisbréfi.

5. gr.

Iðnfræðsluráð skipar prófnefndir innan hverrar iðngreinar og á þeim stöðum, sem þörf er á.

Það er hlutverk prófnefnda:

1. Að vera iðnfulltrúum til aðstoðar við eftirlit með iðnnámi.
2. Að sjá um sveinspróf og dæma þau.

6. gr.

Leita skal iðnfræðsluráð tillagna iðnráða og iðnaðarmannafélaga, þar sem ekki eru iðnráð, um skipun iðnfulltrúa og prófnefnda.

7. gr.

Iðnfræðsluráð skal löggilda meistara sem hæfa til að taka nemendur til náms og ákveða, hversu marga nemendur megi hafa, út frá því sjónarmiði, að nemendur fái notið fullkominnar kennslu í iðninni. Á sama hátt skal löggilda iðnfyrirtæki, sem hafa hæfa meistara í þjónustu sinni. Við ákvörðun sína skal iðnfræðsluráð taka tillit til venjulegs fjölda sveina á vinnustöð, húsnæðis, vélakosts, áhalda og verkefna.

Nú hefur meistari eða iðnfyrirtæki rofið námssamning tvisvar eða vanrækt kennslu eða brotið á annan hátt gegn lögum og reglugerðum um iðnfræðslu í verulegum atriðum, og getur þá iðnfræðsluráð svipt hlutaðeiganda rétti til þess að hafa nemendur um tiltekinn tíma eða að fullu.

8. gr.

Iðnfræðsluráð skal halda uppi leiðbeiningastarfsemi um stöðuval.

Iðnfræðsluráð skal í því skyni fylgjast með afkomu og atvinnuhorfum innan einstakra iðngreina. Það skal leita þar um árlega álits félagssamtaka meistara og sveina.

Iðnfræðsluráð skal og eins fljótt og kostur er á koma á fót hæfnisprófum fyrir umsækjendur um iðnaðarnám, og ber því að neita að ráða umsækjendur til náms, ef árangur prófsins er neikvæður.

9. gr.

Sá, sem vill komast í iðnnám, skal sækja um það til iðnfulltrúa og geta þess í umsókninni, hvort hann eigi kost á kennslu hjá ákveðnum meistara eða fyrirtæki. Sé svo ekki, skulu iðnfulltrúar aðstoða umsækjanda við að koma sér í nám eða beina umsókninni til iðnfræðsluráðs.

10. gr.

Ekki má unglingur hefja iðnnám yngri en 16 ára. Þó er heimilt, með sérstöku samþykki iðnfræðsluráðs í hvert sinn, að veita nemendum í léttum iðngreinum undanþágu í þessu efni, enda sé umsækjandi orðinn fullra 15 ára.

11. gr.

Þegar meistari eða iðnfyrirtæki tekur nemanda til iðnnáms, skal gera um það skriflegan námssamning í samræmi við lög þessi og reglugerðir, er settar verða samkvæmt þeim. Iðnfulltrúar skulu staðfesta námssamninga með áritun sinni, og eru þeir ógildir ella.

Nú neita iðnfulltrúar að samþykkja námssamning, og má þá áfrýja því til iðnfræðsluráðs.

Námstími telst ekki hafinn, fyrr en námssamningur hefur hlotið staðfestingu iðnfulltrúa.

Iðnfulltrúar skulu, eftir ráðstöfun iðnfræðsluráðs, hafa í höndum eyðublöð undir námssamninga og afhenda þau ókeypis.

Iðnfræðsluráð skal halda skrá yfir þá námssamninga, sem í gildi eru á hverjum tíma, og eiga iðnaðarmenn og aðrir rétt á að fá upplýsingar um þá, ef óskað er.

12. gr.

Námstími skal vera svo langur sem í reglugerð segir. Nú hefur nemandi áður stundað nám í verklegum skóla eða námskeiði, og skal iðnfræðsluráð þá ákveða, hversu námstími styttist.

Hafi nemandi áður stundað nám hjá öðrum meistara, en slitið námssamningi við hann á löglegan hátt, skal sá tími, er hann vann hjá honum, dragast frá fullum námstíma hjá hinum síðari.

13. gr.

Þegar námstíminn er á enda, skal nemandinn hjálparlaust leysa af hendi prófsmíð eða inna af hendi eitthvert það verk, er sýni, að hann sé fullnuma í iðn sinni. Prófdómendur ákveða í samráði við meistara, hver prófverk skuli vera. Standist nemandi prófið, ber að gefa út handa honum prófskírteini, er sé undirritað af meistara hans og prófdómendum svo og hlutaðeigandi skólastjóra og lögreglustjóra, og heitir það prófskírteini sveinsbréf.

14. gr.

Heimilt er iðnfræðsluráði að ákveða lágmarkskaup nemenda með hliðsjón af gildandi kjarasamningum í hverri iðngrein og á hverjum stað. Heimilt er að breyta

kaupákvörðunum, meðan á samningstíma stendur, ef kaupbreytingar verða í iðninni. Leita skal álits hlutaðeigandi iðngreina, áður en slíkar ákvarðanir eru teknar.

15. gr.

Daglegur vinnutími nemenda skal vera hinn sami sem sveina á hlutaðeigandi vinnustöð, sbr. þó 23. gr.

Nemendum er ekki skylt að inna af höndum eftirvinnu eða helgidagavinnu, og ekki má fá þeim neina vinnu, sem þeim er um megn eða skaðleg getur talizt heilsu þeirra.

16. gr.

Sumarleyfi iðnnema skal vera 12 dagar virkir með fullu kaupi.

17. gr.

Skylt er meistara eða iðnfyrirtæki að greiða iðgjöld til sjúkrasamlags fyrir nemendur sína.

Í veikindaforföllum skal nemandi fá fullt kaup í allt að 6 mánuði samtals yfir allan námstímann.

18. gr.

Nú hefur nemandi verið veikur meira en 6 mánuði samtals á námstímanum, og getur þá iðnfræðsluráð ákveðið, að námstíminn skuli framlengjast um hæfilegan tíma.

19. gr.

Meistari skal veita nemanda sínum kennslu í iðngreininni og sjá svo um, að hann hafi að námstíma loknum hlotið hæfilega æfingu í öllum þeim störfum, er iðngreinin tekur til venjum samkvæmt, og hafi lært meðferð, hirðingu og beitingu allra áhalda, er tíðkuð eru í iðngreininni.

Iðnfræðsluráð getur sett námsreglur fyrir hverja iðngrein, að fengnum tillögum hlutaðeigandi iðngreina, þar sem sagt sé fyrir um störf þau, er nemendur skulu hljóta æfingu í á hverju ári námstímans. Það getur fyrirskipað, að færðar skuli vinnuskýrslur fyrir nemendur, þar sem í er skráð, hvaða verk þeir stundi daglega og hve lengi á dag. Skulu slíkar vinnuskýrslur gerðar eftir fyrirmynd, er iðnfræðsluráð samþykkir. Enn fremur skal iðnfræðsluráð gefa út eyðublöð undir missirislega umsögn meistarans um skólavist nemenda, hæfni þeirra, iðni og hegðun.

20. gr.

Iðnfulltrúar skulu hafa eftirlit með kennslunni, koma á vinnustöðvarnar, er nemendur eru að verki, skoða vinnuskýrslur að minnsta kosti árlega og árita þær þar um. Hafi nemandi að þeirra dómi ekki hlotið fullnægjandi fræðslu eða æfingu, miðað við það, sem á er liðið námstímann, geta þeir lagt fyrir meistarann að bæta úr því innan ákveðins tíma.

Skjóta má ákvörðun iðnfulltrúa undir iðnfræðsluráð.

Iðnfulltrúar kveðja prófnefndir sér til aðstoðar við eftirlit samkvæmt þessari grein, eftir því sem fyrir er mælt í reglugerð.

21. gr.

Nemendur skulu ganga til þeirra starfa, er þeim er skipað til, sbr. þó 15. gr. Þeir skulu sýna ástundunarsemi og trúmennsku við starfið.

22. gr.

Nú stendur yfir verkfall eða verkbann á vinnustöð þeirri, er nemandi stundar nám sitt á, og skal hann þá ekki taka þátt í framleiðslustörfum á meðan. Aftur á móti er nemanda skylt að mæta til æfinga og meðferðar véla og verkfæra á vinnustöð, þar sem því verður við komið.

Nú stendur vinnudeila svo lengi, að telja má, að nemandi missi verulega í verklegu námi hennar vegna, og getur þá iðnfræðsluráð ákveðið að framlengja námssamninginn um hæfilegan tíma.

23. gr.

Meistari og iðnfyrirtæki skulu láta nemendur ganga í iðnskóla og greiða fyrir þá skólagjöld, pappír, bækur og áhöld, sem námið útheimtir. Um skólanámið fer svo sem lög og reglur um iðnskóla segja til um.

Meðan skólavist stendur, skal vinnutími nemanda á vinnustöð vera 12 stundum styttri á viku en vinnutími sveina. Nú fer kennslan fram í dagskóla með fullum kennslustundum, og heldur þá nemandi kaupi sínu, en mætir ekki til vinnu.

24. gr.

Iðnfræðsluráð getur veitt undanþágu frá skólanámi:

1. Hafi nemandi þegar lokið iðnskólaprófi eða prófi við annan skóla, sem ekki hefur veitt minni fræðslu í neinni grein en heimtuð er til burtfararprófs úr iðnskóla.
2. Hafi meistari séð nemanda fyrir annarri kennslu, fullgildri að dómi iðnfræðsluráðs, enda ljúki hann fullnaðarprófi frá iðnskóla.

25. gr.

1. Fyrstu 3 mánuðir samningstímans skoðast sem reynslutími. Hvenær sem er á reynslutímanum getur hvor samningsaðila um sig slitið námssamningi án þess að tilgreina ástæður.
2. Meistari eða iðnfyrirtæki getur slitið námssamningi:
   a. Ef nemandi vanrækir nám sitt, verklegt eða bóklegt, eða gerir sig sekan um brot gegn öðrum samningsskyldum sínum.
   b. Hafi nemandi verið 6 mánuði samfleytt frá verki sakir sjúkleika síns.
   c. Ef nemandi að áliti embættislæknis hefur ekki heilsu til að stunda iðnina.
3. Nemandi getur slitið námssamningi:
   a. Ef honum er misþyrmt eða farið er fram með annarri ósæmilegri framkomu gagnvart honum á vinnustöð.
   b. Ef meistari eða iðnfyrirtæki brýtur samningsskyldur sínar.
   c. Ef meistari eða iðnfyrirtæki verður gjaldþrota eða hættir að reka iðn sína af öðrum ástæðum.
   d. Ef nemandi sakir sjúkdóms eða annarra orsaka verður óhæfur til þess að geta unnið að iðninni, eða ef það að áliti embættislæknis er hættulegt fyrir líf hans eða heilsu að stunda iðnina.
   e. Ef námsstúlka giftist.
4. Nú er svo ástatt, sem í 3. a.—b. greinir, og nemandi slítur ekki samningi, og geta þá iðnfulltrúar slitið samningi, að undangenginni rannsókn. Skjóta má þó ákvörðun iðnfulltrúa til iðnfræðsluráðs.
5. Aðilum er heimilt að slíta námssamningi, ef þeir koma sér saman um það.

Jafnan er námssamningi er slitið, skal það tilkynnt iðnfulltrúum.

26. gr.

Nemandi á rétt á skaðabótum, ef námssamningi er slitið af þeim orsökum, er greinir í 25. gr. 3. a.—c.

Skaðabótakröfur þessar skulu vera forgangskröfur í bú hlutaðeigandi meistara eða iðnfyrirtækis, og fer um þær samkvæmt 83. gr. laga nr. 3 12. apríl 1878, eins og vinnulaunakröfur væru, þær er þar koma til greina.

27. gr.

Ágreiningur milli nemanda og meistara eða iðnfyrirtækis út af námssamningi skal koma í gerð, nema aðilar komi sér saman um annað.

Í gerðardómi skal sitja lögreglustjóri, þar sem námið fer fram, og er hann oddviti, og tveir menn aðrir, sinn tilnefndur af hvorum málsaðila.

Nú vill einhver beiðast gerðar, og skal hann þá snúa sér til oddvita, og ákveður hann síðan gerðarfund og kveður báða málsaðila til að sækja þann fund ásamt gerðarmönnum þeirra, með 8 daga fyrirvara í mesta lagi. Skal á þeim fundi leggja fullnaðar úrskurð á málið, og ræður afl atkvæða úrslitum. Báðir málsaðilar eru bundnir við þann úrskurð. Heimilt er oddvita að fresta fundi, þó ekki oftar en þrisvar sinnum og ekki lengur en 8 daga í hvert skipti, enda hafi gerðarmaður tjáð honum lögleg forföll eða oddvita þykir nauðsyn bera til, til þess að réttur úrskurður verði á lagður. Nú sækir annar hvor gerðarmanna ekki fund og hefur ekki tjáð lögleg forföll, og getur þá oddviti og hinn gerðarmaðurinn lagt fullnaðarúrskurð á málið.

Gerðardómur á úrskurð um slit námssamninga og dæmir skaðabætur.

Úrskurður gerðardóms skal vera aðfararhæfur.

28. gr.

Það varðar sektum að:

1. Taka nemanda til náms gagnstætt ákvæðum laga þessara.
2. Brjóta gegn ákvæðum laga þessara um daglegan vinnutíma nemanda.
3. Vanrækja að láta nemanda stunda skólanám.
4. Misþyrma nemanda eða koma á annan hátt ósæmilega fram gegn honum.
5. Óhlýðnast fyrirmælum iðnfulltrúa eða iðnfræðsluráðs um kennslu nemanda.

Sektir skulu renna í ríkissjóð.

Mál út af brotum þessum skulu rekin sem almenn lögreglumál.

29. gr.

Kostnaður við starf iðnfræðsluráðs, iðnfulltrúa og prófnefnda greiðist úr ríkissjóði.

Í reglugerð skulu ákveðin prófgjöld. Þau renna í ríkissjóð.

30. gr.

Ráðherra gefur út reglugerðir þær, sem gert er ráð fyrir í lögum þessum, að fengnum tillögum iðnfræðsluráðs.

31. gr.

Með lögum þessum eru numin úr gildi lög nr. 100 11. júní 1938, um iðnaðarnám, og lög nr. 43 12. febr. 1940, um viðauka við og breytingar á lögum nr. 100/1938, um iðnaðarnám, þegar lokið er öllum námssamningum, er gerðir hafa verið eftir þeim.

32. gr.

Lög þessi taka aðeins til þeirra námssamninga, sem gerðir eru eftir að þau hafa öðlazt gildi.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1950.

Greinargerð.

Nefndin flytur frv. þetta skv. ósk iðnaðarmálaráðherra. Einstakir nefndarmenn hafa að öðru leyti óbundnar hendur við afgreiðslu málsins.

Þessar athugasemdir fylgdu frv. frá ráðuneytinu:

„Frumvarp þetta er samhljóða frumvarpi til laga um iðnfræðslu, sem lagt var fyrir Alþingi árið 1945, og vísast til greinargerðar þeirrar, sem þá fylgdi frumvarpinu, sbr. Alþingistíðindi 1945, A., þingskjal 275.“

Ed. 370. Lög [99. mál]

um framenging á gildi laga nr. 33 7. maí 1928, um skattgreiðslu h/f Eimskipafélags Íslands.

(Afgreidd frá Ed. 18. febr.)

Samhljóða þskj. 198.

Ed. 371. Frumvarp til laga [98. mál]

um breyting á lögum nr. 66 17. júlí 1946, um atvinnu við siglingar á íslenzkum skipum.

(Eftir 3. umr. í Nd.)

1. gr.

Aftan við 3. gr. laganna bætist nýr stafliður, svo hljóðandi:

c. Skipstjórnarmönnum og vélamönnum ber að afla á 5 ára fresti læknisvottorða þeirra, er um ræðir í lögum þessum.

2. gr.

Fyrir „15“ í 30. gr. laganna komi: 25.

3. gr.

1. Fyrir „15“ í 31. gr. laganna komi: 25.
2. Fyrir „50“ á tveim stöðum í sömu gr. komi: 75.

4. gr.

1. Fyrir „15“ í 32. gr. laganna komi: 25.
2. Fyrir „50“ á tveim stöðum í sömu gr. komi: 75.

5. gr.

Fyrir „50“ í 33. gr. laganna komi: 75.

6. gr.

1. Fyrir „50“ á tveim stöðum í 34. gr. laganna komi: 75.
2. Fyrir „15“ í sömu gr. komi: 50.

7. gr.

Fyrir „600“ í 35. gr. laganna komi: 900.

8. gr.

1. Fyrir „600“ í 36. gr. laganna komi: 900.
2. Í stað orðanna „50 hestafla vél í 12 mánuði“ í b-lið sömu gr. komi: 75 hestafla vél í 18 mánuði.

9. gr.

37. gr. laganna orðist svo:

Sá einn hefur rétt til að vera yfirvélstjóri á mótorskipi með meira en 250, en ekki yfir 900 hestafla vél, sem fullnægir skilyrðum þeim, sem um ræðir í 38. gr.

10. gr.

Aftan við 38. gr. laganna komi ný málsgr., svo hljóðandi:

Sá, er öðlazt hefur yfirvélstjóraskírteini samkv. 1. mgr. þessarar greinar, staflið a—e, getur öðlazt yfirvélstjóraskírteini á mótorskipi með allt að 900 hestafla vél, ef hann auk skilyrða 1. mgr. hefur siglt sem 2. vélstjóri á skipi með meira en 250 hestafla vél í 24 mánuði, en 18 mánuði, hafi viðkomandi lokið hinu minna mótorvélstjóraprófi og siglt í 24 mánuði á skipi með yfir 50 hestafla vél.

11. gr.

39. gr. laganna orðist svo:

Sá einn hefur rétt til að vera aðstoðarvélstjóri á mótorskipi með meira en 900 hestafla vél, eða undirvélstjóri á mótorskipi með meira en 900, en ekki yfir 1300 hestafla vél, sem öðlazt hefur skírteini það, sem um ræðir í 40. gr.

12. gr.

Upphaf 40. gr. laganna skal orða svo:

Sá einn getur öðlazt aðstoðarvélstjóraskírteini á mótorskipi með meira en 900 hestafla vél, eða undirvélstjóraskírteini á mótorskipi með meira en 900, — o. s. frv.

13. gr.

Fyrir „600“ í 41. gr. laganna komi: 900.

14. gr.

Fyrir „600“ í upphafi 42. gr. laganna komi: 900.

15 gr.

a. Fyrir „50“ í b- og c-liðum 48. gr. laganna komi: 75.
b. Fyrir „42. gr.“ í e-lið sömu lagagr. komi: 38. eða 42. gr. — og fyrir „40. gr.“ komi: 36. og 40. gr.

16. gr.

55. gr. laganna orðist svo:

Ráðherra er heimilt, þegar skortur er á skipstjórnarmönnum og vélstjórum, að veita undanþágu frá skilyrðum laga þessara til skipstjórnar- og vélstjórastarfa, enda sé áður leitað umsagnar hlutaðeigandi stéttarfélaga eða sambanda þeirra.

17. gr.

Fyrir „þrjár vikur“ í 57. gr. laganna komi: sex vikur.

18. gr.

Aftan við ákvæði til bráðabirgða bætast ný ákvæði, svo hljóðandi:

Þeir menn skulu eiga rétt á að öðlast skírteini samkvæmt 36. gr., án frekara náms eða prófs, sem að öðru leyti fullnægja ákvæðum hennar og siglt hafa sem vélstjórar á mótorskipum með yfir 150 hestafla vél í 36 mánuði fyrir gildistöku laga nr. 51 frá 1946.

Ríkisstjórnin skal nú þegar skipa nefnd til þess að endurskoða og samræma öll lög og reglugerðir um nám og réttindi vélstjóra á íslenzkum skipum. Skulu stéttarfélög mótorvélstjóra og vélstjóra eiga fulltrúa í þeirri nefnd. Skal nefnd þessi hafa lokið endurskoðun og skilað áliti til ríkisstjórnarinnar fyrir 1. jan. 1950. Kostnaður við nefndina greiðist úr ríkissjóði.

19. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi, og skal fella meginmál þeirra inn í lög nr. 66 frá 17. júlí 1946, um atvinnu við siglingar á íslenzkum skipum, og gefa þau út svo breytt.

Ed. 372. Nefndarálit [75. mál]

um frv. til stjórnskipunarlaga um breyt. á stjórnarskrá lýðveldisins Íslands, nr. 33 17. júní 1944.

Frá meiri hl. allsherjarnefndar.

Nefndin hefur athugað frv. þetta á fundum sínum, og lítur undirritaður meiri hl. hennar þannig á, að þar sem kjörin nefnd 7 manna, er stjórnmálaflokkar landsins hafa valið til þess að semja frv. að nýrri stjórnarskrá, hefur enn ekki lokið störfum sínum, þá sé rétt og sjálfsagt, að hún einnig fjalli um þau atriði, sem frv. ræðir um.

Það er langeðlilegast, að sú sama nefnd, er semur stjórnarskrárfrumvarpið, geri einnig tillögur um það í frumvarpsformi, á hvern hátt lögfesta skuli stjórnarskrárfrumvarp það, sem hún hefur með höndum, ef hún telur, að heppilegra sé að breyta frá þeim lögum, er nú gilda um það atriði.

Leggur því meiri hl. nefndarinnar til, að frv. þetta verði afgreitt frá deildinni með svo hljóðandi

RÖKSTUDDRI DAGSKRÁ:

Þar sem deildin telur rétt og eðlilegast, að stjórnarskrárnefnd sú, er nú starfar, athugi þær breytingar á stjórnarskránni, er frv. þetta ræðir um, og leggi fram breytingar í þá átt, ef hún álítur ástæðu vera til þess, tekur deildin fyrir næsta mál á dagskrá.

Alþingi, 18. febr. 1949.

Guðmundur Í. Guðmundsson, form.	Lárus Jóhannesson, fundaskr.	Þorst. Þorsteinsson, frsm.

Brynjólfur Bjarnason.

Nd. 373. Breytingartillaga [16. mál]

við frv. til l. um áburðarverksmiðju.

Frá Finni Jónssyni.

Við 8. gr. síðari málsl. fyrri málsgr. orðist svo:

Í hinu áætlaða kostnaðarverði skal reikna með nauðsynlegum vöxtum og afborgunum skv. 2. gr. og lögákveðnum tillögum í fyrningarsjóð og varasjóð verksmiðjunnar.

Ed. 374. Nefndarálit [8. mál]

um frv. til l. um Landsbókasafn.

Frá menntamálanefnd.

Nefndin hefur athugað frv. þetta, sem náð hefur samþykki Nd., og leggur hún til, að það verði samþykkt án breytinga. — Einn nefndarmanna, Björn Ólafsson, var fjarstaddur, er málið var afgreitt.

Alþingi, 18. febr. 1949.

Bernh. Stefánsson, form.	Hannibal Valdimarsson, fundaskr.	Eiríkur Einarsson, frsm.

Ásmundur Sigurðsson.

Ed. 375. Nefndarálit [9. mál]

um frv. til l. um afhending skyldueintaka til bókasafna.

Frá menntamálanefnd.

Nefndin hefur athugað frumv. og leggur til, að það verði samþykkt óbreytt. Einn nefndarmanna (BÓ) var ekki á fundi og tók því ekki þátt í afgreiðslu málsins.

Alþingi, 18. febr. 1949.

Bernh. Stefánsson, form.	Hannibal Valdimarsson, fundaskr.	Ásmundur Sigurðsson, frsm.

Eiríkur Einarsson.

Ed. 376. Nefndarálit [52. mál]

um frv. til l. um fiskiðjuver ríkisins í Höfn í Hornafirði.

Frá minni hl. sjávarútvegsnefndar.

Frumvarp samhljóða þessu var flutt á síðasta Alþingi og þá, samkvæmt tillögu meiri hluta sjávarútvegsnefndar efri deildar, vísað frá með rökstuddri dagskrá þess efnis, að í Hornafirði væru slæm skilyrði til að reka fiskiðjuver, en hins vegar mundi verða athugað, með hverjum öðrum hætti ríkissjóður gæti veitt útgerð í Hornafirði fjárhagslega aðstoð.

Meiri hluti nefndarinnar leggur enn til, að frumv. sé vísað frá með rökstuddri dagskrá. En nú er ekki lengur borið við slæmum skilyrðum á staðnum, eða að óráðlegt sé að stofna til slíks fyrirtækis — enda birt með áliti meiri hl. umsögn stjórnar fiskimálasjóðs, þar sem bygging slíks fiskiðjuvers í Höfn í Hornafirði er talin „óumdeilanleg og brýn“ —, heldur er nú aðeins borið við féleysi ríkissjóðs, sem ekki hafi haft bolmagn til þess að ljúka byggingu síns eigin fiskiðjuvers né til að sjá því fyrir rekstrarfé.

Ég tel þetta tylliástæður einar, og að fjárþröng fiskiðjuvers ríkisins sé engin sönnun fyrir því, að stjórnarvöldin hefðu ekki getað gert betur við það fyrirtæki, ef sterkur vilji hefði verið fyrir hendi.

Ég legg þess vegna til, eins og áður, að frumv. verði samþ. óbreytt.

Alþingi, 18. febr. 1949.

Steingr. Aðalsteinsson.

Sþ. 377. Tillaga til þingsályktunar [142. mál]

um grafhellur á leiðum þriggja stórskálda.

Flm.: Jónas Jónsson.

Alþingi ályktar að skora á ríkisstjórnina að láta nú í ár steypa sams konar grafhellur og notaðar eru í þjóðargrafreitnum á Þingvöllum á leiði Bjarna Thorarensens á Möðruvöllum, Bólu-Hjálmars á Miklabæ og Gríms Thomsens að Bessastöðum.

Greinargerð.

Mitt í hinum vélrænu framförum síðustu áratuga hefur sljóvgazt hin forna og rótgróna tilfinning Íslendinga fyrir sögulegum verðmætum. Þjóðin er með nokkrum hætti að slitna sundur og gleymir jafnótt og stundin líður. Veldur hér miklu um miður heppilegt fræðslukerfi, þar sem byrjendahrafl í erlendum málum og ýmiss konar ómerkur fróðleikur rýmir burtu þjóðlegum fræðum. Komið hefur í ljós við tilraunir á nokkrum stöðum, að tæplega kunna fleiri en þriðji til fimmti hver maður þeirra, sem gerast kjósendur í landinu, „faðirvorið“. Almenningur á Íslandi sýndi til skamms tíma mikla ræktarsemi söguefni og sögulegum minningum. Fátæklingar í Reykjavík gerðu af litlum efnum legstein á gröf Sigurðar Breiðfjörðs, og er það minnismerki enn í dag eitt hið merkilegasta í kirkjugarði höfuðstaðarins. Hugur fylgdi þar máli. Minni ræktarsemi sýndu ættingjar, sveitungar, stúdentar í Kaupmannahöfn og þjóðin öll minningu „listaskáldsins góða“, því að í heila öld var ekki lögð svo mikið sem fjöl eða steinn á leiði Jónasar Hallgrímssonar. Ætti slíkt ræktar- og hirðuleysi að varða við lög, enda algerlega óþekkt hjá öllum frændþjóðum Íslendinga. Vestur-Íslendingar hafa gert höfuðskáldi sínu, Stephan G. Stephanssyni, veglega gröf á fögrum árbakka í landi bújarðar hans. Er gröfin og minnisvarðinn úr granit og varir meðan heimur stendur.

Fyrir nokkrum árum hreyfði ég á Alþingi þessu máli og lagði til, að þingið veitti nokkur þúsund krónur til að ganga smekklega frá gröfum átta þjóðskálda. Alþingi veitti heimildina, en menntamálastjórnin svæfði málið í það sinn. Nú er ástæða til að vekja máls á hættunni, sem stafar af grunnfærni og ræktarleysi við dýrmætar sögulegar minningar. Þjóðin eyðir nú mörg hundruð þúsundum króna árlega til eflingar fögrum listum, en meira en helmingur þess fjár gengur til framdráttar svokölluðum skáldum og listamönnum, sem eru gersamlega þýðingarlaust fólk fyrir andlegt líf í landinu. En meðan svo er á haldið, er gröf hins fyrsta stórskálds í nýjum sið, Bjarna amtmanns á Möðruvöllum, fullkomlega vanrækt. Gröf Bólu-Hjálmars var talin vera týnd í Miklabæjargarði, þegar Stefán sagnfræðingur Jónsson á Ökrum staðsetti hana og merkti fyrir nokkrum árum. Grímur Thomsen er frægastur þeirra manna, sem fæðzt hafa og látizt á Bessastöðum. En þó að ríkið hafi lagt fram allt að 6 milljónum kr. til að endurreisa þann stað sem höfðingjasetur, þá hefur gleymzt að sinna gröf hins frægasta andans manns, sem þar hefur búið, og eru missmíði á því ráðlagi.

Fer nú vel á, að í ljós komi, hvort sú þjóð, sem gefur út verk stórskálda sinna í útgáfum, sem kosta mörg hundruð krónur, og greiðir Steini Steinar og Svavari Guðnasyni skálda- og listamannalaun, hefur efni á að láta grafir stórskálda sinna týnast í mosagróðri kirkjugarðanna.

Sþ. 378. Tillaga til þingsályktunar [143. mál]

um að gefa út á ensku árbók um Ísland, sögu þess og menningu.

Flm.: Jónas Jónsson.

Alþingi ályktar að skora á ríkisstjórnina að hefja nú þegar útgáfu árbókar á ensku um íslenzk málefni til sóknar og varnar um þjóðmálefni Íslendinga.

Greinargerð.

Þar sem ekki skilja íslenzka tungu nema nokkuð á annað hundrað þúsund menn, er öðrum þjóðum að mestu ókunnugt, hversu Íslendingar haga sinni lífsbaráttu,

og þegar til þess kemur, að Íslendingar þurfa að sækja og verja málefni sín gagnvart erlendum þjóðum, þá kafnar rödd þjóðarinnar í fámenni og einangrun. Auk þess er margt fróðlegt að segja frá náttúru landsins og lífsbaráttu fólksins, bæði fyrr og síðar, sem ætti að vera kunnugt nábúa- og sambýlisþjóðum Íslendinga, til verðugs metnaðar landsmönnum, bæði dánum og lifandi. Meðan þjóðstjórnin sat að völdum, 1939—42, hreyfði ég þessu nýmæli í utanríkismálanefnd. Var málinu vel tekið og samþykkt að gefa út árbók Íslands á ensku, 15—20 arkir að stærð. En litlu síðar kom upp ósamþykkja milli stjórnarflokkanna, nýjar kosningar og margháttuð upplausn, sem haldizt hefur síðan. Nú hefur aftur komizt á samstjórn borgaraflokkanna allra, og má þá telja viðeigandi að taka þetta nauðsynlega metnaðar- og menningarmál að nýju til meðferðar með því að skýra frá hinum upprunlegu tillögum.

Gert var ráð fyrir, að landið gæfi út árbók þessa í prentsmiðju sinni, Gutenberg. Hafði Steingrímur Guðmundsson forstjóri gert áætlun um útgáfukostnaðinn fyrir utanríkismálanefnd, og virtist málið vera auðleyst. Kom til orða að taka auglýsingar í bókina utan við textann og afla þannig fjár í útgáfuna. Mundi bókin þá vera allþýðingarmikil fyrir atvinnufyrirtæki í landinu, sem gætu þá gefið viðskiptavinum utanlands bók, sem túlkaði á heppilegan hátt málefni þjóðarinnar og kynnti um leið viðskiptamöguleika landsmanna út um allan heim. Hafa sumar stórþjóðir, sem risið hafa úr langvarandi dvala, t. d. Tyrkir og Japansmenn, farið svipaða leið og gefið út á erlendum málum bækur og tímarit um þjóðmálefni sín. Þegar utanríkismálnefnd hafði mál þetta til meðferðar, var gert ráð fyrir, að ríkisstjórnin gæfi árlega þessa bók helztu þjóðmála- og vísindamönnum í þeim löndum, sem Íslendingar hafa skipt við, sömuleiðis merkum stofnunum í þessum löndum, stórblöðum, bókasöfnum, stjórnardeildum, atvinnufyrirtækjum, skrifstofum sendiráða og að sjálfsögðu hinum mörgu ólaunuðu ræðismönnum Íslendinga. Árbókin yrði í sama broti og sams konar bandi ár eftir ár og gæti þess vegna notið sín á áberandi hátt í hillum merkra bókasafna. Útgáfunni átti að haga þannig, að skrifstofustjóri utanríkisdeildar stjórnarráðsins væri raunverulegur ritstjóri, en valdir menn úr þinginu gæzlustjórar til að tryggja hlutleysi um innlend deilumál. Ritgerðir í þessari árbók mættu ekki vera langar og ekki þunglamalegar, myndaefnið létt og smekklegt. Ritgerð Sigurðar Nordals um handritamálið og kaflar í bók Helga Briems um Ísland eru heppileg sýnishorn um, hversu greinar ættu að vera í slíkri árbók. Hver ritgerð í slíku safni þarf að vera rituð með þeim hætti, að von sé til, að önnum kafinn maður, sem opnar bókina og lítur yfir eina blaðsíðu, haldi áfram, af því að efnið hafi vakið áhuga hans og eftirtekt. Það er til nægilegt efni í margar bækur af þessu tagi, ef vel er á haldið. Þessi bók tæki við af Arngrími lærða, sem talaði máli þjóðarinnar á heimsmáli frá íslenzku sveitaprestssetri mitt í erfiðleikum 17. aldarinnar. Jarðfræði landsins, náttúrufegurð þess, auðsuppsprettur þess, þættir úr sögu þess, hin fornu stjórnarlög, heimsbókmenntir, sem óláes og óskrifandi þjóð skapaði frá 900—1100, viðnám Íslendinga, þegar þeir rita sígildar þjóðlegar bókmenntir á sama tíma og aðrar þjóðir skrifa á dauðu máli, eru dæmi um sjálfsögð viðfangsefni. Þá er margt merkilegt til frásagnar um líf Íslendinga á síðari öldum. Ef slíkt rit hefði verið til um síðustu aldamót, hefði átt að lýsa þar afrekum Matthíasar, Gríms Thomsens, Stephans G. Stephanssonar og Einars Benediktssonar á þann veg, að þeirra væri minnzt sem réttmætra Nóbelsmanna. Ef til vill vantar þjóðina á næstu árum vettvang til að halda uppi sókn í handritamálinu, kröfum varðandi rétt til fiskveiða við Grænland, verndun Faxaflóa og fjölmörg önnur merkileg viðfangsefni. Skemmtilegt dæmi um nútíma framsókn Íslendinga á síðustu árum er talstöðvakerfi íslenzka vélbátaflotans, sem er nýmæli á alþjóðavísu. Ef smáþjóð með einangrað mál á ekki að gleymast í iðukasti þjóðasamsteypnanna, verður hún að minna á tilveru sína.

Sþ. 379. Tillaga til þingsályktunar [144. mál]

um minnismerki Jóns Arasonar í Skálholti.

Flm.: Jónas Jónsson.

Alþingi ályktar að skora á ríkisstjórnina að beita sér fyrir því, að reist verði í Skálholti árið 1950 minnismerki um Jón biskup Arason, á fjögurra alda dánarafmæli hans.

Greinargerð.

Jón Arason er eini maður á Íslandi, sem látið hefur líf sitt fyrir frelsi þjóðar sinnar í baráttu við erlent vald. Hafa Skagfirðingar safnað fé til að reisa við Hóladómkirkju minningarturn um þennan þjóðskörung, en nauðsynlegt erlent efni í þá byggingu virðist ekki fáanlegt að svo stöddu. Hins vegar hefur Einar Jónsson fyrir allmörgum árum gert mjög andríka táknmynd um líf og hetjudauða Jóns Arasonar, en hún á hvergi heima nema á dánarstað hans. Færi vel á, að fjögurra alda afmælið yrði notað til að heiðra minningu þessa þjóðmærings og byrja um leið á uppbyggingu Skálholtsstaðar eftir langa vanrækslu. Minnismerki Einars Jónssonar mundi að mestu leyti vera innlend vinna. Þar sem búið er að leggja fram úr ríkissjóði mörg hundruð þúsund kr. á síðustu árum til að koma aftur á fornum myndarbrag í Skálholti, ætti ekki að standa á þeim litlu fjármunum, sem með þarf í þessu skyni.

Ed. 380. Breytingartillögur [137. mál]

við frv. til erfðalaga.

Frá Gísla Jónssyni.

1. Við 1. gr. 3. málsl. falli niður.
2. Við 3. gr. Greinin orðist svo:
   Ef hinn látni á engin börn eða barnabörn á lífi, en faðir og móðir hans lifandi, erfa þau hann að jöfnu. Kjörbörn og börn þeirra teljast hér sem börn og barnabörn arftaka.
3. Við 4. gr. Greinin orðist svo:
   Ef annað foreldri arfleiðanda er andað, tekur hitt, sem á lífi er, allan arf eftir hann.
4. Við 5. gr. Greinin orðist svo:
   Nú eru báðir foreldrar látnir, og taka þá afar og ömmur arfleiðanda allan arf eftir hann að jöfnu, þau sem á lífi eru.
5. Við 6. gr. Greinin orðist svo:
   Ef enginn arftaki er á lífi, sbr. 1.—5. gr., fellur arfurinn allur til Tryggingastofnunar ríkisins.
6. Við 7. gr. Greinin orðist svo:
   Það hjóna, sem lengur lifir, erfir einn fjórða af eignum maka síns, ef hann á börn eða barnabörn á lífi, annars erfir það allar eignirnar.
7. Við 8. gr. Greinin falli niður.
8. Við 11. gr. Greinin falli niður.
9. Við II. kafla 18. gr. Greinin ásamt fyrirsögn falli niður.
10. Við 19. gr. Í stað orðanna „18 ára“ komi: 21 árs.

11. Við 20. gr. Greinin orðist svo:
    Nú á arfleiðandi arftaka á lífi, og er honum þá ekki heimilt að ráðstafa með erfðaskrá meira en einum fjórða hluta eigna sinna.
12. Við 21. gr. Í stað orðanna „18 ára“ komi: 21 árs.
13. Við 28. gr. Greinin falli niður.
14. Við 33. gr. Í stað orðsins „ríkissjóður“ í lok greinarinnar komi: Tryggingastofnun ríkisins.

Nd. 381. Frumvarp til laga [145. mál]

um breyting á lögum nr. 16 26. febr. 1943, um orlof.

Flm. Hermann Guðmundsson, Sigurður Guðnason.

1. gr.

1. gr. laganna orðist svo:
Lög þessi gilda um allt fólk, sem starfar í þjónustu annarra, hvort heldur einstaklinga eða hins opinbera. Ná lög þessi jafnt til þeirra, er taka laun sín í hluta af verðmæti, sem hinna, er taka laun sín í peningum. Undanþegnir eru þó iðnnemar, sbr. 9. gr. laga nr. 100 11. júní 1948, um iðnaðarnám.

2. gr.

3. gr. laganna orðist svo:
Sérhver, sem lög þessi ná til, hefur rétt og skyldu til orlofs ár hvert hálfan annan dag — einn og hálfan dag — fyrir hvern unninn almanaksmánuð á orlofsárinu, en orlofsár merkir í lögum þessum tímabilið 15. maí til 14. maí næsta ár á eftir. Telst í þessu sambandi hálfur mánuður eða meira sem heill mánuður, en skemmri tími ekki talinn með. Það telst vinnutími samkvæmt þessari grein, þótt maður sé frá vinnu vegna veikinda eða slysa, meðan hann fær kaup greitt eða hann er í orlofi.

3. gr.

4. gr. laganna orðist svo:
Sá, sem fer í orlof, á rétt til að fá greitt sem orlofsfé 6½% — sex og hálfan af hundraði — af kaupi því, sem hann hefur borið úr býtum fyrir vinnu sína næsta orlofsár á undan. Nú hefur maður unnið eftirvinnu, nætur- eða helgidagavinnu, og greiðist þá orlofsfé aðeins af þeirri upphæð, sem greidd hefði verið fyrir þá vinnu, ef það hefði verið dagvinna. Þó skulu farmenn fá greitt orlofsfé af eftirvinnukaupi eins og það er á hverjum tíma. Orlofsfé greiðir sá eða þeir, sem orlofsréttthafi hefur unnið hjá á orlofsárinu, og fer greiðsla fram með orlofsmerkjum hvert skipti sem útborgun vinnulauna fer fram. Ákvæði þetta gildir þó ekki um starfsmenn, sem eru í tastri stöðu. Þegar þeir fara í orlof og hafa unnið hjá sama vinnuveitanda samfleytt næsta orlofsár á undan, halda þeir kaupi sínu óskertu orlofsdagana, jafnháu og þeir hefðu unnið venjulegan vinnutíma. Kaup fyrir orlofsdagana skulu þeir fá greitt næsta virkan dag áður en orlof hefst. Nú fer maður úr fastri stöðu, og greiðir vinnuveitandi þá með orlofsmerkjum orlofsfé af kaupi því, er starfsmaðurinn vann fyrir á því orlofsári. — Starfsmaður, sem er í fastri stöðu, þegar hann fer í orlof, en hefur ekki unnið hjá sama vinnuveitanda samfellt næsta orlofsár á undan, fær greitt orlofsfé með orlofsmerkjum næsta virkan dag áður en orlof hefst, og miðast það við kaup það, er hann vann fyrir hjá núverandi vinnuveitanda á orlofsárinu. Krafa um greiðslu orlofsfjár er forgangskrafa í dánar- eða þrotabúi vinnuveitanda til jafns við kröfur þær, sem um ræðir í 83. gr. b. 5. lið skiptalaganna, nr. 3 12. apríl 1878.

4. gr.

15. gr. laganna orðist svo:

Kröfur á hendur vinnuveitendum samkvæmt lögum þessum fyrnast eftir sömu reglum og kaupkröfur samkvæmt lögum nr. 14 frá 20. okt. 1905, um fyrningu skulda og annarra kröfuréttinda.

5. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Sú hraðfara þróun fram á við í félagsmálum, sem orðið hefur hér á landi síðustu árin, á að verulegu leyti rót sína að rekja til frændþjóða vorra á Norðurlöndum. Skyldleiki okkar við þessar þjóðir og náin snerting ásamt líkum aðstæðum í mörgu hafa orðið þess valdandi, að framfarir á Norðurlöndum hafa haft sín áhrif hér, enda er það svo, að fyrirmyndir að flestum þeim lögum um félagsleg málefni, er sett hafa verið hér á landi, eru einmitt sótt þangað, og fer vel á því og hefur orðið oss til blessunar, þar sem menning og félagsleg samhyggja á Norðurlöndum er komin á það stig, er fremst má teljast.

Orlofslögin eru ein af mörgum lögum, sem eiga sína fyrirmynd í þeim löggjöfum, sem í gildi voru hjá hinum norrænu frændum vorum, þá er þau voru samþykkt, en frá þeim tíma, 1943, hefur orðið mikil og margs háttar breyting, því þróunin hefur haldið áfram, en ekki staðnæmzt, og er nú svo komið, að í Noregi voru 14. nóv. 1947 samþykkt orlofslög, sem gefa launþegum rétt á þriggja vikna sumarleyfi og greiðslu á orlofsfé til launþega, er nemur 6½% af kaupi þeirra.

Frumvarp þetta gerir ráð fyrir þeim breytingum á orlofslögunum, sem í samræmi eru við hina norsku orlofslöggjöf. Í 2. gr. frumvarpsins er gert ráð fyrir, að sumarleyfi þeirra, er undir lögin koma, verði lengt um eina viku, eða úr tveim vikum í þrjár, og í 3. gr. frumvarpsins er gert ráð fyrir, að orlofsfé, sem nú er 4%, hækki upp í 6½% sem afleiðing af lengdu sumarleyfi.

Þá eru og lagðar til aðrar breytingar, sem reynslan hefur sýnt, að nauðsynlegar eru til þess að orlofslögin nái jafnt til allra launþega, og er þá átt við hlutasjómenn og afnuminn sá óréttur, sem þeir hafa orðið að búa við, og tryggja það, að allir sjómenn hafi ótvíræðan rétt til orlofs, að öllu leyti á kostnað útgerðarmanns og þar með njóta réttar til móts við aðrar launastéttir að því er snertir skilyrði til hvíldar og hressingar.

Einnig er gert ráð fyrir í frumvarpi þessu, að fyrningartími krafna um orlof sé sá sami og fyrningartími kaupkrafna, þar eð allt mælir með, að kröfur, sem í eðli sínu eru jafnskyldar og tengdar hvor annarri, fylgist að.

Ed. 382. Nefndarálit [119. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. frá 29. des. 1948, um heimild fyrir ríkisstjórnina til að innheimta ýmis gjöld 1949 með viðauka.

Frá fjárhagsnefnd.

Þetta frv. hefur nefndin athugað á fundi sínum í dag og var sammála um að mæla með því, að það verði samþykkt.

Alþingi, 18. febr. 1949.

Björn Ólafsson, form.	Guðm. Í. Guðmundsson, fundaskr.	Þorst. Þorsteinsson, frsm.
Brynj. Bjarnason.	Bernh. Stefánsson.	

Ed. 383. Nefndarálit [60. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 42 1948, um útflutning og innflutning á íslenzkum og erlendum gjaldeyri.

Frá fjárhagsnefnd.

Nefndin hefur athugað frv., en ekki orðið sammála um afgreiðslu þess. Tveir nefndarmanna (BÓ og BrB) leggja til, að frv. verði samþykkt, en aðrir nefndarmenn hafa óbundnar hendur um afgreiðslu þess.

Alþingi, 18. febrúar 1949.

Björn Ólafsson, form., frsm. Guðm. Í. Guðmundsson, fundaskr. Þorst. Þorsteinsson.
Brynj. Bjarnason. Bernh. Stefánsson.

Ed. 384. Nefndarálit [40. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 6 9. jan. 1935, um tekjuskatt og eignarskatt.

Frá fjárhagsnefnd.

Nefndin hefur athugað frv. og mælir með, að það verði samþykkt. Nefndarmenn hafa þó óbundnar hendur um að koma fram með eða fylgja viðbótartillögum við afgreiðslu málsins.

Alþingi, 18. febr. 1949.

Björn Ólafsson, form., frsm. Guðm. Í. Guðmundsson, fundaskr. Þorst. Þorsteinsson.
Brynj. Bjarnason. Bernh. Stefánsson.

Nd. 385. Nefndarálit [14. mál]

um frv. til l. um kyrrsetningu og lögbann.

Frá allsherjarnefnd.

Nefndin hefur athugað frv. með þeim breytingum, sem á því urðu í efri deild. — Einn nefndarmanna, Áki Jakobsson, var fjarverandi við afgreiðslu málsins. — Leggur nefndin til, að frv. verði samþykkt með eftirfarandi

BREYTINGUM.

1. Við 32. gr. Fyrsta málsgr. orðist þannig:
   Lög þessi koma til framkvæmda 1. júní 1949.
2. Við 33. gr. Fyrsta málsgr. orðist þannig:
   Nú hafa aðgerðir, sem lög þessi taka til, farið fram fyrir 1. júní 1949, og skal þá telja fresti þá, sem ákveðnir eru í lögum þessum, frá þeim tíma.

Alþingi, 21. febr. 1949.

Stefán Stefánsson, form. Finnur Jónsson, fundaskr. Jóhann Hafstein, frsm.
Jörundur Brynjólfsson.

Nd. 386. Breytingartillaga [16. mál]

við brtt. á þskj. 363 [Áburðarverksmiðja].

Frá meiri hl. landbúnaðarnefndar.

Við 1. lið. Aftan við brtt. bætist: Áburðarverksmiðjan skal standa straum af vöxtum og afborgunum þessara lána.

Nd. 387. Nefndarálit [128. mál]

um frv. til l. um bæjarstjórn í Keflavík.

Frá allsherjarnefnd.

Nefndin hefur athugað frumvarpið. Er það í höfuðatriðum eins og lög um bæjarstjórnir annarra kaupstaða. Svo hagar þarna til, að Keflavíkurflugvöllurinn liggur í landi 3—4 hreppa, en ekki nema að mjög litlu leyti í landi Keflavíkurhrepps. Nú mun óhjákvæmilegt, að lögsögn á flugvellinum sé falin einum manni, og er þá eðlilegast, að sýslumaður Gullbringu- og Kjósarsýslu hafi lögsögn þar áfram, eins og verið hefur hingað til.

Þá er svo ástatt um höfnina í Keflavík, að nokkur hluti hennar er undir yfirráðum hreppsins, en nokkur hluti hennar er landshöfn og lýtur ákvæðum sérstakra laga um það efni. Svo að ákvæði laganna verði ótvíræð, leggur nefndin til, að frv. verði samþykkt með svofelldum

BREYTINGUM:

1. Við 4. gr. Aftan við gr. bætist: Lögsaga á Keflavíkurflugvelli skal þó áfram heyra undir sýslumanninn í Gullbringu- og Kjósarsýslu, á sama hátt og verið hefur.
2. Við 12. gr. Aftan við gr. bætist: Sbr. þó lög nr. 25 23. apríl 1946, um landshöfn í Keflavíkur- og Njarðvíkurhreppum.

Alþingi, 21. febr. 1949.

Stefán Stefánsson, form.	Finnur Jónsson, fundaskr.	Jörundur Brynjólfsson, frsm.

Jóhann Hafstein.

Sþ. 388. Breytingartillaga [131. mál]

við till. til þál. um rannsókn á heppilegum stað fyrir áburðarverksmiðju.

Flm.: Sigurður E. Hlíðar, Stefán Stefánsson, Bernharð Stefánsson, Steingrímur Aðalsteinsson.

Fyrir orðin „í Þorlákshöfn“ kemur: á Akureyri, Akranesi eða Þorlákshöfn.

Ed. **389. Frumvarp til laga** [16. mál]

um áburðarverksmiðju.

(Eftir 3. umr. í Nd.)

1. gr.

Ríkisstjórninni er heimilt að láta reisa og reka verksmiðju með fullkomnum vélum og öðrum nauðsynlegum útbúnaði, til framleiðslu þessara áburðarefna:

ammoniaks, úr vatni og lofti,

ammonium-nitrats,

ammonium-fosfats.

Stærð verksmiðjunnar skal miðuð við það, að vinnslugeta hennar sé 5000—10000 smál. ársframleiðsla af köfnunarefni að minnsta kosti, en framleiðslunni skal að öðru leyti hagað á þann hátt, er ódýrastan má telja, en þó hagkvæman fyrir íslenzka jarðrækt. Jafnframt skal höfð hliðsjón af almennri þörf landsins og notum fyrir þau hráefni, sem verksmiðjan framleiðir á ýmsum stigum áburðarvinnslunnar.

2. gr.

Ríkissjóður leggur fram fé til stofnunar áburðarverksmiðju samkvæmt ákvæðum fjárlaga, og er fé þetta óafturkræft. Ef fjárveitingar samkvæmt fjárlögum hrökkva ekki til stofnkostnaðar verksmiðjunnar, er verksmiðjustjórninni heimilt að taka það fé, sem á vantar, að láni innanlands eða utan með samþykki ríkisstjórnarinnar og ábyrgð ríkissjóðs. Áburðarverksmiðjan skal standa straum af vöxtum og afborgunum þessara lána.

3. gr.

Verksmiðjan er sjálfseignarstofnun, er lýtur sérstakri stjórn. Verksmiðjuna má hvorki selja né veðsetja, nema heimild sé veitt til þess af Alþingi.

4. gr.

Stjórn verksmiðjunnar skal skipuð þremur mönnum, sem kosnir skulu hlutfallskosningu í sameinuðu Alþingi til fjögurra ára í senn. Landbúnaðarráðherra skipar einn þeirra formann verksmiðjustjórnar. Ráðherra setur stjórninni erindisbréf og ákveður laun hennar. Verksmiðjustjórnin hefur á hendi stjórn verksmiðjunnar.

5. gr.

Verksmiðjan skal reist svo fljótt sem ástæður leyfa að dómi verksmiðjustjórnar og með samþykki landbúnaðarráðherra, enda hafi þá fengizt trygging fyrir nægri raforku og nægilegu fé til greiðslu stofnkostnaðar.

6. gr.

Verksmiðjustjórnin ræður framkvæmdastjóra með verkfræðilegri menntun til þess að hafa á hendi daglega stjórn verksmiðjunnar og umsjón með rekstri hennar. Framkvæmdastjóri hefur prókúruumboð fyrir verksmiðjuna og ræður starfsfólk, en hlítir að öðru leyti ákvæðum erindisbréfs, sem verksmiðjustjórnin setur honum. Til þess að skuldbinda verksmiðjuna þarf undirskrift tveggja stjórnenda.

7. gr.

Endurskoðendur verksmiðjunnar eru tveir, skipaðir af landbúnaðarráðherra til tveggja ára í senn, og ákveður hann þóknun þeirra að fengnum tillögum verksmiðjustjórnar.

8. gr.

Áburðarsala ríkisins kaupir af verksmiðjunni áburð til notkunar innanlands fyrir kostnaðarverð, er verksmiðjustjórn áætlar og ákveður fyrir 1. marz

ár hvert, að fengnu samþykki landbúnaðarráðherra. Í hinu áætlaða kostnaðarverði skal reikna með nauðsynlegum og lögákveðnum tillögum í fyrningarsjóð og varasjóð verksmiðjunnar.

Áburðarsala ríkisins skal í byrjun hvers árs láta verksmiðjustjórninni í té áætlun um áburðarmagn til innanlandsnotkunar það ár.

9. gr.

Áburðarverksmiðjan skal undanþegin öllum sköttum og opinberum gjöldum nema útsvari til sveitarsjóðs. Aldrei má leggja á hana hærra útsvar en nemi 1% af tekjuafgangi hennar.

10. gr.

Framlag áburðarverksmiðjunnar til fastra sjóða hennar skal vera á hverju ári sem hér segir:

a. Til fyrningarsjóðs 2½% af kostnaðarverði húsa, lóðar og annarra mannvirkja og 7½% af kostnaðarverði véla og annarra áhalda.
b. Til varasjóðs allt að 3% af kostnaðarverði framleiðslunnar.

11. gr.

Reikningsár verksmiðjunnar er almanaksárið. Skal stjórn hennar gera reikningsskil fyrir hvert starfsár svo fljótt sem auðið er og svo snemma, að endurskoðun geti farið fram fyrir lok aprílmánaðar ár hvert. Reikningar skulu sendir landbúnaðarráðherra þegar að lokinni endurskoðun undirritaðir af stjórn og framkvæmdastjóra og áritaðir af endurskoðendum. Reikningana skal birta árlega í B-deild Stjórnartíðinda.

12. gr.

Nánari ákvæði um rekstur og tilhögun verksmiðjunnar setur landbúnaðarráðherra með reglugerð, að fengnum tillögum verksmiðjustjórnarinnar.

Ed. 390. Breytingartillaga [8. mál]

við frv. til l. um Landsbókasafn.

Frá Hannibal Valdimarssyni.

Við 2. gr. Á eftir 4. tölul. kemur nýr liður, svo hljóðandi:

5. að efla bókfræðiiðkanir, m. a. með því að gefa landsmönnum kost á að kynna sér innlendar og erlendar bækur, sem í safninu eru.

Sþ. 391. Fyrirspurnir [146. mál]

I. Til atvinnumálaráðherra varðandi framkvæmdir, yfirstjórn og rannsóknir við klak í ám og vötnum.

Frá Jónasi Jónssyni.

1. Hve miklu fé hefur ríkissjóður varið til klakmála árlega 1939—48?
2. Hve mörg klak- og fiskiræktarfélög voru stofnuð á þessu tímabili fyrir forgöngu Ólafs Sigurðssonar og að tilstuðlan Þórs Guðjónssonar?
3. Hvernig var árið 1948 notað það fé, sem ríkið lagði til klakmála? Hve mikið í laun, ferðir, áhöld til vísindalegra tilrauna og til annarra útgjalda?

4. Hverjar eru ráðagerðir klakstjórnarinnar um vísindalega starfsemi í klakmálum?
5. Hefur atvinnumálaráðuneytið látið klakfræðing sinn rannsaka hrygningarskilyrði laxa í Laxá í Þingeyjarsýslu milli rafstöðvarinnar hjá Brúum og Mývatns? Hver var árangur þeirrar rannsóknar? Vill atvinnumálaráðuneytið gera það skilyrði fyrir auknu virkjunarleyfi við Brúa, að leyfistaki leggi á sinn kostnað fullkominn fiskveg fram hjá mannvirkjum rafstöðvarinnar?

II. Til ríkisstjórnarinnar um byggingu fornminjasafnsins í Reykjavík.

Frá Jónasi Jónssyni.

1. Hve miklu fé úr ríkissjóði hefur verið varið í þessa safnsbyggingu? Hve mikið mun þurfa til að fullgera húsið?
2. Hve mikið hefur húsameistaranum verið greitt fyrir vinnu hans við þessa byggingu? Hve mikið er enn vangreitt til hans? Hve mikið fær byggingarnefndin fyrir sína vinnu? Hver er eftirlitsmaður fyrir ríkisins hönd við þessa húsagerð, og hve mikil þóknun er honum greidd?
3. Hverju sætir, að ekki er aðallýsing á þessu húsi gegnum þakið, og veggir heilir á þeirri hæð safnbyggingarinnar, sem er ætluð til listaverkageymslu? Hvers vegna er stærsti salur hins tilvonandi listasafns nálega dimmur? Er það rétt, að helztu málarar landsins muni mótmæla, að verk þeirra verði til sýnis í þessu húsi?

III. Til ríkisstjórnarinnar varðandi tolllausan innflutning mannflutningabifreiða handa tignarmönnum landsins.

Frá Jónasi Jónssyni.

1. Hve marga mannflutningabíla hafa tignarmenn landsins flutt inn án þess að greiða ríkissjóði lögmælt gjöld í sambandi við innflutninginn?
2. Hvenær hófst þessi venja?
3. Hve mikið er tap ríkissjóðs að jafnaði á hverjum þessara bíla?
4. Hvaða rök og hvaða lagaheimildir liggja til grundvallar fyrir þessu misrétti skattþegnanna?

IV. Til ríkisstjórnarinnar um mannahald og launagreiðslur hjá fjárhagsráði og deildum þess.

Frá Skúla Guðmundssyni.

1. Hve margir starfsmenn eru nú hjá fjárhagsráði, viðskiptanefnd, skömmtunarskrifstofu og verðlagseftirliti, hverri stofnun fyrir sig?
2. Hve hárri upphæð námu launagreiðslur í janúarmánuði 1949 hjá framannefndum stofnunum, hverri fyrir sig, og hve mikið af launum var fyrir yfirvinnu eða aukavinnu?

Sþ. 392. Tillaga til þingsályktunar [147. mál]

um skattfrelsi sparifjár.

Flm.: Jónas Jónsson.

Alþingi ályktar að skora á ríkisstjórnina að undirbúa og leggja fyrir yfirstandandi Alþingi frv. til laga um, að allar sparifjárinnstæður í bönkum og sparisjóðum skuli vera undanþegnar skattgreiðslum til ríkis og bæjarsjóða.

Greinargerð.

Þegar Danir höfðu lokið eignakönnun sinni, kom í ljós, að þau umbrot höfðu gert allan almenning afhuga sparnaði og jafnvel að menn væru orðnir hræddir við að eiga sparifé. Leitaði fjármagnið þá úr bönkum og sparisjóðum í hvers konar svartamarkaðsbrask. Þykir þetta svo mikill þjóðarófarnaður, að mjög er nú um það rætt í landinu að undanþiggja sparifé í lánsstofnunum öllum sköttum til almanna þarfa. Ber lánsstofnunum engin skylda til að skýra óviðkomandi mönnum frá innstæðum, sem þar eru geymdar.

Hér á landi er skortur á veltufé langtum tilfinnanlegri en í Danmörku. Hinn skjótfengni og skjóteyddi stríðsgróði hefur mjög ruglað dómgreind manna í fjármálum. Er nú svo komið, að fjármagn skortir til nálega allra framkvæmda í landinu. Nær það jafnt til ríkisins, bæjarfélaganna, atvinnufyrirtækja og einstakra manna. Hefur ríkið af þessum ástæðum gripið til þeirra örþrifaráða að óska eftir og taka á móti gjöfum frá erlendri þjóð, til hversdagslegra umbóta í landinu. Skattabyrðin er óvenjulega þung og þyngist með hverju ári. Verður mörgum á að draga að óþörfu innstæður sínar úr bönkum og sparisjóðum og lána féð út, undir þeim kringumstæðum að mikil áhætta fylgir, háir vextir og leynd um fjárhæðina. Þess vegna standa bankar og sparisjóðir nú mjög févana, en ábyrgðarlausir og skammsýnir braskarar ráðstafa veltufé landsmanna, oft til óþarfra framkvæmda, en heilbrigt atvinnulíf skortir nauðsynlegt fjármagn og almenningur hættir að trúa opinberum lánsstofnunum fyrir reiðufé og dregur í efa, að sparnaður sé heppileg lífsvenja. Menn óttast síhækkandi skatta og byrja að lítilsvirða og vantreysta því mannfélagi, sem þeir telja að veiti litla vernd, en læsi kló skattanna í hvern lauslegan eyri í eigu borgaranna.

Hér er lagt til að stemma á að ósi. Þjóðin þarf að læra að safna fé og trúa á, að sparifé veiti fjölskyldunni aukið öryggi. Þjóðin þarf að eiga aðgang að miklu fjármagni til nauðsynlegra framkvæmda og til atvinnurekstrarins í landinu. En stefnubreyting í þessu efni er óframkvæmanleg, nema með því móti að veita sparifé landsmanna þá vernd, sem hér er bent á.

Nd. 393. Frumvarp til laga [148. mál]

um breyting á lögum nr. 20 20. maí 1942, um breyting á lögum nr. 6 9. jan. 1935, um tekjuskatt og eignarskatt.

Flm.: Sigurður Kristjánsson.

1. gr.

Aftan við fyrri málsgr. c-liðar 14. gr. laganna bætist nýr málsliður:

Enn fremur er aðilum, sem í árslok 1948 áttu í nýbyggingarsjóði lægri fjárhæð en kr. 25000.00 á skip, eða hafa á síðustu tveim árum tapað meiru á útgerðinni en

svarar innieign þeirra í sjóðnum, heimilt að taka eign sína úr nýbyggingarsjóði og nota sem rekstrarfé.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Í lögum nr. 20 20. maí 1942, 14. gr. c., segir svo:

„Útgerðarfélag ráðstafar sjálft því fé, er það hefur lagt í nýbyggingarsjóð, en því má eingöngu verja til aukningar og endurnýjunar á framleiðslutækjum á sviði útgerðar, annaðhvort með nýbyggingum innanlands eða með kaupum frá öðrum löndum. Þó er heimilt að verja fé nýbyggingarsjóðs til að greiða tap á útgerð, ef aðrar eignir hrökkva ekki til fyrir því, en áður en það er gert, skal það tilkynnt nefnd þeirri, er um ræðir í 59. gr., og lætur hún þá aðila vita, hvort hún telur slíka ráðstöfun í samræmi við lög þessi."

Nefndin — stjórn nýbyggingarsjóðs — hefur litið og lítur svo á, að því aðeins sé heimilt að nota eign í nýbyggingarsjóði til þess að greiða tap á útgerð, að útgerðin eigi ekki fyrir skuldum. Þessi heimild laganna hefur því reynzt gersamlega dauður bókstafur.

Samkvæmt bókum nýbyggingarsjóðs voru innstæður í sjóðnum 31. des. 1947:

Togaraútgerðar	kr.	8 872 224.55
Annarrar útgerðar	—	885 418.46

Innstæðueigendur síðartöldu fjárhæðarinnar voru 46 að tölu.

Þar af áttu 18 innan við 10 þús. kr. hver.
—„— 9 milli 10 og 20 þús. kr. hver.
—„— 5 — 20 — 30 —„—
—„— 5 — 30 — 40 —„—
—„— 9 þar yfir.

Hve mörg skip eða báta hver innstæðueigandi átti, tókst ekki að fá skýrslu um, en vitað er, að bátatala fyrirtækjanna er 1 til 8, svo að eign hvers skips er yfirleitt undir 10 þús. kr.

Eftir því verði, sem nú er á nýbyggingu skipa, er bersýnilegt, að þessar fjárhæðir leiða aldrei til nýbygginga og verða aldrei til þess notaðar. Maður, sem á 10 þús. kr. í nýbyggingarsjóði, lætur sér aldrei til hugar koma að hefja fyrir það byggingu skips, sem kosta mundi hálfa eða heila milljón króna. Eins og sakir standa nú eru því innieignir flestra bátaeigenda í nýbyggingarsjóði útgerðinni gersamlega gagnslausar.

Ríkissjóður ver nú tugum milljóna króna til þess að koma í veg fyrir stöðvun bátaútvegsins. Og við borð liggur, að gert sé fjárnám í fjölda fiskibáta vegna jafnvel smávægilegra vanskila á opinberum greiðslum. Bersýnilegt er, að meðan þessu fer fram, er ríkinu ekki fært að loka inni, engum til gagns, verulegar fjárhæðir, sem eru réttmæt eign útgerðarinnar.

Ed. 394. Lög [9. mál]

um afhending skyldueintaka til bókasafna.

(Afgreidd frá Ed. 24. febr.)

Samhljóða þskj. 9.

Ed. 395. Nefndarálit [10. mál]

um frv. til l. um heimild fyrir ríkisstjórnina til að selja f. h. ríkissjóðs lóð á horni Þverholts og Stakkholts í lögsagnarumdæmi Reykjavíkur.

Frá allsherjarnefnd.

Nefndin hefur athugað mál þetta og leggur til, að frv. verði samþykkt.
HermJ var fjarstaddur, þegar mál þetta var afgreitt.

Alþingi, 24. febr. 1949.

Guðm. Í. Guðmundsson, form. | Lárus Jóhannesson, fundaskr., frsm. | Brynj. Bjarnason.
Þorst. Þorsteinsson.

Sþ. 396. Tillaga til þingsályktunar [149. mál]

um að taka upp verzlunarskipti við Spán.

Flm.: Jónas Jónsson.

Alþingi ályktar að skora á stjórnina að gera allar nauðsynlegar ráðstafanir til, að sem allra fyrst geti hafizt sala á saltfiski frá Íslandi til Spánar.

Greinargerð.

Fyrir nokkrum árum slitnaði upp úr hinum gömlu og heppilegu verzlunarskiptum Íslendinga við Spánverja. Bar tvennt til. Kommúnistaflokkur Íslands taldi sig mótfallinn stjórnarformi og ríkisstjórn Spánar og lagði afgreiðslubann á skip, sem gerðu sig líkleg til að flytja íslenzkar afurðir til Suðurlanda. Um sama leyti létu allmargar stórþjóðir sendiherra sína hverfa frá Spáni, en sendisveitir þeirra störfuðu þar og héldu uppi fjörugum kynnum við Franco. Var þessi misþykkja stórveldanna eins konar gamansýning, líkt og þegar stórþjóðirnar þóttust ætla að leggja viðskiptabann á Ítalíu til að hindra Mussolini frá að leggja Abyssiníu undir veldi Ítalíukonungs. Var þá leyft að flytja til Ítalíu allt það, sem þjóðina vantaði til stríðsrekstrar, svo sem olíu, kol og stál, en bannað að verzla við Ítali með þær vörur, sem þeir höfðu nóg af sjálfir. Í það sinn létu Íslendingar ekki blekkjast og héldu áfram saltfisksölu til Ítalíu. Sú tregða, sem verið hefur um stund á viðskiptum Íslendinga við Spánverja, stafar af ótilhlýðilegri undanlátssemi við kommúnista heima fyrir og af athugunarleysi um gang heimsmálanna. Franco heldur áfram að stjórna Spáni, hvað sem líður mótgangi íslenzkra kommúnista gegn stjórn hans og hinum gamankennda leik annarra þjóða varðandi málefni Spánar. En því lengri tími sem líður svo, að íslenzkur saltfiskur er ekki á boðstólum á Spáni, því meiri líkur eru til, að íslenzka þjóðin tapi elzta og bezta markaði sínum.

Flestum mönnum mun nú ljóst, að forráðamenn útvegsins hafa verið heldur skjótráðir, er þeir tóku upp mjög einhliða hraðfrystingu á fiski og létu eins og aldrei mundi framar þurfa að salta íslenzkan fisk og að óhætt mundi vera að vanrækja Spánarmarkaðinn með öllu. Eru nú þegar komnir fram miklir erfiðleikar við að fá viðunanlega sölu á frysta fiskinum. Hefur orðið að gefa lýsi með lækkuðu verði með hraðfrysta fiskinum og fallið niður sala eins og t. d. í Englandi árið sem leið, þegar ekki var lýsi til í meðgjöfina. Benda allar líkur til, að innan skamms muni

þykja arðvænlegt að framleiða Spánarfisk, ekki sízt í Reykjavík, þar sem unnt er að þurrka geysimikið fiskmagn á vorin og sumrin við hverahita, sem er bænum nálega verðlaus eftir að vorar. Hef ég vakið máls á þeirri verkunaraðferð á þingi í fyrra og bendi aftur á þá leið, ef fiskútflytjendur vildu nú freista að halda opnum sínum gamla og góða markaði á Spáni. En til þess að létta fyrir viðskiptum milli landanna að nýju þurfa stjórnarvöldin að ganga hreint til verks og freista að fá leystar allar óþarfar hömlur af gagnkvæmum skiptum þessara tveggja þjóða, sem hafa um langan aldur haft saman merkileg viðskipti, sem hentuðu báðum.

Nd. 397. Frumvarp til laga [14. mál]

um kyrrsetningu og lögbann.

(Eftir 2. umr. í Nd.)

Samhljóða þskj. 14 með þessum breytingum:

6. gr. hljóðar svo:

Fjármuni skuldunauts má kyrrsetja til tryggingar fullnustu lögvarinnar kröfu til peninga eða peningaverðmætis, enda sé krafan fallin í gjalddaga, eigi nægilega tryggð og eigi megi tryggja hana með aðför.

Kyrrsetning má þó gera, enda þótt krafa sé ekki fallin í gjalddaga:

1. Ef ástæða er til ótta um undanskot, eyðslu eða spjöll á fjármunum, þar á meðal á veði, af hálfu skuldunauts eða annarra, áður en aðför verði gerð.
2. Ef annars má óttast það eftir högum eða framferði skuldunauts, að hann muni sérstaklega torvelda fullnustu kröfu, eða ef aðför þyrfti að gera erlendis, ef fjármunir hans yrðu ekki kyrrsettir hér á landi.

Um sjólánsveð fer eftir ákvæðum siglingalaga.

Eigi má kyrrsetningu gera til tryggingar sektagreiðslu, nema svo sé sérstaklega mælt í lögum.

8. gr. hljóðar svo:

Kyrrsetja má mann, ef svo er farið, að hann er á förum eða hyggst bráðlega að fara af landi burt án afturkomu eða líklegt má telja, að hann hyggi ekki á afturkomu til landsins, og hann á að svara til kröfu, sem sækja má fyrir hérlendum dómi, enda megi telja kyrrsetningu nauðsynlega til tryggingar fullnustu þeirrar kröfu og eigi sé fullnægjandi trygging sett eða næg verðmæti finnist hér á landi til kyrrsetningar.

Kyrrsetning á manni má vera með tvennum hætti:

1. Varðhaldsvist. Þá má aðbúnaður og meðferð gerðarþola eigi lakari vera en fanga í gæzluvarðahaldi, enda skal taka til greina sérhagi hans með sama hætti sem sérhagi gæzlufanga. Gerðarhafi skal greiða fyrir fram á hverjum tveggja vikna fresti fúlgu með gerðarþola eftir ákvörðun fangavarðar, sem bera má þó undir fógeta til fullnaðarúrlausnar.
2. Farbann. Skal þá bjóða gerðarþola að halda sig í ákveðnu marki, enda má þá fela tilteknum manni að hafa eftirlit með honum. Fógeti ákveður þá hverju sinni, hvort fúlgu skuli greiða og hversu mikla. Nú rýfur gerðarþoli farbann, og má þá varðhaldsvist beita.

Kyrrsetning fellur niður, jafnskjótt sem aðför má gera til tryggingar kröfu, og ef fúlga greiðist ekki svo sem mælt er.

Eigi má varðhaldsvist hafa, ef krafa að innstæðu til nemur minna en 500 krónum eða 500 kr. virði, og aldrei má kyrrsetning á manni standa sex mánuðum lengur.

Sama mann má einungis einu sinni kyrrsetja vegna sömu kröfu.

Eigi má kyrrsetja skipverja ferðbúins skips, sem skrásett er á landi hér, nema skipstjóri leyfi eða útgerðarmaður, ef um skipstjóra er að tefla.

Eigi má kyrrsetja alþingismann, meðan Alþingi stendur.

Haldast skulu ákvæði framfærslulaga um aðgerðir gagnvart þeim, er eigi gegna framfærsluskyldum sínum.

11. gr. hljóðar svo:

Í upphafi gerðar skal fógeti spyrja gerðarþola, ef hann er við staddur, um álit hans á kröfu þeirri, er kyrrsetning varðar, gjalddaga, tryggingu og önnur þau atriði, er máli skipta. Ef gerðarþoli er fjarstaddur, er fógeta heimilt og eftir atvikum skylt að veita honum kost á að koma fyrir dóm, enda verði hagsmunum gerðarbeiðanda ekki stofnað þar með í hættu. Rétt er fógeta að láta sækja gerðarþola með valdi, ef návist hans telst nauðsynleg vegna framkvæmdar gerðar.

Fresti má að jafnaði ekki veita gerðarþola gegn mótmælum gerðarbeiðanda, nema tryggt sé, að rétti hans verði eigi fyrir það spillt.

13. gr. hljóðar svo:

Nú er nægileg trygging sett fyrir greiðslu kröfu með vöxtum til áætlaðs greiðsludags eða gjalddaga, ef krafa er ekki fallin í gjalddaga, og kostnaði, og má kyrrsetning þá ekki fram fara, enda skal fella hana niður, jafnskjótt sem nægileg trygging kann síðar að verða sett. Um mat tryggingar fer samkvæmt 12. gr.

Tryggingu skal skila, þegar krafa sú fellur niður, sem tryggð er. Sama er, ef gerðarbeiðandi gerir ekki reka að viðurkenningu kröfu sinnar fyrir sátt eða dómi innan 4 vikna frá því, er trygging var sett, ef krafa var þá fallin í gjalddaga, en ella innan 4 vikna frá gjalddaga.

Rétt er gerðarþola að höfða mál til lausnar tryggingar.

18. gr. hljóðar svo:

Óheimilt er gerðarþola að ráðstafa kyrrsettum munum með samningum, þannig að í bága fari við rétt gerðarbeiðanda, enda er gerðarbeiðandi ekki bundinn gagnvart þriðja manni við slíkar ráðstafanir. Þó vinnur grandlaus þriðji maður rétt yfir fasteign, skipi 5 smálesta og stærra og skrásettu loftfari, nema kyrrsetning hafi verið þinglesin (innrituð í Reykjavík), og yfir viðskiptabréfum, nema athugasemd um kyrrsetningu hafi verið á þau skráð. Tilkynna þarf skuldunaut, ef krafa er kyrrsett og geymslumanni kyrrsetts hlutar kyrrsetningu. Annars kostar er þeim rétt að greiða gerðarþola skuld eða skila honum hlut, ef þeir eru grandlausir um kyrrsetningu. Sama er um vaxtagreiðslur af skuld samkvæmt viðskiptabréfi.

24. gr. hljóðar svo:

Nú fellur kyrrsetning niður, hvort sem það er vegna sýknunar af kröfu þeirri, er tryggja skyldi, vegna galla á gerðinni sjálfri eða vegna þess, að henni hefur ekki verið réttilega haldið til laga, og ber gerðarbeiðanda þá að bæta gerðarþola þann miska og fjártjón, þar á meðal lánstraustsspjöll, er telja má hann hafa liðið sakir gerðarinnar. Bæta skal og, þótt kyrrsetning reynist aðeins að nokkru ólögmæt og þótt hún falli niður sakir atvika, er gerðust eftir framkvæmd hennar, ef ætla má, að hún hefði haft bótaskyldu í för með sér annars. Þegar meta skal bætur, má bæði hafa hliðsjón til þess, hvort gerðarbeiðandi hefur sýnt af sér vanrækslu eða gáleysi, og til þess, hvort gerðarþoli kann að hafa veitt sérstakt efni til aðgerðanna eða tilhögunar þeirrar með framkomu sinni í sambandi við þær.

Bótakröfu má hafa uppi í staðfestingarmáli bæði til skuldajafnaðar og til sjálfstæðs dóms. Annars kostar má höfða sjálfstætt mál á varnarþingi kyrrsetningar, þar sem dómari leitar sátta, innan þriggja mánaða frá því, er gerðarþola varð kunnugt um synjun kyrrsetningarbeiðni, frá úrslitum staðfestingarmáls eða niðurfalli kyrrsetningar annars, ef því er að skipta.

Um aðilaskipti að kröfu um miskabætur eftir lögum þessum fer samkvæmt 3. málsgr. 264. gr. almennra hegningarlaga.

28. gr. hljóðar svo:

Lögbann hefst, þar sem sú eign er, er bann varðar, og annars, þar sem aðilar verða á sáttir eða fógeti ákveður hverju sinni.

Fógeti kveður gerðarþola til, ef þess er kostur. Annars kostar skal birta honum hann.

Lögbanni verður venjulega ekki afstýrt með tryggingu, nema gerðarbeiðandi samþykki.

Um bætur fyrir miska- og lánstraustsspjöll sakir lögbanns fer eftir því, sem mælt er fyrir í 1. málsgr. 24. gr.

Greina skal glöggt í fógetabók þann verknað, sem bannaður er, og þá eign, sem bann varðar, ef því er að skipta.

32. gr. hljóðar svo:

Lög þessi koma til framkvæmdar 1. júní 1949.

Frá sama tíma eru úr lögum numin ákvæði N. L. 1—19, sbr. konungsbr. 2. maí 1732, tilsk. 10. des. 1790, opið bréf 30. nóv. 1821 og önnur ákvæði laga, sem í bága fara við lög þessi.

33. gr. hljóðar svo:

Nú hafa aðgerðir, sem lög þessi taka til, farið fram fyrir 1. júní 1949, og skal þá telja fresti þá, sem ákveðnir eru í lögum þessum, frá þeim tíma.

Um gerð, er kynni að hafa verið framkvæmd af tveimur mönnum, skal fara eftir 2. málsgr. 2. gr. laga þessara, nema hún hafi verið lögð til dóms fyrir 1. jan. 1949.

Nd. 398. Frumvarp til laga [150. mál]

um breyting á lögum nr. 41 29. apríl 1946, um stofnlánadeild sjávarútvegsins við Landsbanka Íslands.

Flm.: Einar Olgeirsson, Áki Jakobsson.

1. gr.

Aftan við 3. málsgr. 4. gr. laganna bætist svo hljóðandi málsliður: Skulu þessi lán standa hjá stofnlánadeild, meðan þörf er á, og skal seðlabankinn reikna stofnlánadeild 1% vexti af því fé.

2. gr.

6. gr. laganna fellur niður, og greinatalan breytist samkvæmt því.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Þegar stofnlánadeild sjávarútvegsins var stofnuð við Landsbankann, var tilgangur löggjafans sá, að tryggja sjávarútveginum ódýrt stofnfé, einkum til þeirrar nýsköpunar, sem átti sér stað í sjávarútveginum á þeim árum, sem stofnlánadeildin var stofnuð. Það hefur hins vegar sýnt sig, eins og af ýmsum var búizt við, að þær 100 milljónir króna, sem seðlabankinn upprunalega lánaði stofnlánadeildinni, nægði ekki fyrir hinn nýja togara- og bátaflota. Það þarf nú að tryggja meira fé í

stofnlánadeildina. Nú er það hins vegar svo, að samkvæmt 6. gr. laganna greiðir stofnlánadeildin seðlabankanum jafnóðum þær afborganir, sem hún fær frá skuldunautum sínum, þannig að veltufé stofnlánadeildarinnar fer síminnkandi, þ. e. a. s. sá hluti, sem til A-lána fer, og mundi, ef þessi lagagrein væri óbreytt, engum nýjum aðila verða lánað A-lán úr stofnlánadeild, en deildin sjálf smám saman hverfa. Með þeirri breytingu, sem hér er lagt til að gera á lögunum, mundi stofnlánadeildin geta notað afborganir þær, sem hún nú fær af lánum sínum, til nýrra útlána, en á þeim er sjávarútveginum hin mesta þörf, því enn skortir lánsfé handa síðustu nýsköpunartogurunum og allmörgum nýjum bátum.

Þá er enn fremur lagt til að ákveða með lögum þessum upphæð vaxtanna á því fé, sem seðlabankinn lánar stofnlánadeildinni. Í lögunum eins og þau nú eru ákveður bankastjórnin vextina með samþykki bankamálaráðherra. Eru þeir hafðir svo háir, að enginn möguleiki sé fyrir stofnlánadeild að hafa ágóða af lánum sínum og afla sér þar með nokkurs rekstrarfjár til útlána til viðbótar stofnfénu. Með þeirri breytingu, sem hér er lagt til, mundi stofnlánadeild hins vegar fá muninn á 1% vöxtum þeim, er hún samkvæmt þessari breytingu greiðir seðlabankanum, og 2½% útlánsvöxtunum — eða m. ö. o. 1½% af öllum A-lánum til sín.

Tilgangur þessara laga er að tryggja áframhaldandi starfsemi stofnlánadeildarinnar og það, að hún fái haldið upphaflegu stofnfé sínu og geti tryggt sjávarútveginum ódýr stofnlán. Án þessara breytinga verður stofnlánadeildin smádrepin og sjávarútveginum ekki tryggð nein ný ódýr stofnlán, en þau eru lífsskilyrði fyrir áframhaldandi vöxt hans og viðgang.

Nd. 399. Frumvarp til laga [128. mál]

um bæjarstjórn í Keflavík.

(Eftir 2. umr. í Nd.)

1. gr.

Keflavíkurkauptún skal vera kaupstaður og sérstakt lögsagnarumdæmi. Nær umdæmið yfir allan núverandi Keflavíkurhrepp og heitir Keflavíkurkaupstaður.

Umdæmi þetta skal hér eftir sem hingað til vera í alþingiskjördæmi Gullbringu- og Kjósarsýslu. Þar sem í lögum þessum er talað um kaupstað og kaupstaðarbúa, er átt við hið nýja umdæmi og íbúa þess.

2. gr.

Ríkisstjórnin skipar fyrir um, hvernig málum þeim í Keflavíkurhreppi, sem ekki eru útkljáð, þegar lög þessi öðlast gildi, skuli skipt milli sýslumannsins í Gullbringu- og Kjósarsýslu og bæjarfógetans í Keflavík.

3. gr.

Verzlunarlóð kaupstaðarins skal vera landsvæði allt innan núverandi takmarka Keflavíkurhrepps.

4. gr.

Bæjarfógetinn í Keflavík tekur laun eftir VI. flokki launalaganna, nr. 60/1945.

Hann hefur á hendi sömu störf og sýslumönnum og bæjarfógetum eru falin, hverjum í sínu umdæmi, dómarastörf, lögreglustjórn, gjaldheimtu á tekjum ríkissjóðs og önnur störf, gegn þóknun þeirri, er sýslumönnum og bæjarfógetum er ákveðin að lögum. Lögsaga á Keflavíkurflugvelli skal þó áfram heyra undir sýslumanninn í Gullbringu- og Kjósarsýslu, á sama hátt og verið hefur.

5. gr.

Málefnum kaupstaðarins skal stjórnað af bæjarstjórn. Í henni eru kjörnir bæjarfulltrúar, kosnir af bæjarbúum, sem kosningarrétt hafa eftir gildandi lögum. Bæjarstjórn kýs bæjarstjóra og ákveður laun hans, enda greiðist þau úr bæjarsjóði.

6. gr.

Um kosningu bæjarfulltrúa, tölu þeirra og kjörtímabil fer samkv. lögum um sveitarstjórnarkosningar.

7. gr.

Bæjarstjórn kýs sér forseta úr flokki bæjarfulltrúa, og stjórnar hann umræðum á fundum og sér um, að það, sem ályktað er, sé ritað í gerðabók. Fundir bæjarstjórnar skulu fara fram í heyranda hljóði. Einstök mál má þó ræða innan luktra dyra, þegar bæjarstjórn ákveður.

Til þess að lögmæt ákvörðun sé gerð, verður minnst helmingur bæjarfulltrúa að vera á fundi. Atkvæðamagn skal ávallt ráða. Séu jafnmörg atkvæði með og móti, fellur atkvæðisefnið, nema við kosningar, þá ræður hlutkesti. Um kosningu nefnda skal farið samkv. lögum um sveitarstjórnarkosningar.

Það skal kunngert bæjarbúum, hvar og hvenær bæjarstjórnin heldur almenna fundi. Aukafundi má halda, þegar bæjarstjórn þykir nauðsyn til bera eða þegar minnst helmingur bæjarfulltrúa æskir þess. Bæjarstjóri skal á undan fundum skýra bæjarfulltrúum frá, hver málefni koma fyrir. Allir bæjarfulltrúar, sem eru á fundi, skulu rita nöfn sín undir gerðabókina, strax og bókun er lokið, og á sérhver fulltrúi rétt á að fá ágreiningsatriði sitt stuttlega bókað. Bæjarstjórn setur sjálf fundarsköp sín, en ráðherra staðfestir þau.

8. gr.

Framkvæmd ákvarðana þeirra, sem bæjarstjórn tekur, og forstaða bæjarmálefna er í hendi bæjarstjóra, nema þar, sem annað er sérstaklega ákveðið af bæjarstjórn.

Virðist forseta einhver ákvörðun bæjarstjórnar ganga út yfir valdssvið hennar, vera gagnstæð lögum eða skaðleg fyrir bæjarfélagið eða miði til að færast undan skyldum þeim, er á því hvíla, má hann fella hana úr gildi um sinn með því að rita álit sitt um hana í gerðabókina. Um þetta skal hann, svo fljótt sem verða má, senda ráðherra skýrslu, og leggur hann úrskurð á málið. Eftirrit af skýrslu forseta skal senda bæjarstjórninni, svo að hún geti gert athugasemdir sínar við hana áður en hún fer til ráðherra.

Með samþykkt, er ráðherra staðfestir, skal setja fastar nefndir til að fara með einstök bæjarmál, og skal í henni kveðið á um skipun, verksvið og vald þeirra. Þó má bæjarstjórn fela einum eða fleiri bæjarfulltrúanna framkvæmd einstakra bæjarstarfa eftir reglum, er hún setur um það.

Allir bæjarfulltrúar eru skyldir að taka að sér þau sérstöku bæjarstörf, sem þeim eru falin á hendur. Fyrir nefndarmenn, kosna utan bæjarstjórnar, gilda sömu synjunarástæður og starfstímatakmörk og um bæjarfulltrúana.

9. gr.

Í málefnum, er snerta uppeldi og fræðslu barna, hefur formaður skólanefndar sæti og tillögurétt á fundum bæjarstjórnar, en atkvæðisrétt því aðeins, að hann sé bæjarfulltrúi.

10. gr.

Bæjarstjórn skipar sýslunarmenn bæjarins og veitir þeim lausn. Lögregluþjóna og næturverði skipar bæjarstjórn eftir tillögum bæjarfógeta, en hann getur veitt þeim lausn án samþykkis bæjarstjórnar.

Bæjarstjórnin gerir tillögur um skipun yfirsetukvenna og sáttanefndarmanna.

11. gr.

Bæjarstjórn ræður byggingarmálum bæjarins, en byggingarnefnd annast framkvæmd þeirra. Skipa hana bæjarstjóri, sem er formaður hennar, og fjórir menn, er bæjarstjórn kýs, tvo úr sínum flokki.

Þyki lóðareiganda eða lóðarhafa rétti sínum hallað með úrskurði bæjarstjórnar eða byggingarnefndar, má skjóta honum til ráðherra.

Nú þykir bæjarstjórn rétt, að sett verði fyllri ákvæði um byggingarmál bæjarins en þá eru í lögum, og má þá setja þau með samþykkt, er bæjarstjórn semur eftir tillögum byggingarnefndar og ráðherra staðfestir.

Í byggingarsamþykkt má ákveða sektir fyrir brot, svo og setja reglur um greiðslu þess kostnaðar, er ákvæði byggingarsamþykktarinnar hafa í för með sér. Svo má og ákveða þar hæfileg gjöld fyrir leyfi þau, sem bæjarstjórn og byggingarnefnd veita.

12. gr.

Bæjarstjórn ræður hafnarmálum bæjarins samkv. lögum, sbr. þó lög nr. 25 23. apríl 1946, um landshöfn í Keflavíkur- og Njarðvíkurhreppum.

13. gr.

Bæjarstjórn og bæjarstjóri sérstaklega skal hafa nákvæmar gætur á fjárstjórn bæjarins og sjá um, að skattar, útsvör og aðrar tekjur séu rétt heimtar og í tækan tíma og teknar lögtaki, ef þess þarf með; enn fremur gæta þess, að geymt sé og eftir atvikum ávaxtað fé bæjarins, þangað til á því þarf að halda til þess að greiða gjöld hans. Bæjarstjórn hefur ábyrgð á innistæðum, skuldabréfum og öðrum eignum bæjarins.

14. gr.

Gjaldkeri skal, þegar þess er krafizt, gefa bæjarstjórninni nákvæma skýrslu, er sýni bæði hvað goldizt hafi í bæjarsjóð og hvað úr honum hafi verið greitt. Eigi má greiða neitt úr bæjarsjóði nema eftir ávísun bæjarstjóra. Bæjarstjóri ávísar útgjöldum kaupstaðarins samkvæmt reglum þeim, sem um það eru settar í samþykktinni um stjórn málefna kaupstaðarins.

15. gr.

Fyrir opinber uppboðsþing, sem bærinn lætur halda í sínar þarfir, skal ekkert gjald greiða í ríkissjóð.

16. gr.

Bæjarstjórninni er skylt að láta ríkisstjórninni og hagstofunni í té skýrslur þær, sem beðið er um, svo sem um fólkstölu, skepnuhöld, atvinnuvegi og annað ástand.

17. gr.

Bæjarstjórnin má ekki án samþykkis ráðherra takast á hendur neina skuldbindingu til langframa, sem hvílir ekki á henni samkv. lögum, ekki taka af innistæðufé bæjarins, ekki selja né veðsetja fasteignir hans né kaupa nýja fasteign, ekki taka stærri lán eða til lengri tíma en svo, að þau verði borguð aftur af tekjum þess árs, sem í hönd fer, né heldur endurnýja slík lán eða fresta greiðslu þeirra.

18. gr.

Þegar við lok hvers reikningsárs skal gjaldkeri semja reikning um tekjur og gjöld bæjarins umliðið ár og senda bæjarstjórn fyrir lok marzmánaðar. Lætur bæjarstjórinn reikninginn liggja bæjarbúum til sýnis fimmtán daga á hentugum, auglýstum stað.

Endurskoðendur kaupstaðarins eru tveir, og kýs bæjarstjórn þá hlutfallskosningu. Starf það hafa þeir á hendi í þrjú ár og mega ekki eiga sæti í bæjarstjórn þann tíma. Þeir hafa þóknun úr bæjarsjóði fyrir starfa sinn. Auk reikninga bæjarsjóðs

skulu þeir rannsaka reikninga þeirra sjóða og stofnana, sem bæjarstjórn hefur umsjón með. Þeir skulu hafa lokið rannsókn á reikningunum innan mánaðar frá því, er þeir fengu þá í hendur.

Þegar gjaldkeri hefur svarað athugasemdum endurskoðenda — en það skal hann hafa gert innan fimmtán daga —, skal leggja reikninginn fyrir bæjarstjórn, er úrskurðar hann og veitir gjaldkera kvittun. Þó má enginn taka þátt í úrskurði, er snertir þau störf, er honum hafa verið sérstaklega á hendur falin.

Nú vill reikningshaldari eða annar, sem hlut á að máli, eigi viðurkenna, að úrskurður bæjarstjórnar sé réttur, enda sá honum lögð peningaábyrgð á hendur, og má hann þá skjóta málinu til dómstólanna.

Þegar lagður hefur verið úrskurður á reikning gjaldkera, á að auglýsa ágrip af honum, er bæjarstjórn semur. Á ágrip þetta að vera svo fullkomið, að í því séu tilgreind aðalatriði í tekjum og gjöldum bæjarins.

19. gr.

Fyrir lok septembermánaðar ár hvert skal senda ráðherra reikninga yfir umliðið reikningsár.

Komi það fram, að bæjarstjórn hafi greitt ólögmæt gjöld, neitað að greiða gjöld, er hvíla á bænum að lögum, eða á annan hátt ranglega beitt valdi sínu, skal ráðherra gera þær ráðstafanir, er við þarf, og — ef nauðsyn krefur — með lögsókn koma fram ábyrgð á hendur þeim bæjarfulltrúum, sem átt hafa þátt í þessum ályktunum.

20. gr.

Bæjarstjórn semur reglugerð fyrir slökkviliðið, en ráðherra staðfestir hana. Má ákveða sektir fyrir brot gegn ákvæðum reglugerðarinnar, og renna þær í bæjarsjóð. Með mál út af þeirri reglugerð skal farið sem almenn lögreglumál.

21. gr.

Bæjarstjórn hefur umsjón með öllum þeim fyrirtækjum, er bærinn á eða starfrækir, en falið getur hún sérstökum mönnum alla nánari stjórn og umsjón stofnana þessara.

22. gr.

Með samþykkt þeirri, er um getur í 8. gr., má setja nánari reglur um sérhvert atriði í stjórn bæjarins samkv. grundvallareglum þessara laga, þar á meðal ákveða sektir fyrir brot gegn þeim.

23. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gerir ráðherra ráðstafanir til, að þau komi þá þegar til framkvæmda. Falla þá jafnframt úr gildi lög nr. 16 25. jan. 1934, um lögreglustjóra í Keflavík.

Ákvæði um stundarsakir.

1. Hreppsnefnd Keflavíkurhrepps fer með stjórn kaupstaðarins í stað bæjarstjórnar, þar til næstu almennar sveitarstjórnarkosningar fara fram árið 1950. Skal bæjarstjóri kosinn í fyrsta sinn eftir þær kosningar.
2. Skipti á eignum og skuldum Gullbringusýslu svo og ábyrgðarskuldbindingum milli sýslunnar og Keflavíkurkaupstaðar skulu fara fram hið fyrsta.

Rísi nokkur ágreiningur, sker ráðherra úr.

Nd. 400. Breytingartillaga [14. mál]

við frv. til l. um kyrrsetningu og lögbann.

Frá Jóhanni Hafstein.

Við 33. gr. Fyrir „1. jan." í lok greinarinnar kemur: 1. júní.

Ed. 401. Frumvarp til laga [14. mál]

um kyrrsetningu og lögbann.

(Eftir 3. umr. í Nd.)

Samhljóða þskj. 14 með þessum breytingum:

6. gr. hljóðar svo:

Fjármuni skuldunauts má kyrrsetja til tryggingar fullnustu lögvarinnar kröfu til peninga eða peningaverðmætis, enda sé krafan fallin í gjalddaga, eigi nægilega tryggð og eigi megi tryggja hana með aðför.

Kyrrsetning má þó gera, enda þótt krafa sé ekki fallin í gjalddaga:

1. Ef ástæða er til ótta um undanskot, eyðslu eða spjöll á fjármunum, þar á meðal á veði, af hálfu skuldunauts eða annarra, áður en aðför verði gerð.
2. Ef annars má óttast það eftir högum eða framferði skuldunauts, að hann muni sérstaklega torvelda fullnustu kröfu, eða ef aðför þyrfti að gera erlendis, ef fjármunir hans yrðu ekki kyrrsettir hér á landi.

Um sjólánsveð fer eftir ákvæðum siglingalaga.

Eigi má kyrrsetningu gera til tryggingar sektagreiðslu, nema svo sé sérstaklega mælt í lögum.

8. gr. hljóðar svo:

Kyrrsetja má mann, ef svo er farið, að hann er á förum eða hyggst bráðlega að fara af landi burt án afturkomu eða líklegt má telja, að hann hyggi ekki á afturkomu til landsins, og hann á að svara til kröfu, sem sækja má fyrir hérlendum dómi, enda megi telja kyrrsetningu nauðsynlega til tryggingar fullnustu þeirrar kröfu og eigi sé fullnægjandi trygging sett eða næg verðmæti finnist hér á landi til kyrrsetningar.

Kyrrsetning á manni má verða með tvennum hætti:

1. Varðhaldsvist. Þá má aðbúnaður og meðferð gerðarþola eigi lakari vera en fanga í gæzluvarðhaldi, enda skal taka til greina sérhagi hans með sama hætti sem sérhagi gæzlufanga. Gerðarhafi skal greiða fyrir fram á hverjum tveggja vikna fresti fúlgu með gerðarþola eftir ákvörðun fangavarðar, sem bera má þó undir fógeta til fullnaðarúrlausnar.
2. Farbann. Skal þá bjóða gerðarþola að halda sig í ákveðnu marki, enda má þá fela tilteknum manni að hafa eftirlit með honum. Fógeti ákveður þá hverju sinni, hvort fúlgu skuli greiða og hversu mikla. Nú rýfur gerðarþoli farbann, og má þá varðhaldsvist beita.

Kyrrsetning fellur niður, jafnskjótt sem aðför má gera til tryggingar kröfu, og ef fúlga greiðist ekki svo sem mælt er.

Eigi má varðhaldsvist hafa, ef krafa að innstæðu til nemur minna en 500 krónum eða 500 kr. virði, og aldrei má kyrrsetning á manni standa sex mánuðum lengur.

Sama mann má einungis einu sinni kyrrsetja vegna sömu kröfu.

Eigi má kyrrsetja skipverja ferðbúins skips, sem skrásett er á landi hér, nema skipstjóri leyfi eða útgerðarmaður, ef um skipstjóra er að tefla.

Eigi má kyrrsetja alþingismann, meðan Alþingi stendur.

Haldast skulu ákvæði framfærslulaga um aðgerðir gagnvart þeim, er eigi gegna framfærsluskyldum sínum.

11. gr. hljóðar svo:

Í upphafi gerðar skal fógeti spyrja gerðarþola, ef hann er við staddur, um álit hans á kröfu þeirri, er kyrrsetning varðar, gjalddaga, tryggingu og önnur þau atriði, er máli skipta. Ef gerðarþoli er fjarstaddur, er fógeta heimilt og eftir atvikum skylt að veita honum kost á að koma fyrir dóm, enda verði hagsmunum gerðarbeiðanda ekki stofnað þar með í hættu. Rétt er fógeta að láta sækja gerðarþola með valdi, ef návist hans telst nauðsynleg vegna framkvæmdar gerðar.

Fresti má að jafnaði ekki veita gerðarþola gegn mótmælum gerðarbeiðanda, nema tryggt sé, að rétti hans verði eigi fyrir það spillt.

13. gr. hljóðar svo:

Nú er nægileg trygging sett fyrir greiðslu kröfu með vöxtum til áætlaðs greiðsludags eða gjalddaga, ef krafa er ekki fallin í gjalddaga, og kostnaði, og má kyrrsetning þá ekki fram fara, enda skal fella hana niður, jafnskjótt sem nægileg trygging kann síðar að verða sett. Um mat tryggingar fer samkvæmt 12. gr.

Tryggingu skal skila, þegar krafa sú fellur niður, sem tryggð er. Sama er, ef gerðarbeiðandi gerir ekki reka að viðurkenningu kröfu sinnar fyrir sátt eða dómi innan 4 vikna frá því, er trygging var sett, ef krafa var þá fallin í gjalddaga, en ella innan 4 vikna frá gjalddaga.

Rétt er gerðarþola að höfða mál til lausnar tryggingar.

18. gr. hljóðar svo:

Óheimilt er gerðarþola að ráðstafa kyrrsettum munum með samningum, þannig að í bága fari við rétt gerðarbeiðanda, enda er gerðarbeiðandi ekki bundinn gagnvart þriðja manni við slíkar ráðstafanir. Þó vinnur grandlaus þriðji maður rétt yfir fasteign, skipi 5 smálesta og stærra og skrásettu loftfari, nema kyrrsetning hafi verið þinglesin (innrituð í Reykjavík), og yfir viðskiptabréfum, nema athugasemd um kyrrsetningu hafi verið á þau skráð. Tilkynna þarf skuldunaut, ef krafa er kyrrsett og geymslumanni kyrrsetts hlutar kyrrsetningu. Annars kostar er þeim rétt að greiða gerðarþola skuld eða skila honum hlut, ef þeir eru grandlausir um kyrrsetningu. Sama er um vaxtagreiðslur af skuld samkvæmt viðskiptabréfi.

24. gr. hljóðar svo:

Nú fellur kyrrsetning niður, hvort sem það er vegna sýknunar af kröfu þeirri, er tryggja skyldi, vegna galla á gerðinni sjálfri eða vegna þess, að henni hefur ekki verið réttilega haldið til laga, og ber gerðarbeiðanda þá að bæta gerðarþola þann miska og fjártjón, þar á meðal lánstraustsspjöll, er telja má hann hafa liðið sakir gerðarinnar. Bæta skal og, þótt kyrrsetning reynist aðeins að nokkru ólögmæt og þótt hún falli niður sakir atvika, er gerðust eftir framkvæmd hennar, ef ætla má, að hún hefði haft bótaskyldu í för með sér annars. Þegar meta skal bætur, má bæði hafa hliðsjón til þess, hvort gerðarbeiðandi hefur sýnt af sér vanrækslu eða gáleysi, og til þess, hvort gerðarþoli kann að hafa veitt sérstakt efni til aðgerðanna eða tilhögunar þeirra með framkomu sinni í sambandi við þær.

Bótakröfu má hafa uppi í staðfestingarmáli bæði til skuldajafnaðar og til sjálfstæðs dóms. Annars kostar má höfða sjálfstætt mál á varnarþingi kyrrsetningar, þar sem dómari leitar sátta, innan þriggja mánaða frá því, er gerðarþola varð kunnugt

um synjun kyrrsetningarbeiðni, frá úrslitum staðfestingarmáls eða niðurfalli kyrrsetningar annars, ef því er að skipta.

Um aðilaskipti að kröfu um miskabætur eftir lögum þessum fer samkvæmt 3. málsgr. 264. gr. almennra hegningarlaga.

28. gr. hljóðar svo:

Lögbann hefst, þar sem sú eign er, er bann varðar, og annars, þar sem aðilar verða á sáttir eða fógeti ákveður hverju sinni.

Fógeti kveður gerðarþola til, ef þess er kostur. Annars kostar skal birta honum bann.

Lögbanni verður venjulega ekki afstýrt með tryggingu, nema gerðarbeiðandi samþykki.

Um bætur fyrir miska- og lánstraustsspjöll sakir lögbanns fer eftir því, sem mælt er fyrir í 1. málsgr. 24. gr.

Greina skal glöggt í fógetabók þann verknað, sem bannaður er, og þá eign, sem bann varðar, ef því er að skipta.

32. gr. hljóðar svo:

Lög þessi koma til framkvæmdar 1. júní 1949.

Frá sama tíma eru úr lögum numin ákvæði N. L. 1—19, sbr. konungsbr. 2. maí 1732, tilsk. 10. des. 1790, opið bréf 30. nóv. 1821 og önnur ákvæði laga, sem í bága fara við lög þessi.

33. gr. hljóðar svo:

Nú hafa aðgerðir, sem lög þessi taka til, farið fram fyrir 1. júní 1949, og skal þá telja fresti þá, sem ákveðnir eru í lögum þessum, frá þeim tíma.

Um gerð, er kynni að hafa verið framkvæmd af tveimur mönnum, skal fara eftir 2. málsgr. 2. gr. laga þessara, nema hún hafi verið lögð til dóms fyrir 1. júní 1949.

Ed. 402. Breytingartillaga [40. mál]

við frv. til l. um breyt. á l. nr. 6 9. janúar 1935, um tekjuskatt og eignarskatt.

Frá Guðmundi Í. Guðmundssyni.

Á eftir 2. gr. komi ný gr., svo hljóðandi:

Við e-lið 7. gr. l. nr. 6 1935, um tekjuskatt og eignarskatt, bætist:

Nú selur skattþegn fasteign, sem hefur verið í eigu hans skemur en 5 ár, en kaupir aðra eða byggir hús áður en ár er liðið frá söludegi, og skal þá sölugróði ekki skattskyldur, ef hin keypta fasteign eða hið nýreista hús er að fasteignamati jafnhátt eða hærra hinu selda, en ef það er lægra að mati, skal sölugróðinn skattskyldur hlutfallslega.

Ed. 403. Breytingartillögur [40. mál]

við frv. til l. um breyt. á l. nr. 6 9. janúar 1935, um tekjuskatt og eignarskatt.

Frá Steingrími Aðalsteinssyni og Brynjólfi Bjarnasyni.

1. Við 1. gr. Við greinina bætist nýr stafliður:
   f. Mismunur á matsverði nýbyggðra íbúða og kostnaðarverði þeirra, ef fullgildir reikningar yfir byggingarkostnaðinn liggja fyrir.
2. Við 2. gr. Upphaf greinarinnar orðist svo:
   Tekjuskattur og útsvar lagt á árið 1948 .... o. s. frv.

Ed. 404. Breytingartillaga [40. mál]

við frv. til l. um breyt. á l. nr. 6 9. janúar 1935, um tekjuskatt og eignarskatt.

Frá Hannibal Valdimarssyni.

Við 1. gr. Eftir orðunum „til eigin afnota“ í e-lið kemur nýr málsl.: Á sama hátt verði allar tekjur verkafólks og annarra lágtekjumanna af aukavinnu, sem fram er lögð utan venjulegs vinnutíma, undanþegnar tekjuskatti.

Sþ. 405. Þingsályktun [33. mál]

um undirbúning löggjafar um stjórn stærri kauptúna.

(Afgreidd frá Sþ. 25. febr.)

Samhljóða þskj. 35.

Sþ. 406. Þingsályktun [41. mál]

um undirbúning laga um náttúrufriðun og verndun sögustaða.

(Afgreidd frá Sþ. 25. febr.)

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að láta undirbúa löggjöf um verndun staða, sem eru sérstaklega merkir af náttúru sinni eða sögu.

Ed. 407. Nefndarálit [126. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. 112/1941 um lax- og silungsveiði.

Frá landbúnaðarnefnd.

Nefndin hefur athugað frv. á fundi sínum í dag. Upplýstist þar, að frv. er samið af veiðimálastjóra. Mælir nefndin með því, að frv. verði samþykkt óbreytt.

Alþingi, 28. febr. 1949.

Þorst. Þorsteinsson, form., frsm. Páll Zóphóníasson, fundaskrifari. Eirikur Einarsson.

Guðm. Í. Guðmundsson. Ásmundur Sigurðsson.

Nd. 408. Nefndarálit [119. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. frá 29. des. 1948, um heimild fyrir ríkisstjórnina til að innheimta ýmis gjöld 1949 með viðauka.

Frá fjárhagsnefnd.

Nefndin hefur athugað málið. Meiri hluti nefndarinnar (ÁÁ, HB, JóhH, SkG) leggur til, að frv. verði samþykkt. Minni hlutinn (EOl) leggur til, að það verði fellt.

Alþingi, 28. febr. 1949.

Ásg. Ásgeirsson, form., frsm. Hallgr. Benediktsson, fundaskr. Einar Olgeirsson.
Skúli Guðmundsson. Jóhann Hafstein.

Nd. 409. Nefndarálit [117. mál]

um frv. til l. um vöruhappdrætti fyrir Samband íslenzkra berklasjúklinga.

Frá heilbrigðis- og félagsmálanefnd.

Nefndin hefur rætt frv. á nokkrum fundum og mælir öll með því, að það nái fram að ganga.

Alþingi, 1. marz 1949.

Sigurður E. Hlíðar, form., frsm. Helgi Jónasson, fundaskrifari. Hallgr. Benediktsson.
Gylfi Gíslason. Katrín Thoroddsen.

Ed. 410. Lög [10. mál]

um heimild fyrir ríkisstjórnina til að selja f. h. ríkissjóðs lóð á horni Þverholts og Stakkholts í lögsagnarumdæmi Reykjavíkur.

(Afgreidd frá Ed. 1. marz).

Samhljóða þskj. 10.

Ed. 411. Nefndarálit [139. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 59 7. maí 1946, um sérstakar fyrningarafskriftir.

Frá fjárhagsnefnd.

Nefndin hefur athugað frv. á fundi sínum í dag og var sammála um að mæla með, að frv. verði samþykkt.

Tveir nefndarmanna (ÞÞ og BrB) voru fjarstaddir, er málið var afgr.

Alþingi, 28. febr. 1949.

Björn Ólafsson, form., frsm. Guðm. Í. Guðmundsson, fundaskr. Hermann Jónasson.

Ed. 412. Breytingartillaga [16. mál]

við frv. til l. um áburðarverksmiðju.

Frá Birni Ólafssyni.

Við frv. bætist ný grein, er verði 13. gr., svo hljóðandi:

Ríkisstjórninni er heimilt, að leita eftir þátttöku félaga og einstaklinga um fjárframlög til stofnunar verksmiðjunnar. Ef slík framlög nema minnst 2½ millj. kr., skal verksmiðjan rekin sem hlutafélag en hlutafé ákveðið 10 millj. kr., og leggur ríkissjóður fram það fé, sem á vantar. Skal þá stjórn verksmiðjunnar kosin á hluthafafundi, og skulu hluthafar, aðrir en ríkissjóður, hafa íhlutun um kosningu stjórnar að tveimur fimmtu hlutum á móti ríkissjóði. Heimilt sé að greiða öðrum hluthöfum en ríkissjóði allt að 7% í arð af hlutafé sínu.

Sþ. 413. Fyrirspurnir. [151. mál]

I. Til ríkisstjórnarinnar um nefndir launaðar af ríkinu.

Frá Hermanni Guðmundssyni.

1. Hvaða nefndir eru nú starfandi, sem fá greidd laun fyrir störf sín úr ríkissjóði eða frá ríkisstofnunum?
2. Hver eru laun hverrar einstakrar hinna launuðu nefnda?
3. Hvað hefur ríkissjóður og ríkisstofnanir greitt mikið fé árið 1948 til nefnda þeirra og ráða, sem starfað hafa á vegum þess opinbera?

II. Til ríkisstjórnarinnar um ljóskastara í skipum.

Frá Hermanni Guðmundssyni.

Hefur ríkisstjórnin orðið við þeirri áskorun Alþingis, sem samþykkt var 4. febr. 1948, um að setja reglugerð, er skyldar skipaeigendur að setja í skip sín góða og öfluga ljóskastara og önnur nauðsynleg öryggistæki?

III. Til heilbrigðismálaráðherra um jörðina Úlfarsá í Mosfellssveit.

Frá Finni Jónssyni.

1. Hvaða húsnæði er nothæft á Úlfarsá fyrir rekstur vistmannahælis og dvöl starfsfólks þar?
   a. Fyrir hve marga vistmenn?
   b. Fyrir hve marga starfsmenn?
2. Hver er aðstaða til búrekstrar á Úlfarsá?
   a. Hvað er þar af peningshúsum?
   b. Hver er aðstaða til ræktunar?
3. Hver er áætlaður stofnkostnaður drykkjumannahælis á Úlfarsá?

IV. Til atvinnumálaráðherra varðandi leigu á kartöflugeymslu við Elliðaár.

Frá Finni Jónssyni.

Hefur leigusamningur um kartöflugeymslur við Elliðaár verið borinn undir alla ríkisstjórnina til samþykktar, og ef svo er, hver var afstaða ráðherranna?

V. Til atvinnumálaráðherra um kaup á trésmíðaverksmiðju í Silfurtúni.

Frá Finni Jónssyni.

Hafa kaupin á trésmíðaverkstæði í Silfurtúni verið borin undir alla ríkisstjórnina, og ef svo er, hver var afstaða ráðherranna til málsins?

VI. Til ríkisstjórnarinnar varðandi ríkiseignina Skriðuklaustur.

Frá Jónasi Jónssyni.

1. Hve mikið má telja söluverð jarðarinnar og húsanna, eftir venjulegu matsverði á opinberum eignum?
2. Hve miklar skuldir hvíla á eigninni, og hverir eru lánardrottnar?
3. Fylgir jörðinni og í gjöfinni bústofn og þá hve mikill?
4. Ætlar ríkisstjórnin að byggja jörðina einum eða fleiri bændum eða nota hana til einhverrar opinberrar starfsemi, svo sem fyrir rithöfundaheimili?

VII. Til ríkisstjórnarinnar varðandi þjóðartekjur af útgerð árið 1947.

Frá Jónasi Jónssyni.

1. Hve miklar voru „brúttó“ tekjur af sölu erlendis?
   a. Fyrir fisk, veiddan á togurum?
   b. Fyrir bátafisk?
   c. Fyrir síld?
2. Hve miklar voru „brúttó“ tekjur af lýsissölu?
3. Hve mikið má áætla, að hafi þurft að greiða úr landi þetta ár fyrir útgerðarvörur fyrir togara, vélbáta á fiskveiðum og vélbáta á síld, svo sem olíu, kol, salt, veiðarfæri og varahluti í skip og báta, þar með taldar viðgerðir erlendis?

VIII. Til ríkisstjórnarinnar um embættisbústaði dómara.

Frá Skúla Guðmundssyni.

1. Á hvaða stöðum hefur ríkið látið byggja eða hefja byggingu bústaða handa héraðsdómurum á árunum 1945—1948 að báðum meðtöldum?
2. Hve stórir eru þessir bústaðir og hvert er kostnaðarverð þeirra hvers um sig? Einnig óskast upplýst hve miklu fé er búið að verja til einstakra bústaða, þótt byggingu þeirra sé ekki að fullu lokið.

3. Hefur ríkið keypt íbúðarhús handa héraðsdómurum á fyrrgreindu tímabili? Ef svo er, óskast upplýsingar um stærð þeirra húsa, kaupverð þeirra og hve miklu fé hefur verið varið til viðgerðar á þeim.
4. Hefur ríkið látið hefja byggingu íbúða handa hæstaréttardómurum? Ef svo er, óskast upplýsingar um stærð þeirra bústaða, áætlað kostnaðarverð og hve miklu fé hefur verið varið til þeirra bygginga.

Nd. 414. Frumvarp til laga [152. mál]

um ullarmat.

Frá landbúnaðarnefnd.

1. gr.

Þegar um ull til sölu er að ræða, skal við rúning farið eftir reglum, er ullarmatsformaður setur um rúning sauðfjár og meðferð söluullar, að fengnu samþykki landbúnaðarráðherra.

2. gr.

Öll söluull, sem ekki er tekið ofan af, skal metin og flokkuð áður en hún er þvegin. Skal við mat og flokkun farið í öllu eftir gildandi mats- og flokkunarreglum og miðað við gæði ullarinnar og spunagildi.

Öll söluull skal þvegin í löggiltum ullarþvottahúsum, sem búin eru fullkomnum ullarþvottar- og þurrkunarvélum.

Mat og flokkun ullarinnar skal framkvæmd af ullarmatsmönnum undir umsjón ullarmatsformanns. Ullarmatsmennirnir skulu einnig hafa eftirlit með geymslu, útskipun og flutningi ullarinnar og meðferð hennar í skipum, og er seljendum ullarinnar skylt að hlýða fyrirmælum þeirra í öllu þar að lútandi.

3. gr.

Hverri ullarsendingu, sem flutt er úr landi, skal fylgja matsvottorð hlutaðeigandi ullarmatsmanns, og skal sýslumaður eða hreppstjóri votta með undirskrift sinni, að lögskipaður ullarmatsmaður hafi gefið vottorðið og undirritað það í hans umboði.

Við sölu ullar, sem ekki er tekið ofan af, á innlendum markaði, til ullarverksmiðja og annarra fyrirtækja, er vinna úr ullinni, skulu lögð fram matsvottorð frá löggiltum ullarmatsmanni í því formi, er landbúnaðarráðherra ákveður að fengnum tillögum ullarmatsformanns.

4. gr.

Landbúnaðarráðherra löggildir ullarþvottahús að fenginni umsögn ullarmatsformanns. Á meðan eigi eru fyrir hendi vélar né aðstaða til að þvo alla söluull í fullkomnum og löggiltum ullarþvottahúsum, getur ráðherra veitt ullarþvottahúsum þeim, sem nú starfa, undanþágu og leyfi til ullarþvottar, þótt þau uppfylli ekki skilyrði um fullkominn vélakost og aðstöðu til þvottar á metinni og flokkaðri ull.

5. gr.

Sameiginlegt merki á allri ull, sem flutt er út frá Íslandi, skal vera stimpill með nafni landsins. Auk þess skal öll ull, bæði sem flutt er út og seld er á innlendum markaði, merkt með skammstöfuðu nafni verzlunar þeirrar eða kaupfélags, sem ullina flytur út eða selur. — Í því merki mega aldrei vera færri en tveir bókstafir. Enn fremur skulu höfð merki, sem greini ullartegundir eða flokka. Loks skal hver ullarballi tölusettur.

Landbúnaðarráðherra setur nánari reglur um mat og flokkun, merkingu og meðferð ullar í geymslu og við flutninga, eftir því sem þurfa þykir á hverjum tíma.

6. gr.

Ráðherra skipar ullarmatsformann, gefur honum erindisbréf og setur honum starfsreglur. Skal hann hafa aflað sér þekkingar á ullarmati og meðferð ullar, með því að hafa áður starfað að ullarmati eða á annan hátt. Ullarmatsformaður skal jafnframt vera ráðunautur stjórnarinnar í öllu því, sem að ullarmati lýtur. Skal hann einnig veita ullarmatsmönnum fræðslu um framkvæmd ullarmatsins og flokkun ullarinnar, og er ullarmatsmönnum skylt að haga ullarmatinu eftir fyrirmælum hans, og má leita úrskurðar hans, ef ágreiningur verður um ullarmatið.

7. gr.

Lögreglustjórar skipa ullarmatsmenn, hver í sínu umdæmi, eftir því sem ullarmatsformaður telur þurfa. Landbúnaðarráðherra gefur þeim erindisbréf og setur þeim starfsreglur að fengnum tillögum ullarmatsformanns.

Ullarmatsformaður og ullarmatsmenn skulu, áður en þeir taka til starfa, undirrita drengskaparheit um, að þeir vilji rækja starf sitt með alúð og samvizkusemi og fara eftir reglum þeim, sem settar eru um það.

8. gr.

Árslaun ullarmatsformanns skulu vera kr. 2400.00 auk dýrtíðaruppbótar og greiðist úr ríkissjóði.

Kaup ullarmatsmanna greiða verzlanir þær og kaupfélög þau, sem selja ull á innlendum eða erlendum markaði, eftir því sem ákveðið verður í erindisbréfi ullarmatsmanna.

Ekki mega ullarmatsmenn né ullarmatsformaður þiggja neina þóknun, hverju nafni sem nefnist, frá þeim, sem metið er fyrir, frá skipstjórum á útflutningsskipum né öðrum, sem við útflutning ullarinnar eru riðnir, aðra en þá, sem ákveðin er í erindisbréfi. Ekki mega þeir heldur vera í þjónustu þeirra, sem láta meta ull, né kaupa ull til sölu á innlendum eða erlendum markaði, hvorki fyrir sjálfa sig né aðra.

9. gr.

Ullarmatsformaður skal ferðast milli ullarmatsstöðvanna og ullarþvottahúsa, líta eftir ullarmati, verkun og meðferð söluullar og leiðbeina ullarmatsmönnum við störf þeirra. Hann skal og á ferðum sínum leiðbeina mönnum í ullarverkun, eftir því sem við verður komið.

Ferðakostnað sinn fær hann greiddan úr ríkissjóði, eftir reikningi, sem landbúnaðarráðherra úrskurðar.

10. gr.

Sá, sem selur ull á innlendum eða erlendum markaði án þess að gæta fyrirmæla laga þessara um mat, flokkun, merkingu og aðra meðferð ullarinnar, sæti 200—2000 kr. sektum til ríkissjóðs.

Með mál út af brotum varðandi lög þessi skal farið sem almenn lögreglumál.

11. gr.

Með lögum þessum eru úr gildi numin lög nr. 107 11. ágúst 1933, um ullarmat, reglur um flokkun og merking á ull til útflutnings frá 1. apríl 1935, svo og aðrar reglur og fyrirmæli, er sett hafa verið samkvæmt þeim.

12. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Landbúnaðarnefnd hefur borizt frumvarp þetta frá landbúnaðarráðuneytinu með beiðni um, að nefndin flytti það. Nefndarmenn áskilja sér rétt til þess að bera fram breytingartillögur við frumvarpið, svo og fylgja breytingartillögum, er fram kunna að koma.

Frumvarpinu fylgdi svo hljóðandi greinargerð:

„Eins og kunnugt er, hafa bændur á undanförnum árum smátt og smátt lagt niður heimaþvott ullarinnar, og hafa því kaupendur ullarinnar orðið að sjá um það starf, og mun svo verða framvegis.

Hingað til hefur verið notazt við lítinn og lélegan vélakost og þar af leiðandi ófullkomna verkun og lítil afköst við ullarþvottinn, og ullin metin eftir hreinleika, en ekki gæðum nema að litlu leyti.

Nú hafa fullkomnar og afkastamiklar ullarþvotta- og þurrkunarvélar verið pantaðar, og er þeirra von á þessum vetri, og má gera ráð fyrir, að þær taki til starfa fyrir næsta ullartökutíma. Breytast þá um leið verkunaraðferðir og mat ullarinnar, og er því bæði sjálfsagt og nauðsynlegt að breyta einnig núgildandi ullarmatslögum því til samræmis. —

Aðalbreytingar frá gildandi lögum koma fram í 1. og 2. gr. þessa frumvarps.

Er hér gert ráð fyrir, að öll ull í landinu verði gæðametin áður en hún er þvegin og síðan þvegin og þurrkuð í fullkomnum tækjum á einum eða fáum stöðum, en við þá tilhögun verður starf yfirullarmatsmannanna óþarft og ofaukið, þar sem samræming í mati og verkun ullarinnar auðveldast mjög og verður vel framkvæmalegt undir eftirliti ullarmatsformanns.

Að vísu aukast störf ullarmatsformannsins nokkuð, að minnsta kosti á meðan breytingin er að komast á, og því eru laun hans hækkuð lítils háttar, en kostnaðurinn lækkar samt að mun, þar sem allir yfirullarmatsmennirnir hætta störfum.

Kostir þeir, sem frumvarp þetta hefur fram yfir núgildandi ullarmatslög, eru aðallega tveir:

1. Öll íslenzka ullin verður gæðametin og flokkuð eftir því, hvar hún er á sauðkindinni, áður en þvottur og verkun er framkvæmd. Við það er hægt að framleiða betri og fjölbreyttari vöru úr ullinni. Hingað til hefur aðeins um hreinleikamat verið að ræða og ullin þvegin í einum hrærigraut. Einnig hefur skyldumat aðeins hvílt á þeirri ull, sem ætluð var til útflutnings, en nú er svo til ætlazt, að skyldumat sé einnig á þeirri ull, sem ætluð er í innlenda framleiðslu.
2. Áður hefur ullin verið metin á öllum ullartökustöðum hringinn í kringum landið (ca. 100—200 mismunandi stöðum) og matið framkvæmt af jafnmörgum ullarmatsmönnum. Æskilegt og nauðsynlegt samræmi hefur því verið miklum erfiðleikum bundið og vart framkvæmanlegt. — Í þessu frumvarpi er gert ráð fyrir, að öll ullin sé metin á fáum stöðum (1—3, eða þar sem fullkomin ullarþvottahús eru), af fáum ullarmatsmönnum (ca. 5—10 matsmönnum), en með þeirri tilhögun er auðvelt og vel framkvæmanlegt að fá fullt samræmi í ullarmatið.

Bæði þessi atriði hafa hina mestu þýðingu og eru til mikilla bóta og framfara frá því, sem nú er, og mætti þó fleira nefna.

Til þess að tryggja, að þvottur allrar íslenzku ullarinnar sé framkvæmanlegur nú þegar á næsta ári, er landbúnaðarráðherra veitt heimild (sbr. 4. gr. frumvarpsins) að leyfa núverandi ullarþvottahúsum áframhaldandi starfrækslu, á meðan þörf gerist. En auðvitað er æskilegast, að öll íslenzka ullin verði þvegin í fullkomnum ullarþvottavélum sem allra fyrst.“

Fylgiskjal.

ATVINNUDEILD HÁSKÓLANS
BÚNAÐARDEILD

Reykjavík, 8. nóv. 1948.

Búnaðardeildinni hefur borizt bréf hins háa atvinnumálaráðuneytis, dags. 1. nóv. s. l., ásamt frumvarpi til laga um ullarmat. Í bréfi þessu er óskað umsagnar um nefnt lagafrumvarp.

Ég hef athugað frumvarpið og hef nokkuð við það að athuga, þótt það sé skipulega samið.

Með frumvarpi þessu, ef að lögum verður, er í sjálfu sér bannað að handþvo söluull og sömuleiðis bannað að selja óþvegna ull úr landinu. Hvort tveggja er varhugavert, a. m. k. nú sem stendur. Þó getur verið óheppilegt samræmis vegna að flytja út samtímis handþvegna ull metna eftir að hún er þvegin og vélþvegna ull, sem metin er óþvegin eftir allt öðrum reglum en handþvegna ullin. Sumir bændur kunna því ef til vill illa til að byrja með að verða að selja ullina óþvegna, þótt það sé heppilegast vegna matsins og til þess að gera vöruna vinsæla. Það er t. d. kostnaðarsamt, að á sama verzlunarsvæði sé tekin óþvegin ull og send óflokkuð til þvottastöðvar, þar sem hún verður metin og þvegin, og samtímis sé handþvegin ull keypt og kostað til ullarmatsmanns til þess að meta hana. Tel ég því að athuguðu máli ekki frágangssök að banna handþvott á ull, eins og frumvarpið gerir ráð fyrir, þótt það kunni að valda óánægju og örðugleikum í byrjun.

Hins vegar tel ég óhæft að banna útflutning á óþveginni ull.

Um allan heim er mikill meiri hluti ullarinnar, sem flutt er milli landa, óþvegin, þar til hún kemur til þeirrar verksmiðju, sem kaupir hana til þess að vinna úr henni.

Það getur kostað meira að flytja ullina, sem selja á úr landi, frá framleiðsluhöfn til þvottastöðvar, þvo hana þar og flytja hana síðan úr landi, en sem nemur því, sem fæst meira fyrir vélþvegna ull en óþvegna ull flutta út beint frá framleiðsluhöfn. Gæti því reynslan orðið sú, að hagkvæmt yrði að meta óþvegna ull á sumum framleiðsluhöfnunum og flytja hana þaðan beint á erlendan markað. Tel ég að verði að ganga út frá þessum möguleikum í lögunum. Þarf því að skjóta inn í 2. málsgrein 2. greinar svo hljóðandi tilvísunarsetningu: „sem ekki er flutt úr landi óþvegin“ á eftir orðunum „öll söluull“ í upphafi málsgreinarinnar.

Í fyrstu málsgrein 2. gr. þarf að breyta orðalagi, þar stendur: „skal við mat og flokkun farið í öllu eftir gildandi mats- og flokkunarreglum.“ Þessu þarf að breyta þannig, að í stað „gildandi mats- og flokkunarreglum“ komi: eftir reglum, sem atvinnumálaráðherra staðfestir samkvæmt þessum lögum.

Ég tel enn þýðingarmeira, að samdar verði heppilegar reglur um ullarmatið en að fá lögunum breytt, þótt það sé út af fyrir sig nauðsynlegt. Til þessa hefur ullin ekki verið metin eftir gæðum, og mér er ókunnugt um nothæfar gæðamatsreglur, sem séu í gildi nú.

Ég tel heppilegra að breyta upphafi 7. gr. þannig, að hún hljóði svo: Þau fyrirtæki, sem starfrækja ullarþvottastöðvar eða selja óþvegna ull úr landi, skulu hafa í þjónustu sinni ullarmatsmenn, er lögreglustjórar skipa hver í sínu umdæmi, eftir því sem ullarmatsformaður telur þurfa.

Ég vil enn fremur leyfa mér að benda hinu háa ráðuneyti á, að æskilegt væri, að ullarútflytjendur fengju að kynnast frumvarpi þessu áður en það verður lagt fyrir Alþingi.

Virðingarfyllst,

Halldór Pálsson.

Til atvinnumálaráðuneytisins, Reykjavík.

Nd. 415. Frumvarp til laga [153. mál]

um viðauka við lög nr. 128/1947, um dýrtíðarráðstafanir.

Frá fjárhagsnefnd.

1. gr.

Aftan við 12. gr. laganna komi ný málsgrein, svo hljóðandi:

Við umreikning á tekjum og ákvörðun skatta af þeim samkv. 14. gr. laga nr. 20/1942, um breyting á lögum um tekjuskatt og eignarskatt, skal miðað við vísitölu 315, á meðan lög þessi eru í gildi.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Frv. þetta er flutt samkvæmt tilmælum fjármálaráðherra, og fylgdi því þessi greinargerð:

„Í 14. gr. laga nr. 20/1942, um breyting á lögum um tekjuskatt og eignarskatt, eru settar sérstakar reglur um umreikning á tekjum manna og ákvörðun skatta af þeim, þannig að meðalvísitala skattársins er lögð til grundvallar téðum útreikningi.

Lög um dýrtíðarráðstafanir frá 1947, 12. gr., ákveða hins vegar, að ekki megi miða greiðslu verðlagsuppbótar við hærri vísitölu en 300.

Meðalvísitala ársins 1948 varð 322.

Að óbreyttri löggjöf verður afleiðingin sú, að nota verður hærri vísitölu við umreikning og ákvörðun skatta en verðlagsuppbótargreiðslur á árinu voru miðaðar við, en við það fá skattgreiðendur meiri ívilnun í skatti en ráðgert var, er framangreind breyting á skattalögum var gerð, og mun af þessu hljótast alltilfinnanlegur tekjumissir fyrir ríkissjóð.

Hins vegar hefur verið talið rétt að fara þann milliveg, sem gert er ráð fyrir í frv., og reikna með sömu vísitölu og í fyrra, 315, en við það fá skattgreiðendur nokkra ívilnun í skatti, miðað við að reiknað væri með vísitölu 300."

Einstakir nefndarmenn hafa óbundin atkvæði um málið.

Nd. 416. Nefndarálit [34. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 70 5. júní 1947, um fjárhagsráð, innflutningsverzlun og verðlagseftirlit.

Frá minni hl. fjárhagsnefndar.

Frv. þessu var vísað til fjárhagsnefndar 2. nóv. s. l. Meiri hl. nefndarinnar vill enn fresta afgreiðslu málsins, en undirritaðir telja hins vegar ekki fært að fresta málinu lengur, þar sem nú er mjög liðið á þingtímann, og mæla þeir með því, að frumvarpið verði samþykkt.

Alþingi, 2. marz 1949.

Skúli Guðmundsson, frsm. Einar Olgeirsson.

Sþ. 417. Tillaga til þingsályktunar [154. mál]

um undirbúning löggjafar um eftirlit með söfnun fjár meðal almennings.

Flm.: Gylfi Þ. Gíslason.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að undirbúa löggjöf um eftirlit af hálfu ríkisvaldsins með happdrættum, merkjasölu og hvers konar fjársöfnun, sem fram fer meðal almennings, og leggja frv. um þetta efni fyrir næsta Alþingi.

Greinargerð.

Á síðari árum hefur það færzt mjög í vöxt, að leitað sé til almennings um styrk til ýmiss konar félags- og menningarstarfsemi. Er þá algengast, að stofnað sé til happdrættis eða merkjasölu. Stundum eru bækur eða einhverjir aðrir hlutir seldir með viðauka við eðlilegt verð, og viðaukinn þá ætlaður til styrktar tilteknu málefni. Oft er og leitað til almennings um bein fjárframlög til styrktar margs konar starfsemi.

Er ekki nema gott eitt um það að segja, að félög eða stofnanir, sem hafa með höndum menningar- eða góðgerðastarfsemi, afli sér til hennar fjár með opinberum samskotum á einn eða annan hátt. Árlega mun safnað hér á landi hundruðum þúsunda króna meðal almennings til styrktar ýmsum málefnum. Það hefur yfirleitt ekki tíðkazt, að gerð sé opinber grein fyrir árangri slíkrar fjáröflunar eða ráðstöfun hins safnaða fjár, og ekkert opinbert eftirlit er með þessari starfsemi, en samkvæmt lögum nr. 6 1926 þarf þó leyfi dómsmálaráðuneytisins til þess að efna til happdrættis og leyfi lögreglustjóra til þess að efna til hlutaveltu. Almenningur, sem leggur fé af mörkum til stuðnings góðu málefni, þarf auðvitað að geta verið þess fullviss, að féð sé notað í því skyni, sem boðað hefur verið og hann ætlast til. Virðist því eðlilegt, að tekið sé upp nokkurt eftirlit af hálfu hins opinbera með slíkri fjáröflunarstarfsemi.

Ed. 418. Nefndarálit [127. mál]

um frv. til l. um sölu á steinolíu, hráolíu, benzíni og smurningsolíu.

Frá allsherjarnefnd.

Nefndin athugaði frv. á fundi sínum í gær og var sammála um að mæla með því, að það verði samþykkt óbreytt.

Alþingi, 2. marz 1949.

Guðm. Í. Guðmundsson, form. Lárus Jóhannesson, fundaskr. Þorst. Þorsteinsson, frsm.

Brynj. Bjarnason. Hermann Jónasson.

Nd. 419. Breytingartillögur [141. mál]

við frv. til l. um iðnfræðslu.

Frá iðnaðarnefnd.

1. Við 7. gr.
   a. Á eftir orðunum „út frá því sjónarmiði“ í 1. málsl. komi: einu.
   b. Við greinina bætist:
   Úrskurði iðnfræðsluráðs samkv. þessari grein má þó áfrýja til dómstóla, enda sé það gert innan 30 daga frá því að úrskurðurinn er birtur hlutaðeigandi aðila.
2. Við 12. gr. Við greinina bætist:
   Rísi ágreiningur um það, hvort námssamningi hafi verið slitið á löglegan hátt, ákveður iðnfræðsluráð, að hve miklu leyti sá tími, er nemandi hefur stundað nám, skuli dragast frá fullum námstíma hjá öðrum.
3. Við 13. gr. Við greinina bætist:
   Nú hefur nemandi ekki staðizt próf það, sem um ræðir í 1. málsgr., og skal hann þá eiga rétt á að ganga undir það á ný, þegar það er næst haldið í iðngreininni, enda sé hann sjálfráður um það, hvar og á hvern hátt hann heldur náminu áfram. Enginn nemandi getur þó átt rétt til að ganga undir próf í sömu iðngrein oftar en þrisvar sinnum.
4. Við 17. gr. Fyrri málsgr. orðist svo:
   Skylt er meistara eða iðnfyrirtæki að greiða iðgjöld fyrir nemendur sína samkvæmt gildandi lögum um almannatryggingar.
5. Við 25. gr. 3. liður a orðist svo:
   Ef komið er ósæmilega fram við hann á vinnustöð.
6. Við 27. gr.
   a. Upphaf 3. málsgr. orðist svo:
   Nú vill einhver beiðast gerðar, og skal hann þá snúa sér til oddvita, og ákveður hann síðan gerðarfund og kveður báða málsaðila til að sækja þann fund ásamt gerðarmönnum þeirra með 8 daga fyrirvara í mesta lagi. Skal á þeim fundi leggja úrskurð á málið, og ræður afl atkvæða úrslitum. Heimilt er oddvita o. s. frv.
   b. Við greinina bætist:
   Úrskurði gerðardóms má þó áfrýja til dómstóla, og skal áfrýjunarfrestur til héraðsdóms vera 30 dagar frá birtingu úrskurðarins.
7. Við 28. gr. 4. tölul. orðist svo:
   Koma ósæmilega fram við nemanda.

Ed. 420. Nefndarálit [101. mál]

um frv. til l. um heimild fyrir ríkisstjórnina til að selja landræmu úr Öskjuholtslandi í Landsveit.

Frá meiri hl. landbúnaðarnefndar.

Nefndin hefur athugað frv. þetta, og gera undirritaðir nefndarmenn það að tillögu sinni, að það verði samþykkt án breytinga. Einn nefndarmanna (PZ) kveðst vera mótfallinn samþykkt frv.

Alþingi, 3. marz 1949.

Þorst. Þorsteinsson, form.	Eiríkur Einarsson, frsm.	Ásmundur Sigurðsson.
	Guðm. Í. Guðmudsson.	

Ed. 421. Breytingartillaga [40. mál]

við frv. til l. um breyt. á l. nr. 6 9. jan. 1935, um tekjuskatt og eignarskatt.

Frá Páli Zóphóníassyni.

Við 2. gr. Greinin falli niður.

Ed. 422. Frumvarp til laga [155. mál]

um réttindi kvenna.

Flm.: Hannibal Valdimarsson.

1. gr.

Konur hafa algert pólitískt jafnrétti á við karla.

2. gr.

Konur skulu njóta algerlega sama réttar í atvinnumálum og fjármálum sem karlar, og er óheimilt að setja nokkrar takmarkanir á val kvenna til þátttöku í nokkrum störfum. Hvarvetna, þar sem þess telst þörf, er skylt að gera sérstakar ráðstafanir til þess, að aðstaða konunnar sem móður til þátttöku í atvinnulífi þjóðarinnar verði sem bezt tryggð.

3. gr.

Konur njóti algers jafnréttis við karla innan vébanda fjölskyldulífsins.

4. gr.

Konur skulu í hvívetna njóta sama réttar og karlar til náms og menntunar.

5. gr.

Til allra embætta, sýslana og starfa hafa konur sama rétt og karlar, enda hafa þær og í öllum greinum sömu skyldur og karlar.

6. gr.

Konum skulu greidd sömu laun og kjörlum við hvers konar embætti, störf og sýslanir, hvort sem er í þjónustu hins opinbera eða í þjónustu atvinnulífsins.

7. gr.

Með lögum þessum eru úr gildi numin lög nr. 37 11. júlí 1911, um rétt kvenna til embættisnáms, námstyrkja og embætta, svo og öll eldri lagaákvæði, er brjóta í bág við lög þessi.

8. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Einna elzta lagasetning, sem um er vitað hér á landi um aukin réttindi kvenna, felst í konunglegri tilskipun frá 25. september árið 1850 „um nokkrar breytingar á erfðalögunum á Íslandi“. Er fyrsta grein tilskipunarinnar á þessa leið:

„Eftir þennan dag skal mismunur sá, sem eftir ákvæðum dönsku og norsku laga skyldi vera á arfhlutum karla og kvenna, vera aftekinn á landi voru Íslandi.“

Með þessari tilskipun var sem sé í fyrsta sinn ákveðið, að systur og bræður fengju jafnan erfðarétt, en fram að þeim tíma höfðu stúlkur aðeins notið hálfs arfahluta móti piltum. — Verður þetta að teljast mikil réttarbót og stórt spor í jafnréttisáttina.

Með lögum frá 12. maí 1882 var svo ákveðið, að konur þær, sem veittu búi forstöðu og eldri voru en tuttugu og fjögurra ára, skyldu öðlast kosningarrétt og kjörgengi til hreppsnefnda, sýslunefnda, bæjarstjórna og safnaðarnefnda með sömu skilyrðum og karlmenn. Þetta var fyrsti vísir þess að trúa konum fyrir kosningarrétti. — Varlega stigið skref að vísu, en mikilsvert þó. — Aðeins „sjálfstæðar“ konur, sem veita búi forstöðu og eru orðnar tuttugu og fjögurra ára, og þó aðeins réttur til að hafa afskipti af sveitarstjórnarmálum. Þess var enn langt að bíða, að kvenfólkinu yrði trúið fyrir almennum kosningarrétti í þjóðmálum.

Fjórum árum síðar, þann 4. desember 1886, er gefin út konungleg tilskipun um rétt kvenna til að ganga undir árspróf 4. bekkjar lærða skólans og til að njóta kennslu í prestaskólanum og læknaskólanum í Reykjavík.

Það er sérstök ástæða til að staldra nokkuð við þessa konunglegu tilskipun, sem nú er aðeins sextíu og tveggja ára gömul.

Það, sem við tökum fyrst eftir, er það, að það eru aðeins rúmlega 60 ár síðan stúlkur öðluðust rétt til að ganga undir próf í æðri skólum. — Ennþá fengu þær ekki að gerast nemendur í lærða skólanum. Með þessari tilskipun öðlast stúlkur fyrst rétt til að ganga undir árspróf fjórða bekkjar lærða skólans og til að stunda nám og ganga undir próf í læknaskólanum. En lengra náðu réttarbæturnar heldur ekki, því að í annarri grein tilskipunarinnar stendur orðrétt á þessa leið:

„En að því er prestaskólann snertir, þá mega þær aðeins að nokkru leyti njóta kennslunnar á honum, og setur ráðgjafinn fyrir Ísland nákvæmari reglur þar um. Eigi mega þær heldur ganga undir burtfararpróf þessa skóla, en geta lokið námi sínu þar með því að ganga undir sérstakt próf í guðfræði. En ráðgjafinn fyrir Ísland tiltekur námsgreinarnar og kveður á um, hvernig því prófi skuli háttað. Próf þau í prestaskólanum, er fyrirskipuð eru í sálarfræði og hugsunarfræði, eiga námskonur rétt á að ganga undir.“

Hér er ekki gengið lengra en það, að leyfa kennurum lærða skólans að prófa stúlkur, sem lært hafa utan skóla og þannig hafa sjálfar kostað sitt eigið nám. — Þær mega ekki njóta þeirrar kennslu, sem kostuð er af almannafé, — ekki hafa not af skólahúsinu eða kennsluáhöldunum eða neinu, sem skólanum tilheyrir, þó að það séu menningartæki, sem þjóðin hefur kostað úr sameiginlegum sjóði sínum. — Þær mega bara koma þangað einu sinni eða tvisvar á ævinni til að ganga undir próf, sem þó skulu engin réttindi veita.

Enn versnar þó, þegar að prestaskólanum kemur. Þar mega stúlkur að vísu njóta kennslunnar að nokkru leyti, en með engu móti ganga undir sama próf og piltarnir, hvaða hæfni sem þær höfðu sýnt við námið.

Þetta er allt saman feimulaust og skilmerkilega fram tekið í 3. grein tilskipunarinnar, en hún er orðrétt á þessa leið:

„Með því að ganga undir próf þau, er um getur í þessari tilskipun, öðlast konur engan aðgang að embættum né heldur rétt á að njóta góðs af styrktarfé því, er hingað til hefur ákveðið verið námsmönnum við presta- og læknaskólann. Konur mega heldur eigi stíga í stólinn, þótt þær njóti kennslu á prestaskólanum eða hafi gengið undir próf það í guðfræði, er getur um í 2. gr.“

Þarna voru réttindum stúlknanna skýr og ótvíræð takmörk sett: Hversu glæsilegum prófum sem þið ljúkið, fáið þið engan aðgang að neinum embættum og heldur enga styrki til fræðslu og menntunar í hinum æðstu skólum landsins.

Afleiðingin af þessu varð sem vænta mátti sú, að meðan þessi ákvæði giltu, sá engin kona sér fært að stunda nám í umræddum skólum.

Þann 7. nóvember 1887 voru ákvæði tilskipunarinnar staðfest með lögum, og voru þau í gildi fram til ársins 1911.

Árið 1900, þann 12. janúar, afgreiddi Alþingi lög um fjármál hjóna, og voru þau ágæt réttarbót frá því, sem áður var, enda eru þau enn í gildi.

Með lögum 30. júlí 1909 fengu konur almennt kosningarrétt og kjörgengi í sveitarstjórnarmálum til jafns við karlmenn. Það var rýmkun og spor í rétta átt frá lögunum 1882, sem áður er getið.

Þann 11. júlí 1911 gerir Alþingi svo bragarbót á tilskipuninni frá 1886 með lögunum um rétt kvenna til embættisnáms, námsstyrkja og embætta. Þá fyrst — fyrir 38 árum — öðlast konur sama rétt og karlar til að njóta kennslu og ljúka fullnaðarprófi í öllum menntastofnunum landsins. Í annan stað öðlast konur þá sama rétt og karlar til hlutdeildar í styrktarfé því, sem veitt er af opinberum sjóðum námsmönnum við æðri og óæðri menntastofnanir landsins, eins og það er orðað í lögunum.

Í þriðja lagi segir í þessum lögum, að konur hafi sama rétt og karlar til allra embætta, enda hafi þær í öllum greinum, er að embættisrekstri lúta, sömu skyldur og karlar.

Þessi lög eru enn í gildi, og þykja nú auðvitað ekki segja neitt nema sjálfsagða hluti. Þykir nú raunar óeðlilegt, að fram sé tekið í lögum, að konur megi njóta almenns styrktarfjár, stunda nám í skólum landsins og njóta þeirra réttinda, sem próf eiga að veita. — Það eru þó þessi lög, sem þær konur hafa notið, er lokið hafa embættisprófi í lögum, læknisfræði, guðfræði eða öðrum greinum háskólanáms á seinustu áratugum, fyrstar kynsystra sinna í sögu Íslands. — Er það vissulega umhugsunarvert, að það er þannig núlifandi kynslóð, sem fyrst býr við þá sjálfsögðu jafnréttisaðstöðu, að stúlkur hafi sama rétt og piltar til að stunda nám í öllum skólum landsins, hafi sama rétt til námsstyrkja af almannafé og megi ganga undir próf og öðlast rétt til embætta að þeim loknum eins og piltar.

Með stjórnarskrárbreytingunni 1915 fengu svo konur kosningarrétt og kjörgengi til Alþingis og þar með í orði kveðnu stjórnmálalegt jafnrétti við karla. — Hinu þurfti enginn við að búast, að fyrsta kynslóðin, sem frelsisins nyti, mundi notfæra sér hin fengnu réttindi almennt, enda hefur svo ekki orðið.

Þær eru tiltölulega fáar, konurnar, sem fram til þess hafa átt sæti í hreppsnefndum og bæjarstjórnum. — Ég er ekki einu sinni viss um, að nokkur kona hafi ennþá átt sæti í sýslunefnd. — Hitt er alkunna, að til þessa hafa einar þrjár konur átt sæti á Alþingi og þó aldrei nema ein í einu.

Aðeins nokkrar konur hafa fram til þess gerzt læknar, aðeins ein lokið lögfræðiprófi og ein lokið kandidatsprófi í guðfræði, en engin tekið prestsvígslu fram til þessa eða stigið í stólinn. Og ef við svipumst um á öðrum sviðum hinna æðstu embætta og sýslana hjá þjóðfélaginu, þá blasir hið sama við. — Konur eru þar fáar að finna enn sem komið er. Af þeirri reynslu, sem þegar er þó fyrir hendi, verður ekki annað sagt en að konur hafi reynzt jafnokar karlmanna yfirleitt um gáfur, skylduræni, ábyrgðartilfinningu, reglusemi o. s. frv. Og vissulega hafa allir skólamenn fyrir löngu sannfærzt um, að stúlkur eru síður en svo eftirbátar pilta í samkeppninni við þá við nám og störf í skólunum.

Flestir munu því vera þeirrar skoðunar nú orðið, að rétt hafi verið stefnt með auknum réttindum kvenna á seinustu áratugum. — Með vaxandi menntun og auknum skilningi á jafnréttishugsjónum vorra tíma eru líka allir sæmilegir menn fallnir frá þeim skoðunum, að það leiði til nokkurs góðs, að réttur þjóðfélagsþegnanna skuli vera misjafn. Það er miklu fremur orðin ríkjandi skoðun, að jafnrétti ríkra og snauðra, jafnrétti stéttanna, jafnrétti karla og kvenna o. s. frv. sé öllu öðru líklegra til þess að orka og góðir hæfileikar þjóðareinstaklinganna komi fram, nái þroska og fái notið sín.

Þess vegna mundi nú vera orðið fyllilega tímabært, að lögfest væri algert jafnrétti íslenzkra kvenna og karla í stjórnmálum, atvinnumálum, menningarmálum, hjúskaparmálum og fjárhagsmálum. — Er það megintilgangur þessa frumvarps að nema burt úr íslenzkri löggjöf síðustu leifar hins forna misréttis, sem ríkt hefur

lengstum hér á landi sem annars staðar milli kvenna og karla. Og í framhaldi af þróun seinustu áratuga er nú ekki hægt að gera sig ánægðan með neitt annað eða minna en algert jafnrétti kynjanna í hvívetna.

En er því marki þá ekki þegar náð? mundi e. t. v. einhver spyrja.

Á sumum sviðum vissulega, sem betur fer, — en á öðrum sviðum langt í frá.

Það er rétt, að allir kennarar, hvort sem eru karlar eða konur, hafa sömu laun, og þykir nú orðið sjálfsagður hlutur. Sama máli gegnir um ýmis önnur ábyrgðarmikil embætti, sem konur hafa gegnt í þjónustu ríkisins. Enginn mundi nú heldur taka í mál, að kona, sem væri læknir eða lögfræðingur, ætti að vinna störf sín eftir lægri taxta en embættisbræður hennar í hópi karlmannanna færu eftir.

Allt er þetta eins og það á að vera, en svo nær hið fjárhagslega jafnrétti kvenna og karla ekki heldur miklu lengra.

Í launalögum er það þó allskýrt fram tekið, að konur skuli að öðru jöfnu hafa sama kaup og karlar, en í framkvæmdinni fer því yfirleitt fjarri, að svo sé. Í flestum ríkisstofnananna finnast fáar konur í hæstu launaflokkum. Þær virðast ekki hafa verið færðar upp eftir starfsaldri samkvæmt sömu reglu og karlmenn. Þess vegna eru konur æ því fjölmennari sem neðar kemur í launastigann, og í þeim launaflokki ríkisstofnana, sem nefndur er III. flokks skrifarar, má heita, að karlmenn fyrirfinnist ekki, — það eru launakjör, sem aðeins þykja konum boðleg.

Sams konar ósamræmi á sér stað í launakjörum karla og kvenna við hvers konar verzlunar- og skrifstofustörf hjá einkafyrirtækjum. Verður þó ekki séð, hvaða réttlæti sé í því að greiða fyrsta flokks vinnu um hraða og öryggi í vinnu, t. d. við vélritun, miklu lægra verði, ef verkið er framkvæmt af stúlku, en greiða yrði fyrir það, er karlmaður væri fenginn til verksins. Sama er niðurstaðan, ef litið er á störf piltsins og stúlkunnar í búðinni, eða á vinnu karla og kvenna í margs konar verksmiðjuvinnu, þar sem handflýtir, iðni og samvizkusemi ráða fremur afköstum en afl eða líkamsþrek. — Hver sá, sem t. d. kemur í hraðfrystihús og lítur á karla og konur vinna að flökun og innpökkun, mundi jafnvel verða í vafa um, hvort réttlætisgrundvöllur fyndist fyrir mismunandi kaupi karla og kvenna á þeim víðtæka vettvangi atvinnulífsins.

Er nú komið að hinni almennu daglaunavinnu, þar sem opinberir kaupgjaldssamningar segja skýrt og ótvírætt frá mismunandi kaupi karla og kvenna. Verða hér nú tekin nokkur dæmi til að bregða birtu yfir þetta.

Hæsta kaup karla í almennri daglaunavinnu er kr. 8.40 á klst., hæsta kaup kvenna í almennri daglaunavinnu er hins vegar ekki nema kr. 6.45 á klst. — Mismunurinn á kaupi karls og konu er þarna, eins og menn sjá, kr. 1.95 á klst., eða fast að 20 króna mismunur á 10 stunda vinnu. Hér í Reykjavík er þessi mismunur á kaupi verkamanna og verkakvenna þó miklu meiri, eða kr. 2.85 á klst. Hér nálgast því munurinn á kaupi verkamanns og verkakonu þrjátíu króna upphæð á einum 10 klukkustundum. — Til eru þeir staðir á landinu, þar sem kaup kvenna í daglauna vinnu er aðeins rúmur helmingur af kaupi karla við sams konar vinnu, en þar sem hlutfallið er allra bezt, er kaup kvenna ca. 75% af kaupi karla.

Ekki tekur heldur betra við, þegar borið er saman kaup karla og kvenna í ýmiss konar iðnstarfsemi hér í Reykjavík. Þannig hafa karlmenn í smjörlíkisgerðunum t. d. 1800 kr. á mánuði, en stúlkur 1080 krónur.

Eftir samningum verksmiðjufólks eru byrjunarlaun karla kr. 945.00 á mánuði, en kvenna 585 krónur.

Matreiðslumenn (karlar) hafa frá 1950—2437 krónur á mánuði, en hæsta kaup kvenna við matreiðslustörf mun vera um 1100 krónur.

Klæðskerar í annarra þjónustu hafa um 2000 króna mánaðarlaun, en stúlkur, sem lokið hafa sveinsprófi í kápusaumi, hafa 1050 krónur á mánuði.

Prentarar hafa 501—534 krónur á viku. Byrjunarlaun kvenna við þau störf eru 108 krónur á viku. Stúlkur, sem eru fullnuma, fá 282 krónur á viku. Eftir 5 ár er kaup þeirra komið upp í 309 krónur og eftir 10 ár í 360 krónur á viku.

Bókbindarar hafa 501 krónur á viku.

Kvenfólk hefur 108 krónur fyrstu 3 mánuðina, 162 kr. eftir árið, 282 kr. eftir 2 ár, 309 kr. eftir 7 ár, 360 kr. eftir 12 ár.

Þó að hér sé um mikinn kaupmismun að ræða, er þó hitt furðulegra, að þessar tvær iðngreinar — og ef til vill fleiri — munu vera algerlega lokaðar fyrir konum. Fá þær þannig aldrei full réttindi iðnaðarmanna í bókbindara- og prentarafélaginu, hversu færar sem þær verða við störfin. Svona er mismunurinn, hvar sem borið er niður. Og sýnist svo sem jafnrétti karla og kvenna í kaupgjaldsmálum eigi því harla langt í land. — En þó að hér hafi sérstaklega verið sýnt fram á það með dæmum, hversu því fer fjarri, að konur hafi ennþá öðlazt jafnrétti við karlmenn í fjárhagsmálefnum, þá erum við þó litlu betur á vegi staddir í þessum málum á ýmsum öðrum sviðum. — Þetta svið hefur aðeins verið valið sem dæmi, af því að þar töluðu tölurnar óhrekjandi máli.

Eitt allra spaugilegasta dæmið um það, hversu sjálfsagt þykir að meta verk kvenna lægra verði en sams konar verk karla, er það, að þegar karl og kona eru fengin til að syngja við jarðarför, þá þykir hæfilegt að greiða karlmanninum fyrir hans rödd 50 krónur, en konunni ekki nema 30 krónur. Má því raunar furðu gegna, að ekki skuli fyrir löngu vera hætt við að láta karlmenn syngja við jarðarfarir.

Líkur mælikvarði virðist vera lagður á vinnu ljósmæðra og hjúkrunarkvenna annars vegar og lækna hins vegar.

Mundi nú ekki mega ganga út frá því, að Íslendingar séu komnir á það menningarstig að vilja veita konum sama rétt í hvívetna sem körlum? — Ég vildi mega vænta þess, að svo sé.

Sumarið 1946 gerðist Ísland aðili að bandalagi Sameinuðu þjóðanna og tók á sig allar skyldur, sem því voru samfara samkvæmt sáttmála bandalagsins. En í upphafi hans segir svo:

„Vér, hinar sameinuðu þjóðir, staðráðnar í .... að staðfesta að nýju trú á grundvallarréttindi manna, virðingu þeirra og gildi, jafnrétti karla og kvenna og allra þjóða, hvort sem eru stórar eða smáar.“

Síðar í smáttmálanum segir:

„Hinar sameinuðu þjóðir skulu ekki setja neinar takmarkanir á val karla og kvenna til þátttöku í hvaða störfum sem er við jöfn skilyrði ....“

Sams konar ákvæði og þó öllu ákveðnari eru einnig í mannréttindaskrá Sameinuðu þjóðanna, sem Ísland hefur nú staðfest fyrir sitt leyti.

Um það verður þannig ekki deilt, að með aðild sinni að bandalagi Sameinuðu þjóðanna hefur Ísland skuldbundið sig til að stefna að algeru jafnrétti kvenna og karla, og mætti það vel verða heiður þessarar litlu þjóðar að stíga þar lokaskrefið á undan öðrum þjóðum bandalagsins, sem stærri eru.

Í fullu trausti þess, að Alþingi telji tíma til kominn að lögfesta algert jafnrétti karla og kvenna á landi hér, legg ég þetta frumvarp fram og vænti þess, að það fái greiðan gang í gegnum þingið.

Ed. 423. Nefndarálit [128. mál]

um frv. til l. um bæjarstjórn í Keflavík.

Frá allsherjarnefnd.

Nefndin hefur athugað frv. og leggur til, að það verði samþ. óbreytt. — Einn nefndarmanna (HermJ) var fjarstaddur, er málið var afgreitt.

Alþingi, 3. marz 1949.

Guðm. Í. Guðmundsson, form., frsm.	Lárus Jóhannesson, fundaskr.	Þorst. Þorsteinsson.
	Brynj. Bjarnason.	

Ed. 424. Nefndarálit [138. mál]

um frv. til l. um eftirlit með rekstri ríkisins og ríkisstofnana.

Frá fjárhagsnefnd.

Nefndin hefur athugað frv. á fundi sínum í dag. Tveir nefndarmanna (BÓ og ÞÞ) leggja til, að frv. verði samþykkt, en þrír nefndarmenn, þeir BrB, GÍG og HermJ, voru ekki viðbúnir að taka afstöðu til málsins.

Alþingi, 3. marz 1949.

Björn Ólafsson, form. Guðm. Í. Guðmundsson, fundaskr. Þorst. Þorsteinsson, frsm.

Brynjólfur Bjarnason. Hermann Jónasson.

Ed. 425. Nefndarálit [101. mál]

um frv. til l. um heimild fyrir ríkisstjórnina til að selja landræmu úr Öskjuholtslandi í landsveit.

Frá minni hl. landbúnaðarnefndar.

Nefndin hefur rætt málið á nokkrum fundum, og einstakir nefndarmenn hafa leitað sér upplýsinga um málið hjá kunnugum mönnum. Ekki hefur þó nefndin getað orðið sammála. Meiri hluti vill samþykkja frumvarpið án breytinga, en undirritaður minni hl. telur ekki tímabært að samþykkja frumvarpið nú, málið þurfi að rannsakast og upplýsast fyrst.

Í frumvarpinu er ríkisstjórninni heimilað að selja bóndanum á Skarði í Landsveit þá spildu af landi Öskjuholts, sem liggur utan við sandgræðslugirðinguna og upp að Skarðslandi. Hér mun vera átt við þríhyrnu úr landi Öskjuholts, sem liggur meðfram sandgræðslugirðingunni frá Skarðsfjalli upp Landið, enda þótt ekki liggi nema nokkur hluti af því upp að Skarðslandi, heldur Yrjalandi. Um stærð þessa lands er óvíst. Sumir telja það mjög lítið, en aðrir allt að 300 ha meðfram sandgærðslugirðingunni, virðist það vera nokkuð yfir 5 km á lengd (að Síðunesi), og má segja, að það sé grunnlína í þríhyrningi. Hæð þríhyrningsins er óviss, þar sem merki eru ekki sýnd á kortum, en mun vera milli 1 og 2 km. Eitt sem ég tel, að þurfi að liggja fyrir áður en land þetta er selt, er upplýsingar um stærð þess og gæði, en mér er sagt, að hér sé um valllendis heiðargróður að ræða og fremur gott beitiland fyrir sauðfé.

Það er þó ekki þetta, sem máli skiptir fyrir mig, heldur hitt, að mér er sagt, að innan sandgræðslugirðingarinnar sé landið að gróa upp. Þannig eru lánaðar slægjur árlega úr Stóruvallalandi, og enginn vafi er á, að sú jörð er orðin byggileg. Klofi er byggður, og mér er tjáð, að eyðibýlið Mörk, sem sandgræðslan mun hafa keypt af Vigfúsi Guðmundssyni, sé senn orðið svo gróið, að þar fáist næg hey handa meðalbúi eða vel það. En beitiland er þar ekkert. Þá liggur þetta Öskjuholtsland að Merkurlandinu, og er langhægast að nota það sem beitiland frá Mörk, enda ekki annað beitiland að hafa fyrir bónda, sem þar byggi, sérstaklega ef hann vildi hafa sauðfé, sem hann ekki fengi að hafa innan sandgræðslugirðingarinnar. Ég vil því láta athuga málið frá þessu sjónarmiði, áður en heimilað er að selja land þetta, — athuga, hve Merkurlandið er gróið og hvort bóndi á Mörk mundi ekki þurfa þetta land til beitar, þegar Mörk byggist aftur.

Enn er á það að líta, að þetta land nýtist lítt frá Skarði. Það liggur langt frá bænum og upp að landi Yrja og Skarðs inn í heiði, þar sem það nýtist aðallega til sauðfjárbeitar. Eftir að flytja varð Skarðsbæinn undan sandinum og hann var færður þangað, sem hann stendur nú, þá vantar beitiland heima við bæinn og það svo, að mikill bagi er að fyrir Skarðsbóndann. Enn hefur hann notið þar lands, sem sandgræðslan á og hefur verið utan girðingar sandgræðslunnar, en sé þar girt á mörkum, tapar Skarð nytjum af landinu og jafnvel, að því er sumir segja, horni af túninu. Og þá er Skarð illa sett. Ég tel því, að það þurfi að athugast í heild, hvernig land það, sem sandgræðslan á utan girðingar og innan, verði notað og þá sé tekið til athugunar, hvort það geti ekki komið til mála að skipta því öðruvísi milli jarða en nú er gert, eða ráð er fyrir gert í frumvarpi þessu. Allt þetta tel ég, að eigi að athugast sem allra bezt af sandgræðslustjóra — og ef til vill líka öðrum — og að þeim athugunum loknum taka málið upp aftur til þeirrar lausnar, er þá reyndist heppilegust.

Ég get því ekki lagt til, að frumvarpið verði samþ. nú, en legg til, að því sé vísað til ríkisstjórnarinnar til frekari undirbúnings, en náist ekki samkomulag um það, þá sé frumvarpið fellt.

Alþingi, 4. marz 1949.

Páll Zóphóníasson.

Ed. 426. Lög [139. mál]

um breyting á lögum nr. 59 7. maí 1946, um sérstakar fyrningarafskriftir.

(Afgreidd frá Ed. 4. marz).

Samhljóða þskj. 360.

Nd. 427. Lög [117. mál]

um vöruhappdrætti fyrir Samband íslenzkra berklasjúklinga.

(Afgreidd frá Nd. 4. marz.)

Samhljóða þskj. 298.

Nd. 428. Lög [119. mál]

um breyting á lögum frá 29. des. 1948, um heimild fyrir ríkisstjórnina til að innheimta ýmis gjöld 1949 með viðauka.

(Afgreidd frá Nd. 4. marz.)

Samhljóða þskj. 300.

Ed. 429. Lög [40. mál]

um breyting á lögum nr. 6 9. janúar 1935, um tekjuskatt og eignarskatt.

(Afgreidd frá Ed. 4. marz).

Samhljóða þskj. 192.

Sþ. 430. Tillaga til þingsályktunar [156. mál]

um hlutaskipti á íslenzkum togurum.

Flm.: Jónas Jónsson.

Alþingi ályktar að skora á ríkisstjórnina að hefja nú þegar, með frjálsu samkomulagi eða löggjöf, aðgerðir til að leysa togaradeilu þá, sem nú stendur yfir, með réttlátu hlutaskiptafyrirkomulagi, þannig að fyrst sé tekið frá af afla skipsins fyrir öllum nauðsynlegum kostnaði við skipið og útgerð þess og greiðslu í verðjöfnunarsjóð í sambandi við kauptryggingu, en því, sem eftir er af tekjum skipsins, verði skipt milli allra, sem vinna að útgerðinni, bæði á sjó og á landi, en um hlutföllin farið eftir venjum um kaupgreiðslu á enskum og norskum veiðiskipum.

Greinargerð.

Ef undan er tekin togaraútgerðin, má telja, að öll meiri háttar framleiðslustarfsemi til lands og sjávar á Íslandi sé nú rekin á ábyrgð ríkissjóðs og með stórtapi. Ástand togaraútgerðarinnar er ekki betra en svo, að mjög nýtilegir og vel viðgerðir togarar úr hinum eldri flota eru bundnir við landfestar, þar til unnt verður að selja þá til útlanda. Ef ekki væri hér á landi sjúk dýrtíð, mundu þessir eldri togarar vera að verki og þykja góð framleiðslutæki. Meiri hluti nýju togaranna ber sig, meðan sölur eru háar, og jafnvel einhver gróði á útgerð sumra þeirra. Hins vegar er fyrirsjáanlegur taprekstur á allri togaraútgerðinni, þegar fiskverð í Englandi og Þýzkalandi lækkar til verulegra muna. Bætast þá væntanlega á ríkissjóð milljónaframlög í kjarabætur á togaraflotanum, en óvíst, hverjir geta og vilja borga þá skuld.

Nú virðist margt benda í þá átt, að, togaradeilan geti orðið langvinn. Stafar allri þjóðinni mikil hætta af gjaldeyrisskortinum, auk þess sem vel getur til þess dregið, að Bretar auki „kvóta“ annarra þjóða sem svarar því, sem fisksala Íslendinga í Bretlandi minnkar vegna vantandi fiskbirgða frá Íslandi. — Togaradeilan er ekki eingöngu mál, sem snertir útgerðarmenn og starfsmenn togaraflotans. Þjóðfélagið hefur tekið á sig mikla ábyrgð í þessu efni. Ríkið tók innstæður íslenzkra borgara og lét smíða fyrir það fé allan nýja togaraflotann, vitaskuld með því fororði, að skipin yrðu notuð til alþjóðargagns. Nú liggur þessi dýrkeypti floti athafnalaus, af því að svo kallaðir eigendur og starfsmenn á skipunum koma sér ekki saman um, hversu skipta skuli hinum mikla afla skipanna. Er þetta athafnaleysi flotans því vítaverðara, þar sem nú er háþjargræðistíminn við sjóinn á landinu sunnan- og vestanverðu. Fer að verða hart í búi hjá þjóðinni, ef bátaflotinn, sem rekinn er með gífurlegu ríkissjóðstapi, kemst ekki á sjó fyrir óveðrum, en togaraflotinn, sem þjóðin keypti fyrir sparifé sitt, liggur í höfn sökum deilu um skiptingu aflans. Fer að vísu margt aflaga. Kaup hásetanna, 30—40 þús. kr., ætti ekki að vera baráttuefni, eins og dýrtíðin er í landinu. Hins vegar verður að telja mjög úr hófi, að loftskeytamenn og kyndarar hafi hálf önnur laun forsætisráðherra í landinu, vélstjórar og stýrimenn tvenn slík laun, en skipstjórar ferföld laun þess manns, sem situr við stýrið á þjóðarskútunni.

Fyrir hina svokölluðu skipseigendur landsins er heppilegast að semja frið á nýjum og réttlátum grundvelli. Útvegsmenn hafa ekki gætt sjálfstæðis atvinnurekstrarins. Allur bátaflotinn er á landinu og togaraflotinn keyptur af ríkinu fyrir neyðarlán, sem ríkið tók í þessu skyni. Auk þess hafa útgerðarmenn aldrei kunnað venjuleg vinnubrögð í átökum við verkamanna- og sjómannasamtökin. Í yrir vangæzlu útvegsmanna er hálfur „nýsköpunarflotinn“ nú rekinn af bæjarfélögum. Bíður mannfélagsins þar stórfelldur taprekstur. Er sýnilegt, að útgerðin fellur á landið um líkt leyti og ríkissjóður á í vonlausri baráttu við dýrtíðina. Kemur þá að því, að skapa verður nýtt framleiðslukerfi við sjávarsíðuna. Eftir að allt hefur

verið tekið í taprekstur, sem hönd festir á, verða þeir, sem yrkja jörðina og sækja sjóinn, að sætta sig við sinn deildan verð af því, sem landið gefur af sér. Um leið og bæjarfólkið fær ekki ríkissjóð til að greiða mikinn hluta af verði landbúnaðarvörunnar, kemur í ljós hin réttláta hlutaskipting varðandi framleiðslu í sveitinni. Samvinnufélögin hafa fullmótað sitt hlutaskipulag. Þar eru aldrei verkföll eða verkbönn, heldur fær hver maður réttilega tiltekin laun fyrir sitt starf. Framleiðendur við sjó hljóta, þegar á reynir, að sætta sig við sömu lausn. Með því að styðjast við þá reynslu og kaupgreiðslur í næstu löndum á að vera hægt að koma á réttlátum friði í togaradeilunni og ryðja jafnframt leiðina, sem fylgt verður um skiptingu arðs í öllum greinum útvegsins, þegar ríkisábyrgðin hættir, af því að engu er hægt að eyða lengur á þann hátt.

Ed. 431. Frumvarp til laga [157. mál]

um breyting á lögum nr. 84 6. júlí 1932, um bifreiðaskatt o. fl.

(Lagt fyrir Alþingi á 68. löggjafarþingi, 1949.)

1. gr.

4. gr. laga nr. 84/1932, um bifreiðaskatt o. fl., orðist svo:

Eindagi skatts þess, sem um ræðir í 1. gr., c-e-lið, er 1. janúar ár hvert, og skal skatturinn innheimtast þar, sem bifreið er skrásett. Skattskyldan telst frá afhendingu bifreiðamerkis, ef um nýskrásetta bifreið er að ræða, en ella frá 1. janúar næsta árs á undan, og reiknast skatturinn hlutfallslega fyrir hluta úr ári, hvort sem svo stendur á, að merki hefur verið afhent á skattárinu eða skattskyld bifreið hefur ónýtzt. Skatturinn telst aðeins fyrir heila mánuði, þannig að 15 dagar eða meira telst heill mánuður, en minna broti er sleppt. Lækka skal þó skattinn samkvæmt c-e-lið 1. gr. að réttri tiltölu, ef einkennismerki bifreiðar er afhent lögreglustjóra í skrásetningarumdæmi hennar til geymslu um tíma, þó aldrei skemur en 3 mánuði, en sleppa skal broti úr mánuði við frádrátt skattsins, þannig að meira en hálfur mánuður skal reiknast sem heill mánuður, en hálfum mánuði eða minna broti skal sleppt.

Skattinn skal sá greiða, sem er skráður eigandi á gjalddaga eða síðast var það, ef bifreið er ónýtt. Hafi bifreið skipt um eiganda (nothafa), án þess að það hafi verið tilkynnt til skráningar, hvílir greiðsluskyldan jafnframt á hinum nýja eiganda (nothafa).

Við aðalskoðun bifreiðar ár hvert skal eigandi hennar eða umráðamaður færa sönnur á, að greiddur hafi verið af henni bifreiðaskattur fyrir síðastliðið skattár, svo og skoðunargjald og vátryggingariðgjald ökumanns fyrir sama tímabil. Að öðrum kosti skal skoðunarmaður neita um skoðun á henni, taka af henni einkennismerki hennar og afhenda þau lögreglustjóra, en lögreglustjóri skal ekki afhenda þau aftur, fyrr en færðar hafa verið sönnur á greiðslu fyrrgreindra gjalda.

Sé ekki komið með bifreið til skoðunar á tilsettum tíma og gjöldin af henni eru ekki greidd, skal lögreglustjóri eftir kröfu skattheimtumanns eða skoðunarmanns stöðva bifreiðina, hvar sem hún hittist, og taka merki hennar til geymslu, svo sem að framan segir.

Bifreiðaskatturinn, skoðunargjald af bifreiðum og vátryggingariðgjald ökumanns hafa lögtaksrétt, og skal bifreiðin vera að veði fyrir gjöldum þessum og skal það veð ganga fyrir öðrum veðum.

2. gr.

9. gr. laga nr. 84/1932 skal vera 8. gr., og greinatalan þar á eftir breytist samkvæmt því.

3. gr.

Með lögum þessum eru úr gildi numdar 4. gr. laga nr. 84/1932 og 2. og 3. gr. laga nr. 53/1946, um breyting á lögum nr. 84/1932.

Lög þessi öðlast þegar gildi, og skal fella meginmál þeirra, 2. gr. laga nr. 34/1933 og 1. og 2. gr. laga nr. 27/1947 inn í lög nr. 84/1932 og gefa þau síðan út svo breytt.

Ákvæði til bráðabirgða.

Næsta bifreiðaskattsár skal vera 1. apríl til 31. desember 1949 að báðum dögum meðtöldum. Fyrir það ár skal einungis greiða ¾ af þeim bifreiðaskatti, sem lögum samkvæmt átti að greiða á skattárinu 1. apríl 1949 til 31. marz 1950.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Við 1. gr.

Bifreiðum hefur á síðustu árum fjölgað svo, að stöðugt færist fram á árið dagur sá, sem aðalskoðun bifreiða hefst á. Í ár þyrfti að byrja aðalskoðun í marz eða apríl. Gjalddaga bifreiðaskatts hefur þótt heppilegt að hafa nokkru áður en aðalskoðun hefst, þannig að innheimtuna megi framkvæma um leið og skoðun fer fram. Þegar gjalddaga bifreiðaskattsins var breytt árið 1943, var það gert með tilliti til þess, að aðalskoðun varð að hefjast fyrr en áður hafði verið. Þá varð gjalddaginn 1. apríl í stað 1. júlí, og var þá bifreiðaskattsárið 1. júlí 1943 til 30. júní 1944 incl. með bráðabirgðaákvæði stytt í 1. júlí 1943 til 31. marz 1944. Nú yrði að stytta gjaldárið 1. apríl 1949 til 31. marz 1950 í 1. apríl 1949 til 31. des. 1949. Hér er auðvitað ekki um neitt raunverulegt tap fyrir ríkissjóð að ræða, en árið 1950 kæmu ekki til tekna nema ¾ hlutar þess bifreiðaskatts, sem annars hefði orðið innheimtur að óbreyttum lögum.

Auk breytingarinnar á gjalddaganum eru tekin hér upp öll ákvæði 4. gr., sem eru bæði í 4. gr. laga nr. 84/1932 og í 2. og 3. gr. laga nr. 53/1946. Þrjár breytingar eru þó gerðar á ákvæðum í 4. gr. Hin fyrsta er sú, að gert er ráð fyrir því í þessu frumvarpi, að lækkunarákvæðið í síðustu málsgr. 4. gr., eins og hún er nú, verði einnig látið ná til bifhjóla, eins og til annarra bifreiða, en sanngjarnt þykir og eðlilegt, að sama regla gildi að þessu leyti um bifhjól og um bifreiðar, enda má eins líta eftir því, að bifhjólum sé ekki ekið númerslausum, eins og bifreiðum, en ástæðan til þess, að lækkunarákvæðið var ekki látið ná til bifhjóla í lögunum 1932, mun hafa verið sú, að það hefur verið talið erfiðara að fylgjast með því, að bifhjólum væri ekið númerslausum. Önnur er sú, að ákvæði 2. mgr. um greiðsluskylduna eru gerð nokkuð fyllri en áður, og er það nauðsynlegt vegna tíðrar vanrækslu á tilkynningum um eigendaskipti. Þriðja breytingin er sú, að lagt er til, að lögveð í bifreiðunum sé ekki aðeins fyrir bifreiðaskattinum, heldur og fyrir vátryggingariðgjaldi ökumanns og skoðunargjaldi, en sjálfsagt þykir, að tvö hin síðarnefndu gjöld, sem eru hliðstæð skattinum og innheimt með honum, njóti sömu réttarverndar að þessu leyti, enda lögveð komið fyrir vátryggingariðgjaldinu með ákvæðum 13. tölul. laga nr. 92/1948, um viðauka við lög nr. 50/1946, um almannatryggingar, en það ákvæði er aðeins til bráðabirgða, og rétt þykir, að ákvæðin um lögveð fyrir bifreiðagjöldum sé á einum stað, og þykir eðlilegast, að þau séu í bifreiðaskattslögunum.

Við 2. gr.

8. gr. laga nr. 84/1932 var numin úr gildi með 3. gr. laga nr. 27/1947, um breyting á bifreiðaskattslögunum, en þar eð gert er ráð fyrir því í 3. gr. frumvarpsins, að bifreiðaskattslögin verði gefin út í einni heild, þykir rétt, að greinatalan verði í áframhaldandi töluröð, og er því lagt til, að 9. gr. verði 8. gr. og greinatalan þar á eftir breytist samkvæmt því.

Ed. 432. Frumvarp til laga [158. mál]

um samþykkt á ríkisreikningnum fyrir árið 1945.

(Lagt fyrir Alþingi á 68. löggjafarþingi, 1949.)

Ríkisreikningurinn fyrir árið 1945 samþykkist með eftirgreindum niðurstöðutölum:

							Áætlun:		Reikningur:
	Innborganir:								
1.	Tekjur samkvæmt	2. gr.			fjárlaga	kr.	77 410 000.00	kr.	120 444 668.20
2.	— —	3. —	A.		—	—	29 935 255.00	—	43 249 767.33
3.	— —	3. —	B.		—	—	10 193.00	—	5 556.39
4.	— —	4. —			—	—	722 430.00	—	842.112.78
5.	— —	5. —			—	—	100 000.00	—	1 303 264.91
6.	Eignahreyfingar samkv.	20. gr.			fjárlaga	—	1 742 773.00	—	9 824 911.93
		Greiðslujöfnuður				—	234 743.00	—	12 055 450.08
						Kr.	110 155 394.00	kr.	187 725 732.12
	Útborganir:								
1.	Gjöld samkvæmt	7. gr.			fjárlaga	kr.	1 575 650.00	kr.	1 424 846.64
2.	— —	8. —			—	—	200 000.00	—	315 326.27
3.	— —	9. —			—	—	1 214 357.00	—	1 430 443.71
4.	— —	10. —	I.		—	—	1 698 982.00	—	2 463 451.35
5.	— —	10. —	II.		—	—	244 668.00	—	243 350.53
6.	— —	10. —	III.		—	—	883 800.00	—	1 270 388.12
7.	— —	11. —	A.		—	—	6 989 008.00	—	9 161 992.12
8.	— —	11. —	B.		—	—	607 810.00	—	1 049 060.91
9.	— —	11. —	C.		—	—	2 756 675.00	—	3 392 624.10
10.	— —	11. —	D.		—	—	650 000.00	—	814 449.53
11.	— —	12. —			—	—	8 174 535.00	—	9 914 592.57
12.	— —	13. —	A.		—	—	17 823 947.00	—	22 936 730.27
13.	— —	13. —	B.		—	—	3 572 950.00	—	2 768 395.99
14.	— —	13. —	C.		—	—	4 551 350.00	—	4 720 033.52
15.	— —	13. —	D.		—	—	700 000.00	—	376 839.32
16.	— —	14. —	A.		—	—	2 362 218.00	—	2 603 147.48
17.	— —	14. —	B.		—	—	14 167 848.00	—	18 795 333.85
18.	— —	15. —	A.		—	—	1 741 418.00	—	2 092 597.82
19.	— —	15. —	B.		—	—	1 855 150.00	—	2 104 613 35
20.	— —	16. —	A.		—	—	8 044 898.00	—	9 549 968.85
21.	— —	16. —	B.		—	—	819 150.00	—	2 049 568.10
22.	— —	16. —	C.		—	—	924 350.00	—	924 486.25
23.	— —	17. —			—	—	7 580 325.00	—	9 296 392.30
24.	Gjöld samkvæmt	18. gr.			fjárlaga	kr.	2 322 586.00	kr.	4 304 721.06
25.	— —	19. —	1.		—	—	4 000 000.00	—	„
26.	— —	19. —	2.		—	—	4 500 000.00	—	„
27.	— —	19. —	3.		—	—	250 000.00	—	29 208 149.65
28.	Eignahreyfingar samkv.	20. gr.			fjárlaga	—	9 943 719.00	—	44 514 228.46
						Kr.	110 155 394.00	kr.	187 725 732.12

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Frumvarp þetta er samið eftir ríkisreikningi fyrir árið 1945, sem lagður verður fyrir þingið samtímis frumvarpinu.

Ed. 433. Breytingartillaga [126. mál]

við frv. til l. um breyt. á l. nr. 112/1941, um lax- og silungsveiði.

Frá Gísla Jónssyni.

Á eftir 1. gr. koma 3 nýjar greinar:

a. (2. gr.) Í stað orðsins „veiðimálastjóri“ í 2. málsgr. 75. gr. laganna og víðar kemur: Atvinnudeild háskólans (fiskideild).

b. (3. gr.) Fyrsta málsgr. 76. gr. laganna skal orða svo:
Atvinnudeild háskólans (fiskideild) skal hafa í þjónustu sinni kunnáttumann um veiðimál og vatnaliffræði.

c. (4. gr.) Við 79. gr. laganna bætist: Til þess að standast kostnað við stjórn veiðimála samkv. lögum þessum skal leggja gjald á veiðieigendur til tiltölu við veiðimagn hvers þeirra um sig undanfarið ár. Gjaldið rennur í ríkissjóð, og má taka það lögtaki.

Nd. 434. Breytingartillaga [54. mál]

við frv. til l. um breyt. á l. nr. 33 12. febr. 1945, um breyt. á l. nr. 30 19. júní 1933, um sjúkrahús o. fl.

Flm.: Jón Sigurðsson, Steingrímur Steinþórsson.

Við 1. gr. Í stað orðanna „tveim þriðju kostnaðar“ komi: tveim þriðju af þeirra hlut í kostnaðinum.

Nd. 435. Frumvarp til laga [141. mál]

um iðnfræðslu.

(Eftir 2. umr. í Nd.)

1. gr.

Iðnfræðslu til sveinsprófs skal halda uppi í þeim iðngreinum, sem löggiltar eru, og fer um framkvæmd hennar eftir því, sem segir í lögum þessum.

Með reglugerð skal ákveða, hverjar skuli vera iðngreinar, svo og um kennslu í þeim, eftirlit með kennslunni og prófkröfur. Þar skal og setja ákvæði um verkleg námskeið, er stofnað kann að verða til.

2. gr.

Iðnfræðsluráð stýrir framkvæmdum í iðnfræðslumálum undir yfirstjórn ráðherra.

3. gr.

Ráðherra skipar iðnfræðsluráð til 4 ára í senn. Það skal skipað 5 mönnum búsettum í Reykjavík og nágrenni. Skulu tveir þeirra vera meistarar, tilnefndir af Landssambandi iðnaðarmanna, og tveir þeirra sveinar, tilnefndir af iðnsveinaráði Alþýðusambands Íslands. Formann skipar ráðherra án tilnefningar

4. gr.

Iðnfræðsluráð skipar iðnfulltrúa á þeim stöðum í landinu, er það telur þörf á, og ákveður umdæmi þeirra.

Iðnfulltrúar skulu hafa eftirlit með iðnnámi hver í sínu umdæmi í umboði iðnfræðsluráðs, eftir því sem segir í lögum þessum. Nánari fyrirmæli um störf iðnfulltrúa setur iðnfræðsluráð í erindisbréfi.

5. gr.

Iðnfræðsluráð skipar prófnefndir innan hverrar iðngreinar og á þeim stöðum, sem þörf er á.

Það er hlutverk prófnefnda:

1. Að vera iðnfulltrúum til aðstoðar við eftirlit með iðnnámi.
2. Að sjá um sveinspróf og dæma þau.

6. gr.

Leita skal iðnfræðsluráð tillagna iðnráða og iðnaðarmannafélaga, þar sem ekki eru iðnráð, um skipun iðnfulltrúa og prófnefnda.

7. gr.

Iðnfræðsluráð skal löggilda meistara sem hæfa til að taka nemendur til náms og ákveða, hversu marga nemendur megi hafa, út frá því sjónarmiði einu, að nemendur fái notið fullkominnar kennslu í iðninni. Á sama hátt skal löggilda iðnfyrirtæki, sem hafa hæfa meistara í þjónustu sinni. Við ákvörðun sína skal iðnfræðsluráð taka tillit til venjulegs fjölda sveina á vinnustöð, húsnæðis, vélakosts, áhalda og verkefna.

Nú hefur meistari eða iðnfyrirtæki rofið námssamning tvisvar eða vanrækt kennslu eða brotið á annan hátt gegn lögum og reglugerðum um iðnfræðslu í verulegum atriðum, og getur þá iðnfræðsluráð svipt hlutaðeiganda rétti til þess að hafa nemendur um tiltekinn tíma eða að fullu. Úrskurði iðnfræðsluráðs samkv. þessari grein má þó áfrýja til dómstóla, enda sé það gert innan 30 daga frá því að úrskurðurinn er birtur hlutaðeigandi aðila.

8. gr.

Iðnfræðsluráð skal halda uppi leiðbeiningastarfsemi um stöðuval.

Iðnfræðsluráð skal í því skyni fylgjast með afkomu og atvinnuhorfum innan einstakra iðngreina. Það skal leita þar um árlega álits félagssamtaka meistara og sveina.

Iðnfræðsluráð skal og eins fljótt og kostur er á koma á fót hæfnisprófum fyrir umsækjendur um iðnaðarnám, og ber því að neita að ráða umsækjendur til náms, ef árangur prófsins er neikvæður.

9. gr.

Sá, sem vill komast í iðnnám, skal sækja um það til iðnfulltrúa og geta þess í umsókninni, hvort hann eigi kost á kennslu hjá ákveðnum meistara eða fyrirtæki. Sé svo ekki, skulu iðnfulltrúar aðstoða umsækjanda við að koma sér í nám eða beina umsókninni til iðnfræðsluráðs.

10. gr.

Ekki má unglingur hefja iðnnám yngri en 16 ára. Þó er heimilt, með sérstöku samþykki iðnfræðsluráðs í hvert sinn, að veita nemendum í léttum iðngreinum undanþágu í þessu efni, enda sé umsækjandi orðinn fullra 15 ára.

11. gr.

Þegar meistari eða iðnfyrirtæki tekur nemanda til iðnnáms, skal gera um það skriflegan námssamning í samræmi við lög þessi og reglugerðir, er settar verða samkvæmt þeim. Iðnfulltrúar skulu staðfesta námssamninga með áritun sinni, og eru þeir ógildir ella.

Nú neita iðnfulltrúar að samþykkja námssamning, og má þá áfrýja því til iðnfræðsluráðs.

Námstími telst ekki hafinn, fyrr en námssamningur hefur hlotið staðfestingu iðnfulltrúa.

Iðnfulltrúar skulu, eftir ráðstöfun iðnfræðsluráðs, hafa í höndum eyðublöð undir námssamninga og afhenda þau ókeypis.

Iðnfræðsluráð skal halda skrá yfir þá námssamninga, sem í gildi eru á hverjum tíma, og eiga iðnaðarmenn og aðrir rétt á að fá upplýsingar um þá, ef óskað er.

12. gr.

Námstími skal vera svo langur sem í reglugerð segir. Nú hefur nemandi áður stundað nám í verklegum skóla eða námskeiði, og skal iðnfræðsluráð þá ákveða, hversu námstími styttist.

Hafi nemandi áður stundað nám hjá öðrum meistara, en slitið námssamningi við hann á löglegan hátt, skal sá tími, er hann vann hjá honum, dragast frá fullum námstíma hjá hinum síðari. Rísi ágreiningur um það, hvort námssamningi hafi verið slitið á löglegan hátt, ákveður iðnfræðsluráð, að hve miklu leyti sá tími, er nemandi hefur stundað nám, skuli dragast frá fullum námstíma hjá öðrum.

13. gr.

Þegar námstíminn er á enda, skal nemandinn hjálparlaust leysa af hendi prófsmíð eða inna af hendi eitthvert það verk, er sýni, að hann sé fullnuma í iðn sinni. Prófdómendur ákveða í samráði við meistara, hver prófverk skuli vera. Standist nemandi prófið, ber að gefa út handa honum prófskírteini, er sé undirritað af meistara hans og prófdómendum svo og hlutaðeigandi skólastjóra og lögreglustjóra, og heitir það prófskírteini sveinsbréf.

Nú hefur nemandi ekki staðizt próf það, sem um ræðir í 1. málsgr., og skal hann þá eiga rétt á að ganga undir það á ný, þegar það er næst haldið í iðngreininni, enda sé hann sjálfráður um það, hvar og á hvern hátt hann heldur náminu áfram. Enginn nemandi getur þó átt rétt til að ganga undir próf í sömu iðngrein oftar en þrisvar sinnum.

14. gr.

Heimilt er iðnfræðsluráði að ákveða lágmarkskaup nemenda með hliðsjón af gildandi kjarasamningum í hverri iðngrein og á hverjum stað. Heimilt er að breyta kaupákvörðunum, meðan á samningstíma stendur, ef kaupbreytingar verða í iðninni. Leita skal álits hlutaðeigandi iðngreina, áður en slíkar ákvarðanir eru teknar.

15. gr.

Daglegur vinnutími nemenda skal vera hinn sami sem sveina á hlutaðeigandi vinnustöð, sbr. þó 23. gr.

Nemendum er ekki skylt að inna af höndum eftirvinnu eða helgidagavinnu, og ekki má fá þeim neina vinnu, sem þeim er um megn eða skaðleg getur talizt heilsu þeirra.

16. gr.

Sumarleyfi iðnnema skal vera 12 dagar virkir með fullu kaupi.

17. gr.

Skylt er meistara eða iðnfyrirtæki að greiða iðgjöld fyrir nemendur sína samkvæmt gildandi lögum um almannatryggingar.

Í veikindaforföllum skal nemandi fá fullt kaup í allt að 6 mánuði samtals yfir allan námstímann.

18. gr.

Nú hefur nemandi verið veikur meira en 6 mánuði samtals á námstímanum, og getur þá iðnfræðsluráð ákveðið, að námstíminn skuli framlengjast um hæfilegan tíma.

19. gr.

Meistari skal veita nemanda sínum kennslu í iðngreininni og sjá svo um, að hann hafi að námstíma loknum hlotið hæfilega æfingu í öllum þeim störfum, er iðngreinin tekur til venjum samkvæmt, og hafi lært meðferð, hirðingu og beitingu allra áhalda, er tíðkuð eru í iðngreininni.

Iðnfræðsluráð getur sett námsreglur fyrir hverja iðngrein, að fengnum tillögum hlutaðeigandi iðngreina, þar sem sagt sé fyrir um störf þau, er nemendur skulu hljóta æfingu í á hverju ári námstímans. Það getur fyrirskipað, að færðar skuli vinnuskýrslur fyrir nemendur, þar sem í er skráð, hvaða verk þeir stundi daglega og hve lengi á dag. Skulu slíkar vinnuskýrslur gerðar eftir fyrirmynd, er iðnfræðsluráð samþykkir. Enn fremur skal iðnfræðsluráð gefa út eyðublöð undir missirislega umsögn meistarans um skólavist nemenda, hæfni þeirra, iðni og hegðun.

20. gr.

Iðnfulltrúar skulu hafa eftirlit með kennslunni, koma á vinnustöðvarnar, er nemendur eru að verki, skoða vinnuskýrslur að minnsta kosti árlega og árita þær þar um. Hafi nemandi að þeirra dómi ekki hlotið fullnægjandi fræðslu eða æfingu, miðað við það, sem á er liðið námstímann, geta þeir lagt fyrir meistarann að bæta úr því innan ákveðins tíma.

Skjóta má ákvörðun iðnfulltrúa undir iðnfræðsluráð.

Iðnfulltrúar kveðja prófnefndir sér til aðstoðar við eftirlit samkvæmt þessari grein, eftir því sem fyrir er mælt í reglugerð.

21. gr.

Nemendur skulu ganga til þeirra starfa, er þeim er skipað til, sbr. þó 15. gr. Þeir skulu sýna ástundunarsemi og trúmennsku við starfið.

22. gr.

Nú stendur yfir verkfall eða verkbann á vinnustöð þeirri, er nemandi stundar nám sitt á, og skal hann þá ekki taka þátt í framleiðslustörfum á meðan. Aftur á móti er nemanda skylt að mæta til æfinga og meðferðar véla og verkfæra á vinnustöð, þar sem því verður við komið.

Nú stendur vinnudeila svo lengi, að telja má, að nemandi missi verulega í verklegu námi hennar vegna, og getur þá iðnfræðsluráð ákveðið að framlengja námssamninginn um hæfilegan tíma.

23. gr.

Meistari og iðnfyrirtæki skulu láta nemendur ganga í iðnskóla og greiða fyrir þá skólagjöld, pappír, bækur og áhöld, sem námið útheimtir. Um skólanámið fer svo sem lög og reglur um iðnskóla segja til um.

Meðan skólavist stendur, skal vinnutími nemanda á vinnustöð vera 12 stundum styttri á viku en vinnutími sveina. Nú fer kennslan fram í dagskóla með fullum kennslustundum, og heldur þá nemandi kaupi sínu, en mætir ekki til vinnu.

24. gr.

Iðnfræðsluráð getur veitt undanþágu frá skólanámi:

1. Hafi nemandi þegar lokið iðnskólaprófi eða prófi við annan skóla, sem ekki hefur veitt minni fræðslu í neinni grein en heimtuð er til burtfararprófs úr iðnskóla.

2. Hafi meistari séð nemanda fyrir annarri kennslu, fullgildri að dómi iðnfræðsluráðs, enda ljúki hann fullnaðarprófi frá iðnskóla.

25. gr.

1. Fyrstu 3 mánuðir samningstímans skoðast sem reynslutími. Hvenær sem er á reynslutímanum getur hvor samningsaðila um sig slitið námssamningi án þess að tilgreina ástæður.
2. Meistari eða iðnfyrirtæki getur slitið námssamningi:
   a. Ef nemandi vanrækir nám sitt, verklegt eða bóklegt, eða gerir sig sekan um brot gegn öðrum samningsskyldum sínum.
   b. Hafi nemandi verið 6 mánuði samfleytt frá verki sakir sjúkleika síns.
   c. Ef nemandi að áliti embættislæknis hefur ekki heilsu til að stunda iðnina.
3. Nemandi getur slitið námssamningi:
   a. Ef komið er ósæmilega fram við hann á vinnustöð.
   b. Ef meistari eða iðnfyrirtæki brýtur samningsskyldur sínar.
   c. Ef meistari eða iðnfyrirtæki verður gjaldþrota eða hættir að reka iðn sína af öðrum ástæðum.
   d. Ef nemandi sakir sjúkdóms eða annarra orsaka verður óhæfur til þess að geta unnið að iðninni, eða ef það að áliti embættislæknis er hættulegt fyrir líf hans eða heilsu að stunda iðnina.
   e. Ef námsstúlka giftist.
4. Nú er svo ástatt, sem í 3. a.—b. greinir, og nemandi slítur ekki samningi, og geta þá iðnfulltrúar slitið samningi, að undangenginni rannsókn. Skjóta má þó ákvörðun iðnfulltrúa til iðnfræðsluráðs.
5. Aðilum er heimilt að slíta námssamningi, ef þeir koma sér saman um það.

Jafnan er námssamningi er slitið, skal það tilkynnt iðnfulltrúum.

26. gr.

Nemandi á rétt á skaðabótum, ef námssamningi er slitið af þeim orsökum, er greinir í 25. gr. 3. a.—c.

Skaðabótakröfur þessar skulu vera forgangskröfur í bú hlutaðeigandi meistara eða iðnfyrirtækis, og fer um þær samkvæmt 83. gr. laga nr. 3 12. apríl 1878, eins og vinnulaunakröfur væru, þær er þar koma til greina.

27. gr.

Ágreiningur milli nemanda og meistara eða iðnfyrirtækis út af námssamningi skal koma í gerð, nema aðilar komi sér saman um annað.

Í gerðardómi skal sitja lögreglustjóri, þar sem námið fer fram, og er hann oddviti, og tveir menn aðrir, sinn tilnefndur af hvorum málsaðila.

Nú vill einhver beiðast gerðar, og skal hann þá snúa sér til oddvita, og ákveður hann síðan gerðarfund og kveður báða málsaðila til að sækja þann fund ásamt gerðarmönnum þeirra, með 8 daga fyrirvara í mesta lagi. Skal á þeim fundi leggja úrskurð á málið, og ræður afl atkvæða úrslitum. Heimilt er oddvita að fresta fundi, þó ekki oftan en þrisvar sinnum og ekki lengur en 8 daga í hvert skipti, enda hafi gerðarmaður tjáð honum lögleg forföll eða oddvita þykir nauðsyn bera til, til þess að réttur úrskurður verði á lagður. Nú sækir annar hvor gerðarmanna ekki fund og hefur ekki tjáð lögleg forföll, og getur þá oddviti og hinn gerðarmaðurinn lagt fullnaðarúrskurð á málið.

Gerðardómur á úrskurð um slit námssamninga og dæmir skaðabætur.

Úrskurður gerðardóms skal vera aðfararhæfur.

Úrskurði gerðardóms má þó áfrýja til dómstóla, og skal áfrýjunarfrestur til héraðsdóms vera 30 dagar frá birtingu úrskurðarins.

28. gr.

Það varðar sektum að:
1. Taka nemanda til náms gagnstætt ákvæðum laga þessara.
2. Brjóta gegn ákvæðum laga þessara um daglegan vinnutíma nemanda.
3. Vanrækja að láta nemanda stunda skólanám.
4. Koma ósæmilega fram við nemanda.
5. Óhlýðnast fyrirmælum iðnfulltrúa eða iðnfræðsluráðs um kennslu nemanda.

Sektir skulu renna í ríkissjóð.

Mál út af brotum þessum skulu rekin sem almenn lögreglumál.

29. gr.

Kostnaður við starf iðnfræðsluráðs, iðnfulltrúa og prófnefnda greiðist úr ríkissjóði.

Í reglugerð skulu ákveðin prófgjöld. Þau renna í ríkissjóð.

30. gr.

Ráðherra gefur út reglugerðir þær, sem gert er ráð fyrir í lögum þessum, að fengnum tillögum iðnfræðsluráðs.

31. gr.

Með lögum þessum eru numin úr gildi lög nr. 100 11. júní 1938, um iðnaðarnám, og lög nr. 43 12. febr. 1940, um viðauka við og breytingar á lögum nr. 100/1938, um iðnaðarnám, þegar lokið er öllum námssamningum, er gerðir hafa verið eftir þeim.

32. gr.

Lög þessi taka aðeins til þeirra námssamninga, sem gerðir eru eftir að þau hafa öðlazt gildi.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1950.

Nd. 436. Nefndarálit [49. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 128 29. des. 1947, um dýrtíðarráðstafanir.

Frá meiri hl. fjárhagsnefndar.

Meiri hluti fjárhagsnefndar telur ekki fært að víkja frá þeirri stefnu ríkisstjórnarinnar að festa kaupvísitöluna, vegna hættunnar á sívaxandi verðbólgu, og leggur til, að frv. verði fellt.

Alþingi, 7. marz 1949.

Ásg. Ásgeirsson, form., frsm.
Hallgr. Benediktsson, fundaskr.
Skúli Guðmundsson.
Jóhann Hafstein.

Nd. 437. Frumvarp til laga [159. mál]

um þingfararkaup alþingismanna.

Flm.: Sigurður Kristjánsson, Sigurður E. Hlíðar, Sigfús Sigurhjartarson.

1. gr.

Alþingismenn skulu hafa 4000 kr. kaup á ári, auk sömu verðlagsuppbótar og greidd er starfsmönnum ríkisins, miðað við allt að 4 mánaða þingsetu á ári.

2. gr.

Ríkisstjórnin sér hverjum þeim alþingismanni, sem búsettur er utan Reykjavíkur, fyrir leigulausum bústað á meðan á þingi stendur, enda hafi hann borið fram ósk um það með hæfilegum fyrirvara. Þeir utanbæjarþingmenn, sem kjósa að sjá sér sjálfir fyrir húsnæði, skulu fá húsaleigustyrk eftir mati þingfararkaupsnefndar. Ríkisstjórnin skal, svo fljótt sem verða má, láta reisa hús eða kaupa hús fyrir þingmannabústað og verja nægilegu fé úr ríkissjóði til þess. Rekstrarkostnaður þingmannabústaðar telst með alþingiskostnaði. Til bráðabirgða er ríkisstjórninni heimilt að leigja húsnæði til þessara nota.

3. gr.

Ferðakostnað og dvalarkostnað meðan á þingi stendur (fæðispeninga) fá alþingismenn, sem búsettir eru utan Reykjavíkur, endurgoldinn eftir reikningi.

Sameinað Alþingi kýs nefnd, sem úrskurðar ferða- og dvalarkostnaðarreikninga alþingismanna, en forsetar þingsins ávísa reikningunum.

4. gr.

Þegar fyrrv. alþingismaður, sem átt hefur setu á Alþingi 10 ár eða lengur, er orðinn 65 ára eða eldri eða er öryrki, skal greiða honum í eftirlaun 3000 kr. á ári, auk verðlagsuppbótar. Hafi hann eftirlaun annars staðar að eða aðrar tekjur, sem nema meiru en persónufrádrætti samkv. gildandi skattalögum, þá skal sú fjárhæð, sem er umfram persónufrádráttinn, dragast frá eftirlaununum, og falla þau niður, ef tekjurnar, að frádregnum persónufrádrætti, eru jafnháar eða hærri.

Ekkja alþingismanns, sem alls hefur setið á Alþingi í 10 ár eða lengur, skal án aldurstakmarks en að öðru leyti á sama hátt fá 1500 kr. í eftirlaun á ári.

5. gr.

Gjöld samkvæmt lögum þessum greiðast úr ríkissjóði.

6. gr.

Með lögum þessum eru úr gildi numin lög nr. 36 28. nóv. 1919, um þingfararkaup alþingismanna, og lög nr. 9 13. febr. 1943, um breyting á þeim lögum.

7. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi, og skal reikna kaup alþingismanna samkvæmt þeim frá því er reglulegt Alþingi árið 1948 er sett.

Greinargerð.

Frumvarp þetta er samið af milliþinganefnd, og var til þess ætlazt, að það yrði að lögum á Alþingi 1945. Því fylgdu eftirfarandi athugasemdir um einstakar greinar:

Um 1. gr.

Ætla má af reynslu næstliðinna ára, að þingseta á reglulegum þingum verði nálægt 4 mánuðum á ári. Þykir því rétt að miða við þá tímalengd, en lengri þing-

seta hækki kaupið hlutfallslega. Um upphæð launanna vísast til skýrslunnar, er fylgir um launakjör þingmanna annarra þjóða.

Um 2. gr.

Í þessari grein felst engin breyting frá því, sem gilt hefur undanfarin síðustu ár og þingsamþykktir eru fyrir.

Um 3. gr.

Í þessari grein felst það nýmæli, að þingmenn búsettir utan Reykjavíkur skuli samkvæmt henni fá fæðispeninga meðan á þingsetu stendur, og skulu fæðispeningar metnir af þingfararkaupsnefnd á sama hátt og húsnæðisstyrkur.

Um 4. gr.

Ákvæði þessarar greinar eru algert nýmæli. Þau áskilja þingmanni og ekkju þingmanns nokkur eftirlaun, ef þau hafa ekki aðrar tekjur, sem eftirlaununum svarar, þó því aðeins, að þingmaður hafi setið á Alþingi minnst 10 ár, og ekki þingmanni fyrr en hann er 65 ára að aldri eða eldri.

Ætla má, að fyrrv. alþingismenn hafi oftast nokkrar tekjur og jafnvel flestir hærri en hinni tilteknu fjárhæð nemur. Líklegt er því, að ekki komi mjög oft til þess, að eftirlaun verði greidd þingmanni. Hins vegar er varla við það unandi, að maður eða ekkja manns, sem haft hefur langvarandi það vanþakkláta en merkilega slitastarf að vera þjóðkjörinn löggjafi þjóðar sinnar, þurfi beinlínis að fara á vonarvöl.

Um 5. og 6. gr.

Um þessar greinar þarf ekki skýringa við.

Um 7. gr.

Ætlazt var til, að frumvarp þetta yrði að lögum á reglulegu Alþingi 1945. Þykir eðlilegt, að ákvæði þess verði látið gilda frá byrjun þessa þings.

Fylgiskjal I.

Nefndarálit milliþinganefndar um launakjör alþingismanna.

Á fundi í sameinuðu Alþingi 15. des. 1943 var gerð svo hljóðandi ályktun:

„Alþingi ályktar að kjósa 5 manna milliþinganefnd til að gera fyrir næsta reglulegt Alþingi tillögur um sæmileg launakjör alþingismanna.

Skal í því sambandi athugað, hvort ekki sé ástæða til að greiða þeim alþingismönnum, sem setið hafa á Alþingi tug ára eða meira, eða ekkjum þeirra, ellistyrk, er þeir láta af þingmennsku, ef þeir eiga ekki rétt til hans samkvæmt öðrum lögum."

Samkvæmt þingsályktun þessari kaus Alþingi í nefndina alþingismennina Lárus Jóhannesson, Bernharð Stefánsson, Brynjólf Bjarnason, Guðmund Í. Guðmundsson, Sigurð Kristjánsson. Á fundi sínum 17. s. m. kaus nefndin sér formann Bernharð Stefánsson, varaformann Lárus Jóhannesson og skrifara Sigurð Kristjánsson.

Vegna styrjaldarinnar hefur dráttur orðið miklu lengri á því, að nefndin lyki störfum, en ella mundi, því hún sá sér ekki fært að ganga frá málinu fyrr en hún m. a. hefði í höndum vitneskju um kjör þingmanna í sem flestum Evrópulöndum og í Bandaríkjum Norður-Ameríku. Skrifstofa Alþingis lét nefndinni í té rit með mikilsvarðandi upplýsingum um þetta efni, en að öðru leyti var þeirra aflað með aðstoð utanríkisráðuneytisins og sendiráðs erlendra ríkja.

Nefndin hélt alls 10 fundi, en nefndarmenn skiptu með sér verkum við öflun og athugun gagna innanlands og utan, og var því starf nefndarinnar aðallega unnið utan funda.

Launakjör þingmanna í ýmsum löndum.

Eftirfarandi upplýsingar um kaup og kjör þingmanna í ýmsum löndum eru tilgreind eins og þau voru fyrir styrjöldina, nema laun þingmanna Bandaríkjanna, þau eru tilgreind eins og þau voru árið 1944. Um nokkur lönd fengust ekki upplýsingar yngri en frá 1934. Er þess þá sérstaklega getið við hvert land.

Bandaríki Norður-Ameríku (1944).

Allir Congressmenn Bandaríkjanna fá 10 þúsund dollara að árslaunum. Þar að auki hafa þeir ríflega fjárveitingu fyrir skrifstofulið sitt. Hver öldungadeildarþingmaður hefur 6 eða 7 skrifara og skrifstofustúlkur, og nema árslaun þeirra samtals 13620—15120 dollurum.

Fulltrúadeildarþingmenn hafa rétt til að hafa 2 eða þrjá aðstoðarmenn á opinberum launum, sem alls nema 6500 dollurum. Congressmenn fá enn fremur 400 dollara fyrir almennum skrifstofukostnaði. Skrifstofuhúsnæði hafa þeir ókeypis í húsi þingsins.

Í viðbót við þessi fríðandi fá Congressmenn einnig mikla aðstoð við undirbúning mála hjá föstum starfsmönnum Congressins og hinna ýmsu þingnefnda. Auk þess hafa Congressmenn frían ferðakostnað. Þeir njóta ekki eftirlauna.

England (1939).

Fulltrúadeildarþingmenn fá £ 600 á ári, greitt mánaðarlega eða ársfjórðungslega eftir ósk.

Kaupgreiðslan er hin sama, hvort sem þingið stendur lengur eða skemur. En þingseta er venjulega 9 mánuðir.

Auk kaupsins fá þingmenn frían ferðir með járnbrautum og skipum milli kjördæmis síns og London, hvenær sem er á árinu.

Þingmennirnir hafa engin bein eftirlaun, en sérstakur sjóður, stofnaður 1939, veitir þingmönnum og ekkjum þeirra, sem verið hafa þingmenn 10 ár eða lengur, eftirlaun að fjárhæð £ 150, þó svo, að með öðrum tekjum þeirra fari tekjurnar ekki yfir 225 £ alls. Styrkur ekkju er £ 75-0-0, og má þó ekki með öðrum tekjum fara fram úr £ 125-0-0 á ári.

Danmörk (1939).

Samkvæmt kosningalögunum dönsku fær hver þingmaður kr. 4000.00 þóknun, þeir er í Kaupmannahöfn eða nágrenni búa. Hinir kr. 5200.00. Forsetarnir hafa þar að auki risnufé og embættisbústað ókeypis. Engin lagafyrirmæli eru um eftirlaun til handa fyrrverandi þingmönnum eða ekkjum þeirra. En þegar sérstaklega stendur á, er hægt að senda um þetta umsókn til Præsidiet, þ. e. a. s. forsetanna, um árlegan fjárstyrk. Álíti forsetar að umsókn sé á rökum byggð, tilkynna þeir forsætisráðuneytinu, að þess sé óskað, að styrkurinn verði veittur af sérstakri fúlgu í fjárlögunum til forsætisráðuneytisins, er kallast „styrkur um stundarsakir" og ætluð er eingöngu í þessu skyni. Fjárframlög þessi eru nú sem stendur kr. 72 þús., og hljóta ekkjur þingmanna langmestan hluta fjárins, því aðeins lítill hluti fjárins fer til fyrrv. þingmanna. Styrkur til ekkna má ekki fara fram úr kr. 600.00 á ári. En styrkur til fyrrv. þingmanna má vera kr. 1000.00. Eigi er tekið tillit til þess, hversu lengi þingmaður hefur starfað, þegar um styrk til ekkna er að ræða, en aftur á móti ræður þetta atriði nokkru um styrkveitingar til fyrrv. þingmanna. Þingið veitir fúlguna í einu lagi, og eru eigi lagðar fyrir það umsóknir frá hverjum einstökum.

Auk þessara hlunninda fá þingmenn fargjöld með járnbrautum, skipum og bifreiðum ríkisins ókeypis. Þingmenn búsettir á Jótlandi fá fargjöld heim einu sinni í viku með svefnvögnum. Hálft þingfararkaupið er skattfrjálst; það greiðist mánaðarlega fyrir fram, hvort sem þing situr eða ekki.

Noregur (1938).

Þingmenn fá að árslaunum kr. 7000.00 fyrir reglulegt þinghald, en auk þess kr. 30.00 á dag á aukaþingum. Fargjöld með járnbrautum og skipum eru ókeypis. Auk þess fá þingmenn á leið til þings og frá þingi dagpeninga, kr. 23.11 pr. dag.

Um þingtímann fá þingmenn, sem veikjast, greiddan sjúkrakostnað, og eftir þingtímann eftir úrskurði forsetanna. Deyi þingmaður á þingtímanum greiðist útfararkostnaður hans með ákveðinni fjárhæð.

Af þingkaupinu eru ⅔ skattfrjálsir.

Svíþjóð.

Fyrir stríð var kaup þingmanna, búsettra í Stokkhólmi, kr. 750.00 á mánuði, en kaup þingmanna utan Stokkhólms kr. 1000.00 á mánuði. Árið 1941 varð sú breyting á, að þingkaupið er árslaun, fyrir þá þingmenn, sem búsettir eru í Stokkhólmi, kr. 3600.00 á ári, en þingmenn búsetta utan Stokkhólms kr. 4500.00 á ári, án dýrtíðaruppbótar. Hvort tveggja miðast við fjögurra mánaða þingsetu.

Þingmenn fá ókeypis fargjöld til þings og frá þingi og dagpeninga, kr. 25.00 á dag, meðan á ferðum stendur. Þingmenn hafa einnig rétt til ókeypis ferða heim um þingtímann. Þingmenn búsettir utan þingstaðar hafa skattfrjálsa ⅔ af þingfararkaupi.

Finnland (1934).

Þingmenn fá í árslaun 24 þús. mörk. Gert er ráð fyrir, að þingið standi í þrjá mánuði eða 120 daga og að dagkaupið sé 200 mörk. Auk þess fá þingmenn ókeypis fargjöld með ríkisjárnbrautum.

Allt þingkaupið er skattfrjálst. Eftirlaun engin.

Írland (1934).

Kaup þingmanna er 360 sterlingspund á ári. Greiðist hvort sem þingið stendur lengur eða skemur. Auk þess fá þingmenn ferðakostnað greiddan á milli kjördæmis og þingstaðar.

Þingkaupið er allt skattfrjálst.

Belgía (1934).

Árslaun þingmanna þjóðþingsins eru 42 þús. frankar. Auk þess fá þingmenn greiddan ferðakostnað.

Hálft þingkaupið er skattfrjálst. Eftirlaunarétt hafa þingmenn eftir ákvörðun deildarinnar.

Holland (1934).

Árslaun þingmanna eru 4500 flórínur. Auk þess fargjöld með ríkisjárnbrautum og ferðakostnaður, þegar sérstaklega stendur á.

Þingmenn fá 120 flórínur í eftirlaun fyrir hvert ár, sem þeir hafa verið þingmenn, þó ekki yfir 2800 flórínur á ári.

Ekknaeftirlaun eru helmingur eftirlauna þingmanns, og auk þess fá þær 1/10 eftirlauna þingmanns með hverju ómyndugu barni þeirra.

Með börnum þingmanna, ef báðir foreldrarnir eru dánir, greiðist 1/10 hluti af eftirlaunum föður þeirra.

Þingkaupið er skattfrjálst.

Frakkland (1934).

Árslaun þingmanna eru 60 þús. frankar, þar af er kaup 33 þús. frankar, en skrifstofukostnaður 27 þús. frankar.

Þingmenn hafa frítt far með 1. fl. vögnum á járnbrautum allt árið, eða hvort sem þeir sitja á þingi eða ekki. Þingkaupið er skattskylt, en skrifstofufé skattfrjálst.

Sérstakur eftirlaunasjóður, sem þingmenn greiða iðgjöld til, greiðir eftirlaun til fyrrv. þingmanna, ekkna þeirra og ungra barna.

Síðan 1934 hefur þingkaupið hækkað upp í 90 þús. franka á ári. Kaup og kjör eru hin sömu fyrir beggja deilda þingmenn.

Ekki þykir ástæða til að taka með í þessari skýrslu þau lönd, sem nú búa við önnur stjórnarform en þingbundna stjórn. En þess skal getið, að í Austurríki, Ungverjalandi, Tékkóslóvakíu, Spáni, Ítalíu og Þýzkalandi var kaup þingmanna fyrir stríð skattfrjálst.

Fylgiskjal II.

Upplýsingar frá forsætisráðherra, Stefáni Jóh. Stefánssyni.

Noregur.

Þingmenn fá nú n. kr. 9500 í árslaun, miðað við að þingið standi eigi lengur en 6 mánuði. — Fengu áður kr. 7000. Á aukaþingum fá þeir kr. 45 á dag, í stað 30 kr. áður. Þingfararkaup virðist nú eigi vera skattfrjálst.

Danmörk.

Árslaun þingmanna, búsettra í Kaupmannahöfn, eru nú d. kr. 5700 og utanbæjarþingmanna kr. 7200 til 8700 í stað kr. 4000 og 5000 áður. Þá hefur þar verið sett ýtarleg löggjöf um eftirlaun þingmanna og ekkna þeirra.

Eftirlaun greiðast fyrst eftir 10 ára þingsetu og ef þingmaður hefur náð 50 ára aldri. Þau eru frá 1600 á ári til kr. 4000. Eftirlaun ekkna eru 700 kr. á ári, hafi eiginmaðurinn ekki verið búinn að ná eftirlaunarétti, en annars eru þau ⅔ hlutar af þeim lífeyri, sem þingmanninum hafði borið.

Ed. 438. Lög [14. mál]

um kyrrsetningu og lögbann.

(Afgreidd frá Ed. 8. marz.)

Samhljóða þskj. 401 (sbr. 14).

Ed. 439. Lög [127. mál]

um sölu á steinolíu, hráolíu, benzíni og smurningsolíu.

(Afgreidd frá Ed. 8. marz.)

Samhljóða þskj. 330.

Ed. 440. Lög [128. mál]

um bæjarstjórn í Keflavík.

(Afgreidd frá Ed. 8. marz.)

Samhljóða þskj. 399.

Ed. 441. Breytingartillaga [32. mál]

við frv. til l. um breyt. á vegalögum, nr. 34 22. apríl 1947.

Frá Lárusi Jóhannessyni.

Við 1. gr. Stafl. m. skal orða svo:
Liðinn D. 8. skal orða svo:
Hróarstunguvegur eystri: Af Austurlandsvegi hjá Rangá, um Kirkjubæ, Gunnhildargerði og Nefbjarnarstaði og áfram í samband við Hróarstunguveg nyrðri nálægt Geirastöðum.

Sþ. 442. Fyrirspurnir. [160. mál]

I. Til ríkisstjórnarinnar um aðflutninga til Keflavíkurflugvallar o. fl.

Frá Einari Olgeirssyni.

1. Hve miklu nemur innflutningur Bandaríkjamanna til Keflavíkurflugvallar á hinum ýmsu vörutegundum, sem þangað hafa verið fluttar 1948, hvað magn og verð snertir; og sérstaklega á áfengi, bjór og tóbaki?
2. Hve mikið hafa Bandaríkjamenn greitt í toll af þessum vörum á árinu 1948; sérstaklega hve mikið afgjald hafa þeir greitt af tóbaki og áfengi?
3. Hve mikið hafa einstakir Bandaríkjamenn, sem starfað hafa á Keflavíkurflugvelli, og amerísk félög, sem rekið hafa þar atvinnu, greitt í tekjuskatt, eignarskatt, útsvar, stríðsgróðaskatt og aðra skatta?
4. Hve mikinn gjaldeyri hafa bankarnir keypt af Bandaríkjamönnum og amerískum félögum, sem starfa á Keflavíkurflugvelli, árið 1948?
5. Hve margir Bandaríkjaþegnar unnu 1. jan. 1949 á Keflavíkurflugvelli og við byggingar þar? Hve margir Íslendingar? Hvað voru samsvarandi tölur 1. jan. 1948?
6. Hve margir Bandaríkjaþegnar, auk sendiráðsstarfsmanna, hafa nú húsnæði á leigu í Reykjavík og Keflavík og samkvæmt hvaða lögum?

II. Til ríkisstjórnarinnar um verð á rafmagni til heimilisnota.

Frá Jónasi Jónssyni.

Hve mikið kostar kwstund af rafmagni til heimilisnota í: Reykjavík, Akureyri, Sandgerði, Selfossi, Þykkvabæ, Grenjaðarstað, Hvanneyri, Akranesi?

Nd. 443. Breytingartillaga [54. mál]

við frv. til l. um breyt. á l. nr. 33 12. febr. 1945, um breyt. á l. nr. 30 19. júní 1933, um sjúkrahús o. fl.

Frá Áka Jakobssyni.

Á eftir 1. gr. frumvarpsins kemur ný grein (2. gr.), svo hljóðandi:
Á eftir orðunum „á Austurlandi", í 2. efnismgr. sömu lagagr. komi: og sjúkrahús, sem reist eru á þýðingarmiklum útgerðarstöðum, þar sem mikið safnast saman af sjómönnum og verkafólki úr öðrum landshlutum.

Ed. 444. Lög [101. mál]

um heimild fyrir ríkisstjórnina til að selja landræmu úr Öskjuholtslandi í Landsveit.

(Afgreidd frá Ed. 10. marz.)

Samhljóða þskj. 208.

Ed. 445. Nefndarálit [13. mál]

um frv. til l. um veitingu ríkisborgararéttar.

Frá allsherjarnefnd.

Allsherjarnefnd hefur athugað mál þetta, og samþykkti meiri hluti hennar (GÍG, LJóh og ÞÞ) að leggja til, að haldið yrði fast við fyrri reglur hennar, sem sé að veita ekki ríkisborgararétt að sinni öðrum en mönnum fæddum á Íslandi og Skandinövum, sem verið hafa hér samfleytt síðustu 10 ár og ekkert er athugavert við. Auk þess vill þessi nefndarmeirihluti gera undantekningu að því er snertir nunnurnar.

Minni hlutinn (BrB) vill veita þeim mönnum ríkisborgararétt, hverrar þjóðar sem er, sem sótt hafa og uppfylla skilyrðin og ekki er neitt athugavert við.

Hermann Jónasson var ekki staddur á fundi þeim, er tók ákvörðun þessa.

Í frv. eins og það var samþykkt við 3. umr. í Nd. eru nokkrir menn, sem ekki uppfylla þau skilyrði, sem meiri hluti nefndarinnar telur, að eigi að fara eftir, en hann vill þó ekki setja málið í hættu með því að leggja til, að þeir verði teknir út úr frv.

Nefndarmenn hafa óbundnar hendur við atkvæðagreiðslu um einstaka menn og þær brtt., sem fram kunna að koma.

Í samræmi við framanskráð leggur nefndin til, að frv. verði samþykkt með eftirtöldum

BREYTINGUM:

Við 1. gr. Við greinina bætist nýir liðir:

1. Johannessen, Marie, verkakona, Háteigsvegi bragga 16 í Reykjavík, fædd í Bergen 3. marz 1902.
2. Stangeland, Arne, verzlunarmaður, Fáskrúðsfirði, fæddur í Bergen 23. ágúst 1919.

Alþingi, 9. marz 1949.

Guðm. Í. Guðmundsson, form.	Lárus Jóhannesson, fundaskr., frsm.	Þorst. Þorsteinsson.

Brynj. Bjarnason.

Nd. 446. Frumvarp til laga [161. mál]

um Laxárvirkjunina.

(Lagt fyrir Alþingi á 68. löggjafarþingi, 1949.)

1. gr.

Laxárvirkjunin nefnist í lögum þessum núverandi virkjun Laxár í Suður-Þingeyjarsýslu við Brúar og aukningar hennar allt að fullvirkjun fallsins í þeim gljúfrum og tekur yfir orkuverið og aðalorkuveituna til Akureyrar.

Laxárvirkjunin skal rekin sem sjálfstætt fyrirtæki með sérstöku reikningshaldi samkvæmt reglugerð, sem ráðherra staðfestir.

Heimili og varnarþing Laxárvirkjunarinnar skal vera á Akureyri.

2. gr.

Akureyrarkaupstað er heimilað að reka Laxárvirkjunina og auka hana frá því, sem nú er, samkvæmt lögum þessum.

Ríkissjóður ábyrgist lán, sem Akureyrarkaupstaður tekur til aukningar Laxárvirkjunarinnar, sbr. 1. málsgrein, að upphæð allt að 22 milljónum króna eða tilsvarandi upphæð í erlendum gjaldeyri, þó eigi yfir 85% af kostnaðarverði, enda samþykki fjármálaráðherra lánskjörin.

3. gr.

Þegar hafin verður virkjun næst eftir þeirri, sem nú er í undirbúningi og hvenær sem er eftir það, getur ríkissjóður gerzt meðeigandi að Laxárvirkjuninni með því að kaupa helming mannvirkja hennar. Kaupverðið eða hluta þess má ríkissjóður inna af hendi með því að taka á sig ábyrgð að tilsvarandi hluta lána og annarra greiðsluskuldbindinga fyrirtækisins. Kaupverð mannvirkja, sem fyrir eru, þegar lög þessi ganga í gildi, skal, ef samkomulag fæst ekki, ákveðið með mati samkvæmt lögum um framkvæmd eignarnáms, en kaupverð þeirra mannvirkja, sem gerð eru eftir þann tíma, skal vera kostnaðarverð þeirra, að frádreginni eðlilegri fyrningu.

Síðari aukningar framkvæma Akureyrarbær og ríkissjóður í félagi og kosta að jöfnu, unz fallið við Brúar er fullvirkjað, nema samkomulag verði milli aðila um aðra tilhögun.

4. gr.

Þegar ríkissjóður er orðinn meðeigandi að Laxárvirkjuninni samkvæmt 3. gr., skal stjórn fyrirtækisins falin nefnd 5 manna, sem nefnist stjórn Laxárvirkjunarinnar, og tilnefnir bæjarstjórn Akureyrar tvo menn í stjórnina, ríkisstjórnin tvo, en hæstiréttur fimmta manninn. Skal hann vera búsettur á orkuveitusvæðinu. Stjórnin skal skipuð til þriggja ára í senn.

Stjórn Laxárvirkjunarinnar hefur á hendi stjórn og rekstur hennar, undirbúning og framkvæmd aukninga og breytinga á mannvirkjum hennar. Hún getur ekki skuldbundið eigendurna að því er snertir ábyrgð á lánum og greiðsluskuldbindingum til aukinna framkvæmda eða breytinga á mannvirkjum, nema að fengnu samþykki þeirra hvors um sig.

Þegar ríkissjóður er orðinn meðeigandi í Laxárvirkjuninni, skulu nánari fyrirmæli um stjórn og rekstur virkjunarinnar sett í reglugerð, sem stjórn Laxárvirkjunarinnar setur með samþykki beggja eigenda og ráðherra staðfestir, sbr. og 1. gr.

5. gr.

Áður en byrjað er á nýju verki eða aukningu eða breytingu á mannvirkjum, sem fyrir eru, skal senda ráðherra uppdrætti af hinum fyrirhuguðu framkvæmdum, ásamt lýsingu af þeim. Getur ráðherra krafizt þeirra breytinga á fyrirhugaðri tilhögun verksins, sem nauðsynlegar kunna að þykja vegna almenningshagsmuna að dómi sérfræðinga ríkisstjórnarinnar.

6. gr.

Laxárvirkjunin selur rafveitu Akureyrar og rafmagnsveitum ríkisins raforku við kostnaðarverði, að viðbættum allt að 5%. Skal verð þetta, ef samkomulag ekki næst, ákveðið með mati, samkvæmt 147. gr. 1. b. vatnalaganna frá 1923.

Allur tekjuafgangur, sem verða kann af rekstri Laxárvirkjunarinnar, rennur í varasjóð hennar. Varasjóðnum má eingöngu verja í þágu Laxárvirkjunarinnar og til aukninga á mannvirkjum hennar.

7. gr.

Skylt er Laxárvirkjuninni að selja rafveitu Akureyrar og rafmagnsveitum ríkisins það afl, sem þessir aðilar þurfa til þess að fullnægja rafaflsþörfinni hvor á sínum hluta orkuveitusvæðisins, meðan afl virkjunarinnar endist.

Þegar fallið í gljúfrunum við Brúar er fullvirkjað og farið er að afla viðbótarafls frá öðrum orkuverum, skal afl Laxárvirkjunarinnar skiptast á milli eigenda í sama hlutfalli og eignin skiptist milli þeirra, nema samkomulag verði um annað. Hvorugum aðilanum skal þó skylt að láta af hendi það afl, sem hann hefur fest kaup á og tekið í notkun, fyrr en fallið er fullvirkjað og nægilegt afl er fengið annars staðar frá.

8. gr.

Með lögum þessum eru úr gildi numin lög nr. 43 13. júní 1937, um virkjun Laxár í Suður-Þingeyjarsýslu.

9. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Margt er svipað með Laxá í Suður-Þingeyjarsýslu og Soginu að því er tekur til skilyrða til hagnýtingar afls þeirra. Báðar árnar renna á kafla um töluverða bratta og eru fossar í þeim. Þær renna úr stórum stöðuvötnum og hafa því tiltölulega jafnt rennsli allt árið um kring, og eru bergvatnsár með litlum sem engum framburði. Fremur auðvelt er að virkja þær í áföngum, en eru þó fullvirkjaðar svo aflmiklar, hvor um sig, að nægir um alllangan aldur þeim landshlutum, sem þær eru í. Hins vegar er í hvorugum þessum landshluta um aðrar ár að ræða, sem séu svipað því eins vel fallnar og þessar til orkuvinnslu til almenningsþarfa, á meðan ekki er um meiri aflþörf að ræða en nú er og verða mun fyrst um sinn. Fjarlægð Laxár frá Akureyri er svipuð fjarlægð Sogsins frá Reykjavík. Það er eðlilegt, að íbúar þessara kaupstaða hafi orðið á undan öðrum íbúum landshlutanna að hagnýta sér afl þessara fallvatna, svo miklu auðveldara er það í þéttbýli en í strjálbýli að koma upp rafveitum. Frá upphafi var þó að sjálfsögðu út frá því gengið, að íbúar allra nálægra héraða yrðu aðnjótandi afls þessara fallvatna svo fljótt sem töku yrðu á, og kemur þetta fram í lögum, sem Alþingi hefur sett um virkjanir Sogsins og Laxár.

Frv. til laga um virkjun Sogsins mun fyrst hafa verið samið af Jóni Þorlákssyni og Sigurði Jónassyni, en þeir voru kjörnir í undirnefnd í þessu skyni úr milliþinganefnd í raforkumálum árið 1931. Frumvarpið var lagt fram í nefndinni 15. marz 1931 og samþykkt á fundi hennar 18. marz s. á. og sent til ríkisstjórnarinnar. Frumvarpið var samþykkt sem lög frá Alþingi 31. maí 1933, að telja óbreytt. Lögin mæla svo fyrir, að jafnframt því að virkjunin selur raforku til rafmagnsveitu Reykjavíkur, er henni skylt að láta í té raforku til almenningsnota í nærliggjandi héruðum við kostnaðarverði, að viðbættum allt að 5%, að Reykjavíkurbæ er skylt að auka virkjunina í þessu skyni, ef með þarf, allt upp í það, að fallvatnið sé að hálfu fullvirkjað, en þegar auka þurfi virkjunina fram yfir það, að fallvatnið sé virkjað til hálfs, skuli ríkisstjórnin framkvæma aukninguna og ríkissjóður gerast meðeigandi að Sogsvirkjuninni, nema samkomulag verði við bæjarstjórn Rvíkur um aðra tilhögun. Varasjóður virkjunarinnar verði þá eign Reykjavíkurbæjar að réttri tiltölu við greiðslur þær, er sjóðurinn hefur myndazt af, frá rafmagnsveitu Reykjavíkur annars vegar og notendum utan hennar hins vegar, en stjórn fyrirtækisins verði þá skipuð 5 mönnum: tveim, er bæjarstjórn Reykjavíkur kýs, tveim, er tilnefndir verða af þeim aðilum utan rafmagnsveitu Reykjavíkur, sem njóta orku frá Sogsvirkjuninni, og hinum fimmta, er hæstiréttur tilnefnir. Á þingi 1946 var Sogslögunum breytt lítils háttar, og eru þetta helztu breytingar og við-

bætur, sem máli skipta í þessu sambandi: Orðalagi nokkurra greina er breytt þannig, að tæki af allan vafa um það, að lögin ættu við fulla virkjun Sogsins, allt frá Þingvallavatni niður fyrir Kistufoss; ríkissjóði var veittur réttur til að gerast meðeigandi að Sogsvirkjuninni fyrr en Sogið væri virkjað að hálfu, og loks var svo ákveðið, að í stað þeirra aðila utan rafmagnsveitu Reykjavíkur, sem njóta orku frá Sogsvirkjuninni, skyldi ríkisstjórnin tilnefna menn í stjórn virkjunarinnar.

Lögin um virkjun Laxár í S.-Þing. voru samþykkt á Alþingi 1937, á fyrra þingi þess árs. Þau eru ekki eins ýtarleg eins og lögin um Sogsvirkjunina, enda var frv. samið í flýti og fram borið undir lok þings svo seint, samkv. ummælum flm., þm. Akureyrar, að tími hafði ekki orðið til að senda bæjarstjórn Akureyrar það til meðferðar né bera það undir þingmenn þeirra héraða, sem hagsmuna höfðu að gæta í sambandi við virkjunina. Vegna þess undirbúnings, sem þegar var hafinn af hálfu Akureyrarkaupstaðar, var rík áherzla lögð á, að fá frv. afgreitt á því þingi og fór það með afbrigðum gegnum báðar deildir þingsins á síðustu dögum þess. Í lögunum um virkjun Laxár er þó gert ráð fyrir því, að þá raforku, sem umfram kann að verða þörf notenda í Akureyrarkaupstað á hverjum tíma, selji Laxárvirkjunin til almenningsnota í nærliggjandi héruðum við kostnaðarverði að viðbættum 10%, þó aldrei hærra verði en greitt er fyrir raforkuna á Akureyri miðað við afhendingu á sama stað. Enn fremur er Akureyrarbæ heimilað að auka virkjunina í þessu skyni, þegar á þarf að halda og fé er fyrir hendi.

Árið 1947 var raforkusala frá Sogsvirkjuninni til notenda utan Reykjavíkur 23½% af allri raforkusölu hennar. Þessi hluti á eftir að aukast á næstu árum, en þó ekki mjög ört. Íbúar í Reykjavík eru nú taldir 52000. Tala þeirra, sem nota rafmagn frá Sogi utan Reykjavíkur, er sem stendur kringum 11500. Nýjar veitur munu bætast við síðar, en þó tiltölulega fámennar. Íbúar Akureyrar og Glerárþorps eru nú taldir 7000. Nú þegar nota rafmagn frá Laxárvirkjuninni kringum 1470 manns utan Akureyrar. Þegar Dalvíkurlínan hefur verið lögð, hækkar þessi tala upp í ca. 3000. Er þá enn eftir að tengja fjölmenn héruð, jafnvel kaupstaði, við Laxárvirkjunina. Afl Laxárvirkjunarinnar verður því væntanlega tiltölulega meira notað utan Akureyrar en afl Sogsvirkjunarinnar utan Reykjavíkur. Bæði þessi orkuver verða þó án efa síðar þættir í enn stærri orkuveitukerfum.

Hinn 11. okt. 1946 sótti bæjarstjórn Akureyrar til atvinnumálaráðuneytisins samkvæmt raforkulögunum um leyfi til að mega auka Laxárvirkjunina. Sérfróðir ráðunautar ríkisstjórnarinnar töldu ekki þær rannsóknir og áætlanir um virkjunina, sem gerðar höfðu verið, fullnægjandi. Jafnframt taldi ríkisstjórnin þurfa að athuga nánar, á sama hátt og gert hafði verið í sambandi við virkjun Sogsins, á hvern hátt skyldi tekið tillit til þess, að Laxárvirkjunin gat ekki skoðazt orkugjafi Akureyrarbæjar sérstaklega, en að auðsætt var, að Þingeyjar- og Eyjafjarðarsýslur og væntanlega enn stærri hluti landsins hlaut um alllangan aldur að sækja raforku sína í Laxárvirkjunina. Ráðuneytið skýrði því bæjarstjórn Akureyrar frá því, að það teldi, að þessi hlið málsins yrði að takast til nánari athugunar, en ríkisstjórnin myndi leita heimildar Alþingis til þess að mega, meðan slík athugun færi fram, láta halda áfram og ljúka tekniskum undirbúningi að virkjun og jafnvel hefja framkvæmd hennar, svo að dráttur þyrfti ekki að verða á framkvæmd verksins. Alþingi veitti þessa heimild með þingsályktun um aukningu Laxárvirkjunarinnar, sem samþykkt var 24. maí 1947.

Síðan hafa farið fram alllangvarandi viðræður milli fulltrúa ríkisstjórnarinnar annars vegar og fulltrúa bæjarstjórnar Akureyrar hinsvegar um það, hvernig stjórn og eignarumráðum yfir Laxárvirkjuninni skyldi háttað framvegis. Lögðu fulltrúar ríkisstjórnarinnar til, að Laxárvirkjunin yrði nú þegar gerð að sameign Akureyrarbæjar og ríkisins og töldu, að Laxárvirkjunin væri að öllu leyti svo hliðstæð Sogsvirkjuninni, að um Laxárvirkjunina mættu gilda sams konar ákvæði

og samningar sem um Sogsvirkjunina. Bæjarstjórn Akureyrar óskaði þess hins vegar mjög eindregið, að mega sjálf auka virkjunina og reka hana áfram.

Að lokum hefur orðið samkomulag um, að ríkisstjórnin legði fram á Alþingi frumvarp það til laga um Laxárvirkjunina, sem hér liggur fyrir.

Um einstakar greinar frumvarpsins skal þetta tekið fram:

Um 1. gr.

Af sérfræðingum ríkisstjórnarinnar er það talið eðlilegt og raunar nauðsynlegt, að virkjun alls fallsins í gljúfrunum við Brúar sé rekið sem eitt fyrirtæki. Enda þótt fallið verði virkjað í tvennu lagi í þeim skilningi, að stíflur verði tvær og vélahús tvö, þá verða mannvirkin svo samantengd og rekstur svo samtvinnaður, að líta ber á þetta sem eitt orkuver og haga rekstrinum samkvæmt því. Á tillögu, sem fram hefur komið, um það, að tveir aðilar virki hvor sinn hluta af fallinu, verður því ekki fallizt. Ef Laxá verður virkjuð víðar, svo sem uppi við Mývatn og við Laxamýri, þá verður að sjálfsögðu samvinna nauðsynleg milli þeirra orkuvera og Laxárvirkjunarinnar um vatnsnotkunina, en þetta verða þó í eðli sínu sjálfstæð orkuver og geta verið aðskilin fyrirtæki. Laxárvirkjunin er því í greininni skilgreind sem virkjun fallsins í gljúfrunum við Brúar allt að fullvirkjun þess.

Það verður að teljast af ýmsum ástæðum eðlilegt, að háspennutaugar til Akureyrar og aðalspennistöð þar heyri með til Laxárvirkjunarinnar á sama hátt og veita frá Sogi til Reykjavíkur telst til Sogsvirkjunarinnar.

Nauðsyn þess, að Laxárvirkjunin sé rekin sem sjálfstætt fyrirtæki með sérstöku reikningshaldi, leiðir af því, sem þegar er sagt, enda er einnig svo fyrir mælt í núgildandi lögum um virkjun Laxár og tilsvarandi ákvæði í lögum um Sogsvirkjunina.

Um 2. gr.

Eins og 3. gr. segir, er í frv. ekki gert ráð fyrir, að ríkissjóður verði meðeigandi Laxárvirkjunarinnar fyrr en kemur að næstu virkjunaraukningu eftir því sem nú er í undirbúningi, og framkvæmi því Akureyrarbær þessa aukningu. Er nú fyrirhuguð virkjun neðri hluta fallsins í gljúfrunum við Brúar, 11500 hö., og er heildarkostnaður virkjunarinnar ásamt aðalorkuveitu til Akureyrar áætlaður um 25 milljónir króna. Er lagt til, að ríkissjóður ábyrgist lán, er Akureyrarbær tekur til virkjunarinnar, allt að 85% af stofnkostnaði, eins og venja er orðin.

Um 3. gr.

Þessi grein, sem fjallar um heimild ríkissjóðs til að gerast meðeigandi að Laxárvirkjuninni, styðst að nokkru leyti við 7. gr. Sogsvirkjunarlaganna. Þau lög gera ríkinu að skyldu, ef Reykjavík óskar þess, að gerast meðeigandi að Sogsvirkjuninni, þegar virkjunin verður aukin fram yfir það, að Sogið sé virkjað að hálfu, en heimilar hins vegar ríkinu að gerast meðeigandi fyrr.

Þetta frv. veitir ríkisstjórninni heimild til að gerast meðeigandi að Laxárvirkjuninni um leið og farið er að auka hana fram yfir þá virkjun, sem nú stendur fyrir dyrum, en gerir ríkisstjórninni það hins vegar ekki að skyldu. Það virðist þó mega ganga út frá því, eins og raforkulöggjöf landsins er nú háttað, að ríkið myndi gerast þátttakandi í virkjuninni, hvenær sem Akureyrarbær kynni að æskja þess. Þá er svo fyrir mælt í grein þessari, að mannvirki, sem gerð verða eftir að frv. þetta verður að lögum, gangi inn í sameignina með kostnaðarverði, að frádreginni eðlilegri fyrningu, ef ríkið gerist meðeigandi virkjunarinnar. Um verð mannvirkja, sem nú þegar eru fyrir hendi, fari fram samningar, en það ákveðist með mati, ef samkomulag næst ekki, sbr. tilsvarandi grein Sogslaganna.

Um 4. gr.

Í Sogsvirkjunarlögunum var svo fyrir mælt, að stjórn Sogsvirkjunarinnar skyldi, þegar ríkið væri orðið meðeigandi, skipuð 5 mönnum, tveim tilnefndum af bæjarstjórn Reykjavíkur, tveim af ríkisstjórninni og hinum fimmta tilnefndum af hæstarétti. Þessu hefur nú verið breytt með lögum, og er nú bæjarstjórn ætlað að tilnefna 3 en ríkisstjórninni 2, meðan Reykjavíkurbær á meira en helming virkjunarinnar.

Með því að frv. gerir ráð fyrir, að eignin skiptist ávallt að jöfnu milli aðila, ef til sameignar kemur, þykir vel viðeigandi að hafa ákvæði um skipun stjórnar Laxárvirkjunarinnar tilsvarandi fyrri ákvæðum Sogsvirkjunarlaganna um stjórn hennar.

Um 5. gr.

Greinin þarf ekki skýringar við.

Um 6. gr.

Ganga má út frá því, að aðalviðskiptavinir Laxárvirkjunarinnar verði rafveita Akureyrar og rafmagnsveitur ríkisins, með því að gera verður ráð fyrir, að rafmagnsveitur ríkisins sjá um orkuflutning frá virkjuninni til annarra notenda en á Akureyri samkvæmt raforkulögum. Greinin tryggir báðum þessum aðilum raforku við kostnaðarverði, því að ákvæðið um 5% álagningu, sem er sú sama sem Sogslögin leyfa, er fremur sett með hliðsjón af því, hve erfitt er að ákveða kostnaðarverð nákvæmlega, heldur en með hagnað handa fyrirtækinu fyrir augum. Hins vegar verður að reikna með því, að í kostnaðarverði sé meðreiknað hæfilegt gjald í varasjóð. Orðalag greinarinnar útilokar ekki þann möguleika, að raforka verði seld þriðja aðila eftir því sem lög standa til að öðru leyti.

Það mun mega telja það orðið viðurkennt hér á landi, að tekjuafgangi, sem verða kann af rekstri raforkuvera og raforkuveitna beri að verja eingöngu í þágu fyrirtækjanna sjálfra eða til vaxandi raforkuöflunar yfirleitt, svo mikil eru verkefnin framundan á þessu sviði. Tilgangurinn með ákvæðinu, að tekjuafgangur skuli renna í varasjóð fyrirtækisins, er að tryggja þetta að því er Laxárvirkjunina snertir.

Um 7. gr.

Rétt þykir að ganga út frá þeirri aðalreglu, að telja eftirspurn eftir raforku jafnréttháa, hvar sem er á orkuveitusvæðinu, utan Akureyrarkaupstaðar sem í kaupstaðnum. Þetta haggar þó ekki þeirri sjálfsögðu reglu, að mikilsvarðandi raforkunotkun (svo sem til ljósa, ýmiss konar iðnaðar m. m.) verði látin sitja fyrir þeirri, sem minna máli skiptir (t. d. hibýlahitun), ef svo fer, að takmarka þarf rafmagnsnotkun vegna aflskorts.

Óhjákvæmilegt þykir að taka fram, hvernig afl virkjunar skuli skiptast milli eigenda að lokum, þegar fallið er fullvirkjað og fullnotað og virðist þá eðlilegast, að það skiptist í sama hlutfalli og eignin, nema samkomulag verði um annað, þegar þar að kemur.

Ed. 447. Breytingartillaga [13. mál]

við frv. til l. um veitingu ríkisborgararéttar.

Frá Brynjólfi Bjarnasyni.

Við 1. gr. Á eftir 24. lið komi nýr liður:

Friedländer, Heinz Karl, vélamaður í Reykjavík, fæddur í Þýzkalandi 27. ágúst 1914.

Nd. 448. Breytingartillögur [141. mál]

við frv. til l. um iðnfræðslu.

Frá Páli Þorsteinssyni og Ingólfi Jónssyni.

1. Á eftir 13. gr. komi ný grein, svo hljóðandi (greinatalan breytist samkv. því):
   Heimilt er mönnum að ganga undir próf í verklegum efnum í ákveðnum iðngreinum, þó að þeir hafi ekki stundað iðnnám hjá ákveðnum meistara eða iðnfyrirtæki, sem löggilt hefur verið samkvæmt 7. gr., né gert námssamninga samkvæmt 11. gr., ef þeir uppfylla eftirtalin skilyrði:
   a. Hafa tekið próf frá iðnskóla í bóklegum fræðum eða annað próf, sem að dómi iðnfræðsluráðs jafngildir því prófi;
   b. sanna með vottorði frá sveini eða meistara í iðninni, að þeir hafi starfað að henni og fengið í henni góða æfingu.

   Próflausnir þeirra, er óska að taka próf eftir þessari grein, skulu valdar af iðnfræðsluráði og prófdómendum og valdar þannig, að eins auðvelt verði eftir lausn þeirra að dæma hæfni nemanda til starfsins og þeirra, er nám hafa stundað fullan námstíma, eftir þeim prófverkum, sem fyrir þá eru lögð.

   Dæmist nemandi, er gengur undir próf eftir þessari grein, standast prófið, skal hann fá sveinsbréf undirritað af prófdómendum og formanni iðnfræðsluráðs.
2. Við 15. gr. Fyrir orðin „sbr. þó 23. gr.“ komi: sbr. þó 24. gr.
3. Við 21. gr. Fyrir orðin „sbr. þó 15. gr.“ komi: sbr. þó 16. gr.
4. Við 26. gr. Fyrir orðin „er greinir í 25. gr. 3. a.—c.“ komi: er greinir í 26. gr. 3. a.—c.

Nd. 449. Nefndarálit [38. mál]

um frv. til l. um húsaleigu.

Frá öðrum minni hl. allsherjarnefndar.

Nefndin hefur athugað frv. og eigi orðið sammála um afgreiðslu þess. Tveir nefndarmenn (StSt og JóhH) vilja samþykkja það óbreytt, einn nefndarm. (JörB) mun leggja fram brtt. við það, en við undirritaðir leggjum til, að það verði felld.

Nefndin hafði leitað umsagnar Leigjendafélags Reykjavíkur og Fasteignaeigendafélags Reykjavíkur um málið, og eru álitsgerðir félaga þessara prentaðar sem fskj. með nál. þessu. Í umsögn hins fyrrnefnda félags eru færð glögg og skýr rök fyrir því, að afnám laga um húsaleigu mundi valda miklum vandkvæðum, en að því stefnir frv. það, er hér um ræðir. Hið síðarnefnda félag, Fasteignaeigendafélag Reykjavíkur, hefur hins vegar sent allshn. tillögu, er samþykkt var á fundi í félaginu hinn 12. des. s. l., í stað rökstuddrar umsagnar. Jafnvel þó slík málsmeðferð sé óvenjuleg, hafa undirritaðir talið rétt að birta bréf þetta Alþingi.

Ýmis rök geta að vísu hnigið í þá átt, að rétt sé að rýmka nokkur ákvæði húsaleigulaganna, og áskilja undirritaðir sér því rétt til að flytja eða fylgja brtt. við frv., fari það áfram til þriðju umræðu, en tæplega getur nokkur í fullri alvöru krafizt algers afnáms húsaleigulaganna, eins og nú er ástatt.

Alþingi, 10. marz 1949.

Finnur Jónsson, frsm. Áki Jakobsson.

Fylgiskjal I.

Reykjavík, 20. des. 1948.

Vér höfum móttekið bréf allsherjarnefndar neðri deildar Alþingis, þar sem óskað er umsagnar vorrar um frumvarp það til laga um húsaleigu, er nú liggur fyrir Alþingi.

Framan greint frumvarp felur einvörðungu í sér afnám húsaleigulaganna, nr. 39 7. apríl 1943, sbr. 2. gr. frv., en 1. gr. virðist aðeins gerð til að draga nokkuð á langinn þær afleiðingar, sem frv. mundi valda, ef að lögum yrði.

Nú var það skýlaus tilgangur húsaleigulaganna að koma í veg fyrir, að tekin yrði óhæfilega há húsaleiga og fólki yrði vikið úr leiguhúsnæði vegna hinnar vaxandi eftirspurnar og hækkandi verðlags. Rök fyrir þessu munu hafa verið þau:

1. að sporna við vaxandi verðbólgu;
2. að sporna við vaxandi húsnæðisskorti;
3. að draga úr óeðlilegum flutningi fólks til kaupstaða, einkum Reykjavíkur.

Öll þessi rök eru enn fyrir hendi, og virðist því nauðsynlegra að breyta svo lögunum, að þau geti betur náð tilgangi sínum, heldur en hitt, að nema þau úr gildi.

Afnám laganna mundi opna að fullu allar dyr fyrir þeim, er flytjast vildu til Reykjavíkur, ef þeir aðeins gætu greitt háa húsaleigu. Húsnæði mundi enn hækka stórlega í verði, og æ fleiri yrðu að hrekjast í ónothæfar og heilsuspillandi íbúðir, en þar virðist nóg fyrir samkvæmt skýrslu hagfræðings Reykjavíkurbæjar.

Að þessu athuguðu lítur stjórn Leigjendafélags Reykjavíkur svo á, að með samþykkt þessa frumvarps yrði enn meira þrengt að kjörum leigjenda en nú er, og mótmælir því eindregið frv.

Jafnframt viljum vér taka það fram, að vér erum fúsir til að bera fram og ræða breytingar á húsaleigulögunum, er verða mættu til raunhæfra umbóta á kjörum leigjenda og stefna mættu að giftusamlegri lausn hinna erfiðu húsnæðisvandamála.

Virðingarfyllst.

Stjórn Leigjendafélags Reykjavíkur.

Páll Helgason, formaður.	Sigurður Sveinsson, ritari.	Sveinn Guðmundsson, gjaldkeri.

Til allsherjarnefndar neðri deildar Alþingis, Reykjavík.

Fylgiskjal II.

FASTEIGNAEIGENDAFÉLAG REYKJAVÍKUR

Reykjavík, 18. desember 1948.

Allsherjarnefnd neðri deildar Alþingis, Reykjavík.

Við höfum móttekið heiðrað bréf yðar frá 15. þ. m. og viljum í sambandi við fyrirspurn yðar tilfæra hér með tillögu, sem samþykkt var á fjölmennum fundi í félagi okkar þann 12. þ. m., og er tillagan svo hljóðandi:

„Fundurinn telur frumvarp þeirra Sigurðar Kristjánssonar og Hallgríms Benediktssonar um afnám húsaleigulaganna eftir atvikum viðunandi lausn á málinu og skorar á Alþingi að samþykkja frumvarpið.

Jafnframt er því beint til félagsmanna og allra fasteignaeigenda í bænum, að þeir fylgist vel með, hvaða þingmenn ljá málstað þeirra lið og hverjir eru þeim mótsnúnir við meðferð málsins á Alþingi. Skorar fundurinn á fasteignaeigendur að styðja ekki til valda eða áhrifa í nútíð eða framtíð þá menn eða flokka, sem bregðast þeim í þessu máli, en styðja þá helzt, er bezt ganga fram í að fá ólög þessi afnumin."

Félag okkar hefur aldrei farið dult með það, að það óskar þess eindregið, að Alþingi afnemi nú þegar með öllu húsaleigulögin. En eftir atvikum sættir félagið sig við frumvarp Sigurðar Kristjánssonar og Hallgríms Benediktssonar, þar sem það stefnir verulega í rétta átt.

Í sambandi við frumvarpið viljum við benda á, að það er eindregin ósk okkar að úr 1. gr. verði felld niður orðin „og frá sama eiganda“ í fyrstu og þriðju línu greinarinnar, þar sem við lítum þannig á, að það eigi ekki að skapa leigjanda, sem búið hefur í sömu íbúðinni síðan 1939, nein sérstök réttindi, þó eigandaskipti hafi orðið á eigninni á tímabilinu.

Í von um fljóta og góða afgreiðslu frumvarpsins, bæði frá allsherjarnefnd og frá háttvirtu Alþingi, sendum við okkar beztu kveðjur.

Virðingarfyllst.

f. h. Fasteignaeigendafélags Reykjavíkur.

Sólm. Einarsson.

Til allsherjarnefndar neðri deildar Alþingis.

Ed. 450. Tillaga til rökstuddrar dagskrár [138. mál]

í málinu: Frv. til l. um eftirlit með rekstri ríkisins og ríkisstofnana.

Frá Hannibal Valdimarssyni.

Þar eð deildin lítur svo á, að ráðherra hafi fullar heimildir til þeirra sparnaðarráðstafana og þess eftirlits með opinberum rekstri, sem gert er ráð fyrir í frumvarpinu, og í trausti þess, að þær heimildir verði notaðar, telur deildin frumvarpið óþarft og tekur fyrir næsta mál á dagskrá.

Nd. 451. Nefndarálit [88. mál]

um frv. til l. um húsaleigu.

Frá 3. minni hl. allsherjarnefndar.

Ég hef ekki getað átt samleið með meðnefndarmönnum mínum um afgreiðslu þessa máls. Tveir nefndarmenn vilja samþykkja frv. óbreytt eins og það liggur fyrir. Aðrir tveir nefndarmenn vilja fella frv. og ekkert frekar gera í málinu.

Þessum úrslitum uni ég ekki. Ég tel, að mál þetta sé svo mikilvægt, að ekki sé hægt að hlaupa að því að afnema húsaleigulögin fyrirvaralítið og skeyta engu um það, hvað við tekur eða hvað af slíkri ráðstöfun getur hlotizt. Ekki heldur tel ég fært að virða að vettugi með öllu umkvartanir húseigenda um það, hve mjög takmarkaðan rétt þeir hafi nú yfir þessum eignum sínum, án þess að sinna að einhverju verulegu leyti óskum þeirra um meiri réttindi þeim til handa.

Þær upplýsingar, sem nefndinni og einstökum nefndarmönnum báru'st um málið, voru allt annað en samhljóða. Af hálfu húseigenda, fyrst og fremst, var því haldið fram, að litlu máli skipti, þó að húsaleigulögin væru afnumin. Nú orðið væri tiltölulega lítill hluti leiguhúsnæðis í bænum, þar sem ekki hefðu orðið skipti

á leigjendum eða eigendaskipti hefðu orðið að á þeim árum frá því er húsaleigulögin voru sett. En af hálfu leigjenda er allt öðrum augum litið á málið. Af þeirra hálfu er því eindregið haldið fram, að það gæti leitt til hreinna vandræða, ef mjög skjótlega væri allt leiguhúsnæði í bænum gefið frjálst og látið með öllu íhlutunarlaust af löggjöfinni, hvernig um íbúðarhúsnæðið færi. Sérstaklega hefur mér virzt, að menn óttist um örlög barnafjölskyldnanna í bænum, ef húsaleigulögin væru afnumin í skyndi.

Þó að ég hafi reynt að kynna mér alla málavexti um þetta efni, treysti ég mér ekki til að fella ákveðinn dóm um, hver bezta lausn þessa máls væri, nú þegar. En ég tel hyggilegt og sanngjarnt að koma til móts við óskir húseigenda, þó á þann hátt, að ekki sé hagsmunum leigjendanna, sérstaklega fjölskyldufólksins, teflt í mjög mikla hættu.

Með þeim breytingartillögum, sem ég legg til, að gerðar verði á lögunum, er að því stefnt, að húseigendur fái áður en mjög langur tími líður, full og óskoruð ráð yfir þessum eignum sínum. En hvenær það verður endanlega, er lagt á vald þeirra manna, er mestan kunnugleika eiga að hafa á þessum málum og er skyldast að afla sér þess kunnugleika, að þess megi vænta, að úrræði þeirra verði á fullkominni sanngirni byggð.

Þá þykir mér og ástæða til, að sett séu inn í lögin ákvæði um hámark húsaleigu til öryggis fyrir leigjendur, að ekki sé á þeim okrað. Hafa mörg dæmi verið nefnd um það, hve óheyrilega há húsaleiga sé tekin af sumu fólki, sérstaklega í Reykjavík. Verði frv. þetta samþykkt með þeim breytingum, er ég legg til, að á því verði gerðar, vænti ég þess, að með því sé veruleg bót ráðin á húsaleigulöggjöfinni.

Minni hl. leggur til, að frv. verði samþykkt með svo hljóðandi

BREYTINGUM:

1. Í stað 1. og 2. gr. frv. komi 7 nýjar greinar, og breytist greinatalan samkvæmt því:
   a. (1. gr.) 1. málsgr. 1. gr. laganna orðist svo:
      Leigusala er óheimilt að segja upp leigusamningum um húsnæði, nema honum sé að dómi húsaleigunefndar þess brýn þörf til íbúðar fyrir sjálfan sig, systkini sín eða skyldmenni í beinni línu, kjörbörn og fósturbörn, enda hafi hann eignazt hús það, sem íbúðin er í, fyrir 1. jan. 1946. Þegar sérstaklega stendur á, getur húsaleigunefnd þó leyft aðfluttum opinberum starfsmanni, sem eignazt hefur hús á starfssvæði sínu eftir 1. jan. 1946, að segja upp leigusamningum um húsnæði í húsinu, verði honum talin þess brýn þörf til íbúðar fyrir sjálfan sig.
   b. (2. gr.) Við 4. gr. laganna bætist:
      Þegar íbúð er leigð öðrum en skyldmennum leigusala, sbr. 1. gr., skulu fjölskyldur með þrjú börn innan 16 ára eða fleiri hafa forgangsrétt að hinu leigða húsnæði. Ef leigusali sjálfur selur ekki slíkri fjölskyldu íbúðina á leigu, skal hann gefa húsaleigunefnd kost á að ráðstafa íbúðinni á þennan hátt, áður en hann leigir hana öðrum.
   c. (3. gr.) I. 1. málsgr. 8. gr. laganna orðist svo:
      Í Reykjavík skal skipa þriggja manna húsaleigunefnd. Tveir af þeim skulu skipaðir af ríkisstjórninni, annar eftir tilnefningu Leigjendafélags Reykjavíkur og hinn eftir tilnefningu Fasteignaeigendafélags Reykjavíkur, en hæstiréttur skipar þann þriðja, og er hann formaður nefndarinnar. Þrír varamenn skulu skipaðir á sama hátt. Formaður og varaformaður nefndarinnar skulu vera lögfræðingar.
      II. Í stað 2. og 3. málsgr. sömu gr. laganna komi:
      Húsaleigunefnd úrskurðar um gildi uppsagnar og önnur þau atriði, er greinir í lögum þessum, og framkvæmir mat á húsaleigu og staðfestingu á leigumálum samkvæmt lögunum. Skulu allir nefndarmenn vera á fundi, þegar

ákvarðanir eru teknar, og taka þátt í atkvæðagreiðslu. Nú er aðalmaður forfallaður, og kemur þá varamaður í hans stað. Afl atkvæða ræður úrslitum máls.

d. (4. gr.) Við 1. málsgr. 9. gr. laganna bætist:
Nú er félag leigjenda og félag fasteignaeigenda starfandi í bæjarfélagi eða þorpi, og tilnefna þau þá sinn manninn hvort í húsaleigunefnd, en bæjar- eða sveitarstjórn kýs þá ekki menn í nefndina.

e. (5. gr.) Við 12. gr. laganna bætist ný málsgr., svo hljóðandi:
Hámark þeirrar húsaleigu, að viðbættri vísitöluuppbót samkv. 6. gr., sem ákveða má fyrir íbúðarhúsnæði, skal vera 7 krónur á mánuði fyrir hvern fermetra gólffletar íbúðarinnar. Nú er lofthæð íbúðar minni en 2,5 m, og lækkar þá hámark þetta hlutfallslega sem því nemur, er hæðin er minni en 2,5 m. Nú er greidd hærri húsaleiga en ákvæði laga þessara heimila, og skal leigan þá lækkuð samkv. hámarksákvæðunum hér að framan.

f. (6. gr.) Í stað „10—10000 krónum“ í 17. gr. laganna komi: 200—50000 krónum.

g. (7. gr.). Við bráðabirgðaákvæði laganna bætist:
Bæjarstjórn (sveitarstjórn) er heimilt að ákveða:
1. Að þau ákvæði laga þessara, er snerta leigu á einstökum herbergjum, sem leigð eru út frá íbúðum, falli úr gildi hvenær sem er eftir 1. október 1949.
2. Að ákvæði laganna um atvinnuhúsnæði og leiguíbúðir, sem eru í því sama húsi, sem húseigandi býr sjálfur í, skuli falla úr gildi hvenær sem er eftir 14. maí 1950.
3. Að önnur ákvæði laganna falli úr gildi hvenær sem er eftir 14. maí 1951.

Ákvörðun bæjar- eða sveitarstjórnar samkv. 1.—3. tölul. gildir aðeins fyrir hlutaðeigandi bæjar- eða sveitarfélag.

Nú verða lögin í gildi á einhverjum stöðum eftir 14. maí 1951, og skulu þá hlutaðeigandi bæjar- eða sveitarfélög greiða allan kostnað við framkvæmd laganna frá þeim tíma.

2. Fyrirsögn frv. hljóði svo:
Frumvarp til laga um breyting á lögum nr. 39 7. apríl 1943, um húsaleigu.

Alþingi, 10. marz 1949.

Jörundur Brynjólfsson.

Ed. 452. Nefndarálit [75. mál]

um frv. til stjórnarskipunarlaga um breyt. á stjórnarskrá lýðveldisins Íslands, nr. 33 17. júní 1944.

Frá minni hl. allsherjarnefndar.

Eftir að frumvarp þetta hafði verið athugað á fundum nefndarinnar, kom í ljós, að nefndin gat ekki orðið á eitt sátt um afgreiðslu málsins.

Það hafa tvær ríkisstjórnir lýst því hátíðlega yfir, er þær settust að völdum, að þær mundu vinna að því að setja þjóðinni nýja stjórnarskrá. Það er heldur ekki ágreiningur um það, að þess sé rík þörf.

Þrjár nefndir hafa starfað að því að endurskoða stjórnarskrána og semja ný stjórnskipunarlög. En árangur hefur ekki orðið sýnilegur af því starfi. Svo virðist sem þrautaráðið til þess að fá þetta mál afgreitt sé, að sérstakt stjórnlagaþing, eingöngu til þess kjörið, vinni þetta verk. Þó eru það ekki frá sjónarmiði minni hlutans aðalrökin, sem mæla með því, að stjórnarskráin verði afgreidd á sérstöku

stjórnlagaþingi, heldur vegna þess að með því móti mundi þjóðin fá betri aðstöðu til þess að ráða því, hvernig stjórnskipun ríkisins verður úr garði gerð. — Og þetta telur minni hlutinn svo miklu máli skipta, að ekki sé áhorfsmál að reyna að fá því til vegar komið með því móti, að þjóðin velji fulltrúa til þess að afgreiða þetta eina mál. Þá fær þjóðin aðstöðu til þess að velja þessa fulltrúa með tilliti til þess eins aðallega, hvaða skoðun þeir hafa á því, hvernig stjórnskipunarlögin eigi að vera, en þurfi ekki að velja fulltrúann (þingmanninn) með tilliti til þess, hvaða stefnu hann kann að hafa í öðrum málum, þannig að afstaða til stjórnarskrármálsins hverfur í skuggann, þegar kosið er.

Meiri hlutinn hefur lagt til, að mál þetta verði afgreitt með rökstuddri dagskrá. Líkur eru til, að svo muni verða að sinni. Minni hlutinn leggur til, að frumvarpið verði samþykkt, en gerir ekki breytingartillögur við frumvarpið á þessu stigi. En hann hefur tjáð sig fúsan til samkomulags um breytingar á frumvarpinu, ef svo færi, að dagskráin yrði felld, og telur raunar, að á því þurfi að gera nokkrar breytingar. Geymir hann sér rétt til að koma fram með þær breytingartillögur við þriðju umræðu málsins.

Alþingi, 11. marz 1949.

Hermann Jónasson.

Ed. 453. Breytingartillaga [13. mál]

við frv. til l. um veitingu ríkisborgararéttar.

Frá Birni Ólafssyni.

Við 1. gr. bætist nýr liður:

Philp, Sigurlaug Guðmundsdóttir, frú, Reykjavík, fædd í Reykjavík 24. febrúar 1919.

Ed. 454. Nefndarálit [153. mál]

um frv. til l. um viðauka við l. nr. 128/1947, um dýrtíðarráðstafanir.

Frá fjárhagsnefnd.

Nefndin hefur athugað frv. og er sammála um að mæla með, að það sé samþykkt óbreytt.

Alþingi, 11. marz 1949.

Björn Ólafsson, form., frsm. Guðm. Í. Guðmundsson, fundaskr. Hermann Jónasson.

Þorst. Þorsteinsson. Brynj. Bjarnason.

Ed. 455. Lög [153. mál]

um viðauka við lög nr. 128/1947, um dýrtíðarráðstafanir.

(Afgreidd frá Ed. 11. marz.)

Samhljóða þskj. 415.

Ed. 456. Breytingartillögur [13. mál]

við frv. til l. um veitingu ríkisborgararéttar.

Frá Gísla Jónssyni.

Við 1. gr. Í greinina bætast tveir liðir:

a. Meyer, Gerhard Paul Wilhelm, Álafossi, fæddur 15. september 1907 í Þýzkalandi.
b. Svensson, Karl Johan Heinrich, verzlunarmaður á Patreksfirði, fæddur 13. október 1912 í Þýzkalandi.

Nd. 457. Frumvarp til laga [162. mál]

um stóríbúðaskatt.

Flm.: Skúli Guðmundsson, Helgi Jónasson, Jón Gíslason.

1. gr.

Hver sá, er hefur íbúð til afnota, hvort heldur það er eigin íbúð eða íbúð, sem hann hefur á leigu, á þeim stöðum á landinu, þar sem lög nr. 39 1943 hafa komið til framkvæmda, skal greiða ríkinu skatt af íbúð sinni eftir því, sem fyrir er mælt í lögum þessum. Skattur þessi nefnist stóríbúðaskattur og skal renna í sjóð, er varið sé til lánveitinga, að hálfu til byggingarsamvinnufélaga og að hálfu til byggingar verkamannabústaða.

2. gr.

Stóríbúðaskatt skal miða við gólfflöt íbúðar og herbergjafjölda, og telst þá ekki með íbúðinni anddyri (ytri forstofa), geymsluhús, þvottahús og miðstöðvarherbergi. Hins vegar reiknast með íbúðinni, auk íbúðarherbergjanna, innra anddyri og gangar, eldhús, búr og baðherbergi. Skattur greiðist af hverjum fermetra gólfflatar íbúðarinnar, sem er fram yfir:

35 fermetra, búi einn maður í íbúðinni.
70 fermetra, búi tveir menn í íbúðinni.
90 fermetra, búi þrír menn í íbúðinni,

að viðbættum 15 fermetrum fyrir hvern mann, sem býr í íbúðinni fram yfir þrjá. Skattur reiknast þó aldrei af einu íbúðarherbergi eða hluta af því, ef einn eða fleiri menn búa þar, ekki af tveimur íbúðarherbergjum, ef þar búa tveir menn eða fleiri, og ekki af þremur íbúðarherbergjum, ef þar búa þrír menn eða fleiri.

Þar sem lofthæð íbúða er minni en 2,5 metrar, skal við útreikning skattsins miða við rúmmál, en ekki flatarmál íbúðarinnar, þannig að 2½ rúmmetri komi í stað 1 fermetra gólfflatar.

Auk þess, sem greinir í 1. málsgr., er heimilt, eftir mati skattstjóra (skattanefnda), að ákveða 20 fermetra gólfflöt skattfrjálsan í skrifstofu, ef sá, er íbúðina hefur til afnota, telst vegna atvinnu sinnar þurfa sérstaka skrifstofu.

3. gr.

Nú er atvinnurekstri þess, er hefur íbúð til afnota, þannig háttað, að hann þarf að hafa fleira fólk í íbúðinni vissa tíma ársins en venjulega, og skal þá miða stærð skattfrjáls gólfflatar við tölu íbúa, þegar hann vegna atvinnurekstrarins þarf að hafa þá flesta.

4. gr.

Stóríbúðaskatturinn reiknast þannig:

Af hverjum 1—10 fermetrum, sem skattskyldir eru samkv. 2. gr., greiðist 100 kr. á ári fyrir hvern fermetra, og 200 kr. á ári fyrir hvern fermetra, sem er þar fram yfir. Nú hefur skattgreiðandi íbúð til afnota hluta úr ári, og lækkar skattgreiðslan þá hlutfallslega, þó þannig, að skatturinn standi á heilum tug króna, en broti úr tug sé sleppt.

Nú hefur eigandi eða umráðamaður íbúðarhúsnæðis, sem skattskylt er eftir lögum þessum, reynt að leigja húsnæðið fyrir eigi hærra leigugjald en metið er af húsaleigunefnd, en engan leigutaka fundið, og skal hann þá, fyrir eitt ár í senn, undanþeginn greiðslu stóríbúðaskatts af því íbúðarhúsnæði, sem hann hefur árangurslaust reynt að selja á leigu, þó því aðeins, að hann hafi boðið húsaleigunefnd að ráðstafa húsnæðinu til leigu, en hún hafi engan leigutaka fundið.

Stóríbúðaskatt má ekki draga frá tekjum við álagningu tekjuskatts.

5. gr.

Skattanefndir reikna út stóríbúðaskatt. Til hliðsjónar við álagningu hans skulu byggingarfulltrúar og byggingarnefndir gefa skattanefndum (skattstofum) upplýsingar um stærð íbúða í umdæminu fyrir 1. júní ár hvert. Fyrir sama tíma skal manntalsskrifstofan í Reykjavík, en þeir, sem framkvæma manntal annars staðar, gefa skattanefndum (skattstofum) upp fjölda heimilisfastra manna í hverri íbúð í umdæminu.

Heimilt er skattanefndum að krefja alla þá, er íbúð hafa til afnota, um upplýsingar um stærð íbúðar og fjölda heimilismanna á þeim tíma og í því formi, er þær telja henta, og er skylt að gefa slíkar upplýsingar. Beita má allt að 100 kr. dagsektum, ef slíkar umbeðnar skýrslur eru ekki gefnar í tæka tíð. Fái skattanefnd ekki fullnægjandi skýrslur um stærð íbúðar og fjölda heimilismanna innan þess tíma, er hún hefur til tekið, skal hún áætla hvort tveggja eftir beztu vitund.

6. gr.

Skattanefndir (skattstjórar) skulu hafa lokið við álagningu stóríbúðaskatts og birt skrá um skattinn fyrir 1. sept. ár hvert, en skráin skal liggja frammi til sýnis almenningi 1.—15. september.

Lögreglustjórar (í Reykjavík tollstjóri) innheimta stóríbúðaskatt. Gjalddagi skattsins er 1. október ár hvert.

7. gr.

Álagning stóríbúðaskatts má kæra. Skal kæra komin til skattanefndar fyrir 1. okt. ár hvert. Úrskurðum skattanefnda um álagðan stóríbúðaskatt má skjóta til yfirskattanefnda og ríkisskattanefndar eftir sömu reglum og gilda um kærur vegna tekju- og eignarskatts.

8. gr.

Nú hætta húsaleigunefndir að starfa, og skulu þá bæjar- og sveitarstjórnir annast það, sem húsaleigunefndum er ætlað að framkvæma samkv. 4. gr. laga þessara.

Ráðherra gefur út reglugerð um framkvæmt laga þessara, þar á meðal um kærufresti til yfirskattanefndar og ríkisskattanefndar.

9. gr.

Stóríbúðaskatt má taka lögtaki, og hvílir hann sem lögveð á íbúðinni.

10. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi. Stóríbúðaskattur skal á lagður í fyrsta sinn árið 1949.

Greinargerð.

Ástandið í húsnæðismálum hér á landi er nú að mörgu leyti öðruvísi en það ætti að vera. Þrátt fyrir miklar húsabyggingar á næstliðnum árum er húsnæðisskortur hjá mörgum, sérstaklega í Reykjavík og öðrum kaupstöðum landsins, og margir búa í ófullkomnu húsnæði, bæði í kaupstöðum og annars staðar á landinu. Framboð á leiguhúsnæði, t. d. í Reykjavík, hefur verið miklu minna en eftirspurnin, og húsaleiga í mörgum tilfellum óhæfilega há, þrátt fyrir það aðhald, sem húsaleigulögin hafa veitt. En á sama tíma sem húsnæðisvandræði og há leiga valda mörgum mönnum erfiðleikum, hafa aðrir meira húsrými en áður til eigin nota, og sumir meira en nauðsynlegt er.

Í þessu frumvarpi er lagt til, að stóríbúðaskattur verði á lagður, og því fé, sem þannig safnast, verði varið til þess að greiða fyrir byggingum samvinnubyggingarfélaga og byggingarfélaga verkamanna, með lánveitingum til þeirra framkvæmda. Telja flutningsmenn frv. réttmætt að leggja skatt á óþarflega mikla notkun húsnæðis, a. m. k. eins og nú er ástatt.

Ekki er unnt að áætla, hve miklu skatturinn muni nema. Gera má ráð fyrir, að ef frv. þetta verður að lögum, muni ýmsir þeir, sem eiga að greiða skattinn, taka þann kostinn að bjóða fram til leigu nokkuð af því húsnæði, er þeir nú nota, til þess að losna við skattgreiðsluna, a. m. k. ef innan skamms verða gerðar breytingar á húsaleigulögunum og leigusölum veittur meiri réttur en þeir nú hafa. Við það mundu tekjurnar af stóríbúðaskattinum vitanlega minnka, en þá um leið aukast framboð á leiguhúsnæði og þar með að einhverju leyti verða ráðin bót á húsnæðiseklunni.

Ed. 458. Lög [126. mál]

um breyting á lögum nr. 112/1941, um lax- og silungsveiði.

(Afgreidd frá Ed. 14. marz.)

Samhljóða þskj. 325.

Ed. 459. Breytingartillögur [13. mál]

við frv. til l. um veitingu ríkisborgararéttar.

Frá Ásmundi Sigurðssyni.

Við 1. gr.

a. Á eftir 4. tölul. kemur nýr liður:
   Henchell, María Bjarnadóttir, frú í Reykjavík, fædd 25. júní 1911 á Íslandi.
b. Á eftir 7. tölul. koma nýir liðir:
   1. Klingbeil, Kristín Guðmundsdóttir, frú í Reykjavík, fædd 30. júlí 1911 á Íslandi.
   2. Münch, Helga Einarsdóttir, frú í Reykjavík, fædd 4. ágúst 1897. á Íslandi.
e. Á eftir 12. tölul. kemur nýr liður:
   Timmermann, Þóra Ingibjörg Bjarnadóttir, bókari í Reykjavík, fædd 28. apríl 1912 á Íslandi.

Sþ. **460. Breytingartillögur** [42. mál]

við frv. til fjárlaga fyrir árið 1949.

Frá fjárveitinganefnd.

1.	Við	2. gr.	4. (Verðtollur). Liðurinn orðist svo:		
			Verðtollur	60 000 000	
			Þar af til dýrtíðarsjóðs samkv. 29. gr. l. 19. des. 1948	22 000 000	
					38 000 000
2.	—	2. —	7. (Söluskattur). Liðurinn fellur niður.		
3.	—	2. —	17. Nýr liður:		
			Tekjur dýrtíðarsjóðs samkv. lögum:		
			a. Af tolltekjum (sbr. tölul. 4)	22 000 000	
			b. Söluskattur	36 000 000	
			c. Leyfisgjald samkv. 29. gr. dýrtíðarl.	10 240 000	
			d. Söluskattur bifreiða samkv. 31. gr.	5 000 000	
			e. Vöruleyfisgjöld 3 500 000		
			÷ kostnaður við viðskipta- og verðlagsmál 2 100 000		
				1 400 000	
					74 640 000
4.	—	3. —	A. Sundurliðun. 2. II. a. (Notendasímar í sveitum). Fyrir „300 000“ kemur		800 000
5.	—	3. —	A. Sundurliðun. 3. II. 3. (Annar rekstrarkostn. áfengisverzlunarinnar). Fyrir „701 760“ kemur		671 760
6.	—	3. —	A. Sundurliðun. 4. II. b. (Annar rekstrarkostn. tóbakseinkasölu). Fyrir „777 162“ kemur		730 162
7.	—	3. —	A. Sundurliðun. 5. II. a. (Ríkisútvarpið, laun).		
			a. Við 1. (Grunnlaun). Fyrir „455 920“ kemur		430 000
			b. Við 2. (Verðlagsuppbót). Fyrir „911 840“ kemur		860 000
8.	—	3. —	A. Sundurliðun. 5. II. b. (Útvarpsefni). Fyrir „1 060 000“ kemur		900 000
9.	—	3. —	A. Sundurliðun. 5. II. e. (Til útvarpsstöðva). Fyrir „920 000“ kemur		500 000
10.	—	3. —	A. Sundurliðun. 5. III. b. 2. (Rekstur viðtækjaverzl., annar kostnaður). Fyrir „169 528“ kemur		109 528
11.	—	3. —	A. Sundurliðun. 5. IV. 3. (Rekstur viðgerðarstofu, annar kostnaður). Fyrir „92 500“ kemur		72 500
12.	—	3. —	A. Sundurliðun. 8. b. (Grænmetisverzlun ríkisins, annar kostnaður).		
			a. Fyrir „250 645“ kemur ..... (Frádráttarliðurinn á eftir lækkar samsvarandi).		200 645

b. Á eftir kemur nýr kafli:
9. Landssmiðjan.
I. Tekjur (ágóði af seldri vinnu og vörum) 1 203 000
II. Gjöld:
1. Laun starfsmanna:
a. Grunnlaun 107 070
b. Verðlagsuppbót 214 140
321 000
2. Vextir 163 000
3. Fyrning 315 000
4. Annar kostnaður 379 790
1 179 000

Fært á 3. gr. A. 6. 24 000

13. Við 3. gr. A. Sundurliðun. 10. (Tunnuverksmiðjur ríkisins). Kaflinn orðist svo:
I. Tekjur 2 754 000
II. Gjöld:
1. Laun stjórnar og fastra starfsmanna .. 51 500
2. Skrifstofu-, ferða- og símakostnaður .. 50 000
3. Efniskaup (tunnustafir og járn) 1 785 000
4. Verkalaun 381 000
5. Geymslugjald og flutningur á efni og tunnum í geymsluhús 93 000
6. Vextir 240 000
7. Varasjóðstillag 144 000
8. Rafmagn 8 900
2 754 000

14. Á eftir 11. kafla (Olíuflutningaskip) kemur nýr kafli:
13. Ríkisbúið á Bessastöðum.
I. Tekjur 90 000
II. Gjöld 111 300

15. Við 8. gr. (Æðsta stjórn landsins).
Fyrir „352 644“ kemur 287 344

16. — 10. — I. 2. d. I. (Fjármálaráðuneytið, laun). Liðurinn orðist svo:
Fjármálaráðuneytið, laun:
a. Við 1. (Grunnlaun). Fyrir „78 475“ kemur 72 475
b. Við 2. (Verðlagsuppbót). Fyrir „156 950“ kemur 144 950

17. — 10. — I. 2. d. II. (Endurskoðunardeild).
a. Við 1. (Grunnlaun). Fyrir „122 690“ kemur 111 690
b. Við 2. (Verðlagsuppbót). Fyrir „245 380“ kemur .. 223 380

18. — 10. — I. 2. e. (Forsætis- og menntamálaráðuneytið, laun).
a. Við 1. (Grunnlaun). Fyrir „42 225“ kemur 39 225
b. Við 2. (Verðlagsuppbót). Fyrir „84 450“ kemur 78 450
c. Nýir tölul.:
3. Ríkisráð 9 000
4. Hin íslenzka fálkaorða 30 000

19. — 10. — I. 2. j. (Annar kostnaður ráðuneytanna).
Fyrir „400 000“ kemur 300 000

20. — 10. — I. 3. (Ríkisféhirzla og ríkisbókhald).
a. Við a. 1. (Grunnlaun). Fyrir „129 817“ kemur 122 817
b. Við a. 2. (Verðlagsuppbót). Fyrir „259 633“ kemur .. 245 634
c. Við b. (Annar kostnaður). Fyrir „45 000“ kemur 30 000

21. Við 10. gr. III. 2. (Sendiráðið í Stokkhólmi).
Liðinn skal orða svo:
a. Við a. Laun sendifulltrúa og annarra starfsmanna .. 15 200
b. Við c. Fyrir „80 200“ kemur 63 000

22. — 10. — III. 6. (Sendiráðið í París).
a. Við a. Fyrir „21 000“ kemur 33 200
b. Við c. Fyrir „135 100“ kemur 185 500

23. — 10. — III. 7. (Sendiráðið í Osló).
a. Við a. Fyrir „26 800“ kemur 25 400
b. Við b. Fyrir „73 400“ kemur 74 600
c. Á eftir kemur nýr tölul.:
Aðalræðismannsskrifstofan í Þýzkalandi:
a. Laun aðalræðismanns og annarra starfsmanna samkv. launalögum (grunnlaun) .. 16 200
b. Risna og staðaruppbót á laun 63 800
c. Annar kostnaður 20 000
100 000

24. — 11. — A. 1. b. (Hæstiréttur, risna). Liðurinn fellur niður.

25. — 11. — A. 1. c. (Útgáfa hæstaréttardóma). Liðurinn fellur niður.

26. — 11. — A. 2. (Borgardómaraembættið).
a. Við a. 1. (Grunnlaun). Fyrir „78 350“ kemur 74 034
b. Við a. 2. (Verðlagsuppbót). Fyrir „156 700“ kemur .. 148 068
c. Við b. Fyrir „30 000“ kemur 24 000

27. — 11. — A. 4. (Sakadómaraembættið).
a. Við a. 1. (Grunnlaun). Fyrir „115 188“ kemur 107 038
b. Við a. 2. (Verðlagsuppbót). Fyrir „230 377“ kemur .. 214 076

28. — 11. — A. 5. b. (Lögreglustjóraembættið, aukavinna).
Fyrir „75 000“ kemur 25 000

29. — 11. — A. 6. b. (Sýslumenn o. fl., skrifstofukostn.).
a. Við 1. (Grunnlaun). Fyrir „470 483“ kemur 422 350
b. Við 2. (Verðlagsuppbót). Fyrir „940 966“ kemur 844 700
c. Við 3. (Annar kostnaður). Fyrir „400 000“ kemur .. 300 000

30. — 11. — A. 8. (Lögreglukostnaður).
a. Við 1. b. (Verðlagsuppbót). Fyrir „684 634“ kemur: 694 634 (leiðrétting).
b. Við 4. a. (Bifreiðakostn.). Fyrir „200 000“ kemur 150 000
c. Við 4. b. (Æfingaskóli). Fyrir „25 000“ kemur 15 000
d. Við 4. c. (Áhöld o. fl.). Fyrir „60 000“ kemur 40 000

31. — 11. — A. 11. (Sakamál og lögreglumál).
Fyrir „200 000“ kemur 180 000

32. — 11. — A. 13. (Setu- og varadómarar).
Fyrir „100 000“ kemur 50 000

33. — 11. — B. 4. (Löggildingarstofan).
a. Við b. (Annar kostnaður). Fyrir „53 860“ kemur .. 40 000
b. Við ÷ Tekjur. Fyrir „81 000“ kemur 100 000

34. — 11. — B. 5. (Eftirlit með skipulagi bæja og sjávarþorpa).
a. Við a. 1. (Grunnlaun). Fyrir „80 700“ kemur 59 700
b. Við a. 2. (Verðlagsuppbót). Fyrir „143 400“ kemur . 119 400

35. — 11. — B. 7. b. 2. (Síldarmat, annar kostnaður).
Fyrir „28 400“ kemur 16 000

36. — 11. — B. 12. (Eftirlit með viðskipta- og verðlagsmálum).
a. Í stað a-b-liða kemur einn stafl. (a.):
Eftirlit með viðskipta- og verðlagsmálum 1 600 000

		b. Við c. (verður b.). (Skömmtunarstofan). Liðurinn orðist svo:	
		Kostnaður við skömmtunarstofu	500 000
			2 100 000
		÷ Tekjur samkv. 17. lið 2. gr.	2 100 000
37.	Við 11. gr.	B. 13. (Húsaleigueftirlit). Liðurinn orðist svo:	
		a. Þóknun til yfirhúsaleigunefndar	10 000
		b. Þóknun til húsaleigunefndar Reykjavíkur	50 000
		c. Annar kostnaður þessarar nefndar	10 000
		d. Kostnaður við húsaleigunefndir utan Reykjavíkur ..	30 000
38.	— 11. —	C. I. a. (Tollstjóraembættið í Reykjavík).	
		a. Við 1. a. (Grunnlaun). Fyrir „476 955“ kemur	464 955
		b. Við 1. b. (Verðlagsuppbót). Fyrir „953 909“ kemur .	929 910
		c. Við 3. (Annar kostnaður).	
		Fyrir „300 000“ kemur	250 000
39.	— 11. —	C. I. b. 1. (Tollgæzla í Reykjavík).	
		a. Við a. 1. (Grunnlaun). Fyrir „290 777“ kemur	260 777
		b. Við a. 2. (Verðlagsuppbót). Fyrir „581 553“ kemur .	521 554
40.	— 11. —	C. I. b. 2. (Tollgæzla utan Reykjavíkur).	
		a. Við a. 1. (Grunnlaun). Fyrir „123 279“ kemur	115 475
		b. Við a. 2. (Verðlagsuppbót). Fyrir „246 550“ kemur .	230 950
41.	— 11. —	C. II. b. (Skattstofan í Reykjavík).	
		a. Við 1. a. (Grunnlaun). Fyrir „162 600“ kemur	138 000
		b. Við 1. b. (Verðlagsuppbót). Fyrir „325 200“ kemur .	276 000
		c. Við 2. (Húsaleiga o. fl.). Fyrir „120 000“ kemur	100 000
		d. Við 3. (Tímavinna). Fyrir „410 000“ kemur	363 000
		e. Við 4. (Annar kostnaður). Fyrir „122 000“ kemur	100 000
42.	— 11. —	C. II. c. (Skattstofur utan Reykjavíkur).	
		Fyrir „325 000“ kemur	290 000
43.	— 11. —	C. II. d. (Undirskattanefndir).	
		Fyrir „520 000“ kemur	430 000
44.	— 11. —	C. II. e. (Yfirskattanefndir).	
		Fyrir „190 000“ kemur	160 000
45.	— 12. —	III. A. (Landsspítalinn).	
		a. Við 1. a. (Grunnlaun). Fyrir „579 000“ kemur	551 000
		b. Við 1. b. (Verðlagsuppbót). Fyrir „1 154 000“ kemur	1 102 000
		c. Við ÷ Tekjur. Fyrir „1 770 000“ kemur	1 930 000
46.	— 12. —	III. B. (Fæðingardeild, ÷ Tekjur).	
		Fyrir „585 000“ kemur	900 000
47.	— 12. —	IV. (Berklavarnir).	
		a. Við c. 1. (Grunnlaun). Fyrir „33 300“ kemur	30 300
		b. Við c. 2. (Verðlagsuppbót). Fyrir „66 600“ kemur ..	60 600
		c. Við d. (Annar kostnaður). Fyrir „50 100“ kemur	40 000
48.	— 12. —	V. (Styrkur til sjúkra manna og örkumla).	
		Fyrir „3 300 000“ kemur	3 000 000
49.	— 12. —	IX. Nýr liður:	
		Til byggingar sjúkrahúss í Reykjavík	500 000
50.	— 12. —	XIV. Nýr liður:	
		Til læknisvitjanasjóða samkvæmt lögum nr. 59 4. júlí 1942	30 000
51.	— 12. —	XVIII. Nýr liður:	
		Til Aðalsteins Jónassonar, til lækninga erlendis	15 000

52. Við 13. gr. A. I. (Stjórn og undirbúningur vegagerða).
a. Við 2. (Annar skrifstofukostnaður).
Fyrir „150 000“ kemur 125 000
b. Við 3. (Ferðakost. verkfræðinga o. fl.).
Fyrir „300 000“ kemur 250 000

53. — 13. — A. II. 1. (Til nýrra akvega). Liðurinn orðist svo:

1.	Reynivallavegur	65 000
2.	Akrafjallsvegur	80 000
3.	Leirársveitarvegur	25 000
4.	Svínadalsvegur	25 000
5.	Lundarreykjadalsvegur	30 000
6.	Melasveitarvegur	25 000
7.	Bæjarsveitarvegur	30 000
8.	Skorradalsvegur	25 000
9.	Hálsasveitarvegur	30 000
10.	Hvítársíðuvegur	25 000
11.	Varmalandsvegur	50 000
12.	Álftaneshreppsvegur	80 000
13.	Hraunhreppsvegur	30 000
14.	Hnappadalsvegur	20 000
15.	Ólafsvíkurvegur	100 000
16.	Útnesvegur	50 000
17.	Búðavegur	25 000
18.	Hellissandsvegur	20 000
19.	Fróðárhrepps- og Eyrarsveitarvegur	40 000
20.	Helgafellssveitarvegur	20 000
21.	Skógarstrandarvegur	50 000
22.	Dalasýsluvegur	100 000
23.	Laxárdalsvegur	25 000
24.	Klofningsvegur	20 000
25.	Laugavegur	20 000
26.	Skarðsstrandarvegur	70 000
27.	Haukadalsvegur	15 000
28.	Svínadalsvegur	80 000
29.	Reykhólavegur	40 000
30.	Gautdalsvegur	10 000
31.	Gufudalsvegur	50 000
32.	Barðastrandarvegur	200 000
33.	Tálknafjarðarvegur	50 000
34.	Rauðasandsvegur	150 000
35.	Bíldudalsvegur	60 000
36.	Dalahreppsvegur	50 000
37.	Rafnseyrarheiðarvegur	100 000
38.	Núpsvegur	20 000
39.	Hjarðardalsvegur	25 000
40.	Súgandafjarðarvegur	85 000
41.	Súðavíkurvegur	100 000
42.	Ármúlavegur	35 000
43.	Ögurvegur	30 000
44.	Bolungavíkurvegur	200 000
45.	Selstrandarvegur	30 000
46.	Strandavegur, frá Fjarðarhorni í Hrútafirði og norður	100 000
47.	Reykjarfjarðarvegur (Bjarnafjarðarháls)	100 000

48.	Reykjarfjarðarvegur frá Veiðileysu að Djúpuvík		25 000
49.	Vatnsnesvegur		65 000
50.	Miðfjarðarvegur		45 000
51.	Vesturhópsvegur		55 000
52.	Vatnsdalsvegur		50 000
53.	Svínvetningabraut		40 000
54.	Skagastrandarvegur		120 000
55.	Norðurárdalsvegur		20 000
56.	Gönguskarðsvegur		85 000
57.	Hegranesvegur		20 000
58.	Skagafjarðarvegur		85 000
59.	Út-Blönduhlíðarvegur		70 000
60.	Hofsósvegur		40 000
61.	Hólavegur		20 000
62.	Siglufjarðarskarðsvegur		20 000
63.	Flókadalsvegur		20 000
64.	Hrísavegur		35 000
65.	Svarfaðardalsvegur		60 000
66.	Laugalandsvegur		10 000
67.	Hörgárdalsvegur ytri		25 000
68.	Öxnadalsheiðarvegur		400 000
69.	Svalbarðsstrandarvegur		75 000
70.	Ljósavatnsskarðsvegur		40 000
71.	Kinnarbraut í Ljósavatnshreppi		85 000
72.	Kinnarbraut í Aðaldal		15 000
73.	Bárðardalsvegur		20 000
74.	Laxárdalsvegur		20 000
75.	Hvammsheiðarvegur		20 000
76.	Reykjahverfisvegur		25 000
77.	Tjörnesvegur		15 000
78.	Kelduhverfisvegur		30 000
79.	Hólsfjallavegur		65 000
80.	Kópaskers- og Raufarhafnarvegur		65 000
81.	Raufarhafnarvegur til Þistilfarðar		30 000
82.	Langanesvegur		25 000
83.	Eldjárnsstaðavegur		20 000
84.	Brekknaheiðarvegur		50 000
85.	Bakkafjarðarvegur		55 000
86.	Vopnafjarðarvegir:		
	a. Vesturdalsvegur	25 000	
	b. Strandavegur	20 000	
	c. Fjallasíðuvegur ytri	35 000	
			80 000
87.	Hróarstunguvegur nyrðri		20 000
	Hróarstunguvegur eystri		20 000
88.	Hliðarvegur		20 000
89.	Upphéraðsvegur		40 000
90.	Jökuldalsvegur		20 000
91.	Úthéraðsvegur		80 000
92.	Borgarfjarðarvegur		30 000
93.	Fjarðarheiðarvegur		100 000
94.	Skóga- og Fljótsdalsvegur		25 000
95.	Mjóafjarðarvegur		20 000
96.	Eskifjarðarvegur		20 000

97.	Norðurbyggðarvegur í Skriðdal	25 000
98.	Oddsskarðsvegur	200 000
99.	Fáskrúðsfjarðarvegur	100 000
100.	Stöðvarfjarðarvegur	75 000
101.	Berunesvegur	20 000
102.	Breiðdalsvíkurvegur	30 000
103.	Vattarnesvegur	15 000
104.	Geithellnavegur	50 000
105.	Lónsheiðarvegur	40 000
106.	Almannaskarðsvegur	40 000
107.	Hornsvegur	10 000
108.	Melatangavegur	20 000
109.	Innnesjavegur	20 000
110.	Mýravegur	25 000
111.	Suðursveitarvegur	20 000
112.	Öræfavegur	25 000
113.	Síðuvegur	25 000
114.	Skaftártunguvegur	25 000
115.	Suðurlandsvegur	20 000
116.	Búlandsvegur	20 000
117.	Mýrdalssandsvegur	20 000
118.	Landbrotsvegur	45 000
119.	Meðallandsvegur	20 000
120.	Mýrdalsvegur	50 000
121.	Eyjafjallavegur	20 000
122.	Landeyjavegur	30 000
123.	Syðri-Landeyjavegur	40 000
124.	Ytri-Landeyjavegur	50 000
125.	Rangárvallavegur	70 000
126.	Þykkvabæjarvegur	20 000
127.	Hagabraut	90 000
128.	Landvegur	40 000
129.	Bakkabæjavegur	15 000
130.	Merkurvegur	15 000
131.	Árbæjarvegur	25 000
132.	Vallarvegur	10 000
133.	Ásvegur	25 000
134.	Gnúpverjahreppsvegur	10 000
135.	Grafningsvegur	20 000
136.	Hrunamannahreppsvegur	50 000
137.	Laugardalsvegur	50 000
138.	Skálholtsvegur	80 000
139.	Partavegur	20 000
140.	Selvogsvegur	200 000
141.	Bræðratunguvegur	35 000
142.	Kiðjabergsvegur	25 000
143.	Hamarsvegur	10 000
144.	Austurlandsvegur	75 000

54. Við 13. gr. A. III. Liðurinn orðist svo:

Til brúargerða:

a.	Endurveiting vegna 35% lækkunar á fjárveitingum á fjárl. 1948 til brúa, sem byggðar voru	547 000
b.	Endurveiting vegna 35% lækkunar á fjárveitingu í fjárl. 1948 til eftirfarandi brúa, sem ekki voru	

byggðar, og viðbótarfjárveiting til að koma í framkvæmd byggingu brúa, sem þegar hefur verið veitt til:

	Endurveiting	Viðb.	Samtals	
1. Broddá í Kollafirði ..	14 000	30 000	44 000	
2. Músará í Þorskafirði .	21 000	65 000	86 000	
3. Laxá á Skaga í Skagaf.	35 000	„	35 000	
4. Grímsá í Lundarreykjadal	42 000	80 000	122 000	
5. Litla-Þverá í Mýras. ..	17 500	45 000	62 000	
6. Jökulsá í Fljótsdal ...	52 500	100 000	152 500	
7. Langadalsá á Skógarstr.	17 500	10 000	27 500	
8. Núpsá í Miðfirði	19 250	20 000	39 250	
9. Blanda hjá Löngumýri	70 000	100 000	170 000	
10. Álftaskálará í Vatnsdal	30 500	40 000	70 500	
11. Múlaá í Skriðdal	35 000	20 000	„	
12. Geitá	14 000	„	14 000	
13. Laxá í Lóni	28 000	15 000	43 000	
14. Djúpá í Fljótshverfi ..	35 000	50 000	85 000	
15. Ósá í Bolungavík	„	10 000	10 000	
	431 250	585 000		1 016 250
c. Til nýrra brúa:				
1. Gileyrará í Tálknafirði		75 000		
2. Fjarðará í Ólafsfirði		100 000		
3. Breiðdalsá í Reyðarfirði		70 000		
4. Finná í Vopnafirði		75 000		
				320 000
d. Smábrýr				500 000
e. Þjórsá				1 500 000
				3 883 000

55. Við 13. gr. A. IX. Liðurinn orðist svo:
Til ræktunarvega:

a. Í Vestmannaeyjum	30 000	
b. Í Flatey á Breiðafirði	10 000	
c. Í Flatey á Skjálfanda	3 000	
d. Í Grímsey	3 000	
e. Í Hrísey	4 000	
		50 000

56. — 13. — B. IV. (IX. er prentvilla í frv.) (Ferðaskrifstofa ríkisins). Liðurinn fellur niður.

57. — 13. — C. VIII. (Hafnargerðir og lendingarbætur).
a. Liðurinn orðist svo:
Til hafnarmannvirkja:

1. Akranes	300 000
2. Akureyri	100 000
3. Bíldudalur	50 000
4. Bolungavík	100 000
5. Dalvík	50 000
6. Eskifjörður	50 000
7. Flateyri	50 000
8. Grindavík	50 000
9. Grundarfjörður	25 000
10. Hafnarfjörður	150 000
11. Hofsós	100 000
12. Hrísey	30 000

13.	Húsavík	200 000
14.	Höfn í Hornafirði	150 000
15.	Ísafjörður	180 000
16.	Neskaupstaður	70 000
17.	Ólafsfjörður	200 000
18.	Ólafsvík	50 000
19.	Patreksfjörður	300 000
20.	Sandgerði	100 000
21.	Sauðárkrókur	200 000
22.	Seyðisfjörður	25 000
23.	Siglufjörður	100 000
24.	Skagaströnd	200 000
25.	Stykkishólmur	80 000
26.	Vestmannaeyjar	150 000
27.	Vogar	100 000
28.	Þorlákshöfn	180 000
29.	Þórshöfn	70 000
30.	Landshöfnin í Njarðvíkum og Keflavík	300 000

b. Nýr (rómv.) liður:

Til lendingarbóta:

1.	Bakkafjörður	60 000
2.	Blönduós	40 000
3.	Borgarfjörður	35 000
4.	Breiðdalsvík	35 000
5.	Búðardalur	10 000
6.	Drangsnes	40 000
7.	Eyrarbakki	35 000
8.	Flatey á Breiðafirði	50 000
9.	Flatey á Skjálfanda	40 000
10.	Gerðar í Garði	10 000
11.	Grenivík	40 000
12.	Grímsey	40 000
13.	Grunnavík	20 000
14.	Hafnarnes	10 000
15.	Hafnir í Höfnum	20 000
16.	Haganesvík	20 000
17.	Hellnar	10 000
18.	Hnífsdalur	40 000
19.	Hólmavík	35 000
20.	Hvammstangi	35 000
21.	Kaldrananes	25 000
22.	Kópasker	20 000
23.	Króksfjarðarnes	20 000
24.	Mjóifjörður	10 000
25.	Reykjanes v. Ísafjörð	10 000
26.	Salthólmavík	10 000
27.	Stokkseyri	35 000
28.	Stöðvarfjörður	40 000
29.	Suðureyri	35 000
30.	Súðavík	15 000
31.	Svalbarðseyri	30 000
32.	Tálknafjörður	30 000
33.	Vatnsfjörður	20 000
34.	Vopnafjörður	60 000

58. Við 13. gr. C. IX. (Hafnarbótasjóður).
a. Fyrir „300 000“ kemur 1 500 000
b. Nýr rómv. liður:
Til ferjuhafna:
1. Í Hvalfirði 235 000
2. Í Hornafirði 125 000
3. Á Brjánslæk 50 000
410 000

59. — 13. — D. I. 1. (Skrifstofur flugmálastjóra og flugvallastjóra).
a. Við a. 1. (Grunnlaun). Fyrir „120 800“ kemur 99 800
b. Við a. 2. (Verðlagsuppbót). Fyrir „241 600“ kemur . 199 600

60. — 13. — D. I. 2. (Skrifstofa Keflavíkurflugvallar).
a. Við a. 1. (Grunnlaun). Fyrir „27 000“ kemur 16 800
b. Við a. 2. (Verðlagsuppbót). Fyrir „54 000“ kemur .. 33 600

61. — 13. — D. I. 3. (Þóknun til flugráðs).
Fyrir „35 700“ kemur 15 000

62. — 13. — D. II. 2. c. (Slökkviliðsdeild, annar kostnaður).
Liðurinn fellur niður.

63. — 13. — D. II. 3. (Birgðavarzla o. fl.).
a. Við a. 1. (Grunnlaun). Fyrir „32 400“ kemur 24 000
b. Við a. 2. (Verðlagsuppbót). Fyrir „64 800“ kemur .. 48 000
c. Við c. (Annar kostnaður). Fyrir „15 000“ kemur ... 5 000

64. — 13. — D. II. 4. e. (Vélaverkstæði, annar kostnaður).
Fyrir „50 000“ kemur 25 000

65. — 13. — D. II. 5. c. (Viðhald, efni).
Fyrir „300 000“ kemur 225 000

66. — 13. — D. II. 6. (Eldsneyti fyrir vinnuvélar og ökutæki).
Fyrir „150 000“ kemur 100 000

67. — 13. — D. II. 7. (Annar kostnaður).
Fyrir „100 000“ kemur 50 000

68. — 14. — A. I. 2. (Ljós og hiti í biskupsbústaðnum).
Liðurinn fellur niður.

69. — 14. — A. I. 5. (Ferðakostnaður biskups).
Fyrir „8 000“ kemur 6 000

70. — 14. — A. II. 5. Nýr liður:
Viðbót við eftirlaun þau, er fátækir uppgjafaprestar og prestsekkjur njóta samkv. lögum 31 000

71. — 14. — A. IV. (Til eflingar kirkjusöngs).
Fyrir „22 500“ kemur 15 000

72. — 14. — A. V. (Kostnaður við kirkjuráð).
Liðurinn fellur niður.

73. — 14. — B. I. a. (Háskólinn).
a. Við 2. (Risna háskólarektors).
Liðurinn fellur niður.
b. Við 11. (Til verkfræðideildar, tímakennsla o. fl.).
Fyrir „75 000“ kemur 55 000
c. Við 14. (Námskeið í uppeldis- og kennslufræðum).
Liðurinn fellur niður.
d. Við 15. (Til íþróttakennslu).
Liðurinn fellur niður.
e. Við 16. (Ýmis útgjöld).
Fyrir „140 000“ kemur 80 000

74. Við 14. gr. B. I. b. (Tilraunastofan á Keldum).
a. Við 1. (Laun). Liðurinn orðist svo:
Laun:
a. Við 1. a. (Grunnlaun). Fyrir „74 900“ kemur 56 900
b. Við 1. b. (Verðlagsuppbót). Fyrir „149 800“ kemur 113 800
c. Við 2. (Annar kostnaður).
Fyrir „150 000“ kemur 100 000

75. — 14. — B. II. c. Nýr liður:
Til Elíasar Eyvindssonar, til svæfingarnáms í Ameríku (lokagreiðsla) 12 000

76. — 14. — B. IV. i. (Menntask. í Rvík, kostn. við skólastjórn).
Liðurinn fellur niður.

77. — 14. — B. V. g. (Menntask. á Akureyri).
a. Við g. (Kostn. við skólastjórn). Liðurinn fellur niður.
b. Við h. (Annar kostnaður).
Fyrir „65 000“ kemur 45 000

78. — 14. — B. VIII. d. Nýr liður:
Til að semja kennslubækur í vélfræði 25 000

79. — 14. — B. X. 1. g. (Bændask. á Hólum, endurbætur á fjósi).
Fyrir „110 000“ kemur 70 000

80. — 14. — B. X. 2. (Bændask. á Hvanneyri).
a. Við g. (Viðgerð á fjósi).
1. Fyrir „100 000“ kemur 70 000
2. Nýr liður:
Til viðgerðar á leikfimihúsi 25 000
b. Við h. Nýr liður:
Til framhaldsdeildar 40 000

81. — 14. — B. X. 3. d. (Garðyrkjuskólinn á Reykjum, viðhald skólahúsa).
Fyrir „50 000“ kemur 25 000

82. — 14. — B. XIII. 12. (Kennaranámskeið eða utanfarir).
Liðurinn fellur niður.

83. — 14. — B. XIV. 11. (Til útgáfu námsbóka fyrir gagnfræðask.).
Fyrir „25 000“ kemur 10 000

84. — 14. — B. XVI. 1. e. (Lagfæring íþróttavalla).
Liðurinn fellur niður.

85. — 14. — B. XX. Nýr liður:
Til Hallgríms Helgasonar tónskálds, til að safna íslenzkum þjóðlögum og gefa þau út:
a. Grunnstyrkur 3 500
b. Verðlagsuppbót 7 000
c. Ferðakostnaður 2 000
12 500

86. — 14. — B. XXIII. (Menningarsjóður blaðamannafélagsins).
Liðurinn fellur niður.

87. — 14. — B. XXIV. (Alþýðusamband Íslands).
a. Fyrir „10 000“ kemur 8 000
b. Nýr (rómv.) liður:
Til Sigursveins D. Kristinssonar, til framhaldsnáms í fiðluleik 4 000

88. — 14. — B. XXVI. (Rannsóknir á þroskastigi skólabarna).
Liðurinn fellur niður.

89. — 14. — B. XXVII. (Alþýðuskólinn í Reykjavík).
Liðurinn fellur niður.

90. Við 15. gr. A. IV. (Náttúrugripasafnið).
a. Við 1. a. (Grunnlaun). Fyrir „28 800“ kemur 19 200
b. Við 1. b. (Verðlagsuppbót). Fyrir „57 600“ kemur .. 38 400
91. — 15. — A. VII. 7. (Sjómannalesstofa á Bíldudal).
Fyrir „sjómannalesstofu“ kemur: bókasafns.
92. — 15. — A. VII. 10. Nýir liðir:
a. Til bókasafna á Vífilsstöðum, Kristnesi og Reykjalundi, 2 þús. kr. til hvers 6 000
b. Til lestrarfélags Ásólfsskálasóknar, til bókakaupa vegna bruna 10 000
93. — 15. — A. VIII. 9. (Vísindafélag Íslendinga).
Liðurinn fellur niður.
94. — 15. — A. VIII. 12. Nýr liður:
Til að þýða rit Jóns Dúasonar á enska tungu 25 000
95. — 15. — A. VIII. 16. (Útgáfa héraðssagnarita).
Liðurinn fellur niður.
96. — 15. — A. VIII. 17. (Norræna félagið).
Liðurinn fellur niður.
97. — 15. — A. IX. (Skáld, rithöfundar og listamenn).
a. Við a. (Grunnlaun). Fyrir „175 000“ kemur 150 000
b. Við b. (Verðlagsuppbót). Fyrir 350 000“ kemur .. 300 000
c. Nýr (rómv.) liður:
Styrkur til myndlistarskóla Félags íslenzkra frístundamálara 10 000
98. — 15. — A. XII. (Vísindamenn og fræðimenn).
a. Við a. (Grunnstyrkur). Fyrir „30 000“ kemur 20 000
b. Við b. (Verðlagsuppbót). Fyrir 60 000“ kemur 40 000
99. — 15. — A. XIV. 9. Nýir liðir:
a. Til Guðrúnar Á. Símonar, til söngnáms erlendis 6 000
b. Til Þórunnar Jóhannsdóttur, til tónlistarnáms erlendis 6 000
c. Til Gerðar Helgadóttur, til myndlistarnáms 4 000
d. Til Hermanns Pálssonar, til náms í keltneskum fræðum 6 000
e. Til Guðmundar Elíassonar, til framhaldsnáms í höggmyndalist 4 000
100. — 15. — A. XVII. (Bandalag ísl. listamanna).
Liðurinn fellur niður.
101. — 15. — B. I. 1. (Atvinnudeild háskólans, iðnaðardeild).
a. Við b. (Annar kostnaður). Fyrir „250 000“ kemur .. 190 000
b. Við ÷ Tekjur af rannsóknum. Fyrir „220 000“ kemur 230 000
102. — 15. — B. I. 2. (Fiskideild).
a. Við a. 1. (Grunnlaun). Fyrir „84 600“ kemur 70 800
b. Við a. 2. (Verðlagsuppbót). Fyrir „169 200“ kemur 141 600
c. Við b. (Annar kostnaður). Fyrir „230 000“ kemur . 205 000
103. — 15. — B. I. 3. (Landbúnaðardeild).
a. Við a. 1. (Grunnlaun). fyrir „70 300“ kemur 60 700
b. Við a. 2. (Verðlagsuppbót). Fyrir „140 600“ kemur . 121 400
c. Við b. (Annar kostnaður). Fyrir „150 000‘ kemur . 144 000
d. Við c. 3. Fjárræktarbúið á Hesti, stofnkostnaður).
Liðurinn fellur niður.
e. Við d. Liðurinn orðist svo:
Tilraunastöðin á Úlfarsá:
1. Laun 36 040
2. Annar kostnaður 45 760
÷ Tekjur 12 000

f. Við e. Liðurinn orðist svo:
Tilraunabúið í Engey:
1. Laun 44 520
2. Annar kostnaður 34 000
÷ Tekjur 50 000

104. Við 15. gr. B. I. 4. (Sameiginlegur kostnaður).
Stafl. a.—c. orðist svo:
a. Laun:
a. Við a. 1. (Grunnlaun). Fyrir „31 550“ kemur .. 27 075
b. Við a. 2. (Verðlagsuppbót). Fyrir „63 100“ kemur 54 150
c. Við b. (Hiti, ljós og ræsting). Fyrir „75 000“ kemur 50 000
d. Við c. (Viðhald húss). Fyrir „40 000“ kemur .. 25 000

105. — 15. — B. III. 2. Nýr liður:
Til rannsóknaráðs vegna rannsókna á biksteini 15 000

106. — 15. — IV. 1. (Almenn veðurþjónusta).
a. Við a. 1. (Grunnlaun). Fyrir „161 392“ kemur 151 792
b. Við a. 2. (Verðlagsuppbót). Fyrir „322 784“ kemur 303 584
c. Við b. (Aukavinnulaun). Fyrir „133 193“ kemur .. 106 372
d. Við i. 1. (Jarðskjálftamælingar, ný tæki).
Fyrir „60 000“ kemur 30 000
e. Við k. (Stofnkostnaður verkstæðis).
Fyrir „50 000“ kemur 25 000

107. — 15. — B. V. (Landmælingar).
Fyrir „75 000“ kemur 50 000

108. — 15. — B. VII. 2. (Sjómælingar, annar kostnaður).
Fyrir „119 000“ kemur 100 000

109. — 15. — B. VIII. 2. (Húsameistari ríkisins, annar kostnaður).
Fyrir „60 000“ kemur 50 000

110. — 16. — A. 1. (Búnaðarfélag Íslands).
Fyrir „1 100 000“ kemur 1 000 000

111. — 16. — A. 2. Nýr liður:
Til búreikningaskrifstofu á vegum Búnaðarfél. Íslands 30 000

112. — 16. — A. 3. (Gjöld samkv. jarðræktarlögum).
a. Við a. 1. (Grunnstyrkur). Fyrir „1 250 000“ kemur 1 200 000
b. Við a. 2. (Verðlagsuppbót). Fyrir „2 500 000“ kemur 2 400 000
c. Við c. (Framræsla). Fyrir „600 000“ kemur 500 000
d. Við d. (Eftirlit með vélakosti). Fyrir „200 000“ kemur 100 000
e. Við g. (Verkfærkaupasjóður). Liðurinn fellur niður.
f. Við h. (Styrkur samkv. 21. gr. l. nr. 7/1945).
Fyrir „710 000“ kemur 350 000

113. — 16. — A. 5. a. (Tilraunir í búfjárrækt).
Fyrir „34 000“ kemur 15 000

114. — 16. — A. 8. (Fyrirhleðsla á Þverá og Markarfljóti).
a. Fyrir „250 000“ kemur 350 000
b. Nýir liðir:
1. Til landsþurrkunar og samgöngubóta í Vestur-Landeyjum, gegn jafnmiklu framlagi annars staðar að 10 000
2. Til fyrirhleðslu á Kaldaklifsá, Svaðbælisá og Laugará undir Eyjafjöllum 50 000
3. Til fyrirhleðslu á Jökulsá í Lóni 127 500
4. Til framræslu á löndum ríkissjóðs á Stokkseyri 30 000

115. Við 16. gr. A. 10. (Skógrækt).
a. Við c. (Skógræktarfélög). Fyrir „150 000“ kemur .. 125 000
b. Við d. (Skógargirðingar). Liðurinn fellur niður.
c. Við e. Liðurinn orðist svo:
Til skóggræðslu og friðunar á skóglendi, eftir samkomulagi við Þingvallanefnd 525 000

116. — 16. — A. 12. (Búreikningaskrifstofa).
Liðurinn fellur niður.

117. — 16. — A. 14. a. (Veiðimálastjóraembættið).
a. Við 3. (Ferðakostnaður) Fyrir „10 000“ kemur ... 8 000
b. Við 4. (Rannsóknarkostnaður o. fl.).
Fyrir „23 000“ kemur 19 000

118. — 16. — A. 15. (Loðdýraræktarfélag Íslands).
Liðurinn fellur niður.

119. — 16. — A. 19. a. Liðurinn orðist svo:
Sauðfjársjúkdómanefnd:
1. Laun forstjóra og bókara:
a. Grunnlaun 20 700
b. Verðlagsuppbót 41 400
62 100
2. Laun nefndarmanna 15 000
3. Húsaleiga, ljós, hiti og ræsting 24 000
4. Annar kostnaður 33 900
135 000

120. — 16. — B. 1. (Fiskifélag Íslands).
Fyrir „859 700“ kemur 810 000

121. — 16. — C. 3. Liðurinn orðist svo:
Til iðnráða 10 000

122. — 16. — C. 4. (Bygging iðnskóla).
Fyrir „250 000“ kemur 200 000

123. — 16. — C. 7. (Tóvinnuskóli Halldóru Bjarnadóttur).
Liðurinn fellur niður.

124. — 16. — C. 9. (Norrænt yrkisskólaþing).
Liðurinn fellur niður.

125. — 16. — D. I. (Stjórn raforkumála).
a. Við 2. (Skrifstofukostnaður).
Fyrir „183 800“ kemur 150 000
b. Við 3. (Annar kostnaður).
Fyrir „45 000“ kemur 25 000

126. — 16. — D. II. (Undirbúningur um nýjar raforkuframkvæmdir).
a. Við 1. a. (Grunnlaun). Fyrir „78 550“ kemur 68 550
b. Við 1. b. (Verðlagsuppbót). Fyrir „157 100“ kemur .. 137 100
c. Við 2. (Skrifstofukostnaður).
Fyrir „50 000“ kemur 25 000
d. Við 4. (Mælingar og aðstoð).
Fyrir „100 000“ kemur 80 000
e. Við 5. (Annar kostnaður).
1. Fyrir „44 350“ kemur 24 350
2. Nýr liður:
6. Rekstrarkostnaður rafmagnsveitna og raforkukaup.
a. Rafmagnsveitur ríkisins.
1. Reykjanesveita 650 000

		2. Suðurlandsveita	300 000	
		3. Húsavíkurveita	120 000	
		b. Héraðsrafmagnsveitur ríkisins.		
		1. Árnesveita	85 000	
		2. Rangárvallaveita	190 000	
		3. Rafveita Egilsstaðaþorps	65 000	
		4. Þingeyjarveita	25 000	
		5. Borgarfjarðarveita	25 000	
				1 460 000
		÷ Tekjur (raforkusala).		
		Reykjanesveita	780 000	
		Suðurlandsveita	360 000	
		Húsavíkurveita	90 000	
		Árnesveita	90 000	
		Rangárvallaveita	120 000	
		Rafveita Egilsstaðaþorps	50 000	
		Þingeyjarveita	30 000	
		Borgarfjarðarveita	10 000	
				1 530 000
127.	Við 16. gr.	D. III. (Nýjar raforkuframkvæmdir). Fyrir „1 000 000“ kemur		2 000 000
128.	— 16. —	D. IV. Liðurinn orðist svo: Til að lána með hagkvæmum kjörum til byggingar dieselvélarafstöðva 100 hestafla og stærri, að fengnum tillögum raforkuráðs		400 000
129.	— 16. —	D. V. (Rafmagnseftirlit ríkisins).		
		a. Við 2. (Skrifstofukostnaður). Fyrir „90 000“ kemur		70 000
		b. Við 5. (Annar kostnaður). Fyrir „40 000“ kemur ..		20 000
130.	— 16. —	D. VIII. Liðurinn orðist svo:		
		Jarðboranir og gufuvirkjunarrannsóknir:		
		1. Laun:		
		a. Grunnlaun 40 000		
		b. Verðlagsuppbót 80 000		
			120 000	
		2. Skrifstofukostnaður	50 000	
		3. Bormannalaun	375 000	
		4. Rannsóknarkostnaður	115 000	
		5. Annar kostnaður	415 000	
			1 075 000	
		÷ Tekjur:		
		Borkostnaður greiddur af einstaklingum og sveitarfélögum	675 000	
			400 000	
		6. Til bortækjakaupa	100 000	
				500 000
131.	— 17. —	2. I. b. Meginmál liðarins orðist svo: Framlag samkv. 82. gr. III. kafla laga nr. 104 1943.		
132.	— 17. —	2. II. (Endurgreiðsla á framlagi Lífeyrissjóðs Íslands). Fyrir „320 000“ kemur		260 000
133.	— 17. —	6. (Gamalmennahæli).		
		a. Við b. Fyrir orðið „átta“ komi: níu.		

b. Við c. (Elliheimilið á Seyðisfirði).
Liðurinn fellur niður.

134. Við 17. gr. 8. (Sumardvalarheimili o. fl.). Fyrir „200 000“ kemur 100 000

135. — 17. — 9. (Barnaverndarráð). Fyrir „36 000“ kemur 25 000

136. — 17. — 13. (Upptökuheimilið á Elliðahvammi).
Liðurinn fellur niður.

137. — 17. — 18. (Bindindisstarfsemi).
a. Við a. Liðurinn orðist svo:
Til bindindisstarfsemi eftir ákvörðun dómsmálaráðuneytisins 300 000
Þar af til áfengisvarnanefnda 50 000
b. Nýr liður á eftir:
Til Stórstúku Íslands 170 000
Þar af til bindindisstarfsemi í skólum .. 15 000

138. — 17. — 22. (Til Kvenréttindafélags Íslands).
Liðurinn orðist svo:
Til Kvenréttindafélags Íslands 15 000

139. — 17. — 23. (Vinnumiðlun).
Fyrir „100 000“ kemur 50 000

140. — 17. — 26. (Bálfararfélag Íslands).
Liðurinn fellur niður.

141. — 18. — II. a.
a. Niður falla eftirtaldir liðir:
1. Einar Thorlacius.
2. Guðmundur Kristjánsson.
3. Helgi Péturss.
4. Loftur Ólafsson.
5. Matthías Einarsson.
6. Samúel Eggertsson.
b. Við bætast í stafrófsröð:
1. Bergur Rósinkransson, fyrrv. skipaskoðunarm. 4 000.00
2. Björn Blöndal Jónsson, fyrrv. eftirlitsm. 7 000.00
3. Guðmundur Hannesson, fyrrv. bæjarfógeti 3 600.00
4. Jón Benjamínsson, fyrrv. fiskimatsm. 490.00
5. Oddur Valentínusson, fyrrv. leiðsögum. 1 200.00
6. Ólafur Guðmundsson, fyrrv. póstur 400.00
7. Sveinn Árnason, fyrrv. fiskimatsstj. 3 000.00
8. Sigurdór Brekkan 2 680.00

142. — 18. — II. b.
a. Niður falla þessir liðir:
1. Cathinka Sigfússon.
2. Jenny Forberg.
b. Við bætast í stafrófsröð:
1. Agnethe Kamban, ekkja Guðm. Kamban 1 200.00
2. Ellen Einarsson, ekkja Matth. Einarssonar læknis 6 570.00
3. Helga Stephensen, ekkja sr. Páls Stephensens .. 500.00
4. Sesselja Eiríksdóttir, ekkja Guðm. Kristjánssonar 490.00
c. Þórdís Claessen. Fyrir „4 321.33“ kemur 2 491.33
d. Anna Pálsdóttir. Fyrir „975.00“ kemur 1 200.00

143. — 18. — c. 7. Nýr liður:
Barn Óskars Jónssonar, póstafgrm., Eva Óskarsdóttir, fædd 12. apríl 1934 ..... 490.00

144. — 19. — 1. (Dýrtíðarráðstafanir).
Fyrir „33 000 000“ kemur 74 640 000

145. Við 19. gr. 2. (Stuðningur við bátaútveginn).
Fyrir „6 000 000“ kemur 6 500 000
146. — 20. — Út. VI. (Bráðabirgðatollbúð).
Liðurinn fellur niður.
147. — 20. — Út. VII. 1. (Viðbótarhúsnæði við ríkisspítalana).
Fyrir „560 000“ kemur 1 000 000
148. — 20. — Út. VIII. 2. (Vitavarðarbústaður á Öndverðarnesi).
Liðurinn fellur niður.
149. — 20. — Út. IX. (Flugvallagerð).
Fyrir „1 550 000“ kemur 1 000 000
150. — 20. — Út. XI. (Tilraunabúið á Reykhólum).
a. Fyrir „100 000“ kemur 150 000
b. Nýir liðir:
1. Til byggingar tilraunastöðvarinnar á Hafursá .. 50 000
2. Til byggingar á prestssetrum 300 000
151. — 22. — IV. Nýir liðir:
a. Að verja allt að 4000 kr. til þess að styrkja afskekkta staði til að hafa lærða hjúkrunarkonu, eftir tillögum heilbrigðisstjórnarinnar.
b. Að greiða læknisvitjanastyrki til þeirra læknishéraða, sem eru læknislaus þrjá mánuði af árinu eða lengur, og nemi þeir allt að læknislaunum þann tíma, sem héraðið er læknislaust.
c. Að greiða 5 þús. kr. til húsmæðraskólans á Hallormsstað fyrir að kenna kennslukonum vefnað.
d. Að verja allt að 900 000 kr. til endurbyggingar á Þjórsárbrú.
e. Að verja allt að helmingi af lóða- og jarðaleigum úr Vestmannaeyjum árið 1947 til varnar gegn landbroti og uppblæstri í eyjunum, enda sé allt, er að því lýtur, gert í samráði við Búnaðarfélag Íslands.
f. Að verja allt að 3 360 000 kr. eða taka sömu upphæð að láni til sjálfvirkrar símstöðvar á Akureyri, sæsíma yfir Hvalfjörð og firði á Barðaströnd og til póst- og símahúss í Hrútafirði.
g. Að ákveða, að fjölgun starfsmanna ríkis og ríkisstofnana skuli vera háð samþykki fjármálaráðherra, þar til sett verða lög um ráðstafanir til þess að draga úr kostnaði við opinberan rekstur.

Sþ. 461. Nefndarálit [42. mál]

um frv. til fjárlaga fyrir árið 1949.

Frá meiri hl. fjárveitinganefndar.

Nefndin hefur ekki getað komið sér saman um að standa óskipt að afgreiðslu fjárlagafrumvarpsins. Minni hlutinn (ÁS og LJós) hafa þó allan tímann tekið þátt í umræðum um hin ýmsu mál í nefndinni, enda margar af brtt. sem meiri hl. ber fram, einnig samþykktar af minni hlutanum. Mun hann gera grein fyrir afstöðu sinni í sérstöku nefndaráliti.

Fjárlagafrumvarpi fyrir árið 1949 var útbýtt í sameinuðu þingi þann 1. nóv. og vísað til nefndar 5. s. m. Var það tekið til umræðu á fundi í nefndinni í fyrsta skipti þ. 11. nóv., og síðan rætt þar á fundum flesta daga til 17. des., er þingfundum var frestað. Við athugun á frumvarpinu kom í ljós, að gjöld til verklegra framkvæmda höfðu verið lækkuð allverulega frá því, sem var á fjárlögum fyrir árið 1948. Þrátt

fyrir þetta voru rekstrarútgjöldin um 3 millj. kr. hærri í frumvarpinu en í fjárlögunum. Nefndinni þótti því rétt að gera ýtarlegan samanburð á hinum raunverulegu rekstrarútgjöldum frv. og fjárlaganna. Við þá athugun kom í ljós, að áætluð rekstrargjöld í frv., þegar framlög til allra verklegra framkvæmda höfðu verið undanskilin, höfðu hækkað um 20 millj. króna miðað við fjárlögin 1948. Var þessi samanburður sendur ríkisstjórninni 14. des. og þess óskað, að hún léti athuga, hvort ekki væri unnt að draga allverulega úr útgjöldunum, áður en nefndin gengi endanlega frá tillögum sínum. Alveg sérstaklega þótti ástæða til að hafa þennan hátt á, þar sem vitað var, að ríkisstjórnin hafði á s. l. ári skipað nefnd til þess að athuga, hvort mögulegt væri að draga eitthvað úr kostnaði við rekstur ríkisins. Mætti sparnaðarnefndin hjá fjárveitinganefnd þann 16. des. til þess að ræða þessi mál við hana. Var henni afhentur samanburður sá á rekstrargjöldum, sem að framan greinir. Starfaði sparnaðarnefndin að þessum málum í þinghléinu, og átti formaður fjárveitinganefndar með henni allmarga fundi á þessu tímabili. Fjárveitinganefnd hóf störf sín á ný þann 27. jan. og hélt síðan daglega fundi, eftir því sem ástæður þóttu til. Hélt nefndin þannig alls 72 fundi. Höfðu henni borizt alls 360 erindi varðandi fjáralagaafgreiðsluna, en auk þess ræddu fjölmargir aðilar við nefndina eða formann hennar um ýmis atriði varðandi afgreiðslu málanna. Aflaði nefndin sér þannig fjölda upplýsinga um rekstur ríkisins og ríkisstofnana.

Þann 11. febr. fékk nefndin skýrslu sparnaðarnefndar og tillögur hennar til sparnaðar á ýmsum liðum í ríkisrekstrinum. Var höfð hliðsjón af þeim tillögum við afgreiðslu málanna, þótt allverulega sé vikið frá þeim ýmist til lækkunar eða hækkunar, eftir því sem ástæður þóttu til.

Meiri hl. nefndarinnar er ljóst, að ýmis lög frá síðari árum hafa í för með sér óhjákvæmilega útþenslu í rekstri ríkisins og að erfitt verður að draga verulega úr kostnaðinum, nema frestað sé að einhverju verulegu leyti framkvæmd þeirra laga, eins og nefndinni er einnig ljóst, að mörg ný verkefni, sem skapast svo að segja daglega, einkum í sambandi við sjálfstæði landsins og breytta atvinnuhætti og viðskipti, hljóta óhjákvæmilega að hafa í för með sér aukinn kostnað, en hún lítur þó svo á, að gæta verði hófs í þessum málum, svo að álögur af þeim ástæðum íþyngi ekki þegnunum meira en nauðsynlegt er. Útþensla margra ríkisstofnana ber þess vitni, að hófs hefur ekki verið gætt sem skyldi, hvorki í mannahaldi né öðrum kostnaði. Og þar sem fjárhagur ríkisins þolir eigi lengur þau útgjöld, verður þegar að spyrna við fótum og hverfa að hagkvæmara fyrirkomulagi og meiri gætni í meðferð á fé ríkissjóðs. Vill meiri hl. nefndarinnar með tillögum sínum marka þá stefnu og væntir þess, að Alþingi fallist á, að þetta sjónarmið sé bæði rétt og nauðsynlegt.

Skal nú vikið nokkuð að þeim breytingum, er meiri hl. nefndarinnar leggur til, að gerðar verði á hinum einstöku greinum frumvarpsins.

TEKJURNAR

Við áætlun teknanna hefur nefndin haft til hliðsjónar tekjur ársins 1948, en þær urðu alls það ár 259,6 millj. Helztu tekjuliðir urðu sem hér segir: Teklu- og eignarskattur, þar með talinn hluti ríkissjóðs af stríðsgróðaskatti, 51,6 millj. Vörumagnstollur 23 millj., verðtollur 58 millj., söluskattur 14 millj., ágóði af áfengisverzlun 52,8 millj. og af tóbaksverzlun 23,6 millj. -- Með því að ekki þykir ástæða til að ætla, að innflutningur verði meiri á þessu ári, telur meiri hl. ekki rétt að gera tillögur til hækkunar á þessum tekjuliðum.

2. gr.

Með lögum frá 19. des. um dýrtíðarráðstafanir er gert ráð fyrir, að 22 millj. kr. af tolltekjum ríkisins og allur söluskatturinn, sem áætlaður er 36 millj., renni í sérstakan dýrtíðarsjóð og auk þess viðbótargjöld fyrir innflutningsleyfi fyrir kvikmyndum, bifreiðum og varahlutum þeirra, rafmagnstækjum, gjöld af ferðaleyfum og sölugjald af bifreiðum, sem ganga kaupum og sölum innan lands, en tekjur af

þessum liðum er áætlaðar 15,24 millj. Þá er enn fremur ákveðið í lögunum, að vöruleyfisgjöld, 1%, að frádregnum kostnaði við verðlagseftirlit og viðskiptamál, skuli renna í dýrtíðarsjóð. Hefur nefndin áætlað þennan mismun 1,4 millj. Er því gert ráð fyrir, að samanlagðar tekjur til dýrtíðarsjóðs verði 74.64 milj., en að tolltekjurnar verði þá jafnframt lækkaðar um 22 millj. og söluskatturinn, sem áætlaður er í frumvarpinu 34 millj., verði felldur niður. Við þessar breytingar verður hin raunverulega hækkun tekna á þessari grein 18.4 milj. kr. Allar þessar tekjuáætlanir eru gerðar í samráði við fjármálaráðuneytið. Áætlaðar tekjur samkv. 2. gr., áður en þessar breytingar eru gerðar, eru alls 177.8 millj. Samsvarandi tekjur reyndust á s. l. ári 175.4 millj., en þá er ekki reiknað með söluskatti síðasta ársfjórðunginn, sem ætti að nema 4—5 millj. kr. Má af þessu sjá, að eigi er gerlegt að áætla tekjur samkv. þessari grein hærra en hér er gert.

3. gr.

1. Póstsjóður.

Samkvæmt upplýsingum frá póststjórninni hafa gjöld póstsjóðs numið um 6.6 millj. kr. á síðasta ári, en tekjur aðeins um 5.8 millj., og hefur þannig orðið um 800 þús. kr. halli á rekstri póstsjóðs. Í fjárlagafrumvarpinu er gert ráð fyrir 6 800 000 kr. útgjöldum, sem er 100 þús. kr. hærra en á síðasta ári, og jafnháum tekjum á móti. Sparnaðarnefnd telur, að tekjuhallinn verði ekki jafnaður með því einu að draga úr kostnaði, heldur beri að ná þessu með því að hækka burðargjald undir prentað mál um 100%, sem gæfi um 200 þús. kr., og gefa út sérstök hátíðarfrímerki, sem áætla mætti, að gæfu 150—200 þús. kr. Einnig mætti spara á bifreiðakostnaði og breyta starfstíma póstmanna og endurskipuleggja vinnuskiptingu í stofnuninni, einkum að því er snertir eftirvinnu í sambandi við afgreiðslu pósts í skip. Í trausti þess, að gerðar verði raunhæfar ráðstafanir til þess að tekjur og gjöld standist hér á, eins og til er ætlazt í frumvarpinu, ber meiri hl. ekki fram breytingartillögur við þennan lið greinarinnar.

2. Landssíminn.

Rekstrarútgjöld landssímans eru áætluð á frumvarpinu kr. 18 241 000. Þegar tekið er tillit til þess, að framlag til notendasíma í sveitum hefur verið lækkað um 500 þús. kr. frá því, sem var á fjárlögum síðasta árs, sést, að áætlun rekstrargjalda er hækkuð um kr. 435 500 frá því, sem var í fjárlögum. Eftir því sem upplýst er af sparnaðarnefnd, stafar þetta af hækkun rekstrargjalda sem hér segir: Á aðalskrifstofunni 62 þús., stuttbylgjustöðinni 78 þús., ritsímanum 78 þús. og bæjarsímanum 193 þús. Sparnaðarnefnd þykir þessi aukning ekki óeðlileg með tilliti til aukinnar starfrækslu á símanum, en bendir á, að draga mætti úr kostnaðinum allverulega með lengingu vinnutímans án aukagreiðslu. Samkvæmt upplýsingum frá landssímanum eru rekstrartekjur á s. l. ári um 1 665 000 kr., en ríkisbókhaldið telur tekjurnar vera rúmar 2 millj. Mun þessi mismunur stafa af því, að ríkisbókhaldið færir hér sem tekjur stofnframlag símanotenda, en þetta er ekki fært sem tekjur hjá símanum.

Eins og að framan getur, er framlag til notendasíma í sveitum áætlað 300 þús. í frv. í stað 800 000 í síðustu fjárl. Meiri hl. getur ekki fallizt á, að rétt sé að draga svo úr þessum framkvæmdum, þar sem vitað er, hve mikilsvert það er fyrir alla þá, sem í sveitum landsins búa, að geta fengið til sín síma. Er þetta ekki einasta verulegt fjárhagsatriði í sambandi við atvinnureksturinn, heldur og bein öryggisráðstöfun, sem ekki má draga, að gerð verði eins fljótt og tök eru á. Meiri hl. leggur því til, að þessi liður verði hækkaður um 500 þús., eða upp í það, sem hann var á síðasta árs fjárlögum. Aðrar breytingar leggur meiri hl. ekki til, að gerðar verði á þessum tölulið greinarinnar.

Eignabreytingar landssímans.

Út.

Nefndin ræddi þessi mál sérstaklega við símamálastjórnina, sem lagði áherzlu á, að hækkuð yrðu framlög til eftirfarandi framkvæmda sem hér segir:

Til viðauka á símakerfi o. fl.	úr 500 þús. í 1 millj.
Til talstöðva í báta og skip	úr 150 þús. í 300 þús.
Til loftskeytastöðva í skip	úr 100 þús. í 200 þús.
Til stuttbylgjustöðvarinnar í Vestmannaeyjum	úr 400 þús. í 650 þús.

Enn fremur að tekin verði upp fjárveiting til eftirfarandi framkvæmda: Til sjálfvirku símstöðvarinnar á Akureyri 1.4 millj. og til póst- og símahúss í Hrútafirði 1.5 millj. En með því að áætlaðar rekstrartekjur ríkissjóðs hrökkva ekki fyrir áætluðum gjöldum, nema síðar verði gert ráð fyrir sérstakri tekjuöflun, en nauðsynlegt hins vegar að ljúka þessum framkvæmdum sem fyrst, þar sem ljóst er, að það mundi tryggja betur efnahagslega afkomu landssímans og jafnframt bæta verulega símasambandið við Vestur- og Norðurland, en á því er aðkallandi nauðsyn, leggur meiri hl. til, að heimild sú, sem gefin var í 22. gr. fjárl. s. l. ár um að verja 3 millj. 360 þús. kr. til þessara framkvæmda, verði tekin upp að nýju.

3. Áfengisverzlun ríkisins.

Áætluð rekstrarútgjöld á þessum lið eru 343 þús. hærri en í fjárlögum 1948. Af þessari upphæð eru 200 þús. kr. hækkun á útsvari, sem reiknað er eftir tekjum stofnunarinnar eins og þær eru á hverjum tíma. Í rekstrarútgjöldum eru 30 þús. ætlaðar til auglýsinga. Leggur sparnaðarnefnd til, að sú upphæð verði felld niður, og hefur meiri hl. fallizt á þetta. Sér hann enga ástæðu til, að notað sé fé til auglýsinga á einkasöluvörum stofnunarinnar. Þá hefur sparnaðarnefnd upplýst, að afsláttur hafi verið gefinn einum viðskiptamanni, er nemi á s. l. ári 576 þús. kr., og leggur hún til, að þessu sé hætt og tekjuáætlunin hækkuð sem því svarar. Fjárveitinganefnd hefur fallizt á, að rétt sé að fella niður slíkan afslátt, og hefur fjármálaráðuneytið þegar gert ráðstafanir til þess, að svo verði gert. Með tilliti til þess, hve óöruggur þessi tekjustofn er, vill meiri hl. ekki leggja til að hækka tekjur af áfengissölu, jafnvel þótt vitað sé, að rekstrarafgangur varð á s. l. ári 52.89 millj.

4. Tóbakseinkasala ríkisins.

Áætluð rekstrarútgjöld á þessum lið eru 107 þús. hærri en í fjárlögum s. l. árs. Kemur það fram í 29 þús. kr. grunnlaunahækkun, 50 þús. kr. húsaleiguhækkun, vegna þess að stofnunin flytur í nýtt húsnæði, og 95 þús. kr. fyrningaafskriftum, auk ýmissa annarra smáútgjalda. Hins vegar hefur orðið nokkur lækkun á öðrum liðum, þ. á m. á útsvari um 75 þús. kr. frá áætlun. Leggur sparnaðarnefnd til, að heildarútgjöld stofnunarinnar verði áætluð 47 þús. kr. lægri en í frv., og gerir meiri hl. fjvn. það einnig að tillögu sinni.

Þá leggur sparnaðarnefnd einnig til, að þessar tvær stofnanir verði sameinaðar og settar undir eina stjórn og telur, að allverulegur sparnaður náist með því. Er þess vænzt, að það verði tekið til athugunar af ríkisstjórninni.

5. Ríkisútvarpið.

Áætluð rekstrarútgjöld hafa hækkað um nærri 1100 þús. frá því, sem er í fjárlögum s. l. árs. Kemur þetta fram í 145 þús. kr. launahækkun, 310 þús. kr. hækkun á útvarpsefni og 580 þús. kr. hækkun á framlagi til útvarpsstöðva, auk ýmissa smærri útgjaldaliða. Nefndin ræddi þessi mál mjög ýtarlega bæði við útvarpsstjóra og útvarpsráð. Hún fékk einnig mjög ýtarlega skýrslu frá sparnaðarnefnd um rekstur útvarpsins og síðar svar útvarpsstjóra við þeirri skýrslu.

Af öllum þeim mörgu upplýsingum, sem nefndin fékk um rekstur útvarpsins, er ljóst, að hér ríkir mikil rausn á mörgum sviðum, bæði hvað snertir mannahald og greiðslur fyrir útvarpsefni, enda hefur stofnunin haft svo að segja takmarkalaus fjárráð og því hvergi þurft að skera við nögl, eins og sjá má af því, að á árunum 1940—1947 hafa tekjur útvarpsins umfram útgjöld verið 4.4 millj., og er árið 1947 hæsta tekjuárið með 1.6 millj. kr. í tekjuafgang. Viðtækjaverzlunin hefur auk þessa frá upphafi samanlagt nærri 5.5 millj. í tekjur, en af þeim er aðeins greitt til útvarpsins 1.5 millj., en hitt stendur að mestu sem rekstrarfé í stofnuninni. Í framkvæmdasjóði eru tæpar 5 millj. kr., eða rúmlega allur ágóði áranna 1940—1947. Árið 1948 eru tekjur útvarpsins umfram gjöld rúmlega 1.2 millj. kr., og hafa þá 100 þús. kr. verið reiknaðar í fyrningar. Framlag til framkvæmdasjóðs, 40% af iðgjöldum ársins, nemur það ár 1 millj. 360 þús. Vantar þá 160 þús. kr. til þess að útvarpið geti sjálft staðið undir fullri greiðslu til sjóðsins. Er líklegt, að með hagsýni í rekstri stofnunarinnar mætti fyllilega spara þá upphæð, svo að hún gæti borið sig án framlags annars staðar að. Lítur sparnaðarnefnd einnig þannig á þetta mál. Gerir hún ýmsar tillögur bæði til lækkunar á útgjöldum og hækkunar á tekjum og telur auk þess, að rétt sé að svipta útvarpið tekjum af viðtækjaverzluninni í framtíðinni. Fjárveitinganefnd hefur athugað allar þessar tillögur, og eftir að hafa rætt málið á ný við forstjóra stofnunarinnar, leggur meiri hl. til, að laun verði áætluð kr. 77 760 lægri, kostnaður við útvarpsefni 160 þús. kr. lægri, til útvarpsstöðva 420 þús. kr. lægra, þar sem sá kostnaður á að greiðast úr framkvæmdasjóði, og að kostnaður við viðtækjaverzlun og viðtækjasmiðju lækki um 80 þús. kr., eða lækkun alls á þessum liðum 521 þús. kr.

7.—8. Áburðarsala ríkisins. — Grænmetisverzlun ríkisins.

Nefndin ræddi við forstjóra stofnananna og m. a. um rekstrarafkomu þeirra á s. l. ári. Tekjuafgangur af áburðarsölu reyndist tæpar 180 þús. kr., og er þá með talinn rúml. 78 þús. kr. ríkissjóðsstyrkur, framlag frá 1942. Tekjuafgangurinn er lagður í rekstrarsjóð, sem nú er rúml. 1100 þús. kr. Rekstrarafgangur grænmetisverzlunarinnar varð rúml. 133 þús. Af því fé eru rúml. 13 þús. lagðar í varasjóð, sem nú er orðinn rúmar 300 þús., og afgangurinn í rekstrarsjóð, sem nú er orðinn rúmar 650 þús. kr. Meiri hl. gerir till. um að lækka annan kostnað við grænmetisverzlunina um 50 þús., en að áætla jafnframt 50 þús. kr. lægri tekjur, m. a. með tilliti til lækkunarmöguleika á verði, og hafa þessar till. því ekki áhrif á niðurstöðurnar, þótt samþykktar verði.

10. Tunnuverksmiðja ríkisins.

Mjög ófullkomnar upplýsingar lágu fyrir nefndinni um rekstur þessa fyrirtækis. Hún kvaddi því á fund sinn formann síldarútvegsnefndar, en sú stofnun hefur nú tekið við rekstri verksmiðjunnar. Varð ljóst af þeim viðræðum, að margt er enn óuppgert í sambandi við rekstur fyrri ára og alveg óvíst, hvernig sú afkoma verður. Sparnaðarnefnd hafði einnig athugað þetta fyrirtæki. Leggur hún til, að tekjur og gjöld færist hvort um sig niður í 2 millj. 754 þús. kr. Fellst meiri hl. á, að þessar till. verði teknar upp í frumvarpið, jafnframt því sem hann telur nauðsynlegt, að hraðað verði sem mest endanlegu uppgjöri á rekstri fyrirtækisins frá upphafi og að lagðir verði fram árlega rekstrarreikningar yfir þetta fyrirtæki sem önnur fyrirtæki ríkisins.

Nýir liðir.

Meiri hl. leggur til, að Landssmiðjan sé tekin upp í 3. gr. frumvarpsins, eins og áður hefur tíðkazt. Samkvæmt rekstrarreikningi hefur fyrirtækið haft um 190 þús. kr. tekjuafgang á s. l. ári, og hafði þá verið reiknað til afskrifta um 357 þús. Rekstrarhagnaður á þessu ári er áætlaður 24 þús. kr. Meiri hl. gerir till. um að taka áætlunina upp óbreytta, enda búizt við, að afskrifa verði allháar upphæðir af útistandandi skuldum. Eru þessar tillögur í samræmi við till. sparnaðarnefndar, sem hafði einnig athugað gaumgæfilega rekstur þessarar stofnunar.

Þá leggur meiri hl. einnig til, að tekinn sé upp nýr liður. „Bessastaðabú". Hækkar það gjöldin á þessari grein um 21 þús. kr. Er þetta tilfærsla frá 8. gr. og gerð samkvæmt beiðni forsætisráðuneytisins.

Yfirlit yfir framanskráðar breytingar á þessari grein:

Lækkun gjalda:		
Áfengisverzlun ríkisins		kr. 30 000
Tóbakseinkasalan		— 47 000
Ríkisútvarpið		— 657 760
Viðtækjaverzlunin		— 60 000
Viðtækjasmiðjan		— 20 000
		Kr. 814 760
+ Hækkun tekna Landssmiðju		— 24 000
		Kr. 838 760
÷ Hækkun á framlagi til notendasíma í sveitum	kr. 500 000	
Tap á Bessastaðabúi	— 21 000	
		— 521 000
	Lækkun alls	kr. 317 760

GJALDABÁLKURINN

7. gr.

Vaxtagreiðslur eru nærri 2 millj. kr. hærri en í fjárl. s. l. árs. Stafar þetta mest af hinum miklu lausaskuldum ríkisins, sem greiða verður af 6% vexti. Er gerð full grein fyrir þessu í athugasemdum við frv., og sér meiri hl. ekki ástæðu til að gera hér tillögur til breytinga.

8. gr.

Samkvæmt beiðni forsætisráðuneytisins er gerð tillaga um að lækka kostnað við æðstu stjórn landsins um kr. 75 320.00. Eru upphæðir þessar færðar til gjalda sumpart á 3. gr. og sumpart á 10. gr. og hafa því engin áhrif á heildarniðurstöður fjárlaganna.

9. gr.

Áætlaður kostnaður á þessari grein er 800 þús. kr. hærri en í fjárl. s. l. árs. Hefur sparnaðarnefnd haft mál þetta til athugunar, og telur hún, að spara mætti 300 þús. kr. með því að hætta að prenta ræðupart Alþt. og undirbúa betur en gert er þingmálin, áður en þing kemur saman. Ræddi nefndin við skrifstofustjóra, hvort unnt væri að spara fé með því að nota meira tækniáhöld við upptöku á ræðum manna, og kvað hann það vera í athugun. Annars er það til athugunar, hvort ekki ætti að hætta með öllu útgáfu ræðuparts Alþt.

10. gr.

Áætlaður kostnaður við stjórnarráðið hefur hækkað um nærri 340 þús. kr. frá fjárlögum 1948. Þykir meiri hl. þessi þróun allt of ör og leggur til, að kostnaðurinn verði færður niður um nærri 200 þús. kr. Kemur þetta mest fram á liðnum „Annar kostnaður", sem lagt er til, að lækki um 100 þús. kr., eða í það, sem var í fjárlögum s. l. ár. Ríkisféhirzla og ríkisbókhald, sem fært er á þessa grein, kostar nú rúmlega 400 þús. kr. Ritaði nefndin ráðuneytinu bréf snemma á þessu þingi og benti á, hvort gerlegt mundi að fá samkomulag við Landsbankann um að taka að sér þetta starf í sérstakri deild í bankanum fyrir miklu minni kostnað. En við þessu erindi hefur nefndin ekkert svar fengið frá ráðuneytinu.

Nefndin ræddi við utanríkisráðherra um framtíðarskipulag á utanríkisþjónustunni, einkum á Norðurlöndum, með því að sterkur vilji kom fram um það í nefndinni

að fækka þar sendiherrum. Meiri hl. gerir þó ekki tillögur um þetta á þessu stigi. Samkv. ósk ráðuneytisins gerir meiri hl. tillögur um, að áætlun til sendiráðsins í Stokkhólmi verði lækkuð um 26 þús. kr., en að teknir séu upp tveir nýir liðir til hækkunar, annar 100 þús. kr. til aðalræðismannsskrifstofu í Þýzkalandi, sem nauðsynleg er talin vegna mjög vaxandi viðskipta við það land, og hinn kr. 62 600 kr. hækkun til sendiráðsins í París, aðallega vegna kostnaðar í sambandi við Marshallhjálpina. Þá leggur meiri hl. til, að tekinn sé upp á þessa grein nýr liður vegna kostnaðar við Fálkaorðuna, 39 þús., og er það tilfærsla frá 8. gr. eins og fyrr er getið um.

11. gr.

Áætlaður rekstrarkostnaður í þessari grein er tæpum 4 millj. kr. hærri en í fjárlögum 1948 og skiptist þannig:

A-liður. Dómgæzla og lögreglustjórn	kr.	1 015 000
B-liður. Opinbert eftirlit	—	1 614 000
C-liður. Kostnaður vegna innheimtu tolla og skatta	—	768 000
D-liður. Sameiginlegur kostnaður	—	450 000
	Kr.	3 847 000

Allir þessir liðir voru í fjárlögum s. l. árs tæpar 17 millj., svo að hækkunin nemur yfir 22%. Þykir meiri hl. þessi hækkun svo mikil, að nauðsyn beri til að spyrna hér við fótum. Hún ræddi því þessi mál við flesta þá aðila, sem með þau fara, og auk þess rannsakaði sparnaðarnefnd málið mjög ýtarlega og gerði ýmsar tillögur til lækkunar, er nefndin tók til athugunar. Orsökina til þessarar útþenslu er að rekja til þess, að með hverju ári er ríkisvaldið látið hafa meiri og meiri afskipti af flestum málum þjóðfélagsins. Margvíslegar reglur og lög eru gefin út um bein eða óbein afskipti ríkisvaldsins af flestu því, sem menn taka sér fyrir hendur, en öll slík afskipti kosta bæði tíma og fé og koma fram í síauknum rekstrarkostnaði í ríkisrekstrinum. Á móti þessum auknu útgjöldum ríkissjóðs koma þó að jafnaði nokkrar auknar tekjur, en einnig þær eru skattar á þegnana í annarri mynd.

Sparnaðarnefnd hefur lagt til, að felld sé niður risna til forseta hæstaréttar, kr. 5 500. Meiri hl. fellst á, að svo verði gert. Sá háttur hefur verið hafður á í þessum málum undanfarið, að fjöldi manna fær nú risnufé, m. a. allir skrifstofustjórar í stjórnarráðinu. Meiri hl. getur ekki fallizt á, að þetta sé nauðsynlegt eða rétt og leggur því til, að þetta verði afnumið. Meiri hl. leggur einnig til, að á þessu ári verði ekki veitt fé til útgáfu hæstaréttardóma. Ekki af því, að ætlazt sé til, að hætt verði útgáfu dómanna, heldur af hinu, að ætlazt er til, að söluverð þeirra verði hækkað og gerð tilraun til þess að láta útgáfuna bera sig fjárhagslega. Við báða þessa liði sparast kr. 55 500.00, ef till. verður samþ. Áætlaður kostnaður við borgardómaraembættið hefur hækkað um 20 þús. kr. frá fjárlögum s. l. árs. Leggur meiri hl. til, að framlag til þess embættis verði lækkað um kr. 18 949. Hefur sparnaðarnefnd áður gert tillögur til ríkisstjórnarinnar um að lækka kostnað við bifreiðarekstur embættisins. Áætlaður kostnaður við sakadómaraembættið hækkar um 73 þús. frá fjárlögum s. l. árs. Mun þar vera m. a. um að ræða fjölgun tveggja manna, sem dæma eiga um verðlagsbrot. Hækkar það launin um 49 þús. Leggur meiri hl. til, að framlag til þessa embættis sé lækkað um kr. 24 451. Sparnaðarnefnd hefur einnig gert tillögur um lækkun á bifreiðakostnaði embættisins.

Áætlaður kostnaður við lögreglustjóraembættið hækkar um 110 þús. frá fjárlögum s. l. árs. Meiri hl. leggur til, að kostnaður við aukavinnu verði lækkaður um 50 þús. kr. Sparnaðarnefnd gerir hins vegar engar tillögur til lækkunar á þessum lið.

Áætlaður kostnaður við embætti sýslumanna, bæjarfógeta og lögreglustjóra hækkar um 126 þús. kr. frá fjárlögum s. l. árs. Um þetta gerir sparnaðarnefnd engar tillögur. Meiri hl. lítur hins vegar svo á, að mikil rausn ríki hér í mannahaldi, og

leggur til, að framlag til þessara embætta verði lækkað um 244 399 kr., en af þeirri upphæð er 100 þús. kr. lækkun á 3. lið, „Annar kostnaður“.

Áætlaður kostnaður við ríkislögreglu hefur hækkað um 200 þús. kr. frá fjárlögum s. l. árs. Sparnaðarnefnd gerir hér engar tillögur til lækkunar. Meiri hl. leggur hins vegar til, að kostnaður við bifreiðar embættisins verði lækkaður um 80 þús. kr. Einnig er lagt til, að verðlagsuppbót á laun sé hækkuð um 10 þús., til leiðréttingar á skökkum útreikningi í frv.

Áætlaður kostnaður við landhelgisgæzlu hækkar um 250 þús. Nefndin ræddi þetta atriði mjög ýtarlega við menntmrh., sem nú fer með þessi mál, og forstjóra Skipaútgerðar ríkisins, sem báðir töldu, að hækka þyrfti framlagið enn um 1 millj. kr., ef ekki ætti að draga mjög verulega úr landhelgisgæzlunni. Einnig var rætt um þetta við fjmrh., sem lagði fram áætlun um framkvæmd gæzlunnar, byggða á 4 millj. kr. útgjöldum. Er upphæðin því látin standa óbreytt í frv.

Meiri hl. leggur til, að kostnaður við sakamál verði lækkaður um 20 þús. kr og kostnaður við setu- og varadómara verði lækkaður um 50 þús. kr. Sparnaðarnefnd telur, að mikil lækkun á þessum kostnaði mundi fást með því að skipa fastan setudómara með ákveðnum árslaunum og í því sambandi einnig að ráða fastan hæstaréttarlögmann í þjónustu ríkisins, í stað þess að greiða málafærslulaun eftir reikningi.

Áætlaður kostnaður við skipaskoðunina hefur hækkað frá fjárl. s. l. árs um 11 þús., verksviðjueftirlitið um 13 þús. og bifreiðaeftirlitið um 108 þús. Meiri hl. gerir engar tillögur til lækkunar á kostnaði við þessar stofnanir. En nefndin hefur ritað ráðuneytinu bréf og óskað eftir því, að allur rekstur bifreiðaeftirlitsins yrði athugaður nú þegar og nýjar tillögur sendar nefndinni fyrir 3. umr. Samkv. ríkisreikningum 1947 urðu útgjöldin hjá stofnuninni það ár 647 þús. kr. og fóru þá 253 þús. kr. fram úr áætlun. Rekstrarhalli það ár var 85 þús. kr. Á s. l. ári urðu útgjöldin 646 þús. kr. og fara 205 þús. kr. fram úr áætlun. Tekjur urðu 680 þús. og rekstrarhagnaður 34 þús. kr. Tala þessar tölur sínu máli og sanna bezt, að hér þarf að fara fram gagnger breyting á stofnuninni og starfrækslu hennar. Ummæli sparnaðarnefndar og tillögur hníga einnig allar í þessa átt. Hér gæti vel komið til mála að setja allt eftirlit undir eina stofnun, í stað þess að dreifa því eins og nú er gert, og mætti á þann hátt hafa eftirlitið bæði miklu fullkomnara og ódýrara.

Áætlaður kostnaður við löggildingarstofuna hækkar um 17 þús. frá fjárlögum s. l. árs. Er hækkunin öll á liðnum „Annar kostnaður“. Meiri hl. leggur til, að þessi liður verði lækkaður um 13 680 kr. og auk þess að tekjur móti gjöldum verði hækkaðar um 19 þús. Verði þessar till. samþ., sparast við það um 32 860 kr. Eftir því, sem sparnaðarnefnd upplýsir, hefur ráðuneytið gert ráðstafanir til þess, að stofnunin hækki skoðunar- og viðgerðargjöld til samræmis við þessar breytingar.

Áætlaður kostnaður við skipulag bæja hækkar um 30 þús. frá fjárl. s. l. árs. Meiri hl. leggur til, að tekjur á móti gjöldum séu hækkaðar um 64 100 kr., en bendir jafnframt á, að nauðsynlegt er að gæta meira hófs í þessari stofnun en verið hefur og leggur áherzlu á, að svo verði gert. Eru það og tillögur sparnaðarnefndar.

Meiri hl. leggur til, að „Annar kostnaður“ við síldarmat verði lækkaður um 12 400 kr.

Áætlaður kostnaður við eftirlit með verðlagsmálum er hækkaður um kr. 1 286 000 frá fjárl. s. l. árs. Eru hér, eins og fyrr, áætlaðar jafnháar tekjur á móti. Sparnaðarnefnd hefur athugað allýtarlega þessa stofnun, og leggur hún til, að Viðskiptanefnd verði lögð niður og fjárhagsráði falin störf hennar. Telur hún, að með því megi spara um 200 þús. kr. í launum nefndarmanna. Þá leggur hún og til, að skömmtunarskrifstofan verði lögð niður og störfin lögð undir fjárhagsráð, og jafnframt verði skömmtun á ýmsum nauðsynjavörum afnumin. Telur hún, að við þetta mætti spara 600—700 þús. Fjvn. kallaði til sín alla forstjóra þessara stofnana og ræddi við þá ýtarlega um málið. Var það sameiginleg skoðun þeirra, að stofnanirnar þyrftu fleira fólk, meira húsnæði og enn meira fé en áætlað er í frv. Þá ræddi nefndin einnig við viðskmrh. um málið. Kvaðst hann ekki geta búizt við, að unnt væri að lækka þennan kostnað

nema með verulega breyttu fyrirkomulagi og minnkandi verkefnum fyrir stofnanirnar að annast. Væru í undirbúningi breytingar á þessum málum, sem þó ekki væri víst, að draga mundu verulega úr kostnaði, þótt samþykktar yrðu. Meiri hl. er þeirrar skoðunar, að draga beri mjög verulega úr rekstrarkostnaði þessara stofnana, m. a. með því að gera afgreiðslu málanna einfaldari og ódýrari og draga úr vöruskömmtun eftir því sem fært þykir. Í trausti þess, að ríkisstjórn og Alþingi skipi þessum málum á annan einfaldari og ódýrari hátt, leggur meiri hl. til, að framlag til þessara mála verði lækkað um 1 186 500 kr. En með því að tekjur eru áætlaðar jafnháar á móti útgjöldunum, hefur breytingin ekki áhrif á niðurstöðutölur á þessari grein, þótt samþykkt verði.

Áætlun um kostnað við húsaleigunefndir hækkar um 79 þús. kr. Meiri hl. leggur til, að þessi liður verði lækkaður um 129 800 kr. og telur jafnframt, að þessi útgjöld eigi sem allra fyrst að hverfa úr fjárl. Leggur sparnaðarnefnd til, að gerðar verði allverulegar breytingar á launafyrirkomulaginu og telur, að með því móti megi spara 200 þús. kr. á þessum lið. Er það til athugunar fyrir ríkisstjórnina.

Áætlaður kostnaður við toll- og skattinnheimtu hækkar um 768 þús. frá fjárl. s. l. árs og sameiginlegur kostnaður um 450 þús. Leggur meiri hl. til, að eftirfarandi lækkanir verði gerðar á þessum liðum: Framlag til tollstjóraembættisins í Reykjavík um 85 996 kr., framlag til tollgæzlu í Rvík um 90 þús. og utan Rvíkur um 23 400, framlag til skattstofunnar í Rvík um 162 800 kr. og utan Rvíkur um 155 þús. Eru þessar upphæðir minna en helmingur af þeirri hækkun, sem gerð er frá fjárl. s. l. árs. Sparnaðarnefnd gerir engar tillögur til lækkunar á þessum liðum, en bendir á, að með breyttu fyrirkomulagi á skattstofunni mætti spara allverulegar upphæðir í vinnulaunum. Rétt þykir að taka fram, að kostnaður við framtalsnefnd er ekki með reiknaður, þar sem ætlazt er til, að hann verði greiddur af innkomnum tekjum af eignakönnuninni.

12. gr.

Áætlaður kostnaður við þessa grein hækkar um 3 millj. 475 þús. frá fjárl. s. l. árs. Stafar hækkunin mest af kostnaði við ríkisspítalana, 1 millj. 680 þús., til berklavarna 474 þús. og sjúkrastyrkur 1.3 millj.

Nefndin ræddi mál þessi öll við landlækni, heilbrmrh. og forstjóra ríkisspítalanna. Sparnaðarnefnd hafði einnig athugað þessi mál mjög ýtarlega og gert tillögur til lækkunar, sem nema alls 300 þús. kr., auk þess sem hún leggur til, að daggjöld séu hækkuð allverulega, einkum á fæðingardeildinni. Þá hafa verið leidd að því rök, að mat á hlunnindum, sem færð eru sem tekjur, sé óhæfilega lágt, og að ráðstafanir beri að gera til þess að það sé fært í sanngjarnt horf. Hefur nefndin ritað ráðuneytinu um þetta atriði og fengið það svar, að matinu sé jafnan áfrýjað til ríkisskattanefndar, sem samkvæmt lögum hefur endanlegan úrskurð í málinu. Er því auðsætt, að fáist ríkisskattanefnd ekki til þess að meta hlunnindin á eðlilegu verði, verður að gera aðrar ráðstafanir til þess, að rétt mat komi hér fram. Upplýst er, að greiddar hafi verið rúmar 80 þús. kr. í launauppbætur til lækna við landsspítalann og að enn sé með þessu reiknað í frv. En með því að fyrir þessu er ekki heimild í lögum, leggur meiri hl. til, að launaupphæðin við landsspítalann verði lækkuð um 84 000 kr. Þá er einnig lagt til, að tekjur af daggjöldum verði hækkaðar um 160 þús. Enn fremur er lagt til, að tekjur fæðingardeildarinnar verði með hækkun daggjalda hækkaðar um 315 þús. Af þeirri hækkun kemur þó aðeins ⅓ til góða fyrir ríkissjóð.— Verði þessar till. samþykktar, nemur lækkun á þessum lið 349 þús. Meiri hl. leggur til, að kostnaður við berklavarnir verði lækkaður um 19 100 kr. Er gert ráð fyrir, að sjúkradeildin verði lögð niður og störfin falin félagsmálaráðuneytinu. Er þetta gert í samráði við það ráðuneyti. Þá er einnig lagt til, að styrkur til berklasjúklinga sé lækkaður um 300 þús. kr. Er þetta einnig gert í samráði við ráðuneytið, sem telur, að upphæð sú, sem þá er eftir, verði nægileg.

Meiri hl. leggur til, að teknir verði upp í frv. þrír nýir gjaldaliðir: 500 þús. kr. til sjúkrahúss í Rvík. Eins og kunnugt er, er sjúkrahúskostur bæjarins þannig, að til

stórvandræða mundi horfa, ef sótt kæmi í stórum stíl upp í bænum, 30 þús. til læknisvitjanasjóða, sem er samkvæmt lögum, og 15 þús. til tveggja ára drengs, sem sendur var til lækninga í Ameríku og foreldrarnir geta á engan hátt kostað vegna efnahagsástæðna.

13. gr.

Áætluð rekstrarútgjöld í þessari gr. hækka um tæpar 2.4 millj. frá fjárlögum s. l. árs. Af því eru 65 þús. kr. hækkun á stjórn vegamála, 1 millj. 250 þús. kr. á sérleyfisbifreiðum, en þar koma áætlaðar tekjur á móti, 458 þús. kr., nýr liður til ferðaskrifstofu, og eru þar einnig áætlaðar tekjur á móti, og 600 þús. kr. hækkun vegna flugmála. Meiri hl. leggur til, að „Annar skrifstofukostnaður" í skrifstofu vegamálastjóra verði lækkaður um 25 þús. og ferðakostnaður verkfræðinga um 50 þús., og eru þá áætlaðar sömu upphæðir til þessara liða og voru í fjárl. s. l. árs.

Framlag til nýrra akvega hefur verið lækkað á frv. um nærri 4 milj. kr. frá fjárl. s. l. árs. Getur meiri hl. ekki fallizt á, að þetta standi óbreytt. Lagt er því til, að þessi liður verði hækkaður um 4 millj. og framlaginu skipt á þann hátt, sem tekið er fram í tillögunni. Hinir breyttu atvinnuhættir í landinu orsaka það, að þörfin fyrir nýja vegi er enn meiri en nokkru sinni fyrr, enda er það beinlínis skilyrði fyrir því, að byggð haldist í hinum ýmsu héruðum landsins og að framleiðslan dragist þar ekki saman, að unnt sé að þoka jafnt og þétt áfram vegalagningu um þau. Eru kröfur og óskir um þetta langt fram úr því, sem hægt er að mæta á skömmum tíma.

Til viðhalds akvega er áætlað í frv. 9 millj. Er það sama upphæð og í fjárl. Bæði vegamálastjóri og samgmrh. hafa lagt fast að nefndinni að hækka þetta framlag um allt að 4 millj. og telja það lágmark til þess að geta mætt umframeyðslu á þessum lið á s. l. ári og geta haldið vegunum sæmilega við á þessu ári. Aftur á móti hefur fjmrh. ekki getað fallizt á þetta, nema tekjur væru tryggðar á móti. Með því að um það mun hafa verið rætt í stjórninni að hækka toll af benzíni til þess að mæta þessum útgjöldum, þótti meiri hl. ekki rétt að gera tillögur til hækkunar á þessum lið á þessu stigi málsins.

Til brúargerða er ætlað í frv. 2 millj. kr. Er þessi upphæð 795 þús. kr. lægri en í fjárl. síðasta árs. Meiri hl. leggur til, að framlag til brúa verði hækkað um kr. 1 883 250 og því skipt á þann hátt, sem fram kemur í till. Langsamlega mest af þessari upphæð er endurveiting á þeim 35%, sem skorið var niður á framlagi til brúa á síðasta ári, og viðbótarveiting til sömu brúa, og er lagt til, að auk þess sé veitt fé aðeins til 4 nýrra brúa, samtals 320 þús. Fyrir nefndinni lágu tillögur frá vegamálastjóra um framlag til 19 annarra nýrra brúa, sem mjög aðkallandi er, að byggðar verði, og talið er, að kosta muni rúmlega 2 millj. kr. Þótt meiri hl. viðurkenni, að hér sé um brýna þörf að ræða, þykir ekki fært að leggja til, að fé verði veitt til þeirra á þessu ári.

Endanlegar till. frá samvn. samgm. um styrk til flóabáta liggja ekki enn fyrir, og eru því ekki gerðar till. til breytinga á þeim lið við þessa umr.

Áætlunarbifreiðar á vegum póststjórnarinnar hafa verið teknar inn í frv. sem nýr liður. Var þetta áður fært á 3. gr. Í síðustu fjárl. voru gjöldin áætluð 2.3 millj. og jafnháar tekjur á móti. Í frv. eru gjöldin nú áætluð 3 550 þús., eða 850 þús hærri, og jafnháar tekjur á móti. Í frv. eru gjöldin nú áætluð 3 550 000, eða 850 þús hærri, á s. l. ári orðið á Norðurlandsleiðum 1 millj. 657 þús., en tekjur á móti 1 millj. 49 þús., eða 166 þús. rekstrarhalli. Er þá ekkert ætlað fyrir afskriftum. Sé reiknað með 10% afskriftum af 1 millj. 220 þús. eignum, sbr. efnahagsreikn., bætist enn við hallann 122 þús kr. Skuldir þessa fyrirtækis eru nú 1 millj. 486 þús., en eignir á móti 1200 þús., eða nærri 300 þús. kr. minna en skuldirnar. Rekstrargjöld á Hafnarfjarðarleiðinni hafa orðið 1 millj. 615 þús. án afskrifta. Sé einnig hér reiknað með 10% afskriftum af 2.6 millj. kr. eignum, bætast við útgjöldin 260 þús. og verða þau þá 1 millj. 875 þús. kr. Tekjur á móti eru 1 millj. 636 þús., svo að hér er um rekstrarhalla að ræða, sem nemur 239 þús. kr. Skuldir þessa fyrirtækis eru nú alls 3 millj. 611 þús.

kr., en eignir á móti 3 millj. 58 þús., eða 553 þús. kr. minni en skuldir. Samanlagðar skuldir fyrirtækjanna eru því 849 þús. kr. meiri en eignirnar Skuldir fyrirtækjanna sundurliðast þannig:

1.	Við póstsjóð	kr. 2 220 000
	Með því að óskiljanlegt var, hvernig póstsjóður gæti lánað svo stórar upphæðir, er spurzt fyrir um þetta atriði, og upplýsist þá, að hér er um að ræða fé, sem póststjórnin innheimtir og greiða verður aftur út á vissu tímabili og verður þá að vera fyrir hendi.	
2.	Við sérleyfissjóði	— 750 000
3.	Við ríkissjóð, ógreiddir tollar	— 700 000
4.	Við ýmsa aðra skuldunauta	— 1 427 000
		Alls kr. 5 097 000

Af þessu er ljóst, að gera verður kröfu til þess, að þessum málum verði komið án tafar í annað og betra horf, svo að tryggt sé, að fyrirtækið komist á fjárhagslega heilbrigðan grundvöll, nema ríkissjóður leggi það niður og selji eignirnar, til að forðast frekari rekstrarhalla.

Meiri hl. leggur til, að liður IX með undirliðum verði felldur niður. Hefur þessi breyting þó engin áhrif á niðurstöður fjárlaganna.

Meiri hl. leggur til, að framlag til hafnarmannvirkja og lendingarbóta verði hækkað um 195 þús. og heildarframlaginu skipt eins og fram er tekið í tillögunum. Hafa nefndinni borizt óskir um meira en tvöfalt þetta framlag, auk þess sem ríkissjóður á óinnt af hendi til ýmissa hafna framlög, sem nema meiru en sú upphæð öll, sem lagt er til, að tekin verði inn í frv. Til nefndarinnar hafa borizt margvíslegar alvarlegar umkvartanir um tjón á hafnarmannvirkjum víðs vegar á landinu, sem talið er, að stafi fyrst og fremst af því, að óheppilega hafi tekizt um framkvæmd hafnarmálanna. Eins og kunnugt er, treysta hin ýmsu sveitarfélög því, að þær tillögur, sem koma frá vita- og hafnarmálaskrifstofunni um framkvæmdir hafnarmála, séu svo öruggar, að eftir þeim megi fara án verulegrar áhættu, enda hafa fæstir aðilar haft völ á því að leita til annarra um útreikninga, áætlanir og verkstjórn. En nú hefur reynslan sýnt, að þessu hefur ekki mátt treysta sem skyldi, hverju svo sem um er að kenna, og eru sum af þessum óhöppum að ríða viðkomandi hafnarsjóðum að fullu. auk þess sem þau valda ríkissjóði stórkostlegum útgjöldum. Er hér um svo alvarlegt mál að ræða, að óhjákvæmilegt er að krefjast þess, að á þessu verði ráðin bót þegar í stað og það tryggt, að slíkt endurtaki sig ekki. Er þess vænzt, að ríkisstj. láti ekki undir höfuð leggjast að gera hér á nauðsynlegar umbætur. Í frv. er aðeins gert ráð fyrir 300 þús. kr. til hafnarbótasjóðs. Samkvæmt lögum ber að endurgreiða sjóðnum hluta af útistandandi lánum, sem nemur 1200 þús. kr. Meiri hl. leggur því til, að þessi liður verði hækkaður um þá upphæð. Þá er einnig lagt til, að tekinn sé upp nýr liður, til ferjuhafna 410 þús., er skiptist á þann hátt sem tillagan greinir.

Af þeim 410 þús., sem áætlað er í rekstrarkostnað vitanna, er gert ráð fyrir 30 þús. til rekstrar radiovita á Akranesi.

Eins og fyrr er getið, er áætlun til flugmála 600 þús. kr. hærri en í fjárl. s. l. árs. Meiri hl. leggur til, að laun samkv. I verði lækkuð um 114 300 kr., laun og annar kostnaður samkv. II 244 þús. og laun og annar kostnaður samkv. III um 34 þús., eða alls 392 300 kr., og hefur þó eigi náðst niðurfærsla að fullu við hækkun frá fyrra ári.

14 gr.

Áætlaður kostnaður til kirkju- og fræðslumála hækkar um 4 millj. kr. frá fjárl. 1948, og er þá ekki með talið fjárframlag til bygginga. Meiri hl. leggur til, að liðurinn „Ljós og hiti í biskupsbústaðnum“, kr. 4 500, falli niður. Er þetta einnig till. sparnaðarnefndar. Þá er einnig lagt til, að ferðakostnaður biskups lækki um 2 þús.,

að kostnaður við kirkjusöng lækki um kr. 7 500 og kostnaður við kirkjuráð, kr. 1500.00, falli niður. Einnig að tekinn verði upp nýr liður til útgjalda: Viðbót á eftirlaun presta og ekkna þeirra, 31 þús.

Þá leggur meiri hl. til, að risna til háskólarektors, kr. 7 500, falli niður, að framlag til verkfræðideildar og tímakennslu lækki um 20 þús. kr., að liðirnir „Námskeið í kennslufræðum“, 20 þús., og „Til íþróttakennslu“, 13 500 kr., falli niður og ýmisleg gjöld lækki um 60 þús. Lagt er til, að laun við „Keldur“ lækki um 54 þús. og „annar kostnaður“ um 50 þús. Þegar fé til þessarar stofnunar var ákveðið í síðustu fjárl., var gert ráð fyrir, að hún annaðist allar rannsóknir í sambandi við sauðfjársjúkdóma og framlagið miðað við það. Nú hefur ráðuneytið upplýst, að þetta hafi ekki verið framkvæmt í stofnuninni, heldur hafi orðið að framkvæma það á öðrum stað, án þess þó að því fé, sem veitt var í þessu skyni, hafi verið varið til greiðslu á þeim kostnaði. Þykir því rétt að taka tillit til þess nú, að önnur stofnun framkvæmir rannsóknirnar og fái þá til þess það fé, sem til þeirra rannsókna er ætlað. Með þetta fyrir augum er lagt til, að framlagið sé lækkað eins og að framan greinir. — Meiri hl. leggur til, að tekinn sé upp nýr liður á þessa grein, styrkur til Elíasar Eyvindssonar læknis til að nema svæfingaaðferðir í Ameríku, 12 þús. kr. Einnig er lagt til, að kostnaður við skólastjórn við menntaskólana, 6 þús. kr. til hvors, falli niður og að „annar kostnaður“ við Akureyrarskóla lækki um 20 þús.

Þá er enn lagt til, að tekinn sé upp nýr liður: „Til að semja kennslubók í vélfræði 25 þús.“. Í rúm 30 ár, sem vélstjóraskólinn hefur starfað, hafa nemendur engan kost átt á því að nema þessa erfiðu námsgrein á sínu eigin máli. Er þess því vænzt, að verði till. samþ., þá verði gerðar ráðstafanir til þess að hefja þetta verk þegar.

Lagt er til, að lækkað sé framlag til bændaskólans á Hólum, til endurbóta á fjósi, um 40 þús. Var þetta rætt við skólastjóra. Meiri hl. leggur einnig til, að framlag til fjósbyggingar á Hvanneyri verði lækkað um 30 þús., en að upp séu teknir nýir liðir til viðhalds á íþróttahúsi á Hvanneyri, 25 þús., og til framhaldskennslu í búfræði, 40 þús. Þykir nauðsynlegt, að deild sú, sem nú er starfrækt við skólann, haldi áfram. Lagt er til, að viðhald á skólahúsi á Reykjum lækki um 25 þús. Einnig að kostnaður vegna utanfara kennara, 20 þús., falli niður, framlag til útgáfu námsbóka fyrir gagnfræðaskóla lækki um 15 þús., framlag til lagfæringa á íþróttavöllum, 25 þús., falli niður, að styrkur til blaðamannafélagsins, 10 þús., og til alþýðuskólans í Reykjavík, 4 þús., falli niður, en styrkur til Alþýðusambandsins lækki um 2 þús., og að framlag til rannsókna á þroskastigi íslenzkra barna, kr. 72 300, falli niður.

Þá er lagt til, að tveir nýir liðir verði teknir upp til útgjalda: Til Hallgríms Helgasonar, kr. 12 500, og til Sigursveins Kristinssonar, kr. 4 000.

Meiri hl. hefur ekki gert neinar tillögur til breytinga á framlagi til byggingar skólahúsa né heldur um skiptingu á því fé, sem tekið er upp til þessa í frv. Hitt er ljóst, að ríkissjóður á ógreitt framlag til ýmissa skóla, sem nemur miklu hærri upphæð en þeirri, sem tekin er upp í frv. Þótt svo færi, að engin fjárfestingarleyfi yrðu veitt til byggingar skóla á þessu ári, hrykki framlagið ekki til að inna af hendi ógreidd framlög ríkissjóðs.

15. gr.

Áætlaður rekstrarkostnaður á þessari grein hækkar um 543 þús. frá fjárl. s. l. árs. Er hækkun þessi mest við atvinnudeild háskólans, 329 þús., og við veðurstofuna, 159 þús, Leggur meiri hl. til, að gerðar verði eftirfarandi breytingar við hina ýmsu liði greinarinnar.

1. Við A.-kafla, Að lækkuð verði laun við náttúrugripasafnið um kr. 28 800, þ. e. að ekki verði ráðinn maður að nýju til safnsins. Að niður falli styrkur til Vísindafélags Íslendinga, 9 þús. kr., til útgáfu héraðssagnrita, 15 þús., og til Norræna félagsins, 5 þús. Að styrkur til skálda og rithöfunda lækki um 75 þús., með

tilliti til þeirra nýju tekna, sem þeim eru tryggðar með samningi við útvarpið. Að styrkir til fræðimanna lækki um 30 þús. og tillag til Bandalags íslenzkra listamanna, kr. 14 400, falli niður. — Þá leggur meiri hl. einnig til, að upp séu teknir eftirfarandi nýir liðir: Til bókasafna 16 þús., til Jóns Dúasonar 25 þús. og styrkir til námsmanna 16 þús., eða alls 57 þús. kr.

2. Við B.-kafla. Framlag til Atvinnudeildar háskólans lækki sem hér segir: Til iðnaðardeildar 70 þús., til fiskideildar 66 400 kr., til landbúnaðardeildar 107 280 kr. og sameiginlegur kostnaður kr. 53 425, eða alls kr. 297 105. — Sparnaðarnefnd hefur einnig athugað þessar stofnanir og leggur til, að heildarframlag til þeirra verði lækkað um 301 560 kr. — Þá leggur meiri hl. til, að tekinn sé upp nýr liður til rannsóknar á biksteini, 15 þús. Meiri hl. leggur til, að framlag til veðurstofunnar verði samkv. IV. lækkað um 110 621 kr. Af þeirri upphæð eru 30 þús. lækkun á framlagi til kaupa á nýjum tækjum og 25 þús. kr. lækkun á stofnkostnaði fyrir verkstæði. Aðrir liðir eru laun og aukavinna. Lagt er til, að kostnaður við landmælingar lækki um 25 þús., „annar kostnaður“ við sjómælingar um 19 þús. og „annar kostnaður“ hjá húsameistara ríkisins um 10 þús.

16. gr.

Áætluð rekstrarútgjöld í þessari grein hækka um 604 þús. kr. frá fjárlögum s. l. árs. Önnur útgjöld á þessari gr. eru að langmestu leyti lögbundin, svo að þeim verður ekki breytt nema lögunum sé breytt eða framkvæmd þeirra frestað um stund.

Meiri hl. leggur til, að framlag til Búnaðarfélagsins lækki um 100 þús., en það er í frv. 115 þús. hærra en í fjárl. s. l. árs. Hefur þetta verið rætt við búnaðarmálastjóra. Þá er einnig lagt til, að eftirtalin framlög verði lækkuð sem hér segir: Styrkur skv. jarðræktarl. 150 þús., styrkur til framræslu 100 þús., til eftirlits með vélakosti 100 þús., styrkur til að kaupa steypuhrærivélar og veggjamót 360 þús., og framlag til verkfærakaupasjóðs, 80 þús., falli niður. Lagt er til, að eftirtaldir gjaldaliðir verði hækkaðir: Búreikningaskrifstofa um 10 þús.,, fyrirhleðsla á Þverá og Markarfljóti 100 þús. Jafnframt verði teknir upp nýir liðir: Til fyrirhleðslu á Kaldaklifsá, Svaðbælisá og Laugará undir Eyjafjöllum, 50 þús. Til fyrirhleðslu á Jökulsá í Lóni, 100 þús. (endurveiting) og til framræslu á löndum ríkisins á Stokkseyri 30 þús. — Þá leggur meiri hl. til, að framlag til skógræktar sé lækkað um 150 þús., og hefur þetta verið rætt við skógræktarstjóra. Enn fremur, að kostnaður við veiðimálastjóraembættið verði lækkaður um 6 þús. og styrkur til Loðdýraræktarfélags Íslands, 10 þús. kr., falli niður. Væri ekki óeðlilegt, að starfsemi loðdýraræktarinnar væri falin Búnaðarfélaginu, og er það til athugunar fyrir ríkisstj., hvort á því mætti spara einhver útgjöld.

Um framlag til sauðfjárveikivarna ræddi nefndin ýtarlega við forstjóra stofnunarinnar. Lét hann nefndinni í té yfirlit yfir væntanleg útgjöld á næstu 6 árum, sem sýnir, að gert er ráð fyrir heildarkostnaði á því tímabili um 35 millj. kr. Forstjóri óskaði eindregið eftir því, að framlagið yrði hækkað um 490 þús. kr. frá því, sem það er í frv., til þess að mæta 340 þús. kr. umframgreiðslum á s. l. ári og 150 þús., sem stofnunin hafði orðið að greiða vegna rannsókna, er ætlazt var til, að færu fram á Keldum, en ekkert varð úr. Nefndin gat ekki fallizt á að leggja til að hækka framlagið, en væntir þess, að svo megi spara á rekstrinum á þessu ári, að hægt sé að greiða fyrrnefndar 340 þús. af þessa árs framlagi, þótt það verði ekki hækkað. Kostnaður við rannsóknir á s. l. ári er mál á milli stofnunarinnar og Keldna að gera út um, og er það nefndinni óviðkomandi. Meiri hl. leggur til, að kostnaður við mannahald í skrifstofu stofnunarinnar verði lækkaður um 10 þús. kr.

Sparnaðarnefnd hefur athugað allan þennan kafla 16. gr. og gefið út um hann álit. Fer það í höfuðatriðum í sömu átt og tillögur meiri hl.

Meiri hl. leggur til, að framlag til Fiskifélags Íslands verði lækkað um 49 700 kr., og hefur verið rætt um það við stjórn félagsins. — Þá er einnig lagt til, að styrkur

til iðnskólabyggingar í Rvík verði lækkaður um 50 þús. kr. og að framlag til tóvinnuskóla, 30 þús., og styrkur til yrkisskólaþings, 100 þús., falli niður.

Eftir að rætt hafði verið mjög ýtarlega við raforkumálastjóra um raforkumálin, er lagt til, að gerðar verði eftirfarandi breytingar: Kostnaður við stjórn raforkumála verði lækkaður um 148 800 kr. Tekinn verði upp nýr kafli yfir rekstur á rafmagnsveitum ríkisins, á sama hátt og áður, sem hefur þó engin áhrif á niðurstöðutölur fjárl. Að hækkað verði framlag til nýrra raforkuframkvæmda um 1 millj. og til dieselrafstöðva um 150 þús., er lánað verði með hagkvæmum kjörum til sveitarfélaga. Að lækkaður verði kostnaður við rafmagnseftirlitið um 40 þús. og kostnaður við jarðboranir 250 þús.

17. gr.

Meiri hl. leggur til, að gerðar verði eftirfarandi breytingar á þessari grein:

Framlag til lífeyrissjóðs lækki um 60 þús., til sumardvalarheimila um 100 þús., kostnaður við barnaverndarráð um 11 þús., til Kvenréttindafélags Íslands um 15 þús. og til vinnumiðlunar um 50 þús. Niður falli liður um upptökuheimili, kr. 35 100, og styrkur til bálfarafélagsins, 35 þús. Hækkað sé tillag til elliheimila um 1 þús. vegna Seyðisfjarðar og nýr liður tekinn upp til stórstúkunnar, 170 þús. kr.

18. gr.

Nefndin leggur til, að nokkrar breytingar verði gerðar á þessari grein, er nánar verður gerð grein fyrir í framsögu.

Nefndin vill benda á, að enn ríkir mjög mikið ósamræmi í greiðslu eftirlauna, og er mjög aðkallandi að athuga þessi mál öll gaumgæfilega fyrir næsta Alþingi og samræma launin meira en verið hefur. Þarf m. a. að ákveða, hvort greiða skuli nokkrum manni full laun eftir að hann lætur af starfi. Margir þeir, sem nú halda fullum launum, eru miklu betur settir en á meðan þeir störfuðu fullan vinnutíma, og er ekki líklegt, að ríkissjóður hafi ráð á slíku í framtíðinni.

19. gr.

Meiri hl. leggur til, að í stað framlags til dýrtíðarráðstafana, 33 millj., komi framlag til dýrtíðarsjóðs, 74 millj. 640 þús. Er þetta samkvæmt fyrirmælum dýrtíðarlaganna. Þá er einnig lagt til, að framlag til bátaútvegsins hækki um 500 þús.

20. gr.

Meiri hl. leggur til, að eftirfarandi breytingar verði gerðar á þessari grein:

Framlag til ríkisspítalanna hækki um 440 þús., til byggingar tilraunastöðva á Reykhólum og Hafursá um 100 þús. og tekinn verði upp nýr liður til byggingar á prestssetrum, 300 000. Að lækkað verði framlag til flugvalla um 550 þús., að framlag til byggingar vitavarðarbústaðar, 170 þús., og byggingar bráðabirgðatollbúðar, 100 þús., falli niður.

Út af 4 millj. framlagi til greiðslu á skuldum, sem eru í vanskilum og ríkissjóður er í ábyrgð fyrir, vill meiri hl. taka fram, að hann beinir þeirri eindregnu áskorun til stjórnarinnar að setja sérstaka fjármálastjórn yfir allar þær stofnanir eða fyrirtæki, sem þannig er ástatt um, að ríkissjóður hefur orðið að greiða vexti og afborganir fyrir þær. Gildir þetta jafnt um alla aðila, sem ekki hafa staðið í skilum með greiðslur. Upphæðir þær, sem ríkissjóður er í ábyrgð fyrir, eru svo háar, að algerlega er óverjandi að gera ekki þegar í upphafi slíkar ráðstafanir.

22. gr.

Lagt er til að heimila ríkisstjórninni að greiða ýmsar upphæðir, sem nánar verður gerð grein fyrir í framsögu. Rætt hefur verið við ráðherra um öflun tekna til að mæta greiðsluhalla á fjárlögum. Kvaðst hann mundu athuga það fyrir 3. umr., er betur sé ljóst, hvaða afgreiðslu frv. fær við 2. umr. Mun stjórnin þá athuga,

hvort hún vill afla sér heimilda til nýrra tekna eða til niðurfærslu á útgjöldum eða hvort tveggja.

Hér er að síðustu yfirlit yfir þær breytingar, sem meiri hl. leggur til, að gerðar verði.

Hækkun tekna á 2. gr.		kr. 18 640 000
Þar við bætist lækkun gjalda á 3. gr.		— 838 760
		Kr. 19 478 760
Þar frá dregst:		
Hækkun gjalda á 3. gr.		— 521 000
Tekjuhækkun alls		kr. 18 957 760
Hækkun gjalda:		
10. gr.	kr. 201 600	
11. gr.	— 10 000	
12. gr.	— 545 000	
13. gr.	— 7 688 250	
14. gr.	— 149 500	
15. gr.	— 82 000	
16. gr.	— 1 477 500	
17. gr.	— 171 000	
18. gr.	— 88 965	
19. gr.	— 42 140 000	
		kr. 52 553 815
÷ Lækkun gjalda:		
10. gr.	kr. 221 999	
11. gr.	— 1 299 034	
12. gr.	— 668 100	
13. gr.	— 467 300	
14. gr.	— 515 800	
15. gr.	— 638 926	
16. gr.	— 1 753 500	
17. gr.	— 306 000	
18. gr.	— 83 565	
		— 5 954 224
	Gjaldahækkun alls	kr. 46 599 591

Eignabreytingar.

Hækkun útborgana samkv. 20. gr. er samkv, till. nefndarinnar 20 000 kr.

Ef tillögur nefndarinnar verða allar samþykktar, munu niðurstöðutölur fjárlagafrumvarpsins verða á þessa leið:

Rekstraryfirlit.

Tekjur		kr. 260 215 127
Gjöld	kr. 260 437 834	
Rekstrarhalli		— 222 707
	Kr. 260 437 834	Kr. 260 437 834

Sjóðsyfirlit.

Útborganir samkvæmt rekstrarreikningi	kr. 260 437 834	
Aðrar greiðslur 20. gr.	— 30 045 588	
		kr. 290 483 422
Innborganir samkvæmt rekstrarreikningi	kr. 260 215 127	
Aðrar greiðslur 20. gr.	— 2 210 000	
Greiðsluhalli	— 28 058 295	
	Kr. 290 483 422	Kr. 290 483 422

Fyrir öllum breytingartillögum er meiri hluti í nefndinni. Einn nefndarmanna (SK) skrifar undir nál. með fyrirvara, og mun hann gera grein fyrir afstöðu sinni við umræðurnar. Annar nefndarmanna (SÁÓ) óskar tekið fram, að hann er ekki sammála meiri hlutanum um ýmsar breytingartillögur, sem hann flytur.

Alþingi, 14. marz 1949.

Gísli Jónsson, form., frsm. Sigurjón Á Ólafsson, fundaskrifari. Pétur Ottesen. Helgi Jónasson.
Ingólfur Jónsson. Sigurður Kristjánsson, með fyrirvara. Halldór Ásgrímsson.

Sþ. 462. Tillaga til þingsályktunar [163. mál]

um nýja skipulagshætti iðnaðarframleiðslu og lækkað verðlag.

Flm.: Jörundur Brynjólfsson, Jón Gíslason, Páll Zóphóníasson.

Alþingi ályktar að skora á ríkisstjórnina að hlutast til um, að þannig verði búið að verksmiðjuiðnaði í landinu, einkum þeim, sem framleiðir nauðsynjavörur, að afkastageta fyrirtækja, sem hafa fullkomnar vélar, nýtist sem bezt, í þeim tilgangi að lækka verðlag og spara gjaldeyri.

Slíkum fyrirtækjum verði með samningum tryggðir möguleikar til hráefnaöflunar gegn því, að verð á framleiðsluvörum þeirra lækki, svo að það verði að minnsta kosti sambærilegt við verð á sams konar vörum erlendum.

Greinargerð.

Á síðustu árum hafa verið byggð hér á landi stór iðnfyrirtæki til framleiðslu á iðnaðarvörum, bæði úr innlendum og erlendum hráefnum. Hefur í því skyni verið varið tugum milljóna króna í erlendum gjaldeyri á síðustu árum til vélakaupa og enn stærri upphæðum í innlendu fjármagni til bygginga og stofnunar fyrirtækjanna. Samkvæmt verzlunarskýrslum Hagstofu Íslands voru árið 1946 fluttar inn iðnaðarvélar eingöngu fyrir um 30 milljónir króna.

Framtil þessa hafa þó innlend iðnfyrirtæki komið þjóðfélaginu að miklu minni notum en unnt hefði verið, af þau hefðu fengið að njóta sín. Stafar það af því, að þau hafa búið við sífelldan skort á þeim erlendu hráefnum, er framleiðslan hefur þarfnazt. En af því leiðir, að þau hafa ekki getað hagnýtt sér afkastagetu né tækni þeirra fullkomnu véla, sem leyft var að kaupa til landsins, sjálfsagt þó með það fyrir augum að hagnýta þær í þágu þjóðfélagsins.

Vafalaust er mönnum ljóst, hvaða þýðingu iðnaður hefur í atvinnu og menningarlífi þjóðarinnar. Má glöggt sjá, hvað allar menningarþjóðir leggja ríka áherzlu á að efla iðnaðarframleiðslu sína. Ekki er hægt að neita því, að svo virðist sem íslenzkur iðnaður hafi ekki átt að mæta nægum skilningi hjá ýmsum þeim, er fjallað hafa um málefni hans. Á þetta ekki sízt við þau opinberu afskipti, sem verið hafa nú um nokkurt skeið.

Sá háttur, sem hafður hefur verið á um milliríkjaviðskipti landsins, að selja útflutningsafurðirnar úr landi sem hráefni og flytja inn fullunnar vörur í staðinn, er sá sami og þær þjóðir, er minna mega sín, hafa átt við að búa. Þess konar verzlunarhættir geta aldrei leitt til annars, er til lengdar lætur, en fátæktar, að minnsta kosti til stórrar tafar á fjárhagslegri velgengni þjóðarinnar. Hverjum þeim, er þessi

mál íhugar, hlýtur að vera ljóst, að nú þegar er gagngerðra breytinga þörf í þessu efni fyrir Íslendinga.

Til skamms tíma hefur þjóðin ekki getað gert sér grein fyrir ástandi og horfum í iðnaði landsins, þar sem vantað hefur glöggar upplýsingar og yfirlit um þau mál. En á síðastliðnu ári lét fjárhagsráð framkvæma víðtæka rannsókn á framleiðsluafköstum, gjaldeyrisþörf og vinnslu úr innlendum hráefnum, starfsmannahaldi og vélakosti innlendra iðnfyrirtækja og semja allýtarlega skýrslu um þau mál, er send var alþingismönnum, ríkisstjórn o. fl., og var útdráttur úr þeirri skýrslu birtur í blöðum og útvarpi. Fara hér á eftir nokkur atriði úr skýrslunni:

„Eins og sést af framansögðu, staðfesta skýrslur þessar fullkomlega þá skoðun, að iðnaðurinn sé einn veigamesti þáttur í íslenzku atvinnulífi og þjóðarbúskap og gæti þó orðið það í enn ríkara mæli.

Við rannsóknina hefur komið í ljós, að þróun síðari ára á þessu sviði hefur verið mjög stórstíg, og þá einkum um aukinn og bættan vélakost. Má og vænta þess, ef dæmi skal leiða af öðrum þjóðum, að iðnaðurinn verði á næstu árum sá atvinnuvegur þjóðarinnar, sem mest fer fyrir. Þetta verður þó greinilegast, þegar það er athugað, að það gjaldeyrismagn, sem þjóðin þarfnast sér til framfæris og til þess að halda a. m. k. lífs- og neyzluvenjum sínum óbreyttum, vex óhjákvæmilega ár frá ári. Þær leiðir, sem þjóðin á völ á til þess að geta fullnægt þessum þörfum, eru fyrst og fremst þær, að auka verðmæti útflutningsafurðanna og minnka gjaldeyrisverðmæti innfluttu vörunnar.

En þessu verður, þegar til lengdar lætur, aðeins náð með því annars vegar að vinna þær vörur, sem út eru fluttar, meira en til þessa hefur verið gert (selja vinnu fyrir erlendan gjaldeyri) og hins vegar með því að flytja inn hráefni í stað fullunninnar vöru í sem ríkustum mæli (kaupa minni erlenda vinnu fyrir gjaldeyrisverðmæti), en með því er snúið við því ástandi, sem ríkt hefur í milliríkjaverzlun þjóðarinnar að undanförnu. Afleiðingin verður sú, að iðnaðurinn hlýtur að aukast að mun.

Þetta er og, eins og áður var tekið fram, mjög eðlileg þróun, ef litið er til aukinna atvinnumöguleika og aukinnar fjármagnsmyndunar í þjóðfélaginu, sem iðnaðinum er samfara, og einnig til þess, að atvinnulífsþróun annarra þjóða stefnir og lengi stefnt í þessa átt.

Það, sem aðallega hefur staðið íslenzkum iðnaði fyrir þrifum til þessa, er það, sem nú skal greina:

1. Smæð fyrirtækjanna.

Íslenzkur iðnaður, og þó sérstaklega sú grein iðnaðar, sem notar erlend hráefni sem aðalefni, hefur verið rekinn af mjög smáum fyrirtækjum. Hefur þetta haft það í för með sér, að framleiðsluvörurnar hafa orðið mun dýrari en þurft hefði, þar sem allur sameiginlegur kostnaður, svo sem vélakostnaður, húsnæði, stjórnarlaun, skrifstofukostnaður o. a. þ. h. hefur skipzt á hlutfallslega mjög fáar framleiðslueiningar (stykki, kg, ltr. o. s. frv.). Kemur þar greinilega í ljós munurinn á verksmiðjurekstri, sem framleiðir mikinn fjölda framleiðslueininga, og smáfyrirtækjum, sem lítið framleiða, því að reynslan hefur leitt í ljós, að sameiginlegur kostnaður eykst ekki hlutfallslega við aukningu framleiðslunnar. Það þarf t. d. ekki að bæta við nýjum forstjóra, þó að framleiðslan sé aukin úr 10 þús. stykkjum í 100 þús. stykki, ekki að auka skrifstofukostnað og e. t. v. ekki húsnæði og í sumum tilfellum, þar sem afköst véla hafa ekki verið fullnotuð, ekki einu sinni að bæta við vélum. Sami sölumaður getur oft eins auðveldlega selt 100 þús. stykki og 10 þús., og svo mætti lengi telja.

Þannig er það augljóst mál, að verksmiðjurekstur í stórum stil hefur í för með sér lækkun á vöruverði, stundum mjög stórfellda. Þess ber og að gæta, að smá fyrirtæki hafa alltaf tilhneigingu til hlutfallslegrar ofhleðslu í starfsmannahaldi (verkafólk og skrifstofufólk) miðað við stór fyrirtæki, þannig að vinnuaflið nýtist ekki

til fulls. T. d. þarf lítið fyrirtæki með eina vél mann til að líta eftir henni og stjórna, þó að vélin sé hins vegar þannig gerð, að sami maður gæti stjórnað og litið eftir 8—10 sams konar vélum eða stærri vélum og þannig raunverulega afkastað miklu meira starfi.

Þá er það og mikill ókostur smáfyrirtækja, að þau geta ekki hagnýtt sér verkaskiptingu, sem unnt er að hagnýta í sambandi við verksmiðjurekstur, og þar af leiðandi ekki þá rekstrarhagkvæmni, sem henni er samfara, og möguleika til lækkunar á vöruverði.

Það hefur og komið í ljós, að eitt af höfuðvandamálum iðnaðarins hér á landi er, hve skammt á veg verkaskiptingin er komin, og stafar það einkum af því, að fyrirtækin hafa verið of smá til þess að koma henni við.

2. Ófullkomnar vélar.

Fram til þessa hefur iðnaðurinn átt við að búa mjög ófullkominn vélakost, sem hlutfallslega mikið vinnuafl hefur þurft til að hagnýta. Er það að verulegu leyti vegna þess, að efling innlends iðnaðar varð ekki svo stórstíg sem skyldi, fyrr en þjóðin var komin í gjaldeyrisvandræði og gat ekki flutt inn alla þá fullunnu vöru, sem hún þurfti, en þá var heldur ekki fyrir hendi það gjaldeyrisþol, sem þurfti til að kaupa fullkomnar og ódýrar vélar. Nú hefur verið bætt úr þessu ástandi að mjög verulegu leyti, og hinar ófullkomnari vélar leggjast niður smátt og smátt, þótt enn þá séu þær í notkun sums staðar með þeim afleiðingum að halda vöruverðinu óeðlilega háu.

3. Of margar framleiðslutegundir.

Það er mjög algengt fyrirbæri í íslenzkum iðnaði, en mun afar sjaldgæft annars staðar, að eitt og sama fyrirtæki framleiðir mjög margar og oft mjög ólíkar tegundir af vörum. Slíkt er vitanlega afar óhagkvæmt og útilokar allan stórrekstur, en að auki lengir það að mun þann tíma, sem hver starfsmaður þarf til að ná fullkominni leikni í ákveðnu starfi, því að stöðugt er verið að breyta um verkefni og læra ný og ný handtök.

4. Ófullkomin sérþekking.

Sérþekkingu iðnrekenda og forstjóra iðnfyrirtækja er víða mjög ábótavant, og hafa margir fram á síðustu ár horft í þann hlutfallslega litla kostnað, sem því er samfara að senda menn til náms í hliðstæðum erlendum iðnfyrirtækjum til að nema starfsaðferðir, skipulagningu og ef vel væri komast að eða fá að kynna sér einkaleyfi. Þá er og það, að fyrirtæki, sem einu sinni hafa lagt út í það að senda menn út til náms og kynningar í erlendum fyrirtækjum, virðast, a. m. k. til þessa, hafa litið þannig á, að þau hefðu með því fullnægt skyldu sinni við sjálf sig, þjóðfélagið og iðnaðinn, og sú þekking, sem þannig var fengin í einni ferð, geti enzt um ókomna tíð. Af þessu leiðir, að jafnvel sú sérþekking, sem einu sinni var aflað og fullnægði þá, verður á tiltölulega skömmum tíma úrelt. En hin smávægilegustu atriði í þessa átt geta ráðið því, hvort fyrirtæki er samkeppnisfært eða ekki, og þó alveg sérstaklega ef um er að ræða samkeppni á heimsmarkaði (íslenzkar útflutningsafurðir).

5. Erfiðleikar í sambandi við útvegun hráefna.

Íslenzkur iðnaður, og þó sérstaklega sú tegund hans, sem notar erlend hráefni sem aðalefni, hefur frá öndverðu átt við mikla erfiðleika að etja í sambandi við útvegun hráefna. Hefur þar einkum borið tvennt til: gjaldeyrisskortur á venjulegum tímum og tilhneiging til að kaupa heldur fullunna erlenda vöru, sérstaklega þegar ekki hefur verið um gjaldeyrisskort að ræða, og svo það, að aldrei hefur farið fram nein rannsókn á raunverulegri hráefnaþörf iðnaðarins, og hefur honum því alltaf verið skammtað hráefni af handahófi og eftir þeim reglum, sem skapazt hafa af slíkum handahófsaðferðum og þannig orðið að venju.

Þar við hefur svo bætzt, að iðnaðarfyrirtækin sjálf hafa að mjög óverulegu leyti, samkvæmt þeirri rannsókn, sem fram hefur farið, fengið tækifæri til að afla þeirra hráefna, sem með þurfti, heldur hafa einhverjir aðrir aðilar, sem enga sérþekkingu höfðu til að bera, hvorki vörufræðilega né á þörfum iðnaðarins, gegnt því hlutverki (innflutningsfyrirtæki).

6. Almennt vantraust.

Af öllu þessu samanlögðu hefur svo, eins og eðlilegt er, skapazt með þjóðinni vantraust á innlendum iðnaði.

Við þetta hefur svo bætzt, að fram til þessa hefur ekki verið stefnt að því marki að gera framleiðslukostnaðinn sem minnstan og ná þannig sem lægstu vöruverði, heldur leitazt við að selja framleiðsluvörurnar fyrir sem hæst verð. En þó að vantraustið hafi þannig að nokkru leyti verið réttlætanlegt miðað við ríkjandi ástand, þá er það þó á hinn bóginn jafnfráleitt og óréttlætanlegt, þegar það verður til þess að hindra iðnaðinn í þeirri viðleitni að bæta úr göllum, sem á honum eru og á hans valdi væri að ráða við að öðru leyti.

7. Afskipti ríkisvaldsins.

Í þeim atriðum, sem talið hefur verið hér að framan, að hafi staðið iðnaðinum helzt fyrir þrifum, hefur á stöku stað verið vikið lauslega að afskiptum ríkisvaldsins af þeim málum.

Skal hér því til viðbótar aðeins drepið á eitt atriði:

a. Tollar.

Það er mjög útbreidd skoðun, að ríkisvaldið geti ekki að skaðlausu leyft mjög mikla aukningu á innflutningi hráefna og tilsvarandi minnkun á innflutningi fullunninna vara, vegna þess að tolltekjur ríkisins minnki svo mjög, að vart verði undir því risið. Þjóðhagslega og hagfræðilega séð er þessi skoðun sennilega jafnfráleit og hún er útbreidd. Það mun vart unnt að hugsa sér öllu veigaminni röksemd af hálfu þess opinbera en þá, að ríkisvaldið verði að hindra eðlilega þróun og eðlilegan vöxt atvinnulífsins af þeim ástæðum einum, að tekjur ríkisins minnki við það.

Hversu fráleit þessi skoðun er, sést bezt, ef athugað er, að skattagrundvöllur þjóðfélagsins verður traustari við aukið athafnalíf í landinu og þá auknu fjármagnsmyndun, sem því er samfara að nýta til fullnustu afkastagetu véla og vinnuafls í landinu.

Þar að auki eru svo framleiðslutollar alþekktir hér sem annars staðar og mjög auðvelt að auka þá að sama skapi og aðrar tolltekjur rýrna, ef með þarf.

Hér að framan hefur verið gerð nokkur grein fyrir því, sem innlendum iðnaði er helzt ábótavant, og skal nú vikið nokkrum orðum að þeim breytingum á því viðhorfi, sem komið hafa í ljós í sambandi við þessa rannsókn.

1. Vélakostur hefur aukizt.

Á síðastliðnum árum hefur verið flutt inn í landið mjög mikið af nýjum, stórvirkum vélum af fullkomnustu gerð, er nú þekkist. Vélar þessar hafa ekki aðeins þann kost að vera nýjar og stórvirkar, heldur einnig þann að vera gerðar fyrir sérstök verk eða framleiðslu á sérstökum hlutum, sem beinlínis neyða fyrirtækin til ákveðinnar verkaskiptingar. Er árangurinn af þessu þegar auðsær á því, að iðnrekendurnir hafa notað sér kosti verkaskiptingarinnar og leggja nú áherzlu á að auka hana sem mest þeir mega. Hafa mörg fyrirtæki þegar lagt fram áætlanir um stórum aukna framleiðslu og mjög lækkað vöruverð af þessum ástæðum einum saman, enda þurfi fyrirtækin ekki að búa við hráefnaskort til framleiðslunnar, meðan hún fer ekki fram úr markaðsþörfinni.

2. Aukinn skilningur á kostum verksmiðjuiðnaðar.

Í þessu sambandi kemur það greinilega í ljós, að skilningur hefur aukizt á kostum þess að framleiða í stórum stíl og dreifa sameiginlegum kostnaði niður á mikinn fjölda eininga. Þá er það og ljóst, að iðnrekendur hafa gert sér grein fyrir því, að takmark iðnaðarins hlýtur að vera það að verða sem fyrst samkeppnisfær við hliðstæðan erlendan iðnað, sem eðlilega hlýtur alltaf að leita á um að bola innlendum iðnaðarvörum burtu af markaðinum, svo lengi sem erlendu iðnaðarvörurnar eru ódýrari eða betri en þær innlendu.

Enn fremur er þeim það ljóst nú, að verndartolla og aðra lögboðna vernd má og verður aðeins að miða við bráðabirgðaþörf, en ekki framtíðarástand, og að slíkar ráðstafanir mega ekki né geta haldizt til lengdar sem skjól til að halda uppi óþarflega háu innanlandsverðlagi á almennum neyzluvörum.

3. Sérþekking hefur aukizt.

Þá hafa mjög mörg fyrirtæki, og þó fyrst og fremst ný fyrirtæki með nýjum vélum, sent menn til annarra landa til að nema það nýjasta í starfsaðferðum, skipulagningu og meðferð véla, og hefur þessum mönnum í sumum tilfellum fyrir aðstoð íslenzku sendiráðanna, tekizt að fá að kynna sér einkaleyfi og síðustu nýjungar í rekstri iðnfyrirtækjanna, sem geta haft ómetanlega þýðingu fyrir þjóðfélagið, ef fyrirtækin fá aðstöðu til að notfæra sér það.

Þá hefur og mikið á unnizt með því að fá „Specialvélar“ og flokka þannig ákveðið starf (t. d. framleiðslu á einum fötum) í tiltekna flokka af handtökum, þar sem hver starfsmaður lærir aðeins tiltekin handtök í stað þess að læra allt, eins og áður var. Við þetta styttist sá tími, sem hver starfsmaður þarf til að ná fullkominni leikni í sínu starfi, í sumum tilfellum úr tveim árum niður í tvo mánuði, og fyrirtækin fá því lengur notið fullra afkasta hvers starfsmanns en áður var.“

Og enn segir svo í skýrslu fjárhagsráðs:

„Er aukning iðnaðarins réttmæt frá gjaldeyrissjónarmiði?

Á nokkrum undangengnum árum hefur verið flutt til landsins mjög mikið af nýjum og stórvirkum iðnaðar- eða framleiðsluvélum, sem liður í þeim nýju framkvæmdum (nýsköpun), sem hafa verið á döfinni. Vélar þessar krefjast stórlega (hlutfallslega) aukinna hráefna vegna þess, hve þær eru miklu stórvirkari og fullkomnari en áður hafa þekkzt hér.

Af þessum ástæðum er aukin hráefnaþörf og þar af leiðandi gjaldeyrisþörf til þeirra ekki aðeins eðlileg, heldur öllu fremur sjálfsagt framhald þess, sem framkvæmt hefur verið á síðustu árum, og enn er unnið að (nýsköpuninni). Enn fremur ber þess að gæta, að á þeim tímum, þegar um verulegan gjaldeyrisskort er að ræða miðað við gjaldeyrisþörfina, er eðlilegt, að áherzla sé lögð á að efla sem mest innlendan iðnað, eftir því sem þarf til nota innanlands, vegna sparnaðar á gjaldeyri, jafnhliða því, sem lögð er áherzla á að auka verðmæti útflutningsafurðanna.

Sem dæmi má nefna, að ef tilbúin föt kosta í erlendum gjaldeyri kr. 260.00, en efni í sams konar föt aðeins kr. 130.00, er eðlilegt, að sú leiðin sé valin að flytja inn efnið, en ekki fötin, þegar hörgull er á erlendum gjaldeyri.

Það er því auðsætt, að gjaldeyrislega séð er aukning iðnaðarins í landinu réttmæt að öðru óbreyttu og svo lengi sem framleiddar eru vörur, sem annars mundu fluttar inn í landið fullunnar.“

Til þess að sýna, hvern gjaldeyri er unnt að spara með því að framleiða þá vöru í landinu, sem annars er flutt inn fullunnin, skulu nú tekin nokkur dæmi af handahófi:

1. Í landinu eru nú til vefstólar, sem framleiða má með alla þá dúka, er þjóðin þarf í ytri fatnað. Til að vefa 100000 metra af dúkum þeim, er menn helzt kjósa í

slíkan fatnað, þarf erlenda ull eða garn, sem kostar í erlendum gjaldeyri um 1.3 millj. kr. Sé dúkurinn keyptur erlendis, kostar hann nú um 23 sh. metrinn, eða um 30 ísl. kr. Þá mundu 100000 metrarnir kosta kr. 3.0 millj. Á þennan hátt mætti því spara kr. 1.7 millj. í gjaldeyri á þessari vöru.

Úr þessum 100000 metrum má t. d. vinna um 31000 karlmannaföt. Séu þau saumuð hér, þarf til þeirra „tillegg", sem kostar í erlendum gjaldeyri um 35 kr. á föt, eða alls um 1.1 millj. kr. Ef ull, garn og „tillegg" væri keypt, mundu því þessi föt kosta í gjaldeyri 2.4 millj. Ef dúkur og „tillegg" væri keypt, mundu þau kosta í gjaldeyri kr. 4.1 milljón. En ef fötin væru keypt tilbúin erlendis, mundu þau kosta í gjaldeyri minnst (250 kr. hver föt) kr. 7.7 milljónir. Gjaldeyrissparnaðurinn mundi því nema um kr. 5.3 milljónum á þessum eina lið, miðað við að kaupa ull, garn og „tillegg" í stað fullunninna fata.

Til að fyrirbyggja misskilning skal það tekið fram, að í Gefjun á Akureyri hafa farið fram mjög nákvæmar rannsóknir á því, hver tök væru á að framleiða úr íslenzkri ull þá dúka, sem menn helzt kjósa í ytra fatnað, og hafa þær leitt í ljós, að vegna eiginleika ullarinnar er það ekki fært. Á hinn bóginn má úr henni framleiða mjög góða dúka í kulda- og ferðafatnað (sport-föt), yfirhafnir, værðarvoðir, húsgagnaáklæði og ýmiss konar prjónavörur, m. a. til útflutnings, o. m. fl.

2. Nú hafa verið keyptar til landsins skógerðarvélar, sem framleiða má með um 150 þús. pör af venjulegum skóm karla, kvenna og barna og þar að auki alla inniskó, sem þjóðin þarf. Til að framleiða þessi 150 þús. pör innanlands þarf um 2.6 millj. kr. í erl. gjaldeyri.

Vegna notkunar á innlendu yfirleðri mundi þó þessi upphæð verða raunverulega lægri en hér er reiknað með, eða um það bil 2.1 millj. Ef þessir skór væru á hinn bóginn fluttir inn tilbúnir og skipt til þriðjunga í karla-, kven- og barnaskó, þyrfti fyrir það um 4.3 millj. kr. í erl. gjaldeyri (miðað við tékkneskt verð):

50 þús. pör karlmannaskór á 36.00	kr.	1 800 000
50 þús. pör kvenskór á 36.00	—	1 800 000
50 þús. pör barnaskór á 14.00	—	700 000
	Kr.	4 300 000

Raunverulegur gjaldeyrissparnaður mundi því á þessum 150 þús. pörum vera um 2.2 millj. kr.

3. Til að sýna gjaldeyrissparnað við að flytja inn hráefni til sápugerðar miðað við fullunna vöru, skal tekið eftirfarandi dæmi: Reiknað er með framleiðslumagninu: 50 tonn handsápa, 200 tonn stangasápa og 500 tonn þvottaefni. Til þeirrar framleiðslu þyrfti erlent hráefni fyrir um 1.2 millj. kr. Væru vörur þessar á hinn bóginn keyptar fullunnar, yrði verð þeirra um 2.9 millj. kr. (miðað við hollenzkt verð). Gjaldeyrissparnaður væri því um 1.7 millj. kr.

4. Til að framleiða innanlands:

2000 stk. rafmagnseldavélar, þriggja hellna,
10 — rafmagnseldavélar, stórar,
10 — rafmagnsbrauðgerðarofna,
1500 — rafsuðupotta,
1000 — rafmagnsofna,
1000 — þilofna,
500 — kæliskápa og nokkuð fleira

þarf gjaldeyri til efniskaupa fyrir kr. 1.2 millj. Til samanburðar má þess geta, að hagkvæmasta verð á þriggja hellna eldavélum er:

2000 stk. rafmagnseldavélar á 645 kr. 1 290 þús., eða heldur meira fyrir eldavélarnar einar en hráefnin í öll þau tæki, sem talin voru hér að framan.

Af þessum dæmum, sem tilfærð hafa verið hér að framan, ætti að vera ljóst, hverja þýðingu iðnaðurinn hefur fyrir sparnað á gjaldeyri þjóðarinnar, og ætti því

að vera óþarft að nefna fleira, þótt af miklu sé að taka. Við þær athuganir, sem fram hafa farið hjá fjárhagsráði í sambandi við iðnaðarrannsóknina og gerð innflutningsáætlunar 1949, hefur komið í ljós, að með því að afkastageta iðnfyrirtækja væri að fullu hagnýtt, mætti spara gjaldeyri mjög verulega, eða um nokkra tugi milljóna.

Það, sem gerzt hefur í þessum málum síðan rannsókn fjárhagsráðs á iðnaðinum lauk, er það, að allmörg iðnfyrirtæki hafa sent fjárhagsráði tilboð um mjög mikla lækkun á vöruverði, ef þeim væri gefið fyrirheit um gjaldeyri til hráefnaöflunar, þannig að þau gætu hagnýtt afkastagetu sína og tækni og starfað á eðlilegan hátt og óhindrað allt árið. Fyrirtækin, sem sent hafa þess konar tilboð, eru í eftirtöldum iðngreinum:

Karlmannafataiðnaði, sjóklæðagerð, kvenfatnaði (kápur og kjólar), nærfataefna-, sokka- og nærfatagerð, vinnufatagerð, sápugerð, skógerð.

Möguleika til verðlækkunar hafa enn fremur fyrirtæki í:

Smjörlíkisgerð, málningagerð, veiðafæragerð, húsgagnagerð, byggingavörugerð o. fl.

Tilboð þau, sem um getur hér að framan, fela í sér svo mikla lækkun á vöruverði frá því, sem nú er, að hafa mundi veruleg áhrif á lækkun vísitölunnar, ef sinnt væri, og þó enn meiri áhrif í þá átt að bæta raunveruleg kjör almennings en fram kæmi í vísitölunni, m. a. með tilliti til þess svartamarkaðsástands, sem nú ríkir. Verða nú tekin nokkur dæmi til að sýna þetta:

Í vísitölunni eru karlmannaföt reiknuð á eftirfarandi hátt:

Skraddarasaumuð föt á kr. 831.00, að ⅓, hraðsaumuð föt úr innlendu efni á kr. 725.00 að ⅓ og útlend kr. 733.50, eða alls kr. 763.17. Nú liggja fyrir tilboð frá nokkrum hraðsaumastofum um að framleiða karlmannaföt, er kosta um 440 kr. í smásölu. Hafa þessi tilboð verið samþykkt af fjárhagsráði að nokkru leyti, þ. e. a. s. verðið, án þess þó að afkastageta fyrirtækjanna sé nýtt til fullnustu. Ef hins vegar væri sá háttur hafður á, sem tíðkast með öðrum þjóðum, að um ¾ af öllum karlmannafötum væru hraðsaumuð, mundi það lækka vísitöluna verulega.

Nú breyta hverjar 38 kr. á einhverri vörutegund, sem talin er í vísitöluútreikningi, vísitölunni um 1 stig. Ef karlmannaföt væru fáanleg á kr. 440.00 í stað 763 kr., eins og nú er reiknað með í vísitölunni, þýðir það **lækkun vísitölunnar um 8½ stig.**

Skófatnaður er nú reiknaður í vísitölunni kr. 464.00, en samkvæmt þeim upplýsingum, er fyrir liggja, mætti lækka hann á sama hátt og karlmannafötin í kr. 350.00 eða meir. Það þýðir lækkun á vísitölunni um 2—3 stig.

Á sama hátt má nú reikna þær vörur, sem unnt er að framleiða að öllu leyti innanlands, og skal hér aðeins tilgreint eftirfarandi, eftir þeim upplýsingum, sem fyrir hendi eru:

Nærfatnað og milliskyrtur má lækka svo að nemi		1½	vísitölutölustigi.
Frakka karla	——„——	1	—
Vinnuföt	——„——	½	—
Fata- og kápuefni	——„——	3	—

Á því, sem nú hefur verið talið, má því lækka vísitöluna um 16½—17½ stig, en fleira mætti enn til telja. Þá ber þess að gæta, að hin raunverulega lækkun yrði enn meiri. Sem dæmi má nefna, að kvenkápur eru ekki taldar með í vísitöluútreikningi. Þær kosta nú í smásölu frá 675.00 kr. að meðaltali og þar yfir. Hins vegar hafa nokkur fyrirtæki boðizt til að framleiða af þeim nokkuð mikið magn fyrir 415 kr. Það samsvarar vísitölulækkun, ef reiknað er með 675.00 kr., **um 7 stig.** Kvenkjólar eru heldur ekki taldir með í vísitöluútreikningi, en þeir munu nú kosta að meðaltali um 550 kr. í smásölu. Tilboð liggja fyrir frá nokkrum fyrirtækjum um að framleiða kvenkjóla fyrir 240 kr., en það samsvarar um 8 stiga vísitölulækkun.

Þessi dæmi ættu að sýna, hverja þýðingu það hefði, að búið væri að iðnaðinum á þann hátt, sem telja verður, að hafi verið ætlunin, þegar leyft var að flytja til landsins þær iðnaðarvélar, sem nú eru hér lítið notaðar og **bíða eftir verkefni.**

Af því, sem að framan greinir, verður að telja það eitt af grundvallaratriðunum í atvinnulífi þjóðarinnar, að alger stefnubreyting verði í iðnaðarmálunum frá því, sem nú er. Er sú stefnubreyting aðallega fólgin í tvennu:

1. Með tilliti til þess, að unnar útflutningsafurðir afla þjóðinni meiri gjaldeyris en hráefni, miðað við vörueiningu, ber að stefna að því marki að vinna útflutningsafurðirnar meira en nú er gert. Í því sambandi ber að athuga það gaumgæfilega hvort ekki er unnt að framleiða hér samkeppnisfærar niðursuðuvörur og afla þeim markaða með því að nota til fullnustu afkastagetu og þá rekstrarhagkvæmni, sem við verður komið í þeim verksmiðjum, sem fullkomnastar eru í landinu og nú eru reknar á mjög óhagkvæman hátt og án þess að gefa nokkra hugmynd um, hvernig slíkur rekstur gæti verið.

2. Með tilliti til þeirrar staðreyndar, að hver vörueining framleidd í landinu úr erlendum hráefnum kostar í gjaldeyri um eða innan við 50%, miðað við að kaupa sömu vörueiningu fullunna á erlendum markaði, verður auðséð, hver höfuðnauðsyn það er fyrir þjóðfélagið, a. m. k. þegar gjaldeyrisskort er um að ræða, að iðnaðurinn fái þau hráefni, er hann getur unnið úr og þjóðin þarfnast.

Sé enn fremur tekið tillit til þess, að geti þær verksmiðjur, sem nú eru í landinu, starfað á eðlilegan hátt, geta þær lækkað verðið á framleiðslu sinni, svo að það sé sambærilegt við verð á erlendum markaði, miðað við sömu vörugæði, verður ljóst, að hér er um að ræða stórfellda dýrtíðarráðstöfun og sennilega eina af þeim fáu dýrtíðarráðstöfunum, sem unnt er að framkvæma án þess að skerða kjör almennings í landinu. Þeir, sem þau mál hafa athugað, telja, að með þessu móti einu mætti lækka vísitöluna um allt að 20 stigum.

Af þessum ástæðum ber að tryggja það, að ekki sé staðið í vegi fyrir þeirri sjálfsögðu kröfu, að verksmiðjuiðnaðurinn í landinu fái gjaldeyri til hráefnaöflunar, svo að hagnýttir verði sem bezt kostir þess iðnaðar til að framleiða vörur, sem þjóðin þarfnast og getur framleitt.

Það skal að lokum tekið fram, að flutningsmenn þessarar tillögu ætlast til þess, að þau iðnfyrirtæki, sem eru starfandi úti um land, fái hráefni til sinna iðnstarfa, en vitaskuld verða þau að vera samkeppnisfær við önnur iðnfyrirtæki um verðlag á framleiðslu sinni.

Þá er það og ætlun flutningsmanna, að séð verði fyrir því af þeim stjórnarvöldum, er innflutningnum ráða, að heimili, sem hafa ástæður til að sauma fatnað heima, eigi þess kost að fá vefnaðarvörur til slíkra nauðsynja sinna.

Útreikningar í greinargerð þessari eru byggðir á almennum athugasemdum fjárhagsráðs um innflutningsáætlunina fyrir árið 1949.

Nd. 463. Nefndarálit [115. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 29 23. apríl 1946, um hafnargerðir og lendingarbætur.

Frá sjávarútvegsnefnd.

Nefndin hefur rætt mál þetta á tveim fundum og sent vitamálastjóra það til umsagnar. Vitamálastjóri mælti með því, að málið næði fram að ganga. — Sjávarútvegsnefndin mælir með því, að frumvarpið verði samþykkt óbreytt.

Alþingi, 15. marz 1949.

Finnur Jónsson, form.	Pétur Ottesen, fundaskr.	Sigurður Kristjánsson, frsm.
Halldór Ásgrímsson.	Áki Jakobsson.	

Nd. 464. Frumvarp til laga [164. mál]

um ný orkuver og nýjar orkuveitur rafmagnsveitna ríkisins.

Frá fjárhagsnefnd.

1. gr.

Ríkisstjórninni er heimilt að fela rafmagnsveitum ríkisins:

1. að virkja Laxá fremri í Austur-Húnavatnssýslu til raforkuvinnslu í 1900 hestafla orkuveri og leggja þaðan aðalorkuveitu til Blönduóss og Skagastrandar;
2. að virkja Þverá úr Þiðriksvallavatni í Strandasýslu í allt að 1400 hestafla orkuveri og leggja aðalorkuveitu þaðan til Hólmavíkur.

2. gr.

Ríkisstjórninni heimilast að taka lán fyrir hönd ríkissjóðs eða ábyrgjast lán, sem rafmagnsveitur ríkisins taka, að upphæð allt að 9 milljónum króna, til greiðslu stofnkostnaðar þeirra mannvirkja, sem um getur í 1. gr. Af þeirri upphæð má taka sem lán úr raforkusjóði samkv. 1. lið 35. gr. raforkulaganna allt að 3 milljónum króna, þó eigi meira en sem nemur ⅓ hluta af stofnkostnaði mannvirkjanna.

3. gr.

Um stofnun og rekstur orkuvera þeirra og orkuveitna, sem um ræðir í 1. og 2. gr., fer að öðru leyti eftir ákvæðum raforkulaga, nr. 12 2. apríl 1946.

4. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Frv. þetta er flutt eftir beiðni atvinnumálaráðherra. Einstakir nefndarmenn áskilja sér óbundið atkvæði um frv. Greinargerð fyrir frv. felst í fylgiskjali því, er hér fer á eftir.

Fylgiskjal.

RAFORKUMÁLASTJÓRI

Reykjavík, 5. marz 1949.

Varðandi virkjanir Laxár fremri í A.-Hún. og Þiðriksvallavatns í Strandasýslu.

Skilyrði til vatnavirkjana til raforkuvinnslu í Húnavatnssýslum hafa verið rannsökuð um nokkurra ára bil. Í sýslunni er fátt um góða virkjunarstaðhætti. Laxá fremri í Húnavatnssýslu þykir þó einna líklegust af fallvötnum sýslunnar til virkjunar, þegar tillit er tekið til þess, hversu mikils afls er líklegt, að þörf verði á næstunni. Þó er virkjun Laxár kostnaðarsöm, ef nýtt er allt afl hennar, en verði aðeins virkjaður bezti kafli fallsins, er með því á glæ kastað nokkrum þúsundum hestafla, sem ekki verða síðar nýtt á hagkvæman hátt. Áætlunarverð 1900 hestafla virkjunar, sem þannig nýtir aðeins bezta kafla fallsins, er um 4 milljónir króna. Aðalorkuveita frá virkjun til Blönduóss og Höfðakaupstaðar er áætluð um 1 milljón krónur.

Blönduós hefur gamla vatnsaflsstöð í Laxá um 350 hö. að stærð og mótorrafstöð á Blönduósi að auki. Í Höfðakaupstað er mótorrafstöð. Gamla vatnsaflsstöðin er orðin mjög úr sér gengin. Blönduós hefur að vísu haft meira rafafl miðað við íbúatölu kauptúnsins en nokkurt annað kauptún eða kaupstaður af sömu stærð eða stærra, en orkuverð hefur verið lágt og rafmagnsnotkun til hitunar almenn, svo að allt afl stöðvarinnar er uppnotað. Mótorrafstöð Höfðakaupstaðar er ófullnægjandi.

Nú eru að vísu nokkur atriði enn óathuguð, sem að mínum dómi þarf að rannsaka, áður en því er slegið föstu, hvernig Laxá skuli virkjuð. Enn fremur virðist

mér orka tvímælis, hvort tímabært sé að verja 5 milljón krónum í nýja virkjun og veitu eða hvort heldur ætti að lagfæra gömlu vatnsaflsstöðina og setja upp dieselmótora til viðbótar. Loks er nú mjög slæmt útlit að því er við kemur fjáröflunarmöguleikum til rafveituframkvæmda.

Eins og að framan er getið, má ganga út frá því, að vatnsorkuver, sem reist verður í Au.-Húnavatnssýslu, vinni raforku bæði handa Blönduósi og Höfðakaupstað. Enn fremur mun út frá því verða lagt til sveitanna, eftir því sem fé og ástæður leyfa. Verði síðar komið upp öðru vatnsorkuveri í sýslunni, verður það tengt við hið fyrra og veitur þess. Loks má gera ráð fyrir því, að síðar verði orkuver og veitur Húnavatnssýslu tengd við veitur annarra sýslna. Með því að þannig er um að ræða ráðstafanir um raforkuöflun, sem gerðar eru í þágu margra sveitarfélaga og síðar geta orðið liðir í rafveitum heils landshluta, verður að teljast eðlilegt og heppilegt, að rafmagnsveitur ríkisins annist þær og taki því að sér að reisa og reka vatnsorkuver í Au.-Húnavatnssýslu.

Með tilliti til þessa og með skírskotun til þeirra fyrirvara, sem að framan er getið, get ég fyrir mitt leyti fallizt á, að nú þegar sé leitað heimildar Alþingis til þess að ríkisstjórnin láti reisa vatnsorkuver við Laxá fremri í Au.-Húnavatnssýlu, enda sé þá gengið út frá því, að heimildin verði ekki notuð fyrr en að fullathuguðu máli og ekki hafizt handa um framkvæmdir, nema nauðsynlegt fé til þeirra hafi verið tryggt.

Fyrir Hólmavíkurkauptún og nágrenni þess kemur varla til greina nema einn virkjunarstaður til raforkuvinnslu, þ. e. frárennsli Þiðriksvallavatns. en til álita getur komið, hvernig beri að virkja fallvatnið. Áætlanir hafa verið gerðar um tvenns konar virkjun. Áætlanir þessar voru gerðar fyrir rúmu ári síðan, en verðlag hefur hækkað síðan, og verður því að gera ráð fyrir, að kostnaðaráætlun muni hækka nokkuð við endurskoðun, en það raskar þó ekki samanburðargrundvellinum.

Önnur tilhögun virkjunar er sú, að nýta aðeins efra hluta fallhæðarinnar, 40 metra, og fá 1400 hö., áætlunarverð (sbr. ofanritað) kr. 2400000.00, eða kr. 1700.00 á hvert hestafl; hin að virkja allt fallið 76 m með 1300 hö., áætlunarverð kr. 3345000.00, eða kr. 2570.00 hvert hestafl. Við þá fyrri virðist ekki með hagkvæmu móti hægt að bæta neinu síðar, en við þá síðari má bæta 1300 hestöflum með kr. 2333000.00 áætlunarverði. Hagar því hér til að sínu leyti eins og við Laxá í A.-Húnavatnssýslu, að ef valin er ódýrasta virkjunartilhögun í svip, er spillt skilyrðum til hagkvæmra aukninga síðar. Þetta atriði skiptir að vissu leyti meira máli hér en í Húnavatnssýslunni, vegna þess að Steingrímsfjörður er einangraðri og trauðla um aðra virkjunarstaði að ræða.

Þá gildir hið sama um virkjun handa Hólmavík sem um virkjun Au.-Hún., að telja má, að orki tvímælis, hvort tímabært er að verja allt að 5 millj. kr. í virkjun og veitu heldur en að auka um sinn mótorrafstöð Hólmavíkur, enda eins og fyrr er sagt mjög erfitt um fjárútvegun til rafveituframkvæmda.

Með hliðsjón af því, að virkjun Þiðriksvallavatns er eina vatnsaflsvirkjun, sem til greina virðist koma fyrir Hólmavík og byggðir Steingrímsfjarðar og Bjarnarfjarðar, og með skírskotun til þess, sem áður er sagt, tel ég þó hægt að fallast á, að nú þegar sé leitað heimildar Alþingis til þess, að ríkisstjórnin megi láta virkja Þiðriksvallavatn til raforkuvinnslu handa þessum byggðarlögum, enda sé þá, eins og að framan getur um virkjun í A.-Hún., gengið út frá því, að heimildin verði ekki notuð fyrr en að fullathuguðu máli og framkvæmdir ekki hafnar, nema það fé, er til þeirra þarf, hafi verið tryggt.

Allra virðingarfyllst,

Jakob Gíslason.

Til atvinnumálaráðuneytisins, Reykjavík.

Sþ. 465. Tillaga til þingsályktunar [165. mál]

um innflutning nauðsynlegra lyfja til dýralækninga.

Flm.: Sigurður E. Hlíðar, Páll Zóphóníasson.

Alþingi ályktar að skora á landbúnaðarráðherra að hlutast til um, að ávallt séu til í landinu nægilegar birgðir hinna nauðsynlegustu lyfja til dýralækninga.

Greinargerð.

Á síðari árum hefur allmikið borið á því, að tilfinnanlegur skortur eða jafnvel alger vöntun hafi verið á ýmsum hinna nauðsynlegustu lyfja til dýralækninga í lyfjabúðum landsins. Á stríðsárunum var því um kennt, að ekki væri hægt að ná lyfjum frá vissum framleiðslulöndum (s. s. Cantharida frá Búlgaríu), eða þá, að framleiðsla lyfja væri háð þörfum herjanna og því takmarkaður útflutningur þeirra til annarra landa. Nú aftur á móti er því borið við, að ekki fáist nægileg innflutnings- og gjaldeyrisleyfi fyrir nauðsynlegustu dýralyfjum. Er nú svo komið, að það ástand, sem skapazt hefur í þessum efnum hér á landi, er með öllu óþolandi. Það er gamalt mál, að mörg sé búmannsraunin, svo að lyfjaeklunni er trauðla á þær bætandi. Lífsafkoma landbóndans er háð bústofninum. Hjá smábændum má ekki mikið út af bera um heilbrigði búfjárins, ef afkoma heimilisins á að vera tryggð. En nokkur trygging væri fengin gegn ýmsum sjúkdómum og afurðatjóni af þeirra völdum, ef ýmis hinna ágætu og áhrifamiklu lyfja væru fyrir hendi til lækninga. Það verður því að teljast minnsta og sjálfsagðasta, en um leið útlátaminnsta krafa íslenzka landbúnaðarins á hendur ríkisvaldinu, að séð verði fyrir nægilegum innflutningi hinna nauðsynlegustu lyfja til lækninga hinna mest áberandi og skaðlegustu kvilla búfjárins.

Nd. 466. Frumvarp til laga [166. mál]

um breyting á lögum nr. 31 27. júní 1941, um utanríkisráðuneyti Íslands og fulltrúa þess erlendis.

Flm.: Skúli Guðmundsson, Helgi Jónasson.

1. gr.

2. málsgr. 2. gr. laganna orðist svo:

Forstöðumenn sendiráða (sendiherrar og sendifulltrúar) skulu eigi vera fleiri en fjórir. Ríkisstjórnin getur falið forstöðumanni sendiráðs að veita forstöðu sendiráðum í fleiri löndum en einu.

2. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. júlí 1949. Um leið falla úr gildi lög nr. 10 27. júní 1921, um sendiherra í Kaupmannahöfn.

Greinargerð.

Árið 1921 voru sett lög um sendiherra í Kaupmannahöfn, og eru þau enn í gildi. Tuttugu árum síðar, árið 1941, voru sett lög um utanríkisráðuneyti Íslands og fulltrúa þess erlendis. Samkvæmt 2. gr. þeirra laga ákveður ríkisstjórnin með tilskipun, á hvaða stöðum skuli vera sendiráð. Þar er einnig ákveðið, að ríkisstjórnin geti falið forstöðumanni sendiráðs að veita forstöðu sendiráðum í fleiri löndum en einu, ef hún telur það æskilegt.

Samkvæmt þessum lögum frá 1941 hafa verið stofnuð nokkur sendiherraembætti á undanförnum árum, og hefur þeim farið fjölgandi. Í fjárlagafrumvarpinu, sem nú liggur fyrir Alþingi, er gert ráð fyrir launagreiðslum til 6 sendiherra í öðrum löndum. Kostnaður við sendiráðin erlendis er þar áætlaður töluvert á aðra milljón króna.

Í frv. þessu er lagt til, að sendiherrum og sendifulltrúum Íslands verði fækkað og fjöldi þeirra ákveðinn með lögum, en ekki með tilskipunum ríkisstjórna. Verður ekki séð, að brýn þörf sé fyrir sex sendiherra í öðrum löndum. Ætti að vera auðvelt að komast af með þrjá sendiherra og sendifulltrúa í Evrópu og einn í Ameríku. T. d. gæti einn maður veitt forstöðu öllum sendiráðunum á Norðurlöndum, annar verið sendiherra á Bretlandi og jafnframt veitt forstöðu sendiráði á Frakklandi, ef henta þætti, en sá þriðji starfað í öðrum Evrópulöndum. En þó að á þetta sé bent hér, er það eftir sem áður á valdi ríkisstjórnarinnar að ákveða aðsetursstaði og starfssvæði sendimannanna, þó að frv. þetta verði að lögum.

Verði frv. þetta samþykkt, mun það hafa í för með sér verulega lækkun á útgjöldum við utanríkisþjónustuna, og má draga ályktanir um sparnaðarvilja þingsins af því, hvernig máli þessu verður tekið. Eins og áður segir, er kostnaðurinn við utanríkismálin nú mjög mikill og hefur farið ört vaxandi. Er vissulega mikil þörf að gæta hófs í því efni sem öðrum og koma málunum þannig fyrir, að sem bezt verði gætt hagsmuna þjóðarinnar erlendis með sem minnstum kostnaði. Enginn vafi er á því, að á mörgum stöðum er hægt að fá Íslendinga búsetta erlendis og einnig annarra þjóða menn, sem eru vinveittir Íslendingum, til þess að gerast kjörræðismenn fyrir Ísland. Er auðvelt að finna slíka menn, sem hafa góðan vilja, hæfileika og aðstöðu til þess að gæta hagsmuna Íslendinga og vinna að málum þeirra hjá öðrum þjóðum.

Sþ. 467. Fyrirspurnir. [167. mál]

I. Til ríkisstjórnarinnar um ríkisframlag til rekstrar nokkurra skóla.

Frá Jónasi Jónssyni.

Óskað er skýrslu um tilkostnað ríkissjóðs, annan en byggingarkostnað, við nám hvers nemanda í eftirtöldum skólum og kennsludeildum síðasta skólaár, sem reikningar ná til:

1. Guðfræðideild háskólans.
2. Læknadeild.
3. Lögfræðideild.
4. Heimspekideild.
5. Viðskiptadeild.
6. Verkfræðideild.
7. Menntaskólanum í Reykjavík.
8. Menntaskólanum á Akureyri.
9. Hvanneyrarskóla.
10. Stýrimannaskóla.
11. Kennaraskóla.
12. Eiðaskóla.
13. Núpsskóla.
14. Laugarvatnsskóla.
15. Flensborg.
16. Gagnfræðaskólanum á Ísafirði.
17. Kvennaskólanum í Reykjavík.
18. Húsmæðraskólanum í Reykjavík.
19. Húsmæðraskólanum á Laugum.
20. Iðnskólanum í Reykjavík.

II. Til ríkisstjórnarinnar um fjárskipti í Eyjafirði og Skagafirði.

Frá Jónasi Jónssyni.

1. Ætlar ríkisstjórnin að láta fara fram nýja atkvæðagreiðslu á hinu sýkta svæði?
2. Ætlar stjórnin að bera fram á þessu þingi frv. til að gera fjárskiptin auðveldari?
3. Ætlar stjórnin, ef ekki fæst samþykki fjáreigenda á hinu sýkta svæði, að láta fyrirskipa fjárskipti á ábyrgð ríkisvaldsins?

III. Til ríkisstjórnarinnar varðandi rannsóknarstöðina á Keldum.

Frá Jónasi Jónssyni.

1. Hvað mikið hefur ríkið lagt fram til byggingarframkvæmda á Keldum?
2. Hve mikil er sú gjöf frá Ameríku, sem búið er að verja í framkvæmdir á Keldum?
3. Er von á meira gjafafé í þessa stofnun frá Ameríku, og þá hve miklu?
4. Hve miklu fé þarf ríkissjóður að eyða til að gera Keldnastöðina nothæfa?
   a. Í byggingar.
   b. Í áhöld.
   c. Í bústofn og tilraunadýr.
5. Hve marga fastlaunaða menn og með hve háu kaupi til hvers einstaks manns á að ráða að Keldum?
6. Hvaða verkefni ætlar stöðin að taka til úrlausnar fyrstu fimm árin, sem stöðin starfar?

Sþ. 468. Breytingartillögur [42. mál]

við frv. til fjárlaga fyrir árið 1949.

Frá minni hl. fjárveitinganefndar.

1.	Við 3. gr.	A. 2. Eignabreytingar landssímans. Út.	
		a. Við III. (Talstöðvar í báta og skip).	
		Fyrir „150 000“ kemur	300 000
		b. Við IV. (Loftskeytastöðvar í skip).	
		Fyrir „100 000“ kemur	200 000
2.	— 12. —	VIII. (Læknisbústaðir o. fl.).	
		a. Fyrir „500 000“ kemur	1 000 000
		b. Nýr liður:	
		Styrkur til sjúkrahúsbyggingar í Reykjavík	1 000 000
3.	— 14. —	B. XIII. 6. (Barnaskólabyggingar o. fl.).	
		Fyrir „2 000 000“ kemur	3 500 000
4.	— 14. —	B. XVI. 2. (Íþróttasjóður).	
		Fyrir „500 000“ kemur	700 000
5.	— 15. —	IX. (Skáld og listamenn).	
		a. (Grunnstyrkir). Fyrir „175 000“ kemur	250 000
		b. (Verðlagsuppbót). Fyrir „350 000“ kemur	500 000
6.	— 16. —	A. 3. f. (Skurðgröfukaup).	
		Fyrir „100 000“ kemur	500 000
		Til vara	300 000
7.	— 19. —	2. (Stuðningur við bátaútveginn).	
		Fyrir „6 000 000“ kemur	10 000 000

Ed. 469. Nefndarálit [137. mál]

um frv. til erfðalaga.

Frá allsherjarnefnd.

Allsherjarnefnd hefur athugað frv. og leggur til, að það verði samþykkt, en þó hafa einstakir nefndarmenn óbundnar hendur um að flytja breytingartillögur eða greiða atkvæði með breytingartillögum við það frá öðrum.

Alþingi, 16. marz 1949.

Guðm. Í. Guðmundsson, form. Lárus Jóhannesson, fundaskr. Þorst. Þorsteinsson, frsm.

Brynjólfur Bjarnason. Hermann Jónasson.

Sþ. 470. Nefndarálit [42. mál]

um frumv. til fjárlaga fyrir árið 1949.

Frá minni hl. fjárveitinganefndar.

Nefndin hefur ekki getað orðið sammála um afgreiðslu frumvarpsins og viljum við, sem minni hlutann skipum, gera grein fyrir afstöðu okkar í sérstöku áliti, auk þeirra breytingartillagna, sem við flytjum á sérstöku þingskjali.

Hin síðari ár hafa fjárlög farið mjög hækkandi og það svo, að alvarlega horfir. T. d. voru rekstrarútgjöld ríkisins í fjárlögum 1946 tæpl. 127,5 millj. kr. En á fjárlagafrumvarpi því, sem hæstvirt ríkisstjórn lagði fyrir Alþingi fyrir árið 1949, nema rekstrarútgjöldin 243,8 millj. kr., eða nærri því helmingi hærri upphæð en 1946. Þegar um þetta er rætt opinberlega, er oftast reynt að kenna þetta eingöngu fjárfrekri löggjöf, er sett hafi verið á árunum 1944—1946. Víst er það rétt, að sú framfaralöggjöf, sem sett var á þessum árum, svo sem raforkulögin, lögin um almannatryggingar og lögin um landnám, nýbyggðir og endurbyggingar í sveitum, hefur lagt nokkrar byrðar á ríkissjóð. En þau útgjöld samanlögð nema þó aldrei nema nokkrum hluta þeirrar miklu útgjaldahækkunar, er hér um ræðir. Langmestur hluti þessarar miklu hækkunar stafar af öðrum ástæðum, og má þá aðallega nefna tvö atriði. Þau eru annars vegar útþensla í embættis- og starfsmannakerfi ríkisins og hins vegar hin mikla aukning dýrtíðarinnar, sem átt hefur sér stað síðustu árin og sífellt gleypir stærri og stærri upphæðir af tekjum ríkissjóðs í niðurgreiðslur og verðuppbætur.

Sem dæmi um vöxtinn í embættis- og skrifstofukerfinu má nefna 10. gr., þ. e. kostnaður við stjórnarráðið og utanríkismálin. Sá kostnaður var áætlaður í fjárlögum ársins 1946 3,7 millj., en á frumvarpi því, sem hér liggur fyrir, nærri 5,5 millj. króna, eða svo að segja þriðjungi hærri. Um útgjöldin í 11. gr., dómgæzla og lögreglustjórn, opinbert eftirlit og kostnað við innheimtu tolla og skatta, má segja hið sama. Árið 1946 voru þessi útgjöld í fjárlögum 12 millj. 615 þús., en í þessu frumvarpi eru þau áætluð 19 millj. og 307 þús., eða fyllilega þriðjungi hærri. Þó er munurinn raunverulega enn þá meiri en þessar tölur sýna, því að á sumum liðum eru áætlaðar enn þá meiri tekjur, sem dregnar eru frá útgjöldum áður en heildarniðurstaðan er fengin. Þannig er til dæmis með fjárhagsráð og undirdeildir þess, sem samtals mun hafa kostað nokkuð í fjórðu milljón kr. Til þess að halda uppi þeim kostnaði eru ætlaðar tekjur af leyfisgjöldum, og er sá kostnaður því ekki innifalinn í niðurstöðutölum greinarinnar.

Hitt atriðið, sem áður var nefnt, að valdið hafi mestu um hækkun ríkisútgjaldanna, þ. e. vöxtur dýrtíðarinnar síðustu árin, verður ljósast sýnt með því að benda á, hve útgjöld ríkissjóðs vegna niðurgreiðslu á vöruverði innan lands hafa vaxið gífurlega. Árið 1946 voru greiddar 16 millj. 245 þús. kr. úr ríkissjóði til að halda niðri verði á landbúnaðarvörum. Aðrar vörur voru ekki greiddar niður. En samkvæmt síðustu dýrtíðarlögum, er samþykkt voru í lok s. l. árs, skal nú stofna dýrtíðarsjóð og leggja í hann 74,6 millj. kr. af tekjum ríkisins. Af þessari upphæð mun gert ráð fyrir, að ekki minna en 50 millj. fari til að greiða niður vöruverð innanlands, bæði á erlendum og innlendum vörum. Þó hefur vísitalan verið bundin með lögum.

Til þess að vega að nokkru leyti upp á móti þessum útgjaldahækkunum, var í frumvarpi ríkisstjórnarinnar mjög gengið inn á þá braut að lækka framlög til verklegra framkvæmda og menningarmála. Þannig voru framlög til vega og brúargerða rúml. 4,5 millj. kr. lægri í frumv. en í fjárlögum s. l. árs. Framlög til nýrra raforkuframkvæmda einni millj. lægri og framlög til nýrra skólabygginga 2,5 millj. lægri. Nú leggur meiri hluti fjárveitinganefndar til að hækka vega- og brúarfé í sömu upphæð og áður, og sömuleiðis framlag til nýrra raforkuframkvæmda og erum við því fyllilega samþykkir. Til þess að mæta þessum hækkunum leggur nefndin til, að nokkur sparnaður verði gerður í embættiskerfinu. Í þessu höfum við einnig verið sammála meiri hlutanum í aðalatriðum og teljum, að á sumum sviðum hefði jafnvel mátt ganga lengra í þessa átt. Hins vegar hefur meiri hlutinn ekki viljað fallast á að hækka fjárveitingar til nýrra skólabygginga og sjúkrahúsa, þrátt fyrir þá miklu og aðkallandi þörf, sem er fyrir hendi á þeim sviðum. Þetta teljum við mjög varhugavert og flytjum því breytingartillögur um það.

Í lögum um fjárhagsráð, innflutningsverzlun og verðlagseftirlit frá 1947 er svo ákveðið, að innflutnings- og fjárfestingaráætlun hvers árs skuli liggja fyrir þegar fjárlög eru afgreidd, svo hægt sé að taka tillit til þeirra við afgreiðsluna. Samkvæmt ákvæðum gildandi laga skulu fjárlög afgreidd fyrir byrjun þess árs, sem þau eiga að gilda fyrir. Nú eru liðnir tveir og hálfur mánuður af árinu, en fjárlögin óafgreidd, og engin innflutnings- eða fjárfestingaráætlun fullbúin enn þá frá hendi fjárhagsráðs. Er þó hér um að ræða eitt aðalverkefni fjárhagsráðs, sem hefði þurft að vera fullleyst af hendi fyrir nokkrum mánuðum. Af þessu hlýtur að leiða ósamræmi og glundroða bæði hvað snertir þá liði tekjuáætlunarinnar, er byggjast á innflutningi, og ekki síður í fjárfestingu á sviði verklegra framkvæmda, þar sem fjárveitinganefnd og Alþingi verða að ákveða fjárframlög til þeirra án þess að nokkuð liggi fyrir um væntanlegar leyfisveitingar fjárhagsráðs til þeirra mála. Slíkt ósamræmi teljum við mjög alvarlegt og þurfi þetta fyrirkomulag gagngerðrar endurskoðunar við.

Af því, sem að framan er sagt, er ljóst, að við erum í ýmsum meginatriðum andvígir stefnu þessa fjárlagafrumvarps. Þó skal það tekið fram, að við erum sammála ýmsum breytingartillögum meiri hlutans og teljum þær til bóta, þótt aðrar séu hins vegar vafasamar og sumar til skaða. Í tillögum okkar leggjum við aðaláherzlu á að draga ekki úr framlögum til menningarmála og atvinnuveganna, nema svo sem óhjákvæmilegt er.

Skal þá gerð grein fyrir hinum einstöku breytingartillögum.

3. gr.

Við þessa grein berum við fram tvær breytingartillögur. Hin fyrri að hækka framlagið til talstöðva í báta og skip úr 150 þús. kr. í 300 þús. og síðari að hækka framlag til loftskeytastöðva í skip úr kr. 100 þús. í 200 þús. Á síðasta árs fjárlögum voru veittar til þessara hluta 295 þús. og 200 þús. kr., og teljum við, að miðað við þá þörf, sem hér er fyrir hendi, og til að tryggja sæmilegt öryggi megi þessar upphæðir ekki vera lægri.

12. gr.

Við 12. gr. flytjum við tvær breytingartillögur. Í fyrsta lagi, að styrkur til læknisbústaða, sjúkraskýla og sjúkrahúsbygginga, annarra en ríkis- og fjórðungssjúkrahúsa, verði ein millj. kr. í stað 500 þús., sem gert er ráð fyrir í frumvarpinu. Þetta hefur meiri hluti fjárveitinganefndar ekki viljað fallast á. Þá leggjum við enn fremur til, að til sjúkrahúsbyggingar í Reykjavík verði veitt ein millj. kr. Meiri hluti nefndarinnar leggur hins vegar til, að sú upphæð verði 500 þús.

Á síðasta árs fjárlögum nam styrkur til þessara bygginga utan Reykjavíkur 800 þús. kr. og var tvímælalaust of lágur miðað við þörfina, og teljum við því sízt um of að ætla þá upphæð, sem við leggjum til. Og þörfin á nýju sjúkrahúsi í Reykjavík er svo brýn, að til stórvandræða mundi horfa, ef hættuleg drepsótt bærist hingað frá útlöndum, sem alltaf má búast við með þeim samgöngum við umheiminn, sem við höfum nú orðið.

14. gr.

Þá flytjum við tvær breytingartillögur við 14. gr. Er hin fyrri um að hækka styrk til byggingar nýrra barnaskóla úr 2 millj., sem frumv. gerir ráð fyrir, í 3,5 millj., sem er sama upphæð og á síðustu fjárlögum. Samkvæmt skýrslum fræðslumálastjóra eru nú í smíðum eða var lokið á síðastliðnu ári 34 skólabyggingar og auk þess 10 skólastjóraíbúðir. Til þess að ríkissjóður fullnægði lagalegri skyldu gagnvart þeim aðilum, er að þessum málum standa, mundi þurfa rúmar 8 millj. kr. Með þeim 2 millj., sem frumv. gerir ráð fyrir, verður þeirri skyldu ekki fullnægt nema að einum fjórða hluta. Er því sýnilegt, að þótt tillaga okkar um 3,5 millj. verði samþykkt, verða þessi mál hvergi nærri leyst svo sem þörf er fyrir. Hins vegar höfum við ekki lagt í að flytja tillögu um hærri upphæð en s. l. ár, þar sem við teljum vonlaust, að slík tillaga næði samþykki.

Þá leggjum við einnig til, að framlagið til Íþróttasjóðs verði hækkað úr 500 þús. kr., sem er í frumv., í 700 þús., eða sömu upphæð og s. l. ár.

15. gr.

Við 15. gr. flytjum við eina breytingartillögu, að grunnstyrkur til skálda, rithöfunda og listamanna verði 250 þús. kr. í stað 175 þús. í frumv. Meiri hluti nefndarinnar mun hins vegar leggja til, að þessi upphæð verði lækkuð í 125 þús.

16. gr.

Þá leggjum við til, að liðurinn til skurðgröfukaupa í 16. gr. verði hækkaður úr 100 þús. kr. í 500 þús. kr. Enn þá eru nokkrar sýslur, sem engar skurðgröfur hafa fengið til afnota, og með einum 100 þús. kr. verður tæpast haldið við þeirri starfsemi vélasjóðs, sem nú er rekin, þar sem vélarnar slitna og verða dýrar mjög í rekstri eftir nokkurra ára starf.

19. gr.

Við 19. gr. flytjum við eina breytingartillögu, um að framlag til stuðnings bátaútveginum vegna veiðibrests á árinu 1948 verði hækkað úr 6 millj. í 10 millj. Sú staðreynd liggur fyrir, að það fé, sem enn þá hefur verið greitt til þessara mála, nægir hvergi nærri til að leysa vandræði útvegsins, þ. e. sjóveðs- og lögveðskröfur af bátaflotanum, eins og lofað var þó í lögum um dýrtíðarráðstafanir vegna atvinnuveganna, er samþykkt voru í lok s. l. árs. Mun áreiðanlega ekki veita af 10 millj. kr. til að fullnægja ákvæðum laganna í þessu efni.

Alþingi, 16. marz 1949.

Ásmundur Sigurðsson, frsm. Lúðvík Jósefsson.

Nd. 471. Frumvarp til laga [168. mál]

um breyting á framfærslulögum, nr. 80/1947.

Frá heilbrigðis- og félagsmálanefnd.

1. gr.

Orðin „að frádregnum 10%“ í 69. gr. laganna falli niður.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Frv. þetta er flutt að beiðni félagsmálaráðuneytisins. Einstakir nefndarmenn hafa óbundnar hendur við afgreiðslu þess. Svo hljóðandi greinargerð fylgdi frv. frá ráðuneytinu:

1. Með breytingu, sem gerð var á fátækralögunum 1932, var ákveðið, að ríkissjóður skyldi jafna framfærslukostnað sveitarfélaga landsins þannig, að færi framfærslukostnaður einhvers sveitarfélags „meira en 15% fram úr meðaltali fátækraútgjalda á öllu landinu“, reiknað samkvæmt nánar tiltekinni reglu, skyldi ríkissjóður endurgreiða sveitarfélaginu ⅔ hluta af því, sem þar væri fram yfir.
2. Þegar framfærslulögin voru sett um áramótin 1935—1936, var þessari endurgreiðslureglu haldið að öðru en því, að fátækraútgjöldin þyrftu ekki að fara 15% fram úr meðaltalsframfærslu sveitarfélagsins, heldur skyldi nú draga 10% frá meðaltalinu alls staðar annars staðar en í Reykjavík, og skyldu sveitarfélögin fá endurgreidda ⅔ hluta þess framfærslukostnaðar, sem þá var umfram. Ákvæði þetta var réttlætt með því 1935, að svo „gífurlegur munur“ væri á „skattskyldum tekjum og skuldlausum eignum í Reykjavík annars vegar og öllum sveitarfélögum á landinu hins vegar“ (Alþt. A. 1935, bls. 734), að ekki væri rétt að hafa Reykjavík í sama flokki og hina kaupstaðina og kauptúnin.
3. Í árslokin 1939 fór enn fram endurskoðun á framfærslulögunum, og var þá afnumið það ákvæði, að Reykjavík skyldi vera sér í flokki, og var hún þá flutt í flokk með öðrum kaupstöðum og stærri kauptúnum. Þetta 10% ákvæði hefði átt að afnema þá, en það var ekki gert, og segir svo um það í athugasemdum við frumvarpið:

   „Rétt þykir að láta 10% frádráttarákvæðið halda sér í lögunum, vegna þess að með því móti verður meira af fé jöfnunarsjóðs varið eftir reglu 72. gr. en annars yrði, og verður að telja, að það sé réttmætt.“

   Með „reglu 72. gr.“ mun átt við skiptingu samkv. VIII. kafla framfærslulaganna, því að um það gat verið að ræða að skipta því, sem afgangs kynni að verða af fé þessu, eftir annarri reglu. En nú hefur aldrei orðið neinn teljandi afgangur og féð sjaldnast hrokkið til fullrar jöfnunar, og hefur þá ríkissjóður orðið að greiða til viðbótar.
4. Síðan þetta var ákveðið hefur grundvöllurinn undir framfærslunni breytzt stórlega. Með tilkomu trygginganna og breytingunni á lögum um afstöðu foreldra til óskilgetinna barna hefur ríkissjóður tekið á sig mikil útgjöld, er áður hvíldu að mestu á sveitarsjóðunum eða hefðu fallið á þá, og er því rangt, að ríkissjóður borgi meira en það, sem fram yfir er meðaltalsbyrði hjá sveitarfélögum, en það gerir hann meðan reglan er í lögum. Regla þessi hefur verið ranglát síðan Reykjavík var tekin í flokk annarra kaupstaða og kauptúna.

   Þegar framfærslulögin enn voru endurskoðuð 1946—47, var þetta ákvæði því miður látið standa áfram í lögunum, þótt þá væri augljóst orðið, að það er ranglátt.

Rétt þykir því nú að afnema þetta ákvæði og að fátækrajöfnunin sé hér eftir miðuð við meðaltalsframfærsluna eins og hún er, án nokkurs frádráttar, og að hvert sveitarfélag fái endurgreidda ⅔ hluta þeirrar framfærslubyrði, sem það hefur umfram meðaltalsframfærslu í sínum jöfnunarflokki.

Sþ. 472. Nefndarálit [42. mál]

um styrk til flóabáta og vöruflutninga.

Frá samvinnunefnd samgöngumála.

Samvinnunefnd samgöngumála hefur haft svipaðan hátt á og undanfarin ár um undirbúning tillagna um flutningastyrki og fjárveitingar til flóabátasamgangna árið 1949. Forstjóri skipaútgerðar ríkisins hefur veitt nefndinni aðstoð og upplýsingar um rekstur flóabátanna, og fylgir skýrsla hans nefndarálitinu samkvæmt venju.

Áður en vikið verður að rekstri einstakra báta, skal þess getið, að nefndin ræddi í upphafi starfs síns möguleika þess að draga verulega úr útgjöldum ríkissjóðs til þessarar starfsemi, með tilliti til þess, að nokkur reynsla er nú fengin af rekstri hinna nýju strandferðabáta, sem teknir hafa verið í notkun. Vildi hún gjarnan freista þess að fækka flóabátunum, ef það sannaðist, að strandferðabátarnir hefðu að einhverju eða öllu leyti leyst þörf einstakra héraða fyrir slíkar samgöngur. En athuganir nefndarinnar leiddu í ljós, að að svo komnu máli verður engan veginn sagt, að strandferðabátarnir hafi bætt úr þessari þörf, enda þótt ferðir þeirra hafi stuðlað að verulega bættum samgöngum milli landshluta. Nefndin komst því að þeirri niðurstöðu, að ókleift væri að fella niður styrki til einstakra flóabáta af þeim sökum.

Þrátt fyrir það, að rekstrarkostnaður bátanna hefur yfirleitt hækkað, taldi nefndin sér ekki fært að mæla með almennri hækkun styrkja þeirra. Hins vegar hefur ekki orðið hjá því komizt að hækka lítillega styrki til örfárra þeirra, sem hvað verst hafa orðið úti á s. l. ári.

Um einstaka flóabáta og ferðir þeirra skal þetta tekið fram:

Breiðafjarðarsamöngur:

Ráðgert er, að þessar ferðir verði reknar með sama hætti og áður. Vélastyrkur til Flateyjarbáts, sem annast ferðirnar um norðanverðan Breiðafjörð, er var á s. l. ári 30 þús. kr., fellur nú niður, þar sem ný vél hefur nú verið sett í bátinn. Verður styrkurinn til þess báts því þeirri upphæð lægri en í fyrra.

Styrkur til Stykkishólmsbáts er hins vegar gert ráð fyrir að verði óbreyttur, en styrkur hækki um 3 þús. kr. til Skógarstrandar- og Langeyjarnessbáts og verði 5 þús. kr. vegna hvorrar áætlunarleiðar hans.

Sömu skilyrði og áður eru sett fyrir styrkveitingunni til Stykkishólmsbáts.

Ísafjarðarsamgöngur:

Þær samgöngur hefur m/s Fagranes annazt eins og undanfarin ár. Skipið hefur farið ferðir um Ísafjarðardjúp, Jökulfirði og til hafnanna í Vestur-Ísafjarðarsýslu. Yfir sumarið var fjölgað nokkuð ferðum til Bolungavíkur og Súðavíkur, og þóttu þær ferðir gefast vel. Rekstrarafkoma bátsins varð mjög slæm af völdum hækkaðs rekstrarkostnaðar. Nefndin taldi þó ekki fært að leggja til, að styrkur hans yrði hækkaður.

Norðurlandssamgöngur:

Þar er lagt til, að styrkur Húnaflóa- og Strandabáts, sem heldur uppi ferðum um vestanverðan Húnaflóa milli Ingólfsfjarðar og Hvammstanga á sumrin, verði

hækkaður um 3 þús. kr. Hefur rekstur þessa báts gengið mjög erfiðlega undanfarin sumur vegna aflabrests á síldveiðunum.

Þá leggur nefndin til, að styrkur til Norðurlandsbáts, sem gengur milli Akureyrar og Sauðárkróks, verði hækkaður um 10 þús. kr. Hins vegar verði þá felldur niður styrkur til Haganesvíkurbáts, sem annazt hefur ferðir milli Haganesvíkur og Siglufjarðar þann tíma, sem Siglufjarðarskarð er ófært bifreiðum.

Eins og undanfarin ár hefur rekstur Norðurlandsbátsins gengið mjög erfiðlega, og telur útgerðarmaður hans sig naumast geta haldið þessum ferðum uppi með svipuðum styrk og undanfarið. Taldi nefndin því ekki annað fært en að hækka styrk hans lítillega, enda taki hann þá að sér viðkomu á Haganesvík vetrarmánuðina, þó að nokkrir erfiðleikar séu á þeirri áætlun.

Austfjarðasamgöngur:

Meginbreytingin, sem nefndin leggur til, að á þeim verði gerð, er sú, að lagt er til, að styrkur til Norðfjarðarbáts verði lækkaður um 13 þús. kr., vegna þess að gert er ráð fyrir, að akvegasamband skapist við Neskaupstað á miðju næsta sumri. Verða ferðir þessa báts þá óþarfar og munu á næsta ári verða lagðar alveg niður. Hins vegar er lagt til, að Eskifjarðarbátur hækki um 2 þús. kr. í styrk. Er með því reynt að greiða fyrir hentugri ferðum bátsins í sambandi við áætlunarferðir bifreiða.

Þá leggur nefndin til, að styrkur til Hornafjarðar—Austfjarðarbáts verði felldur niður. Enginn sérstakur bátur hefur annazt þessar ferðir undanfarið. Skipaútgerð ríkisins hefur ýmist með skipum sínum eða leigubátum haldið uppi ferðum milli Hornafjarðar og Austfjarða. Hefur styrkur sá, sem veittur hefur verið til þessara ferða, runnið beint til hennar. Taldi nefndin eðlilegt, að kostnaður við þær væri færður á reikning skipaútgerðarinnar, en ekki væri veittur til þeirra sérstakur styrkur á fjárlögum. En nefndin ætlast að sjálfsögðu til, að hún sjái umræddum byggðarlögum fyrir svipuðum ferðum og undanfarið.

Þá er lagt til, að Loðmundarfjarðarbátur fái 2 þús. kr. hækkun á styrk sínum. Liggur fyrir vitneskja um, að ekki muni hægt að halda þessum ferðum milli Seyðisfjarðar og Loðmundarfjarðar uppi með óbreyttum styrk.

Faxaflóasamgöngur:

M/s Laxfoss hefur annazt þessar ferðir s. l. ár, eins og ráð hafði verið fyrir gert. Hefur útgerðarfélag skipsins, Skallagrímur h/f í Borgarnesi, ekki sótt um styrk til þessara ferða, enda verið ráð fyrir því gert, að þær yrðu reknar styrklaust. Hins vegar hefur félagið endurnýjað beiðni sína um, að því verði greiddur halli sá, sem varð á rekstri m/s Víðis á tímabilinu jan.—maí 1947. Nam hann 150 þús. kr.

Í áliti samvinnunefndarinnar árið 1947 er vilyrði gefið fyrir því, að ef Skallagrímur h/f biði tjón af því að taka m/s Víði á leigu til Faxaflóaferða vegna Vestmannaeyjaferða m/s Laxfoss, þá telji nefndin óhjákvæmilegt að bæta það tjón úr ríkissjóði á sínum tíma. Þrátt fyrir þetta vilyrði taldi nefndin ekki fært að leggja til á s. l. ári, að umræddur halli yrði bættur, enda lágu þá ekki endalega fyrir reikningar m/s Laxfoss og ekki vitað um heildarafkomu útgerðarfélagsins árið 1947.

Nú, þegar full vitneskja er fengin um afkomu félagsins, taldi nefndin sér ekki fært að neita því algerlega um nokkurn styrk upp í nefndan hallarekstur m/s Víðis. Varð það að samkomulagi, að nefndin legði til, að ríkisstjórninni yrði veitt heimild til þess á 22. gr. fjárlaga að greiða h/f Skallagrími 40 þús. kr. í bætur vegna þessa halla. Yrði það lokagreiðslan til þess vegna margræddrar Víðisútgerðar. Lengra treysti nefndin sér ekki til að ganga.

Selvogsferðir:

Akvegasamband hefur nú skapazt við byggðina í Selvogi, og leggur nefndin því til, að styrkur til Selvogsferða verði felldur niður.

Báta- og flutningastyrkir til Austur-Skaftafellssýslu.

Á s. l. ári var veittur 5 þús. kr. styrkur til bátaferða innan Austur-Skaftafellssýslu, þar af kr. 2500.00 til styrktar bátaferðum milli Hornafjarðar og Öræfa. Voru þessir styrkir veittir samkvæmt tillögum samvinnunefndarinnar. En auk þess hefur undanfarin ár verið veittur nokkur styrkur í fjárlögum, 13. gr. B., til vöruflutninga til Öræfa. Nam sú fjárveiting á fjárlögum 1948 29 800 kr. Í athugasemdum við fjárlagafrumvarp þessa árs er sú skoðun látin í ljós, að eðlilegra verði að teljast, að þessi styrkur verði tekinn upp í heildarfjárveitinguna til vöruflutninga og flóabátaferða. Hefur nefndin fallizt á að verða við þeirri ósk og leggur því til, að nýr liður, 30 þús. kr. vegna vöruflutninga til Öræfa, verði tekinn í heildartillögur hennar um flutninga- og flóabátastyrki. Er hér aðeins um að ræða flutning milli liða fjárlaga, en hins vegar ekki hækkun á flutningastyrkjum.

Samkvæmt tillögum, sem fyrir liggja, áætlar nefndin styrk til vöruflutninga og flóabátaferða á fjárlögum ársins 1949 samtals kr. 878 000.00, og er sú upphæð 34 þús. kr. lægri en styrkupphæðin árið 1948 og 37 500 kr. lægri en styrkupphæðin árið 1947.

Leggur nefndin til, að styrkupphæðin skiptist þannig:

Djúpbátur	kr.	215 000.00
Húnaflóa- og Strandabátur	—	73 000.00
Norðurlandsbátur	—	220 000.00
Hríseyjarbátur	—	4 000.00
Flateyjarbátur á Skjálfanda	—	11 000.00
Loðmundarfjarðarbátur	—	5 000.00
Norðfjarðarbátur	—	10 000.00
Mjóafjarðarbátur	—	12 500.00
Eskifjarðarbátur	—	18 000.00
Berufjarðarbátur	—	4 000.00
Suðurlandsskip	—	80 000.00
Mýrabátur í Faxaflóa	—	2 500.00
Flateyjarbátur, venjulegar ferðir	—	20 000.00
Sami, vikuferðir Flatey—Brjánslækur—Kinnarstaðir	—	24 000.00
Stykkishólmsbátur	—	70 000.00
Skógarstrandar- og Langeyjarnesbátar (5 þús. kr. til hvors)	—	10 000.00
Patreksfjarðarbátur	—	2 000.00
Til bátaferða í Austur-Skaftafellssýslu	—	5 000.00
Til vöruflutninga til Öræfa	—	30 000.00
Vestmannaeyja—Stokkseyrarbátur	—	60 000.00
Rangársandsbátur	—	2 000.00
Samtals	kr.	878 000.00

Alþingi, 16. marz 1949.

Sigurður Bjarnason, form. Nd.-nefndar, frsm.	Eiríkur Einarsson, form. Ed-nefndar.	Jón Gíslason, fundaskr. Nd.-nefndar.
Hannibal Valdimarsson, fundaskr. Ed.-nefndar.	Barði Guðmundsson.	Stefán Stefánsson.
B. Kristjánsson.	Þorst. Þorsteinsson.	Lúðvík Jósefsson.

Fylgiskjal.

Reykjavík, 18. febrúar 1949.

Háttvirt samvinnunefnd samgöngumála Alþingis hefur óskað eftir, að ég gerði yfirlit um rekstur flóabátanna á s. l. ári á svipaðan hátt og hefur verið. Enn fremur tillögu um styrk til þeirra á þessu ári, miðað við að heildarstyrkupphæðin til flóabáta hækki ekki frá því, sem var á s. l. ári. Í tilefni af þessu vil ég taka fram eftirfarandi:

Djúpbáturinn:

H/f Djúpbáturinn á Ísafirði hefur eins og að undanförnu annazt flóabátaferðir um Djúpið og nágrennið með m/b Fagranesi. Báturinn hefur siglt eftir fastri áætlun og farið venjulega 2 ferðir í viku um Djúpið og eina ferð í viku til Jökulfjarða og Aðalvíkur. Þá hafa einnig verið farnar 3 ferðir til Reykjarfjarðar á Ströndum. Enn fremur vikulegar ferðir til Flateyrar og Súgandafjarðar og hálfsmánaðarferðir til Þingeyrar með viðkomu á öllum milliliggjandi höfnum í báðum leiðum. Vestfjarðaferðirnar voru þó ekki farnar meðan vegurinn til Þingeyrar var fær bifreiðum. Enn fremur hefur báturinn farið vikulega aukaferðir til Súðavíkur og Bolungavíkur yfir sumarmánuðina. Alls hefur báturinn farið 236 áætlunarferðir og ca. 200 aukaferðir. Endanlegir rekstrarreikningar eru ekki komnir enn, en samkvæmt upplýsingum, sem ég hef fengið, mun reksturinn hafa gengið fremur illa, svo að lítið eða ekkert mun verða til fyrir afskriftum.

Húnaflóa—Strandabátur:

Bátur þessi gengur um vestanverðan Húnaflóa, milli Ingólfsfjarðar og Hvammstanga, í sambandi við bifreiðaferðir á norðurleiðinni. Hr. Sigurður Pétursson á Djúpavík tók að sér þessar ferðir, eins og undanfarið, með bát sínum Hörpu (29 lestir). Voru venjulega farnar 2 ferðir í viku milli Ingólfsfjarðar og Hvammstanga með viðkomu á öllum milliliggjandi höfnum í báðum leiðum. Auk þess voru farnar aukaferðir, þegar þurfa þótti. Alls mun báturinn hafa farið 33 áætlunarferðir. Báturinn flutti í þessum ferðum 637 farþega, auk þess mikið af pósti og nokkuð af flutningi. Rekstur bátsins hefur gengið fremur illa. Sýnir rúmar 12 þús. kr. í rekstrartap. Stafar það að nokkru leyti af því, hvað síldarvertíðin var léleg, og þar af leiðandi munu flutningar til verksmiðjunnar á Ingólfsfirði og Reykjarfirði hafa minnkað. Þar sem það hefur sýnt sig, að í sumum ferðunum var sama sem ekkert að flytja af fólki eða vörum, kemur til álita að fækka föstu ferðunum og reyna á þann hátt að bæta rekstrarafkomu bátsins. Er lagt til, að styrkurinn verði sami og s. l. ár, 70 þús. kr., og þar af gangi minnst 10 þús. kr. í rentur og afborgun af láni hjá Skipaútgerð ríkisins.

Haganesvíkurbátur:

Bátur þessi hefur gengið milli Haganesvíkur og Siglufjarðar yfir þann tíma, sem Siglufjarðarskarð ekki var fært bifreiðum. Var þetta gert vegna þess, að Haganesvík þóttist ekki geta afgreitt m/b Drang nema báturinn kæmi að degi til, en vitanlega er ómögulegt að haga því svo til, að báturinn komi ætíð að degi til í ferðum sínum inn á Skagafjörð, og af því að hægt var að leysa málið með því að greiða sérstökum bát 10 þús. kr. fyrir þessar ferðir, þótti rétt að leysa málið á þann hátt, enda gert í samráði við útgerð m/b Drangs. Nú er viðhorfið þannig, að ekki er hægt að fá bát til að annast þessar ferðir nema með miklu hærri styrk, og með tilliti til þess, að m/s Skjaldbreið kemur nú orðið oft í Haganesvík, tel ég, að bátur þessi ætti að leggjast niður og Norðurlandsbáturinn að hafa viðkomur á Haganesvík, eins og áður var, og verður Haganesvík þá að afgreiða hann í nætur- og eftirvinnu, þegar svo stendur á, að þess þarf með, eins og aðrar hafnir, sem báturinn hefur

viðkomur á, og mundi þá styrkur sá, sem til Haganesvíkurbáts er ætlaður, renna til Norðurlandsbátsins og bæta þannig nokkuð fyrir honum.

Norðurlandsbátur:

Hr. Steindór Jónsson útg.m. á Akureyri sá um þessar ferðir, eins og að undanförnu, með bát sínum Drang (74 lestir). Var ferðunum hagað líkt og áður, þ. e. tvær ferðir í viku milli Sauðárkróks og Akureyrar með viðkomu á öllum milliliggjandi höfnum í báðum leiðum. Var ferðunum þannig hagað frá áramótum fram til miðs júní. Enn fremur voru farnar ferðir til Grímseyjar, þegar þurfa þótti og ástæður leyfðu. Eftir miðjan júní var Skagafjarðarferðunum hætt, en ferðum um Eyjafjörð til Siglufjarðar fjölgað og sömuleiðis Grímseyjarferðum. Í nóvember voru Skagafjarðarferðirnar teknar upp aftur og ferðum þá hagað eins og í byrjun ársins. Rekstrarafkoma þessa báts versnar stöðugt, að miklu leyti vegna þess, hvað farið er að nota mikið flutningabifreiðar milli hafna við Eyjafjörð og til Ólafsfjarðar, og hefur hr. Steindór Jónsson ekki talið sig geta haldið ferðunum áfram með sama sniði, nema fá styrkinn hækkaðan til muna. Fylgir erindi St. J. um þetta mál hér með ásamt rekstrarreikn., sem sýnir 27 þús. kr. tap á rekstri bátsins. Ég vil leyfa mér að leggja til, að mál þetta verði leyst þannig, að styrkurinn, sem áður gekk til Haganesvíkurbáts, gangi til ferða m/b Drangs, og að ferðum um Eyjafjörð yfir júlí og ágúst verði fækkað, svo báturinn hafi möguleika til að afla sér nokkurra tekna í flutningum á aðra staði þann tíma.

Hríseyjarbátur:

Bátur þessi gengur milli Hríseyjar og lands í sambandi við bifreiðaferðir til og frá Akureyri.

Flateyjarbátur á Skjálfanda:

Bátur þessi gengur milli Flateyjar á Skjálfanda og Húsavíkur. Er venjulega farin ein ferð í viku, oftar ef þurfa þykir. Oddviti Flateyjarhrepps hefur séð um, að ferðirnar komi að sem beztum notum, og hefur ekki heyrzt annað en þær gangi eins og til var ætlazt.

Hornafjarðar—Austfjarðabátur:

Skipaútgerð ríkisins hefur séð um ferðir þessar, sumpart með sérstökum leigubátum og sumpart með strandaferðaskipunum, og hefur styrkurinn runnið til útgerðarinnar.

Loðmundarfjarðarbátur:

Bátur þessi gengur milli Seyðisfjarðar og Loðmundarfjarðar, og var venjulega farin ein ferð í viku. Kaupfélag Austfjarða hefur séð um þessar ferðir, og hefur nú stjórn kaupfélagsins sent ályktun þess efnis, að ekki muni verða hægt að halda uppi þessum ferðum, nema styrkurinn verði hækkaður upp í 6 þús. kr.

Norðfjarðarbátur:

Bátur þessi gekk á milli Viðfjarðar og Neskaupstaðar í sambandi við bifreiðaferðir til og frá Austurlandi. Hafði hr. Sigurður Lúðvígsson þessar ferðir á hendi með bát sínum Hilmi. Var samið við hann um 20 þús. kr. styrk fyrir ferðirnar, og virðist báturinn hafa klárað sig vel með það. Til þessara ferða voru ætlaðar 23 þús. kr., og er ætlazt til, að þessar 3 þús. kr., sem eru umfram það, sem eytt var á s. l. ári, gangi upp í tap, sem var á rekstri þessara ferða 1947.

Mjóafjarðarbátur:

Bátur þessi gengur milli Neskaupstaðar og Mjóafjarðar og einnig nokkrar ferðir til Seyðisfjarðar. Hefur hreppsnefnd Mjóafjarðarhrepps séð um, að ferðirnar kæmu að sem beztu gagni fyrir Mjófirðinga.

Eskifjarðarbátur:
Ferðir þessa báts eru milli Búðareyrar, Eskifjarðar og Hafraness í sambandi við bifreiðaferðir til Eskifjarðar og Reyðarfjarðar og hins vegar Fáskrúðsfjarðar. Hefur hr. Garðar Jónsson á Reyðarfirði haft þessar ferðir á hendi með bát sínum Heklu (11 smál.).

Berufjarðarbátur:
Ferðir þessa báts eru frá Djúpavogi yfir Berufjörð í sambandi við bifreiðaferðir að Stekk á Berufjarðarströnd. Fór báturinn 100 ferðir á s. l. sumri.

Mýrabátur í Faxaflóa:
Enginn sérstakur bátur hefur verið í þessum ferðum, heldur hafa bændur á staðnum séð fyrir flutningum á vélbátum sínum, og hefur styrknum verið skipt milli þeirra.

Flateyjarbátur á Breiðafirði:
H/f Norðri í Flatey hefur eins og að undanförnu annazt ferðir þessa báts um norðanverðan Breiðafjörð með m/b Konráð. Var siglt eftir fastri áætlun. Fór báturinn 79 áætlunarferðir og 68 aukaferðir, auk þess vikulegar ferðir til Kinnarstaða og Brjánslækjar frá 1. júní til 21. sept. Samkvæmt þeim upplýsingum, sem fyrir liggja, hefur orðið tap á rekstri bátsins um 14 þús. kr. Hafði félagið með erindi, dags. 6. nóv. f. á., tjáð sig ekki geta haldið ferðunum áfram nema því aðeins að fá styrkinn hækkaðan upp í 57 þús. kr., en hefur nú endurskoðað þessar kröfur sínar og vill halda ferðunum áfram fyrir sama styrk og var á s. l. ári.

Stykkishólmsbátur:
Ferðir þessa báts eru um sunnanverðan Breiðafjörð, og hefur kaupfélagið í Stykkishólmi annazt ferðirnar eins og og undanfarin ár með m/b Baldri (38 lestir). Báturinn hefur siglt eftir fastri áætlun og farið 102 áætlunarferðir og 75 aukaferðir. Báturinn hefur flutt 1439 tonn af ýmsum vörum og 364 farþega. Rekstrarreikningar fyrir bátinn eru enn ekki komnir. En samkvæmt upplýsingum, sem fyrir liggja, mun báturinn ekki hafa fyrir afskriftum, en þó mun félagið takast á hendur rekstur ferðanna með svipuðu fyrirkomulagi á þessu ári.

Skógarstrandar- og Langeyjarnesbátur:
Oddur Valentínusson hafnsögumaður í Stykkishólmi hefur haft þessar ferðir á hendi s. l. ár og haldið uppi föstum hálfsmánaðarferðum milli staðanna og oftar, þegar þurft hefur. Illa hefur gengið með að láta ferðir þessar bera sig, og hefur verið tilkynnt, að ekki muni hægt að halda ferðunum áfram, nema styrkurinn fáist hækkaður nokkuð.

Patreksfjarðarbátur:
Bátur þessi gengur milli Vatneyrar og Hvalskers og Örlygshafnar, og eru venjulega farnar daglegar ferðir. Eru ferðir þessar aðallega vegna mjólkurflutninga til Vatneyrar. Hefur hreppsnefnd Patreksfjarðar haft umsjón með ferðum þessum.

Stokkseyrar—Vestmannaeyjabátur.
Ferðir þessa báts eru milli Vestmannaeyja og Stokkseyrar, og hefur m/b Gísli J. Johnsen (32 lestir) verið í ferðum þessum. Á s. l. ári fór báturinn frá 6. maí til 1. okt. 47 ferðir og flutti 1162 farþega. Enn fremur 90 tonn af ýmsum varningi, 195 sauðkindur og auk þess póst. Hefur reksturinn gengið fremur illa, vegna þess hvað dregið hefur úr flutningum með bátnum, síðan flugferðum og skipsferðum fjölgaði til og frá Vestmannaeyjum. Hefur það verið í athugun að leggja ferðir þessar nið-

ur, en bæjarstjórn Vestmannaeyja og ýmsir aðrir aðilar telja það ófært eins og sakir standa, sérstaklega vegna sambands milli Vestmannaeyja og Suðurlandsundirlendisins.

Rangársandsbátur:

Enginn sérstakur bátur hefur verið í þessum ferðum, heldur hefur styrkurinn verið notaður til að létta undir flutninga hjá bændum milli Vestmannaeyja og Rangársands, og hefur sýslumaðurinn í Rangárvallasýslu séð um úthlutun styrksins.

Rekstur flóabátanna hefur yfirleitt gengið mjög erfiðlega á s. l. ári, og allt bendir til þess, að ekki rætist úr í því efni á þessu ári. Hef ég í bréfi, dags. 5. f. m., gert nokkra grein fyrir, af hverju erfiðleikarnir stafa, og leyfi mér í því sambandi að vísa til þess bréfs.

Virðingarfyllst

Skipaútgerð ríkisins.

Pálmi Loftsson.

Til samvinnunefndar samgöngumála Alþingis, Reykjavík.

Sþ. 473. Tillaga til þingsályktunar [169. mál]

um vantraust á núverandi ríkisstjórn.

Flm.: Brynjólfur Bjarnason, Sigfús Sigurhjartarson, Lúðvik Jósefsson. Einar Olgeirsson.

Alþingi ályktar að lýsa vantrausti á núverandi ríkisstjórn.

Ed. 474. Nefndarálit [91. mál]

um frv. til l. um skipamælingar.

Frá sjávarútvegsnefnd.

Nefndin hefur rætt frv. og leggur til, eftir að hafa haft um það samráð við skipaskoðunarstjóra, að það verði samþykkt með þeim breytingum, sem hér fara á eftir. — Einn nefndarmanna (StgrA) var forfallaður vegna veikinda.

BREYTINGARTILLÖGUR:

1. Við 1. gr. Greinin orðist svo:
   Skipaskoðunarstjóri fer með þau mál, er í lögum þessum greinir, undir yfirstjórn ráðherra.
2. Við 5. gr. Greinin orðist svo:
   Gjald fyrir mælingu á skipi sé miðað við brúttó rúmlestatölu þess og samsamkvæmt mælingu, gerðri eftir ákvæðum 4. gr.
3. Við 12. gr. 2. málsgr. orðist svo:
   Nú er skip smíðað erlendis fyrir íslenzkan aðila eða því breytt, sbr. 7. gr., eða íslenzkur aðili verður eigandi erlends skips, og ber þá að mæla það hér áður en mælibréf er gefið út, nema það ríki, sem mælt hefur skipið og gefið því mælibréf, sé aðili að Oslóarsamningum frá 10. júní 1947, eða að skipið hefur verið mælt samkvæmt ensku aðferðinni. Skal þá íslenzka mælibréfið gefið út samkv. því, nema sérstakar ástæður séu fyrir hendi til þess að mæla skipið upp að nýju.

4. Við 15. gr. Aftan við 2. málsgr. komi: enda sé landið bundið við þann samning.
5. Við 19. gr. Síðasta málsgr. orðist svo:
   Skip, sem mæld hafa verið áður en lög þessi gengu í gildi eftir hinni svonefndu „ensku aðferð", þarf eigi að mæla af nýju, að öllu óbreyttu, er máli skiptir, um rúmlestatölu þeirra, og njóta þau sömu réttinda sem alþjóðleg mælibréf, sbr. 5. gr. Önnur skip þarf að mæla upp og gefa síðan þeim til handa alþjóðlegt mælibréf.

Alþingi, 17. marz 1949.

Gísli Jónsson, form., frsm. B. Kristjánsson, fundaskr. Sigurjón Á. Ólafsson.
Björn Ólafsson.

Ed. 475. Nefndarálit [4. mál]

um frv. til l. um hvalveiðar.

Frá sjávarútvegsnefnd.

Nefndin hefur athugað frv. og rætt það m. a. við atvinnudeild háskólanns (fiskideildina), einkum þann kafla þess, sem snertir reglur um takmörkun veiðileyfa og eftirlit með veiðunum. Hefur nefndin einnig kynnt sér þau gögn, sem Hvalur h/f sendi henni varðandi afgreiðslu málsins. Er nefndin þeirrar skoðunar, að rétt sé að gæta hófs um leyfisveitingar og hafa þá jafnan hliðsjón af þeim upplýsingum, sem fyrir liggja á hverjum tíma um hvalastofninn á veiðisvæðinu. Væri ekki óeðlilegt, að tekin yrði upp samvinna við alla þá aðila, sem sækja á sama hvalveiðisvæði, um hve marga bláhvali skuli leyft að veiða árlega, líkt og á sér stað um þá, sem sækja hvalveiðar í suðurhöf. Væri það verkefni atvinnudeildarinnar að afla um þetta upplýsinga til leiðbeiningar fyrir ráðuneytið, sem samkv. 4. gr. frv. er veitt vald til að takmarka veiðina, ef nauðsynlegt þykir.

Þá ræddi nefndin einnig við ráðuneytið um ákvæði 6. gr. Er þess vænzt, að eftirlitið verði ekki gert dýrara eða umfangsmeira en nauðsynlegt er, t. d. með því að skipa í það sérstaka fastlaunaða menn, heldur verði þetta samræmt við önnur störf á líkan hátt og verið hefur.

Einn nefndarmanna (StgrA) var fjarstaddur vegna veikinda, er málið var afgreitt.

Að fengnum öllum upplýsingum er nefndin hefur þannig aflað sér, leggur hún til, að frv. verði samþykkt með eftirfarandi

BREYTINGUM.

1. Við 1. gr. Aftan við 1. málsgr. bætast við 2 málsl., er orðist svo: Áður en leyfi er veitt, skal ráðherra leita umsagnar Fiskifélags Íslands og Atvinnudeildar háskólans (fiskideildar). Ef báðar þessar stofnanir telja, að gengið sé of nærri hvalastofninum með nýjum veiðileyfum, skal umsókn synjað.
2. Við 2. gr. Greinin orðist svo:
   Erlend skip má ekki nota til hvalveiða nema með leyfi atvinnumálaráðherra. Skulu slík leyfi eigi veitt til lengri tíma en eins árs í senn. Eigi skal þetta þó skerða þau leyfi, sem þegar hafa verið veitt.

Alþingi, 18. marz 1949.

Gísli Jónsson, form., frsm. B. Kristjánsson, fundaskr. Sigurjón Á. Ólafsson.
Björn Ólafsson.

Ed. **476. Frumvarp til laga** [170. mál]

um verðlag, verðlagseftirlit og verðlagsdóm.

Flm.: Hermann Jónasson, Björn Kristjánsson.

I. KAFLI

1. gr.

Ríkisstjórnin skipar verðlagsstjóra, á þann hátt er síðar greinir í lögum þessum, til þess að hafa eftirlit með verðlagi í landinu.

2. gr.

Verðlagsstjóri skal skipaður með eftirfarandi hætti.

Stjórn Stéttarsambands bænda, Alþýðusambands Íslands, Bandalags starfsmanna ríkis og bæja og Kvenfélagasambands Íslands tilnefna hver um sig einn mann í nefnd, er gerir tillögur um skipun verðlagsstjóra.

Afl atkvæða ræður úrslitum í nefndinni. Ef atkvæði eru jöfn, sker ríkisstjórnin úr.

Ríkisstjórnin skipar verðlagsstjóra samkvæmt tillögum nefndarinnar, og verðlagsstjóri ræður starfsmenn sína og trúnaðarmenn í samráði við hana.

3. gr.

Verðlagsstjóra er skylt að gera ýtarlegar og rökstuddar tillögur til fjárhagsráðs um verðlag í landinu, álagningu og hver verðlagsákvæði skuli þar um sett.

Tillögur þessar getur verðlagsstjóri gert, hvenær sem hann telur þess þörf, enda getur fjárhagsráð krafið hann um slíkar tillögur, eftir því sem þurfa þykir.

4. gr.

Fjárhagsráð skal að fengnum tillögum verðlagsstjóra ákveða hámarksverð á hvers konar vörur og verðmæti, þar á meðal hámark álagningar umboðslauna og annarra þóknunar, er máli skiptir um verðlag í landinu.

Verðlagsákvarðanir allar skulu miðaðar við þörf þeirra fyrirtækja, er hafa vel skipulagðan og hagkvæman rekstur.

Fjárhagsráð getur úrskurðað um hverja þá kostnaðarliði, er máli skipta um verðlagningu á ávörum.

Þá getur fjárhagsráð og ákveðið gjöld fyrir flutning á landi, sjó og lofti, þar með talin farmgjöld og afgreiðslugjöld, enn fremur greiðslur til verkstæða og annarra verktaka fyrir alls konar verk, svo sem pípu- og raflagnir, smíðar, málningu og veggfóðrun, saumaskap, prentun og því um líkt. Enn fremur getur fjárhagsráð ákveðið hámarksverð á greiðasölu, veitingum, fæði, snyrtingu, fatapressun, aðgöngumiðum að almennum skemmtunum og öðru slíku.

Ákvæði þessarar greinar taka ekki til vörutegunda, sem verðlagðar eru samkvæmt sérstökum lögum, né heldur til vöru, sem seld er úr landi, eða launa fyrir verk, sem ákveðin hafa verið með samningum stéttafélaga.

Verðlagsstjóri á sæti í fjárhagsráði, er ákvarðanir eru þar teknar samkvæmt ákvæðum greinar þessarar. Hann hefur þar tillögu- og atkvæðisrétt. Afl atkvæða ræður úrslitum, en atkvæði formanns, séu atkvæði jöfn.

5. gr.

Fjárhagsráð getur að meira eða minna leyti fengið verðlagsstjóra í hendur vald til að framkvæma í sínu umboði þær verðlagsákvarðanir, sem ræðir um í 4. gr.

6. gr.

Sala á vörum milli heildverzlana innbyrðis eða smásöluverzlana innbyrðis (keðjuverzlun) er bönnuð, nema slík verzlun sé gerð án álagningar eða heildarálagning vörunnar sé innan þeirra takmarka í heildsölu og smásölu, sem heimiluð er. Bannað er að halda vörum úr umferð í því skyni að fá hærri verzlunarhagnað af þeim síðar.

7. gr.

Eftir gildistöku þessara laga má verðlag ekki hækka í neinu því, sem háð er verðeftirliti samkvæmt 4. gr., nema með leyfi fjárhagsráðs. — Bann þetta gildir þó ekki um vörur, sem verðlagðar eru samkvæmt gildandi verðlagsákvæðum.

8. gr.

Allar verðlagsákvarðanir, sem samþykktar eru af fjárhagsráði, skulu birtar af verðlagsstjóra þegar í stað og ganga í gildi jafnskjótt og gilda þar til öðruvísi er ákveðið. Ákvarðanir skulu birtar þannig, að þær verði kunnar almenningi á því verðlagssvæði, er þær ná til.

9. gr.

Verðlagsstjóri og starfsmenn hans skulu hafa eftirlit með því, að verðlagsákvæðunum sé hlýtt. — Verðlagsstjóri hefur á hendi allan daglegan rekstur í sambandi við verðlagseftirlitið. — Ef upp rís ágreiningur um skilning á verðlagsákvæðum, sker fjárhagsráð úr, þó getur verðlagsstjóri skotið þeim úrskurði til dómstólanna, sbr. næsta kafla þessara laga.

10. gr.

Verðlagsstjóri og þeir, sem með verðlagseftirlit fara samkvæmt lögum þessum, geta krafið hvern sem er allra þeirra upplýsinga, skýrslna og annarra gagna, er þeir telja nauðsyn í starfi sínu, enda hvílir á þeim þagnarskylda um þau atriði, er þeir komast að í greindu starfi, og er þeim bannað að skýra óviðkomandi frá því, að viðlagðri ábyrgð eftir ákvæðum alm. hegningarlaga um opinbera starfsmenn.

II. KAFLI

11. gr.

Sérstakur dómstóll, er nefnist verðlagsdómur, skal fara með og dæma mál út af brotum á lögum þessum.

12. gr.

Í verðlagsdómi eiga sæti 3 menn: Hlutaðeigandi héraðsdómari, sem er formaður dómsins, og tveir meðdómendur, sem skulu tilnefndir af nefnd þeirri, er um ræðir í 2. gr. laga þessara. Í Reykjavík er sakadómari formaður verðlagsdómsins. Í kaupstöðum skulu meðdómendur skipaðir til eins árs. Annars staðar skulu þeir tilnefndir til meðferðar hvers einstaks máls, og skal sami aðili og að framan greinir tilnefna varadómendur.

13. gr.

Dómsmálaráðherra tilkynnir, hvenær tilnefning meðdómenda skuli fara fram. Ef aðili hefur ekki tilkynnt ráðherra innan viku frá því tilkynning um tilnefningu barst honum, tilnefnir ráðherra meðdómanda af hálfu þess aðila.

14. gr.

Almenn skilyrði til meðdómendastarfa eru þessi:

1. Nægileg andleg og líkamleg heilbrigði.
2. Óflekkað mannorð.
3. Lögræði og fjárforræði.
4. Aldur frá 25—70 ára.

Um skilyrði meðdómenda til þátttöku í meðferð einstaks máls fer samkvæmt ákvæðum laga um meðferð einkamála í héraði, eftir því sem við getur átt.

Um vanhæfni meðdómenda dæmir héraðsdómari, en skjóta má úrslausn hans til hæstaréttar eftir reglunum um kæru.

15. gr.

Málsmeðferð fyrir verðlagsdómi fer að hætti opinberra mála.

16. gr.

Dómþing verðlagsdóms skulu vera opinber, nema dómur ákveði annað.

17. gr.

Í verðlagsdómi ræður afl atkvæða úrslitum.

Formaður gefur út dómsgerðir verðlagsdóms í nafni dómsins og með innsigli hans undir, og skulu dómarnir birtir.

18. gr.

Hver sá, er vanrækir að láta fjárhagsráði, verðlagsstjóra eða embættis- og starfsmönnum þeim, sem þessir aðilar til þess setja, í té skýrslur þær, er honum er skylt að gefa samkvæmt ákvæðum laga þessara, skal sæta 20—200 króna dagsektum.

Sá, sem gefur sömu aðilum rangar skýrslur vísvitandi eða vegna vítaverðs gáleysis, sæti fangelsisrefsingu allt að 4 árum.

Brot gegn öðrum ákvæðum laga þessara, reglum eða samþykktum settum samkvæmt þeim, varða sektum allt að 200 þús. kr. Ef miklar sakir eru eða afbrot er ítrekað, skal sökunautur sæta fangelsi allt að 4 árum og sviptur atvinnurétti um stundar sakir eða fyrir fullt og allt. Upptaka eigna samkvæmt 69. gr. almennra hegningarlaga skal heimil vera.

Ákvæði til bráðbirgða.

Lög þessi öðlast þegar gildi, og fellur þá niður umboð verðlagsstjóra, starfsmanna hans í verðlagseftirliti og trúnaðarmanna.

Greinargerð.

Flutningsmönnum þessa frumvarps er það ljóst, að til þess að útrýma svörtum markaði, útrýma okri og skapa heilbrigt verðlag á þeim vörum, sem nú er mestur skortur á eða almenningur sækist eftir meir en framboð þolir, er verðlagseftirlit og þungar refsingar fyrir verðlagsbrot ekki einhlítt. Fyrsta skrefið, sem stíga þarf, er, að landsmenn öðlist að nýju frelsi til að kaupa nauðsynjar sýnar þar, sem þeir óska, velja milli verzlana, stofna samtök og láta þau vaxa óhindrað til þess að annast sjálfir innkaup neyzluvöru sinnar, eða verzla við kaupmenn, eftir því sem hver og einn kann helzt að kjósa. Þetta frelsi, sem nú hefur verið í fjötra lagt um skeið, er fyrsta frumskilyrði þess, að í landinu verði endurreist heilbrigð verzlun og verðlag. Meðan þetta frelsi, þessi réttur hvers einstaklings í landinu er fótum troðinn, getur afleiðingin aldrei orðið önnur en sú, er nú blasir við í verðlags- og verzlunarmálum Íslendinga.

Annað atriði, sem gera þarf til þess að heilbrigð verzlun komist á, er að skömmtunin, sem nú er framkvæmd, verði eitthvað meira en nafnið og hafi stjórn á jafnri vörudreifingu í landinu.

Til þess að koma skömmtuninni í heilbrigt horf má auðvitað ekki gefa út meira af skömmtunarseðlum en vörur eru til fyrir, eða verða innan skamms eftir að seðill er afhentur neytanda. Þessi regla mun hafa verið haldin alls staðar þar, sem skömmtun hefur verið framkvæmd erlendis, enda grundvallaratriði hennar. Hér á landi hefur hún verið þverbrotin, svo sem landsmönnum öllum er kunnugt, enda hafa afleiðingarnar, okur, svarti markaður og önnur óreiða, siglt í kjölfarið.

Úr þessu mætti bæta með því að ákveða, að skömmtunarseðlar einstaklinga séu jafnframt innflutningsheimilidr, svo sem gert er ráð fyrir í frv. um breyt. á l. nr. 70 1947, um fjárhagsráð og innflutningsverzlun, sem liggur fyrir þessu þingi á þingskj. 37. Sama marki mætti og ná með því að veita smásöluverzlunum svo rífleg byrjunar-innflutningsleyfi, að þær geti fengið við sölu þeirra vara tækifæri til að ná í skömmtunarseðla frá flestum eða öllum einstaklingum, sem við þær vilja skipta, og láta síðan skilaða skömmtunarseðla frá smásöluverzlunum gilda sem innflutningsleyfi fyrir þær.

Með hvorri sem er af þeim tveim aðferðum, sem hér er bent á, er hægt að varðveita verzlunarfrelsi þegnanna innan þeirra innflutningshafta, sem nauðsynleg virðast vera fyrst um sinn.

En það frelsi er eins og fyrr greinir grundvallaratriði þess, að heilbrigðri verzlun verði á komið, sem aftur er undirstaða þess, að atvinnumál þjóðarinnar og fjármál rétti að nýju við úr þeirri úlfakreppu, sem þau eru í komin.

En þótt framkvæmd þess, sem nú er rakið, sé fyrsta skilyrði til þess að fyrirbyggja sjúkdóma verzlunarólagsins — og þó að þessi breyting væri gerð, þyrfti þó aðhald, — þá rís spurningin um það, hvernig það aðhald verði bezt og örugglegast framkvæmt. — Þegar ráðstafanir verða gerðar til þess, að framleiðslukostnaður útflutningsvöru okkar sé í samræmi við verðið, sem fyrir hana fæst, er hætt við, að þær skerði í bráðina lífskjör almennings, og er því skylt að gera allar þær ráðstafanir, sem eru í valdi löggjafans, til þess að draga úr þeirri kjaraskerðingu eða koma í veg fyrir hana. Þetta verður fyrst og fremst að gera með heilbrigðri verzlun og réttlátara verðlagi en nú er. — Og landsmenn verða að fá alla þá tryggingu, sem unnt er að veita þeim, fyrir því, að að þeir séu ekki arðrændir, tryggingu fyrir því, að verðlagið sé réttlátt. Með því einu móti má krefjast þess með sanngirni og vænta þess, að almenningur verði við þeirri kröfu, að styðja og taka þátt í því að snúa við á leiðinni niður og hefja í þess stað viðreisnarstarf, sem raunar nú þegar þolir engan frest, ef bjarga á þjóðinni frá fjárhagslegri glötun.

Nú er verðlagseftirlitinu þannig háttað samkvæmt ákvæðum laga nr. 70 frá 1947, um fjárhagsráð o. fl., að verðlagsstjóri ásamt starfsmönnum hefur með höndum verðlagseftirlit. Ríkisstjórnin skipar verðlagsstjóra, en hann ræður sér trúnaðarmenn og aðra starfsmenn til eftirlits. Fjárhagsráð á að vísu að gera tillögur um skipun verðlagsstjóra, En meðan það eru ekki umboðsmenn neytendanna í landinu, sem ráða skipun verðlagsstjóra og hverjir eru eftirlitsmenn hans, er það undir hælinn lagt, hvort verðlagsstjóri velst þannig og starfslið hans, að hann sé umboðsmaður neytendanna í landinu frekar en hins aðilans, sem hann á að hafa eftirlit með. Í þessu kerfi, sem nú gildir, er því engin eða ekki næg trygging fyrir neytendur í landinu. Það getur lánazt, en það getur líka alveg eins mistekizt. Vegna þess að því er að einhverju leyti treyst eða hefur verið treyst, getur það orðið skálkaskjól og unnið gegn tilgangi sínum.

Það þykir því rétt að veita neytendum mikla íhlutun um verðlagningu og fulla íhlutun um verðlagseftirlit, með því að fá þeim í hendur vald til að velja verðlagsstjóra og trúnaðarmenn hans.

Neytendur geta þá engan um það sakað nema sjálfa sig, ef verðlagning og verðlagseftirlit er slælega framkvæmt. En hagsmunir neytendanna ættu að tryggja það, að val verðlagsstjóra og eftirlitsmanna hans yrði vel vandað og framkvæmd í samræmi við það. Það má auðvitað hugsa sér ýmsa fulltrúa neytendanna, sem falin væri þessi tilnefning. Í frumvarpinu hafa orðið fyrir valinu Stéttarsamband bænda, Alþýðusamband Íslands, Bandalag starfsmanna ríkis og bæja og Kvenfélagasamband Íslands. Mundu stjórnir þessara sambanda tilnefna einn mann hver í fjögurra manna nefnd, er annaðist tilnefninguna.

Með þessum hætti teljum við, að réttlát verðlagning og verðlagseftirlit sé tryggt svo sem verða má.

En þótt eftirlit sé gert fullkomnara, má þó búast við brotum, sem kæra verður, rannsaka og dæma í, að þeirri rannsókn lokinni.

Almenningur telur, að furðu hljótt hafi verið um þennan málarekstur — og það um of. Til þess að almenningur geti haft tryggingu fyrir því, að mál út af verðlagsbrotum séu samvizkulega rekin, þykir rétt að veita neytendum vald til að tilnefna meðdómsmenn, er dæmi í verðlagsmálum með hinum almenna dómara, líkt og nú tíðkast í sjórétti.

En auk þess þykir ástæða til að búa ennþá rammbyggilegar um hnútana. Til þess að sem flestir landsmenn fái tækifæri til að fylgjast með rekstri þessara mála, sem svo mjög skipta hag hans beint og óbeint, þykir rétt að ákveða, að málsmeðferð öll sé rekin fyrir opnum dyrum, nema dómurinn ákveði annað. Enn fremur að dómar séu birtir.

Loks er ákveðið í frumvarpinu að þyngja refsingar mjög frá því, sem nú er, og gera refsiákvæði ótvíræðari en verið hefur.

Brask með erlendan gjaldeyri, svartur markaður og vöruokur eru nú einna alvarlegustu þjóðfélagsmeinsemdir, þar sem þjóðin hefur hrakizt út í fen verðbólgunnar og skortur er á erlendum gjaldeyri.

Þeir þegnar þjóðfélagsins, sem auðga sig á gjaldeyrisbraski, svörtum markaði, vöruokri og öðru slíku, drýja þau auðgunarafbrot, sem eru þjóðfélaginu einna hættulegust eins og á stendur.

Þess vegna á að refsa þessum mönnum eins þunglega og sízt mildara en öðrum þeim, sem önnur þjóðhættuleg auðgunarafbrot fremja. Og þetta á að gera opinbert öllum almenningi. Auðvitað á jafnframt, ef brot þessara manna eru stór eða endurtekin, að svipta þá rétti til verzlunar eða iðnaðar um skemmri tíma eða ævilangt. Það er fjarstæða að sýna þessum mönnum, sem þannig brjóta af sér, þann trúnað að veita þeim innflutnings- og gjaldeyrisleyfi eða leyfi til að reka stærri iðnað.

Ef frumvarp þetta verður að lögum og ákvæðum þess sæmilega framfylgt, mundi það gerbreyta til bóta, á stuttum tíma, því ömurlega ástandi, er ríkir í verðlagsmálum Íslendinga á tuttugustu öldinni. En til þess að þetta frumvarp, ef að lögum verður, nái fyllilega tilgangi sínum, þarf auðvitað fyrst og fremst að veita landsmönnum það verzlunarfrelsi, sem þeir hafa verið rændir svo greypilega og með þeim ömurlegu afleiðingum, sem af því hafa hlotizt — og einatt hljóta að verða af slíkum verknaði.

Ef sá háttur væri upp tekinn, er að framan er rakinn, þykir mega fullyrða, að verðlagsbrot yrðu stórum færri en nú er. Með tilliti til þess þykir óhætt að ákveða, að meðdómendastarf í verðlagsdómi skuli unnið án endurgjalds.

Flutningsmenn gera sér ljóst, að ýmissa viðtækari breytinga er þörf, enda hefur frumvarp þess efnis legið fyrir þinginu í allan vetur. En frumvarp þetta mundi þó valda straumhvörfum, og með því að flytja það fæst úr því skorið, hvort áhugi er til fyrir því meðal þingmanna að gera verzlun og verðlagseftirlit heilbrigðara með því að láta almenning ráða eftirlitinu — í stað stjórnskipaðra nefnda og embættismanna, sem almenningur ræður engu um, hverjar eru og hvernig rækja það starf, sem þó á að vera fyrir hann unnið.

Flutningsmenn vilja að lokum taka það fram, að takmarkið er ekki fyrst og fremst verðlagseftirlit og þungar refsingar, ef verðlagsbrot eru framin. Takmarkið er svo heilbrigð verzlun, að í henni sjálfri felist nóg trygging fyrir almenning — án þess að ríkið kosti opinbert eftirlit. En meðan verðlagseftirlit helzt, vegna illrar nauðsynjar, verður að koma því svo fyrir, að það sé sem öruggast.

Vonandi ber þjóðin gæfu til að koma verzlunarmálum sínum sem fyrst í það horf, að það eftirlit, sem frumvarpið gerir ráð fyrir, verði afnumið með öllu.

Nd. 477. Nefndarálit [100. mál]

um frv. til l. um innflutning og úthlutun jeppabifreiða til landbúnaðarþarfa o. fl.

Frá landbúnaðarnefnd.

Nefndin hefur yfirfarið frv. og rætt það á fundum sínum. Er nefndin sammála um, að eins og sakir standa sé full þörf á fyrirmælum um þetta efni og að ákvæði frv. stuðli mjög að því að tryggja það, sem að er stefnt með frv. Nefndin leggur því til, að frv. verði samþykkt með eftirfarandi

BREYTINGUM:

1. Við 3. gr. Síðasti málsliður falli burt.
2. Við 6. gr.
   a. 1. tölul. orðist þannig:
      Að þeir einir komi til greina, er geta vegna samgönguskilyrða haft full not bifreiðanna til flutnings á fólki og vörum að og frá heimilum sínum.
   b. Aftan við 3. tölul. komi: og mesta hafa flutningsþörfina.
   c. 4. tölul. falli niður.
   d. 5. tölul. orðist svo:
      Nú er ekki teljandi munur á aðstöðu umsækjenda, og skal þá láta tvo eða fleiri bændur, sem sameinast um eina bifreið, ganga fyrir einstaklingum.

Alþingi, 21. marz 1949.

Steingr. Steinþórsson, form. — Jón Pálmason, fundaskr. — Jón Sigurðsson, frsm.
Ásg. Ásgeirsson. — Sigurður Guðnason.

Nd. 478. Nefndarálit [148. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 20 20. maí 1942, um breyt. á l. nr. 6 9. jan. 1935, um tekjuskatt og eignarskatt.

Frá sjávarútvegsnefnd.

Nefndin hefur rætt frv. þetta á tveim fundum og sent það til umsagnar stjórn nýbyggingarsjóðs. Sjóðsstjórnin sendi nefndinni bréf það og skýrslu, sem prentað er hér á eftir sem fylgiskjal. Sést á því, að mikil breyting hefur orðið á inneignum í nýbyggingarsjóði á s. l. ári, þannig að hinn 1. jan. 1949 voru innstæður togaraeigenda kr. 2846202.52 og innstæður annarra kr. 737251.73. En sú skýrsla frá sjóðsstjórninni, sem birt er í greinargerð frumvarpsins, var tímasett við áramótin 1947 og 1948. Og enn hefur nefndin fengið upplýsingar frá sjóðsstjórninni, er sýna, að togarainnstæðueigendur eru búnir á þessu ári að ráðstafa um kr. 1900 þús. til nýbygginga, svo að nú er óráðstafað í sjóðnum af þeirra innstæðum um 1 millj. kr.

Að fengnum þessum skýrslum varð nefndin sammála um að mæla með samþykkt þess hluta frumvarpsins, sem snertir bátaútveginn. En þrír nefndarmanna (ÁkJ, FJ og HÁ) áskilja sér rétt til að bera fram brtt. varðandi innstæður togaraeigenda. Brtt. þeirra eru lagðar fram jafnhliða þessu nefndaráliti, og er fylgi þeirra við frumvarpið að nokkru eða öllu leyti undir því komið, hvort breytingartillögurnar verða samþykktar.

Alþingi, 21. marz 1949.

Finnur Jónsson, form. — Pétur Ottesen, fundaskrifari. — Sigurður Kristjánsson, frsm.
Halldór Ásgrímsson. — Áki Jakobsson.

Fylgiskjal.

RÍKISSKATTANEFNDIN

Reykjavík, 13. marz 1949.

Sjávarútvegsnefnd neðri deildar Alþingis.

Í tilefni af bréfi yðar, dags. 4. þ. m., þar sem óskað er umsagnar nefndarinnar um frumvarp Sigurðar Kristjánssonar til laga um breytingar á ákvæðum skattalaganna um nýbyggingarsjóði, vill ríkisskattanefndin taka fram eftirfarandi:

Nefndin er sammála þeim forsendum í greinargerð frumvarpsins, að ákvæði þau, er heimila að verja fé nýbyggingarsjóðs til að greiða tap á útgerð, séu svo þröng, að nærri stappi að þau séu dauður bókstafur. Hins vegar virðist nefndinni ekki bein stærð hvers sjóðs efnislega skipta máli í þessu sambandi. Heldur ekki þarf tap tveggja síðustu ára að hafa úrslitaþýðingu, þó að svo kunni að vera í einstökum tilfellum. Sú hugsun, sem nefndinni virðist að ætti að leggja til grundvallar í þessu máli, er, að ekki sé hætta á, að rekstur báts eða skips stöðvist, sem gæti gengið áfram með losun nýbyggingarsjóðs. Þetta hefur að vísu þann galla frá löggjafarsjónarmiði, að framkvæmdin yrði að vera komin undir mati þeirra aðila, sem um það ættu að fjalla, en virðist þó vera eðlilegasta lausnin.

Hér með fylgir listi yfir innstæður togaraútgerðar og annarrar útgerðar í nýbyggingarsjóðum þann 31. des. 1948.

Virðingarfyllst

F. h. ríkisskattanefndar

Þórólfur Ólafsson.

Listi yfir innstæður togaraútgerðar og annarrar útgerðar í nýbyggingarsjóðum þ. 31. des. 1948.

Togaraútgerð kr.	Önnur útgerð kr.	Togaraútgerð kr.	Önnur útgerð kr.
8 781.87	„	317 555.71	„
„	32 835.77	89 066.25	„
„	7 074.26	„	10 571.64
8 093.15	„	„	57 607.59
„	12 251.11	„	21 036.84
14 649.65	„	„	14 349.30
„	24 210.35	113 175.43	„
„	6 677.05		
270 896.32	„	95 809.62	„
333 093.51	„	110 318.26	„
84.45	„	170 000.00	„
„	13 354.15	„	563.63
515 552.36	„	„	4 699.77
81 463.00	„	„	11 529.76
301 767.00	„	„	485.75
1 564.04	94 944.48	„	9 224.36
„	1 129.90	„	5 387.15
„	7 626.40	„	8 364.45
133 907.80	„	214 735.91	„
„	440.31	„	6 923.31
„	27 085.21	„	24 637.56
65 688.19	„	„	6 392.43
„	64.99	„	29 335.01

Togaraútgerð kr.	Önnur útgerð kr.	Togaraútgerð kr.	Önnur útgerð kr.
„	16 416.00	„	45 537.68
„	6 235.97	„	1 963.71
„	1 381.24	„	13 688.51
„	309.27	„	14 447.04
„	21 526.41	„	49 280.76
„	933.00	„	20 496.22
„	13 922.59	„	23 469.56
„	35 081.41	„	33 779.83
		Alls kr. 2 846 202.52	737 251.73

F. h. ríkisskattanefndar

Þórólfur Ólafsson.

Sþ. 479. Breytingartillögur [42. mál]

við frv. til fjárlaga fyrir árið 1949 og við brtt. á þskj. 460.

Frá fjárveitinganefnd.

1. Við brtt. 460,53. (Við 13. gr. A. II. 1. — Nýir akvegir).
   a. Við 49. (Vatnsnesvegur). Fyrir „65 000“ kemur (leiðrétting) 85 000
   b. Við 50. (Miðfjarðarvegur). Fyrir „45 000“ kemur (leiðrétting) 30 000
2. Við brtt. 460,54. c. 4. (Við 13. gr. A. III. — Nýjar brýr).
   Fyrir „Finná í Vopnafirði“ kemur: Finnafjarðará í Bakkafirði. (Leiðrétting).
3. Við brtt. 460,57. b. 5. (Við 13. gr. C. VIII. — Lendingarbætur).
   Fyrir „Búðardalur“ kemur: Staðarfell.
4. Við 16. gr. A. 9. e. (Sandgræðsla).
   Fyrir „25 000“ kemur 85 000
5. Við brtt. 460,115. c. (Við 16. gr. A. 10. e. — Skóggræðsla).
   Liðurinn orðist svo:
   Til skóggræðslu og friðunar á skóglendi, þar á meðal til skóggræðslu í þjóðgarðinum eftir samkomulagi við Þingvallanefnd 525 000
6. Við brtt. 460,126. e. 2. (Við 16. gr. D. II. — Nýr liður). Till. skal orða svo:
   Nýr rómv. liður:
   Rafmagnsveitur ríkisins:
   1. Laun:
      a. Grunnlaun 90 000
      b. Verðlagsuppbót 180 000
      270 000
   2. Skrifstofukostnaður 150 000
   3. Birgðadeild 150 000
   4. Véladeild 250 000
   5. Annar kostnaður 100 000

6. Rekstrarkostnaður rafmagnsveitna:

a. Rafmagnsveitur ríkisins:		
1. Reykjanesveita	650 000	
2. Suðurlandsveita	300 000	
3. Húsavíkurveita	120 000	
		1 070 000
b. Héraðsrafmagnsveitur ríkisins:		
1. Árnesveita	85 000	
2. Rangárvallaveita	190 000	
3. Rafveita Egilsstaðaþorps	65 000	
4. Þingeyjarveita	25 000	
5. Borgarfjarðarveita	25 000	
		390 000
		2 380 000
÷ Tekjur:		
Birgðadeild	350 000	
Véladeild	250 000	
Fært á nýbyggingar	200 000	
		800 000
Reykjanesveita	780 000	
Suðurlandsveita	360 000	
Húsavíkurveita	90 000	
		1 230 000
Árnesveita	90 000	
Rangárvallaveita	120 000	
Rafveita Egilsstaðaþorps	50 000	
Þingeyjarveita	30 000	
Borgarfjarðarveita	10 000	
		300 000
Bráðabirgðalán til greiðslu á rekstrarhalla 1949		50 000
		2 380 000

7. Við brtt. 460,141. b. 8. (Við 18. gr. II. a. — Sigdór Brekkan).
   Liðurinn fellur niður.
8. Við 22. gr. IV. Nýir liðir:
   a. Að ábyrgjast fyrir fiskiðjuver útvegsmanna og fiskimanna á þeim stöðum, sem ríkisstjórnin telur nauðsynlegt, vegna þess að útvegsmenn geti eigi reist þau af eigin rammleik, allt að þriggja milljóna króna lán, er hvíli á öðrum veðrétti á iðjuverinu næst á eftir veðlánum, sem nema eigi yfir 67% af stofnkostnaði, og megi lánin nema allt að 10% af stofnkostnaði þeirra, enda séu félögin stofnuð og rekin samkv. 3. gr. l. nr. 41 frá 29. apríl 1946.
   b. Að greiða styrk til vatnsveitna samkv. lögum allt að 500 000 kr.
   c. Að heimila ríkisstjórninni að kaupa jörðina Rif á Snæfellsnesi.
   d. Að heimila ríkisstjórninni að greiða Sigdóri Brekkan 2680 kr. eftirlaun, þegar hann lætur af starfi.

Sþ. 480. Fyrirspurnir. [171. mál]

I. Til flugmálaráðherra um slys á Keflavíkurflugvelli.

Frá Áka Jakobssyni.

1. Hve mörg slys hafa orðið á Keflavíkurflugvelli nú í vetur? Óskast þau upptalin, hvenær þau urðu og hve stórvægilegt tjón hafi leitt af þeim.
2. Hefur ráðherrann látið fara fram rannsókn á orsökum þeirra slysa? Ef svo er, hver er niðurstaða þeirra rannsókna?

II. Til flugmálaráðherra um olíutanka á Keflavíkurflugvelli.

Frá Áka Jakobssyni.

1. Frá hvaða tíma greiðir Olíufélagið h/f leigu eftir olíugeyma á Keflavíkurflugvelli?
2. Hve mikið tankarými hefur félagið til afnota, og hver er ársleigan eftir það?
3. Hafa öðrum olíufélögum verið látnir í té tankar á vellinum?

III. Til ríkisstjórnarinnar um tilkostnað ríkissjóðs við landspróf.

Frá Jónasi Jónssyni.

Hve mikil útgjöld hefur ríkissjóður haft árlega við hinar ýmsu tegundir landsprófa?

IV. Til ríkisstjórnarinnar um tekjur og tilkostnað við kvikmyndahús háskólans.

Frá Jónasi Jónssyni.

1. Hve miklar hafa verið „brúttó“ og „nettó“ tekjur háskólans af kvikmyndahúsi hans ár hvert, síðan starfræksla þess var hafin?
2. Hve mikið hefur þetta kvikmyndahús hækkað tilkostnað kvikmyndahúsa á Íslandi með háum boðum fyrir notkun mynda?
3. Hve mikið hefur þetta kvikmyndahús greitt forstöðumanni sínum, sem jafnframt var einn af kennurum háskólans, sem árleg laun, þóknun og útgjöld við ferðir?

V. Til ríkisstjórnarinnar um kostnað við húsameistara og eftirlitsstörf við nokkrar stórbyggingar.

Frá Jónasi Jónssyni.

Hve mikil voru
a. húsameistaralaun,
b. eftirlitsmannslaun

við háskólabygginguna, Nýja garð, íþróttahús háskólans, bálstofu og kirkju í Fossvogi, Þjóðleikhúsið, Sundhöllina í Reykjavík og Stýrimannaskólann nýja?

Sþ. **481. Breytingartillögur** [42. mál]

við frv. til fjárlaga fyrir árið 1949 og við brtt. á þskj. 460.

I. Frá *Sigurði Kristjánssyni.*
1. Við 12. gr. VIII. (Læknisbústaðir o. fl.).
Liðurinn fellur niður.
2. Við 12. gr. IX. (Fjórðungssjúkrahús á Akureyri).
Liðurinn fellur niður.
3. Við 13. gr. A. II. Liðinn skal orða svo:
Til þjóðvega 11 000 000

II. Frá *Jóni Pálmasyni.*
Við brtt. 460,53.1. (Við 13. gr. A. II. 1.). Nýr liður:
Hvalfjarðarvegur 235 000

III. Frá *Sigurði E. Hliðar.*
Við brtt. 460,54. c. 2. (Við 13. gr. A. III.—Nýjar brýr). Nýr liður:
Glerá við Akureyri, gegn ⅓ framlags frá Akureyrarkaupstað 210 000

IV. Frá *Hermanni Guðmundssyni.*
Við brtt. 460,57. a. 10. (Við 13. gr. C. VIII. — Hafnarfjörður).
Fyrir „150 000“ kemur 300 000

V. Frá *Lárusi Jóhannessyni.*
Við brtt. 460,57. a. 22. (Við 13. gr. C. VIII. — Seyðisfjörður).
Fyrir „25 000“ kemur 75 000

VI. Frá *Jóni Pálmasyni.*
1. Við brtt. 460,57. b. 2. (Við 13. gr. C. VIII. — Blönduósbryggja).
Fyrir „40 000“ kemur 80 000
2. Við brtt. (640,58. b. 1. (Við 13. gr. C. IX. — Ferjuhöfn í Hvalfirði).
Liðurinn fellur niður.

VII. Frá *Sigurði Kristjánssyni.*
1. Við 14. gr. A. II. 4. (Íbúðarhús á prestssetrum).
Liðurinn fellur burt.
2. Við 14. gr. B. X. 1. g. (Fjós á Hólum).
Liðurinn fellur burt.
3. Við 14. gr. B. X. 2. g. (Fjós á Hvanneyri).
Liðurinn fellur burt.
4. Við 14. gr. B. XIII. 6. (Barnaskólabygging).
Liðurinn fellur burt.
5. Við 14. gr. B. XIV. 3. (Gagnfræða- og héraðsskólar).
Liðurinn fellur burt.
6. Við 14. gr. B. XV. 2. (Húsmæðraskólar).
Liðurinn fellur burt.
7. Við 15. gr. A. III. 8. (Viðhald bæjarhúsa).
Liðurinn fellur burt.

VIII. Frá *Hermanni Guðmundssyni.*
Við 15. gr. A. VII. 23. (Bókasöfn og lesstofur). Nýr liður:
Til lesstofu fulltrúaráðs verkalýðsfélaganna í Hafnarfirði 5 000

IX. Frá *Sigurði Kristjánssyni.*
Við 15. gr. A. VII. 34. (Byggingarstyrkir bókasafna).
Liðurinn fellur niður.

X. Frá *Jónasi Jónssyni.*
Við 15. gr. A. IX. (Skáld og listamenn). Við liðinn kemur aths.:
Þar af 12 þús. kr. til að gera grafhellur af sömu gerð og í þjóðargrafreitnum á Þingvöllum yfir leiði Bjarna Thorarensens, Bólu-Hjálmars og Gríms Thomsens.

XI. Frá *Hermanni Guðmundssyni.*
Við 15. gr. A. XIII. 4. (Leikfélag Hafnarfjarðar).
Fyrir „3 000“ kemur 6 000

XII. Frá *Jónasi Jónssyni.*
Við 15. gr. A. XX. Nýr liður:
Til að reisa í Skálholti minnismerki Einars Jónssonar myndhöggvara um Jón Arason, fyrri greiðsla 15 000

XIII. Frá *Þorsteini Þorsteinssyni.*
Við brtt. 460,114. b. 2. (Við 16. gr. A. 8.). Nýr liður:
Til framræslu og fyrirhleðslu Brunnár í Saurbæ 3 000

XIV. Frá *Jóni Gíslasyni.*
Við 16. gr. A. 9. c. (Sandgræðsla). Nýr liður:
Til sandgræðslu í Meðallandi 150 000

XV. Frá *Sigurði Kristjánssyni.*
1. Við 16. gr. A. 19. Liðinn skal orða svo:
Kostnaður við sauðfjársjúkdómavarnir 4 500 000
2. Við 16. gr. C. 4. (Bygging iðnskóla í Reykjavík).
Liðurinn fellur burt.
3. Við 16. gr. D. III. (Nýjar raforkuframkvæmdir).
Liðurinn fellur burt.
4. Við 17. gr. 18. (Bindindisstarfsemi).
Liðurinn fellur burt.

XVI. Frá *Sigfúsi Sigurhjartarsyni* og *Áka Jakobssyni.*
Við 17. gr. 25. Nýr liður:
Til útrýmingar heilsuspillandi húsnæðis samkvæmt III. kafla laga nr. 44 1946 ..... 2 000 000
Til vara 1 000 000

XVII. Frá *Lárusi Jóhannessyni.*
Við brtt. 460,141. b. 7. (Við 18. gr. II. a. — Sveinn Árnason).
Fyrir „3 000“ kemur 4 110
enda semji hann sögu fiskimats og saltfisksverkunar á Íslandi.

XVIII. Frá *Sigurði Kristjánssyni.*
Við 20. gr. Út. IV. (Byggingar á jörðum ríkisins).
Liðurinn fellur burt.

XIX. Frá *Þorsteini Þorsteinssyni.*
Við 20. gr. Út. IV. Liðinn skal orða svo:
Til bygginga á jörðum ríkisins (3. gr. B.) 200 000
Þar af 25 þús. kr. til byggingar útihúsa á Staðarfelli.

XX. Frá *Sigurði Kristjánssyni.*
1. Við 20. gr. Út. VI. (Bráðabirgðatollbúð).
Liðurinn fellur burt.
2. Við 20. gr. Út. IX. (Flugvallagerðir).
Fyrir „1 550 000“ kemur 1 000 000
3. Við 20. gr. Út. X. 1. (Bygging á Keldum).
Liðurinn fellur burt.
4. Við 20. gr. Út. X. 2. (Heimavistarskólahús á Akureyri).
Liðurinn fellur burt.
5. Við 20. gr. Út. X. 3. (Sjómannaskólahús).
Liðurinn fellur burt.
6. Við 20. gr. Út. X. 4. (Kennarabústaður á Hólum).
Liðurinn fellur burt.
7. Við 20. gr. Út. X. 5. (Rafveita á Hvanneyri).
Liðurinn fellur burt.
8. Við 20. gr. Út. X. 6. (Skólastjórabústaður á Reykjum).
Liðurinn fellur burt.
9. Við 20. gr. Út. XI. (Tilraunabúið á Reykhólum).
Liðurinn fellur burt.

XXI. Frá *Sigurði Guðnasyni, Áka Jakobssyni* og *Hermanni Guðmundssyni.*
Við 22. gr. IV. Nýr liður:
Að verja á árinu allt að 5 millj. kr. til atvinnuaukningar til að fyrirbyggja atvinnuleysi.

Ed. 482. Breytingartillögur [138. mál]

við frv. til l. um eftirlit með rekstri ríkisins og ríkisstofnana.

Frá Páli Zóphóníassyni.

Við 2. gr.

1. Greinin orðist svo:
Fjármálaráðherra setur mann til forstöðu deildarinnar, og nefnist hann ráðsmaður ríkisins. Hann hefur sömu laun og ráðherrar. Eftir að hann hefur verið reyndur í starfinu árlangt getur forseti Íslands skipað hann í stöðuna, enda séu allir ráðherrar sammála um að leggja til, að svo verði gert.
2. Á eftir greininni komi tvær nýjar greinar (og breytist greinatalan samkv. því):
a. (3. gr.) Nú þykir ráðsmanni, að einhver vinni slælega í starfi sínu, og skal hann þá gefa honum áminningu og taka fram, hvað að starfi hans er fundið. Hafi ráðsmaður þrisvar sinnum á tveim mánuðum áminnt annan mann, skal hann tilkynna það fjármálaráðherra og hvað hann finni að starfi mannsins. Skal ráðherra þá hlutast til um, að málið sé rætt á ráðherrafundi, og má þá

segja manninum upp stöðu sinni, og hefur hann þá ekki rétt til eftirlauna, en rétt til að fá endurgreitt það, er hann hefur lagt fram í lífeyrissjóð embættismanna.

b. (4. gr.) Hver starfsmaður ríkis og ríkisstofnana er skyldur að starfa að verki sínu 40 klukkustundir í viku hverri á þeim tíma dagsins, er viðkomandi forstjóri eða skrifstofustjóri í samráði við ráðsmann ríkisins telur stofnuninni hagkvæmast. Árlega skal þó gefa starfsfólki frí sem hér segir: Eina viku fyrstu 3 starfsárin, tvær vikur næstu 3 starfsárin, þrjár vikur 7., 8. og 9. starfsárið og mánuð úr því.

Nd. 483. Frumvarp til laga [172. mál]

um leigunám og félagsrekstur togara.

Flm.: Skúli Guðmundsson, Halldór Ásgrímsson.

1. gr.

Nú stöðvast útgerðarrekstur togara, sem keyptur var til landsins samkv. lögum nr. 109 31. des. 1945, vegna ágreinings milli útgerðarfyrirtækis og skipshafnar um kaup og kjör, og sú rekstrarstöðvun hefur varað í eina viku eða lengur, og er þá ríkisstjórninni, fyrir hönd ríkissjóðs, heimilt að taka togarann leigunámi til eins árs og leigja skipshöfninni hann jafnlangan tíma samkvæmt ákvæðum laga þessara. Heimild þessi til leigunáms sé þó ekki notuð nema skipshöfn togara hafi stofnað útgerðarfélag, er vilji taka togarann á leigu samkvæmt lögum þessum og hafi sett reglur um hlutaskipti samkv. 9. gr.

2. gr.

Til grundvallar við ákvörðun leigugjalds eftir togara, sem tekinn er leigunámi samkv. 1. gr., skal leggja upphaflegt kostnaðarverð hans, eins og það var, þegar hann var fullbúinn til veiða. Þar frá dregst þó fyrningargjald, sem fært hefur verið til gjalda á rekstrarreikningum togarans, að svo miklu leyti sem tekjur hafa verið til á móti því. Það verð, sem þannig verður fundið, nefnist leiguverð togarans.

Skylt er eiganda að láta fylgja togaranum veiðarfæri, áhöld og allan útbúnað, sem nauðsynlegt er við veiðarnar og fylgdi skipinu þegar stöðvunin hófst, sé þess krafizt af ríkisstjórninni. Verð þessara hluta, að svo miklu leyti sem það er ekki innifalið í upphaflegu verði skipsins, skal ákveðið í samræmi við markaðsverð þeirra þegar leigunámið fer fram, að frádreginni hæfilegri fyrningu vegna notkunar, og skal ákveðið af þriggja manna matsnefnd þeirri, sem skipuð verður samkv. 6. gr., ef samkomulag næst ekki. Verðmæti þessara hluta skal bætt við leiguverð togarans samkvæmt 1. málsgr. þessarar greinar.

3. gr.

Leigugjald fyrir togara ákveðst þannig:

1. Leigutaki greiðir vexti af leiguverði togarans samkv. 2. gr. þannig, að hann tekur að sér greiðslu á vöxtum af lánum, sem hvíla á togaranum, þó ekki af hærri skuldum en leiguverðinu nemur. Nú er leiguverðið hærra en áhvílandi skuldir, og greiðast þá eiganda togarans vextir af þeim mismun, og séu þeir jafnháir venjulegum innlánsvöxtum Landsbanka Íslands.
2. Leigutaki greiðir togaraeiganda fyrningargjald, sex af hundraði á ári af upphaflegu kostnaðarverði skipsins samkv. 1. málsl. 1. málsgr. 2. gr.

Leigugjaldið greiðist eftir á fyrir hálft ár í senn.

4. gr.

Togari, sem ríkisstjórnin tekur leigunámi samkv. 1. gr., skal seldur á leigu útgerðarfélagi skipshafnarinnar. Í því félagi séu allir sjómenn, sem á togaranum vinna, og einnig getur framkvæmdastjóri útgerðarfélagsins verið félagsmaður. Hver sá, er fer úr skiprúmi, hættir að vera félagsmaður, en sá, er ræðst í skiprúm í staðinn, gerist um leið félagsmaður í útgerðarfélaginu. Skipshöfnin kýs þriggja manna stjórn fyrir útgerðarfélagið úr hópi félagsmanna til eins árs. Félagsstjórnin ræður framkvæmdastjóra og ákveður verksvið hans.

5. gr.

Útgerðarfélag togaraskipshafnar greiðir þá leigu eftir skipið, sem ákveðin er í 3. gr. Mánaðarlega skal lögð til hliðar hæfileg upphæð af aflaverðmæti skipsins til þess að mæta greiðslu þessari, eftir samkomulagi við ríkisstjórnina.

6. gr.

Útgerðarfélag togaraskipshafnar greiðir af óskiptu aflaverðmæti allan kostnað við útgerðarreksturinn, svo sem fæði skipverja, veiðarfæri, ís, salt, olíu og aðrar nauðsynjar til véla, viðhaldskostnað skips og útbúnaðar þess, tryggingu áhafnar, vátryggingu skips og útbúnaðar, skráningargjöld, hafnargjöld, framkvæmdastjórn, skrifstofukostnað o. s. frv. Að svo miklu leyti sem unnt er að gera þennan kostnað upp eftir hverja veiðiferð, skal það gert og greiðsla fara fram þá þegar, en lagt skal til hliðar fé eftir hverja veiðiferð til greiðslu á þeim kostnaði, sem ekki er hægt að fá fullnaðarreikninga um þá þegar. Þá skal og lagt til hliðar af óskiptu aflaverðmæti til að mæta kostnaði við flokkunarviðgerð skipsins, og skal upphæð þess ákveðin af nefnd, þar sem togaraeigandi og útgerðarfélag togaraskipshafnar tilnefna sinn manninn hvor, en héraðsdómari (í Reykjavík borgardómari) þann þriðja.

7. gr.

Félagsmenn í útgerðarfélagi togaraskipshafnar bera sameiginlega ábyrgð, einn fyrir alla og allir fyrir einn, á greiðslu leigugjalds og kostnaðar við útgerðarreksturinn samkv. lögum þessum. Til frekari tryggingar því, að allur útgerðarkostnaður verði greiddur og ekki falli sjóveð né lögveð á skipið, skal leggja 10% af verðmæti aflans í tryggingarsjóð auk þess, sem lagt er til hliðar samkv. 5. og 6. gr. Tryggingarsjóður skal ávaxtaður í banka.

Nú verður afgangur af því fé, sem lagt hefur verið til hliðar til að mæta kostnaði, þar með talin innstæða í tryggingarsjóði, þegar leigutíminn er liðinn, reikningar útgerðarinnar hafa verið gerðir upp og allur kostnaður greiddur, og skiptist þá afgangurinn milli félagsmanna í útgerðarfélagi togaraskipshafnar í réttu hlutfalli við verðmæti aflahluta þeirra á leigutímanum. Þetta gildir þó ekki um það fé, sem lagt hefur verið til hliðar til að mæta kostnaði við flokkunarviðgerð skipsins, sbr. niðurlag 6. gr.

8. gr.

Skylt er útgerðarfélagi togaraskipshafnar að annast um, að jafnan fylgi skipinu veiðarfæri og annar nauðsynlegur útbúnaður, sem jafngildi að verðmæti og notagildi að minnsta kosti þeim útbúnaði, er fylgdi skipinu þegar útgerðarfélagið tók það á leigu.

9. gr.

Allt verðmæti togaraaflans, að frádregnum kostnaði samkv. 5. og 6. gr. og tryggingarsjóðsgjaldi samkv. 7. gr., skiptist milli skipverja eftir hlutaskiptareglum, sem þeir koma sér saman um. Einnig er heimilt að ákveða, að framkvæmdastjóri útgerðarfélagsins taki laun fyrir starf sitt í aflahlut.

Nú næst ekki samkomulag um hlutaskiptin, og getur þá skipshöfnin sett það mál í gerð til fullnaðarúrskurðar.

10. gr.

Ríkisstjórnin getur falið sérstökum trúnaðarmanni að hafa eftirlit með því, að fullnægt sé 2. málsl. 5. gr., að viðhald skips og útbúnaðar þess sé ekki vanrækt, að vátryggingu þess sé haldið í gildi, að fé sé lagt til hliðar til greiðslu kostnaðar samkv. 6. gr. og til tryggingarsjóðs samkv. 7. gr., og að í öllum atriðum séu uppfyllt skilyrði laga þessara af hálfu leigutaka. Nú er um verulegar vanefndir að ræða að áliti eftirlitsmanns, og skal það mál þá lagt undir dóm nefndar þeirrar, sem um getur í 6. gr. Telji nefndin vanefndirnar verulegar, getur ríkisstjórnin fellt leigusamninginn úr gildi, þó að leigutíminn sé ekki liðinn, en ágreiningi um málið getur leigutaki skotið til úrskurðar dómstólanna.

11. gr.

Við lok leigutímans skal leigutaki skila togara í jafngóðu ástandi og hann var í við upphaf leigutímans, þó að undanskilinni eðlilegri fyrningu. Skal um þetta farið eftir mati nefndar þeirrar, sem skipuð verður samkv. ákvæðum 6. gr., en sú nefnd skal framkvæma úttekt á togaranum við upphaf og lok leigutímans.

12. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Enginn mun þurfa að ganga þess dulinn, hvað veldur því, að frumvarp þetta er fram borið. Í byrjun þessa árs töldu margir tvísýnt, að takast mætti að afla nægilegs erlends gjaldeyris á árinu, jafnvel þótt allur sá atvinnurekstur, sem framleiðir útflutningsvörur, væri í fullum gangi. En um miðjan febrúarmánuð stöðvaðist allur togaraflotinn vegna ágreinings milli útgerðarmanna og skipshafnanna, og enn hefur ekki tekizt að jafna þann ágreining þrátt fyrir langvarandi sáttatilraunir. Er enn allt í óvissu um það, hvort eða hvenær takast muni að leysa þessa deilu með venjulegum hætti.

Að þessu athuguðu virðist ekki verða hjá því komizt að reyna nýjar aðferðir til þess að koma togaraflotanum á veiðar hið allra fyrsta. Í því skyni er frv. þetta fram borið, og þar lagt til, að ríkisstjórnin fái heimild til að taka nýju togarana leigunámi til eins árs og leigja þá útgerðarfélögum, sem hver skipshöfn fyrir sig stofnar til þess að annast reksturinn. Er gert ráð fyrir því, að skipshafnirnar skipti með sér aflaverðmætinu eftir reglum um hlutaskipti, sem þær sjálfar setja, sbr. 9. gr. frv. Er þar bent á þá leið, að áhöfn skips velji sérstaka menn til að ákveða hlutaskiptareglurnar, ef það gæti auðveldað samkomulag um það atriði. Að óreyndu verður því naumast trúað, að sjómennirnir á nýju togurunum vilji ekki afstýra frekari vandræðum, með því að taka að sér útgerðarreksturinn á eigin ábyrgð, a. m. k. um sinn, ef þeir eiga kost á að fá togarana á leigu með sanngjörnum kjörum. Ef sú tilraun tækist vel, gæti hún vel orðið upphaf að nýju fyrirkomulagi á rekstri stórútgerðarinnar.

Rekstrarstöðvun togaranna hefur þegar valdið þjóðinni mjög miklu tjóni, og er víst, að fullerfitt er að mæta þeim afleiðingum stöðvunarinnar, sem þegar eru fram komnar, þó að skipin liggi ekki enn um langan tíma aðgerðarlaus í höfnum inni. Deila sú, sem þessu veldur, getur ekki skoðazt einkamál útgerðarmanna og sjómanna, heldur er það mál, sem snertir þjóðina alla. Stöðvun flotans hefur eigi aðeins í för með sér mikla rýrnun á gjaldeyristekjum þjóðarinnar, heldur er sú hætta einnig yfirvofandi, að markaðir tapist af þessum sökum. Þetta mál er því alvarlegra en svo, að stjórn og löggjafarþing geti látið það afskiptalaust öllu lengur.

Einstök atriði í frv. verða nánar rædd í framsögu. En flm. leggja áherzlu á, að mál þetta verði tekið til afgreiðslu á Alþingi hið allra bráðasta, svo að sem fyrst

fáist úr því skorið, hvort mögulegt sé að leysa vandann með þeim hætti, sem lagt er til í frv.

Áframhaldandi stöðvun togaraflotans er þjóðinni til óbætanlegs tjóns og vansæmdar.

Ed. 484. Nefndarálit [115. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 29 23. apríl 1946, um hafnargerðir og lendingarbætur.

Frá sjávarútvegsnefnd.

Nefndin hefur tekið frumvarpið fyrir á fundi sínum í dag og er sammála um að leggja til, að það verði samþykkt óbreytt.

Einn nefndarm. (StgrA) var fjarstaddur vegna veikinda.

Alþingi, 23. marz 1949.

Gísli Jónsson, form.	B. Kristjánsson, fundaskr., frsm.	Björn Ólafsson.
	Sigurjón Á. Ólafsson.	

Nd. 485. Frumvarp til laga [173. mál]

um eignarnámsheimild fyrir Siglufjarðarkaupstað á jörðunum Efri-Skútu og Neðri-Skútu í Siglufirði.

Flm.: Áki Jakobsson, Halldór Ásgrimsson, Finnur Jónsson.

1. gr.

Bæjarstjórn Siglufjarðar er heimilt að taka eignarnámi jarðirnar Efri-Skútu og Neðri-Skútu í Siglufirði.

2. gr.

Um framkvæmd eignarnámsins skal fara eftir ákvæðum laga nr. 61 14. nóv. 1917.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi, og falla þá jafnframt úr gildi l. nr. 58 4. júli 1942, um eignarnámsheimild fyrir Siglufjarðarkaupstað á heitu vatni og landi í Skútudal í Siglufirði.

Greinargerð.

Frumvarp þetta er flutt skv. tilmælum bæjarstjórnar Siglufjarðar, sem lengi hefur haft áhuga fyrir því að eignast þessar jarðir. Siglufjarðarkaupstaður á nú allar jarðir í Siglufirði að undanskildum þrem, og er með frumvarpi þessu farið fram á, að hann geti eignazt tvær þeirra. Samningar munu af bæjarstjórnarinnar hendi hafa verið reyndir við eigendur jarðanna, en án árangurs. Er hér birt bréf bæjarstjórans á Siglufirði, sem gerir nokkra grein fyrir máli þessu frá sjónarmiði bæjarstjórnar Siglufjarðar.

Fylgiskjal.

BÆJARSTJÓRINN Á SIGLUFIRÐI

Siglufirði, 23. febrúar 1949.

Bæjarstjórn Siglufjarðar hefur gert eftirfarandi samþykkt með öllum (9) atkvæðum:

„Bæjarstjórnin samþykkir að fela bæjarstjóra að fá flutt á Alþingi frumvarp til laga um eignarnámsheimild fyrir jörðunum Efri- og Neðri-Skútu".

Jafnframt því að fara þess á leit við yður, hr. alþingismaður, að þér f. h. bæjarstjórnarinnar flytjið frumvarp um þetta efni á Alþingi, vil ég tjá yður ástæðurnar fyrir því, að mál þetta er fram komið.

Með lögum nr. 58 4. júlí 1942 hefur Siglufjarðarkaupstaður heimild til að taka eignarnámi heitar uppsprettur og heitt vatn í Skútudal í Siglufirði ásamt nauðsynlegu landi undir mannvirki til virkjunar heita vatnsins. Umrædd hitavatnssvæði eru í landi Efri-Skútu. Hins vegar er þegar, með sérstöku tilliti til þeirra hafnarmannvirkja, sem byrjað hefur verið á að reisa á svokallaðri Leiru innst í Siglufirði, orðið tímabært fyrir Siglufjarðarkaupstað að vinna að því að eignast allt land fyrir botni fjarðarins að austanverðu, og þau einu landsvæði, sem kaupstaðurinn á eftir að eignast þeim megin, eru jarðirnar Efri- og Neðri-Skúta og svo Staðarhóll, sem er utar með firðinum, gegnt Siglufjarðareyri. Gera má ráð fyrir, að land hækki mjög í verði á umræddu svæði vegna þessara hafnarmannvirkja, aðallega jörðin Neðri-Skúta, og telur bæjarstjórnin það varða almenningsheill, að kaupstaðurinn eignist landið áður en til þeirrar hækkunar kemur. Jafnframt telur bæjarstjórnin, að nauðsyn beri til að útvíkka áður veitta eignarnámsheimild í landi Efri-Skútu og fá heimild til að taka alla jörðina eignarnámi.

Vænti ég að þessar skýringar nægi í sambandi við málaleitun þessa, og kveð.

Með virðingu

Gunnar Vagnsson.

Hr. alþm. Áki Jakobsson, Reykjavík.

Ed. 486. Nefndarálit [118. mál]

um frv. til l. um breyt. á raforkulögum, nr. 12 2. apríl 1946.

Frá iðnaðarnefnd.

Nefndin hefur athugað mál þetta á nokkrum fundum og fengið um það umsögn búnaðarþings og raforkuráðs. Að umsögnum þessum athuguðum leggur nefndin til, að frv. verði samþ. með þeirri breytingu á 1. gr., sem hér fer á eftir.

Þeir Björn Ólafsson og Gísli Jónsson áskilja sér rétt til að koma með breytingartillögur eða fylgja breytingartillögum, er fram kunna að koma. — Steingrímur Aðalsteinsson var fjarstaddur, er málið var afgreitt.

BREYTINGARTILLAGA.

Við 1. gr. Greinina skal orða svo:

Einnig er heimilt að veita úr raforkusjóði einstökum bændum, er reisa á heimilum sínum rafstöðvar, reknar með vélaafli (mótorstöðvar), lán til átta ára með 3% ársvöxtum, og jöfnum afborgunum og veði í aflvélinni og fasteign, sem raforkuráð tekur gilt, og má lánið vera allt að ⅗ af kostnaðarverði aflvélarinnar.

Lán þetta veitist því aðeins, að stöðin sé minnst 4 kílóvött og ekki séu fyrir héraðsrafveitur á því svæði og ekki líkur til, að þær verði reistar á næstu árum á þeim slóðum, þar sem þeir bæir eru, sem menn vilja raflýsa eftir þessari grein, og enn fremur, að ekki sé aðstaða til vatnsvirkjunar til raflýsingar á jörðinni.

Lán þessi ákveður ráðherra að fengnum tillögum raforkuráðs.

Alþingi, 23. marz 1949.

Sigurjón Á. Ólafsson, form. Páll Zóphóníasson, fundaskr., frsm. Björn Ólafsson.
Gísli Jónsson.

Ed. 487. Nefndarálit [110. mál]

um frv. til l. um ræktunarlönd og byggingarlóðir í kaupstöðum, kauptúnum og þorpum.

Frá allsherjarnefnd.

Nefndin hefur athugað frumvarpið og leggur til, að það verði samþykkt með eftirfarandi

BREYTINGU:

Við upphaf VI. kafla bætist ný grein, er verður 29. gr. (og breytist greinatalan á eftir samkv. því):

Nú eru seld ræktunarlönd eða byggingarlóðir, sem lög þessi ná til, og skal þá seljandi greiða söluskatt af löndum þessum og lóðum, er nemi 50% af þeim hluta söluverðsins, sem er umfram þrefalt fasteignamat landsins eða lóðarinnar, og allt að ferföldu fasteignamati, en 75% af því, sem þar er fram yfir. Ef söluverðs er ekki getið í kaupsamningi eða afsali, eða tilgreint söluverð þykir ósennilegt, lætur bæjarstjórn eða hreppsnefnd tvo dómkvadda menn meta söluverðið, og reiknast söluskatturinn þá af matsverðinu. Nú eru lönd eða lóðir teknar eignarnámi og metin til verðs, og telst þá matsverðið söluverð og reiknast skattur af því.

Söluskatturinn rennur í viðkomandi bæjar- eða sveitarsjóð.

Ráðherra setur með reglugerð nánari fyrirmæli um framkvæmd þessarar greinar.

Nefndarmenn áskilja sér rétt til að bera fram breytingartillögur og fylgja þeim, sem fram kunna að koma. Einn nefndarmanna (LJóh) var ekki viðstaddur, þegar málið var afgreitt.

Alþingi, 21. marz 1949.

Guðm. Í. Guðmundsson, form. Brynjólfur Bjarnason, frsm. Þorst. Þorsteinsson.
Hermann Jónasson.

Sþ. 488. Breytingartillögur

við frv. til fjárlaga fyrir árið 1949 og við brtt. á þskj. 460.

I. Frá *Áka Jakobssyni.*

Við 12. gr. IX. (Fjórðungssjúkrahús á Akureyri).

a. Meginmál liðarins skal orða svo:

Til byggingar fjórðungssjúkrahúsa.

b. Nýr liður á eftir:

Til byggingar sjúkrahúss á Siglufirði	300 000
Til vara	200 000

II. Frá *Jóni Sigurðssyni* og *Steingrími Steinþórssyni.*
Við brtt. 460,53.58. (Við 13. gr. A. II. 1. — Skagafjarðarvegur).
Fyrir „85 000“ kemur 120 000
Til vara 100 000

III. Frá *Áka Jakobssyni.*
Við brtt. 460,53.62. (Við 13. gr. A. II. 1. — Siglufjarðarskarðsvegur).
Fyrir „20 000“ kemur 100 000

IV. Frá *Jörundi Brynjólfssyni* og *Eiríki Einarssyni.*
Við brtt. 460,53.143. (13. gr. A. II. 1. — Hamarsvegur). Nýr liður:
Til þjóðvegarins um Selfosskauptún 100 000

V. Frá *Sigurði Bjarnasyni* og *Hannibal Valdimarssyni.*
Við brtt. 460,54. c. 4. (13. gr. A. III. — Finná). Nýir liðir:
a. Selá í Nauteyrarhreppi 100 000
b. Múlaá í Ísafirði 50 000

VI. Frá *samvinnunefnd samgöngumála.*
Við 13. gr. B. II. (Flóabátaferðir).
a. Meginmál liðarins skal orða svo:
Til flóabáta og vöruflutninga.
b. Fyrir „300 000“ kemur 878 000

VII. Frá *Áka Jakobssyni.*
Við brtt. 460,57. a. 23. (Við 13. gr. C. VIII. — Siglufjörður).
Fyrir „100 000“ kemur 200 000
Til vara 150 000

VIII. Frá *Sigurði Bjarnasyni* og *Hannibal Valdimarssyni.*
Við brtt. 460,57. b. 18. (13. gr. C. VIII. — Hnífsdalur).
Fyrir „40 000“ kemur 100 000

IX. Frá *Steingrími Steinþórssyni* og *Jóni Sigurðssyni.*
Við brtt. 460,57. a. 11. (Við 13. gr. C. VIII. — Hofsós).
Fyrir „100 000“ kemur 150 000

X. Frá *Eiríki Einarssyni* og *Jörundi Brynjólfssyni.*
Við 14. gr. B. XV. 2. (Húsmæðraskólar).
Liðurinn orðist svo:
Til byggingar húsmæðraskóla 450 000
Þar af 50 þús. kr. til húsmæðraskóla Árnýjar Filipusdóttur í Hveragerði.

XI. Frá *Steingrími Steinþórssyni* og *Jóni Sigurðssyni.*
Við 14. gr. B. XV. 2. (Húsmæðraskólar).
a. Fyrir „400 000“ kemur 450 000
b. Við liðinn kemur aths.:
Þar af 50 þús. kr. til húsmæðraskólans á Löngumýri í Skagafirði.

XII. Frá *Eiríki Einarssyni* og *Jörundi Brynjólfssyni.*
Við 16. gr. A. 7. (Ræktunarsjóður). Nýr liður:
Til endurbóta og aukningar á sjóvarnargarði á löndum ríkisins á Stokkseyri 12 000

XIII. Frá *Katrínu Thoroddsen, Sigurði E. Hlíðar* og *Hannibal Valdimarssyni.*
Við 17. gr. 22. Nýr liður:
Til Kvenréttindafélags Íslands til að senda fulltrúa á alþjóðaþing kvenréttindafélaganna í Amsterdam í sumar 15 000

XIV. Frá *samvinnunefnd samgöngumála.*
Við 22. gr. III. Nýr liður:
Að greiða h/f Skallagrími í Borgarnesi 40 þús. kr. í bætur vegna halla á rekstri m/s Víðis árið 1947.

XV. Frá *Katrínu Thoroddsen, Sigurði Bjarnasyni* og *Gylfja Þ. Gíslasyni.*
Við 22. gr. IV. Nýr liður:
Að greiða Nínu Tryggvadóttur listmálara 15 þús. kr. byggingarstyrk.

XVI. Frá *Sigurði Bjarnasyni* og *Hannibal Valdimarssyni.*
Við 22. gr. IV. Nýir liðir:
a. Að greiða Pétri Jónatanssyni í Engidal 12 þús. kr. skaðabætur vegna langvarandi sóttkvíar.
b. Að verja allt að 50 þús. kr. til bjargráðaráðstafana í Grunnavíkur- og Sléttuhreppum.
c. Að verja allt að 30 þús. kr. til kaupa á snjóbíl til samgöngubóta fyrir byggðina norðan Skorarheiðar í Norður-Ísafjarðarsýslu.

Nd. 489. Frumvarp til laga [174. mál]

um húsaleigu.

(Lagt fyrir Alþingi á 68. löggjafarþingi, 1949.)

I. KAFLI
Almenn ákvæði.

1. gr.

Lög þessi taka yfir leigumála um:

1. Íbúðir, hvort sem eru hlunnindalausar eða með þeim, svo sem húsgögnum og öðrum innanstokksmunum, hita, vatni, rafstraumi og slíku. Hins vegar er leigumáli, sem áskilur fæði, að minnsta kosti tvær daglegar máltíðir, undanþeginn ákvæðum laga þessara.
2. Húsnæði, þar með taldar íbúðir, sem notað er að nokkru eða öllu til atvinnurekstrar, svo sem lækningastofur, skrifstofur lögfræðinga o. s. frv.
3. Húsnæði til fésýslu, kaupsýslu og annars viðskiptarekstrar, hvort sem aðliggjandi íbúð fylgir eða ekki, svo sem verzlunarbúðir, skrifstofur, þar með taldar opinberar skrifstofur, veitingastofur, kaffistofur, verkstöðvar, bifreiðaskýli og birgðaskemmur.
4. Hótel og önnur gistihús, en ekki um leigu á einstökum herbergjum í þeim.

Ákvæðum laganna skal þó ekki beita að því leyti sem sérlög kunna að taka til leigumála.

2. gr.

Lögin taka einnig til leigumála, þar sem leigutaki greiðir leiguna að einhverju eða öllu leyti með vinnu í þágu leigusala.

3. gr.

Heimilt er aðilum að bregða í samningum sínum frá fyrirmælum laganna, nema þau tjái sig vera ófrávíkjanleg um tiltekið efni.

4. gr.

Leigumála skal gera skriflega, ef annar hvor aðila krefst þess, og er samkomulag andstætt þessu ákvæði ógilt.

5. gr.

Ef undir leigumála er notað eyðublað, sem prentað er eða gert með öðrum vélrænum hætti, skal greinilega tekið fram, að hverju leyti leigutaki öðlast minni réttindi eða honum eru lagðar víðtækari skyldur á herðar en lögin kveða á um.

Samkomulag, sem brýtur í bág við þetta ákvæði, er ógilt.

6. gr.

Rétt er, að félagsmálaráðuneytið gefi út eyðublöð undir venjulega leigumála, og getur það ákveðið, að ekki megi nota önnur eyðublöð. Ef önnur eyðublöð eru notuð gegn fyrirmælum félagsmálaráðuneytisins, binda slíkir leigumálar ekki leigutaka að því leyti sem þeir leggja honum á herðar meiri skyldur eða veita honum minni réttindi en lög mæla. Ákvæði þessarar greinar eru ófrávíkjanleg.

7. gr.

Ef annar aðila skal samkvæmt lögunum eða leigumála leita samþykkis hins aðila, getur hann krafizt þess, að svarið sé skriflega staðfest. Andstætt samkomulag er ógilt.

II. KAFLI

Leigufardagar og uppsögn húsnæðis.

8. gr.

Hinir almennu fardagar eru:

1. Hinn fyrsti dagur hvers mánaðar, þegar leigð eru einstök íbúðarherbergi án eldhúss eða aðgangs að eldhúsi.
2. Hinn 14. maí og 1. október, þegar um leigumála á öðru húsnæði er að tefla.

Ef fardag ber upp á sunnudag eða helgidag eða daginn fyrir, er almennur fardagur næsta virkan dag á eftir.

Leigutaki skal á fardegi hafa rýmt hin leigðu híbýli í síðasta lagi kl. 13.

Ákvæði 1. og 2. tölul. þessarar greinar taka ekki til leigumála, þar sem samið er um húsnæði miðað við dag.

9. gr.

Ef leigumáli hefur ekki verið gerður til ákveðins tíma, getur hvor aðila sagt honum upp, miðað við næsta fardag, sbr. 8. gr. Sama er, ef leigutími er ekki í ljós leiddur.

Uppsögn leigumála skal vera skrifleg.

10. gr.

Uppsögn skal miða við fardaga þá, sem nefndir eru í 8. gr., og skal uppsagnarfrestur á leigumála vera:

1. Um íbúðir, sem eru eitt herbergi og eldhús eða stærri, a. m. k. þrír mánuðir;
2. um einstök herbergi a. m. k. einn mánuður. Sama er um bifreiðaskýli og skemmur;
3. um húsnæði til hvers konar atvinnurekstrar, svo sem skrifstofur, búðir, veitingastofur, sex mánuðir;
4. þegar af niðurrifi eða breytingu á húsi leiðir, að rýma þarf leigða íbúð, skal uppsagnarfrestur eigi skemmri vera en þrír mánuðir.

Nú segir leigusali leigutaka upp húsnæði með þeim fyrirvara, er í 1. mgr. 1., 3. og 4. tölul. segir, og ber leigutaka þá að tilkynna leigusala innan mánaðar, ef hann vill ekki hlíta uppsögninni.

11. gr.

Nú hefur leigumáli verið gerður til ákveðins tíma, sá tími er útrunninn, en leigusali hefur ekki skorað á leigutaka innan eins mánaðar frá því leigumálinn rann út að flytjast brott, og verður leigumálanum þá einungis sagt upp samkvæmt ákvæðum 10. gr.

Nú vanrækir leigutaki að flytjast brott næsta mánuð eftir að leigumáli sá, er getur í fyrstu málsgrein, er út runninn, og getur leigusali þá krafizt þess, að leigumálinn framlengist, unz leigutaki segir húsnæðinu upp samkvæmt ákvæðum 10. gr.

12. gr.

Nú fellur þinglesinn leigumáli úr gildi, og ber leigutaka þá að annast aflýsingu hans.

Aflýsa má leigumála, ef fyrir liggur:

a. Skrifleg og vottfest uppsögn leigutaka;
b. viðurkenning leigutaka á því, að honum hafi löglega verið sagt upp leigumálanum;
c. sönnun þess, að leigusali hafi birt leigutaka löglega uppsögn;
d. útskrift af útburðargerð fógeta á hendur leigutaka, enda séu liðnar sex vikur frá framkvæmd fógetagerðarinnar og henni hafi ekki verið skotið til æðri dóms.

III. KAFLI
Afhending leigðrar íbúðar eða húsnæðis.

13. gr.

Nú eyðileggst hið leigða húsnæði í eldi eða á annan hátt, áður en leigutími skyldi hefjast, og fellur þá leigumálinn úr gildi.

Um rétt leigutaka til skaðabóta fer eftir hinni almennu skaðabótareglu.

14. gr.

Leigusali skal á umsömdum tíma afhenda leigutaka hið leigða húsnæði í góðu lagi, hreint og meindýralaust, með heilum gluggarúðum, rennitjöldum og nothæfum lásum og lyklum innanhúss og að öllum útidyrum.

Þá skulu og allar leiðslur, svo sem vatnsleiðslur, skolpleiðslur, gasleiðslur og rafleiðslur, að lampastæðum og tenglum meðtöldum, vera í góðu lagi. Svo skulu og eldavélar, ofnar og önnur eldstæði vera í nothæfu ástandi.

15. gr.

Ef leigt húsnæði er við upphaf leigutíma ekki í því lagi, sem leigutaki átti samkvæmt lögskiptum aðila heimtingu á eða mátti gera ráð fyrir, og leigusali gerir ekki að kröfu leigutaka þegar ráðstafanir til að bæta úr annmörkunum, þá er leigutaka heimilt að ráða bót á þessu á kostnað leigusala.

Nú bætir leigusali ekki úr annmörkunum að kröfu leigutaka eða ekki verður úr þeim bætt innan hæfilegs tíma, og getur leigutaki þá rift leigumálanum, nema um minni háttar annmarka sé að tefla.

Leigutaka er ávallt rétt að rifta leigumála, ef leigusali hefur haft sviksemi í frammi.

Nú brestur húsnæði við upphaf leigutíma einhverja þá kosti, sem ætla má að áskildir væru, eða leigusali hefur, eftir að leigumáli er gerður, með vanrækslu valdið annmörkum á því eða haft svik í frammi, og getur leigutaki þá krafizt skaðabóta.

Leigutaki getur krafizt hlutfallslegrar lækkunar á leigu, unz bætt er úr annmörkum hins leigða húsnæðis.

Kvörtun um það, að íbúð eða annað leigt húsnæði hafi við upphaf leigutíma ekki verið í löglegu eða samningshæfu lagi, skal borin fram við leigusala innan þriggja vikna frá afhendingu, enda sé sagt til, hverra umbóta sé krafizt. Annars kostar skal telja, að leigutaki uni húsnæðinu. Ekki á þetta þó við, ef leigusali hefur farið sviksamlega að ráði sínu.

Nú koma síðar fram annmarkar á húsnæði, sem ekki voru sjáanlegir við venjulega athugun, þegar húsnæðið var afhent, og skal leigutaki þá kvarta undan þeim innan þriggja vikna frá því er hann varð þeirra var eða hefði átt að verða þeirra var.

Ekki má með samningi bregða frá ákvæðum þessarar greinar leigutaka í óhag.

16. gr.

Ef fyrri leigutaki hefur ekki á réttum tíma rýmt húsnæði, á leigutaki rétt á hlutfallslegri lækkun á húsaleigu þann tíma, sem hann fær ekki full umráð húsnæðisins. Ef tálmunum er ekki rutt úr vegi án ónauðsynlegs dráttar, eftir að leigusala hefur verið sagt til, getur leigutaki rift leigumálanum. Honum er auk þess rétt að krefjast skaðabóta, nema leigusali færi sönnur á, að hann eigi enga sök á drættinum.

Ekki verður með samningi vikið frá ákvæðum þessarar greinar leigutaka í óhag.

17. gr.

Nú reynist leigt húsnæði svo gallað, að heilsuspillandi er að hafast þar við, og leigusali verður ekki þegar við áskorun leigutaka eða heilbrigðisyfirvalda um að framkvæma nauðsynlegar umbætur, og getur leigutaki þá, hvenær sem er, rift leigumálanum.

Leigutaki getur ekki með samningi afsalað sér þessum rétti.

18. gr.

Nú hefur leigusali bætt úr annmörkum þeim, sem í 15., 16. og 17. gr. segir, og er þá leigutaka óheimilt að rifta leigumálanum eftir það.

Réttur leigutaka annars til að rifta leigumála, þegar svo stendur á sem í 15., 16. og 17. gr. segir, fellur niður, ef hann neytir hans ekki innan hæfilegs tíma.

19. gr.

Nú fara afnot samkvæmt leigumála í bága við lög eða önnur lögleg, opinber fyrirmæli, sem í gildi voru, þegar leigumáli var gerður eða framlengdur, eða þau samrímast ekki kvöðum eða öðrum líkum réttindum, er á eigninni hvíla, og er þá leigutaka rétt að rifta leigumála eða krefjast hlutfallslegrar lækkunar á leigu svo og að krefjast skaðabóta. Þetta gildir þó ekki, ef hið ólögmæta atferli hefur ekki valdið neinni skerðingu á afnotarétti leigutaka og leigusali verður þegar við áskorun um að kippa þessu í lag.

Ef hið ólögmæta atferli hefur einungis í för með sér minni háttar skerðingu á leiguafnotum, getur leigutaki ekki rift leigumála, nema leigusali hafi haft svik í frammi.

Ákvæði fyrstu og annarrar málsgreinar eiga ekki við, ef leigutaki vissi, að afnotin voru ólögmæt. Sama er, ef stórkostlegt gáleysi hans olli því, að hann vissi ekki, hvernig atvikum er háttað.

Ef leigutaki ber ekki fyrir sig, að afnot hins leigða húsnæðis séu ólögmæt, innan hálfs mánaðar frá því hann fékk vitneskju um það, getur hann ekki gert það síðar, nema leigusali hafi haft svik í frammi.

20. gr.

Nú hefur neyzla annarra réttinda á hinu leigða húsnæði í för með sér niðurfall leigumála fyrr en umsamið var, án þess að tilvikum 18. gr. sé til að dreifa, og er þá leigutaka rétt að krefjast skaðabóta úr hendi leigusala.

21. gr.

Nú lýkur leiguviðskiptum fyrr en umsamið var, sökum þess að handhafar opinbers valds, vegna heilbrigðisráðstafana eða af öðrum ástæðum, leggja bann við leiguafnotunum, og er leigutaka þá einungis skylt að greiða leigu til þess dags, er bannið gengur í gildi.

Ef bannið takmarkar afnotin einungis í minni háttar atriðum, getur leigutaki einungis krafizt hlutfallslegrar lækkunar á leigu.

22. gr.

Nú tekur leigumáli til húss eða hluta af húsi, sem ekki var fulllokið, er leigumálinn var gerður, og ber þá að beita ákvæðum 13., 15., 17. og 18. gr., að breyttu breytanda.

Leigutaki getur rift leigumála um slíkt húsnæði hvenær sem er, unz það er fullbúið til afnota, nema tiltekinn sé í leigumála ákveðinn dagur, er leigutíminn skal hefjast. Samningsákvæði þess efnis, að leigutaka sé skylt að bíða þess, að lokið sé gerð hússins, eða því líkt, eru ógild.

Nú tilkynnir leigusali leigutaka að minnsta kosti þremur mánuðum áður en leigutími skal hefjast, að hann geti ekki staðið við samning um að afhenda leigt húsnæði fullbúið á tilskildum tíma, og er hann þá undan því þeginn að greiða leigutaka skaðabætur, nema stórkostlegu gáleysi hans sé um að kenna, og tjái leigutaki ekki leigusala innan hálfs mánaðar, eftir að honum berst tilkynning leigusala, að hann rifti leigumálanum, getur hann ekki síðar rift honum sökum þess, að afhending fer ekki fram á tilskildum tíma.

Leigutaki getur ekki heldur krafizt skaðabóta eða rift leigumála, ef dráttur á afhendingu leigðs húsnæðis stafar af óviðráðanlegum atvikum, sem ekki varð afstýrt, þótt leigusali viðhefði alla þá aðgæzlu, sem með sanngirni varð af honum krafizt, og hann hefur án ástæðulauss dráttar látið leigutaka vita um hin óviðráðanlegu atvik, þegar eftir að þau bar að hendi.

Leigutaki getur þó, hvernig sem á stendur, rift leigumála, ef honum er ekki afhent hið leigða húsnæði í samningshæfu ástandi í síðasta lagi þremur vikum eftir þann dag, er leiguviðskiptin skyldu hefjast.

Leigutaki hefur ávallt rétt til þess að rifta leigumála og krefjast skaðabóta, ef leigusali hefur haft sviksemi í frammi.

Tilkynningar samkvæmt þessari grein skulu sendar í ábyrgðarbréfi.

Aðilar geta ekki fyrir þann tíma, er afnot samkvæmt leigumála skyldu hefjast, samið svo með sér, að kostur leigutaka þrengist frekar en að ofan er mælt um þau atriði, sem í þessari grein segir.

IV. KAFLI

Staður og stund leigugreiðslu.

23. gr.

Húsaleigu skal greiða fyrirfram mánaðarlega, nema öðruvísi semji.

Ef samið er um leigu um skemmri tíma en einn mánuð, er leigusala heimilt að krefjast greiðslu á leigunni um leið og leigutíminn hefst.

Ef gjalddaga leigu ber upp á sunnudag eða helgidag, 17. júní eða 1. maí, skal gjalddagi vera næsta virkan dag.

Nú er húsaleiga greidd fyrirfram fyrir lengri tíma en sex mánuði, og skal leigusali þá greiða leigutaka 6% vexti af þeirri fjárhæð, sem greidd er umfram sex mánaða leigu.

24. gr.

Húsaleigu og annað endurgjald, er leigutaka ber að inna af hendi, skal greitt á heimili leigusala eða öðrum þeim stað, sem hann tiltekur innanlands.

Nú hefur leigusali hvorki heimili né skrifstofu í sveitarfélagi því, þar sem hið leigða húsnæði er, og skal hann þá hafa umboðsmann, er heimili eða skrifstofu hefur í sveitarfélaginu og leigutaki getur snúið sér til.

Heimilt er leigutaka að senda leigugreiðslur í pósti. Leigugreiðsla telst innt af hendi þann dag, sem hún er afhent á pósthúsi.

25. gr.

Ef svo er kveðið á í samningi, að leigutaki skuli sérstaklega greiða fyrir hita og heitt vatn, er honum rétt að krefjast þess, að leigusali geri eigi sjaldnar en einu sinni á ári reikningsskil fyrir þessum gjöldum og geri grein fyrir því, hvernig þeim hafi verið skipt niður á íbúðir og húsakynni hússins.

V. KAFLI

Viðhaldsskylda leigusala o. fl.

26. gr.

Leigusala er skylt að halda leigðu húsnæði vel við og hafa í góðu lagi öll tæki til frárennslis svo og leiðslur og tæki til aðleiðslu á ljósi, gasi, vatni, hita og rafstraumi að lampastæðum, hitunartækjum og eldavélum.

Leigusali skal annast endurnýjun á veggfóðri og málningu svo og aðrar viðgerðir og viðhald vegna rýrnunar, sem stafar af sliti og elli, ávallt er þess gerist þörf samkvæmt venju og staðháttum, miðað við eðli húnæðisins.

Þá er leigusala og skylt að halda hreinu og sjá fyrir hæfilegri birtu í akdyrum, tröppum, kjöllurum, stigum, göngum og loftrýmum, er liggja að hinu leigða húsnæði, svo og að ræsta húsagarða og gangstéttir við húsið ásamt þeim hlutum eða tækjum, sem þar eru.

Leigusala ber þó ekki skylda til að ræsta gangstéttar, ef opinber aðili hefur tekið að sér ræstingu hennar.

Leigusali skal annast um, að húseignin í heild sé í tilhlýðilegu lagi.

27. gr.

Leigusali skal inna sérhvert viðgerðar- og viðhaldsstarf af hendi svo fljótt sem auðið er og á þann hátt, að það valdi leigutaka sem minnstu óhagræði.

28. gr.

Nú rýrnar eða spillist hið leigða húsnæði eftir að leigumáli tekur gildi, án þess að leigutaki eigi á því sök, hann sætir tálmunum eða óhagræði á afnotarétti sínum vegna vanrækslu leigusala á viðhaldsskyldu sinni eða vegna annarra ástæðna, sem leigutaka verður ekki um kennt, og ber þá að beita ákvæðum 15., 17. og 18. gr., að breyttu breytanda.

Samkomulag, sem brýtur í bága við þetta ákvæði, er ógilt.

29. gr.

Ef húsnæði eyðileggst af eldi eða öðrum óviðráðanlegum orsökum, meðan á leigutíma stendur, fellur leigumáli niður.

VI. KAFLI

Skyldur leigutaka.

30. gr.

Leigutaki skal annast á sjálfs sín kostnað viðhald og viðgerð á skrám, lyklum, rúðum í gluggum og hurðum, vatns- og gaskrönum og salernisskálum svo og raftenglum. Leigusala er þó skylt að annast viðhald og viðgerð á salernisskálum, ef

leikutaki leiðir sönnur að því, að rýrnun eða skemmd á þeim stafi ekki af hirðuleysi hans.

Ef svo er um samið, að leigutaki skuli taka á sig ræstingar- og viðhaldsskyldu, er skylda leigutaka ekki víðtækari en berum orðum er sagt í samningnum.

31. gr.

Leigutaki skal ganga um leigt húsnæði og húseign að öðru leyti með viðeigandi nærgætni. Honum ber að bæta fé allt það tjón, sem hlýzt af gáleysi eða vanrækslu hans sjálfs, heimilisfólks hans eða annarra manna, sem hann hefur leyft afnot af húsnæðinu eða umgang um það.

32. gr.

Leigutaka ber þegar að tilkynna leigusala tjón og annmarka á húsnæði, sem ráða þarf bót á tafarlaust. Annað tjón og annmarka skal hann tilkynna án ástæðulauss dráttar. Ef leigutaki vanrækir tilkynningarskyldu sína, skal hann bæta allt tjón, er af þeirri vanrækslu hlýzt.

33. gr.

Leigusali skal eftir föngum annast um, að góð regla og umgengni haldist í leigðri húseign. Leigutaka er skylt að hlíta fyrirmælum leigusala, sem miða að því að tryggja reglusemi og góða umgengni í leigðu húsnæði.

Leigutaka er skylt að annast um, að fólk það, sem á hans vegum er í húsnæði, hlýði og venjulegum húsagareglum.

34. gr.

Nú kemst veggjalús eða önnur meindýr í leigt húsnæði, og ber þá leigusala að gera ráðstafanir til eyðingar þeirra. Um rétt leigusala til skaðabóta vegna þess, að meindýr komust í hús hans, fer eftir almennum reglum.

35. gr.

Leigutaki má ekki, nema samþykki leigusala komi til, setja upp útvarpsloftnet eða önnur tæki eða tilfæringar á húseignina eða gera breytingar á leigðu húsnæði, svo sem að setja á ytri glugga, taka burt, færa til eða hafa skipti á ofnum, eldavélum, hurðum og öðru því líku.

Nú neitar leigusali um samþykki til þess að setja upp loftnet, án fullnægjandi ástæðna, og er sveitarstjórn rétt að veita leyfi til þessa, ef leigutaki leitar slíkrar heimildar.

Samkomulag andstætt 2. málsgr. þessarar greinar er ógilt.

36. gr.

Óheimilt er leigutaka að nota leigt húsnæði með öðrum hætti en ákveðið er eða gert er ráð fyrir í leigumála, nema samþykki leigusala komi til.

Ekki er framleiga á leigðu húsnæði í heild heimil. Þó er leigutaka, sem hefur íbúð á leigu, heimilt að selja á framleigu einstök herbergi úr íbúð sinni.

Leigutaka, sem íbúð hefur á leigu, er heimilt að taka í húsnæði sitt nákomna ættingja. Þó er leigusala rétt að banna viðtöku slíkra venzlamanna, ef heilbrigðisyfirvöldum þykir íbúðin muni verða ofsetin.

Leigutaka, sem hefur einstök herbergi á leigu, er heimilt einungis um stundarsakir að taka í húsnæði sitt nákominn ættingja.

Ekki verður með samningi brugðið af fyrirmælum í þessari grein.

VII. KAFLI
Aðgangur leigusala að leigðu húsnæði.

37. gr.

Leigusala eða fyrirsvarsmanni hans er heimill aðgangur að leigðu húsnæði, þegar þess gerist þörf.

Ef leigutaki skal rýma húsnæði samkvæmt uppsögn eða af öðrum ástæðum, er honum skylt að veita mönnum, sem leita húsnæðis, færi á því að skoða það á hentugum tíma. Ef þess er ekki getið í leigumála eða samkomulag hefur eigi síðar orðið um það, hvenær sýning húsnæðis skuli fram fara, er leigutaka rétt að tiltaka tíma, þó svo, að hann sé ekki óhentugur þeim, er húsnæðis leita, og skal hann að minnsta kosti vera tvær klukkustundir annan hvern virkan dag.

Sýna skal leigutaka fyllstu nærgætni við neyzlu þessa réttar. Nú er hvorki leigutaki né þjónn hans, heimilismaður eða fyrirsvarsmaður í leigðu húsnæði, og er þá einungis leigusala sjálfum eða fyrirsvarsmanni hans eða umboðsmanni rétt að sýna húsnæðið.

38. gr.

Leigusala er rétt að láta framkvæma venjulega viðgerð eða viðhald á leigðu húsnæði, nema þess verði með góðum rökum krafizt, að þessum verkum verði frestað, þar til leigutími er útrunninn.

39. gr.

Leigusala er rétt með minnst hálfs mánaðar fyrirvara að leggja leiðslur fyrir rafstraum, gas, vatn, hita og frárennsli um húsnæði. Þetta tekur þó ekki til sorprennu.

40. gr.

Leigasala er rétt að fá umráð yfir nauðsynlegum kjallara eða loftsrými til lagningar hitunartækja í leigða húseign, enda fái hann leigutaka annað hæfilegt húsrými í staðinn.

Leigutaki getur þó ekki krafizt annars húsrýmis í staðinn, ef telja má, að honum sé ekki lengur þörf þessa rýmis, eftir að hitalögn hefur verið framkvæmd.

41. gr.

Nýskipun eða breytingar á húseign eða leigðu húsnæði, sem 38. og 39. gr. taka til og annað hvort verða ekki gerðar án þess að valda leigutaka óhagræðis að marki, rýra afnotagildi húsnæðisins eða valda leiguhækkun, verða ekki framkvæmdar, nema leigutaka hafi verið gert viðvart með þeim fyrirvara, að hann geti sagt upp leigumála með venjulegum uppsagnarfresti og flutt úr hinu leigða húsnæði, áður en verkið er hafið.

Ekki verður með samningi brugðið af þessari grein leigutaka í óhag.

42. gr.

Viðgerðir, viðhald og breytingar á húsnæði skal framkvæmt á svo skömmum tíma sem unnt er og með fyllstu nærgætni gagnvart leigutaka. Ef leiðslur eru lagðar um húsnæðið, skal leigusali þegar í stað eða svo fljótt sem við verður komið sjá um, að húsnæðið komist í nothæft lag.

Ef sýnd er vanræksla við framkvæmd verksins, getur leigutaki krafizt skaðabóta.

Leigutaki getur ekki samið af sér þann rétt, sem honum er veittur í 1. og 2. málsgr. þessarar greinar.

VIII. KAFLI
Sérstakar reglur um húsnæði, sem leigt er til íbúðar.

43. gr.

Ákvæði 43.—45. gr. gilda um íbúðarhúsnæði, þó svo að undan þeim eru þegin:
1. Leigumáli um einstök herbergi.
2. Leigumáli um húsnæði með húsgögnum.
3. Leigumáli, sem einungis gildir um ákveðið tímabil og á að falla niður við lok þess.

44. gr.

Ef leigumáli fellur ekki niður vegna uppsagnar eða af öðrum löglegum ástæðum á fyrsta ári eftir að hann gekk í gildi, framlengist hann sjálfkrafa um eitt ár og þannig áfram frá ári til árs, unz honum verður löglega sagt upp, miðað við 14. maí eða 1. október.

Ekki þarf að þinglýsa slíkum leigumála.

Nú er leigutaki starfsmaður leigusala og hefur fengið húsnæði á leigu vegna þess starfa, en lætur af honum, og er leigusala þá rétt að segja honum upp húsnæðinu með venjulegum fyrirvara.

Samningsákvæði andstætt þessari grein er ógilt.

45. gr.

Húsaleigudómi er, þegar sérstaklega stendur á, rétt að úrskurða, að leigutaki geti þrátt fyrir uppsögn setið áfram í hinu leigða húsnæði í allt að 12 mánuði frá þeim tíma, er leigumála skyldi vera slitið, þyki sú niðurstaða sanngjörn, þegar litið er á hagsmuni leigutaka annars vegar og leigusala hins vegar, enda leggi leigutaki málið fyrir húsaleigudóm a. m. k. tveimur mánuðum áður en leigumála skyldi slitið.

Ákvæðum þessum verður þó ekki beitt, ef leigutaki hefur unnið til útburðar samkvæmt 67. gr.

Samningsákvæði andstætt þessari grein er ógilt.

IX. KAFLI
Sérstakar reglur um atvinnuhúsnæði.

46. gr.

Nú fellur leigumáli um atvinnuhúsnæði ekki niður vegna uppsagnar eða af öðrum löglegum ástæðum á fyrsta ári eftir, að hann gekk í gildi, og framlengist hann þá sjálfkrafa fyrst um tvö ár og síðan um þrjú ár í senn, unz honum verður löglega sagt upp, miðað við 14. maí eða 1. október.

Samningsákvæði andstætt þessari grein er ógilt.

47. gr.

Nú má ætla, að atvinnurekanda skipti mjög miklu að halda áfram atvinnurekstri sínum í leigðu húsnæði, t. d. vegna sambands hans við kaupunauta, langrar starfrækslu í húsnæðinu o. s. frv., og er þá húsaleigudómi rétt að framlengja leigumála um tiltekinn tíma, þó eigi lengur en 5 ár í senn, gegn þeirri leigu, er dómurinn ákveður.

Nú vill leigusali framkvæma endurbætur eða breytingar á húsnæðinu, og er þá dómnum rétt að heimila honum það og gera leigutaka að greiða hluta af þeim kostnaði, enda þyki sú ráðstöfun eðlileg og hagkvæm og skipti leigusala máli.

Mál samkvæmt þessari grein skal höfða innan tveggja mánaða frá uppsögn leigumála og skal rekið með svo miklum hraða sem kostur er. Leigutaki skal innan

tveggja vikna frá uppsögu dóms tilkynna leigusala, hvort hann vill una dómnum eða víkja úr húsnæðinu.

Nú kýs leigutaki að rýma húsnæði, og skulu þá lok leiguskipta miðast við næsta almennan fardag eftir uppsögu dóms og leigutaki greiða til þess tíma þá leigu, sem húsaleigudómur ákveður.

Leigutaki getur ekki með fyrir fram gerðum samningi afsalað sér rétti samkvæmt þessari grein.

48. gr.

Ákvæði 46. og 47. gr. taka ekki til:

a. Leigumála, sem gildir einungis um ákveðið tímabil og fellur niður við lok þess.
b. Leigumála um búðir og veitingastofur í leikhúsum, hvers konar skemmtistöðum og öðrum slíkum stofnunum.

49. gr.

Ákvæði 47. gr. takmarka ekki sérstaklega rétt leigusala, sem átt hefur húseign a. m. k. í eitt ár frá þinglýsingu að telja, til að segja upp atvinnuhúsnæði með löglegum fyrirvara:

1. Þegar rýma þarf húsnæði vegna niðurrifs eða endurbyggingar, enda liggi þá fyrir leyfi viðkomandi byggingaryfirvalda, ef því er að skipta.
2. Þegar leigusali segir leigutaka upp vegna þess, að leigusali eða arfgengir afkomendur hans hafa í hyggju að stofna þar til atvinnurekstrar, enda telji húsaleigudómur þessa fyrirætlun eðlilega.
3. Þegar veigamiklar ástæður mæla með því, að leigusali haldi óskertum rétti til uppsagnar á leigumála, einkum þegar opinberir hagsmunir eða miklir atvinnuhagsmunir eru í húfi.

50. gr.

Leigutaki hefur gagnvart leigusala rétt til að setja upp auglýsingaspjöld, auglýsingaskápa, ljósaauglýsingar og sóltjöld á veggi, dyr og glugga og því um líkt, svo sem venja er á staðnum og í samræmi við eðli og háttu atvinnurekstrarins og hússins.

51. gr.

Sérstakar breytingar, sem yfirvöld fyrirskipa á leigðu atvinnuhúsnæði til öryggis fé og fjörvi manna, skal leigutaki kosta.

52. gr.

Leigutaka húsnæðis, þar sem verzlun er rekin eða veitingar, er skylt að hafa afgreiðslustaðinn opinn og í tilhlýðilegum daglegum rekstri, nema lokun um stundarsakir vegna birgðakönnunar, skráningar eða annarra þess háttar tilvika sé nauðsynleg.

Ef húsnæði er leigt til rekstrar á tiltekinni atvinnugrein, má leigusali ekki, nema öðruvísi semji, selja annað húsnæði í sömu húseign á leigu til sams konar atvinnurekstrar né heldur nota það sjálfur til slíks atvinnurekstrar, enda megi telja, að það leiði af sér ósanngjarna samkeppni við leigutaka.

X. KAFLI

Leigumála breytt o. fl.

53. gr.

Nú áskilur leigusali sér eða heimtar leigu, sem er í ósamræmi við verðmæti hins leigða húsnæðis, og getur leigutaki þá krafizt þess, að húsaleigudómur kveði á um sanngjarna leigu. Við ákvörðun leigu ber að taka tillit til legu húseignar og hús-

næðis, tegundar þess, viðhalds, frágangs og staðhátta, svo og fyrra leigumats, enda sé hliðsjón höfð af leigu þeirri, sem í viðkomandi sveitarfélagi er tekin fyrir þess háttar húsnæði.

54. gr.

Nú færir húsaleigudómur leigu niður, og öðlast leigutaki þá rétt til þess að krefjast endurgreiðslu á því, sem ofgoldið var, og til þess að halda áfram leigumála gegn greiðslu hinnar lækkuðu leigu um það tímabil, er dómurinn ákveður, allt að þremur árum, ef um íbúðarhúsnæði er að tefla, en allt að fimm árum, ef málið varðar atvinnuhúsnæði.

Tímamörk þessi skulu talin frá því, er fullnaðardómur gengur í málinu.

55. gr.

Nú segir leigusali leigutaka upp húsnæði og ætla má, að leigusala gangi það til að ná leigukjörum, sem eru í misræmi við verðmæti hins leigða húsnæðis, og er þá húsaleigudómi rétt að dæma uppsögnina ógilda.

Leigutaki öðlast þá rétt til að halda húsnæðinu áfram gegn greiðslu þeirrar leigu, sem dómurinn telur sanngjarna, um tímabil, sem dómurinn getur ákveðið allt að þremur árum, ef um íbúðarhúsnæði er að tefla, en fimm árum, ef um atvinnuhúsnæði er að tefla, enda séu tímatakmörk þessi talin frá því er fullnaðardómur gengur.

Ef leigutaki hefur orðið að flytjast úr leigðu húsnæði, þegar svo stóð á sem í grein þessari segir, ber leigusala skylda til að greiða leigutaka fullar skaðabætur fyrir það tjón, sem hann hefur af því hlotið.

56. gr.

Ef leigumáli hefur að öðru leyti að geyma ákvæði, sem þykja berlega ósanngjörn í garð annars aðila, er húsaleigudómi rétt að meta þau ógild. Skal dómurinn í þessu sambandi annars vegar líta á það, hversu ákvæðið þrengir kosti annars aðila, og hins vegar á þá hugsmuni, sem hinn aðili hefur af því, að ákvæði samningsins gildi áfram.

57. gr.

Nú eiga leigutaki og leigusali í málaferlum vegna leigumála, og er þá dómstóli heimilt að kveða svo á í úrskurði, að leigumálanum verði ekki slitið á þann hátt, að leigutaki rými hið leigða húsnæði, fyrr en fullnaðardómur er genginn í málinu. Dómstóli er rétt að breyta úrskurði þessum hvenær sem henta þykir.

58. gr.

Húsaleigudómi er rétt, þegar brýna nauðsyn ber til, að heimila leigusala að segja leigutaka upp húsnæði með venjulegum fyrirvara, þrátt fyrir það þótt leigutaka hafi verið dæmdur réttur til húsnæðis um tiltekinn tíma.

Aðilaskýrsla skal tekin af leigusala og leigutaka, áður en úrskurður er upp kveðinn. Heimild leigusala til slíkrar uppsagnar má binda því skilyrði, að leigusali greiði leigutaka kostnað af brottrýmingu og flutningi eftir mati dómsins.

59. gr.

Ákvæði 53.—58. gr. taka yfir alla leigumála.

Þó verður mál ekki höfðað samkvæmt 53. gr. og 54. gr. fyrr en liðin eru 6 ár frá því að byrjað var á að reisa húseign þá, er um er að tefla, eða hafin var smíð nýrrar íbúðar í eldri húseign.

Leiga, sem greidd er til loka þessa 6 ára frests, verður ekki endurkrafin.

60. gr.

Krafa leigutaka um endurgreiðslu fyrir ofgreidda leigu fyrnist á einu ári.

Krafa leigutaka samkvæmt 55. gr. fyrnist á þremur mánuðum frá því upp er sagt.

61. gr.

Ákvæði 53., 54. og 55. gr. og 60. gr. um leigugreiðslur taka einnig til gagngjalds fyrir hlunnindi, sem eru í sambandi við leigumála.

62. gr.

Ekki verður vikið frá ákvæðum 53.—61. gr. til óhags fyrir leigutaka. Leigutaki getur þó afsalað sér leiguafnotum húsnæðis, sem honum hafa verið dæmd um tiltekið tímabil.

63. gr.

Nú er hitun eða lýsing innifalin í húsaleigu, og er þá leigusala heimilt vegna verðhækkunar á þessum verðmætum að hækka leiguna hlutfallslega.

XI. KAFLI

Andlát leigutaka, hjónaskilnaður o. fl.

64. gr.

Nú deyr leigutaki áður en leigumála er lokið, og er þá bæði leigusala og dánarbúi leigutaka heimilt að segja leigumála upp með venjulegum fyrirvara, miðað við næsta almennan fardag, enda þótt leigumáli hafi verið gerður til lengri tíma eða kveðið hafi verið á um lengri uppsagnarfrest. Þó er eftirlifandi maka, börnum og tengdabörnum, sem voru heimamenn leigutaka við andlát hans og vilja taka við leigumála hans með réttindum og skyldum, heimilt að ganga inn í leigumála í stað hins andaða, nema af hendi leigusala séu fram færðar gildar ástæður, er mæla því í gegn.

Nú flyzt leigutaki úr húsnæði, er hann hefur gert leigumála um, og er þá maka hans, sem verið hefur samvistum við hann í húsnæðinu, rétt að halda leigumála áfram með sama hætti og í 1. mgr. segir.

65. gr.

Nú er hjónaband leigutaka og maka hans dæmt ógilt eða hann skilur að borði og sæng eða algerum skilnaði við maka sinn, og skal þá, ef því er að skipta, kveða á um það í leyfisbréfi til hjónaskilnaðar eða dómi, hvor maka skuli halda áfram leigumála. Það hjóna, sem hefur vegna atvinnu sinnar afnot af leigðu atvinnuhúsnæði, skal hafa forgangsrétt til áframhaldandi leigu á því svo og nauðsynlegrar íbúðar, sem því kann að vera tengd.

Lokaákvæði 1. mgr. 64. gr. um rétt leigusala eiga hér við, að breyttu breytanda.

66. gr.

Leigutaki getur ekki, svo gilt sé, afsalað þeim rétti, sem maka hans er veittur samkvæmt 64. og 65. gr.

XII. KAFLI

Réttur leigusala til að rifta leigumála.

67. gr.

Leigusala er rétt að rifta leigumála í eftirtöldum tilvikum, þrátt fyrir það þótt leigutaka sé með lögum þessum eða samningi tryggður leiguréttur í húsnæði um tiltekinn tíma:

1. Ef leiga hefur ekki verið greidd innan hálfs mánaðar frá gjalddaga á heimili leigusala eða öðrum þeim stað, er hann hefur tiltekið, eða lögð í póst í ábyrgðarbréfi eða póstávísun. Þó er leigusala eigi heimilt að rifta leigumála af þessum sökum, ef dráttur á leigugreiðslu stafar hvorki af vangetu né vanvilja leigutaka til greiðslu.

2. Ef leigutaka ber að vinna af sér leigugreiðslu og honum verður á stórfelld vanræksla við þann starfa eða hann á annan hátt gerir sig sekan um meiri háttar handvömm í þeirri þjónustu.
3. Ef leigutaki nýtir húsnæðið á annan hátt en í leigumála er mælt eða heimilt er samkvæmt lögum þessum og hann lætur ekki af misnotkun þess þrátt fyrir áminningu leigusala.
4. Ef leigutaki misnotar þá heimild, sem 36. gr. veitir honum.
5. Ef leigutaki meinar leigusala eða öðrum, án gildra ástæðna, aðgang að hinu leigða húsnæði, þegar hann samkvæmt 37.—41. gr. skal veita slíkan aðgang.
6. Ef leigutaki flyzt úr húsnæði áður en leigutíma er lokið, án þess að hafa gert í samráði við leigusala nauðsynlegar ráðstafanir til gæzlu og verndar húsnæðinu.
7. Ef leigutaki níðir húsnæðið og ræður ekki bót á því, sem miður fer, þegar er leigusali krefst þess.
8. Ef leigutaki vanrækir, þrátt fyrir áminningar leigusala, skyldur þær, er á honum hvíla, til að sjá um, að góð regla og umgengni haldist á hinu leigða húsnæði, sbr. 33. gr.
9. Ef leigutaki húsnæðis, þar sem verzlun er rekin eða veitingar, gegnir ekki, þrátt fyrir áminningar leigusala, þeirri skyldu, sem honum er mælt á hendur í 52. gr. um að hafa afgreiðslustaðinn opinn og í tilhlýðilegum daglegum rekstri.
10. Ef leigutaki vanrækir annars einhverja þá skyldu, er á honum hvílir samkvæmt leigumála, á svo stórfelldan hátt, að rýming hans úr húsnæðinu telst eðlileg og nauðsynleg.

Nú er hegðun sú, sem leigutaka er gefin að sök, ekki stórra víta verð, og getur leigusali þá ekki slitið leigumála án venjulegs uppsagnarfrests. Leigusali getur ekki, svo gilt sé, áskilið sér með samningi rétt til að segja leigumála upp fyrirvaralaust af öðrum ástæðum en þeim, sem taldar eru í þessari grein.

68. gr.

Nú er leigumála rift af einhverri þeirri ástæðu, er í 67. gr. er mælt, og er leigutaka þá skylt að inna af hendi leigu og aðra þá greiðslu, sem á honum hvílir samkvæmt leigumála til þess almenna fardags, er hann mátti samkvæmt sjálfs sín uppsögn víkja úr húsnæðinu, og bæta leigusala allt tjón af vanefndunum, þar á meðal kostnað af útburðargerð. Leigusala er skylt að gera sér far um að selja húsnæðið aftur á leigu gegn hæfilegri leigu.

Arður, sem leigusali hefur af slíku húsnæði eða hefði átt að hafa af því á þeim tíma, er í 1. mgr. segir, skal dragast frá bótum þeim, sem leigutaka ber að greiða.

69. gr.

Nú hefur leigutaka orðið á misferli, er greinir í 1., 3., 5., 6. eða 7. lið 67. gr., en hann hefur bætt úr því, sem aflaga fór, áður en leigusali riftir leigumála, eða leigusali riftir ekki leigumála innan mánaðar, eftir að honum er kunnugt um misferli það, sem í 2., 4. eða 8.—10. lið 67. gr. segir, og er honum þá óheimilt síðar að láta bera leigutaka út úr hinu leigða húsnæði af þeim sökum.

Leigusala er óheimilt að áskilja sér frekari rétt á hendur leigutaka en kveðið er á um í þessum kafla laganna vegna misferlis, sem talið er í 67. gr.

70. gr.

Nú tekur fógeti kröfu leigusala um útburð á leigutaka til greina, en leigutaki áfrýjar málinu innan sjö daga frá uppsögu fógetaúrskurðar til hæstaréttar, og er þá fógeta rétt að fresta framkvæmd útburðar um tiltekinn tíma og gegn þeirri tryggingu, er hann kann að ákveða.

XIII. KAFLI
Afhending leigutaka á leigðu húsnæði.

71. gr.

Þegar leigumála er lokið, ber leigutaka að afhenda leigusala hið leigða húsnæði ásamt fylgifé í sama ástandi sem hann tók við því, þó svo, að hann er þeginn undan ábyrgð á rýrnun, sem stafar af fyrningu og almennu sliti, svo og annmörkum, sem leigusala ber að bæta úr. Aðra rýrnun skal leigutaki bæta.

Nú hefur leigusali ekki, innan viku frá því að leigumála lauk, borið fyrir sig annmarka, sem hann hefði átt að verða var við með því að viðhafa venjulega aðgætni, og getur hann þá eigi síðar komið fram ábyrgð á hendur leigutaka vegna þeirra. Þetta gildir þó ekki, ef leigutaki hefur haft svik í frammi.

72. gr.

Leigutaki má taka burt fastan búnað, leiðslur og annað slíkt, sem hann hefur komið fyrir í leigðu húsnæði, enda komi hann húsnæðinu þá að því leyti í samt lag og var, þegar hann tók við því.

Ef leigutaki hefur skilið eftir lása í útihurðum, þá er hann hefur komið þar fyrir, er honum skylt að afhenda leigusala alla lykla, er að þeim lásum ganga.

XIV. KAFLI
Ákvæði ýmislegs efnis.

73. gr.

Samþykki sveitarstjórnar þarf til:

1. að gera eina íbúð úr tveimur eða fleiri íbúðum;
2. að ein og sama fjölskylda nýti tvær íbúðir eða fleiri í sama sveitarfélagi;
3. að taka íbúðarhúsnæði að nokkru eða öllu leyti til annarrar notkunar en íbúðar.

Ákvæði 1. tölul. tekur ekki til þess, er handhafi ríkisvalds eða sveitarstjórn þarf að nýta íbúð í þágu opinberrar starfsemi.

Nú er leitt í ljós, að leigusali segir leigutaka upp húsnæði í því skyni að koma á tilhögun þeirri, er í 1.—3. tölul segir, og öðlast uppsögnin þá ekki gildi fyrr en sveitarstjórn hefur lagt samþykki sitt á hana.

Framangreind ákvæði taka bæði yfir notkun eiganda og leigutaka á íbúðarhúsnæði.

74. gr.

Umsókn um leyfi samkvæmt 73. gr. skal rækilega rökstudd. Sveitarstjórn skal svara henni innan þriggja vikna frá viðtöku, nema nauðsynjar hamli. Úrskurður sveitarstjórnar er fullnaðarúrskurður.

75. gr.

Áður en samþykki sveitarstjórnar er fengið, má ekki framkvæma þær ráðstafanir, sem í 73. gr., tölul. 1.—3., getur, né heldur hefjast handa um breytingu á húsum, er miða að því að gera eina íbúð úr tveimur eða fleiri íbúðum eða breyta íbúðarhúsnæði í húsnæði til annarra þarfa. Ef brotið er gegn þessu ákvæði, er sveitarstjórn rétt að krefjast þess, að húsnæðið sé fært aftur í samt lag.

76. gr.

Nú stendur íbúð auð lengur en 6 vikur, og er þá sveitarstjórn rétt að fyrirskipa eiganda að selja íbúðina á leigu. Ef ekki hefur verið flutzt í íbúðina innan mánaðar frá því sveitarstjórn veitti viðvörun sína, er henni heimilt að selja íbúðina á leigu á kostnað og ábyrgð sveitarsjóðs.

Ákvæði þessarar greinar taka ekki til íbúða, sem hafa enn ekki verið teknar í notkun eða standa auðar um stundarsakir vegna viðgerða eða breytinga. Þau

taka ekki heldur til sumarbústaða, enda séu þeir nýttir af eigandanum sjálfum eða fjölskyldu hans eða hafi a. m. k. tvö undanfarin ár verið seldir á leigu sama leigutaka.

Nú verða eigandi íbúðar og sveitarstjórn ekki ásátt um leigu eftir íbúð, sem sveitarstjórn tekur samkvæmt 1. mgr. þessarar greinar, og ákveður þá félagsmálaráðueytið leigukjörin.

77. gr.

Brot gegn ákvæðum 75. og 76. gr. varðar húseiganda sektum, lægst 100 krónum, er renna í ríkissjóð.

XV. KAFLI
Húsaleigudómur.

78. gr.

Setja skal á stofn húsaleigudóm í Reykjavík. Hann skulu skipa þrír dómendur, sem nefndir eru til fimm ára í senn. Hæstiréttur skipar formann og varaformann dómsins, og skulu þeir fullnægja skilyrðum til þess að vera héraðsdómarar.

Félagsmálaráðherra skipar samdómendur. Skulu þeir eigi vera yngri en 25 ára, íslenzkir ríkisborgarar, fjár síns ráðandi, hafa óflekkað mannorð og hafa staðgóða þekkingu á þeim málum, sem ber undir dómstólinn.

Tveir varamenn skulu skipaðir með sama hætti.

79. gr.

Til húsaleigudóms þess, er í 78. gr. segir, skulu lögð öll mál í Reykjavík og Hafnarfirði milli leigutaka og leigusala samkvæmt lögum þessum, önnur en útburðarmál, sem ber undir fógeta.

80. gr.

Utan Reykjavíkur og Hafnarfjarðar er húsaleigudómur skipaður héraðsdómara og tveimur sérfróðum mönnum, sem hann kveður hverju sinni til að fara með og dæma málið ásamt sér. Skulu þeir búnir þeim kostum, sem í 2. mgr. 78. gr. segir.

81. gr.

Áður en dómarar taka sæti í dómnum í fyrsta skipti, skulu þeir vinna eið eða heit að því að rækja dómarastarfann eftir beztu vitund.

82. gr.

Það er borgaraleg skylda að taka sæti í dómnum. Nú verða aðaldómara eða varadómara forföll, eða þeir eru ekki löghæfir til dómsstarfa í tilteknum málum, og skulu þá nefndir varadómarar í þeirra stað af sömu aðilum og áður segir.

83. gr.

Allur kostnaður af húsaleigudómi, þar með talin þóknun til dómara, greiðist úr ríkissjóði eftir ákvörðun félagsmálaráðherra. Réttargjöld skulu engin greidd.

Um gjafsókn og gjafvörn gilda almennar reglur.

84. gr.

Málsmeðferð fyrir húsaleigudómi hlítir reglum laga nr. 85/1936, um einkamál í héraði, eftir því sem við á.

Dómendur allir eða formaður framkvæma sáttaumleitun. Dómendur allir eða samdómendur framkvæma skoðun á leigðu húsnæði, þegar því verður við komið, og skal sú skoðun koma í stað venjulegrar skoðunar dómkvaddra manna í dómsmáli.

Afl atkvæða ræður úrslitum í dóminum, og skal dómur upp kveðinn innan viku frá því, að málflutningi er lokið.

Frávísunardóm eða úrskurði um, að mál beri undir dómstólinn, má kæra til hæstaréttar eftir venjulegum reglum.

85. gr.

Sáttum, gerðum fyrir húsaleigudómi, og dómum, kveðnum upp af honum, má fullnægja eftir almennum reglum.

XVI. KAFLI
Um áfrýjun.

86. gr.

Dómum húsaleigudóms um þau atriði, sem í 45., 47. og 53.—62. gr. segir, má áfrýja til yfirmatsdóms.

Öðrum úrskurðum og dómum húsaleigudóms má áfrýja til hæstaréttar með venjulegum hætti.

87. gr.

Nú áfrýjar aðili, og snýr hann sér þá til hæstaréttar innan hálfs mánaðar frá dómsuppsögu með beiðni um, að hæstiréttur skipi þrjá yfirmatsdómendur til að fara með málið.

Formaður yfirmatsdóms skal vera hæstaréttardómari eða fullnægja skilyrðum til að vera héraðsdómari. Samdómendur skulu vera þeim kostum búnir, sem segir í 78. gr., og vinna heit þau, er í 81. gr. getur.

88. gr.

Aðilar greiða kostnað af yfirmatsdómi eftir ákvörðun dómsins hverju sinni. Rétt er dómnum að krefjast fyrirfram tryggingar.

89. gr.

Ákvæði laga nr. 85/1936 um kæru til æðra dóms gilda um meðferð máls fyrir yfirmatsdómi, að breyttu breytanda.

Dómendur skoða vettvang, eftir því sem þurfa þykir.

Yfirmatsdómur skal ljúka störfum innan mánaðar frá því mál var tekið undir dóm, nema nauðsynjar hamli.

XVII. KAFLI
Niðurlagsákvæði.

90. gr.

Með lögum þessum eru úr gildi numin lög nr. 39 7. apríl 1943, um húsaleigu, lög nr. 47 3. febr. 1945 og lög nr. 95 12. des. 1945, um breyting á lögum nr. 39/1943, um húsaleigu.

91. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. júní 1949.

Bráðabirgðaákvæði.

1. Leigusala er óheimilt að segja upp leigumála um íbúðarhúsnæði, annað en einstök herbergi, sem leigð eru án afnota af eldhúsi, nema húsaleigudómur telji honum þess brýna þörf til íbúðar fyrir sjálfan sig eða skyldmenni í beina línu, kjörbörn eða fósturbörn, enda hafi hann og eignazt hús það, sem íbúðin er í, fyrir 1. janúar 1945. Þegar sérstaklega stendur á, getur húsaleigudómur þó dæmt aðfluttum opinberum starfsmanni, sem eignazt hefur hús á starfssvæði sínu eftir 1. janúar 1945, rétt til að segja upp leigumála um húsnæði í húsinu, ef honum telst þess brýn þörf til íbúðar handa sjálfum sér.

Þá er og ríkisstjórninni rétt að segja upp leigumála um húsnæði, sem ríkið hefur eignazt fyrir 1. janúar 1945, enda sé brýn nauðsyn á að rýma það handa opinberum starfsmanni eða starfsfólki, sem lögskylt er eða óhjákvæmilegt að sjá fyrir húsnæði, eða ef brýn þörf er fyrir húsnæði vegna skrifstofuhalds eða annarrar starfrækslu í opinbera þágu eða vegna nýbygginga eða breytinga á húseignum ríkisins.

Heimilt skal leigusala að skipta á íbúð sinni og íbúð leigutaka í húsi sínu, enda telji húsaleigudómur, að íbúð leigusala komi leigutaka að sömu eða svipuðum notum. Svo skal og leigusala, er sjálfur býr í húsi annars, heimilt með sama skilorði að skipta á íbúð við leigutaka í húsi sínu, enda samþykki leigusali hans skiptin. Skipti á íbúðum geta því aðeins farið fram, að leigusali hafi tilkynnt leigutaka vilja sinn þar um með sama fyrirvara og um uppsögn væri að tefla.

Uppsögn leigusala á verzlunarhúsnæði, þar sem rekin er mjólkur- eða brauðabúð, fisk- eða kjötverzlun, lýtur ákvæðum þessara laga um íbúðarhúsnæði, þó svo, að uppsögn á slíku húsnæði er heimil, ef leigusali hefur, af sér óviðráðanlegum ástæðum, misst húsnæði, er hann hefur notað til sjálfs sín atvinnurekstrar og húsaleigudómur telur honum þess brýna þörf til afnota fyrir þann atvinnurekstur, enda hafi hann eignazt húsnæði þetta fyrir 1. janúar 1945.

Uppsögn framleigusala á leigusamningum framleigutaka lýtur einnig ákvæðum þessa töluliðar, eftir því sem við á, þó svo, að ekki skiptir máli, hvenær framleigusali öðlast rétt yfir hinu leigða húsnæði.

Uppsögn samkvæmt framansögðu má meta gilda að öllu leyti eða nokkru, ef húsaleigudómur telur það henta.

2. Bráðabirgðaákvæði þessi takmarka ekki rétt leigusala samkvæmt 67.—70. gr. þessara laga.
3. Leigusala (framleigusala) er óheimilt að leigja öðrum en heimilisföstum innanhéraðsmönnum íbúðarhúsnæði, og eru slíkir leigusamningar ógildir.

   Opinberir starfsmenn ríkis og bæjar og alþingismenn, er koma til þingsetu, eru undanþegnir ákvæðum 1. mgr., svo og fastir nemendur í skólum ríkisins eða skólum, sem styrktir eru af ríkisfé, meðan þeir þurfa að hafa not skólavistar. Sveitarstjórn er og heimilt að veita einstökum mönnum undanþágu frá ákvæðum sömu mgr., ef alveg sérstaklega stendur á.

   Utanhéraðsmönnum er óheimilt að flytjast í hús, er þeir kaupa eftir 1. janúar 1945 í kaupstöðum og kauptúnum landsins, nema fullnægt sé ákvæðum 2. málsgr. þessa töluliðar.

   Sveitarstjórn getur látið framkvæma útburð á þeim utanhéraðsmönnum, sem ólöglega hafa tekið íbúðarhúsnæði á leigu í sveitarfélaginu eða flutt í það samkvæmt framansögðu, og skal þessu húsnæði ráðstafað handa húsnæðislausum innanhéraðsmönnum.
4. Íbúðarhúsnæði má ekki rífa nema heilbrigðisnefnd banni að nota það til íbúðar. Sveitarstjórn getur þó veitt sérstakt leyfi til þessa gegn því skilyrði, að húseigandi sjái um jafnmikla aukningu á húsnæði til íbúðar annars staðar í sveitarfélaginu. Skulu leigutakar í húsnæði því, sem rifið er, hafa forgangsrétt til leigu í hinu nýja húsnæði, sbr. 76. gr. 3. mgr. laga þessara.
5. Sveitarstjórn er heimilt að taka umráð yfir ónotuðu húsnæði og búa það til íbúðar. Um leigukjör fer samkvæmt 76. gr.
6. Óheimilt er að hækka húsaleigu eftir það íbúðarhúsnæði, sem í 1. tölul. greinir, frá því, sem goldið og umsamið var hinn 14. maí 1940, eða síðar hefur verið samþykkt eða ákveðið af húsaleigunefnd, nema samkvæmt eftirfarandi ákvæðum:

   Félagsmálaráðherra ákveður, að fengnum tillögum kauplagsnefndar, hlutfallið milli húsaleigu og viðhaldskostnaðar, miðað við 4. apríl 1939. Kauplagsnefnd skal með aðstoð hagstofunnar reikna út hækkun viðhaldskostnaðar fjór-

um sinnum á ári, 1. marz, 1. júní, 1. sept. og 1. des., miðað við mánuðina janúar—marz 1939. Síðan reiknar nefndin út húsaleiguvísitölu samkvæmt framansögðu. Er heimilt að hækka húsaleigu í samræmi við vísitölu þessa frá fyrsta næsta mánaðar eftir að húsaleiguvísitalan hefur verið reiknuð út hverju sinni.

Hækkun leigu samkvæmt 63. gr. er og heimil.

7. Ef leigutaki (framleigutaki) fer úr húsnæði að undangengnum úrskurði, sem byggzt hefur á því, að leigusali (framleigusali) og vandamenn hans þurfi á húsnæðinu að halda (sbr. 1. gr.), og síðan kemur í ljós, að þeir taka ekki húsnæðið til afnota, þá á fyrri leigutaki (framleigutaki) rétt til að fá húsnæðið aftur á leigu með sömu kjörum, ef hann kýs.
8. Öll ákvæði þessara laga um íbúðarhúsnæði gilda og um leigu á húsum, bryggjum og pöllum til línuveiðabáta, sem róa úr landi.

   Ef leiga eftir slík hús, bryggjur og palla hefur verið greidd með aflahlut, getur aðili krafizt, að leigan verði metin til peningaverðs, og má leiga þessi ekki hækka meira en sem svarar hækkun almennrar húsaleigu.
9. Sá, sem áskilur sér hærri leigu en heimilt er samkvæmt bráðabirgðaákvæðum þessum, tekur við hærri leigu eða brýtur ákvæði þeirra á annan hátt, skal sæta sektum frá 10—10000 krónum.

   Sektirnar renna í ríkissjóð.

   Með mál út af brotum á bráðabirgðaákvæðum þessum skal farið sem opinber mál.
10. Bráðabirgðaákvæði þessi gilda í Reykjavík og Hafnarfirði. Svo gilda þau og í öðrum kaupstöðum og kauptúnum, þar sem eru 500 íbúar eða fleiri, enda geri bæjarstjórn eða hreppsnefnd samþykkt um, að bráðabirgðaákvæðin skuli gilda þar og birti þá samþykkt almenningi í Lögbirtingablaði.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Frumvarp þetta hefur félagsmálaráðuneytið samið, og er með því gerð fyrsta tilraun hér á landi til þess að skapa heildarlöggjöf um húsaleigu, en húsaleiguviðskipti eru nú orðin mikill þáttur í viðskiptalífi landsmanna, sérstaklega í Reykjavík og öðrum kaupstöðum og stærri kauptúnum.

Virðist því tímabært að setja slík lög, enda hefur það hvað eftir annað sýnt sig, að ein mestu vandkvæðin á því að afnema núverandi húsaleigulöggjöf eða breyta henni verulega eru einmitt í því fólgin, að engin heildarlöggjöf um þessi efni er til og þess vegna miklu meiri óvissa um það, hvað við tekur, ef lögin yrðu afnumin, en vera mundi, ef til væri almenn löggjöf um húsaleigu, eins og hjá flestum menningarþjóðum.

Frumvarp þetta er að miklu leyti sniðið eftir húsaleigulögum Dana og Norðmanna, en miðað við íslenzka sérhætti og fullt tillit tekið til þeirra venja, sem skapazt hafa í leiguviðskiptum manna á milli hér á landi.

Frumvarpið er þannig samið, að verði það að lögum, getur það gilt óbreytt áfram, þótt bráðabirgðaákvæðin, sem því fylgja nú, falli úr gildi. Hefur þótt réttara að hafa þann hátt á en að taka ákvæði þau úr núgildandi húsaleigulögum, sem ætlazt er til, að falli síðar úr gildi, upp í sjálfa löggjöfina.

Krafa um róttæka endurskoðun núgildandi húsaleigulaga eða afnám þeirra hefur hvað eftir annað verið borin fram af samtökum húseigenda í Reykjavík síðan styrjöldinni lauk 1945, og þótt enn hafi engin breyting verið gerð á löggjöf þessari, er það ekki af því, að hún hafi ekki verið tekin til endurskoðunar og athugunar af þeim stjórnarvöldum, sem hlut hafa átt að máli, heldur af hinu, að um þær breytingar, sem bent hefur verið á að gera þyrfti, hefur aldrei náðst neitt samkomulag milli þeirra aðila, sem mál þessi snerta mest.

Fyrsta heildarendurskoðunin, sem fram fór á núgildandi húsaleigulögum, var gerð árið 1946 að tilhlutan þáverandi félagsmálaráðherra, Finns Jónssonar. Hann skipaði þrjá málafærslumenn í Reykjavík, þá Egil Sigurgeirsson, Gunnar Þorsteinsson og Baldvin Jónsson, í nefnd til að athuga, hver áhrif húsaleigulögin hefðu haft, og að endurskoða þau. Baldvin Jónsson var formaður nefndarinnar.

Nefnd þessi lauk störfum 24. febr. 1947 og skilaði ýtarlegri skýrslu um starf sitt.

Í áliti nefndarinnar er rakin nokkuð saga húsaleigulöggjafar hér á landi, og þykir rétt að taka þann kafla úr áliti hennar upp hér.

Þar segir svo:

„Með lögum nr. 24 12. september 1917, um húsaleigu í Reykjavík, var sett á stofn fimm manna húsaleigunefnd. Samkvæmt 2. gr. þeirra laga var leigusala óheimilt að segja leigutaka upp leigu á íbúðarhúsnæði hans, nema eiganda yrði talin þess brýn þörf til eigin íbúðar, enda hafi hann verið orðinn eigandi hússins þann 14. maí 1917. Þar var og bann við því að taka íbúðarherbergi til annarra nota en íbúðar, nema bæjarstjórn veitti til þess sérstakt leyfi. Leigutaki og leigusali áttu hvor um sig rétt til að leita úrskurðar húsaleigunefndar um hámarksleigu. Með lögum nr. 45 28. nóv. 1919 var síðan bætt við því ákvæði við fyrrgreind húsaleigulög, að bæjarstjórn Reykjavíkur var veitt heimild til að taka til sinna umráða auðar íbúðir og ráðstafa þeim til afnota handa húsnæðislausu fólki, enda kæmi fullt endurgjald fyrir. — Húsaleigunefnd skyldi þó áður rannsaka málið og síðan úrskurða, hvort húsnæðið skyldi tekið, og ákveða leiguupphæð, leigutímalengd og annað, sem þörf þótti að taka ákvörðun um og aðilum kom ekki saman um. Úrskurðir húsaleigunefndar hér að lútandi voru fullnaðarúrskurðir.

Fyrrgreind húsaleigulög (nr. 24/1917) voru að verulegu leyti frábrugðin núgildandi húsnæðislöggjöf hér á landi, þar sem lögin t. d. voru staðbundin við Reykjavík, náðu aðeins til íbúðarhúsnæðis og bönnuðu ekki fortakslaust hækkun á leigugjaldi eftir íbúðarhúsnæði. Hins vegar var hvorum aðila um sig, leigutaka og leigusala, samkvæmt 4. gr. laganna veittur réttur til þess að leita úrskurðar húsaleigunefndar um hámark leigugjaldsins.

Þessi lög svo og lög nr. 50 27. júní 1921, um húsnæði í Reykjavík, héldu síðan gildi, þar til þau voru afnumin 14. maí 1927 með lögum nr. 25 15. júní 1926.

Eftir að lög þessi höfðu verið felld úr gildi, voru ekki af löggjafarvaldinu settar neinar sérstakar skorður um ráðstöfun húseigenda á eignum sínum að þessu leyti, þar til á árinu 1939. En með lögum nr. 10 frá 4. apríl 1939, um gengisskráningu og ráðstafanir í því sambandi, voru fyrst aftur sett ákvæði um þessi efni. Í 7. gr. þeirra laga er svo ákveðið, að á tímabilinu frá gildistöku laganna (4. apríl 1939) til 14. maí 1940 væri óheimilt að hækka leigu eftir hús og aðrar fasteignir frá því, sem goldið væri og umsamið, þegar lögin öðluðust gildi, og það eins, þótt samið hefði verið um hækkun leigunnar vegna gengisbreytingar. Frá sama tíma var leigusala og óheimilt að segja upp leigusamningum um húsnæði, nema hann þyrfti á því að halda fyrir sjálfan sig eða vandamenn sína, enda hafi leigutaki haldið samninga. Í Reykjavík var jafnframt skipuð nefnd, og skyldi hún hafa eftirlit með, að ákvæðum greinarinnar væri fylgt, og úrskurða um allan ágreining í þessum efnum milli leigusala og leigutaka. Skylt var að leggja fyrir nefnd þessa til samþykktar alla leigumála, sem gerðir voru eftir að lögin öðluðust gildi. Skyldi nefndin gæta þess, að leiga væri ekki ákveðin hærri en sambærilegt væri við eldri leigusamninga, og hafði nefndin vald til að ákveða upphæð leigunnar, ef þörf gerðist. Enn fremur skyldi nefndin meta leigu eftir ný hús. — Utan Reykjavíkur skyldu fasteignamatsnefndir gegna þeim störfum, er húsaleigunefndin í Reykjavík annaðist.

Áðurgreind ákvæði, þ. e. 7. gr. laga nr. 10 frá 1939, voru úr gildi numin þann 14. maí 1940, en samtímis sett ýtarleg ákvæði um þessi efni með lögum nr. 91 frá 14. maí 1940, um húsaleigu.

Hinn 3. október 1940 gaf ríkisstjórnin út bráðabirgðalög um viðauka við lögin nr. 91 frá 1940. Í greinargerð fyrir bráðabirgðalögum þessum segir, að íbúðarhús-

næði í Reykjavík og jafnvel fleiri kaupstöðum og kauptúnum muni vera af svo skornum skammti, að ekki megi rýra það frekar en óhjákvæmilegt sé. Húsnæðisskortur þessi stafaði sumpart af því, að ekki hafi verið reist nálægt því eins mikið af íbúðarhúsnæði á árinu 1940 eins og venja hafi verið til, vegna hækkunar á verði byggingarefnis og erfiðleikum á útvegun þess, og sumpart af því, að eftirspurn eftir húsnæði hafi verið meiri en áður tíðkaðist, þegar ekki hafi verið neitt óvenjulegt ástand (dvöl setuliðs) í landinu.

Með lögum nr. 84 9. júlí 1941 var enn gerð breyting á húsaleigulögunum, nr. 91 frá 1940, jafnframt því sem ákvæði bráðabirgðalaganna frá 3. október 1940 voru staðfest. — Meginmál laganna nr. 84 frá 1941 var síðan fellt inn í lögin nr. 91 frá 1940, og voru lögin þannig breytt síðan gefin út sem lög um húsaleigu, nr. 106 8. sept. 1941.

Helztu nýmæli laga nr. 130 frá 3. okt. 1940 voru þau, að bannað var að taka íbúðarherbergi til annarra nota en íbúðar, og íbúðarhús mátti ekki rífa nema að fengnu samþykki heilbrigðisnefndar. Húsaleigunefndir gátu þó veitt sérstakt leyfi til þessa og sett það skilyrði, að húseigandi sæi um jafnmikla aukningu á húsnæði til íbúðar annars staðar.

Þá var húsaleigunefndum veitt heimild til að taka til umráða auðar íbúðir og ráðstafa þeim til íbúðar handa húsnæðislausu fólki, enda kæmi fullt endurgjald fyrir.

Á sama hátt var húsaleigunefndum veitt heimild til að taka til sinna umráða annað ónotað húsnæði og útbúa það til íbúðar.

Helztu nýmæli laganna nr. 84 frá 1941 voru þau, að leigusala var heimilt, frá 14. maí 1941 að telja, að hækka leigugjaldið samkvæmt sérstakri viðhaldsvísitölu, er kauplagsnefnd og hagstofu var falið að reikna út, enda væri leigumálinn staðfestur af húsaleigunefnd. Þá var og húsaleigunefnd gert að skyldu að hafa lokið við að afgreiða eða úrskurða ágreiningsefni, sem til nefndarinnar var skotið, að viðlögðum dagsektum, innan 14 daga.

Með bráðabirgðalögum nr. 107 8. sept. 1941 var lögunum enn breytt. Í greinargerð fyrir þeim bráðabirgðalögum segir, að í ljós hafi komið við skýrslusöfnun, að mörg hundruð fjölskyldur, auk fjölda einstaklinga í Reykjavík, væru þá eða yrðu húsnæðislausar þann 1. október 1941, og mikil húsnæðisvandræði væru einnig í öðrum kaupstöðum og kauptúnum landsins.

Samkvæmt bráðabirgðalögum þessum var leigusala óheimilt að segja upp leigusamningum um íbúðarhúsnæði, nema honum væri þess brýn þörf til eigin íbúðar að dómi húsaleigunefndar og að hann hafi orðið eigandi hússins, áður en lögin gengu í gildi (þ. e. fyrir 9. sept. 1941).

Uppsagnir á íbúðarhúsnæði, sem fram höfðu farið fyrir gildistöku laganna, en ekki komið til framkvæmda, skyldu vera ógildar, nema húseigandi sannaði fyrir húsaleigunefnd, að hann væri húsnæðislaus og þyrfti því á húsnæðinu að halda fyrir sjálfan sig.

Óheimilt var að leigja íbúðarhúsnæði öðrum en heimilisföstum innanhéraðsmönnum.

Þá var það undantekningarákvæði laga nr. 106/1941, að húsaleigulögin næðu ekki til einstakra herbergja, sem leigutaki eða leigusali leigðu út frá íbúð sinni, fellt úr gildi. — Bráðabirgðalög þessi voru síðan lögð fyrir Alþingi, er gerði á þeim nokkrar breytingar, og voru þau síðan gefin út sem lög nr. 126 frá 1941. Helzta nýmæli þeirra laga var stofnun 5 manna yfirhúsaleigunefndar. Enn voru gerðar breytingar á fyrri lögum með lögum nr. 35 frá 1942 og bráðabirgðalögum nr. 82 frá 29. september 1942. — Í greinargerð bráðabirgðalaganna segir, að rannsókn á húsnæðisvandræðunum í Reykjavík hafi leitt í ljós, að á annað hundrað fjölskyldur yrðu þar húsnæðislausar 1. október 1942.

Hinn 9. nóvember 1942 skipaði ríkisstjórnin þriggja manna nefnd til að athuga og endurskoða gildandi húsaleigulög og koma fram með breytingar á þeim, ef þurfa þætti. Tillögur nefndar þessarar voru síðan lagðar fyrir Alþingi í frumvarpsformi,

og var það frumvarp samþykkt með nokkrum breytingum og gefið út sem lög nr. 39 frá 7. apríl 1943. Eru þau lög enn í gildi, með þeim breytingum, er á þeim voru gerðar með lögum nr. 47 23. febr. 1945 og lögum nr. 95 frá 12. des. 1945.“

Í áliti nefndarinnar segir enn fremur:

„Helztu ákvæði núgildandi húsaleigulaga eru, sem kunnugt er, þessi:

Leigusala er óheimilt að segja upp leigusamningum um húsnæði, nema honum sé, að dómi húsaleigunefndar, þess brýn þörf til íbúðar fyrir sjálfan sig eða skyldmenni í beinni línu, kjörbörn og fósturbörn, enda hafi hann eignazt hús það, sem íbúðin er í, fyrir 9. sept. 1941. — Þegar sérstaklega stendur á, getur húsaleigunefnd þó leyft aðfluttum opinberum starfsmanni, sem eignazt hefur hús á starfssvæði nefndarinnar eftir þann tíma, að segja upp leigusamningum um húsnæði í húsinu, verði honum talin þess brýn þörf til íbúðar fyrir sjálfan sig. Loks getur ríkisstjórnin sagt upp leigumála um húsnæði, sem ríkið hefur eignazt fyrir 9. sept. 1941, sé aðkallandi nauðsyn að rýma fyrir opinberum starfsmanni eða starfsfólki, sem lögskylt er eða óhjákvæmilegt að sjá fyrir húsnæði, eða ef brýn þörf er fyrir húsnæðið vegna skrifstofuhalds eða annarrar starfrækslu í opinbera þágu eða vegna nýbygginga eða breytinga á húseignum ríkisins (l. nr. 47/1945).

Þá er leigusala heimilt að skipta á íbúð sinni og íbúð leigutaka, enda komi íbúð sú, er leigutaka er boðin í skiptum, honum að sömu eða svipuðum notum, að dómi húsaleigunefndar.

Leigusali heldur óskertum rétti sínum til að slíta leigumála vegna vanskila á húsaleigu eða annarra samningsrofa af hálfu leigutaka, svo og ef leigutaki hagar sér þannig eða fremur eitthvað það, er að mati húsaleigunefndar gerir leigusala verulega óþægilegt að hafa hann í húsum sínum.

Leigusala er óheimilt að leigja öðrum en heimilisföstum innanhéraðsmönnum íbúðarhúsnæði.

Opinberir starfsmenn ríkis og bæja og alþingismenn svo og fastir skólanemendur eru þó undanþegnir þessu ákvæði.

Utanhéraðsmönnum er almennt óheimilt að flytja í hús, sem þeir kunna að kaupa eftir 7. apríl 1943 í kaupstað eða kauptúni.

Húsaleigunefnd er veitt heimild til þess að láta framkvæma útburð á þeim utanhéraðsmönnum, sem lögum andstætt hafa tekið húsnæði á leigu eða flutt í það.

Íbúðarhúsnæði má ekki taka til annarra nota en íbúðar, og íbúðarhús má ekki rífa, nema heilbrigðisnefnd banni að nota þau til íbúðar. Húsaleigunefnd getur þó veitt sérstakt leyfi til þessa og sett það skilyrði, að húseigandi sjái um jafnmikla aukningu á húsnæði til íbúðar annars staðar í hlutaðeigandi kaupstað, kauptúni eða sveit.

Ef íbúðarhúsnæði er heimildarlaust tekið til annarrar notkunar en íbúðar, er húsaleigunefnd rétt að skylda húseiganda, að viðlögðum allt að 200 króna dagsektum í ríkissjóð, að taka upp fyrri notkun húsnæðisins.

Húsaleigunefnd er heimilt að taka til umráða auðar íbúðir og ráðstafa þeim til handa húsnæðislausu innanhéraðsfólki. Á sama hátt er húsaleigunefnd heimilt að taka til sinna umráða annað ónotað húsnæði og útbúa það til íbúðar.

Óheimilt er að hækka húsaleigu eftir húsnæði frá því, sem goldið og umsamið var hinn 14. maí 1940, nema sem hér segir: Félagsmálaráðherra ákveður, að fengnum tillögum kauplagsnefndar, hlutfallið milli húsaleigu og viðhaldskostnaðar, miðað við 4. apríl 1939. Kauplagsnefnd, með aðstoð hagstofunnar, reiknar út hækkun viðhaldskostnaðar fjórum sinnum á ári, miðað við mánuðina jan.—marz 1939. Síðan reiknar nefndin út húsaleiguvísitölu samkvæmt framansögðu. Er heimilt að hækka húsaleigu í samræmi við vísitölu þessa frá fyrsta næsta mánaðar eftir að húsaleiguvísitalan hefur verið reiknuð út hverju sinni. — Enn fremur er heimilt að hækka eftir mati húsaleigunefndar leigu eftir húsnæði sökum verðhækkunar á eldsneyti eða lýsingu, sem innifalið er í leigunni, vaxtahækkunar af fasteignum og annars þess háttar, svo og húsnæði, sem leigt hefur verið lægra en sambærilegt húsnæði á þeim

stað. — Skylt er að láta húsaleigunefnd meta leigu eftir ný hús og húsnæði, sem ekki hefur verið leigt áður.

Önnur atriði gildandi húsaleigulaga þykir ekki ástæða til að rekja hér.“

Nefnd þessi varð ekki sammála í tillögum sínum. Meiri hlutinn, þeir Baldvin Jónsson og Egill Sigurgeirsson, gátu ekki fallizt á, að lögin yrðu afnumin, en leggja til, að ýmis ákvæði þeirra verði rýmkuð.

Niðurlagsorðin í álitsgerð þeirra eru þessi:

„Það er skoðun okkar, að stefna beri að því að afnema húsaleigulögin eins fljótt og kostur er. — Um það verður ekki sagt nú með vissu, hversu hratt því verður komið í kring, enda matsatriði, og verður Alþingi að taka um það ákvörðun á hverjum tíma á grundvelli þeirra upplýsinga um húsnæðismálin, sem fyrir liggja. — Benda má á, að húsaleigulöggjöf sú, er sett var í fyrra stríði, var afnumin fyrst hinn 14. maí 1927.

Um breytingar þær á lögunum, sem gætu talizt áfangar á leiðinni til að afnema þau, viljum vér sérstaklega benda á eftirfarandi:

1. Bæjar- og sveitarstjórnum verði veitt heimild til þess að ákveða, hvort ákvæði húsaleigulaga skuli gilda í umdæmi þeirra eða ekki.
2. Leigusölum verði heimilað að segja upp leigu á húsnæði vegna fleiri skyldmenna en nú er, t. d. systkina.
3. Tími sá, er leigusali hefur eignazt hús það, er íbúðin er í, sem sagt er upp, verði færður fram, t. d. til 1. janúar 1943, 1. janúar 1944 o. s. frv., eftir því hvað langt væri talið fært að ganga.
4. Einstök herbergi, er leigusali leigir út frá íbúð sinni, verði tekin undan ákvæðum laganna.
5. Verzlunar- og skrifstofuhúsnæði verði tekin undan ákvæðum laganna.
6. Húsaleiguvísitalan verði endurskoðuð og um leið athugaðir möguleikar á því að leyfa hækkun á gamalli leigu.

Fleiri atriði þykir í sjálfu sér ekki ástæða til að rekja, enda mun það mjög fara eftir atvikum, hversu langt menn vilja ganga í afnámi laganna á hverjum tíma.“

Minni hluti nefndarinnar, en í honum var Gunnar Þorsteinsson hæstaréttarlögmaður og þáverandi framkvæmdastjóri Fasteignaeigendafélags Reykjavíkur, gerir í séráliti sínu grein fyrir þeirri skoðun, að við afnám húsaleigulaganna mundi ástandið í húsnæðismálum frekar batna en versna, og telur hann „ekki viðhlítandi að láta húsaleigulög þau, sem nú gilda hér, vera áfram í gildi“.

Að lokum segir Gunnar Þorsteinsson í áliti sínu:

„Samkvæmt framanskráðu geri ég þær tillögur til breytinga á lögunum nú þegar, er hér fara á eftir:

1. Að það ákvæði verði sett í lögin, að þau skuli falla úr gildi þann 14. maí 1948.
2. Að allt atvinnuhúsnæði verði gefið frjálst.
3. Að einhleypingsherbergi verði gefin frjáls.
4. Að uppsagnarfrestur leigusala verði rýmkaður þannig, að í stað orðanna „brýn þörf“ í 1. gr. laganna komi orðið „þörf“; að uppsagnarrétturinn nái til fleiri vandamanna, t. d. systkina, og að eignarhaldsskilyrði l. 9. september 1941 verði fært fram til 1. janúar 1947.
5. Að það ákvæði verði sett í lögin, að ef leigutaki ekki noti íbúðarhúsnæði til íbúðar í 3 mánuði, hafi hann fyrirgert leiguréttinum.
6. Að fyrirstríðsleigan verði hækkuð um a. m. k. 100% eða jöfnuði komið á alla húsaleigu, þannig að sama leigugjald komi fyrir sambærilegt leiguhúsnæði.“

Haustið 1947 var athugað á ný, hvort samkomulag gæti tekizt um einhvers konar tilslökun á húsaleigulöggjöfinni, og átti félagsmálaráðuneytið þá hlut að því, að trúnaðarmenn frá fasteignaeigendum og húsaleigunefnd Reykjavíkur ræddust við um slíkar breytingar, og var Baldvin Jónsson einnig til kvaddur.

Niðurstaða þeirra viðræðna varð algerlega neikvæð. Ráðuneytinu var þá ljóst, að tæpast yrði mál þetta leyst með samkomulagi, og var þá ákveðið að hefja undir-

búning að samningu heildarhúsaleigulöggjafar og afla sér í því skyni gagna frá nágrönnum vorum á Norðurlöndum um skipun þessara mála þar.

Á s. l. hausti var enn reynt að fá samkomulag um að bera fram einhverjar breytingar á húsaleigulögunum, og voru þá tilkvaddir þrír menn, sinn frá hverjum núverandi stjórnarflokka, en ekki reyndist heldur fært að samræma þau ólíku sjónarmið, sem þar komu fram.

Virtist ráðuneytinu þá þrautreynt, að ekki næðist samkomulag um neina lausn, og hóf samningu frumvarps þess, sem nú liggur hér fyrir.

Höfuðbreytingin, sem verður á skipun þessara mála frá því, sem nú er, verður sú, að allar húsaleigunefndir hverfa úr sögunni. Sveitarstjórnir taka við ýmsum verkefnum, sem húsaleigunefndir hafa nú, og valdssvið þeirra til afskipta af húsnæðismálum er verulega aukið frá því, sem nú er, og er það í samræmi við það, sem er annars staðar á Norðurlöndum. Meginverkefni húsaleigunefnda færist til nýs dómstóls — húsaleigudóms —, sem leigusalar og leigutakar geta skotið málum sínum til, og fellir hann úrskurði um ágreininginn í samræmi við lögin. Húsaleigudómur verður þó hvergi fastur dómstóll nema í Reykjavík, og fellur Hafnarfjörður einnig undir umdæmi hans. Annars staðar fer héraðsdómari með og dæmir mál þessi ásamt tveimur meðdómendum, sem hann kveður til hverju sinni. Dómum húsaleigudóms má áfrýja til hæstaréttar, öðrum en þeim, sem snerta tiltekin matsatriði, en þeim verður að vera hægt að áfrýja til sérstaks dómstóls, og er gert ráð fyrir slíkum yfirmatsdómi í frumvarpinu og að hann verði skipaður hverju sinni með líkum hætti og þegar mat er framkvæmt vegna eignarnáms. Þeir, sem eigast við fyrir slíkum yfirmatsdómi, greiða kostnaðinn eftir mati dómsins.

Húsaleigudómur er í senn venjulegur dómstóll og matsdómur, og verður því að hafa þennan hátt á um áfrýjun frá honum.

Atvinnuhúsnæði er ekki lengur látið vera háð bráðabirgðaákvæðunum, heldur er frjálst að segja því upp, en um það gilda áfram ýmis ákvæði í lögunum sjálfum. (Sbr. 46.—52. gr.).

Íbúðarhúsnæði er áfram háð lögþvingaðri leigu meðan bráðabirgðaákvæðin eru í gildi, en þó rýmkuð frá því, sem nú er, þannig:

1. að einstök herbergi eru tekin undan bráðabirgðaákvæðunum og falla undir ákvæði heildarlaganna;
2. að réttur eiganda til að segja upp vegna sjálfs sín eða ættingja sinna er rýmkaður, þannig að þann rétt öðlast nú þeir, sem eignazt hafa íbúðir fyrir 1. jan. 1945. (Í stað 9. sept. 1941 áður).

Þess er gætt að taka ekki inn í sjálf lögin bráðabirgðaákvæði, sem ætla verður að falli úr gildi, ef venjulegir tímar koma aftur, heldur eru þau tekin upp í sérstakan viðauka. Þar eru því dregin saman í eina heild og tekin upp aðalatriði núgildandi húsaleigulaga. Að sjálfsögðu fellur ýmislegt af því, sem húsaleigunefndir hafa nú með höndum, undir þá aðila, sem með framkvæmd húsaleigulaganna eiga að fara samkvæmt frumvarpinu, en það eru húsaleigudómur og sveitarstjórnir. Þess vegna verða óþörf mörg ákvæði núgildandi húsaleigulaga.

Bráðabirgðaákvæðin er ætlazt til að gildi fyrst og fremst fyrir Reykjavík og Hafnarfjörð, en þó sé sveitarstjórn í kaupstað og kauptúni, þar sem eru 500 íbúar eða fleiri, heimilt að kveða svo á með sérstakri samþykkt, að þau skuli einnig gilda þar.

Hér á landi hefur, eins og fyrr segir, aldrei verið sett heildarlöggjöf um húsaleigu.

Ákvæði íslenzkra laga hafa einungis varðað tiltekin atriði í skiptum leigusala og leigutaka og verið miðuð við undantekningarástand, sem skapazt hefur á styrjaldartímum og af húsnæðisvandræðum. Hinar almennu reglur um húsaleigu og lögskipti leigusala og leigutaka hafa verið leiddar út af grundvallarreglum kröfuréttar, og hefur dómsvenjan helgað þær. En vitaskuld getur slík dómsvenja aldrei skapað eins margbreytilegar reglur og mundu verða með lögum settum af Alþingi.

Það leiðir af líkum, að á sviði húsaleiguréttar er þörf á ýmsum sérreglum, er víkja frá almennum reglum kröfuréttar, en slíkar sérreglur verða einungis settar

með löggjöf frá Alþingi. Nauðsyn ber til, almenningi til öryggis, að setja ýmsar reglur, er takmarka hið almenna samningsfrelsi. Reynsla annarra þjóða staðfestir þetta. Hefur víða um lönd verið sett heildarlöggjöf um lögskipti leigusala og leigutaka, og virðist eigi síður nauðsyn á slíkri löggjöf á Íslandi en í grannlöndum vorum. Frumvarp þetta er í mörgum atriðum sniðið eftir norrænni löggjöf um sama efni, svo og frumvarpi Vinding Kruse prófessors í Kaupmannahöfn, en hann hefur samið frumvarp til borgaralegrar lögbókar handa Norðurlöndum. Vitaskuld hefur í ýmsum atriðum verið vikið frá þessum fyrirmyndum, þar sem íslenzkir sérhættir þóttu veita efni til þess. Ýmsar reglur laganna, þar á meðal fyrningarfrestir, mundu afstýra fjölda mála, ef að lögum yrðu, og þar með koma í veg fyrir óþarfa málaferli og fjársóun.

Um einstaka kafla og greinar frumvarpsins þykir rétt að taka þetta fram:

1. Um I. kafla: Almenn ákvæði.

Þar er greint það húsnæði, sem lögunum er ætlað að taka til. Um annað húsnæði mundi fara að almennum reglum kröfuréttar, enda taki sérlög ekki til þess.

Rétt þykir að benda á 3. gr., sem gefur reglur um það, að hverju leyti lögin eru frávíkjanleg. Með 5. gr. er reynt að tryggja það, að svo sé frá leigumála gengið að leigutaka sé ljóst, hvaða skyldur hann tekst á hendur. Sá háttur hefur verið hafður á hér í Reykjavík og víðar, að leigusalar hafa komið með prentaða leigumála til leigutaka og látið þá skrifa undir þá. Hafa slíkir leigumálar oft viljað litast af sjónarmiðum annars samningsaðila. Ákvæði 6. greinar frumvarpsins eiga að tryggja hlut leigutaka í þessu efni.

2. Um II. kafla: Um leigufardaga og uppsögn húsnæðis.

Leigufardagar skulu vera þeir sömu og almennir hafa verið hér á landi, og uppsagnartími á íbúðum sá sami og gilti hér áður en núverandi húsaleigulög voru sett.

Í sambandi við uppsögn á húsnæði er rétt að benda á ákvæði 45. og 47. gr., sem eru nýmæli í íslenzkri löggjöf. Ákvæði 11. gr. miða að því að setja skýrar reglur um takmarkatilvik og girða fyrir óþarfa málaferli.

3. Um III. kafla: Afhending leigðrar íbúðar og húsnæðis.

Meginefni þessa kafla er í samræmi við þær reglur, sem gilt hafa. Þó eru sett skýr ákvæði um ýmis tilvik, er áður mátti deila um, og sum ákvæði gerð ófrávíkjanleg og leigutaka þar með veitt aukin vernd. Í þessu sambandi má t. d. benda á ákvæði 22. gr.

4. Um IV. kafla: Staður og stund leigugreiðslu.

Samkvæmt núgildandi reglum skal leiga greiðast eftir á fyrir hvert það tímabil, sem leiga er miðuð við, t. d. venjulega mánaðarlega eftir á.

Sanngjarnt þykir að breyta þessu og ákveða, að leiga skuli greidd fyrirfram nema öðruvísi semji. Að öðru leyti virðist ekki þörf að skýra ákvæði þessa kafla.

5. Um V. kafla: Viðhaldsskylda leigusala o. fl.

Ákvæði þessa kafla eru að mestu leyti í samræmi við þær reglur, er nú gilda, og þarfnast ekki sérstakra skýringa. Nýmæli er það vitaskuld hér sem víðar í frumvarpinu, að sum ákvæðin eru gerð ófrávíkjanleg.

6. um VI. kafla: Skyldur leigutaka.

Í kafla þessum þykir sérstaklega ástæða til að benda á 36. gr. Reynt hefur verið að hafa hana í aðalatriðum í samræmi við venjur þær, er skapazt hafa hér á landi um þetta efni.

7. Um VII. kafla: Aðgangur leigusala að íbúð eða húsnæði.

Reglur um þau atriði, sem tekin eru til meðferðar í þessum kafla, hafa verið nokkuð óljósar hér á landi. Ákvæði kaflans virðast það glögg, að ekki þurfi að láta þeim fylgja sérstakar skýringar.

8. Um VIII. kafla: Sérstakar reglur um húsnæði, sem leigt er til íbúðar.

Ákvæði þessa kafla eru nýmæli, og er þeim ætlað að skapa nokkurt öryggi í viðskiptum leiguaðila. Má sérstaklega benda á ákvæði 44. gr. um, að leigumáli framframlengist sjálfkrafa um eitt ár í senn, þegar sérstaklega stendur á. Ákvæði 45. gr. fela í sér heimild til þess að leyfa leigutaka að sitja nokkurn tíma í íbúð, sem hann skal víkja úr, ef ástæður eru þær, að leigutaka skiptir það miklu, t. d. vegna veikinda eða annarra sérstaklega erfiðra ástæðna, en eiganda skiptir það tiltölulega miklu minna máli. Virðist regla sem þessi réttlát og nauðsynleg, þar sem samningsfrelsi er annars um leigukjör.

9. Um IX. kafla: Sérstakar reglur um atvinnuhúsnæði.

Kafli þessi er nýmæli í íslenzkri löggjöf. Ákvæði 46. gr. um atvinnuhúsnæði samsvara ákvæðum 44. gr. um íbúðarhúsnæði, þó svo, að leigumáli framlengist sjálfkrafa um lengri tíma í einu. Í 47. gr. er veitt heimild til þess að láta leigutaka sitja áfram um tiltekið tímabil í atvinnuhúsnæði, þótt leigusali hafi sagt honum upp. Í Danmörku er sérstaklega skipuðum gerðardómi falin meðferð þessara mála, en hér þótti ekki ástæða til að taka þau undan húsleigudómnum. Þar er og heimild til að dæma leigutaka, er verður að víkja, bætur úr hendi leigusala, er hagnýtir sér aðstöðu þá, sem leigutaki hafði skapað, en ekki þótti að svo stöddu rétt að taka slík ákvæði í lög hér.

10. Um X. kafla: Leigumála breytt o. fl.

Ákvæði kafla þessa eru yfirleitt nýmæli. Aðalreglan er í 56. gr. um það, að ef leigumáli geymir ákvæði, sem eru berlega ósanngjörn í garð annars hvors aðila, má húsaleigudómur breyta þeim. Benda má á ákvæði 59. gr. 2. málsgr. um að mál samkvæmt 53. og 54. gr. til lækkunar á leigu verði ekki höfðað fyrr en liðin eru 6 ár, frá því byrjað var að reisa húseign þá, sem um var að tefla, eða hafin var smíði nýrrar íbúðar í eldri húseign. Þetta er gert í því skyni, að maður, sem reisir íbúð og tryggir sér jafnframt leigjendur, sé varinn fyrir lækkun leigu, meðan skuldabyrði vegna hússins hvílir þyngst á honum. Þá má og benda á ákvæði 55. gr. um, að uppsögn sé ógild, ef hún er framkvæmd í því skyni að ná leigukjörum, sem eru í misræmi við verðmæti hins leigða húsnæðis.

11. Um XI. kafla: Andlát leigutaka, hjónaskilnaður o. fl.

Samkvæmt reglum þeim, er nú gilda, hefur maki rétt til þess að halda áfram leigu látins maka. Heimild þessi er hér einnig látin ná til barna og tengdabarna leigutaka, sem voru heimamenn hans við andlátið. Ákvæði 65. gr. setja skýrar reglur um meðferð leiguhúsnæðis, ef hjónaband leigutaka er dæmt ógilt eða hjón skilja. Reglur um þessi efni eru nú fremur óskýrar.

12. Um XII. kafla: Réttur leigusala til að rifta leigumála.

Óhætt er að staðhæfa, að ákvæði kafla þessa, ef að lögum yrðu, mundu koma í veg fyrir margvísleg málaferli og þar með afstýra mikilli fjársóun. Mörg af ákvæðum 67. gr. eru að vísu í samræmi við þær reglur, sem nú eru taldar gilda, en hér eru ákvæðin sett glögg og afmörkuð, en sérstaklega sker ákvæði 69. gr. úr því, hvenær réttur leigusala er glataður, en nú verður það að metast hverju sinni. Það er altítt, að leigusali biður um útburð á leigutaka sínum. Fógeti kemst að þeirri niðurstöðu, að útburðarkrafa skuli tekin til greina, og kveður upp úrskurð þess

efnis. Leigusali krefst framkvæmdar á úrskurðinum, og er leigutaki þá borinn út. Síðan áfrýjar leigutaki úrskurðinum, og hæstiréttur kemst e. t. v. vegna nýrra skýrslna eða annarra gagna að þeirri niðurstöðu, að útburðarbeiðnin hefði ekki átt að takast til greina. Af þessu geta hlotizt mikil óþægindi fyrir báða aðila. Leigusali e. t. v. búinn að ráðstafa íbúðinni á þessu tímabili og leigutaki búinn að koma sér einhvers staðar fyrir. Leigusali getur orðið skaðabótaskyldur o. s. frv. Ákvæði 70. gr. eiga að stuðla að því, að komizt verði hjá þessu, og þar með skapa meira öryggi í lögskiptum leigusala og leigutaka.

13. Um XIII. kafla: Afhending leigutaka á leigðu húsnæði.

Þessi kafli þarfnast ekki sérstakra skýringa.

14. Um XIV. kafla: Ákvæði ýmislegs efnis.

Kafli þessi miðar að því, að húnæði verði nýtt sem bezt, og er sveitarstjórn falið að hafa eftirlit með því. Ákvæðin virðast ekki þarfnast sérstakra skýringa.

15. Um XV. kafla: Húsaleigudómur.

Ákvæði núgildandi húsaleigulaga hafa í ýmsum greinum óþarfa eyðslu starfskrafta og fjár í för með sér. Sem dæmi má nefna 10. gr. þeirra laga, þar sem skylt er að bera atriði, sem er dómstólamál, fyrst undir húsaleigunefnd og fá úrskurð hennar, sem aðilar síðan eru alls ekki bundnir við. Má fullyrða, að þetta fyrirkomulag hefur kostað ríkissjóð stórfé að þarflausu.

Frumvarpið gerir ráð fyrir, að húsaleigunefndir verði nú lagðar niður, en stofnaður verði húsaleigudómur, sem í senn dæmir mál milli leigusala og leigutaka, önnur en útburðarmál, sem ber undir fógeta, og framkvæmir ýmiss konar mat samkvæmt ákvæðum laganna.

Húsaleigudómur skal skipaður sérstökum dómsformanni í Reykjavík og Hafnarfirði, en annars staðar héraðsdómara. Um skipan dómsins vísast að öðru leyti til frumvarpsgreinanna.

16. Um XVI. kafla: Um áfrýjun.

Ekki þykir við eiga að áfrýja til hæstaréttar dómum húsaleigudóms um matsatriði, þau er í 45., 47. og 53.—62. gr. segir. Er því gert ráð fyrir, að þeim málum megi skjóta til yfirmatsdóms, sem skipaður er með líkum hætti og yfirmatsnefnd við eignarnám. Ætlazt er til, að aðilar beri sjálfir kostnað af þessari áfrýjun eftir ákvörðun dómsins, og er það m. a. gert til þess að koma í veg fyrir óþarfa áfrýjun.

Að öðru leyti virðist kafli þessi ekki þarfnast skýringa.

17. Um XVII. kafla: Niðurlagsákvæði.

Kaflinn þarfnast ekki skýringa.

18. Um bráðabirgðaákvæðin.

1. Um 1. lið. — Fyrsta bráðabirgðaákvæði hefur að geyma fyrstu grein núgildandi húsaleigulaga þannig breytta, að atvinnuhúsnæði og einstaklingsherbergi önnur en þau, sem aðgangur að eldhúsi fylgir, eru tekin undan gildandi uppsagnarákvæðum, og er heimilt að segja upp leigu á slíku húsnæði samkvæmt ákvæðum frumvarpsins, ef að lögum verður. Þó hefur þótt rétt, að húsnæði, þar sem reknar eru mjólkur- og brauðabúðir og fisk- og kjötbúðir, lúti áfram sömu ákvæðum og íbúðarhúsnæði, þar sem skyndileg uppsögn og breyting á slíkum búðum getur valdið miklum óþægindum fyrir almenning.

2. Um 2. lið. — Annað bráðabirgðaákvæði svarar til 2. gr. núgildandi húsaleigulaga, en þau ákvæði eru annars tekin upp í 67.—70. gr. frumvarpsins, og þarfnast það ekki frekari skýringa.

3. Um 3. lið. — Þriðja bráðabirgðaákvæði er að meginefni 3. gr. núgildandi húsaleigulaga. Þar á eru þó þær breytingar, að alþingismenn, opinberir starfsmenn og skólafólk þarf ekki að tilkynna, að það hafi tekið húsnæði á leigu, enda munu slíkar tilkynningar hafa lagzt niður að mestu. Sveitarstjórn er veitt sú heimild, er húsaleigunefnd hefur til þess að veita einstökum mönnum öðrum en þeim, sem að ofan getur, undanþágu í þessu efni, ef sérstaklega stendur á. Þá er utanhéraðsmönnum heimilað að flytjast í hús, sem þeir hafa keypt fyrir 1. jan. 1945, og loks er útburðarréttur húsaleigunefndar á utanhéraðsmönnum fluttur til sveitarstjórnar.

4. Um 4. lið. — Fjórða bráðabirgðaákvæði svarar til fyrstu mgr. 4. gr. núgildandi húsaleigulaga. Sveitarstjórn kemur þó þar í stað húsaleigunefndar, og því ákvæði er bætt við, að leigutakar í húsnæði, sem rifið er, skuli hafa forgangsrétt til leigu í hinu nýja húsnæði, sem reist er í staðinn.

5. Um 5. lið. — Fimmta bráðabirgðaákvæði svarar til 1. mgr. 5. gr. núgildandi húsaleigulaga, en að öðru leyti verða ákvæði þeirrar greinar óþörf, ef frumvarpið verður að lögum.

6. Um 6. lið. — Sjötta bráðabirgðaákvæði svarar til 6. gr. núgildandi húsaleigulaga, en þar er bönnuð hækkun á húsaleigu í íbúðarhúsnæði. Undan þessu ákvæði fellur nú leiga á atvinnuhúsnæði og einstökum herbergjum. Rétt þykir að halda áfram ákvæðunum um húsaleiguvísitöluna, meðan leiga íbúðarhúsnæðis er bundin. Önnur ákvæði 6. gr., sem ekki verða óþörf, eru tekin upp í sjálft frumvarpið.

7. Um 7. lið. — Sjöunda bráðabirgðaákvæði er orðrétt 14. gr. núgildandi húsaleigulaga.

8. Um 8. lið. — Áttunda bráðabirgðaákvæði er 15. gr. núgildandi húsaleigulaga, og hefur þótt rétt að halda þessu ákvæði vegna viðlegubáta í verstöðvum, þótt það raunar geti orkað tvímælis að halda því, þegar atvinnuhúsnæði hefur annars verið leyst undan ákvæðum núgildandi laga.

9. Um 9. lið. — Níunda bráðabirgðaákvæði er samhljóða 17. gr. núgildandi húsaleigulaga og þarfnast ekki frekari skýringa.

10. Um 10. lið. — Tíunda bráðabirgðaákvæði er nýmæli. Þar er ákveðið, að þessi ákvæði skuli einungis gilda í Reykjavík og Hafnarfirði, þó getur sveitarstjórn í kaupstað eða kauptúni gert sérstaka samþykkt um, að bráðabirgðaákvæðin skuli gilda í sveitarfélaginu.

Byggist þetta á því, að margt bendir til, að ákvæða þessara sé nú orðin miklu minni þörf í ýmsum kaupstöðum og kauptúnum en áður var.

Önnur ákvæði, sem eru í núgildandi húsaleigulögum, er óþarft að taka upp, því að annaðhvort er, að þau hafa verið tekin upp í frumvarpið sjálft eða þau verða óþörf vegna hinna fyrirhuguðu breytinga á skipun þessara mála.

Að lokum þykir rétt að minnast á kostnaðarhliðina á frumvarpi þessu.

Núverandi húsaleigulöggjöf kostar ríkissjóð árlega ca. 225 þús. krónur, og mun svo verða meðan lögin eru í gildi. Vísast þar um til meðfylgjandi fylgiskjals, er sýnir kostnaðinn árið 1948.

Aðalkostnaðurinn af frumvarpi þessu verður af hinum sérstaka húsaleigudómi í Reykjavík, sem ætlazt er til að skipaður verði þremur mönnum. Ráðuneytið telur, að dómsstörfum þessum mætti gegna sem aukastörfum, a. m. k. þegar frá líður og festa fer að komast á í meðferð mála þessara.

Virðist því svo sem hæfilegt væri að áætla árlegan kostnað af húsaleigudómi í Reykjavík sem næst 50 þús. krónum á ári. Þó gæti kostnaðurinn orðið eitthvað meiri fyrstu 1—2 árin, vegna mikilla starfa þau ár, en er frá líði, ætti kostnaðurinn að lækka að mun.

Fylgiskjal.

Kostnaður við húsaleigunefndir árið 1948.

I. Yfirhúsaleigunefnd (5 menn).		
a. Launagreiðslur með verðlagsuppbót	kr.	39 600.00
b. Annar kostnaður	—	2 400.00
	Kr.	42 000.00
II. Kaupstaðir.		
1. Húsaleigunefnd Reykjavíkur (7 menn).		
a. Launagreiðslur með verðlagsuppbót	kr.	104 580.00
b. Annar kostnaður	—	18 000.00
	Kr.	122 580.00
2. Húsaleigunefnd Hafnarfjarðar (3 menn).		
a. Launagreiðslur með verðlagsuppbót	kr.	8 100.00
b. Annar kostnaður	—	1 655.00
	Kr.	9 755.00
3. Húsaleigunefnd Ísafjarðar (3 menn).		
a. Launagreiðslur með verðlagsuppbót	kr.	5 400.00
b. Annar kostnaður	—	600.00
	Kr.	6 000.00
4. Húsaleigunefnd Sauðárkróks (3 menn).		
Launagreiðslur með verðlagsuppbót	kr.	480.00
5. Húsaleigunefnd Siglufjarðar (3 menn).		
a. Launagreiðslur með verðlagsuppbót	kr.	5 760.00
b. Annar kostnaður	—	660.00
	Kr.	6 420.00
6. Húsaleigunefnd Akureyrar (3 menn).		
a. Launagreiðslur með verðlagsuppbót	kr.	18 900.00
b. Annar kostnaður	—	315.00
	Kr.	19 215.00
7. Húsaleigunefnd Ólafsfjarðar (3 menn).		
Launagreiðslur með verðlagsuppbót	kr.	1 000.00
8. Húsaleigunefnd Seyðisfjarðar (3 menn).		
Launagreiðslur með verðlagsuppbót	kr.	1 350,00
9. Húsaleigunefnd Neskaupstaðar (3 menn).		
Launagreiðslur	kr.	1 000.00
10. Húsaleigunefnd Vestmannaeyja (3 menn).		
a. Launagreiðslur með verðlagsuppbót	kr.	10 578.00
b. Annar kostnaður	—	2 500.00
	Kr.	13 078.00
III. Kauptún.		
1. Keflavík	kr.	1 000.00
2. Höfðakaupstaður	—	985.00
3. Seljarnarneshreppur	—	932.00
4. Kópavogshreppur	—	1 115.00
	Kr.	4 032.00

Kostnaður samtals:

1. Yfirhúsaleigunefnd	samtals kr.	42 000.00
2. Kaupstaðir	—	—	180 878.00
3. Kauptún	—	—	4 032.00
	Samtals kr.		226 910.00

Félagsmálaráðuneytið, 15. marz 1949.

Sþ. 490. Nefndarálit [129. mál]

um till. til þál. um undirbúning að stofnun hressingarhælis í Reykjanesi við Ísafjarðardjúp.

Frá allsherjarnefnd.

Allsherjarnefnd hefur rætt tillöguna og telur rétt, að sú athugun, sem hún fer fram á, verði látin fram fara. Jafnframt álítur nefndin, að æskilegt sé, að athugaðir verði víðar um land möguleikar til þess að hagnýta jarðhita í þágu heilbrigðismála. Ber einnig nauðsyn til þess, að ýtarleg rannsókn fari fram á jarðvegi hinna heitu staða. Samkvæmt framansögðu leggur nefndin til, að tillaga þessi verði samþykkt óbreytt.

Alþingi, 24. marz 1949.

Jörundur Brynjólfsson, form.	Sigurður Bjarnason, frsm.	Jón Sigurðsson, fundaskr.
Sigfús Sigurhjartarson.	Jón Gíslason.	Ingólfur Jónsson.

Ásg. Ásgeirsson.

Ed. 491. Nefndarálit [158. mál]

um frv. til l. um samþykkt á ríkisreikningnum fyrir árið 1945.

Frá fjárhagsnefnd.

Nefndin leggur til samkvæmt venju, að frv. verði samþykkt eins og það liggur fyrir, án þess að einstakir nefndarmenn með því taki afstöðu til gjalda utan fjárlaga. Hins vegar vill nefndin vekja athygli á, að nauðsynlegt er, að hraðað verði meira prentun ríkisreikninganna en gert hefur verið undanfarið. Verður að telja óviðunandi, að reikningarnir komi ekki út fyrr en 3 árum eftir lok hvers reikningsárs. Einn nefndarmanna (BrB) var fjarstaddur.

Alþingi, 23. marz 1949.

Björn Ólafsson, form., frsm.	Guðm. Í. Guðmundsson, fundaskr.	Hermann Jónasson, með fyrirvara.

Þorst. Þorsteinsson.

Nd. 492. Breytingartillaga [148. mál]

við frv. til l. um breyt. á l. nr. 20 20. maí 1942, um breyt. á l. nr. 6 9. jan. 1935, um tekjuskatt og eignarskatt.

Frá Halldóri Ásgrímssyni Finni Jónssyni, Áka Jakobssyni.

Við 1. gr. Í stað „Enn fremur er aðilum“ í upphafi gr. komi: Enn fremur er þeim bátaútvegsmönnum.

Ed. 493. Nefndarálit [54. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 33 12. febr. 1945, um breyt. á l. nr. 30 19. júní 1933, um sjúkrahús o fl.

Frá heilbrigðis- og félagsmálanefnd.

Nefndin hefur athugað frumvarpið á fundi og leggur til, að það verði samþykkt óbreytt. Þess skal getið, að einn nefndarmanna, Lárus Jóhannesson, var fjarverandi, þegar málið var afgreitt.

Alþingi, 24. marz 1949.

Páll Zóphóníasson, form.	Hannibal Valdimarsson, fundaskr., frsm.	Brynjólfur Bjarnason.
	Gísli Jónsson.	

Sþ. 494. Breytingartillögur [42. mál]

við frv. til fjárlaga fyrir árið 1949 og við brtt. á þskj. 460 og 488.

I. Frá *Finni Jónssyni.*
Við 12. gr. IX. Nýr liður:
Til sjúkrahúss á Ísafirði 150 000

II. Frá *Ásgeiri Ásgeirssyni.*
1. Við brtt. 460,53.37. (Við 13. gr. A. II. 1.). Nýr liður:
Ketilseyrarvegur 40 000
Til vara 25 000
2. Við brtt. 460,53.38. (Við 13. gr. A. II. 1. — Núpsvegur).
Fyrir „20 000“ kemur 40 000
3. Við brtt. 460,53.39. (Við 13. gr. A. II. 1. — Hjarðardalsvegur).
Fyrir „25 000“ kemur 40 000

III. Frá *Hermanni Jónassyni.*
1. Við brtt. 460,53.46. (13. gr. A. II. 1. — Strandavegur).
Fyrir „100 000“ kemur 150 000
2. Við brtt. 460,54. c. 4. (13. gr. A. III.— Brúargerðir). Nýr liður:
Tunguá í Bitrufirði 150 000

IV. Frá *Ásgeiri Ásgeirssyni.*
Við brtt. 460,57. a. 7. (Við 13. gr. C. VIII. — Flateyri).
Fyrir „50 000“ kemur 100 000

V. Frá *Ólafi Thors* og *Guðmundi Í. Guðmundssyni.*
Við brtt. 460,57. a. 8. (Við 13. gr. C. VIII. — Grindavík).
Fyrir „50 000“ kemur 80 000

VI. Frá *Finni Jónssyni.*
Við brtt. 460,57. a. 15. (Við 13. gr. C. VIII. — Ísafjörður).
Fyrir „180 000“ kemur 300 000

VII. Frá *Ásgeiri Ásgeirssyni.*
Við brtt. 460,57. a. 25. (Við 13. gr. C. VIII). Nýr liður:
Suðureyri í Súgandafirði 50 000

VIII. Frá *Ólafi Thors* og *Guðmundi Í. Guðmundssyni.*
1. Við brtt. 460,57. a. 27. (Við 13. gr. C. VIII. — Vogar).
Fyrir „100 000“ kemur 200 000
2. Við brtt. 460,57. b. 10. (Við 13. gr. C. VIII. — Gerðar í Garði).
Fyrir „10 000“ kemur 20 000

IX. Frá *Hermanni Jónassyni.*
1. Við brtt. 460,57. b. 19. (13. gr. C. VIII. — Hólmavík).
Fyrir „35 000“ kemur 100 000
2. Við brtt. 460,57. b. 21. (13. gr. C. VIII. — Kaldrananes).
Fyrir „60 000“ kemur 100 000

X. Frá *Hannibal Valdimarssyni.*
Við 14. gr. B. V. Nýr liður:
Til að halda uppi kennslu, er svari til I. bekkjar menntaskóla, í sambandi við gagnfræðaskólann á Ísafirði veturinn 1949—1950 ..... 40 000
Til vara 30 000

XI. Frá *Sigurði E. Hliðar, Hermanni Jónassyni, Finni Jónssyni* og *Sigfúsi Sigurhjartarsyni.*
Við 15. gr. XIV. 9. Nýr (10.) töluliður:
Greiðsla upp í ferðakostnað Tónlistarfélagskórsins til Danmerkur á síðastl. sumri 25 000

XII. Frá *Ólafi Thors* og *Guðmundi Í. Guðmundssyni.*
Við 16. gr. A. 8. Nýr liður:
Til sjóvarnargarðs á Garðskaga 42 500

XIII. Frá *Hannibal Valdimarssyni.*
Við 17. gr. 25. (Byggingarsjóðir).
Fyrir „1 200 000“ kemur 1 500 000

XIV. Frá *Þorsteini Þorsteinssyni.*
Við 18. gr. II. a. (Jóna Jónsdóttir).
Liðurinn fellur niður.

XV. Frá *Bjarna Ásgeirssyni* og *Pétri Ottesen.*
Við brtt. 488,XIV. (22. gr. III. — Nýr liður).
Liðurinn orðist svo:
Að greiða h/f Skallagrími í Borgarnesi sem fyrstu greiðslu af þremur 40 þús. kr. í bætur vegna halla á rekstri m/s Víðis árið 1947.

XVI. Frá *Ólafi Thors* og *Guðmundi Í. Guðmundssyni.*
Við 22. gr. IV. Nýr liður:
Að verja allt að 40 þús. kr. til sjóvarnargarðs í Keflavík.

XVII. Frá *Sigurði Bjarnasyni, Skúla Guðmundssyni, Barða Guðmundssyni, Sigfúsi Sigurhjartarsyni, Gylfa Þ. Gíslasyni* og *Gunnari Thoroddsen.*
Við 22. gr. IV. Nýr liður:
Að greiða Örlygi Sigurðssyni listmálara 15 þús. kr. byggingarstyrk.

Sþ. 495. Tillaga til þingsályktunar [175. mál]

um endurskoðun Keflavíkursamningsins.

Flm.: Hermann Jónasson, Gylfi Þ. Gíslason, Hannibal Valdimarsson, Skúli Guðmundsson, Páll Zóphóníasson.

Alþingi ályktar að lýsa yfir þeim vilja sínum, að óskað verði endurskoðunar á Keflavíkursamningnum jafnskjótt og ákvæði hans leyfa eða fyrr, ef samkomulag næst um það, og verði þeirri skipan komið á starfrækslu flugvallarins við Keflavík með uppsögn samningsins eða án þess, að stjórn hans og rekstur verði algerlega í höndum Íslendinga, en samið við þær þjóðir, sem völlinn nota, um greiðslu kostnaðar við rekstur hans og viðhald.

Greinargerð.

Þegar samningurinn um niðurfelling herverndarsamningsins frá 1941 o. fl., Keflavíkursamningurinn svonefndi, var gerður við ríkisstjórn Bandaríkjanna í október 1946, voru uppi þrjár stefnur á Alþingi varðandi þessa samningsgerð. Í fyrsta lagi var sú stefna, sem fram kom í tillögu Ólafs Thors, þáverandi forsætisráðherra, og hlaut stuðning fulltrúa Sjálfstæðisflokksins og Alþýðuflokksins í utanríkismálanefnd. Í þessari stefnu fólst það, að hafa samninginn í meginatriðum eins og hann varð og er. Bandaríkjastjórn hefur samningsbundinn rétt til afnota af íslenzku landi, Keflavíkurflugvelli, og rétt til þess að hafa þar með höndum nánar tilgreinda starfsemi undir eigin stjórn. Einnig hefur hún rétt til að hafa þar eigið starfslið, og nýtur í þessu sambandi ýmissa sérréttinda og undanþága frá íslenzkum lögum. Allir þingmenn Sjálfstfl. og meiri hl. þingmanna Alþfl. aðhylltust þessa stefnu. Í öðru lagi var sú stefna, að gera engan samning við Bandaríkin varðandi Keflavíkurflugvöllinn og meina þeim öll afnot af vellinum, þótt þau þyrftu á honum að halda til þess að lenda þar flugvélum á leið til hernámssvæðis síns í Þýzkalandi. Þetta var stefna hinna 10 þingmanna Sósíalistaflokksins. Í þriðja lagi var svo sú stefna, sem fram kom í tillögum fulltrúa Framsfl. í utanríkismálanefnd, þeirra Hermanns Jónassonar og Bjarna Ásgeirssonar, og í tillögum tveggja þingmanna Alþýðuflokksins, þeirra Gylfa Þ. Gíslasonar og Hannibals Valdimarssonar. Í þessari stefnu fólst, að flugvöllurinn skyldi vera algerlega undir íslenzkri stjórn, en ríkisstjórn Bandaríkjanna heimilað að nota völlinn til þess að halda uppi sambandi við lið sitt í Þýzkalandi. Jafnframt skyldi samið við stjórn Bandaríkjanna um greiðslu kostnaðar við rekstur vallarins.

Það var því vilji yfirgnæfandi meiri hluta þingmanna, að samið yrði við Bandaríkin um afnot Keflavíkurflugvallarins og þeim heimiluð þau not hans, sem þau teldu sér bráðnauðsynleg vegna samgangna við hernámssvæði sitt í Þýzkalandi. En hins vegar varð um það ágreiningur innan þessa þingmeirihluta, hvernig stjórn og rekstri flugvallarins skyldi háttað. Í tillögu Ólafs Thors var lagt til, að sú skipan væri á höfð, sem nú er. Í tillögum Hermanns Jónassonar og Bjarna Ásgeirssonar

annars vegar og Gylfa Þ. Gíslasonar og Hannibals Valdimarssonar hins vegar var lagt til, að völlurinn yrði algerlega undir íslenzkri stjórn, þótt Bandaríkjunum yrði heimiluð tiltekin notkun hans. Allir þingmenn Framsóknarflokksins, allir þingmenn Sósialistaflokksins og tveir þingmenn Alþýðuflokksins greiddu atkvæði með þessum tillögum, en þær voru felldar með atkvæðum allra þingmanna Sjálfstæðisflokksins og sex þingmanna Alþýðuflokksins og Jónasar Jónssonar, þ. e. með 27 atkvæðum gegn 24. Að þessum tillögum felldum var tillaga Ólafs Thors samþykkt með atkvæðum allra þingmanna Sjálfstæðisflokksins, sex þingmanna Alþýðuflokksins, fimm þingmanna Framsóknarflokksins og Jónasar Jónssonar. Gegn henni greiddu atkv. allir þingmenn Sósialistaflokksins, 7 þingmenn Framsóknarflokksins og 2 þingmenn Alþýðuflokksins, en einn þingmaður þess flokks greiddi ekki atkv.

Megingallar þeirrar skipunar, sem samkvæmt samningnum hefur verið höfð á stjórn og rekstri Keflavíkurflugvallar, eru tveir. Í fyrsta lagi er það í eðli sínu ósamrýmanlegt sjálfstæðiskennd og sjálfsvirðingu Íslendinga, að erlend ríkisstjórn hafi heimild til framkvæmda og starfsmannahalds á íslenzku landi og njóti í því sambandi margs konar sérréttinda og undanþága frá íslenzkum lögum. Í öðru lagi hljóta að verða geysilegir framkvæmdaörðugleikar samfara slíku tvíbýli og því, sem hér er um að ræða, og það hlýtur að leiða til margs konar árekstra og erfiðleika.

Óhætt mun að fullyrða, að reynslan af samningnum þau 2½ ár, sem hann hefur verið í gildi, hafi fyllilega staðfest þau varnaðarorð, sem mælt voru, er hann var gerður. Veldur þar og nokkru um, að ekki hefur af hálfu íslenzkra stjórnarvalda verið á málum haldið af þeirri röggsemi, sem nauðsynleg hefur verið. Sérréttindi þau og undanþágur frá íslenzkum lögum, sem Bandaríkjastjórn og starfsmenn hennar njóta, hafa reynzt mjög óeðlilegar og óheppilegar, og hefur framkvæmd samningsins verið ábóta vant að mörgu leyti. Á því verður ekki ráðin bót, nema íslenzk lög taki til alls og allra á þessum stað Íslands sem öllum öðrum stöðum þess. Annað er og ekki samboðið þjóð, sem halda vill sjálfstæði sínu og algeru fullveldi í fyllsta heiðri.

Samkvæmt ákvæðum Keflavíkursamningsins getur hvor samningsaðili um sig óskað endurskoðunar á honum eftir 5. okt. 1951 og sagt honum síðan upp, ef samningar takast ekki innan 6 mánaða, og fellur hann þá úr gildi eftir eitt ár frá uppsagnardegi. Ef Íslendingar eiga að taka rekstur vallarins í eigin hendur, þegar er ákvæði samningsins heimila, er fyllilega tímabært, að Alþingi taki um það ákvörðun. Vissulega þarfnast það margvíslegs undirbúnings, að Íslendingar taki rekstur vallarins að öllu leyti í sínar hendur, og er því engan veginn of snemmt að taka um það ákvörðun nú þegar. Algerlega ástæðulaust mun þó að óttast fjárhagshlið málsins. Völlurinn er svo mikilvægur, að óhugsanlegt er annað en að hægt sé að semja um greiðslu rekstrar- og viðhaldskostnaðar hans við þær þjóðir, sem hagsmuni hafa af notkun hans.

Annað atriði veldur því og sérstaklega, að ástæða er til þess, að Alþingi taki nú mál þetta til meðferðar. Um þessar mundir er það rætt, hvort Íslendingar skuli gerast aðilar að sáttmála um varnir Norður-Atlantshafssvæðisins, en Keflavíkurflugvöllur er mikilvægur fyrir varnir þessa svæðis í ófriði. Ef Íslendingar gengju í bandalagið, yrði að teljast mjög óeðlilegt og óviðeigandi, að þeir hefðu auk aðildar að bandalaginu sérsamning við eina bandalagsþjóðina um sérstaka aðstöðu henni til handa á Íslandi. Væri þá meira að segja sérstök ástæða til að leita eftir því við stjórn Bandaríkjanna, að samningurinn félli úr gildi fyrr en ráð er fyrir gert í samningnum, því að algerlega sjálfsagt virðist þá, að endir yrði bundinn á hina sérstöku aðstöðu, sem Bandaríkin njóta nú á Íslandi, og Íslendingar tækju að öllu leyti í sínar hendur stjórn og rekstur þessa mannvirkis, flugvallarins við Keflavík, svo að þeir einir gætu tekið ákvarðanir um allt það, er máli skiptir í sambandi við aðild sína að Atlantshafsbandalaginu.

Ed. 496. Breytingartillaga [138. mál]

við brtt. á þskj. 486 (Raforkulög).

Frá Þorsteini Þorsteinssyni.

„3%“ í fyrstu málsgr. brtt. verði: 2%.
Til vara: Í stað „3%“ í fyrstu málsgr. brtt. komi: 2½%.

Sþ. 497. Breytingartillögur [42. mál]

við frv. til fjárlaga fyrir árið 1949 og við brtt. á þskj. 460.

I. Frá *Gunnari Thoroddsen.*

1. Við 12. gr. III. B. (Fæðingardeild. ÷ Hluti Reykjavíkurbæjar af rekstrarhalla).
   Fyrir „516 000“ kemur 306 000
2. Við 12. gr. IX. Nýr liður:
   Til heilbrigðisstofnana í Reykjavík 1 300 000
3. Við brtt. 460,53.15. (Við 13. gr. A. II. 1. — Ólafsvíkurvegur).
   Fyrir „100 000“ kemur 150 000
4. Við brtt. 460,53.19. (Við 13. gr. A. II. 1. — Fróðárhrepps- og Eyrarsveitarvegur).
   Fyrir „40 000“ kemur 80 000
5. Við brtt. 460,53.21. (Við 13. gr. A. II. 1. — Skógarstrandarvegur).
   Fyrir „50 000“ kemur 100 000

II. Frá *Þorsteini Þorsteinssyni.*

Við brtt. 460,53.28. (Við 13. gr. A. II. 1. — Svínadalsvegur). Liðinn skal orða svo:
Svínadalsvegur (Vesturlandsvegur) 150 000

III. Frá *Bernharð Stefánssyni* og *Stefáni Stefánssyni.*

1. Við brtt. 460,53.65. (Við 13. gr. A. II. 1. — Svarfaðardalsvegur).
   Fyrir „60 000“ kemur 100 000
2. Við brtt. 460,53.67. (Við 13. gr. A. II. 1. — Hörgárdalsvegur ytri).
   Fyrir „25 000“ kemur 35 000
3. Við brtt. 460,57. a. 5. (Við 13. gr. C. VIII. — Dalvík).
   Fyrir „50 000“ kemur 100 000
4. Við brtt. 460,57. a. 12. (Við 13. gr. C. VIII. — Hrísey).
   Fyrir „30 000“ kemur 60 000

IV. Frá *Gunnari Thoroddsen.*

1. Við brtt. 460,57. a. 19. (Við 13. gr. C. VIII.). Nýr liður:
   Reykjavík 1 000 000
2. Við brtt. 460,57.a. 25. (Við 13. gr. C. VIII. — Stykkishólmur).
   Fyrir „80 000“ kemur 150 000

V. Frá *Bernharð Stefánssyni* og *Stefáni Stefánssyni.*
Við brtt. 460,57. b. 12. (Við 13. gr. C. VIII. — Grímsey).
Fyrir „40 000“ kemur 87 000

VI. Frá *Gunnari Thoroddsen.*
Við 14. gr. B. XXVIII. Í greinarlok kemur aths.:
Því fé, sem veitt er til skólabygginga samkv. þessum fjárlögum, skal varið til þeirra skóla, sem nú eru í smíðum, og skipt milli þeirra í hlutfalli við íbúatölu hvers fræðsluhéraðs.

VII. Frá *Birni Kristjánssyni.*
Við 16. gr. A. 9. c. Nýr liður:
Til sandgræðslu í Öxarfirði 150 000

VIII. Frá *Bernharð Stefánssyni* og *Stefáni Stefánssyni.*
Við 17. gr. 20. Nýr liður:
Til Fjórðungssambands Norðurlands 10 000

IX. Frá *Bernharð Stefánssyni.*
Við 18. gr. II. a. (Guðmundur Ólafsson fyrrv. póstur).
Fyrir „815“ kemur 1 140

X. Frá *Gunnari Thoroddsen.*
Við 22. gr. IV. Nýr liður:
Að ábyrgjast fyrir h/f Skipanaust vegna dráttarbrauta og skipasmíðastöðvar 3 000 000 kr.

Nd. 498. Frumvarp til laga [176. mál]

um atvinnuleysistryggingar.

Flm.: Sigurður Guðnason.

1. gr.

Félög karla og kvenna, sem vinna hvers konar daglaunavinnu, svo og annarra, sem vinna fyrir launum við sams konar vinnu, svo sem sjómenn, starfsfólk við iðju, iðnaðarmenn, verzlunar- og afgreiðslufólk, skrifstofufólk, starfsmenn við flutninga á mönnum og vörum, þjónustufólk í veitingahúsum og önnur sambærileg félög, sem stofnað hafa atvinnuleysissjóði innan félagsins, eiga rétt á staðfestingu atvinnumálaráðherra sjóðnum til handa og hlunnindum samkvæmt lögum þessum, ef hann fullnægir þeim skilyrðum, sem lög þessi ákveða. Stjórn atvinnuleysissjóða skal skipuð 3 mönnum, sem kosnir skulu í viðkomandi félagi með sama hætti og stjórn félagsins.

2. gr.

Markmið atvinnuleysissjóðs er að tryggja sjóðsfélaga gegn atvinnuleysi, ef það stafar ekki af þeim sökum, sem um getur í 7. gr.

3. gr.

Skilyrði fyrir því, að atvinnuleysissjóður geti fengið staðfestingu ráðherra, eru:
1. Að sjóðsfélagar séu ekki færri en 15 og vinni að sömu eða svipaðri starfsgrein eða eigi við svipuð vinnuskilyrði að búa.

2. Að félagið sé heimilisfast í einhverjum kaupstaðanna eða kauptúnanna og sjóðfélagar allir búsettir í kaupstaðnum, kauptúninu eða nágrenni.
3. Að samþykktir atvinnuleysissjóðsins og starfstilhögun sé í samræmi við það, sem hér fer á eftir.

4. gr.

Félög þau, sem stofnað hafa atvinnuleysissjóði, skulu setja þeim samþykktir. Samþykktirnar skulu staðfestar af ráðherra, að fengnum tillögum Tryggingastofnunar ríkisins. Á sama hátt skal fara um breytingar á samþykktum.

5. gr.

Engum má neita um að gerast sjóðsfélagi, ef hann fullnægir upptökuskilyrðum þeim, sem sett eru í lögum þessum, enda sé hann fullra 16 ára að aldri.

6. gr.

Í samþykktum skal ákveða árstillag sjóðsfélaga og hvernig þau skuli greiðast. Fé sjóðsins skal ávaxtað með tryggum hætti og þannig, að ávallt sé nægilega mikið af því handbært. Einnig skal í samþykkt ákveðið um styrkveitingar úr sjóðnum, og má veittur styrkur aldrei nema meira en 4/5 af þeim launum, sem á sama tíma eru greidd í viðkomandi starfsgrein.

Í samþykktum skal einnig ákveða, hve langur biðtími skuli líða til þess er sjóðfélagi á rétt til styrks, og má sá tími vera mismunandi langur, eftir því hver starfsgreinin er.

7. gr.

Staðfestur atvinnuleysissjóður má ekki veita atvinnuleysisstyrk:

1. Til manna, er þátt taka í verkfalli eða verkbann nær til.
2. Til þeirra manna, er njóta slysa-, sjúkra- eða örorkustyrks samkv. lögum um almannatryggingar eða eru á opinberu framfæri vegna langvarandi veikinda.
3. Til þeirra, sem misst hafa atvinnu af ástæðum, sem þeir eiga sjálfir sök á, svo sem vegna drykkjuskaparóreglu.
4. Til þeirra, sem sviptir eru frelsi sínu að opinberri tilhlutun.
5. Til þeirra, sem neita vinnu, er þeim býðst að tilhlutun vinnumiðlunarskrifstofu, samkv. lögum um vinnumiðlun eða á annan hátt, svo að sannað sé, þó því aðeins, að ekki hvíli verkfall eða verkbann á vinnunni og kaupgjald og vinnutími sé í samræmi við taxta eða kjarasamning viðkomandi verkalýðsfélags, eða annað vandhæfi á vinnunni, sem stjórn verkalýðsfélags tekur gilt.
6. Til þeirra, sem hafa eða gætu sannanlega haft þær árstekjur, að nægi þeim til fulls framfæris fyrir sig og þá, sem þeir hafa á framfæri sínu.

8. gr.

Stofnfé atvinnuleysissjóða skal vera:

Þær þrjár milljónir króna, ásamt vöxtum af þeim, sem geymdar eru í þessu skyni hjá Tryggingastofnun ríkisins samkv. lögum nr. 42 14. apríl 1943, sbr. lög nr. 50 7. maí 1946.

Stofnfé þessu skal skipta hlutfallslega miðað við félagatölu milli þeirra atvinnuleysissjóða, sem stofnaðir hafa verið og viðurkenndir samkv. lögum þessum fyrir 1. jan. 1951.

9. gr.

Tekjur atvinnuleysissjóða skulu vera sem hér segir:

1. Þeir, sem hafa sjóðsfélaga í atvinnuleysissjóði í þjónustu sinni, skulu greiða í viðkomandi atvinnuleysissjóð sem svarar 4% af heildarupphæð þeirra vinnulauna, er sjóðsfélagar vinna fyrir hjá þeim. Aflahlutur og hvers konar greiðslur í öðru en peningum fyrir unnin verk teljast vinnulaun.

2. Ríkissjóður greiðir árlega til atvinnuleysissjóðanna 50 kr. á hvern félaga sjóðsins, að viðbættri fullri verðlagsuppbót.
3. Bæjar- og sveitarsjóðir greiða árlega til atvinnuleysissjóðsins í viðkomandi bæjar- eða sveitarsjóði upphæð, sem nemur helmingi framlags ríkissjóðs samkv. 2. tölul.
4. Iðgjöld, sem sjóðsfélagar kunna að greiða samkv. samþykktum sjóðanna.

Gjöld þau, sem atvinnurekendum ber að greiða samkv. 1. tölul., skulu innheimt ásamt tryggingargjöldum samkv. lögum um almannatryggingar, nr. 50 frá 7. maí 1946.

10. gr.

Stjórn staðfests atvinnuleysissjóðs skal árlega senda Tryggingastofnun ríkisins endurskoðaða reikninga sjóðsins, og skal Tryggingastofnunin hafa eftirlit með því, að sjóðirnir starfi lögum samkvæmt. Hefur hún rétt til að krefjast skýrslna um allt, sem sjóðinn varðar, og aðgang að skjölum hans og skilríkjum.

11. gr.

Atvinnuleysissjóðir, sem stofnaðir verða samkvæmt lögum þessum, skulu tilkynna ráðherra stofnunina. Ráðherra skal innan eins mánaðar ákveða, hvort sjóðurinn hlýtur staðfestingu eða eigi. Hljóti sjóðurinn staðfestingu, nýtur hann frá byrjun næsta ársfjórðungs þeirra réttinda, sem lög þessi ákveða, þ. á m. framlaga ríkisins og bæjar- og sveitarfélaga samkv. 2. og 3. tölulið 9. gr., í hlutfalli við það, sem er eftir ársins.

12. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Ákvæði til bráðabirgða.

Atvinnuleysissjóðir, sem stofnaðir verða og viðurkenningu hljóta á tímabilinu frá gildistöku laganna og til 1. des. 1950, eiga rétt á að fá greitt upp í stofnfé sitt samkv. 8. gr. fjárhæð, sem nemi 300 krónum á hvern sjóðsfélaga.

Greinargerð.

Frumvarp þetta, sem flutt er að tilhlutun verkamannafélagsins Dagsbrúnar, er fram borið vega þess breytta atvinnuástands, er skapazt hefur í landinu.

Fáir munu treystast til að neita því, að það sé mesta verðmætissóun þjóðfélagsins, er vinnufærir menn fá ekki atvinnu um lengri eða skemmri tíma, og að það sé frumskylda þjóðfélagsins að sjá hverjum vinnufærum þegn fyrir hæfilegri atvinnu, en taka ella á sig þá ábyrgð, er leiðir af atvinnuleysi.

Nú hefur atvinna landsmanna dregizt að ýmsu leyti saman hin síðari ár, t. d. í byggingarvinnu og iðnaði. Uppsagnir hjá ýmsum fyrirtækjum eru miklu tíðari en verið hefur síðan 1940, enda vaxandi tilhneiging atvinnurekenda og stofnana (að fáeinum undanteknum) til að spara mannahald sem mest. Yfirvinna hefur verið afnumin á mörgum sviðum.

Á þessum vetri hefur atvinnuleysi verið tilfinnanlegt hjá verkamönnum í Reykjavík og víðs vegar um land. Hefur þar ekki aðeins valdið óhagstæð veðrátta, heldur fyrst og fremst samdráttur atvinnulífsins. Í Reykjavík voru skráðir atvinnuleysingjar í febrúarbyrjun s. l. 135.

Þess ber þó að geta, að vitanlegt er, að mjög margir verkamenn veigra sér við, þótt atvinnulausir séu, að ganga hin erfiðu spor til atvinnuleysisskráningar nú á nýjan leik, eftir að hafa búið við sæmilega atvinnu í mörg ár, og að skráning atvinnuleysingja er því engan veginn rétt mynd af atvinnuástandinu.

Þá ber þess og að gæta, að eins og nú horfir í atvinnumálum þjóðarinnar, má fremur búast við vaxandi atvinnuleysi, enda fer atvinnuleysi nú mjög í vöxt meðal þeirra þjóða, sem Íslendingar eiga mest viðskipti við.

Það er því augljóst, að enda þótt verkamenn kjósi atvinnuöryggi fram yfir atvinnuleysistryggingar, þá verður ekki hjá því komizt að gera núverandi ástandi og horfum í þessum málum fullan reikning og að þjóðfélagið verði að taka á sig viðeigandi skyldur, sé það ekki fært um að sjá öllum þegnum sínum fyrir atvinnu.

Frumvarp það, er hér liggur fyrir, gerir einmitt ráð fyrir því, að þjóðfélagið taki nú á sig þessa skyldu. Gerir frumvarpið ráð fyrir stofnun atvinnuleysissjóða innan félaga launþega. Stofnfé þeirra skal vera sú upphæð (3 millj. kr.), sem geymd er í þessu skyni hjá Tryggingastofnun ríkisins skv. lögum nr. 42 14. apríl 1943.

Til þess að gefa nokkra hugmynd um, hvaða trygging er fólgin í frv. þessu, ef að lögum yrði, skal hér tekið dæmi af félagi, sem telur um 3000 félaga, eins og verkamfél. Dagsbrún, og miðað við að greidd vinnulaun á ári svari til þess, að sé greitt dagkaup alla virka daga. Ef gert er ráð fyrir, að styrkurinn yrði ⅔ dagkaupsins að meðaltali, mundi hann endast handa yfir 450 mönnum í 6 mánuði, eða meira en 800 mönnum í 3 mánuði árlega, — þó ekki sé reiknað með stofnfénu og ekki gert ráð fyrir neinum iðgjöldum, sem félagsmenn greiddu sjálfir. — Ef hins vegar þarf ekki að ganga á sjóðinn um nokkurt árabil, væri hægt að verja miklu fé úr honum til atvinnuframkvæmda, enda þótt búið yrði þannig um allar lánveitingar úr sjóðnum, að tryggt væri, að hann gæti jafnan skilið við löglegar skuldbindingar sínar. Hér er því um að ræða mjög mikilsverða tryggingu til að halda uppi atvinnu. Þetta var einmitt höfuðröksemdin í greinargerð fyrir frumv. því um atvinnuleysistryggingu, sem Brynjólfur Bjarnason flutti í efri deild 1942 og var í öllum aðalatriðum á sömu leið og þetta frumvarp. — Þar var þó t. d. gert ráð fyrir, að iðgjöld atvinnurekenda yrðu 6%, en aðeins 4% í þessu frumv. — Ef það frv. hefði þá náð fram að ganga, mundu nú vera til miklir sjóðir, sem hægt væri að verja til stórvirkra atvinnuframkvæmda.

Í frumv. þessu er gert ráð fyrir, að verkalýðsfélögin ráði sem mestu sjálf, hvernig tryggingunum er hagað, innan þeirra takmarka, sem lögin vilja, svo sem um upphæð styrkja, biðtíma, aldurstakmörk, iðgjöld hinna tryggðu sjálfra o. s. frv. Verður það áreiðanlega affarasælast, þar sem aðstæður eru mismunandi í hinum ýmsu félögum og ýmsu atvinnugreinum.

Sþ. 499. Tillaga til þingsályktunar [177. mál]

um þátttöku Íslands í Norður-Atlantshafssamningi.

(Lögð fyrir Alþingi á 68. löggjafarþingi, 1949.)

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að gerast stofnaðili fyrir Íslands hönd að Norður-Atlantshafssamningi þeim, sem fulltrúar Bandaríkjanna, Belgíu, Bretlands, Frakklands, Hollands, Kanada, Luxembourg og Noregs hafa orðið ásáttir um og prentaður er sem fylgiskjal með ályktun þessari.

Fylgiskjal.

NORÐUR-ATLANTSHAFSSAMNINGUR	NORTH ATLANTIC TREATY
Inngangsorð.	*Preamble.*
Aðilar samnings þessa lýsa yfir af nýju tryggð sinni við markmið og meginreglur sáttmála Sameinuðu þjóðanna og ósk sinni um að lifa í friði við allar þjóðir og allar ríkisstjórnir.	The Parties to this Treaty reaffirm their faith in the purposes and principles of the Charter of the United Nations and their desire to live in peace with all peoples and all governments.

Þeir eru staðráðnir í því að varðveita frelsi þjóða sinna, sameiginlega arfleifð þeirra og menningu, er hvíla á meginreglum lýðræðis, einstaklingsfrelsi og lögum og rétti.

Þeir leitast við að efla jafnvægi og velmegun á Norður-Atlantshafssvæðinu.

Þeir hafa ákveðið að taka höndum saman um sameiginlegar varnir og varðveizlu friðar og öryggis.

Þeir hafa því orðið ásáttir um Norður-Atlantshafssamning þennan.

1. gr.

Aðilar takast á hendur, svo sem segir í sáttmála hinna Sameinuðu þjóða, að leysa hvers konar milliríkja deilumál, sem þeir kunna að lenda í, á friðsamlegan hátt, þannig að alþjóðafriði, öryggi og réttlæti sé eigi stofnað í hættu, og að beita ekki hótunum né valdi í milliríkjaskiptum á nokkurn þann hátt, sem ósamrýmanlegur er markmiðum Sameinuðu þjóðanna.

2. gr.

Aðilar munu stuðla að frekari þróun friðsamlegra og vinsamlegra milliríkjaviðskipta, með því að styrkja frjálsar þjóðfélagsstofnanir sínar, með því að koma á auknum skilningi á meginreglum þeim, sem þær stofnanir eru reistar á, og með því að auka möguleika jafnvægis og velmegunar. Þeir munu gera sér far um að komast hjá árekstrum í efnahagslegum milliríkjaviðskiptum sínum og hvetja til efnahagssamvinnu sín á milli, hvort heldur er við einstaka samningsaðila eða alla.

3. gr.

Í því skyni að ná betur markmiðum samnings þessa, munu aðilar hver um sig og í sameiningu, með stöðugum og virkum eigin átökum og gagnkvæmri aðstoð, varðveita og efla möguleika hvers um sig og allra í senn til þess að standast vopnaða árás.

4. gr.

Aðilar munu hafa samráð sín á milli, hvenær sem einhver þeirra telur friðhelgi landssvæðis einhvers aðila, pólitísku sjálfstæði eða öryggi ógnað.

They are determined to safeguard the freedom, common heritage and civilization of their peoples, founded on the principles of democracy, individual liberty and the rule of law.

They seek to promote stability and well-being in the North Atlantic area.

They are resolved to unite their efforts for collective defense and for the preservation of peace and security.

They therefore agree to this North Atlantic Treaty:

Article I.

The Parties undertake, as set forth in the Charter of the United Nations, to settle any international disputes in which they may be involved by peaceful means in such a manner that international peace and security, and justice, are not endangered, and to refrain in their international relations from the threat or use of force in any manner inconsistent with the purposes of the United Nations.

Article II.

The Parties will contribute toward the further development of peaceful and friendly international relations by strengthening their free institutions, by bringing about a better understanding of the principles upon which these institutions are founded, and by promoting conditions of stability and well-being. They will seek to eliminate conflict in their international economic policies and will encourage economic collaboration between any or all of them.

Article III.

In order more effectively to achieve the objectives of this treaty, the Parties, separately and jointly by means of continuous and effective self-help and mutual aid, will maintain and develop their individual and collective capacity to resist armed attack.

Article IV.

The Parties will consult together whenever, in the opinion of any of them, the territorial integrity, political independence or security of any of the Parties is threatened.

5. gr.

Aðilar eru sammála um, að vopnuð árás á einn þeirra eða fleiri í Evrópu eða Norður-Ameríku skuli talin árás á þá alla; fyrir því eru þeir sammála um, ef slík vopnuð árás verður gerð, að þá muni hver þeirra í samræmi við rétt þann til eigin varnar og sameiginlegrar, sem viðurkenndur er í 51. grein sáttmála Sameinuðu þjóðanna, aðstoða aðila þann eða þá, sem á er ráðizt, með því að gera þegar í stað hver um sig og ásamt hinum aðilunum þær ráðstafanir, sem hann telur nauðsynlegar, og er þar með talin beiting vopnavalds, til þess að koma aftur á og varðveita öryggi Norður-Atlantshafssvæðisins.

Tilkynna skal Öryggisráðinu tafarlaust allar þvílíkar vopnaðar árásir og allar ráðstafanir, sem gerðar eru vegna þeirra. Hætta skal slíkum ráðstöfunum, þegar Öryggisráðið hefur gert þær ráðstafanir, sem nauðsynlegar eru til þess að koma á aftur og varðveita alþjóðafrið og öryggi.

6. gr.

Ákvæði 5. gr. um vopnaða árás á einn eða fleiri samningsaðila skulu taka til vopnaðrar árásar á lönd hvaða aðila sem vera skal í Evrópu eða Norður-Ameríku, á hin frönsku héruð í Algier, á hernámslið hvers aðila sem vera skal í Evrópu, á eyjar undir lögsögu hvers aðila sem vera skal í Norður-Atlantshafi norðan hvarfbaugs krabbans, eða á skip eða loftför hvers aðila sem vera skal á þessu svæði.

7. gr.

Samningur þessi breytir engu um réttindi og skyldur þeirra aðila, sem eru meðlimir Sameinuðu þjóðanna, samkvæmt sáttmála þeirra né frumskyldu Öryggisráðsins til varðveizlu alþjóðafriðar og öryggis, og má á engan hátt túlka hann á þann veg.

8. gr.

Hver aðili um sig lýsir yfir því, að engar milliríkjaskuldbindingar, sem nú eru í gildi milli þess aðila og nokkurs annars aðila samnings þessa eða nokk-

Article V.

The Parties agree that an armed attack against one or more of them in Europe or North America shall be considered an attack against them all; and consequently they agree that, if such an armed attack occurs, each of them, in exercise of the right of individual or collective self-defense recognized by Article 51 of the Charter of the United Nations, will assist the Party or Parties so attacked by taking forthwith, individually and in concert with the other Parties, such action as it deems necessary, including the use of armed force, to restore and maintain the security of the North Atlantic area.

Any such armed attack and all measures taken as a result thereof shall immediately be reported to the Security Council. Such measures shall be terminated when the Security Council has taken the measures necessary to restore and maintain international peace and security.

Article VI.

For the purpose of Article V an armed attack on one or more of the Parties is deemed to include an armed attack on the territory of any of the Parties in Europe or North America, on the Algerian departments of France, on the occupation forces of any Party in Europe, on the islands under the jurisdiction of any Party in the North Atlantic area north of the Tropic of Cancer or on the vessels or aircraft in this area of any of the Parties.

Article VII.

This Treaty does not affect, and shall not be interpreted as affecting, in any way the rights and obligations under the Charter of the Parties which are members of the United Nations or the primary responsibility of the Security Council for the maintenance of international peace and security.

Article VIII.

Each Party declares that none of the international engagements now in force between it and any other of the Parties or any third state is in conflict with the

urs þriðja ríkis, brjóti í bága við ákvæði samnings þessa, og lofar að gerast ekki aðili að nokkurri milliríkjaskuldbindingu, sem brjóta mundi í bága við samning þennan.

9. gr.

Með samningi þessum setja aðilar á stofn ráð, og skal hver þeirra eiga þar sæti til þess að athuga mál, sem varða framkvæmd samnings þessa. Haga skal svo skipun ráðsins, að það geti komið til funda tafarlaust hvenær sem er. Ráðið skal setja á stofn þær undirnefndir, sem nauðsynlegar kunna að þykja; fyrst og fremst skal það stofnsetja þegar í stað varnarnefnd, er geri tillögur um ráðstafanir til framkvæmdar 3. og 5. grein.

10. gr.

Aðilar geta, ef þeir eru allir sammála um það, boðið hverju öðru Evrópuríki, sem vera skal og aðstöðu hefur til að vinna að framgangi meginreglna samnings þessa og stuðla að öryggi Norður-Atlantshafssvæðisins, að gerast aðili að honum. Ríki, sem boðin er þátttaka, getur orðið aðili að samningnum með því að afhenda ríkisstjórn Bandaríkja Ameríku staðfestingarskjal sitt. Ríkisstjórn Bandaríkja Ameríku mun tilkynna hverjum aðila um afhendingu hvers slíks staðfestingarskjals.

11. gr.

Samning þennan skal fullgilda, og skulu ákvæði hans framkvæmd af aðilum í samræmi við stjórnlagaákvæði hvers um sig. Fullgildingarskjölin skulu afhent ríkisstjórn Bandaríkja Ameríku svo fljótt sem unnt er, en hún tilkynnir síðan öllum öðrum ríkjum, sem undirritað hafa, um afhendingu hvers skjals. Samningurinn skal ganga í gildi milli þeirra ríkja, sem hafa fullgilt hann, jafnskjótt sem fullgildingarskjöl meiri hluta þeirra ríkja, sem undirritað hafa, þ. á m. Bandaríkjanna, Belgíu, Bretlands, Frakklands, Hollands, Kanada og Luxemborgar, hafa verið afhent, og að því er önnur ríki varðar, skal hann ganga í gildi þann dag, sem fullgildingarskjöl þeirra eru afhent.

provisions of this Treaty, and undertakes not to enter into any international engagement in conflict with this Treaty.

Article IX.

The Parties hereby establish a Council, on which each of them shall be represented, to consider matters concerning the implementation of this Treaty. The Council shall be so organized as to be able to meet promptly at any time. The Council shall set up such subsidiary bodies as may be necessary; in particular it shall establish immediately a defense committee which shall recommend measures for the implementation of Articles III and V.

Article X.

The Parties may, by unanimous agreement, invite any other European state in a position to further the principles of this Treaty and to contribute to the security of the North Atlantic area to accede to this Treaty. Any state so invited may become a Party to the Treaty by depositing its instrument of accession with the Government of the United States of America. The Government of the United States of America will inform each of the Parties of the deposit of each such instrument of accession.

Article XI.

This Treaty shall be ratified and its provisions carried out by the Parties in accordance with their respective constitutional processes. The instruments of ratification shall be deposited as soon as possible with the Government of the United States of America which will notify all the other signatories of each deposit. The Treaty shall enter into force between the states which have ratified it as soon as the ratifications of the majority of the signatories including the ratifications of Belgium, Canada, France, Luxembourg, the Netherlands, the United Kingdom and the United States have been deposited and shall come into effect with respect to other states on the date of the deposit of their ratifications.

12. gr.

Þegar tíu ár eru liðin frá gildistöku samnings þessa, eða hvenær sem er eftir það, skulu aðilar ráðgast um endurskoðun hans, ef einhver þeirra óskar þess. Skal þá höfð hliðsjón af þeim atriðum, sem þá hafa áhrif á frið og öryggi á Norður-Atlantshafssvæðinu, þ. á m. framvindu almennra samninga og svæðissamninga samkvæmt sáttmála hinna Sameinuðu þjóða til varðveizlu alþjóðafriðar og öryggis.

Article XII.

After the Treaty has been in force for ten years or at any time thereafter the Parties shall, if any of them so requests, consult together for the purpose of reviewing the Treaty, having regard for the factors then affecting peace and security in the North Atlantic area, including the development of universal as well as regional arrangements under the Charter of the United Nations for the maintenance of international peace and security.

13. gr.

Þegar tuttugu ár eru liðin frá gildistöku samnings þessa, getur hver aðili sagt honum upp með eins árs fyrirvara, talið frá afhendingu tilkynningar þess efnis til ríkisstjórnar Bandaríkja Ameríku, en hún skýrir ríkisstjórnum annarra aðila frá afhendingu slíkra tilkynninga.

Article XIII.

After the Treaty has been in force for twenty years, any Party may cease to be a Party one year after its notice of denunciation has been given to the Government of the United States of America, which will inform the Governments of the other Parties of the deposit of each notice of denunciation.

14. gr.

Samningur þessi er gerður á ensku og frönsku, og skulu báðir textar jafngildir. Skulu þeir varðveittir í skjalasafni ríkisstjórnar Bandaríkja Ameríku. Skal hún senda staðfest eftirrit af samningnum til ríkisstjórna annarra ríkja, er undirritað hafa.

Þessu til staðfestu hafa undirritaðir fulltrúar skrifað undir samning þennan.

Gjört í Washington, ... apríl 1949.

Article XIV.

This Treaty, of which the English and French texts are equally authentic, shall be deposited in the Archives of the Government of the United States of America. Duly certified copies thereof will be transmitted by that Government to the Governments of the other signatories.

In witness whereof the undersigned plenipotentiaries have signed this Treaty.

Done at Washington
the ... day of April 1949.

Athugasemdir við þingsályktunartillögu þessa.

Aðdragandi samningsins.

Samkvæmt sáttmála Sameinuðu þjóðanna er öryggisráðinu falin varðveizla heimsfriðar og öryggis. En það starf hefur ekki tekizt svo sem vonir stóðu til. Sáttmáli Sameinuðu þjóðanna gerði og ráð fyrir því, að svo kynni að fara. Segir svo í 51. grein sáttmálans:

„Engin ákvæði þessa sáttmála skulu takmarka hinn órjúfanlega rétt ríkis til sjálfsvarnar, eitt sér eða með öðrum ríkjum, ef ráðizt er með hervaldi á meðlim hinna Sameinuðu þjóða, þangað til öryggisráðið hefur gert þær ráðstafanir, sem nauðsynlegar eru til varðveizlu heimsfriðar og öryggis. Ráðstafanir, gerðar af meðlimum við framkvæmd þessa sjálfsvarnarréttar, skulu undir eins tilkynntar öryggisráðinu, og skulu þær á engan hátt skerða vald og ábyrgð öryggisráðsins samkvæmt þessum sáttmála til að hefja, hvenær sem er, þær aðgerðir, sem það álítur nauðsynlegar til að varðveita eða koma á aftur heimsfriði og öryggi.“

Það er ljóst, að tvenns konar skilyrði eru sett fyrir því, að ríki geti notað sér ákvæði 51. greinar, þ. e. annars vegar að um vopnaða árás sé að ræða og hins vegar, að öryggisráðið sé óstarfhæft a. m. k. í bili.

Undanfarna mánuði hafa lýðræðisþjóðirnar við norðanvert Atlantshaf unnið að samningsgerð sín á milli til að tryggja frið og velmegun á þessum slóðum með þeim hætti að stofna til samtaka, slíkra sem ráðgerð eru í 51. grein sáttmála Sameinuðu þjóðanna. Þátttökuríkjunum hefur farið fjölgandi eftir því sem undirbúningnum miðaði áfram.

Þar sem vitað var, að Íslandi mundi verða boðin þátttaka í samtökum þessum, taldi ríkisstjórnin nauðsynlegt að kynna sér ákvæði samningsins til hlítar, áður en nokkuð yrði ákveðið um þátttöku Íslands í þeim. Laugardaginn 12. marz 1949 fór því utanríkisráðherra Bjarni Benediktsson ásamt fulltrúum frá hinum stjórnarflokkunum, Eysteini Jónssyni menntamálaráðherra og Emil Jónssyni viðskiptamálaráðherra, til Washington í því skyni að afla upplýsinga um málið með hliðsjón af sérstöðu Íslands. Ræddu þeir málið við utanríkisráðherra Bandaríkjanna og aðstoðarmenn hans og lögðu í viðræðunum áherzlu á sérstöðu Íslendinga sem vopnlausrar þjóðar, er ekki mundi hafa eigin her, segja nokkurri þjóð stríð á hendur né hafa erlendan her eða herstöðvar í landi sínu á friðartímum.

Fulltrúar Bandaríkjanna lögðu áherzlu á, að ríki þau, er að samningnum stæðu, hefðu í viðræðum sínum gert sér ljósa grein fyrir þessari aðstöðu Íslands og væru á einu máli um, að hún ætti fullan rétt á sér, enda myndu þeir virða hana í hvívetna, ef til þátttöku Íslands kæmi. Gerðu þeir og grein fyrir því, að hér væri einungis um varnarbandalag til varðveizlu friðarins að ræða, og væri það í fyllsta samræmi við sáttmála hinna Sameinuðu þjóða. Aðaltilgangur bandalagsins væri að koma í veg fyrir ófrið með því að gera þeim ríkjum, sem kynnu að hyggja á árás á aðilana, fullkomlega ljóst, hverjar afleiðingar slík árás myndi hafa.

Hinn 18. marz 1949 var Íslandi boðin þátttaka í samtökum þessum af ríkisstjórnum Bandaríkjanna, Belgíu, Bretlands, Frakklands, Hollands, Kanada, Luxemborgar og Noregs. Var jafnframt gert ráð fyrir, að samningurinn yrði undirritaður í Washington hinn 4. apríl 1949. Ríkisstjórnir Danmerkur, Ítalíu og Portúgal fengu sams konar boð sama dag.

Efni samningsins.

Samningurinn er í 14 greinum auk inngangsorða.

Í inngangsorðunum staðfesta aðilarnir tryggð sína við sáttmála Sameinuðu þjóðanna og ósk sína um að lifa í friði við allar þjóðir og allar ríkisstjórnir. Segir þar og, að aðilarnir séu staðráðnir í að varðveita frelsi þjóða sinna, sameiginlega arfleifð þeirra og menningu, er hvíli á meginreglum lýðræðis, einstaklingsfrelsi og lögum og rétti, og að þeir leitist við að efla jafnvægi og velmegun á Norður-Atlantshafssvæðinu.

Í 1. og 2. grein samningsins lýsa aðilarnir yfir því, að þeir muni stuðla að þróun friðsamlegra milliríkjaviðskipta og leysa hvers konar milliríkjadeilumál, sem þeir kunna að eiga í, á friðsamlegan hátt í samræmi við sáttmála hinna Sameinuðu þjóða. Munu þeir leitast við að forðast árekstra í efnahagslegum milliríkjaviðskiptum sínum og hvetja til aukinnar efnahagssamvinnu sín á milli.

Í 3. og 4. grein segir, að aðilarnir muni varðveita og efla möguleika hvers um sig og allra saman til að standast vopnaða árás og að þeir muni hafa samráð sín á milli hvenær sem einhver þeirra álítur að friðhelgi landsvæðis einhvers aðila, sjálfstæði eða öryggi sé ógnað. Ótvírætt er, að hvert ríki ræður því sjálft samkv. 3. gr., hvað það leggur af mörkum. Sést það glögglega við athugun á greininni sjálfri og samanburði við 9. gr.

Í 5. gr. eru ákvæði um það, að vopnuð árás á einn aðila skuli jafnframt verða talin vopnuð árás á þá alla. Ef til slíkrar árásar kemur, mun hver aðili gera þær ráðstafanir, sem hann telur nauðsynlegar til að koma aftur á og varðveita öryggi

Norður-Atlantshafssvæðisins. Þarna er því berum orðum sagt, að hvert ríki ræður sjálft framlögum sínum. Skal öryggisráðinu tafarlaust tilkynnt um allar þvílíkar árásir og ráðstafanir, sem gerðar eru vegna þeirra og skal ljúka þeim ráðstöfunum þegar öryggisráðið hefur gert þær ráðstafanir, sem nauðsynlegar eru til að varðveita alþjóða frið. Aðalatriði samningsins felst í þessari grein, og er hún í fullu samræmi við 51. gr. sáttmála Sameinuðu þjóðanna.

Í 6. gr. segir nánar um staðatakmörk 5. gr.

Samkvæmt 7. gr. breytir samningurinn engu um réttindi og skyldur þeirra aðila, sem eru meðlimir hinna Sameinuðu þjóða, samkvæmt sáttmála þeirra. Hins vegar segir í 8. gr., að hver aðili um sig lýsi því yfir, að engar milliríkjaskuldbindingar hans brjóti í bága við ákvæði þessa samnings og lofar því að gerast ekki aðili að nokkurri slíkri milliríkjaskuldbindingu.

Samkvæmt 9. gr. stofna aðilarnir ráð, sem hver þeirra á sæti í, og skal það athuga þau mál, sem snerta framkvæmd samningsins og skipa þær undirnefndir, sem nauðsynlegar kunna að þykja, þar á meðal varnarnefnd, er geri tillögur um ráðstafanir til framkvæmdar 3. og 5. gr. Er það ljóst annars vegar, að hver aðili á sæti í ráðinu og undirnefndum þess, og hins vegar, að hvorki ráðið né undirnefndirnar geta gert ályktanir, er bindi aðila, án samþykkis hans sjálfs.

Í 10. gr. er gert ráð fyrir því, að öðrum ríkjum Evrópu sé heimil þátttaka í samningnum, ef allir aðilar samþykkja það.

Í 11. gr. segir, að samningurinn gangi í gildi milli þeirra aðila, sem hafa fullgilt hann, þegar fullgildingarskjöl hafa verið afhent frá meiri hluta þeirra ríkja, er undirritað hafa, þ. á m. Bandaríkjunum, Belgíu, Bretlandi, Frakklandi, Hollandi, Kanada og Luxembourg.

Samkvæmt 12. gr. skulu aðilar, þegar tíu ár eru liðin frá gildistöku samningsins, ráðgast um endurskoðun hans, ef einhver þeirra óskar þess og samkvæmt 13. gr. getur hver aðili sagt samningnum upp með eins árs fyrirvara, þegar tuttugu ár eru liðin frá gildistöku hans.

Í 14. gr. eru loks ákvæði um, að samningurinn sé gerður á ensku og frönsku, og að báðir textarnir séu jafngildir.

Rétt þykir að hér með fylgi skýrsla sú, sem undirritaðir ráðherrar hafa gefið um ferð sína til Washington. Hljóðar hún svo:

„Þar sem Alþingi mun bráðlega taka til meðferðar þátttöku Íslands í hinu fyrirhugaða Norður-Atlantshafsbandalagi, þykir okkur hlýða að gefa almenningi nú stutta skýrslu um för okkar til Washington og viðræður okkar við utanríkisráðherra Bandaríkjanna og aðstoðarmenn hans.

För okkar var ráðin til þess að við gætum til hlítar kynnt okkur samninginn, atvik öll, er að honum liggja, og gert grein fyrir sérstöðu Íslands.

Samningurinn hefur nú verið birtur.

Aðalskuldbindingar samningsins eru í 3. og 5. gr., en af báðum þessum greinum, hvorri um sig og samanborið við 9. gr. er ótvírætt, að hvert ríki um sig tekur sjálft um það ákvörðun, hvað það leggur fram samkvæmt samningnum. Ætlunin er að efna til frjálsra samtaka frjálsra þjóða til varðveizlu friðar og aukinnar velmegunar.

En þótt samningsákvæðin sjálf séu skýr og ótvíræð ræddum við þó ýtarlega hlut Íslands í þessum samtökum, ef til kæmi, og skýrðum rækilega sérstöðu landsins.

Við tókum fram, að Ísland hvorki hefði né gæti haft eigin her og mundi þess vegna hvorki geta né vilja fara með hernaði gegn nokkurri þjóð, jafnvel þótt á það yrði ráðizt. Ekki kæmi heldur til mála, að útlendur her fengi að hafa aðsetur á Íslandi á friðartímum né yrðu þar leyfðar erlendar herstöðvar.

Utanríkisráðherra Bandaríkjanna, Dean Acheson, tók berum orðum fram, að ríki, sem aldrei hefði haft her, myndi ekki þurfa að mynda hann samkvæmt samningnum. Hann sagði og, að ljóst væri, að ekki kæmi til mála, að neitt samningsríki

óskaði að hafa her í öðru þátttökuríki á friðartímum eða herstöðvar. Enn fremur lýsti hann yfir því, að ótvírætt væri, að hver aðili mundi endanlega ákveða sjálfur, hvaða ráðstafanir hann vildi gera, ef vopnuð árás væri gerð á einhvern þeirra, og yrðu slíkar ákvarðanir auðvitað að vera gerðar í góðri trú. Loks var um þetta atriði afdráttarlaust tekið fram af fulltrúa Bandaríkjamanna, að hernaðaraðgerðir myndu ekki koma til greina af hálfu ríkis, sem engan her hefði, enda hefði hvert ríki um sig og fullnaðarákvörðunarrétt um það, hvenær það teldi þörf aðgerða samkvæmt 5. grein samningsins.

Utanríkisráðherra Bandaríkjanna sagði, að hann vildi taka skýrt fram, að Bandaríkjastjórn myndi ekki reyna að hafa nein áhrif á íslenzku ríkisstjórnina varðandi þátttöku í samningnum, og væri það mál, sem Íslendingar sjálfir yrðu algerlega að ákveða. Á hitt lagði hann áherzlu, að ef Íslendingar tækju þátt í bandalagi þessu sýndu þeir þar með á sama veg og aðrir samningsaðilar, að þeir vildu ekki, að land þeirra yrði til afnota fyrir árásarþjóð.

Í viðræðunum kom glögglega fram það, sem þegar er vitað og síðasta styrjöld sýndi, að Ísland hefur mikla hernaðarlega þýðingu og getur því ekki búizt við að haldast utan við meiri háttar hernaðarátök, ef svo illa fer, að til þeirra komi. Því var lýst, að stofnendur bandalagsins teldu, að með stofnun þess mundi hættan á ófriði og árás á hvert ríki um sig stórlega minnka og líkurnar fyrir því, að hægt væri að standa gegn árás vaxa, þar sem m. a. væri hægt að hafa samráð og samvinnu fyrir fram um varnir landanna, ef til kæmi.

Utanríkisráðherra Bandaríkjanna lagði á það megináherzlu, að samtök þessi væru gerð til eflingar heimsfriðnum, til að draga úr árásarhættu og ættu að öllu leyti að starfa í samræmi við tilgang og reglur Sameinuðu þjóðanna.

Í lok viðræðnanna var því lýst yfir af hálfu Bandaríkjamanna:

1. Að ef til ófriðar kæmi mundu Bandalagsþjóðirnar óska svipaðrar aðstöðu á Íslandi og var í síðasta stríði, og það myndi algerlega vera á valdi Íslands sjálfs, hvenær sú aðstaða yrði látin í té.
2. Að allir aðrir samningsaðilar hefðu fullan skilning á sérstöðu Íslands.
3. Að viðurkennt væri, að Ísland hefði engan her og ætlaði ekki að stofna her.
4. Að ekki kæmi til mála, að erlendur her eða herstöðvar yrðu á Íslandi á friðartímum.

Reykjavík, 26. marz 1949.

Bjarni Benediktsson. Emil Jónsson. Eysteinn Jónsson.“

Sþ. 500. Tillaga til þingsályktunar [178. mál]

um dýrtíðar-, skatta- og viðskiptamál.

Flm.: Jónas Jónsson.

Alþingi ályktar að skora í ríkisstjórnina:

a. að rannsaka alla aðalliði dýrtíðarinnar í Noregi, Danmörku, Svíþjóð og Englandi, og setja fyrir næstu áramót lög um verðlags- og kaupgjaldsdómstól hér á landi, sem ákveður í ársbyrjun 1950 allt verðlag og kaupgjald hér á landi í samræmi við meðaltal sömu þátta dýrtíðarinnar í framangreindum fjórum löndum. Skal dómstóllinn endurnýja leigu jarða, skipa og húsa tvisvar á ári og þá samræmingu um kaupgjald og verðlag á íslenzkri framleiðslu, sem notuð er innanlands, fram til 1955, þegar lögin falla úr gildi;

b. að rannsaka í Svisslandi skatthæð til ríkis og sveitarfélaga af eignum og tekjum og móta síðan eftir því nýtt skattakerfi fyrir Íslendinga, þar sem tryggt er, að enginn þegn hér á landi fái tiltölulega þyngri skattabyrðar til almannaþarfa hér á landi, en hann mundi greiða í Svisslandi af sömu eign og tekjum;
c. að undirbúa nýtt skipulag á embættis- og launakerfi ríkis- og bæja, þar sem tryggt er, að byrði skattþegnanna til að standast kostnað við opinberan rekstur verði aldrei meiri hér á landi en í Svisslandi;
d. að hefja skipulagsbundna starfsemi, með aðstoð íslenzkra og ameríska viðskiptaforkólfa til að gera hraðfrysta íslenzka fiskinn að auðseldri og viðurkenndri neyzluvöru í Bandaríkjunum.

Greinargerð.

Um síðustu aldamót byggði íslenzka ríkið brú þá yfir Blöndu hjá kauptúninu Blönduósi, sem kunn er hverjum ferðamanni, sem fer um þjóðveginn í Húnaþingi. Tekjur landssjóðs voru þá ekki miklar, en samt var þessi brú byggð umtölulaust á einu ári og þótti ekkert afrek. Nú er þörf á að brúa þessa á nokkru ofar, þar sem fjarlægð er 50 m milli stöpla. Þessi brú er nauðsynleg vegna innanhéraðs þarfa, en styttir auk þess norðurleiðina um ca. 10 km. Menn gætu búizt við, að auðvelt mundi vera fyrir íslenzka ríkið að gera slíka smábrú, þar sem tekjur ríkissjóðs nema nú hundruðum milljóna og í hlut á þingmaður, sem er kappsmáður og áhrifamaður í stærsta þingflokknum og forseti Alþingis. En þessu er ekki svo varið. Þrátt fyrir góðan málstað og mikinn dugnað þingmannsins, sem hér á hluta að máli, getur íslenzka ríkið ekki gert þessa brú á minna en 6—10 árum. Sum árin leyfir fjárveitingin, að hægt væri að gera 7 m, en fyrir þá fjárhæð, sem veitt er í ár, væri ekki hægt að komast svo langt í framkvæmdum. Þetta dæmi er tekið til að sanna, að íslenzka ríkið er að þrotum komið fjárhagslega. Svo þungar og óvenjulegar byrðar hafa verið lagðar á ríkissjóð og sveitarfélög landsins, að þau geta ekki sinnt venjulegum störfum vestræns þjóðfélags. Þessu veldur dýrtíðin, óhæfilega mannmargt skrifstofulið og útgjöld til trygginga og uppeldismála, sem eru í algerðu ósamræmi við getu þjóðarinnar. Síðan bætast við mikil mistök með útflutningsverzlun landsins. Dýrtíðin er að sliga bæði einstaklinga og þjóðfélagið. Unga fólkið, sem fær hátt kaup í krónutölu, heldur oft, að dýrtíðin sé því hliðholl. En þegar það ætlar að reisa bú, eignast bát, hús eða jörð, þá mætir það dýrtíðinni eins og óyfirsíganlegum múrvegg. Ef ekki verður unnt að færa dýrtíðina hér á landi niður innan skamms í jafnhæð við England og Norðurlönd, getur Ísland ekki tekið þátt í samfélagi menntaþjóða heimsins. Það þarf þó ekki nema nokkra karlmennsku til að kippa þessum þjóðarvanda í réttar skorður. Það, sem þarf að gera, er að lækka í réttum hlutföllum allar tölur, sem lúta að dýrtíðinni. Kemur þá líka til greina niðurfærsla skulda í samræmi við aðrar lækkanir. Takmarkið er að gera dýrtíðina á Íslandi jafnlága og í næstu löndum. Þetta er hér sýnilega óhætt, því að fólki í þessum löndum líður yfirleitt betur en Íslendingum. Þar bíður örugg framtíð ungu kynslóðarinnar, sem byrjar lífsbaráttuna á yfirstandandi tíma. Vörur þessara þjóða eru eftirsóttar um allan heim, en það verður því miður ekki sagt um hinar dýru söluvörur Íslendinga. Hér er lagt til að miða niðurfærslu dýrtíðarinnar við þau fjögur lönd, sem eru nábúar, keppinautar og viðskiptavinir Íslendinga. Það eru auk þess lönd, þar sem lífsvenjur og lífsþægindi almennings eru einna mest nú á tímum. Þess vegna er ekki farið fram á að taka til fyrirmyndar þjóðir á lægra stigi en Íslendinga.

Þó að verðlag innanlands, kaup og laun væri komið á öruggan grundvöll, mundi lítið verða úr umbótinni, ef skattborgarar með lækkuðum launum væru háðir gerræðisfullum útgjöldum til ríkis og bæja. Eins og Norðurlönd og England eru eðlilegar fyrirmyndir varðandi grundvöll dýrtíðarinnar, þannig er Svissland hin sjálfsagða fyrirmynd um hóflegar en þó nægilegar skattabyrðar. Í því landi er hægfara

þróun, þingstjórn, lýðfrelsi og miklar framfarir. Svisslendingar hafa setið á friðstóli eins og Íslendingar og notið fjárhagslegra hlunninda á tímum tveggja styrjalda. Íslendingar eiga ekki í skattamálum að bera sig saman við lönd, sem hafa verið herjuð og eyðilögð í tveim styrjöldum. Þess vegna getur Svissland verið fyrirmynd í skattamálum um það, hve þungar byrðar má leggja á borgara til að launa opinberum starfsmönnum og til mannfélagsumbóta.

Jafnframt þessu þarf að leysa verzlunina úr dróma. Þar skiptir mestu að koma á beinum skiptum við Bandaríkin. Þar getur orðið ágætur markaður fyrir hraðfrysta fiskinn íslenzka, ef ekki þarf að heimta fyrir hann hærra verð en keppinautarnir telja sig þurfa að fá. Íslenzka þjóðin þarf að fá frá Bandaríkjunum kornvöru, aldini, olíu og hvers kyns vélar. Ef Bandaríkjamenn sækjast ekki eftir og kaupa að staðaldri höfuðframleiðsluvöru Íslendinga, verður hér á landi sífelld þurrð á þeim vörum, sem þjóðinni liggur mest á að kaupa frá útlöndum.

Ég hef á undanförnum þingum hvað eftir annað bent ríkisstjórn og þingi á nauðsyn þess að afla sér gagna frá Norðurlöndum og Englandi um verðlag og kaupgjald. Ef slík gögn hefðu verið birt jafnóðum öllum almenningi, hefði þjóðin séð, í hvílíkum háska hún var stödd. Ég hef jafnframt lagt til, að meginácherzla yrði lögð á að afla markaðs í Bandaríkjunum fyrir hraðfrystan fisk. Alþingi og ríkisstjórn hafa næsta lítið aðhafzt í þessum málum og talið hitt réttara, að láta skeika að sköpuðu. Mundu ýmsir sem ekki vissu af kynningu, að hér hafa verið allvaskir menn í umræddum trúnaðarstöðum, mæla, að nokkuð hafi skort á framsýni og karlmennsku í meðferð þessara mála. Nú legg ég þetta undirstöðumál íslenzkra þjóðheilla enn undir dóm Alþingis og ríkisstjórnar. Síðar mun ég, ef ekkert er aðhafzt, stefna því fyrir dóm þjóðarinnar, enda eiga borgarar landsins mest undir, hversu fram úr rætist.

Eftir þeim undirtektum, sem bjargráð í dýrtíðarvandanum hafa hlotið, má búast við, að enn fari sem fyrr, að þar verði engin handtök viðhöfð, sem megni að bægja ógæfunni frá landi og þjóð. Fer þá vel á að gera sér ljósa grein fyrir því, sem yfir þjóðina hlýtur að ganga sem afleiðing undangenginna yfirsjóna. Krónan er nú stórlega fallin, sökum síhækkandi verðlags, kaupgjalds og launa. Innan tíðar verður krónan felld, ef öll eiginleg bjargráð eru vanrækt, gagnvart erlendri mynt. Þjóðfélagið getur hvergi komið við stöðvun. Kaup og laun hækka sem svarar krónufallinu eða meir. Þá er krónan felld öðru sinni og verðlag og kaup hækka. Þessum leik lýkur, þegar myntin er gersamlega verðlaus, eins og þýzka markið eftir fyrra stríðið. Þá er ríkið, sveitarfélögin, bankar og sparisjóðir orðin gjaldþrota. Allt sparifé, verðbréf, og tryggingar er fokið út í veður og vind. Í landinu er ekki til annað verðmæti en vinnuorka, fasteignir, bústofn, bátar, skip og áhöld. Með sparifénu hefur tapazt ráðdeild og margar aðrar borgaralegar dyggðir. Alls konar öfgastefnur magnast og trúin á kynjalyf gagntekur hugi allsleysingjanna. Hver stétt kennir annarri um ófarnað sinn, en þykist sjálf vera saklaus. Nú berast Íslendingum gjafir frá fólki, sem vinnur baki brotnu fyrir sér og öðrum. Þegar gjafir þrjóta, verður skuldum safnað erlendis. Þegar skuldin er orðin mikil, vill lánardrottinn fá eitthvað aftur af fé sínu, en gjaldþrota þjóð greiðir hvorki vexti né afborganir. Á bágindatímum Tyrkja, settu stórveldin á fót skuldakröfunefnd með fínu, frönsku nafni í Miklagarði, til að taka úr sjóði soldánanna öruggustu tekjurnar upp í skuldir erlendra lánardrottna. Þegar Nýfundnalandsbúar fóru nærri því eins ógætilega í fjármálum og Íslendingar síðan 1942, var sjálf stjórnin tekin af fylkinu, og í fjórðung aldar stjórnuðu kunnáttumenn frá London eyjunni og málum hennar. Þá var byrjað að spara og borga skuldir og að ala upp nýja kynslóð, ábyrga gerða sinna. Að því búnu gáfu Bretar eyjarskeggjum það frelsi, sem þeir kunnu ekki að fara með í fyrstu lotu. Sama hætta vofir nú yfir Íslendingum. Engilsaxar munu vegna Atlantshafssáttmálans, halda Íslandi vestan járntjalds. Að loknu því tímabili, þegar lánardrottnar endurheimta vanskilaskuldir, munu stjórnarvöldin í Washington og London end-

urheimta frelsi Íslendinga þjóðinni til handa, eins og þessar stjórnir höfðu fyrr unnið að á Þingvöllum 17. júní 1944. Væntanlega mundi sú kynslóð, sem tæki þá við frelsinu, reyna að skilja og fyrirgefa þeim forfeðrum, sem létu vanþroskaða öfgamenn austan fyrir járntjald steypa í glötun því þjóðskipulagi og frelsi, sem beztu menn landsins höfðu barizt fyrir í meira en heila öld.

Sþ. 501. Tillaga til þingsályktunar [179. mál]

um verndun Geysis í Haukadal.

Flm.: Jónas Jónsson.

Alþingi ályktar að skora á ríkisstjórnina að koma skipulegri friðun á landsvæði kringum Geysi og vernda svo sem bezt sjálfan goshverinn.

Greinargerð.

Geysir var vanræktur, kastað í hann grjóti og torfi. Hann var seldur úr landi, vakinn aftur, keyptur og gefinn þjóðinni, sem hafði glatað honum. Að frátöldu eftirliti Sigurðar Greipssonar bónda og skólastjóra í Haukadal er Geysir og umhverfi hans enn þá vanrækt svo að minnkun er að. Geysir er náttúrufyrirbrigði, sem ekki á sinn jafningja að tign og glæsileik, þó að leitað sé um víða veröld. Í Gulsteinagarði í Bandaríkjunum er frægur goshver, sem þeytir tveggja feta breiðri vatnssúlu 60 m í loft upp einu sinni á klukkustund. Vopnaður gæzlumaður heldur vörð um hverinn alla daga, meðan gestir koma í garðinn. Þar má ekkert óhreint koma fyrir aðgerðir gálausra gesta. Það þarf að friða hlíðina ofan við Geysi í Haukadal og landið kringum hverinn niður að ánni. Engin mannvirki ætti að reisa á þessu landi, heldur prýða það með viðeigandi gróðri. Sigurður Greipsson hefur reist með eigin efnum og litlum stuðningi mannfélagsins skóla, sundlaug og gistihús við Geysi. Hann er gæzlumaður Geysis og hefur myndarlegt bú á staðnum. Jörð hans, Haukadalur, hefur verið lögð undir skógræktina, en Sigurð vantar tilfinnanlega land til ræktunar og beitar nærri gistihúsinu. Þetta land er við höndina og ónotað að kalla má. Þar þurfa að koma til greina landskipti og nokkur velvild frá þjóðfélagsins hálfu, en í þeim efnum hefur ekkert verið aðhafzt síðan Geysir vaknaði að nýju. Gistihúseigandinn þarf að hafa stórt bú, nægilegt land, starfrækja skóla að vetrinum, en hafa á sumrin aðstöðu til að prýða landið kringum þennan gimstein þjóðarinnar og hafa þar stranga vörzlu, svo að engin óhöpp af mannavöldum geti komið fyrir aftur í sambandi við þann goshver, sem er svo ágætur að fegurð, að eftir honum heita allir aðrir hverir, hvar sem er á jörðinni.

Ed. 502. Breytingartillaga [118. mál]

við brtt. á þskj. 486 (Raforkulög).

Frá Gísla Jónssyni.

a. Úr 1. efnismgr. falla niður orðin „til átta ára með 3% ársvöxtum og jöfnum afborgunum og veði í aflvélinni og fasteign, sem raforkuráð tekur gilt, og má lánið vera“.
b. Síðasta mgr. orðist svo:
Lán þessi ákveður ráðherra samkvæmt tillögu raforkuráðs, með þeim lánskjörum og gegn þeim tryggingum, sem ráðið ákveður.

Sþ. 503. Nefndarálit [55. mál]

um till. til þál. um þjóðaratkvæði um innflutnings-, framleiðslu- og sölubann á áfengum drykkjum.

Frá meiri hl. fjárveitinganefndar.

Við, sem að nefndaráliti þessu stöndum, leggjum eindregið til, að tillagan verði samþykkt og vísum um rök fyrir þeirri afstöðu okkar til greinargerðar þeirrar, sem tillögunni fylgir. Síðan tillaga þessi kom fram hafa Alþingi borizt hvaðanæva að, frá áhugasömu fólki um bindindismál, áskoranir um samþykkt tillögunnar. — SÁÓ er samþykkur tillögunni að öðru leyti en því, að hann vill ekki binda hana við alþingiskosningar.

Alþingi, 21. marz 1949.

Pétur Ottesen, frsm. Lúðvík Jósefsson. Sigurjón Á. Ólafsson.

Ásmundur Sigurðsson. Helgi Jónasson. Halldór Ásgrímsson.

Sþ. 504. Nefndarálit [25. mál]

um till. til þál. um afnám vínveitinga á kostnað ríkisins.

Frá minni hl. fjárveitinganefndar.

Við, sem undirritum nefndarálit þetta, mælum eindregið með því, að tillagan verði samþykkt.

Alþingi, 21. marz 1949.

Halldór Ásgrímsson, frsm. Lúðvík Jósefsson. Ásmundur Sigurðsson.

Pétur Ottesen.

Sþ. 505. Nefndarálit [24. mál]

um till. til þál. um afnám sérréttinda í áfengis- og tóbakskaupum.

Frá meiri hl. fjárveitinganefndar.

Meiri hl. fjárveitinganefndar leggur eindregið til, að tillaga þessi verði samþykkt.

Alþingi, 21. marz 1949.

Pétur Ottesen, frsm. Lúðvík Jósefsson, Ásmundur Sigurðsson.

Helgi Jónasson. Halldór Ásgrímsson.

Sþ. 506. Breytingartillaga [177. mál]

við till. til þál. um þátttöku Íslands í Norður-Atlantshafssamningi.

Frá Gylfa Þ. Gíslasyni, Hannibal Valdimarssyni.

Aftan við tillögugreinina bætist: enda verði viðurkennt af öllum samningsaðilum sem samningsatriði sú sérstaða Íslands, að það geti aldrei sagt öðrum þjóðum stríð á hendur né háð styrjöld, þar eð þjóðin sé vopnlaus og ætli sér ekki að hervæðast.

Enn fremur lýsir Alþingi yfir því, að óskað verði endurskoðunar á Keflavíkursamningnum strax og ákvæði hans leyfa eða fyrr, ef samkomulag næst um það, og þeirri skipan komið á rekstur flugvallarins með uppsögn samningsins eða án þess, að reksturinn verði að öllu leyti í höndum Íslendinga, en samið verði við þær þjóðir, sem völlinn nota, um greiðslu kostnaðar við rekstur hans.

Sþ. 507. Tillaga til rökstuddrar dagskrár [177. mál]

í málinu: Till. til þál. um þátttöku Íslands í Norður-Atlantshafssamningi.

Frá Einari Olgeirssyni.

Um leið og Alþingi felur ríkisstjórninni að snúa sér til stjórna Bandaríkjanna, Bretlands og Sovétríkjanna og óska yfirlýsinga þeirra um, að þessi ríki muni virða að fullu friðhelgi Íslands í stríði sem friði, svo fremi það ljái engu ríki herstöðvar í landinu, tekur það fyrir næsta mál á dagskrá.

Sþ. 508. Breytingartillaga [177. mál]

við till. til þál. um þátttöku Íslands í Norður-Atlantshafssamningi.

Frá Skúla Guðmundssyni og Hermanni Jónassyni.

Tillögugreinin orðist svo:

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að láta fara fram almenna atkvæðagreiðslu alþingiskjósenda um það, hvort Ísland eigi að gerast aðili að Norður-Atlantshafssamningi þeim, sem fulltrúar Bandaríkjanna, Belgíu, Bretlands, Frakklands, Hollands, Kanada, Luxenbourg og Noregs hafa orðið ásátt um, eins og samningurinn nú liggur fyrir, og einnig um það, hvort hafa eigi þann fyrirvara af Íslands hálfu, að það muni aldrei segja öðrum þjóðum stríð á hendur né heyja styrjöld, þar eð þjóðin sé vopnlaus og ætli sér ekki að hervæðast, enda fari sú atkvæðagreiðsla fram í aprílmánuði 1949 og verði hagað þannig, að kjósendur búsettir utan kaupstaða og kauptúna geti greitt atkvæði á heimilum sínum, eftir reglum, er ráðherra setur.

Enn fremur felur Alþingi ríkisstjórninni að gerast aðili fyrir Íslands hönd að Norður-Atlantshafssamningnum, ef meiri hluti þeirra kjósenda, er þátt taka í atkvæðagreiðslunni, greiða atkvæði með því.

Sþ. 509. Nefndarálit [177. mál]

um till. til þál. um þátttöku Íslands í Norður-Atlantshafssamningi.

Frá minni hl. utanríkismálanefndar.

Hér liggur nú fyrir þingsályktun frá hæstvirtri ríkisstjórn um það, að henni heimilist að gerast aðili að svonefndu Atlantshafsbandalagi, samkvæmt þeim samningi, er nú liggur fyrir og birtur hefur verið fyrir þjóðinni

Við undirritaðir höfum ekki getað orðið sammála meðnefndarmönnum okkar og komum því fram með eftirfarandi álit.

Skoðanir landsmanna munu vera skiptar um samningsgerð þessarar tegundar. Sumir vilja alls enga samninga gera um væntanlega samvinnu í styrjöld við nábúaríki okkar hér við Atlantshafið. Í þessum hópi eru fyrst og fremst sósíalistafl. og nokkrir aðrir. En til er líka talsvert af Íslendingum, sem eru reiðubúnir til að gera svo að segja hvaða samning sem er um hernaðarsamtök, einkum við Bandaríkin og jafnvel Bretland — í samræmi við það, sem þessi lönd kynnu að óska. — Eru þetta einkum menn, sem fyrir síðustu styrjöld voru auðsveipir við þær erlendu þjóðir, er höfðu mest áhrif hér á landi eða þeir töldu horfur á, að næðu áhrifavaldi.

En svo er þriðji hópurinn og langstærstur, þorri þjóðarinnar, sem vill eða er tilleiðanlegur til að gera hervarnarsamning af Íslands hálfu við nábúaríkin, ef tryggilega er frá þeim samningi gengið fyrir Ísland. — Um þetta atriði, hvað tryggilegt sé, munu vera nokkuð skiptar skoðanir meðal þeirra, sem þó vilja semja á þennan veg, og meir en kemur í ljós opinberlega, því ýmsir slá jafnvel miklu af skoðunum sínum, til þess að skera sig ekki úr hópnum. Það er talið miklu máli skipta að standa saman um ákvarðanir — en við teljum, að gagnrýni megum við þó sízt án vera, þegar stórum málum er ráðið til lykta. Við álítum jafnvel, að hún sé hollari þjóðinni en sú hóplund, sem svo mjög hefur verið með henni ræktuð. Eðlilegast væri að láta þjóðina sjálfa skera úr með atkvæðagreiðslu um málið, því liggur ekki svo mikið á, að ekki væri það auðvelt.

Við erum í þeim hópi manna, sem er reiðubúinn til þess að fallast á það, að Ísland gerist aðili að Atlantshafsbandalaginu, — ef vissum skilyrðum er fullnægt. Þetta viljum við gjarnan, að liggi ljóst fyrir, enda er svo, því árið 1941, þegar Bretland stóð höllum fæti í styrjöldinni, höfum við stutt að því ásamt öðrum, að herverndarsamningurinn var gerður við Bandaríkin, að ósk þeirra og Bretlands.

Annar okkar (HermJ) gerði 1941 grein fyrir því í allýtarlegri ræðu, hvers vegna hann vildi gera herverndarsamninginn. Hann sagði meðal annars:

„Það má enn fremur taka það fram, að Ísland hvorki getur né óskar þess að hafa annað en sem vinsamlegasta sambúð og viðskipti við þessi tvö stórveldi, Bandaríkin og Bretland. Þessi stórveldi eru bæði reynd að langri vináttu og vinsamlegum samskiptum við íslenzku þjóðina. Vegna legu landsins er það, eins og ég áðan sagði, áhrifasvæði þeirra og á, svo sem nú er komið, eins mikið og nokkurt annað land undir því, að þessi vinsamlegu viðskipti geti haldizt.“

Þessi pólitíska trúarjátning, sett fram fyrir 8 árum um aðstöðu Íslands, þegar styrjöld geisar í nágrenni þess, hefur ekki breytzt. En reynslan hefur og staðfest það, einmitt í þessum hernaðarsamningum, að við erum seint of varkárir, jafnvel þó að við semjum við þjóðir, sem við treystum bezt og teljum okkar vinaþjóðir. Umboðsmenn þeirra telja sér auðvitað skylt sem góðir og þjóðhollir fulltrúar þjóða sinna að komast eins langt í samningum og þeir geta og að framfylgja þeim rétti, sem samningurinn veitir, til hins ýtrasta. — Í herverndarsamningnum 1941 var svo fyrir mælt, að her Bandaríkjanna hyrfi héðan „undireins og núverandi ófriði er lokið.“ Þannig er komizt að orði í símskeyti forsætisráðherra Íslands til forseta Bandaríkjanna. —

Í svari sínu tekur forsetinn upp nákvæmlega öll skilyrðin, er sett voru fyrir herverndinni af Íslands hálfu, og segir síðan orðrétt: —

„Mér er það ánægja að staðfesta hér með við yður, að skilyrði þau, sem sett eru fram í orðsendingu yðar, er ég hef nú móttekið, eru fyllilega aðgengileg fyrir ríkisstjórn Bandaríkjanna og að skilyrða þessara mun verða gætt í viðskiptunum milli Bandaríkjanna og Íslands.“

Síðar í símskeytinu er svo rætt um stefnu Bandaríkjanna, nokkuð almennt, viðkomandi styrjöldinni, að þau muni á engan hátt skipta sér af innanlandsmálum hér á landi og „að strax og núverandi hættuástandi í millirikjaviðskiptum er lokið, skuli allur slíkur herafli og sjóher látinn hverfa á brott þaðan, svo að íslenzka þjóðin og ríkisstjórn hennar ráði algerlega yfir sínu eigin landi.“

En á þessum setningum í enda símskeytisins: „núverandi hættuástandi í millirikjaviðskiptum er lokið“ var það síðar talið byggt, að her Bandaríkjanna væri ekki skylt að fara héðan fyrr en svo stæði á, að „hættuástandi í millirikjaviðskiptum væri lokið,“ þótt í upphafi símskeytisins hefði verið lýst hátíðlega yfir, að öll skilyrði Íslands væru samþykkt, þar á meðal, að Bandaríkjaher færi héðan „undireins og núverandi ófriði er lokið.“ — En sagt hefur verið einnig, að í það hafi og verið látið skína, að núverandi ófriði væri ekki lokið fyrr en friðarsamningar hefðu verið gerðir, — en þeim enn ekki lokið. —

Vegna þessa ágreinings kvaðst fyrrverandi ríkisstjórn telja, að gera yrði samning við Bandaríkin um Keflavíkurflugvöllinn til þess að kaupa sig frá og losna við herverndina, enda heitir samningurinn um Keflavíkurflugvöllinn: „Tillaga til þingsályktunar um heimild fyrir ríkisstjórnina til að gera samning við Bandaríki Ameríku um niðurfellingu herverndarsamningsins frá 1941 o. fl.“

Við erum að vísu þeirrar skoðunar, að stjórn Bandaríkjanna hefði aldrei haldið þessari túlkun sinni á herverndarsamningnum til streitu, ef fast hefði verið staðið gegn því af hálfu Íslands. — En hvað sem um það er, sýnir þetta eftirminnilega, að seint er of varlega farið í utanríkissamningum. —

Um samninginn um flugvöllinn við Keflavík þarf ekki að fjölyrða. Það er nú á vitund þjóðarinnar, að skýringarnar, sem gefnar voru á ákvæðum hans hér á Alþingi, hafa fáar eða engar staðizt, loforðin, sem hér voru gefin um framkvæmd hans, hafa ekki verið haldin.

Þessi samningur er illa þokkaður, okkur Íslendingum til tjóns og ama, og vináttu milli Íslands og Bandaríkjanna stendur af honum meiri hætta en nokkru öðru. Bandaríkjamenn voru hér mjög vinsælir, er stríðinu lauk. Ekkert hefur reynt meira á þá vináttu og spillt henni en þessi samningur. Hann er óskynsamlegur, því að hann er báðum þjóðunum til óhags, ef rétt er skoðað. Þeir, sem vilja vinna að vináttu og tiltrú milli Íslands og Bandaríkjanna, ættu fyrst og fremst að vinna að afnámi Keflavíkursamningsins. — Það mundi, þótt í ýmsu óskylt sé, hafa sömu áhrif eins og sambandsslit okkar við Dani. Fyrst eftir slitin varð vinátta Íslands og Danmerkur traust. Keflavíkursamningurinn, — hvernig hann var skýrður og hvernig hann hefur reynzt, — ætti að vera okkur næg aðvörun um það að gæta okkar við næstu samningsgerð. —

Og nú höfum við samning þessa fyrirhugaða Atlantshafsbandalags og það er rætt um, að við ættum að gerast samningsaðilar. —

Það er sagt um þennan samning, að í honum felist næstum engar lagalegar skuldbindingar, heldur aðallega siðferðislegar. Þess vegna skuldbindi sáttmálinn engan samningsaðila til að gera annað en það, sem hann sjálfur ákveður.

Jafnframt er því haldið fram, að samningurinn feli í sér það öryggi fyrir okkur, að Bandaríkin og önnur samningsríki komi okkur til aðstoðar, ef við séum í yfirvofandi hættu.

Báðar þessar staðhæfingar álítum við, að geti naumast verið réttar.

Ef við erum ekki siðferðislega skuldbundnir til að láta neitt af mörkum — þá eru aðrir samningsaðilar það væntanlega ekki heldur, þar á meðal er þeim óskylt

að verja Ísland, þótt á það væri ráðizt, nema að svo miklu leyti sem þær kunna að óska. En ef samningsaðilarnir eru siðferðislega skuldbundnir til að koma Íslandi til aðstoðar, þá erum við væntanlega á sama hátt skuldbundnir til þess að gera það, sem með sæmilegu móti verður af okkur krafizt, til þess að gera vörn landsins og annarra samningsaðila framkvæmanlega. — Þannig mun það og vera. Siðferðislegar skuldbindingar geta engu síður verið bindandi en þær lagalegu og þær eru, hvað sem sagt er, gagnkvæmar milli bandalagsþjóðanna.

En við verðum fyrst og fremst að gera okkur grein fyrir, hvað við viljum með þessum samningum, og það verðum við fyrir Íslands hönd að tryggja með skýlausum ákvæðum í samningnum sjálfum. Yfirlýsingar, skýringar og loforð hafa ekki gildi, nema að því leyti sem þær eiga stoð í samningnum.

Ráðherrarnir íslenzku hafa gefið út opinbera skýrslu og segja, að lýst hafi verið yfir af hálfu Bandaríkjanna eftirfarandi atriðum:

„1. Að ef til ófriðar kæmi, mundu Bandalagsþjóðirnar óska svipaðrar aðstöðu á Íslandi og var í síðasta stríði, og það mundi algerlega vera á valdi Íslands sjálfs, hvenær sú aðstaða yrði látin í té.
2. Að allir aðrir samningsaðilar hefðu fullan skilning á sérstöðu Íslands.
3. Að viðurkennt væri, að Ísland hefði engan her og ætlaði ekki að stofna her.
4. Að ekki kæmi til mála, að erlendur her eða herstöðvar yrðu á Íslandi á friðartímum."

Við erum því ekki mótfallnir, að samið sé á þessum grundvelli, en við viljum, að þessi atriði séu, eftir því sem við teljum þörf og höfum vit á, tryggð í samningnum sjálfum en ekki með yfirlýsingum einum. Og fyrst þeir, sem við semjum við, eru okkur sammála um, að skuldbindingar okkar skuli vera þær, sem greint er í þessum fjórum liðum, getur ekki verið neitt því til fyrirstöðu, að ganga tryggilega frá því í samningnum með fyrirvara við undirskrift.

Við erum því samþykkir, að meginreglan í samningnum eigi að vera sú, er ræðir um í 1. lið, að aðstaða Íslands í styrjöld verði svipuð því, sem var í síðustu styrjöld, en það þurfum við að tryggja með óvéfengjanlegum samningum, ella viljum við enga samninga gera. — Og að því er 2. og 3. lið snertir, er því yfir lýst, „að allir aðrir samningsaðilar hefðu fullan skilning á sérstöðu Íslands" — „að Ísland hefði engan her og ætlaði ekki að stofna her." En fyrst allir samningsaðilar viðurkenna þessa einstöku sérstöðu okkar, hves vegna má þá ekki taka það í samning okkar, að í þessu efni séum við undanþegnir — ekki siðferðislega bundnir, þ. e. að við séum undanþegnir þessum siðferðislegu skuldbindingum, sem allir bandalagsaðilar taka á sig? Því við viljum tryggja, að Ísland verði aldrei þátttakandi í hernaði gegn neinni þjóð. Slíkur fyrirvari gæti ekki myndað neitt fordæmi fyrir neina aðra bandalagsþjóð. Við fáum því ekki skilið, hvernig fyrirvari um sérstöðu, sem okkur er sagt, að allir samningsaðilar viðurkenni, að við einir höfum, getur valdið óþægindum í samningnum. — Siðferðislega eigum við og rétt á þessu, það getum við sannað samningsaðilum, því styrjöld okkar Íslendinga á hafinu við öflun og flutning matvæla í styrjöldum kostar okkur tiltölulega meira mannfall en ýmsar þjóðir, sem taka beinan þátt í hernaðaraðgerðum. Ef við tækjum einnig þátt í beinum hernaðaraðgerðum, væri þessi fámennasta þjóð að heyja tvær styrjaldir, meðan aðrar þjóðir tækju þátt í einni. —

Þá er það annað atriði, „að það mundi algerlega vera á valdi Íslands sjálfs, hvenær sú aðstaða (þ. e. aðstaða í hernaði) yrði látin í té" (sbr. niðurl. 1. liðar) — og „að ekki kæmi til mála, að erlendur her eða herstöðvar yrðu á Íslandi á friðartímum." —

Sá staður á Íslandi, þar sem „aðstaða yrði látin í té", er auðvitað fyrst og fremst flugvöllurinn við Keflavík. Þar mundi her verða í ófriði svo sem var í síðustu styrjöld, en fyrr ekki, ef við viljum standa við það, sem við segjumst vera að gera. En þessi staður er einmitt að nokkru leyti í höndum eins bandalagsríkisins (Bandaríkjanna) samkvæmt sérstökum samningi. Þess vegna er ekki tryggt, að við ráðum

því, hvenær „aðstaða yrði látin í té“ þar. Við erum heldur ekki, meðan við ráðum ekki alls kostar yfir Keflavíkurflugvelli, færir um að standa við það loforð þjóðinni til handa, að koma í veg fyrir, „að erlendur her eða herstöðvar yrðu á Íslandi á friðartímum.“ En allar bandalagsþjóðirnar leggja nú mesta áherzlu á það að tryggja þetta þjóð sinni til handa. Þess vegna þurfti og þarf til þess að geta tryggt þjóðinni það, að staðið verði við yfirlýsinguna í 4. lið og í niðurlagi 1. liðar, að losna við Keflavíkursamninginn og koma á nýjum samningum við bandalagsþjóðirnar, þar sem Íslendingar fái sjálfir umráð vallarins. Þetta virðist svo augljóst mál, að ekki ætti að þurfa um að deila.

En nú hefur þessi leið ekki verið farin, og þess vegna mætti bæta nokkuð úr þessu með því, að Alþingi sýndi vilja sinn í því, að segja samningi þessum upp þegar er unnt er, fá honum breytt fyrr, ef þess er kostur, og koma vellinum undir stjórn Íslendinga sjálfra. Með því er sýnt, að Íslendingar ætla sér, eins fljótt og við verður komið, að hafa þá sömu aðstöðu og aðrar frjálsar þjóðir, að ráða því sjálfir, hvenær „aðstaða“ í hernaði er bandalagsþjóðunum í té látin, og að geta komið í veg fyrir, „að erlendur her eða herstöðvar yrðu á Íslandi á friðartímum.“ — Þetta teljum við, að sé í samræmi við þær samþykktir, sem Framsóknarfl. hefur gert í þessum málum. —

Það er ekki nægilegt, að gefnar séu fagrar yfirlýsingar um það, að framkvæmd samnings skuli vera eins og flestir vita nú, að meginið af þjóðinni vill að verði, heldur verðum við með sjálfum samningnum, að tryggja þjóðinni eftir beztu vitund, með sjálfri samningsgerðinni, að hún öðlist ótvíræðan rétt til, að samningurinn verði framkvæmdur í samræmi við það, sem henni er nú lofað í yfirlýsingum, að skuli verða. —

Yfirlýsingarnar verða, eins og fyrr segir, að eiga grundvöll í samningnum, ella eru þær lítils virði. Af því hefur þjóðin eftirminnilega reynslu frá samningsgerðinni um Keflavíkurflugvöllinn, og slík vinnubrögð mega ekki endurtaka sig í utanríkissamningum. —

Það er ekkert betur til þess fallið að valda óvináttu milli þjóða en að þær geri samninga sín á milli, sem staðið er í sífelldum deilum um, hvernig bera að skilja og framkvæma, er til kemur. Enn og aftur er Keflavíkursamningurinn þar til viðvörunar.

Við og ýmsir aðrir mundum sætta okkur við þennan samning, ef sérstaða Íslands, sem sagt er, að allir samningsaðilar fallist á, væri viðurkennt sem fyrirvari við undirskrift samningsins eitthvað á þessa leið: — að Ísland ætli ekki að heyja styrjöld gegn neinni þjóð, hafi ekki her og ætli ekki að hervæðast.

Þá væri þetta atriði fulltryggt. — Við mundum því hafa komið fram með breytingartillögu þessa efnis, ef hún væri ekki þegar fram komin frá öðrum. Og í annan stað ætti að gefa af Alþingi fyrrnefnda viljayfirlýsingu um Keflavíkurflugvöllinn, til þess að tryggja svo fljótt sem unnt er, að Ísland hafi sömu aðstöðu og aðrar frjálsar samningsþjóðir til að ákveða, hvenær aðstaða er látin í té erlendum her og að ekki séu her né herstöðvar á friðartímum (sbr. 4. lið). — Höfum við ásamt fleirum lagt fram þingsályktun um þetta efni.

Þeir, sem greiða atkvæði með sáttmálanum, taka ábyrgð á því gagnvart þjóðinni, að hún eigi rétt til framkvæmda á samningnum í samræmi við yfirlýsingu ráðherranna, sem hér hefur verið rakin. Þessu teljum við okkur ekki geta borið ábyrgð á nema fá framgengt að minnsta kosti þeim atriðum, sem við höfum lagt til hér að framan.

Alþingi, 29. marz 1949.

Hermann Jónasson, frsm. Páll Zóphóníasson.

Sþ. 510. Nefndarálit [177. mál]

um till. til þál. um þátttöku Íslands í Norður-Atlantshafssamningi.

Frá meiri hl. utanríkismálanefndar.

Utanríkismálanefnd hefur haldið fund um tillögu þá um þátttöku Íslands í Norður-Atlantshafssamningi, er vísað var til nefndarinnar.

Nefndin varð ekki á eitt sátt um málið. Meiri hl. (ÁÁ, GTh, JóhH, ÓTh) lítur svo á, að samningur sá, sem hér liggur fyrir, sé í algeru samræmi við sáttmála Sameinuðu þjóðanna, þar sem einungis sé um það að ræða, að aðilarnir bindist þeim samtökum, sem ráð er fyrir gert í 51. gr. þess sáttmála til þess að verjast árásum meðan Öryggisráðið getur ekki gert nauðsynlegar ráðstafanir til þess að hnekkja yfirgangi árásarríkis. Telur nefndin, að Íslandi beri tvímælalaust að skipa sér í flokk með þeim ríkjum, er hefta vilja slíkar árásir, ef ekki fylgja því óeðlilegar skuldbindingar fyrir landið.

Nefndin lítur svo á, að ljóst sé af 3., 5. og 9. gr. samningsins, að hver aðili hans hafi sjálfur úrskurðarvald um það, hver framlög hans verði, ef til kemur. Í samningnum felst ekkert, sem skyldi neinn samningsaðila til að hafa erlendan her eða herstöðvar í landi sínu á friðartímum, enda hefur því verið lýst yfir af hálfu Íslendinga svo sem fleiri samningsaðila, að þeir muni ekki samþykkja slíkt. Þá er nefndin og þeirrar skoðunar, að trygging sé fengin fyrir því, að sérstaða Íslands sé öllum samningsaðilum ljós og að hún muni virt í þeim samtökum, sem hér er um að ræða. Sú sérstaða er á þá leið, að Íslendingar eru vopnlaus þjóð og munu eigi stofna her og því ekki segja nokkurri þjóð stríð á hendur.

Að þessu athuguðu leggur meiri hl. nefndarinnar til, að Alþingi samþykki tillögu þá, sem hér liggur fyrir, óbreytta.

Alþingi, 29. marz 1949.

Ólafur Thors, form., frsm.
Ásg. Ásgeirsson, fundaskrifari.
Gunnar Thoroddsen.
Jóhann Hafstein.

Sþ. 511. Nefndarálit [177. mál]

um till. til þál. um þátttöku Íslands í Norður-Atlantshafssamningi.

Frá 2. minni hluta utanríkismálanefndar (EOl).

Þessi samningur leiðir yfir þjóð vora hættuna á glötun sjálfstæðis hennar, og hættuna á tortímingu þjóðar vorrar. Aldrei hefur Alþingi Íslendinga borið ríkari skylda til þess en nú að rannsaka afleiðingar þessa örlagaríkasta skrefst, sem íslenzka ríkið hefur stigið, eins samvizkusamlega og frekast væri hugsanlegt, áður en það er stigið. Aldrei hefur utanríkismálanefnd fengið þýðingarmeira verkefni til meðferðar. En meðferð þessa máls í þingi og utanríkismálanefnd er með slíkum endemum, að aldrei hefur slíkt enn þekkzt í þingsögu vorri, allra sízt um annað eins stórmál. Gerir þessi meðferð málsins ókleift að semja það nefndarálit um mál þetta, sem vera bæri.

Um málið sjálft verð ég því að láta nægja að birta þessa yfirlýsingu miðstjórnar Sameiningarflokks alþýðu — Sósíalistaflokksins:

„Miðstjórn Sameiningarflokks alþýðu — Sósíalistaflokksins lýsir yfir andstöðu sinni gegn inngöngu Íslands í hernaðarbandalag Norður-Atlantshafsríkjanna af eftirfarandi ástæðum:

1. Ísland hefur frá upphafi sögu sinnar aldrei farið með ófrið á hendur öðru ríki né skuldbundið sig til þátttöku í stríði fyrir fram. Vegna einangrunar lands vors og smæðar þjóðar vorrar höfum vér Íslendingar því hingað til losnað við þá ábyrgð, sem þátttaka í styrjöld veldur. Sú hætta á tortímingu þjóðarinnar, sem ný heimsstyrjöld hefði í för með sér, hefur gert friðarafstöðu Íslands að lífsskilyrði þjóðar vorrar. Svo ófrávíkjanleg hefur þessi friðarstefna hingað til verið með þjóðinni að 1946 ákvað Alþingi, er Ísland gekk í Sameinuðu þjóðirnar, að ekki skyldi ljá Sameinuðu þjóðunum herstöðvar hér á landi, ekki einu sinni á ófriðartímum, þótt öryggisráðið og öll stórveldin sameiginlega færu fram á það.

Nú leggur ríkisstjórnin til, að Ísland hætti að vera hlutlaust friðarríki, en gerist hernaðarríki, þátttakandi með vissum ríkjum í hugsanlegri styrjöld, veiti þeim fyrir fram herstöðvar og víðtæk yfirráð yfir landi og þjóð á ófriðartímum, en aðstöðu og ítök til undirbúnings stríðs á friðartímum. Ísland myndi þar með afsala sér af sjálfsdáðum friðhelgi sinni, hætta að byggja tilveru sína sem sjálfstæðs ríkis á traustinu á virðingu þjóðanna fyrir rétti hvor annarrar til sjálfsákvörðunar á þrá mannkynsins eftir friði, en gera vopnavaldið — og það vopnavald annarra ríkja — að þeim grundvelli, er íslenzka ríkið byggi tilveru sína á. Ísland myndi þar með einnig taka á sig allar þær afleiðingar, efnahags- og stjórnmálalegs eðlis, sem af stríðsaðild hljótast.

Hlutleysi Íslands fylgja að vísu hættur, en við inngöngu í hernaðarbandalag myndu allar þær hættur margfaldast. Slíkt væri því tilræði við sjálft líf þjóðarinnar.

2. Með inngöngu í hernaðarbandalagið færi valdið yfir því, hvort Ísland lenti í ófriði úr höndum Íslendinga sjálfra og í hendur herforingjaráðs bandalagsins, sem einvörðungu liti á Ísland sem eina helztu herstöð bandalagsins án alls tillits til eigna og lífs Íslendinga. Yfirráðin yfir landi voru færu því úr höndum þjóðarinnar yfir til hervalds, sem smám saman kæmi hér á hernaðareinræði. Sjálfstæði þjóðarinnar væri með þessari þátttöku ofurselt og frelsi landsmanna fórnað.

3. Ísland, sem fyrir fimm árum fagnaði frelsi sínu eftir sjö alda nýlendukúgun, væri með þátttöku í þessu bandalagi að gerast bandamaður voldugustu nýlenduvelda heimsins, til þess að hjálpa þeim til þess að viðhalda nýlendukúgun þeirri í heiminum, sem skapað hefur auð þeirra á kostnað þrautpíndra nýlenduþjóða.

4. Ísland væri með inngöngu í þetta bandalag léð auðvaldi Bandaríkjanna sem stökkpallur til árása á alþýðuríki Evrópu og sem sprengjustöð gegn þjóðum þeim, er Evrópu byggja með oss. Slíkt væri Íslendingum því ósæmilegra sem alþýðuríki Evrópu hafa ekkert á hluta Íslands gert, en Bandaríki Norður-Ameríku hins vegar rofið á oss samninga, reynt í skjóli hersetu að kúga oss til landaafsals, knúð oss til að láta af hendi við sig dulbúna herstöð á Keflavíkurflugvellinum og brjóta nú daglega á oss lög og rétt, svo sem framkvæmd samningsins um Keflavíkurflugvöll sannar.

Miðstjórnin álítur það augljós sannindi, að svo örlagaríka ákvörðun sem þessa geti aðeins íslenzka þjóðin sjálf og hún ein tekið í almennum kosningum eða þjóðaratkvæðagreiðslu, því slík ákvörðun er flestum stjórnarskrárbreytingum þýðingarmeiri. Engir þeir þingmenn, er nú sitja á Alþingi, hafa heimild til þess að þjóðinni forspurðri að binda hana í 20 ár samningi, sem skuldbindur hana til þátttöku í styrjöld og veita erlendum aðiljum hin raunverulegu yfirráð yfir landi hennar, ef til styrjaldar kæmi. Fremji meiri hluti þingmanna það ódæði að stofna frelsi og lífi þjóðarinnar í voða með samþykkt Atlantshafssáttmálans, að þjóðinni forspurðri, þá er það verk unnið án löglegrar heimildar og íslenzka þjóðin óbundin af þannig fenginni undirskrift ómerkra manna undir hernaðarsamning þennan.“

Um tildrög og meðferð málsins skal þetta tekið fram:

Bandaríkjastjórn stígur með þessum samningi, ef samþykktur verður, stærsta skref, sem hún hefur stigið til þess að leggja Ísland undir sig. Bandaríkjastjórn hefur

nú náð hættulegum fjárhagslegum kverkatökum á núverandi ríkisstjórn Íslands. Þótt efnahagsafkomu landsmanna hraki af völdum óstjórnar, þá situr ríkisstjórnin áfram við völd, beinlínis í skjóli fjárgjafa Bandaríkjastjórnar. Er nú svo komið, að stjórn Bandaríkjanna dylur ekki þetta viðsjárverða samband milli fjárgjafa sinna og utanstefnu ráðherranna, svo sem berast kom í ljós, er Bandaríkin létu tilkynna Marshallgjöf til Íslendinga að upphæð 2½ milljón dollara sama dag og þrír ráðherrar flugu frá Keflavík til Washington. Með þessum samning eru Bandaríkin að fá greiddar „gjafirnar“ í ítökum á íslenzkri grund til herstöðva þeim til handa. Og það sýnir sig hve harður húsbóndi hervald Bandaríkjanna er í því, að ríkisstjórnin beitir nú Alþingi slíku ofbeldi og lögleysum, að til þess að finna svipuð dæmi verður að leita aftur til fyrri tíma, er hirðstjórar Dana sýndu Alþingi yfirgang á niðurlægingaröldum þjóðar vorrar.

Þingmenn eru sviptir málfrelsi. Þinghúsið fyllt lögreglu og hvítliði, sem jafnvel leggur hendur á þingmenn og bannar þeim inngöngu í þinghúsið. Þingnefndarfundir eru gerðir einskis nýtir og öll frekari rannsókn máls af hálfu sérfræðinga í alþjóðasamningum hindruð með því að keyra slíkt mál sem þetta fram með offorsi og yfirgangi.

Stærsta mál Íslandssögunnar, sem raunverulega ætti að þurfa stjórnarskrárbreytingu til þess að taka ákvörðun um, er ekki einu sinni afgreitt sem lög, heldur sem þingsályktun, er vart fæst rædd. Þegar þannig er að farið, þegar reynt er að knýja fram örlagaríkasta mál, sem til kasta þingsins hefur komið, hvernig myndu þá aðfarirnar verða á eftir, ef svona mál yrði samþykkt?

Undirrót þessa alls er samsæri ameríska auðvaldsins við íslenzka auðvaldið um að íslenzk auðmannastétt nútímans fái ameríska vald til aðstoðar móti eigin þjóð, gegn því að ameríska hervald fái Ísland og íslenzku þjóðina til umráða til styrjaldarundirbúnings síns gegn alþýðuríkjum heims.

Ég hef lengi óttazt, að svo færi, að slíkum voldugum samsærismönnum gegn Íslandi tækist að kúga þjóð vora og þing í skjóli svikullar ríkisstjórnar til slíks valdaafsals Íslendinga yfir landi sínu, sem samningur sem þessi verður gerður að í reynd. Ég varaði alvarlega við þessari hættu ameríkskrar ásóknar í grein, er ég reit 1943 í tímaritið „Rétt“ undir fyrirsögninni: „Baráttan um tilveru Íslendinga“. Þá var þegar byrjaður áróður Ameríkuagenta hér fyrir ítökum þeirra í landinu.

Baráttuna um Keflavíkursamninginn og framkvæmd hans þarf ekki að rifja upp, en sú hneykslanlega framkvæmd sýnir á hverju Íslendingar eiga von, þegar til framkvæmda þessa samnings kemur, og ef sú þjóðarógæfa gerðist, að hann yrði samþykktur.

Ég ætla svo vegna lítils tíma til þess að rita þetta nefndarálit, að ljúka því með að endurtaka eftirfarandi úr grein, sem ég reit 1947 í „Rétt“ undir fyrirsögninni: „Ísland og Ameríka“:

„Tilgangurinn er að tryggja Ísland sem ameríska herstöð. Öll sú barátta, sem afturhaldið heyr á Íslandi nú, öll hin móðursjúka æsingastarfsemi gegn Sovétríkjunum og Sósíalistaflokknum, miðar að þessu eina marki: að brjála þjóðina svo að hún í einskonar geðveikiskasti, — álíka og því, sem Hitler tókst að koma þýzku þjóðinni í með skefjalausri lygaherferð blaða þeirra, sem þýzka auðvaldið gerði út, — feli ameríska auðvaldinu áfram það vald, er það nú hefur náð á Keflavíkurflugvellinum.

Það þarf enginn að fara neinar grafgötur um það, hvað það þýðir fyrir Ísland að vera amerísk herstöð. Útlendingum er það ljóst. Íslenzku þjóðinni þarf allri að vera það ljóst.

Hið nafntogaða brezka tímarit „New Statesman and Nation“ segir í grein eftir Ritchie Calder um „stríð framtíðarinnar“, þar sem höfundur ræðir um afstöðu Englands:

„Við þurfum ekki að ræða hvað Ameríka og Sovétríkin halda að þau geti unnið með svona stríði. Það er nóg fyrir okkur að hugleiða örlög okkar, ef við flækjumst

í stríð milli hnatthelminganna. Við vitum, að sá, sem á ræðst, stendur betur að vígi og það er ómögulegt að hugsa sér Stóra-Bretland sem árásaraðilann. En við getum ásamt Grikklandi, Tyrklandi og Íslandi verið herstöð í fremstu víglínu fyrir Ameríku. Og „Bulletin of the Atomc Scientists“ segir í ritstjórnargrein sinni: „Það er hægt að eyðileggja þau ríki, sem verða herstöðvar í fremstu víglínu fyrir okkur, með þeim sprengjufleygum („rakettum“) og flugvélum, sem nú þegar eru til taks. Ameríka getur því aðeins haldið þessum herstöðvum með því að stofna þessum vinsamlegu þjóðum í þá hættu, að þeim verði gersamlega útrýmt og væntanlega gegn þeirra vilja“.

Hinir skynsömustu meðal Breta horfast nú þegar í augu við veruleikann.

Það verðum við Íslendingar líka að gera.

Spurningin er ekki um það, hvort Íslendingar hefðu samúð með Ameríku eða Evrópu, ef þeim lendir saman í stríði. Spurningin er ekki um það, hvort Bandaríkin eða Sovétríkin hefðu dulbúna eða opinbera herstöð á Íslandi.

Málið stendur þannig að ljái Ísland einu ríki slíkan fangstað á sér, sem Bandaríkin nú hafa, þá líta önnur ríki, sem óttast árásir frá slíku ríki á það, sem Ísland taki afstöðu og ábyrgð á sig, ef til styrjaldar kemur og breyta samkvæmt því. Ísland býður upp á að láta þurrka Íslendinga út, með því að lána sig sem herstöð. Það er ekki um það að ræða, hvort það yrðu amerískar eða rússneskar kjarnorkusprengjur, sem útrýmdu oss. Það er útrýmingin sjálf, sem við verðum að reyna að forðast. Ísland hefur ekkert að vinna við stríðið, Ísland gæti aðeins tapað því, hvor aðillinn sem ynni.

Fyrir Íslendinga er aðeins um eitt að ræða í sambandi við stríðshættu: að gera allt sem í voru valdi stendur, til þess að reyna að halda landi voru utan við styrjöld. Og fyrsta skilyrðið til þess að einhver snefill af von sé um að það takizt, er að hindra algerlega að nokkur hugsanlegur stríðsaðili hafi eða fái fangastað á landinu.

Þess vegna er það verk, sem þeir menn vinna, er vitandi um þessa hættu aðstoða ameríska auðveldið við að ná tangarhaldi á landinu, slíkt að íslenzka þjóðin fær það aldrei nógsamlega fordæmt.

Illt var það verk, sem Gissur Þorvaldsson vann 1262 og 1264. Ódæði var það, sem Kristján skrifari og aðstoðarmenn hans unnu, er þeir myrtu Jón Arason og brutu þar með síðustu mótspyrnu íslenzks frelsis á bak aftur í meir en tvær aldir.

En hvorttveggja myndi blikna hjá þeim glæp, að ofurselja íslenzku þjóðina vísvitandi undir ægilegustu drápstæki veraldarsögunnar með því að ljá erlendu ríki opinbera eða dulbúna herstöð á landinu. Slíkar aðfarir eru tilraunir til þess að myrða þjóð vora alla eða svo mikinn hluta hennar, að engu menningarlífi yrði haldið uppi á þessari ey af íslenzkum kynstofni, eftir að hún hefði verið skotspónn stærstu hervelda heims í ægilegasta stríði mannkynssögunnar.“

Nú er komið að þeirri stund, að drýgja á þann glæp að ofurselja þjóðina þannig, ef tillaga ríkisstjórnarinnar yrði samþykkt.

Ég legg því til, að þál. tillaga þessi um að heimila stjórninni að undirskrifa sáttmála þennan verði felld.

Ég mun svo bera fram á sérstöku þingskjali tillögu um þjóðaratkvæðagreiðslu og geri grein fyrir henni í framsögu.

Alþingi, 30. marz 1949.

Einar Olgeirsson.

Sþ. 512. Breytingartillaga [177. mál]

við till. til þál. um þátttöku Íslands í Norður-Atlantshafssamningi.

Frá Einari Olgeirssyni.

Aftan við tillgr. bætist: enda hafi samningsuppkast þetta áður verið lagt undir þjóðardóm í þjóðaratkvæðagreiðslu og hlotið meiri hluta greiddra atkvæða.

Sþ. 513. Breytingartillaga [177. mál]

við till. til þál. um þátttöku Íslands í Norður-Atlantshafssamningi.

Frá Einari Olgeirssyni.

Aftan við tillgr. komi ný málsgr., svo hljóðandi:

Jafnframt felur Alþingi ríkisstjórninni að tilkynna stjórn Bandaríkjanna, að það sé vilji Alþingis að segja upp samningnum um Keflavíkurflugvöll strax og ákvæði hans leyfa og taka að öllu leyti í hendur Íslendinga starfrækslu hans og fá engum erlendum ríkjum né neinu hernaðarbandalagi yfirumráð hans né afnot, nema einvörðungu venjuleg samgönguafnot með eðlilegum hætti samkvæmt samningum.

Sþ. 514. Breytingartillaga [177. mál]

við till. til þál. um þátttöku Íslands í Norður-Atlantshafsbandalagi.

Frá Einari Olgeirssyni.

Aftan við tillgr. bætist svo hljóðandi málsgr.:

Þó er ráðherra aðeins heimilt að undirskrifa samning þennan með þeim fyrirvara af Íslands hálfu, er sé jafngildur sáttmála þessum, að Íslendingar muni aldrei hafa nokkurs konar herbúnað og að engin bandalagsríki muni fá hér herstöðvar eða önnur ítök, er hafa hernaðarlega þýðingu.

Sþ. 515. Nefndarálit [24. mál]

um till. til þál. um afnám sérréttinda í áfengis- og tóbakskaupum.

Frá minni hl. fjárveitinganefndar.

Nefndin gat ekki orðið sammála um afgreiðslu málsins. Vildi meiri hl. (PO, LJós, ÁS, HelgJ og HÁ) láta samþykkja till., og hafa þeir því gefið út sérstakt nál. Á þetta gat minni hl. ekki fallizt af eftirfarandi ástæðum. Fríðindi þau, sem hér um ræðir, eru hluti af risnu, sem ríkissjóður leggur einstökum embættismönnum ríkisins, svo sem forseta Íslands, ríkisstjórn og öðrum, sem nauðsynlegt þykir, að haldi uppi boðum í umboði ríkisins. Vörur þessar eru seldar aðilum með kostnaðarverði, án álagningar, og ríkissjóði því að skaðlausu. Væru þessir aðilar sviptir þessum fríðindum, er óhjákvæmilegt, að ríkissjóður yrði að greiða risnu þessa með beinu fjár-

framlagi til aðila, nema því aðeins, að hún verði látin falla niður að fullu og öllu, en það er jafnan á valdi ríkisstjórnarinnar að kveða á um það, að svo verði gert. Minni hl. leggur því til, að þáltill. verði vísað til ríkisstjórnarinnar.

Einn nefndarmanna (IngJ) tók ekki afstöðu til málsins og mun gera grein fyrir afstöðu sinni við umræðurnar.

Alþingi, 31. marz 1949.

Gísli Jónsson, form., frsm. Sigurður Kristjánsson. Sigurjón Á. Ólafsson.

Sþ. 516. Nefndarálit [77. mál]

um till. til þál. um, að ríkisstjórnin undirbúi riftun kaupsamnings um eignina Silfurtún hjá Hafnarfirði.

Frá fjárveitinganefnd.

Nefndin ræddi till. á nokkrum fundum og kynnti sér jafnframt leigu- og kaupsamninga, sem gerðir höfðu verið við seljanda, og enn fremur rekstarreikninga fyrirtækisins á s. l. ári. Var málið einnig rætt við atvinnumálaráðherra og fjármálaráðherra sameiginlega. Einstakir nefndarmenn töldu eðlilegast, að þessi starfræksla yrði lögð niður og eignirnar seldar en aðrir nefndarmenn vildu ekki taka afstöðu til þess á þessu stigi málsins, með því að enn væri ekki fengin nægileg reynsla á rekstrinum. Hins vegar töldu þeir rétt, að ríkisstjórnin leitaði sér lagaheimildar til þess að láta ríkissjóðinn eiga og starfrækja fyrirtækið, ef hún teldi æskilegt, að það starfaði framvegis sem ríkisfyrirtæki. Með tilvísun til þess, sem að framan greinir, leggur nefndin til, að þáltill. verði vísað til ríkisstjórnarinnar.

Alþingi, 31. marz 1949.

Gísli Jónsson, form., frsm. Sigurjón Á. Ólafsson, fundaskrifari. Ingólfur Jónsson.
Pétur Ottesen. Helgi Jónasson. Halldór Ásgrímsson.
Lúðvík Jósefsson. Ásmundur Sigurðsson. Sigurður Kristjánsson.

Sþ. 517. Breytingartillögur [42. mál]

við frv. til fjárlaga fyrir árið 1949 og við brtt. á þskj. 460.

I. Frá *Steingrimi Aðalsteinssyni.*

1. Við 12. gr. IX. (Fjórðungssjúkrahús á Akureyri).
   Fyrir „300 000“ kemur 500 000
2. Við brtt. 460,53.68. (Við 13. gr. A. II. 1. — Öxnadalsheiðarvegur).
   Fyrir „400 000“ kemur 600 000
3. Við brtt. 460,57.a.2. (Við 13. gr. C. VIII. — Akureyri).
   Fyrir „100 000“ kemur 300 000

II. Frá *Barða Guðmundssyni, Lárusi Jóhannessyni* og *Páli Þorsteinssyni.*

Við 17. gr. 20. Nýr liður:
Til Fjórðungssambands Austurlands 10 000

Sþ. 518. Þingsályktun [177. mál]

um þátttöku Íslands í Norður-Atlantshafssamningi.

(Afgreidd frá Sþ. 30. marz.)

Samhljóða þskj. 499.

Nd. 519. Frumvarp til laga [180. mál]

um fiskiðjuver ríkisins í Reykjavík.

(Lagt fyrir Alþingi á 68. löggjafarþingi, 1949).

1. gr.

Ríkið rekur fiskvinnslustöð í Reykjavík, er nefnist fiskiðjuver ríkisins.

2. gr.

Fiskiðjuver ríkisins skal frysta og sjóða niður fisk og síld og verka þessi hráefni á annan þann hátt, sem stjórn þess ákveður í hvert sinn og aðstæður leyfa. Það skal framleiða ís, og enn fremur heimilast því að hafa á hendi fisksölu til bæjarbúa í Reykjavík.

Það skal og hafa forgöngu um að reyna nýjar aðferðir við verkun á fiski, enda verði veitt fé í því skyni í fjárlögum hverju sinni, ef slíkar tilraunir hafa í för með sér verulegan kostnað. Sérstaklega skal unnið að athugunum á því, hvort niðursuða í stórum stíl sé arðvænleg hér á landi. Við tilraunir þessar skal höfð samvinna við atvinnudeild háskólans og fiskmatsstjóra.

3. gr.

Ríkisstjórninni heimilast að ábyrgjast lán allt að 1200000 króna, er tekið verður innanlands eða utan til þess að fullgera fiskiðjuverið. Enn fremur heimilast henni að ábyrgjast rekstrarlán, allt að 500000 kr., er tekið verður til þess að framleiða nýjar tegundir afurða, sem fiskiðjuverið reynir að afla markaða fyrir erlendis.

4. gr.

Stjórn fiskimálasjóðs annast stjórn fiskiðjuvers ríkisins. Fiskiðjuverið skal rekið sem sjálfseignarstofnun með sérstöku reikningshaldi, og skal fjárhagur þess vera algerlega aðskilinn frá fjárhag fiskimálasjóðs. Stjórn fiskimálasjóðs fær ekki sérstaka þóknun fyrir stjórn fiskiðjuvers ríkisins. Til að skuldbinda fiskiðjuverið þarf undirskrift meiri hluta stjórnenda.

5. gr.

Ríkissjóður ber ekki ábyrgð á skuldum fiskiðjuversins, nema heimild sé veitt til þess af Alþingi.

6. gr.

Stjórnin ræður framkvæmdastjóra, er hefur á hendi daglega stjórn fiskiðjuversins og umsjón með rekstrinum. Hann annast og sölu afurða í samráði við stjórnina. Framkvæmdastjóri hefur prókúruumboð fyrir fyrirtækið. Stjórnin ákveður með erindisbréfi starfssvið framkvæmdastjórans og laun hans að fengnu samþykki ráðherra. Áður en ráðizt er í meiri háttar framkvæmdir, skal jafnan leitað samþykkis ráðherra og leggja fyrir hann ýtarlega greinargerð og kostnaðaráætlun.

7. gr.

Endurskoðendur skulu skipaðir af ráðherra.

8. gr.

Reikningsár fiskiðjuversins er almanaksárið. Skal stjórn þess gera reikningsskil fyrir starfsárið eigi síðar en svo, að endurskoðendur geti lokið störfum fyrir 30. apríl ár hvert. Af byggingarkostnaði húsa og annarra mannvirkja skal afskrifa a. m. k. 3% og a. m. k. 10% af kostnaðarverði véla og annarra áhalda. Tekjuafgangur skal lagður í varasjóð. Þegar endurskoðun er lokið, skal senda ráðherra afrit af efnahags- og rekstrarreikningum fiskiðjuversins, undirskrifað af stjórn þess og áritað af endurskoðendum, ásamt skýrslu um störf og rekstur fiskiðjuversins á árinu. Reikningar skulu árlega birtir í B-deild stjórnartíðinda.

9. gr.

Fiskiðjuver ríkisins greiðir ekki útsvar né tekju- og eignarskatt.

10. gr.

Ríkisstjórninni er heimilt að selja félagi útvegsmanna og útgerðarfyrirtækja fiskiðjuver ríkisins, enda sé þátttaka almenn í félagi þessu.

11. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Ríkisstjórnin telur nauðsyn bera til, að lög verði sett um fiskiðjuver ríkisins, hlutverk þess og stjórn svo og afstöðu þess gagnvart ríkissjóði. Fiskiðjuverið hefur nú starfað um tveggja ára skeið án þess að unnt hafi verið að fullgera það að vélum og öðrum nauðsynlegum búnaði. Þar sem þegar hefur verið varið um 7 milljónum króna til byggingar og véla fiskiðjuversins, virðist augljóst, að reyna beri að auka svo vélakostinn, að það geti starfað með fullum afköstum. Hér á eftir fer greinargerð stjórnar fiskimálasjóðs um hag fiskiðjuversins og framtíðarhorfur.

Fylgiskjal.

Greinargerð stjórnar fiskimálasjóðs.

Árið 1945 réðst fiskimálanefnd í það að reisa fiskvinnslustöð þá í Reykjavík, sem hlotið hefur nafnið Fiskiðjuver ríkisins. Var þetta gert samkvæmt almennri heimild í lögum um fiskimálanefnd, og gaf ráðherra samþykki sitt til þess með bréfi dags. 19. júní 1945.

Fiskimálanefnd hafði, svo sem kunnugt er, haft forgöngu með framleiðslu og sölu á hraðfrystum fiski á fyrstu árum þess iðnaðar á Íslandi, og hafði nefndin, þar til hin nýja fiskvinnslustöð var byggð, rekið frystihúsið Ísbjörninn í Reykjavík. Var tilgangurinn með hinu nýja fyrirtæki meðal annars að koma upp nýtízku frystihúsi, skipulagi en hér hefur áður tíðkazt, en svo sem kunnugt er, hafa niðursoðinn fiskur til endurbóta á þessari framleiðslu. Framleiðsluafköst frystihússins eru 30—35 tonn af flökum, miðað við 16 klst. frystingu.

Auk frystingar var ætlunin að sjóða niður fisk og síld í allstórum stíl og gera ýtarlegar tilraunir til þess að afla markaða fyrir niðursoðnar fiskafurðir. Þótti það sýnilegt, að hægt væri að lækka framleiðslukostnað á niðursoðnum fiskafurðum talsvert frá því, sem verið hafði á Íslandi, með notkun betri véla og fullkomnara skipulagi en hér hefur áður tíðkazt, en svo sem kunnugt er, hafa noðursoðinn fiskur og síld ekki enn þá orðið verulegur liður í útflutningi frá Íslandi, enda þótt ýmis skilyrði virðist vera fyrir eflingu þessarar verkunaraðferðar hér á landi. Má í því sambandi benda á það, að árið 1948 fluttu Norðmenn út niðursoðnar fiskafurðir fyrir

h. u. b. 120 milljónir norskra króna, og þar af voru vörur unnar úr stórsíld fyrir hér um bil 25 milljónir, en úr smásíld, eins og sums staðar veiðist á fjörðum hér við land, fyrir h. u. b. 45 milljónir norskra króna. Er það augljóst, að Íslendingum ber að leggja áherzlu á að auka þessa framleiðslu, en jafnframt er fyrirsjáanlegt, að ekki verður hægt að ná góðum árangri, nema hún sé rekin í allstórum stíl og með þeim beztu vélum, sem kostur er á, þannig að vinnslukostnaðurinn verði sem allra minnstur.

Fiskiðjuverið hefur nú þegar h. u. b. fullgerðar vélasamstæður til þess að sjóða niður síld í allstórum stíl, eða um 25—30 þús. dósir á 8 klst., og hafa vörur þær, sem það hefur selt til útlanda, líkað mjög sæmilega. Hér er þó aðeins um byrjun að ræða, og verður vafalaust nauðsynlegt að auka til muna fjölbreytni varanna og hafa þá jafnframt um það samráð við væntanlega kaupendur, hvað bezt hentar í hverju landi. Enn fremur hefur fiskiðjuverið þegar aðstöðu til að sjóða niður fisk og þunnildi, og er svo til ætlazt, að það beiti sér meðal annars fyrir því að vinna ýmsar vörur til manneldis úr þeim hlutum fisksins, sem hingað til hafa að mestu farið forgörðum eða einungis verið notaðir sem hráefni í fiskimjöl.

Auðvitað hlýtur tilraunastarfsemi af þessu tagi að verða ærið kostnaðarsöm, en vonir standa til, að reksturinn geti staðið undir þeim kostnaði að nokkru leyti, og er þó gert ráð fyrir, að um sérstakar fjárveitingar til slíkra starfa geti orðið að ræða. Er eðlilegt, að hið opinbera þurfi að standa straum af slíkri tilraunastarfsemi til aukinnar fjölbreytni í fiskiðnaði hér á landi, ekki síður en í nágrannalöndunum, þar sem fjöldi faglærðra manna vinnur stöðugt að því með ærnum tilkostnaði að endurbæta og auka fjölbreytni í framleiðslu á fiskafurðum.

Þá er gert ráð fyrir að framleiða í fiskiðjuverinu allt að 45 tonn af ís á sólarhring, og ætti sala á ís að geta orðið allveruleg tekjulind fyrir fyrirtækið.

Auk þess að reka ofangreinda starfsemi, er gert ráð fyrir, að fiskiðjuverið annist heildsölu á fiski í Reykjavík, og hefur það þegar gert samning um það við Reykjavíkurbæ. Húsnæði fyrir starfrækslu þessa er þegar fullgert, og stendur nú aðeins á því, að bærinn gefi út reglugerð um sölu þessa, svo sem gert er ráð fyrir í samningnum.

Rekstur fiskiðjuversins sem sjálfstæðs fyrirtækis hófst 1. marz 1947. Voru þá í stjórn þess þeir Þorleifur Jónsson, Pálmi Loftsson og Lúðvík Jósefsson, sem þá skipuðu einnig fiskmálanefnd. Eftir að fiskimálanefnd var lögð niður 1947, héldu sömu menn áfram stjórn fiskiðjuversins, þar til 21. október sama árs, er hinni nýju stjórn fiskimálasjóðs var falin stjórn þess með bréfi frá sjávarútvegsmálaráðherra.

Heildarstofnkostnaður fiskiðjuversins eins og það er nú hefur orðið kr. 6 850 248.97, og sundurliðast hann þannig:

Bygging	kr.	4 619 591.88
Vélar	—	2 112 025.72
Áhöld	—	90 583.65
Skrifstofuáhöld	—	28 047.72
Samtals	kr.	6 850 248.97

Stofnlán fyrirtækisins eru sem hér segir:

Stofnlánadeild sjávarútv.	kr.	3 333 000.00
Fiskimálanefnd I	—	750 000.00
Fiskimálanefnd II	—	515 000.00
Fiskveiðasjóður	—	400 000.00
Bæjarsjóður Reykjavíkur	—	350 000.00
Fiskimálanefnd, bráðab.lán	—	703 267.13
Landsbanki Íslands, víxill	—	800 000.00
Ríkissjóður Íslands	—	301 817.00
Samtals	kr.	7 153 084.13

Mismunurinn á heildarupphæð lánanna og hinum bókfærða stofnkostnaði stafar af ýmsum birgðum, tapi á rekstrinum o. s. frv.

Árið 1947 var fyrsta starfsár fiskiðjuversins. Alls var frystur það ár fiskur, sem nam að útflutningsverðmæti kr. 1 620 207.95. Niðursoðin vara var flutt út það ár fyrir kr. 78 661.35, en seld innanlands fyrir kr. 6 067.60. Árið 1948 var frystur fiskur, sem nam að útflutningsverðmæti kr. 2 915 442.29. Niðursoðin vara var flutt út á árinu fyrir 991 854.37, en seld innanlands fyrir kr. 179 582.60. Fryst síld var seld á árinu fyrir kr. 254 737.50.

Árið 1947 var tap samkvæmt rekstrarreikningi kr. 289 552.55. Í þessu sambandi ber að geta þess, að þetta var fyrsta starfsár fyrirtækisins. Frystingin var í fyrstu rekin við erfið skilyrði, þar eð ýmislegt var ófullgert, og niðursuðan varð hverfandi lítil. Árið 1948 hefur rekstrarhallinn orðið kr. 106 671.27, og eru þar með taldir dráttarvextir af vangoldnum afborgunum og lánum, að upphæð kr. 78 072.10. Tap auk dráttarvaxtanna hefur því orðið kr. 28 559.17. Heildarvaxtakostnaður á árinu að meðtöldum dráttarvöxtum hefur orðið kr. 359 117.58.

Í þessu sambandi ber sérstaklega að athuga það, að talsvert af stofnfénu er annaðhvort algerlega óarðbært, svo sem það, sem liggur í hinu ófullgerða ísframleiðslukerfi, og að niðursuðuverksmiðjan hefur ekki verið rekin með svo miklum krafti sem mögulegt hefði verið, ef fjárskortur hefði ekki hamlað. Enn fremur var, svo sem kunnugt er, þorskvertíðin á árinu 1948 sérstaklega óhagstæð, þar eð róðrar hófust mjög seint vegna síldarvertíðarinnar, og óvenjulegar ógæftir hömluðu veiðum, þegar á leið.

Svo sem séð verður af framansögðu, hefur rekstur fiskiðjuversins hingað til orðið óhagstæður, og stafar það af því, að fyrirtækið er alls ekki fullgert, og hefur ekki tekizt að afla fjár þess, sem þarf til þess að fullgera það. Eini liður starfrækslunnar, sem segja má, að geti starfað með fullum afköstum og eðlilegum framleiðslukostnaði, er frystingin. Niðursuðuverksmiðjan er hins vegar aðeins að nokkru leyti starfhæf, og verður kostnaður við framleiðsluna þar hærri en verða þyrfti, ef viðbótarvélar og húsnæði væru fyrir hendi.

Áætlaður kostnaður við að fullgera vélar niðursuðuverksmiðjunnar og greiða skuldir við ýmis vélaverkstæði fyrir vinnu, sem þegar hefur verið framkvæmd vegna frystihússins, er kr. 423 000.00, en viðbótarbygging, aðallega fyrir geymslu fyrir niðursuðuverksmiðjuna, dósagerð o. s. frv., kr. 450 000.00.

Ísframleiðslukerfið er ófullgert og algerlega óstarfhæft, og er áætlað, að kr. 215 000.00 þurfi til að fullgera það.

Það er fyrirsjáanlegt, að rekstur fyrirtækisins getur ekki orðið viðunanlegur, nema það sé fullgert og starfrækt með nokkurn veginn fullum afköstum. Fé til þess að fullgera fyrirtækið og að nokkru leyti til þess að reka það hefur hins vegar ekki fengizt enn þá, en gera verður ráð fyrir, að úr þessu rætist, þegar málefnum fiskiðjuversins hefur verið skipað með lögum og rekstrinum síðan komið í eðlilegt horf.

Ed. 520. Nefndarálit [16. mál]

um frv. til l. um áburðarverksmiðju.

Frá meiri hl. landbúnaðarnefndar.

Nefndin hefur athugað og rætt frumvarp þetta á fundum sínum og jafnframt leitað umsagnar og skýringa fræðimanna þeirra, er unnu að undirbúningi frumvarpsins. Var enginn ágreiningur um það í nefndinni, að setja bæri lög um verksmiðjuna, og vill undirritaður meiri hluti nefndarmanna, að lagasetningunni verði stillt í það hóf, sem ætlazt er til samkvæmt frumvarpinu eins og það er komið frá

neðri deild. Hins vegar hefur minni hl. (ÁS) aðra skoðun um, hve stór verksmiðjan skuli ákveðin o. s. frv., á líkan hátt og kom fram hjá minni hl. landbúnaðarnefndar neðri deildar. Mun hann því vegna þeirrar sérstöðu skila sérstöku nefndaráliti.

Þótt meiri hl. nefndarinnar álíti samkvæmt framansögðu, að samþykkja beri frv. óbreytt í meginatriðum frá því, sem það nú liggur fyrir, þykir þó rétt, að gerðar verði á því nokkrar breytingar, engar stórvægilegar, og að nokkru leyti einungis til skýringar og lútandi að formshlið frv. — Ætti að nægja, að gerð verði grein fyrir þeim breytingum, er frv. kemur til 2. umræðu í deildinni.

Nefndin hefur eigi séð sér fært að mæla með því, að breytingartillaga sú, er liggur fyrir á þskj. 412, um heimild til hlutafjáröflunar o. s. frv., verði felld inn í frv.

Þá vill nefndin taka það fram, að hún telur eigi réttmætt, að laun þau, er verksmiðjustjórninni verða ákveðin samkv. 4. gr., komi til greina fyrr en störf hefjast og farið er að reisa verksmiðjuna. Áður en verklegar framkvæmdir byrja, verði þar aðeins um þóknun að ræða, hærri eða lægri eftir því, hvernig undirbúningi verður háttað.

Samkvæmt framanskráðu leggjum vér til, að frumv. verði samþykkt með þessum

BREYTINGUM:

1. Við 5. gr. Greinin orðist þannig:
   Stjórn verksmiðjunnar ákveður, að fengnu samþykki landbúnaðarráðherra, hvenær og hvar hún skuli reist. Skal það gert svo fljótt sem ástæður leyfa, en áður skal þó hafa fengizt trygging fyrir nægri raforku og nægilegu fé til greiðslu stofnkostnaðar.
2. Á eftir 12. (síðustu) gr. komi ný gr., svo hljóðandi:
   Lög þessi öðlast þegar gildi.
3. Síðast komi svofellt:

Ákvæði til bráðabirgða.

Kosning fyrstu verksmiðjustjórnar samkvæmt 4. gr. fer fram á þingi því, er setur lög þessi, og gildir til ársloka 1952.

Alþingi, 4. apríl 1949.

Þorst. Þorsteinsson, form.	Páll Zóphóníasson, fundaskr.	Eiríkur Einarsson, frsm.

Guðm. Í. Guðmundsson.

Sþ. 521. Nefndarálit [25. mál]

um till. til þál. um afnám vínveitinga á kostnað ríkisins.

Frá 2. minni hl. fjárveitinganefndar.

Nefndin hefur ekki getað orðið sammála um afgreiðslu málsins. 1. minni hl. (PO, HÁ, LJós og ÁS) vill láta samþykkja tillöguna óbreytta. Á þetta gat 2. minni hl. ekki fallizt. Svo lengi sem það er talið nauðsynlegt, að ríkið haldi uppi veizlum eða risnu, verður varla annað talið sæmandi en að það sé jafnan á valdi ríkisstjórnarinnar eða þeirra annarra aðila, sem veizlur halda í umboði hennar eða ríkisins, hvaða tegundir af mat og drykk eru framreiddar á hverjum tíma, og óeðlilegt, að Alþingi hafi þar nokkur afskipti af. Vitað er, að einstakir aðilar, m. a. forsætisráðherrar, hafa haldið uppi veizlum með mikilli rausn og miklum sóma án vínveitinga, aðrir hafa hins vegar ekki treyst sér til þess. Fer þetta að sjálfsögðu eftir persónu-

leik og lífsskoðun viðkomandi aðila. — Með tilvísun til þessa leggjum við til, að málinu verði vísað til ríkisstjórnarinnar.

Einn nefndarmanna (IngJ) tók ekki afstöðu til málsins, og mun hann gera grein fyrir afstöðu sinni við umræðurnar.

Alþingi, 3. apríl 1949.

Gísli Jónsson, form., frsm. Sigurjón Á. Ólafsson, fundaskr. Sigurður Kristjánsson.

Helgi Jónasson.

Sþ. 522. Nefndarálit [55. mál]

um till. til þál. um þjóðaratkvæði um innflutnings-, framleiðslu- og sölubann á áfengum drykkjum.

Frá minni hl. fjárveitinganefndar.

Nefndin gat ekki orðið sammála um afgreiðslu þessa máls. Meiri hl. (PO, LJós, SÁÓ, ÁS, HelgJ, HÁ) vill láta samþykkja till. óbreytta og hefur gefið út sérstakt nál. Á þetta gat minni hl. ekki fallizt. Þjóðaratkvæðagreiðsla ein út af fyrir sig, hvernig sem hún færi, gæti á engan hátt leyst þetta vandamál, enda líklegt, að nú þegar sé nægilegur meiri hluti fyrir því á Alþingi að stöðva að öllu eða mestu leyti áfengissölu og innflutning á áfengi, ef samkomulag fengist jafnframt um öflun þeirra tekna, sem ríkissjóður missti við slíka ráðstöfun. Liggur því beinast við að ná fyrst samkomulagi um slíkan tekjustofn, enda eðlilegt, að tillaga kæmi fyrst fram um það, á hvern hátt annan teknanna skyldi aflað, og ef ekki næðist um það samkomulag, þá á að láta þjóðina fyrst greiða atkvæði um það atriði, þar sem það er grundvallarskilyrði fyrir sölubanni, að ríkissjóði séu samtímis tryggðar tekjur á borð við þær, sem missast við vínsölubann. Eins og stendur er það algerlega á valdi ríkisstjórnarinnar að draga úr áfengissölu og innflutningi áfengra drykkja, enda hefur hún, hvenær sem henni hefur þótt ástæða til, lokað fyrirvaralaust vínsölu á einstökum stöðum eða öllu landinu. Með tilvísun til þessa leggur minni hl. til, að till. verði vísað til ríkisstjórnarinnar. Einn nefndarmanna (IngJ) tók enga afstöðu til málsins, og mun hann gera grein fyrir afstöðu sinni við umræðurnar.

Alþingi, 3. apríl 1949.

Gísli Jónsson, form., frsm. Sigurður Kristjánsson.

Sþ. 523. Breytingartillögur [42. mál]

við brtt. á þskj. 460 (Fjárlög).

I. Frá *Eysteini Jónssyni* og *Lúðvík Jósefssyni*.
Við 53,101. (Við 13. gr. A. II. 1. — Berunesvegur).
Fyrir „20 000“ kemur 50 000

II. Frá *Jóni Gíslasyni*.
Við 53,115. (Við 13. gr. A. II. 1. — Suðurlandsvegur).
Meginmálið orðist svo:
Suðurlandsvegur um Landbrot.

Nd. 524. Frumvarp til laga [181. mál]

um breyting á landskiptalögum, nr. 46 27. júní 1941.

Frá landbúnaðarnefnd.

1. gr.

Aftan við 10. gr. komi ný málsgrein, svo hljóðandi:

Nú á ekki að endurskipta gömlum túnum, engjum eða öðru landi, — sem afnotaréttur (eignarréttur) hefur skapazt um samkvæmt nefndum hefðarlögum, — um leið og beitilandi er skipt, og skal þá eigi að síður meta hið hefðbundna land, og komi í ljós skakkt hlutfall samkvæmt því fasteignamati, sem skipt er eftir, þá skal það jafnað um leið og beitilandinu er skipt.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Afstaða sú, sem frumvarpið gerir ráð fyrir, er mjög algeng við landskipti, og eru skiptin þá oftast ágreiningslaust framkvæmd eins og hér er mælt fyrir um, enda mun það vera eftir anda laganna, sbr. 11. gr. — Hins vegar hefur það borið við, þegar sérstaklega ósanngjarnir aðilar hafa átt hlut að máli, að ágreiningur hefur risið um, hvernig skilja beri lögin viðvíkjandi þessu atriði. Þykir því rétt að taka hér af öll tvímæli.

Sþ. 525. Tillaga til þingsályktunar [182. mál]

um afnám ríkisfyrirtækja og undirbúning ráðstafana til lækkunar ríkisgjalda.

Flm.: Sigurður Kristjánsson, Hallgrímur Benediktsson.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að beita sér fyrir þeim ráðstöfunum, er hér fara á eftir, til samdráttar ríkisrekstri og lækkunar á gjöldum ríkisins, enda undirbúi stjórnin lagabreytingar þar að lútandi eftir því, sem með þarf:

1. Að ríkisrekstur áætlunarbifreiða verði lagður niður og eignir ríkisins vegna þessarar starfrækslu seldar.
2. Að Landssmiðjan verði seld, ef viðunandi tilboð fæst.
3. Að trésmiðja ríkisins í Silfurtúni verði seld, ef viðunandi tilboð fæst.
4. Að afnumin verði öll vöruskömmtun að undanskilinni skömmtun á bifreiðagúmmíi.
5. Að viðtækjaverzlun ríkisins verði lögð niður og eignir hennar seldar.
6. Að verzlun ríkisins með tilbúinn áburð verði lögð niður.
7. Að seld verði tunnuverksmiðja ríkisins og eignir hennar.
8. Að fiskiðjuver ríkisins í Reykjavík verði selt.
9. Að grænmetisverzlun ríkisins verði lögð niður.
10. Að lög um orlof verði afnumin.
11. Að lög um jöfnunarsjóð bæjar- og sveitarfélaga verði afnumin.
12. Að lög um búnaðarskóla í Skálholti verði afnumin.
13. Að lög um vinnumiðlun verði afnumin.
14. Að lækkuð verði framlög til almannatrygginga með breytingu á lögum þar að lútandi.
15. Að lækkaður verði kostnaður við fræðslumál með breytingu á lögum um skólakerfi og fræðsluskyldu, er stytti skólaskylduna um tvö ár.

Greinargerð.

Þingmenn virðast alveg sammála um það, að fjárhagur ríkissjóðs sé í verulegri hættu. Ekki getur þó nema nokkur hluti þingmanna fallizt á það, að þessi hætta stafi af ógætilega háum fjárlögum. Vonlaust mun því, að meiri hluti fáist fyrir því í þinginu að lækka fjárlögin. Hins vegar hafa flestir þingmenn lýst þeirri skoðun sinni, að afþensla í margs konar áhættusömum ríkisrekstri sé orsök þeirrar hættu, sem yfir ríkissjóði vofir í fjárhagslegum efnum.

Flutningsmenn þessarar tillögu eru að sönnu þeirrar skoðunar, að útgjöld fjárlaganna séu orðin langt fram yfir það, sem gjaldgeta þjóðarinnar rís undir. En eigi að síður eru þeir sammála þeim þingmönnum, sem eru þeirrar skoðunar, að fjárhag ríkisins stafi geigvænlegur háski af stofnfjárfrekum og áhættusömum rekstri. En fleiri ríkar ástæður eru til þess, að ríkið á að takmarka áhætturekstur sinn.

Það er staðreynd, að ríkið tapar árlega stórfé á þeim hlutum, sem gefa áberandi gróða í einkarekstri, og það er einnig staðreynd, að rekstur ríkisins heldur hvergi niðri verðlagi. Þetta ætti út af fyrir sig að nægja til þess, að ríkið hætti að vasast í þessum hlutum. En við þetta bætist svo, að því er snertir verzlunarfyrirtækin, að kaup og sala, sem ríkið hefur nú með höndum og bindur við mikinn og dýrmætan vinnukraft, mundi ekki krefjast neins verulegs vinnukrafts, þótt þau viðskipti hyrfu til einstaklinga og félaga. Hér má því leysa mikinn og dýrmætan vinnukraft til nytsamra starfa í þjóðfélaginu. Og ekki er það heldur lítilsvert fyrir ríkissjóðinn að geta leyst þær feikna fjárhæðir, sem ríkið hefur bundið í fyrirtækjum þeim, sem að framan eru talin.

Í framsögu verður gerð grein fyrir hverjum tölulið tillögunnar út af fyrir sig.

Sþ. 526. Tillaga til þingsályktunar [183. mál]

um borgaraleg samtök í landinu.

Flm.: Jónas Jónsson.

Alþingi ályktar að skora á ríkisstjórnina að halda áfram samtökum þeim, innan þings og utan, sem leiddu til þess, að þjóðin hefur með Atlantshafssáttmálanum endurtryggt frelsi sitt gagnvart árás landvinningaþjóða. Næsta skrefið til að bjarga þjóðinni úr sýnilegum háska um innanlandsmálin er, að lýðræðismenn á Alþingi og meðal borgara landsins utan þings leggi um fimm ára skeið niður innbyrðis flokkadeilur og starfi þann tíma eingöngu að viðreisn landsins án þess að sundra orku þjóðlegra manna í landinu með fánýtum átökum um málefni, sem engu skipta, borið saman við þá nauðsyn að bjarga íslenzku krónunni og íslenzku atvinnulífi frá yfirvofandi hruni.

Greinargerð.

Við meðferð Atlantshafssáttmálans hefur komið í ljós, að meginhluti borgaranna, innan og utan þings, getur tekið höndum saman til að tryggja á viðeigandi hátt frelsi lands og þjóðar gegn árás frá öðrum löndum. Jafnframt má öllum borgurum landsins vera ljóst, að í landinu starfa alþjóðleg samtök, studd af valdamönnum í framandi stórveldi, sem töldu viðeigandi að beita skefjalausu ofbeldi til að hindra löggjafarsamkomuna í að vinna skyldustörf sín. Vitað er, að þessi samtök stefna markvíst að því að eyðileggja fjárhag landsins og atvinnulíf og að þau beita til þess bæði kænsku og ofbeldi. Ef þessum mönnum tekst að koma ár sinni svo fyrir borð, að krónan verði algerlega verðlaus, þurrkast um leið út allar sjóðeignir, innstæður og verðbréf landsmanna. Standa þá tugir þúsunda af Íslendingum alls-

lausir og vonsviknir með beiskju í hug til þess mannfélags, sem ekki megnaði að bjarga þjóðinni með hinn mikla stríðsgróða frá þessum hörmulegu forlögum. Vel má marka hættu atvinnuveganna, ef þess er gætt, að allmikill hluti hinna vönduðu nýfengnu togara er nú rekinn með tapi og mörg ágæt veiðiskip úr gamla togaraflotanum eru bundin við festar og ekki látin hafast að, meðan leitað er eftir kaupendum utanlands. Núverandi ríkisstjórn hefur tekizt að mynda öflugt þjóðarsamheldi móti erlendu hættunni, en um innanlandsmálin er alls ekkert að hafzt, sem þýðingu hefur fyrir framtíð þjóðarinnar. Veldur því eingöngu máttlaus og tilefnislaus sundrung borgaranna. Liggur þess vegna hendi næst fyrir þá ríkisstjórn, sem hefur borið gæfu til að sameina lýðræðismenn landsins um bargráðin út á við, að halda nú fram hinu sama vinnulagi um innanlandsmálin. Má minnast þess, hve miklu borgaraleg samtök fengu áorkað 1939—42 og hve mikið slys hlauzt þá af flokkakeppni um eitt þýðingarlaust þingmannskjör, sem varð til friðslita og steypti þjóðinni út í núverandi hættuástand í fjár- og atvinnumálum. Landamerkjalínan í íslenzku stjórnmálalífi er nú ekki milli þeirra flokka, sem stofnsettir voru í kosningunum 1916 og hafa haldizt við síðan. Þeir hafa nú sýnt í verki, að þeir eru raunverulega sammála um andstöðu gegn hinni austrænu byltingar- og ofbeldisstefnu, sem kynnti starfshætti sína og sinna fylgjenda svo glögglega, að ekki verður um deilt, með andstöðu sinni gegn Atlantshafssáttmálanum. Borgararnir björguðu í það sinn frelsi og heiðri þjóðarinnar með samtökum og skipulegum átökum. Að fengnum sigri á þessum vettvangi færast átökin nú inn á svið efnahagsmálanna. Í vetur hafa borgarar landsins barizt fyrir því að tryggja framtíð þjóðarinnar gegn erlendum landræningjum. Nú er viðfangsefnið að hindra það, að þjóðarauðurinn verði raunverulega brenndur með því að kasta á glæður krónueyðingarinnar öllum lausum aurum landsmanna. Það er tiltölulega auðvelt að sigla fram hjá þessum blindskerjum. Það þarf ekki annars með en að borgarar landsins, innan þings og utan, komi á vopnahléi um nokkurra ára skeið varðandi hin gersamlega þýðingarlausu innbyrðis deilumál sín. Það færi vel á, að sú ríkisstjórn, sem hefur tekizt að sýna þjóðinni í einu máli, hve miklu má orka til þjóðheilla með heilbrigðum borgaralegum samtökum, beiti sömu aðferð við þau þýðingarmiklu vandamál, sem nú bíða úrlausnar innanlands.

Ed. 527. Frumvarp til laga [184. mál]

um hlutatryggingasjóð bátaútvegsins.

(Lagt fyrir Alþingi á 68. löggjafarþingi, 1949.)

1. gr.

Stofna skal sjóð, er heiti hlutatryggingasjóður bátaútvegsins. Heimili hans og varnarþing er í Reykjavík.

2. gr.

Hlutverk sjóðsins er að bæta aflahluti útgerðar og skipshafna, þegar almennan aflabrest ber að höndum. Trygging samkvæmt lögum þessum er skyldutrygging.

3. gr.

Sjóðurinn skiptist í tvær deildir, síldveiðideild og almenna fiskideild.

Réttindi í síldveiðideild eiga öll íslenzk skip bátaflotans, sem gerð eru út á síldveiðar með herpinót eða svipuðum veiðarfærum.

Réttindi í almennu fiskideildinni eiga þau skip bátaflotans, sem þorskveiðar stunda með línu, botnvörpu, dragnót, netum o. s. frv., ef skipshöfn er ráðin upp á hlut eða hundraðshluta af aflaverðmæti.

4. gr.

Til þess að ákveða, hvað teljast skuli almennur aflabrestur, reiknar Fiskifélag Íslands árlega út meðalaflamagn skipa á hverri vertíð, miðað við fullan úthaldstíma, seinustu fjögur árin á þorskveiðum, og á sama hátt meðalaflamagn skipa seinustu átta árin á síldveiðum, og ber sjóðnum að veita aðstoð innan þeirra takmarka, sem lög þessi setja, ef aflamagn nær eigi 75% af meðalafla á þorskveiðum og 65% á síldveiðum.

Meðalafli síldveiðiskipa á hverri vertíð reiknast fyrir landið allt. En meðalafli skipa í fiskideild reiknast sérstaklega fyrir ákveðin svæði og eru þau þessi:

a. Faxaflói, ásamt Sandgerði, Grindavík, Eyrarbakka, Stokkseyri og Vestmannaeyjum.
b. Austfirðir og Hornafjörður.
c. Norðurland.
d. Vestfirðir og Breiðafjörður.

Þá kemur til aðstoðar sjóðsins vegna fiskideildar, ef meðalafli á einhverju nefndra svæða nær eigi 75% af meðalaflamagni seinustu fjögurra ára.

5. gr.

Bótatímabil séu fyrir öll svæðin vetrar- og vorvertíð saman, en haustvertíð teljist sérstakt bótatímabil. Þá séu sumarsíldveiðar og vetrarsíldveiðar einnig aðskilin bótatímabil.

Bátar, sem sumarróðra stunda, eru undanþegnir árlegum gjöldum til sjóðsins vegna þeirra veiða.

6. gr.

Stjórn sjóðsins skipa fimm menn. Ráðherra sá, er með sjávarútvegsmál fer, skipar þrjá þeirra, sinn eftir tilnefningu hvers aðila: Alþýðusambands Íslands, Landssambands ísl. útvegsmanna og Fiskifélags Íslands, en tvo án tilnefningar, og skal annar þeirra skipaður formaður stjórnarinnar. — Enn fremur skipar ráðherra tvo endurskoðendur.

Fiskifélag Íslands annast afgreiðslu sjóðsins undir eftirliti sjóðsstjórnar og yfirstjórn ráðherra. Stjórnar- og afgreiðslukostnaður greiðist af fé sjóðsins, og skiptist hann á fiskideild og síldveiðideild í réttu hlutfalli við tekjur þeirra seinasta reikningsár.

Reikningsár sjóðsins er almanaksárið. Reikningar sjóðsins skulu birtir í B-deild stjórnartíðindanna.

7. gr.

Stofnfé sjóðsins er:

Helmingur eignaraukaskatts, sem innheimtur verður samkvæmt II. kafla laga nr. 128 1947, um dýrtíðarráðstafanir.

Nú nær stofnfé samkvæmt þessari grein ekki fimm milljónum króna, og skal ríkissjóður þá leggja fram það, sem til vantar.

Stofnfé sjóðsins skiptist að jöfnu milli fiskideildar og síldveiðideildar.

8. gr.

Árlegar tekjur sjóðsins eru:

1. 1% — einn af hundraði — af óskiptum vertíðarafla bátaflotans.
2. Framlag úr ríkissjóði að jöfnu á móti 1. lið.
3. Vextir og aðrar tekjur sjóðsins.

Tekjur samkvæmt 1. lið skiptast á deildirnar þannig, að tekjur vegna síldveiða falla síldveiðideild, en tekjur vegna þorskveiða fiskideild. Tekjur samkvæmt 2. lið, framlag ríkissjóðs, skiptist til deildanna í sömu hlutföllum.

Gjald samkvæmt 1. lið innheimta hreppstjórar eða lögreglustjórar, í Reykjavík tollstjóri, hver í sínu umdæmi, og má gera lögtak í eignum útgerðarmanns fyrir því.

9. gr.

Stjórn sjóðsins flokkar skip hvorrar deildar eftir stærðum. Skipa skal hverju skipi í flokk strax við innritun, þannig að skip með svipaða aflamöguleika verði sér í flokki.

Nú hefur almennur aflabrestur orðið á einhverju veiðisvæði, svo að til sjóðsins kasta komi um bætur. Reiknar þá Fiskifélag Íslands út meðaltal aflaverðmætis hvers skipaflokks síðustu fjögur ár á þorskveiðum og síðustu átta ár á síldveiðum. Skal hvert það skip, sem aflar 45% eða minna af meðalaflaverðmæti skipa í sínum flokki á viðkomandi veiðisvæði, fá bætt 40% af því, sem á vantar meðalaflaverðmæti, og síðan með vaxandi afla, lækkandi hundraðshluta bóta, samkvæmt eftirfarandi reglu:

Skip sem aflar	45 % af meðalafla fær	40 % bætur af því sem á vantar meðaltal.
— — —	46 — — —	— 39 — — — — — — —
— — —	47 — — —	— 38 — — — — — — —
— — —	48 — — —	— 37 — — — — — — —
— — —	49 — — —	— 36 — — — — — — —
— — —	50 — — —	— 35 — — — — — — —
— — —	51 — — —	— 34 — — — — — — —
— — —	52 — — —	— 33 — — — — — — —
— — —	53 — — —	— 32 — — — — — — —
— — —	54 — — —	— 31 — — — — — — —
— — —	55 — — —	— 30 — — — — — — —
— — —	56 — — —	— 29 — — — — — — —
— — —	57 — — —	— 28 — — — — — — —
— — —	58 — — —	— 27 — — — — — — —
— — —	59 — — —	— 26 — — — — — — —
— — —	60 — — —	— 25 — — — — — — —
— — —	61 — — —	— 24 — — — — — — —
— — —	62 — — —	— 23 — — — — — — —
— — —	63 — — —	— 22 — — — — — — —
— — —	64 — — —	— 21 — — — — — — —
— — —	65 — — —	— 20 — — — — — — —
— — —	66 — — —	— 19 — — — — — — —
— — —	67 — — —	— 18 — — — — — — —
— — —	68 — — —	— 17 — — — — — — —
— — —	69 — — —	— 16 — — — — — — —
— — —	70 — — —	— 15 — — — — — — —

Skip, sem fá 71—74% af meðalafla, fá bætt þannig, að þau fái það, sem á vantar að afli þeirra nái 74,5% að meðaltali. Þau skip, sem náð hafa aflaverðmæti yfir 75% að meðaltali, njóta ekki bóta úr sjóðnum.

Hrökkvi fé sjóðsins ekki til úthlutunar samkvæmt ofanskráðu, skal úthlutun lækkuð hlutfallslega. Á sama hátt má stjórn sjóðsins, að fengnu samþykki ráðherra, hækka úthlutun, ef mikil þörf er fyrir bætur og fjárhagur sjóðsins leyfir.

Aldrei má ganga nær sjóðnum en svo, að eftir séu 30% af fé því, sem í honum var, er úthlutun hófst.

10. gr.

Nú kemur í ljós, að sami bátur hefur við þrjár úthlutanir í röð aflamagn langt fyrir neðan meðallag, og er sjóðsstjórn þá heimilt að ákveða að útiloka hann frá bótum framvegis, nema útgerðarmaður hafi áður gert ráðstafanir, er sjóðsstjórnin metur gildar, til bættra aflabragða bátsins.

11. gr.

Nú fær útgerðarmaður fé úr sjóðnum, og getur stjórn hans þá krafizt þeirrar tryggingar af útgerðarmanninum, sem henni þykir þörf, fyrir því að fénu verði varið

til greiðslu á eftirtöldum gjaldaliðum í þeirri röð, sem hér er talið: Kaup og fæði skipverja, vátryggingargjöld, vextir af lánum gegn 1. og 2. veðrétti í skipinu, olíur og kol, veiðarfæra- og beitukostnaður, hafnargjöld, vitagjöld, vatnsgjöld og önnur hliðstæð gjöld, eftir því sem greiðslur hrökkva til hverju sinni.

12. gr.

Sjóðurinn telst stofnaður með gildistöku laga þessara, og skulu tekjur samkv. 8. gr. innheimtar frá þeim tíma, en þó skulu bætur úr sjóðnum fyrst greiddar, er hann hefur starfað minnst eitt ár.

13. gr.

Þeir, sem fá bætur samkvæmt lögum þessum, eru skyldir að láta reikningaskrifstofu sjávarútvegsins í té reikninga um rekstur skipa þeirra, sem bætur eru miðaðar við, í því formi, sem reikningaskrifstofan ákveður.

14. gr.

Í reglugerð skal setja nákvæm fyrirmæli um, hvaða skip falli undir skyldutryggingu þessa frá ári til árs, fjáröflun sjóðsins, úthlutun bóta, stjórn sjóðsins o. fl., er nánari reglur þarf um í framkvæmd, þar á meðal, ef þurfa þykir, nánari ákvæði, er fyrirbyggi að fé sjóðsins sé varið til að viðhalda útgerð, sem ekki getur borið sig.

15. gr.

Með lögum þessum eru úr gildi numin lög nr. 109 30. des. 1943, um hlutatryggingafélög.

16. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Hugmyndin um að stofna sjóð til þess að bæta aflahluti á bátaflotanum í aflaleysisárum er ekki ný. Sigurður Kristjánsson flutti frumvarp til laga um jöfnunarsjóð aflahluta á Alþingi 1939, og var það síðan flutt á þremur þingum eftir það, en hlaut aldrei fullnaðarafgreiðslu í því formi. Hins vegar voru sett lög um hlutatryggingafélög á Alþingi 1943, en þau lög voru aðeins heimildarlög og hafa hvergi verið framkvæmd, nema í Bolungavík, og má því telja að sýnt sé, að löggjöf um hlutatryggingar fyrir bátaútveginn komi því aðeins að notum, að um skyldutryggingu sé að ræða.

Í 2. mgr. 2. gr. laga nr. 128 frá 1947, um dýrtíðarráðstafanir, er svo fyrir mælt, að hálfur eignaraukaskattur samkvæmt II. kafla þeirra laga, skuli renna í afla- og hlutatryggingasjóð fyrir bátaútveginn, ef stofnaður yrði. Samkvæmt því fól sjávarútvegsmálaráðuneytið Fiskifélagi Íslands og Landssambandi ísl. útvegsmanna að semja frumvarp til laga um sjóðinn, en það frumvarp mætti mikilli andstöðu. Þegar sýnt var, hverjar undirtektir frumvarp þetta fékk, fól ráðuneytið alþingismönnunum Birni Kristjánssyni, Hannibal Valdimarssyni og Sigurði Kristjánssyni, ásamt þeim Gunnari Þorsteinssyni, hæstaréttarlögmanni, Þorvarði K. Þorsteinssyni, stjórnarráðsfulltrúa og Óla Valdimarssyni, forstöðumanni reikningaskrifstofu sjávarútvegsins, að semja nýtt frumvarp um sjóðinn, og hafa þeir samið frumvarp það, er hér liggur fyrir. Þó ber þess að geta, að Gunnar Þorsteinsson hafði sérstöðu við afgreiðslu málsins og lagðist gegn nokkrum greinum frumvarpsins og taldi sig ekki geta samþykkt það í heild.

Þá breytingu hefur ráðuneytið gert á frumvarpinu, að iðgjöld til sjóðsins samkvæmt 1. lið 8. gr. hafa verið lækkuð úr 2% af óskiptum vertíðarafla í 1%, og nýrra grein (12. gr.) bætt inn í það, þar sem ákveðið er, að þá fyrst komi til bóta úr sjóðnum, er hann hefur starfað minnst eitt ár. Þá hefur og verið bætt inn 13. gr.,

samkvæmt ósk Fiskifélags Íslands. Ráðuneytið lækkaði iðgjöld samkvæmt 1. lið 8. gr. vegna þess að það telur ekki fært að leggja þung iðgjöld á útveginn í þessu skyni ofan á öll önnur tryggingagjöld, sem á honum hvíla. Telur ráðuneytið betra að fara hægara af stað í þessu efni og láta þá heldur safnast fé í sjóðinn í eitt ár eða svo, áður en hann tekur að öðru leyti til starfa. Eins og ástatt er, bæði hvað hag ríkissjóðs og útvegsmanna snertir, virðist þetta vera nauðsynlegt og öllu brýnni nú sú nauðsyn, heldur en hún var s. l. haust, þegar málið var til umræðu hjá útvegsmönnum.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins:

Um 1. gr.

Þarf ekki skýringa við.

Um 2. gr.

Bætur samkvæmt frumvarpinu verða greiddar útgerðarmanni. Hugtakið „almennur aflabrestur“ ákveðst eftir nánari reglum, sem grein er fyrir gerð í 4. grein. Ætlazt er til, að það verði m. a. ákveðið í reglugerð, hvort smærri skip en t. d. 5 rúmlestir komi undir skyldutryggingu samkvæmt frumvarpinu. — Botnvörpungar falla að engu leyti undir ákvæði frumvarpsins.

Um 3. gr.

Sjálfsagt þótti að skipta sjóðnum í tvær deildir, fiskveiðideild og síldveiðideild, þar eð eðli þessara veiða og afkomumöguleikar virðast sjaldnast eiga samleið. Ástæða getur verið til að setja nánari ákvæði um það í reglugerð, hverjir njóta skuli réttinda í hvorri deildinni um sig, einkum ef veiðiaðferðir eru blandaðar á sama úthaldstímabili.

Um 4. gr.

Enginn aðili þótti hafa jafngóða aðstöðu og Fiskifélag Íslands til að annast útreikninga um meðalafla, og var því talið sjálfsagt að fela því þann vanda.

Reynsla seinustu ára hefur einkum fært mönnum heim sanninn um það, að síldarleysisár geta komið mörg í röð, og þótti því rétt að reikna út meðalaflann á síldveiðum miðað við meðaltal 8 ára tímabils, þó að fjögur ár teldust gefa sæmilega glögga mynd af meðalafla á þorskveiðum.

Mjög getur það verið álitamál, hve mikið afli þurfi að vikja frá meðalafla til þess að talið verði, að um aflabrest sé að ræða, þannig að til bóta komi úr sjóðnum. Hér er gert ráð fyrir, að til bóta komi úr fiskveiðideild sjóðsins, ef meðalafli á vertíð nær eigi þremur fjórðu hlutum fjögurra ára maðalaflans, og úr síldveiðideild, ef meðalafli á síldarvertíð nær eigi 65% af 8 ára meðalafla.

Ekki þótti líklegt, að sjóðurinn yrði þess megnugur að bæta skakkaföll á síldveiðum í hvert sinn, er afli viki 25% frá meðafla, eins og talið er fært um þorskveiðar, enda mest um vert að sjóðurinn geti hlaupið undir bagga, þegar verst árar. Hins vegar þótti við það unandi, þótt ekki yrði unnt að veita bætur úr síldveiðideild, fyr en afli hefur vikið 35% frá meðalafla, með tilliti til þess, hve stutt úthaldstímabil síldveiðanna er, og hins, að góðæri á síldveiðum getur gefið betra búsílag en vænta má af þorskveiðum.

Sjálfsagt þótti að heimila fiskveiðideild að koma til aðstoðar í hverjum þeim landshluta, sem ætti við almennan aflabrest að búa, þótt aflabrögð miðað við landið allt gætu verið jafnvel yfir meðallag. Við það er svæðaskipting samkv. þessari grein miðuð.

Um 5. gr.

Þarf ekki skýringa við.

Um 6. gr.

Hér er lagt til, að sá aðili, sem annast grundvallarútreikning fyrir starfsemi sjóðsins, Fiskifélag Íslands, annist einnig rekstur hans. Komið gæti þó til mála að fela það öðrum aðila, t. d. Fiskveiðasjóði, ef hagkvæmara þætti.

Um 7. gr.

Þarf ekki skýringa við.

Um 8. gr.

Álitamál getur verið, hvort ekki væri rétt að taka hærri hundraðshluta af óskiptum afla síldveiðiskipa, annars vegar sökum mikilla bótaþarfa í aflaleysisárum, en hins vegar með tilliti til, hve miklir aflamöguleikar á þessum veiðum gætu gert slíkt kleift. Hér er þó gert ráð fyrir 1% framlagi af óskiptum afla í báðum deildum sjóðsins. Ógerlegt þótti að láta þorskveiðar að neinu leyti standa undir bótum til síldveiða, þar sem sú veiði hefur, þrátt fyrir allt, þótt arðvænlegri en þorskveiðarnar.

Um 9. gr.

Við úthlutun bóta verður að reikna út verðmæti aflans sem grundvöll fyrir aðstoð, þar eð lítið aflamagn t. d. á dragnót eða hjá síldveiðiskipi, sem saltar afla sinn, getur gefið bæði útgerð og sjómönnum stórum betri afkomu en meira aflamagn á þorskveiðum eða hjá síldarskipum, sem leggja allan afla sinn í bræðslu.

Reglan um bætur þarf naumast skýringa við.

Um 10. gr.

Greinin er heimild og miðar að því að fyrirbyggja, að skip, sem ávallt sýna lítil veiðiafköst, geti til frambúðar treyst á aðstoð sjóðsins, sbr. og niðurlagsákvæði 12. greinar.

Um 11. gr.

Rétt þykir að hafa hér slíkt ákvæði, sem hér um ræðir, til þess að unnt sé að fyrirbyggja að fé, sem veitt yrði úr sjóðnum, og fengið er a. m. k. að hálfu úr ríkissjóði, verði notað til annarra hluta en tilgangur þessa sjóðs gerir ráð fyrir.

Um 12. og 13. gr.

Þarfnast ekki skýringa.

Um 14. gr.

Augljóst er, að í framkvæmd slíkrar löggjafar sem þessarar, geta komið fyrir margvísleg atvik, sem enginn sér nú fyrir, og er því sjálfsagt að gera ráð fyrir því, að ákveða megi með reglugerð sitt hvað um stjórn sjóðsins og starfrækslu, þótt ekki sé sérstaklega ráð fyrir því gert í lögum þessum, þó svo, að ekki brjóti í bág við nein ákvæði laganna.

Nd. 528. Nefndarálit [47. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 58 7. maí 1946, um menntaskóla.

Frá menntamálanefnd.

Þegar lög um menntaskóla, sem nú gilda, voru sett fyrir þremur árum, var ákveðið, að stofna skyldi menntaskóla í sveit, þegar fé yrði veitt til þess í fjárlögum. Þótt þetta væri lögfest fyrir þremur árum, hefur Alþingi ekki séð sér fært að veita fé til að stofna slíkan skóla og ekki veitt nægilegt fé til endurbóta á húsnæði menntaskólans í Reykjavík.

Hins vegar hefur verið reist nýtt hús fyrir heimavistir við menntaskólann á Akureyri. Gerir það nemendum utan af landi auðveldara en ella að stunda þar nám. Jafnframt eykst húsrými þess skóla að miklum mun.

Meðan ekki reynist kleift að leggja fram fé úr ríkissjóði til að leysa þau verkefni á þessu sviði, sem þegar eru ákveðin, mundu ný lög um fjölgun menntaskóla varla verða framkvæmd.

Menntamálanefndin getur því ekki mælt með því, að frv. þetta verði lögfest nú, en leggur til, að deildin afgreiði það með svofelldri

RÖKSTUDDRI DAGSKRÁ:

Þar sem Alþingi hefur ekki séð sér fært að veita fé til menntaskóla í sveit samkvæmt lögum nr. 58 1946, um menntaskóla, og ekki nægilegt fé til nauðsynlegra endurbóta á húsnæði menntaskólans í Reykjavík, og með tilliti til þess, að menntaskólinn á Akureyri hefur nú betri aðstöðu en áður til að taka á móti nemendum utan af landi, telur deildin ekki ástæðu til að lögfesta þetta frumvarp nú og tekur fyrir næsta mál á dagskrá.

Alþingi, 5. apríl 1949.

Páll Þorsteinsson, form., frsm. Gunnar Thoroddsen, fundaskr. Sigfús Sigurhjartarson.
Sigurður Bjarnason. Barði Guðmundsson.

Fylgiskjal.

MILLIÞINGANEFND Í SKÓLAMÁLUM

Reykjavík, 14. marz 1949.

Menntamálaráðuneytið hefur með bréfi 1. þ. m. sent skólamálanefnd til umsagnar frumvarp til laga á þskj. 60 um breyting á lögum nr. 58 7. maí 1946, um menntaskóla.

Árið 1947 var nefndinni sent til umsagnar frumvarp sömu flutningsmanna um fjölgun menntaskóla á Íslandi, og svaraði nefndin því með bréfi til menntamálanefndar efri deildar, dags. 29. nóv. 1947. Fylgir bréf þetta hér með, þar eð skólamálanefndin er enn í öllum höfuðatriðum þess sömu skoðunar og þá, og upplýsingar þær, sem gefnar eru í bréfinu, standa í fullu gildi.

Frumvarpið í núverandi mynd er að dómi skólamálanefndar mun aðgengilegra en áður, þar eð tekið er fram í því, að ákvæðin um hina nýju skóla komi þá fyrst til framkvæmda, er fé er veitt til þeirra í fjárlögum.

Skólamálanefnd telur það engan veginn sjálfsagt, að menntaskóli skuli reistur að Laugarvatni, þegar þeir tímar koma, að slíkur skóli verði settur á stofn á Suðurlandi. Ýmsir aðrir staðir geta komið þar til greina, svo sem t. d. Skálholt.

Eins og segir í bréfi nefndarinnar frá 29. nóv. 1947, þá virðist ekki enn tímabært að fjölga menntaskólum á landinu. Við það, að menntaskólarnir í Reykjavík og á Akureyri verða aðeins 4 ára skólar, munu þeir geta veitt árlega viðtöku fleiri nemendum en áður. Þó má ekki ætla, að í hvorum þessara skóla um sig verði fleiri nemendur en 450. Í menntaskólanum í Reykjavík verður þess vafalaust skammt að bíða, að hann geti ekki rúmað fleiri nemendur. En í menntaskólanum á Akureyri mun enn um hríð rúm fyrir nemendur víðs vegar að af landinu, og margir þeirra eiga kost á heimavist í ágætum húsakynnum, þegar hið nýja heimavistarhús verður fullsmíðað. Mætti ætla, miðað við reynslu undanfarinna ára, að aðstandendum mundi ekki dýrara að kosta dvöl nemenda þar heldur en á Ísafirði, Eiðum eða Laugarvatni. Þegar að því líður, að menntaskólinn á Akureyri verði fullskipaður, þá mun fyrst þörf á fleiri menntaskólasetrum.

Skólamálanefndin er sammála ýmsu því, er segir í greinargerð frumv., og telur ekki ástæðu til að gera fleiri athugasemdir. Þó skal það tekið fram samkvæmt upplýsingum frá íþróttafulltrúa ríkisins, að íþróttahúsið á Ísafirði bætir ekki að fullu úr þörf þeirra skóla, sem þar eru fyrir, og svipað er að segja um íþróttahúsið að Laugarvatni.

Fyrir hönd milliþinganefndar í skólamálum

Ásmundur Guðmundsson. Helgi Elíasson.

Til menntamálaráðuneytisins.

Afrit.

MILLIÞINGANEFND Í SKÓLAMÁLUM

Reykjavík, 29. nóv. 1947.

Hæstvirt menntamálanefnd efri deildar hefur með bréfi 17. þ. m. sent milliþinganefnd í skólamálum frumvarp til laga á þskj. 75 um breyting á lögum nr. 58 1946, um menntaskóla.

Milliþinganefnd telur ekki enn tímabært, að frv. þetta verði að lögum, af ástæðum þeim, sem hér greinir:

1. Í vetur starfa 1. bekkir gagnfræðadeilda menntaskólanna í Reykjavík og á Akureyri í síðasta sinn og leggjast gagnfræðadeildir skólanna því niður af sjálfu sér um leið og þeir nemendur, sem þar eru nú, útskrifast. Í menntaskólanum í Reykjavík eru nú 64 nem. í gagnfræðadeild og 185 í gagnfræðadeild menntaskólans á Akureyri, eða samtals 249 nemendur. Þegar þeir fara úr skólanum, má taka allt að því jafnmarga nem. til viðbótar í lærdómsdeildir skólanna.
2. Þegar heimavistarhús menntaskólans á Akureyri verða tilbúin, er gert ráð fyrir því að breyta núverandi heimavistarhúsnæði í skólastofur. Telur skólameistari, að auðvelt verði þá að taka um 500 nemendur í skólann. Í báðum menntaskólunum gætu þá verið um 950 lærdómsdeildarnem. í stað 537 nú.
3. Skólastjórar menntaskólanna hafa tjáð fræðslumálastjóra — vegna fyrirspurnar í Alþingi frá Sigurjóni Á. Ólafssyni alþm. — að síðastliðin 3 ár hafi þeir ekki þurft að synja neinum nemanda um setu í lærdómsdeild skólanna.
4. Eins og sakir standa er mikill hörgull á kennurum fyrir menntaskólana, sem fyrir eru, svo að torvelt yrði að fá kennara að fleiri menntaskólum. Auk þess þarf hlutfallslega langtum fleiri kennara við minni skóla en stærri. Nefndin hyggur þó, að 500 nemendur sé hámarkstala í menntaskóla.
5. Augljóst er, að kostnaður við stofnun og rekstur lítilla menntaskóla er hlutfallslega miklum mun meiri en hinna, sem stærri eru.
6. Af hjálagðri skýrslu má draga þær ályktanir, að aðsókn mundi enn of lítil að menntaskólum á Ísafirði og að Eiðum. Tala lærdómsdeildarnemenda er nú 537, eða um 4 af hverju þúsundi landsmanna. Gerum ráð fyrir, að menntaskóli á Ísafirði yrði sóttur af Ísfirðingum, úr Ísafjarðarsýslum, Barðastrandar- og Strandasýslu, þar sem heima eiga tæpar 12 þús., þá yrðu það 48 nemendur eða 12 að meðaltali í hvern bekk. Ef Norðmýlingar, Sunnmýlingar, Austur-Skaftfellingar, Seyðfirðingar og Norðfirðingar sæktu menntaskóla að Eiðum, mætti ætla, með sams konar útreikningi, að nemendur yrðu um 40, eða 10 í bekk. Með dreifðum menntaskólum um landið kynni hlutfallstalan að fara upp í 5 af þúsundi, en 15 manna og 12 manna bekksagnir að meðaltali væri þó enn of lítið. Við breyttar aðstæður, meiri völ kennara og stórum hærri íbúatölu á Vestfjörðum og Austfjörðum telur milliþinganefndin hugmyndina um menntaskóla á Ísafirði og að Eiðum eiga rétt á sér.

Stofnun menntaskóla í sveit í Sunnlendingafjórðungi, þegar fé er veitt til þess í fjárlögum, er þegar framkvæmanleg samkv. núgildandi lögum um menntaskóla.

F. h. milliþinganefndar í skólamálum

Ásmundur Guðmundsson. Helgi Elíasson.

Til menntamálanefndar efri deildar, Alþingi.

Skýrsla um nemendafjölda í menntaskólum 1946—47 o. fl.

Kaupstaður/sýsla	Íbúar 1946	Nem.fjöldi Rvík	Ak	1946—47 Alls	%	Stúdentar MA. sl. 20 ár	= %
Reykjavík	48 954	329	16	345	0.70	29	0.06
Hafnarfjörður	4 466	17	5	22	0.49	5	0.11
Akranes	2 321	3	4	7	0.30	—	—
Ísafjörður	2 870	6	2	8	0.28	27	0.94
Siglufjörður	2 967	1	15	16	0.54	24	0.81
Ólafsfjörður	915	—	5	5	0.55	—	—
Akureyri	6 180	—	112	112	1.81	108	1.79
Seyðisfjörður	811	—	7	7	0.86	14	1.45
Norðfjörður	1 243	2	3	5	0.40	—	—
Vestmannaeyjar	3 478	6	1	7	0.20	4	0.12
Alls í kaupstöðum	74 205	364	170	534	0.72	211	0.28
Gullbringu- og Kjósarsýsla	7 052	12	7	19	0.27	5	0.07
Borgarfjarðarsýsla	1 247	4	2	6	0.48	5	0.40
Mýrasýsla	1 788	3	8	11	0.62	2	0.11
Snæf.- og Hnappadalssýsla	3 194	3	1	4	0.12	3	0.09
Dalasýsla	1 293	—	—	—	—	9	0.70
A.-Barðastrandarsýsla	2 786	—	1	1	0.18	18	0.65
V.-Barðastrandarsýsla			4	4			
V.-Ísafjarðarsýsla	4 204	—	2	2	0.24	18	0.81
N.-Ísafjarðarsýsla			8	8		16	
Strandasýsla	2 089	—	1	1	0.05	6	0.29
V.-Húnavatnssýsla	3 422	1	4	5	0.47	28	0.82
A.-Húnavatnssýsla		2	9	11			
Skagafjarðarsýsla	3 731	—	34	34	0.91	36	0.96
Eyjafjarðarsýsla	4 401	—	21	21	0.47	75	1.70
S.-Þingeyjarsýsla	5 770	—	27	27	0.74	57	1.20
N.-Þingeyjarsýsla		—	16	16		12	
N.-Múlasýsla	2 481	1	6	7	0.28	23	0.93
S.-Múlasýsla	4 071	2	8	10	0.24	23	0.56
A.-Skaftafellssýsla	1 129	—	—	—	—	3	0.27
V.-Skaftafellssýsla	1 499	2	1	3	0.20	1	0.07
Rangárvallasýsla	3 062	4	5	9	0.29	4	0.13
Árnessýsla	5 318	5	5	10	0.19	10	0.02
Alls í sýslum	58 545	39	170	209	0.36	354	0.60
Á öllu landinu	132 750	403	340	743	0.56	565	0.43

NB. Í 6. og 7. dálki eru stúdentar frá Akranesi, Ólafsfirði og Norðfirði taldir með í sýslunum sem þeir tilheyrðu áður en þeir fengu kaupstaðarréttindi.

Ed. **529. Frumvarp til laga** [91. mál]

um skipamælingar.

(Eftir 2. umr. í Ed.)

1. gr.

Skipaskoðunarstjóri fer með þau mál, er í lögum þessum greinir, undir yfirstjórn ráðherra.

2. gr.

Skipaskoðunarstjóri löggildir menn eftir þörfum til þess að vinna störf lögum þessum samkvæmt. Skilyrði til löggildingar eru þessi:

1. Óflekkað mannorð.
2. Lögræði.
3. Fjárforræði.
4. Þekking á reglum þeim, er um skipamælingar gilda, og nauðsynleg leikni í notkun þeirra. Ráðherra getur sett reglur um prófraun skipamælingamanna eftir tillögum skipaskoðunarstjóra.

Áður en skipamælingamaður tekur til starfa, skal hann rita undir heit, þar sem hann leggur við drengskap sinn og heiður, að hann skuli rækja starfann með trúmennsku og samvizkusemi.

3. gr.

Ráðherra getur skipt landinu í skipamælingaumdæmi eftir tillögum skipaskoðunarstjóra, enda sé í hverju umdæmi kostur eins eða fleiri löggiltra skipamælingamanna. Skipaskoðunarstjóra er þó rétt að láta löggiltan mælingamann framkvæma mælingar utan umdæmis síns, hvenær sem ástæða þykir til.

4. gr.

Skip í lögum þessum tekur til hvers fljótandi fars, sem er 6 metra langt eða meira og skráð er eða skrá skal hér á landi.

Skip skal mæla samkvæmt „Alþjóðareglum um mælingar skipa“ („International Regulations for Tonnage Measurement of Ships“), gefnum út í Genf af Þjóðabandalaginu 30. júní 1939, eins og mælt er í samningi undirrituðum í Osló 10. júní 1947.

Ráðherra getur undanþegið skip mælingu eftir tillögum skipaskoðunarstjóra, ef alveg sérstaklega stendur á.

5. gr.

Gjald fyrir mælingu á skipi sé miðað við brúttó rúmlestatölu þess og samkvæmt mælingu, gerðri eftir ákvæðum 4. gr.

6. gr.

Nú er skip byggt á landi hér, og skal þá skipasmiður eða fyrirsvarsmaður hans senda mælingamanni í umdæminu (í Reykjavík skipaskoðunarstjóra) skriflega tilkynningu um skipsmíð með uppdráttum af skipi og einstökum hlutum þess og þeim öðrum gögnum, er skipaskoðunarstjóri getur ákveðið, svo tímanlega, að mæla megi jafnskjótt sem þilfar er lagt og innanborðsþiljur hafa verið settar. Vistarverur og önnur hýsi ofan þilfars skal mæla svo fljótt sem unnt er, áður en mælibréf er útgefið.

7. gr.

Nú er skipi breytt þannig, að rúmlestatal breytist, og er þá skylt að tilkynna það samkvæmt 6. gr., eftir því sem við á, enda skal þá, þegar er unnt er, ný mæling fara fram, að því leyti sem hún er nauðsynleg til ákvörðunar rúmlestatali skips. Síðan skal gefa út nýtt mælibréf, ef breyting hefur orðið á rúmlestatali.

Skila skal jafnan mælibréfi, er nýtt er gefið út.

8. gr.

Nú verða breytingar á stærð þeirra rúma, sem eru undanþegin mælingu eða dregin eru frá, þegar rúmtak er reiknað, eða breyting er gerð á notkun slíkra rúma, og ber skipstjóra eða eiganda að tilkynna það samkvæmt 6. gr. Skal þá mæla skip af nýju, að því leyti sem það er nauðsynlegt til ákvörðunar lestatals þess, og nýtt mælibréf gefið út eða tilgreint á fyrra mælibréfi, hvað breytzt hafi, ef stærðin er hin sama og áður á alla vegu.

9. gr.

Nú er skipt um nafn á skipi, og skal þá mæla skip af nýju, áður en nýtt mælibréf er gefið út, nema sannað sé, að engin sú breyting hafi verið gerð á skipi, er máli skipti um rúmlestatal þess eða greinargerð í mælibréfi varðandi það.

10. gr.

Samkvæmt ósk eiganda skips eða skipstjóra skal mæla skip af nýju, nema skipaskoðunarstjóri telji slíka mælingu algerlega ástæðulausa.

Nú er skip mælt upp, og fer þá um útgáfu mælibréfs eftir 9. gr.

11. gr.

Skipaskoðunarstjóri getur, hvenær sem honum þykir ástæða til, látið mæla skip. Nú kemur það fram, að breytingar, er í þessu efni skipta máli, hafa orðið á skipi, síðan það var mælt, og ekki hefur verið sagt til þeirra, og skal mæling þá fara fram á kostnað eiganda skips. Annars kostar fer mæling fram á kostnað ríkissjóðs. Ef breytingar samkvæmt framanskráðu hafa orðið, fer um útgáfu mælibréfs eftir 9. gr.

12. gr.

Nú er skip smíðað hér, eða því er breytt, fyrir erlendan aðila, og má þá mæla það hér og gefa út mælibréf. Svo má og mæla hér hvert erlent skip eftir beiðni hlutaðeigandi ríkisstjórnar og gefa út mælibréf, enda sé henni þegar sent eftirrit af því ásamt mælingarskýrslum.

Skip erlendra aðila skal eigi mæla, er þau koma hingað, ef þau eru úr ríki, sem bundið er við Oslóarsamninginn 10. júní 1947 og mæld hafa verið samkvæmt Genfarsamþykkt 30. júní 1939. Sama er um skip úr öðru ríki, ef Ísland er samningi bundið um viðurkenningu mælibréfa, sem þar hafa verið gefin út. En rétt er þó að líta eftir því, skipi að kostnaðarlausu, að nettórúmlestatal það, sem merkt er á skip, svari til þeirrar nettórúmlestatölu, sem mælibréf greinir, og að skipi hafi ekki verið breytt svo að máli skipti í þessu sambandi, eftir útgáfu mælibréfs. Nú verður það leitt í ljós, að öðruvísi er háttað að þessu leyti en í mælibréfi segir, og skal þá tafarlaust skýra skipamælingayfirvöldum þess ríkis frá því.

13. gr.

Nú verða eigendaskipti að skipi, og það skal skrá í öðru ríki, og skal þá senda mælingayfirvöldum þess ríkis eftirrit af mælibréfi, ef það ríki er bundið við Oslóarsamninginn 10. júní 1947 eða samningar standa annars til þess, ásamt mælingarskýrslum.

14. gr.

Nú er skip smíðað fyrir íslenzkan aðilja, eða því er breytt erlendis, sbr. 7. gr., eða íslenzkur aðili verður eigandi erlends skips, og ber þá að mæla það hér og gefa síðan út mælibréf. Ef það ríki, sem hlut á að máli, er aðili að Oslóarsamningnum 10. júní 1947, þá skal þegar gefa út mælibréf handa skipinu, nema sérstök þörf hafi verið til þess að mæla það upp, enda skal því þá að henni lokinni gefið mælibréf.

15. gr.

Skip, sem mæld hafa verið samkvæmt reglum Genfarsamþykktar 30. júní 1939, sbr. Oslóarsamninginn 10. júní 1947, skulu fá svonefnt „alþjóðlegt mælibréf sam-

kvæmt Oslóarsamningi 10. júní 1947“ („International Tonnage Certificate in accordance with Convention of June tenth 1947“), og skal gefa þau út bæði á íslenzku og ensku.

Sama rétt sem alþjóðlegt mælibréf veitir mælibréf, sem grundvallað er á hinni svonefndu „ensku aðferð“, og gefið er út í því landi, sem skip á heima í, áður en Oslóarsamningurinn kom til framkvæmdar.

Gerð og efni mælibréfa skal vera samkvæmt fyrirmynd, sem fylgir Oslóarsamningnum, 5. gr. hans.

16. gr.

Skipasmið, eiganda og skipstjóra er skylt að liðsinna skipamælingamönnum og létta þeim starf þeirra og ryðja úr vegi öllu, er tálma kann því, eftir föngum.

17. gr.

Gjöld í ríkissjóð fyrir allar mælingar skipa samkvæmt lögum þessum, dagpeninga og ferðakostnað mælingamanna ábyrgist eigandi skips og skipstjóri, ef hann skal beiðast mælingar. Ráðherra setur eftir tillögum skipaskoðunarstjóra gjaldskrá um mælingagjald og dagpeninga og úrskurðar ferðakostnaðarreikninga mælingamanna, ef þörf gerist. Gjöld, dagpeningar og ferðakostnaður eru tryggð með lögveði í skipi með sama hætti sem hafnsögumannskaup.

18. gr.

Brot skipasmiða, eiganda eða fyrirsvarsmanna hans og skipstjóra á skyldum þeim, sem þeim á hendur eru mæltar í lögum þessum, varða sektum í ríkissjóð frá 100—10000 kr., nema þyngri refsing liggi við að lögum.

19. gr.

Lög þessi öðlast gildi frá 1. janúar 1949.

Frá sama tíma er úr lögum numin tilskipun 25. júní 1869, um skipamælingar, svo og önnur ákvæði í lögum, er fara í bága við lög þessi.

Skip, sem mæld hafa verið áður en lög þessi gengu í gildi eftir hinni svonefndu „ensku aðferð“, þarf eigi að mæla af nýju, að öllu óbreyttu, er máli skiptir um rúmlestatölu þeirra, og njóta þau sömu réttinda sem alþjóðleg mælibréf, sbr. 15. gr. Önnur skip þarf að mæla upp og gefa síðan þeim til handa alþjóðlegt mælibréf.

Ed. 530. Frumvarp til laga [118. mál]

um breyting á raforkulögum, nr. 12 2. apríl 1946.

(Eftir 2. umr. í Ed.)

1. gr.

Aftan við 35. gr. laganna bætast nýjar málsgreinar, svo hljóðandi:

Einnig er heimilt að veita úr raforkusjóði einstökum bændum, er reisa á heimilum sínum rafstöðvar, reknar með vélaafli (mótorstöðvar), lán til átta ára með 2½% ársvöxtum, og jöfnum afborgunum og veði í aflvélinni og fasteign, sem raforkuráð tekur gilt, og má lánið vera allt að ⅗ af kostnaðarverði aflvélarinnar.

Lán þetta veitist því aðeins, að stöðin sé minnst 4 kílóvött og ekki séu fyrir héraðsrafveitur á því svæði og ekki líkur til, að þær verði reistar á næstu árum á þeim slóðum, þar sem þeir bæir eru, sem menn vilja raflýsa eftir þessari grein, og enn fremur, að ekki sé aðstaða til vatnsvirkjunar til raflýsingar á jörðinni.

Lán þessi ákveður ráðherra að fengnum tillögum raforkuráðs.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Sþ. 531. Fyrirspurnir. [185. mál]

I. Til ríkisstjórnarinnar um tilkostnað við prófdómendur og prófnefndir árið 1948.

Frá Jónasi Jónssyni.

1. Hve mikið kostaði að gera landsprófsverkefni?
2. Hve margir voru prófdómendur á öllu landinu?
3. Hvert var dagkaup við hinar ýmsu tegundir prófa?
4. Hve mikil fjárhæð var greidd úr ríkissjóði fyrir hinar ýmsu tegundir skóla?

II. Til ríkisstjórnarinnar um stöðuveitingar við atvinnudeild háskólans.

Frá Jónasi Jónssyni.

1. Hve margir fastráðnir vísindamenn eru við þessa stofnun, og hve margir í hverri deild?
2. Hve margir aðstoðarmenn, konur og karlar, vinna við deildina?
3. Hvaða fræðimenn starfa við deildina, og hvenær hófu þeir starf sitt þar?
4. Hver var upphæð rekstrarkostnaðar við deildina 1948:
   a. Laun fastráðinna manna?
   b. Laun aðstoðarmanna?
   c. Húsaleiga, ljós og hiti?
   d. Ferðakostnaður starfsmanna utan lands og innan?
   e. Allur annar kostnaður við deildina?
5. Hefur orðið sýnilegur árangur af starfi deildarinnar eða einstakra vísindamanna, sem starfa þar, og í hverju er fólginn sá árangur?

III. Til ríkisstjórnarinnar varðandi endanlegan skilnað Íslands og Danmerkur.

Frá Jónasi Jónssyni.

Hvað hefur ríkisstjórnin gert til að hraða endanlegum skilnaði Íslands og Danmerkur, og hverju sætir það, að svo seint gengur að ljúka því máli?

Nd. 532. Frumvarp til laga [186. mál]

um eyðingu refa og villiminka.

Frá landbúnaðarnefnd.

I. KAFLI
Yfirumsjón.

1. gr.

Landbúnaðarráðuneytið skal hafa yfirumsjón með útrýmingu refa og villiminka.

2. gr.

Sýslunefndir skulu sjá um, að hreppsnefndir annist eyðingu refa og villiminka.

Heimilt er sýslunefnd að ráða í samráði við hreppsnefndir einn mann (refaeyðingarstjóra) til að stjórna refa- og minkaveiðum í allri sýslunni eða nokkrum hluta hennar.

II. KAFLI
Eyðing refa.

3. gr.

Sérhver hreppsnefnd skal á hverju vori annast um grenjaleitir og grenjavinnslu í heima- og afréttarlöndum hreppsins, hvort sem lönd þessi liggja utan eða innan sýslufélagsins. Þar, sem tveir eða fleiri hreppar eiga afréttarlönd saman, annast þeir grenjaleitir í sameiningu. Ef unnt er, skal skotmaður eða skotmenn annast grenjaleit, þar sem því verður við komið.

4. gr.

Hreppsnefnd, stjórn upprekstrarfélags (eða refaeyðingarstjóri, þar sem hann er, sbr. 2. gr.) skal ráða skotmann, einn eða fleiri, til að vinna greni í þeim löndum, sem þeim ber að annast um í þessú efni. Skulu skotmenn reiðubúnir til grenjavinnslu hvenær sem greni finnst. Vökumaður, sem skotmaður tekur gildan, skal ráðinn af sama aðila.

5. gr.

Óheimilt er öðrum en þeim, sem til þess eru ráðnir samkvæmt 4. gr., að vinna greni eða taka yrðlinga, nema svo hafi staðið á, að ekki hafi náðst til skotmanns í tæka tíð.

6. gr.

Þegar greni finnst, hvort heldur í grenjaleit eða ekki, skal það ekki yfirgefið, ef kostur er. En finni það einn maður og geti ekki komið vitneskju til næsta bæjar nema fara sjálfur, skal hann hraða sem mest för sinni. Skotmanni skal síðan gert aðvart tafarlaust.

7. gr.

Borgun til skotmanns og vökumanns fer eftir því, sem um semst við hreppsnefnd eða þann aðila, sem sér um grenjavinnslu. Heimilt er að semja um verðlaun fyrir unnin dýr, en taka skal tillit til þess, þegar ráðningarkjör skotmanns eru ákveðin. Einnig skal taka tillit til þess við launaákvörðun, ef yrðlingar eru verðmætir.

8. gr.

Nú vinnast hlaupadýr, og á þá sá, er vinnur, 100 kr. sem verðlaun fyrir hvert dýr, er hann sannar fyrir oddvita að hafa unnið.

9. gr.

Hreppsnefnd heldur skrá yfir öll þekkt greni og gerir stutta lýsingu á þeim. Hún skal láta byggja vörður og skotbyrgi við greni, þar sem þörf er á, og halda þeim við. Hún getur látið laga skemmd greni, sem auðunnin eru, en ónýta önnur, sem torunnin eru.

10. gr.

Skylt er að eitra fyrir refi á afréttum og viðlendum heimalöndum, þar sem refa er von, minnst þriðja hvert ár. Oddvitar skulu sjá um eitrunina, hver á sínu svæði, og þar sem fleiri hreppar eiga afréttarlönd saman, skulu hlutaðeigandi oddvitar hafa samráð um eitrunina. Oddviti skal framkvæma eitrunina sjálfur eða fá til þess mann, sem hann treystir. Héraðslæknir skal láta refaeitur af hendi við oddvita í samráði við sýslumann.

III. KAFLI
Eyðing villiminka.

11. gr.

Hreppsnefndir (bæjarstjórnir) eða sá maður, sem falin hefur verið útrýming refa og villiminka, sbr. 2. gr., skulu, hver í sínu umdæmi, sjá um útrýmingu villiminka. Skal árlega gera skýrslur um útbreiðslu villiminka og helztu dvalarstaði.

Skýrslurnar skal senda loðdýraræktarráðunaut ríkisins. Strax og villiminka hefur orðið vart í afréttar- eða heimalöndum, skal ráða einn eða fleiri menn til að útrýma þeim. Loðdýraræktarráðunautur skal gefa leiðbeiningar um, hvernig útrýmingarstarfinu skuli hagað.

12. gr.

Greiða skal 60 kr. í verðlaun fyrir hvern villimink, sem unninn er, enda liggi fyrir sönnur um unnin dýr, sem oddviti tekur gilda.

IV. KAFLI

Bann gegn minka- og refaeldi.

13. gr.

Sýslunefndir og bæjarstjórnir geta bannað minkaeldi í umdæmum sínum og sömuleiðis eldi refa. Verði slíkt bann framkvæmt þar, sem nú eru loðdýrabú, skal sýslusjóður eða bæjarsjóður greiða eigendum skaðabætur samkvæmt mati þriggja dómkvaddra manna.

V. KAFLI

Skipting kostnaðar.

14. gr.

Hreppsnefndir eða þeir, sem falið hefur verið að sjá um refa- og minkaveiðar, skulu fyrir 1. desember ár hvert hafa tilbúna reikninga yfir kostnað við starfsemi þessa, er séu í samræmi við þá samninga, er gerðir hafa verið við þá aðila, sem störfin hafa leyst af hendi.

Allan kostnað, sem leiðir af refa- og minkaveiðum, þar með talin grenjaleit og verðlaun fyrir unna refi og villiminka, skal greiða úr hlutaðeigandi hreppssjóði eða fjallskilasjóði, eða sameiginlega úr fleiri hreppssjóðum eða fjallskilasjóðum, ef þannig stendur á, sbr. 3. gr.

Alla slíka reikninga skal leggja fyrir næsta sýslufund til úrskurðar. Nú úrskurðar sýslunefnd, að reikningarnir séu réttir og ekki úr hófi háir. Skal þá endurgreiða hreppsfélögum þannig, að ríkissjóður greiði ⅓ kostnaðar og sýslusjóður ⅓.

VI. KAFLI

Almenn ákvæði.

15. gr.

Landbúnaðarráðherra setur reglugerð, að fengnum tillögum loðdýraræktarráðunautar, um útrýmingu villiminka.

Einnig skal ráðherra setja reglugerð um framkvæmd eitrunar fyrir refi og minka og um meðferð refaeiturs, sbr. 10. gr.

Enn fremur getur ráðherra sett reglugerð um önnur atriði varðandi refaeyðingar, eftir tillögum sýslunefnda.

16. gr.

Brot gegn lögum þessum og reglugerðum, sem settar verða samkvæmt þeim, varða sektum, 200—5000 kr., nema þyngri refsing liggi við samkvæmt öðrum lögum.

17. gr.

Með lögum þessum eru úr gildi numin lög nr. 108 11. ágúst 1933, svo og önnur lagaákvæði, sem koma í bága við þessi lög.

18. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Frumvarp þetta um eyðingu refa og minka flytur landbúnaðarnefnd og hefur haft um það samráð við landbúnaðarráðherra. Þykir rétt að færa í eina heild lagaákvæðin til varnar þeirri plágu, sem villtir minkar og refir hafa reynzt. Er tilgangurinn sá, að tryggja landsnytjar og búpening betur en verið hefur gegn þessari plágu. — Skilyrðislaust bann gegn minkaeldi getur nefndin eigi fallizt á, en leggur til að leggja það mál í vald sýslunefnda og bæjarstjórna.

Ed. 533. Breytingartillögur [91. mál]

við frv. til l. um skipamælingar.

Frá sjávarútvegsnefnd.

1. Við 14. gr. Greinin orðist svo:
   Nú er skip smíðað erlendis fyrir íslenzkan aðila eða því breytt, sbr. 7. gr., eða íslenzkur aðili verður eigandi erlends skips, og ber þá að mæla það hér áður en mælibréf er gefið, nema það ríki, sem mælt hefur skipið og gefið því mælibréf, sé í Oslóarsamningnum frá 10. júní 1947. Skal þá íslenzka mælibréfið gefið út samkvæmt því, nema sérstakar ástæður séu fyrir hendi til þess að mæla skipið upp að nýju.
2. Við 15. gr. Aftan við 2. málsgr. kemur: enda sé það land aðili að þeim samningi.
3. Við 19. gr. Greinin orðist svo:
   Skip, sem mæld hafa verið eftir hinni svonefndu ensku aðferð áður en lög þessi ganga í gildi, þarf eigi að mæla á ný, að öllu óbreyttu, er máli skiptir um rúmlestatölu þeirra, og njóta þau þá þeirra réttinda, sem alþjóðleg mælibréf veita, sbr. 15. gr. Önnur skip þarf að mæla upp og gefa síðan þeim til handa alþjóðlegt mælibréf.
4. Á eftir 19. gr. kemur ný grein, er verður 20. gr. og hljóðar svo:
   Lög þessi öðlast þegar gildi. Frá sama tíma er úr lögum numin tilskipun frá 25. júní 1869 um skipamælingar, svo og önnur ákvæði í lögum, er fara í bága við þessi lög.

Ed. 534. Breytingartillögur [16. mál]

við frv. til l. um áburðarverksmiðju.

Frá Gísla Jónssyni.

1. Við 2. gr. Greinin orðist svo:
   Fjár þess, sem þarf til að standast kostnað samkv. fyrirmælum 1. gr., skal afla á þann hátt, sem hér segir:
   a. Með framlagi úr rekstrarsjóði Áburðarsölu ríkisins, og er það fé óafturkræft.
   b. Með frjálsri þátttöku almennings í landinu, eftir reglum, sem ríkisstjórnin setur um það atriði.
   c. Með framlagi úr ríkissjóði, eftir því sem fé er veitt til þess í fjárlögum.
   d. Með lántöku innan lands eða utan.
   Heimilt skal ríkisstjórninni að taka lán fyrir hönd ríkissjóðs, samkv. d-lið þessarar greinar, þegar öllum undirbúningi undir framkvæmdir samkv. 1. gr. er lokið og ákvæðum 5. gr. fullnægt að öðru leyti.
   Áburðarverksmiðjan skal standa straum af vöxtum og afborgunum af því fé, sem lagt er til hennar samkvæmt c- og d-lið þessarar greinar.
2. Við 3. gr. 1. málsl. falli niður.

Nd. 535. Nefndarálit [60. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 42 1948, um útflutning og innflutning á íslenzkum og erlendum gjaldeyri.

Frá meiri hl. fjárhagsnefndar.

Nefndin hefur athugað frumvarpið, og leggur meiri hluti nefndarinnar til, að það verði samþykkt.

Einstakir nefndarmenn áskilja sér rétt til að fylgja breytingartillögum, er fram kunna að koma.

Alþingi, 6. apríl 1949.

Ásg. Ásgeirsson, form. Hallgr. Benediktsson, fundaskr., frsm. Jóhann Hafstein.

Einar Olgeirsson.

Ed. 536. Nefndarálit [16. mál]

um frv. til l. um áburðarverksmiðju.

Frá minni hl. landbúnaðarnefndar.

Nefndin gat ekki orðið sammála um afgreiðslu málsins. Eigi var þó ágreiningur um það, hvort reisa skyldi áburðarverksmiðju eða ekki. Öll nefndin er sammála um, að áburðarverksmiðju beri að reisa. Ágreiningurinn er um það tvennt, hvort ekki skuli reisa stærri verksmiðju en ráð er fyrir gert í frumvarpinu og hvort rétt sé að ætla áburðarverksmiðju raforku frá Soginu. Vill meiri hl. samþykkja frumvarpið með smávægilegum breytingum um, að stjórn verksmiðjunnar skuli ákveða henni stað, o. fl. Í því efni er ég einnig sammála meiri hl. Hins vegar tel ég mjög teflt á tæpasta vað með að ætla áburðarverksmiðju rafmagn frá Soginu, jafnvel þótt hún sé ekki stærri en frumvarpið gerir ráð fyrir, og í öðru lagi tel ég réttara að reisa stærri verksmiðju, sem jafnframt mundi þá skapa verðmæti til útflutnings. Auðvitað yrði þá að reisa sérvirkjun til rafmagnsframleiðslu. Skulu nú þessi sjónarmið rökstudd nánar.

Hugmyndin um stofnun áburðarverksmiðju á Íslandi er ekki ný. En fyrst mun þetta mál hafa verið athugað til nokkurrar hlítar af skipulagsnefnd atvinnumála, er starfaði á árunum 1934—37. Í áliti því og tillögum, er hún gaf út, eru birtar niðurstöður þeirra athugana. Fjölluðu þær bæði um framleiðslu kalksaltpéturs og nitrophoska. Ekki varð þó úr framkvæmdum að því sinni.

Næst kom málið verulega á dagskrá árið 1944. Var þá flutt stjórnarfrumvarp á Alþingi um, að ríkið skyldi byggja verksmiðju til framleiðslu á ammóníumnítrati (ammóníumsaltpétri), sem þá var nýfarið að nota til áburðar í Ameríku. Var þar gert ráð fyrir aðeins lítilli verksmiðju. Þessu frumvarpi var vísað frá með þeim röksemdum, að rafmagn væri ekki til nægilegt og þyrfti að tryggja það áður en hafizt væri handa um byggingu verksmiðjunnar. Reynslan hefur sýnt, að þessar röksemdir voru réttar, því þótt síðan hafi verið byggð 7500 kw. eimtúrbínustöð hér við Reykjavík, er enginn afgangur frá daglegum þörfum. En jafnframt frávísuninni var lagt til, að stjórnin fæli nýbyggingarráði frekari undirbúning, áður en fullnaðarákvörðun yrði tekin um framkvæmdir.

Vorið 1945 fól svo nýbyggingarráð dr. Birni Jóhannessyni að fara utan til frekari athugana málsins og undirbúnings væntanlegra framkvæmda. Að ferð sinni lokinni skilaði hann skýrslu um hana og niðurstöður þær, er af rannsókn hans leiddu.

Síðan hafa enn farið fram nýjar rannsóknir, gerðar af Ásgeir Þorsteinssyni verkfræðingi og Jóhannesi Bjarnasyni, er m. a. hefur tvívegis farið utan til þeirra hluta.

Allar þessar athuganir og rannsóknir hafa ótvírætt leitt það í ljós, að bæði stofn- og rekstrarkostnaður áburðarverksmiðju minnkar með stækkun verksmiðjunnar, miðað við auka framleiðslugetu, og enn fremur, að litlar verksmiðjur eiga mjög í vök að verjast í samkeppni við hinar stærri.

Samkvæmt upplýsingum og línuritum í athugasemdum við stjórnarfrumvarp það, er flutt var í lok síðasta þings, kom það greinilega fram, að framleiðslukostnaður yrði 27% minni í 5000 tonna verksmiðju en í 2500 tonna verksmiðju. Samkvæmt sömu heimildum er framleiðsluverð á kg köfnunarefnis reiknað á kr. 2.24 í 2500 tonna verksmiðju, kr. 1.85 í 3600 tonna verksmiðju, kr. 1.67 í 5000 tonna verksmiðju og kr. 1.48 í 7500 tonna verksmiðju. Er þetta miðað við, að stofnlán séu greidd niður með 4% vöxtum. Hér munar því rúmum þriðjungi á framleiðslukostnaði við slíkan stærðarmun, að því er líklegast má telja. Þá liggur einnig ljóst fyrir, að með enn þá meiri stækkun muni framleiðslukostnaður enn þá fara minnkandi, þótt lækkunin verði ekki jafnör, þegar stækkunin verður meiri. Sama má segja um stofnkostnað samkvæmt þessum áætlunum. Gert er ráð fyrir, að stofnkostnaður 2500 tonna verksmiðju verði 20 millj. kr., 3600 tonna verksmiðju 25.7 millj., 5000 tonna verksmiðju 30 millj., og 7500 tonna verksmiðju 39 millj. kr.

Í hinum nýju athugunum, er þessu frumvarpi fylgja, eru að vísu tölur allar hærri, en hlutfallsniðurstöður allar mjög hinar sömu. T. d. er nú gert ráð fyrir, að stofnkostnaður 5000 tonna verksmiðju verði 38 millj., en 7500 tonna verksmiðju 44.4 millj. Enn fremur er nú gert ráð fyrir, að framleiðslukostnaður á kg af köfnunarefni verði kr. 1.78 í minni verksmiðjunni, en kr. 1.41 í hinni stærri. Er hér um að ræða enn þá greinilegri hagnað við stækkun en áður. Hér er þá reiknað með, að stofnlán séu greidd á 15 árum og vextir 3% p. a.

Árangur þessara rannsókna hefur orðið sá, að nú kemur engum til hugar að byggja hina litlu verksmiðju, er fyrirhuguð var 1944 og einnig var gert ráð fyrir í frumvarpinu frá síðasta þingi. Er gert ráð fyrir 5000—10000 tonna verksmiðju eins og frumvarpið er nú, og skuli sú verksmiðja fá rafmagn frá Soginu. En þá kemur til greina hitt atriðið, hvort ekki verður skortur á rafmagni til að knýja þá verksmiðju. Samkvæmt einróma áliti áburðarverksmiðjunefndarinnar er útilokað að nokkurn tíma fáist nægilegt rafmagn frá Soginu til að knýja 10000 tonna verksmiðju. Er þá í raun og veru tómt mál að setja slíkt í lög, nema tryggt sé rafmagn annars staðar að með nýrri virkjun. Að áliti þessara sérfræðinga er 7500 tonna verksmiðja hin allra stærsta, sem til mála gæti komið að bæta á Sogið, þótt það verði virkjað til fulls, sem í fyrsta lagi gæti orðið 1955. Það er enn fremur álit þeirra, að sú virkun, þ. e. fullvirkjun Sogsins, mundi aðeins endast til 1965, eða um 10 ára tímabil, með því að raforkunotkun til almennra þarfa og annars iðnaðar vaxi ekki örar en um 12—13 millj. kwst. árlega, eða svipað og verið hefur hin síðari ár. En þá ber þess að gæta, að raunverulega hefur rafmagnsskortur hindrað eðlilega aukningu. Er því sýnilega teflt á tæpasta vað með að telja raforkuna nægilega fyrir áðurnefnt tímabil. Enn fremur má þess geta, að samkvæmt upplýsingum hr. Steingríms Jónssonar rafmagnsstjóra hefur vöxturinn verið 25% árlega að meðaltali, síðan Sogsvirkjunin tók til starfa 1937. Og hin nýja eimtúrbínustöð, sem fyrst og fremst var fyrirhuguð sem varastöð til nota, þegar mest væri álag, þarf nú strax að vinna stöðugt með fullum krafti, enda telur rafmagnsstjóri hiklaust, að ef sami vöxtur verði áfram og verið hefur að meðaltali frá 1922—48 sé þörf á að virkja allt Sogið, þótt engin áburðarverksmiðja komi til, en sú meðaltalsaukning nemur aðeins 14% árlega. Megi því fullyrða, að nægilegur markaður verði fyrir allt rafmagn frá Soginu fullvirkjuðu án hennar.

Hér er því greinilega um tvennt að ræða. Annað að reisa 7500 tonna áburðarverksmiðju, sem er meðaltal þeirrar stærðar, er frumvarpið gerir ráð fyrir nú, og óneitanlega virðist vera sú minnsta stærð, sem til mála geti komið, bæta þeirri verk-

smiðju á Sogið og láta þá skeika að sköpuðu, hvort hún getur starfað af fullum krafti eða ekki, þangað til hún einhvern tíma síðar meir fengi viðbótarrafmagn frá nýrri virkjun. Hitt er að láta verksmiðjuna fá það rafmagn, sem hún þarf til fullrar afkastagetu, sem aftur mundi þýða rafmagnsskort til annarra þarfa. Væri þá eins gott að hætta strax við lagningu þeirra nýju veitna um Suður- og Suðvesturland, sem byrjað er á og fyrirhugaðar eru, eins og að halda áfram slíkum framkvæmdum jafnframt áburðarverksmiðjubyggingu og láta svo annað hvort eða hvort tveggja að hálfu leyti óstarfhæft vegna rafmagnsskorts. Annars liggur mjög ljóst fyrir sú hætta, að þegar kröfurnar um aukið rafmagn til almenningsþarfa vaxa, þá verði undan þeim látið, sem einnig er nokkuð eðlilegt, m. a. vegna þess, að þannig má fá hærra verð fyrir rafmagnið. Mundi þá verksmiðjan sitja á hakanum og ekki geta starfað af fullum krafti, sem aftur þýðir minni afköst, meiri framleiðslukostnað, dýrari vörur. Gæti þá verksmiðjan orðið íslenzkum bændum hermdargjöf, ef þeir yrðu að kaupa framleiðslu hennar dýrara verði en erlendan áburð. Samkvæmt þessu virðist mér mjög varhugavert að treysta á raforku frá Soginu til rekstrar áburðarverksmiðju sem þessarar, þótt um sé að ræða þá minnstu verksmiðjustærð, sem til greina geti komið.

Skal þá vikið að hinu atriðinu, hvaða rök liggja til þess, að við byggjum stærri verksmiðju.

Fram að þessu hefur útflutningsframleiðsla okkar eingöngu komið frá þeim atvinnuvegum, sem við rekum nú mest, sjávarútvegi og landbúnaði. Er nú svo komið, að sjávarútvegurinn verður að afla mestallra útflutningstekna þjóðarinnar. Þetta er eðlilegt eins og ástæður hafa verið, en því fer fjarri, að svo þurfi að verða um aldur og ævi, enda síður en svo æskilegt. Þvert á móti mundi öryggi þjóðarinnar í efnahagsmálum fyrst verða verulega vel tryggt, þegar upp rís hér stóriðja. rekin af hinu mikla fossaafli, sem við eigum svo mikið ónotað enn þá. Slík stóriðja hefur þann mikla kost, að hún tekur lítið vinnuafl frá öðrum atvinnuvegum, en skapar gjaldeyristekjur, sem þjóðinni er nauðsynlegt að auka. Með eflingu slíks iðnaðar við hlið sjávarútvegs og landbúnaðar væri þjóðin betur tryggð efnahagslega en nokkru sinni fyrr. En þá kemur einmitt til athugunar, hvaða framleiðslu helzt beri að stefna að á því sviði.

Enn sem komið er er ekki vitað um þau verðmæti í jörðu hér, sem gætu orðið undirstaða stóriðnaðar í verulegum mæli til útflutnings og gjaldeyrisöflunar. Að vísu má með sanni segja, að það mál sé ekki fullrannsakað enn þá. Hins vegar verður því ekki móti mælt með rökum, að áburðarframleiðsla eins og hér um ræðir virðist mjög líkleg til að fullnægja þessu hlutverki og verða tekjulind fyrir Íslendinga.

Vatnsafl til rafmagnsframleiðslu höfum við yfirgnæfandi. Hráefni þau, sem til framleiðslunnar þarf, eru ekki önnur en vatn og loft. Vinnuafl, sem þessi framleiðsla krefur, er svo hverfandi lítið, ef verksmiðjan er af heppilegri stærð, að þótt verkakaup væri hér nokkru hærra en annars staðar, þá munar það engu í heildarframleiðslukostnaði. Þegar á allt er litið eigum við að hafa fulla möguleika á því að vera samkeppnisfærir á þessu sviði við hvaða þjóð sem er. En auðvitað er það háð því, að verksmiðjan sé allmiklu stærri en frumv. þetta gerir ráð fyrir, og þá virðist ekki rétt að gera ráð fyrir minni stærð en ca. 30 000 tonna verksmiðju.

Framkvæmd þessa máls er einmitt nauðsynlegur þáttur í þeirri atvinnubyltingu, sem hér hófst fyrir nokkrum árum. Eigi hún ekki að staðna á miðri leið, verður að halda áfram að skapa auknar gjaldeyristekjur til fullnægingar þörfinni á fjárfestingarvörum, kröfum þjóðarinnar um aukinn vélakost, bætt húsakynni o. fl. Þvílíkt eru eðlilegar og heilbrigðar kröfur um menningarlíf.

Nú eru fullar horfur á, að sá véla- og bílakostur, sem þjóðin á nú, stöðvist vegna skorts á varahlutum og jafnvel eldsneyti. Samt er verið að samþykkja tillögur um innflutning á slíkum tækjum í stórum stíl. Enginn efast um þörf á þeim innflutningi, en sá innflutningur verður aðeins óarðbær fjárfesting, nema jafnframt sé tryggt, að þessi tæki geti starfað af fullum krafti. Nákvæmlega sama má segja um fram-

kvæmdir í raforkumálum úti um landsbyggðina, bæði til sveita og sjávarþorpa. Þær framkvæmdir verða aðeins umtal, nema gjaldeyrisgrundvöllurinn sé tryggður. Enn þá hefur framkvæmdastjórn þeirra mála ekki séð sér fært að ráðast í nema mjög fáar sveitarafveitur og aðeins þar, sem allra þéttbýlast er. Þannig mætti telja margt fleira, sem eindregið mælir með því, að inn á þessa braut sé farið.

Eins og áður er tekið fram, verður að reisa sérvirkjun til slíkrar framleiðslu, og virðist þá einsætt að virkja t. d. Urriðafoss í Þjórsá. Mundi þar verða virkjað nægilegt afl fyrir 30 000 tonna verksmiðju og auk þess verða afgangs til almenningsnota milli 20 og 30 þús. kw., ef allt afl hans er virkjað.

Samkvæmt áætlun þeirri um rekstur slíkrar verksmiðju, sem birt er í nefndaráliti minni hl. landbúnaðarnefndar Nd. um þetta mál, má telja líklegt mjög, að framleiðslukostnaður pr. tonn af köfnunarefni verði ekki hærri en kr. 1133.33 eða kr. 1.13 pr. kg. En útflutningsverðmæti allrar framleiðslunnar mundi nema 64 millj. kr. með núgildandi verðlagi. Hér væri því um að ræða mjög mikla gjaldeyrisaukningu og sérstaklega mikilsverða, þar sem ekki er áætlað, að við verksmiðjuna ynnu nema ca. 100 manns. Að öðru leyti verður hér látið nægja að vísa til þeirra fylgiskjala, sem prentuð eru með áliti minni hl. landbúnaðarnefndar Nd.

Samkvæmt framansögðu vil ég leyfa mér að leggja til, að frumv. verði samþykkt með svofelldri

BREYTINGU:

Við 1. gr. Í stað „5 000—10 000 smál.“ komi: 30 000—40 000 smál.

Alþingi, 7. apríl 1949.

Ásmundur Sigurðsson.

Nd. 537. Frumvarp til laga [100. mál]

um innflutning og úthlutun jeppabifreiða til landbúnaðarþarfa o. fl.

(Eftir 2. umr. í Nd.)

1. gr.

Meðan innflutningur og gjaldeyrisviðskipti eru háð ákvörðunum ríkisvaldsins, ákveður ríkisstjórnin eða sá aðili, er fer með þessi mál fyrir hennar hönd, tölu þeirra jeppabifreiða eða annarra slíkra bifreiða, sem heimilt er að flytja til landsins til landbúnaðarþarfa ár hvert. Með innflutningi þessum skal að því stefnt að fullnægja, svo fljótt sem verða má, þörfum bænda fyrir þessar bifreiðar og að nægur forði af varahlutum til þeirra sé ávallt fyrirliggjandi í landinu. Gjaldeyris- og innflutningsleyfi fyrir þessum bifreiðum skal bundið því skilyrði, að innflytjandi afhendi þeim, er öðlazt hafa kauprétt samkv. lögum þessum, bifreiðarnar fyrir hæfilegt verð, að dómi verðlagsyfirvaldanna.

2. gr.

Úthlutun þeirra bifreiða, er um ræðir í 1. gr., annast 5 manna nefnd. Skulu 2 þeirra kosnir af stjórn Búnaðarfélags Íslands, 2 af stjórn Stéttarsambands bænda og einn af landbúnaðarnefndum Alþingis. Kosning þeirra gildir til 2 ára. Nefndin kýs sér sjálf formann. Kostnaður við störf nefndarinnar greiðist af hlutaðeigandi aðilum í réttu hlutfalli við þátttöku þeirra í nefndinni.

3. gr.

Bifreiðar, sem nefndin fær til ráðstöfunar, má hún aðeins afhenda bændum eða mönnum, er starfa að búum þeirra og í félagi við þá og eru heimilisfastir í

sveitinni og stofnunum landbúnaðarins og starfsmönnum þeirra, skógrækt og sandgræðsla með talin, sem verða vegna starfa sinna í sveitunum að ferðast mikið með bifreiðum.

4. gr.

Nefndin aflar sér árlega svo áreiðanlegra upplýsinga sem föng eru á um tölu þeirra býla á landinu, er geta haft full not jeppabifreiða til flutninga að og frá heimilum sínum meiri hluta ársins. Að fengnum þessum upplýsingum og tilkynningu gjaldeyrisyfirvaldanna um væntanlegan innflutning jeppabifreiða á árinu, tekur nefndin ákvörðun um skiptingu bifreiðanna milli sveitarfélaga. Við skiptin skal þess gætt, að bifreiðarnar skiptist milli búnaðarfélaganna í sem réttustu hlutfalli við tölu þeirra búenda í hverju búnaðarfélagi, sem geta haft bifreiðanna not, eins og áður er sagt, enda sé þá tekið fullt tillit til þeirra jeppabifreiða, sem áður hefur verið úthlutað. Að skiptum loknum tilkynnir nefndin formönnum búnaðarfélaganna tölu þeirra bifreiða, sem væntanlega koma til úthlutunar í félagið á því ári.

5. gr.

Stjórnir hreppabúnaðarfélaga taka á móti umsóknum bænda um jeppabifreiðar, hver af sínu félagssvæði. Nú berast búnaðarfélagsstjórn umsóknir um fleiri jeppabifreiðar en úthlutað verður í hreppinn á því ári, og gerir hún þá tillögu um, hverjum af umsækjendunum hún vill mæla með að því sinni, og sendir tillöguna að því búnu ásamt rökstuddri greinargerð fyrir henni til úthlutunarnefndar. Verði búnaðarfélagsstjórn ekki á eitt sátt, er minni hlutanum heimilt að senda einnig tillögur sínar ásamt greinargerð fyrir þeim til nefndarinnar.

6. gr.

Stjórnir hreppabúnaðarfélaga skulu leitast við í tillögum sínum um úthlutun jeppabifreiða að fylgja eftirgreindum reglum:

1. Að þeir einir komi til greina, er geta vegna samgönguskilyrða haft full not bifreiðanna til flutnings á fólki og vörum að og frá heimilum sínum.
2. Að bændur gangi fyrir öðrum hreppsbúum.
3. Að þeir bændur sitji í fyrirrúmi, er afskekktast búa eða eiga lengsta leið á þjóðveg og mesta hafa flutningsþörfina.
4. Nú er ekki teljandi munur á aðstöðu umsækjenda, og skal þá láta tvo eða fleiri bændur, sem sameinast um eina bifreið, ganga fyrir einstaklingum.

Óheimilt er að úthluta jeppabifreiðum til þeirra, sem áður hafa fengið slíkar bifreiðar við úthlutun, eiga keyrslufæra fólksbifreið eða hafa keyrslufæra fólksbifreið á heimili sínu. Nú hefur sveitarheimili keyrslufæra vörubifreið, og kemur það heimili því aðeins til greina við úthlutun, að ekki liggi fyrir umsóknir frá öðrum, er hafa óskoraðan rétt til úthlutunar jeppabifreiða.

7. gr.

Þegar úthlutunarnefnd hafa borizt tillögur frá stjórnum hreppabúnaðarfélaganna og hefur athugað þær ásamt öðrum upplýsingum, ef fyrir liggja og að þessu lúta, úthlutar hún bifreiðunum samkv. þeim reglum, er um ræðir í 6. gr. Að lokinni úthlutun sendir nefndin stofnunum landbúnaðarins og stjórnum hreppabúnaðarfélaga tilkynningu um, hverjir af umsækjendum þeirra fái úthlutað jeppabifreið. Óheimilt er að afhenda bifreið fyrr en úthlutunarnefnd hefur borizt skrifleg yfirlýsing frá stjórn hlutaðeigandi stofnunar eða búnaðarfélags um, að hún skuldbindi sig að hlutast til um, að eigandi bifreiðarinnar hlíti fyrirmælum laganna í öllum greinum, og tilkynna nefndinni, ef út af ber.

8. gr.

Bifreiðar, sem úthlutað er til landbúnaðarstofnana eða starfsmönnum þeirra samkv. 3. gr., er óheimilt að selja án samþykkis úthlutunarnefndar. Nú hættir slíkur

starfsmaður störfum hjá félaginu eða stofnuninni, er hann hefur unnið hjá, og skal hann þá afhenda bifreiðina þeim aðila, er útvegaði honum bifreiðina, nema úthlutunarnefnd heimili annað eftir tillögum hlutaðeigandi forstöðumanns eða félagsstjórnar.

Aðrar jeppabifreiðar, sem úthlutað er samkv. ákvæðum laga þessara til afnota í ákveðnum sveitarfélögum, er óheimilt að selja, gefa eða flytja burt úr hreppnum án samþykkis stjórnar hlutaðeigandi búnaðarfélags, sem hlutast til um, að bifreiðin sé áður auglýst til kaups fyrir hreppsbúa.

Nú vilja hreppsbúar ekki kaupa bifreiðina, og skal eigandi þá bjóða hana úthlutunarnefnd til ráðstöfunar, enda ábyrgist hún honum andvirði bifreiðarinnar. Vilji nefndin ekki sinna boði seljanda, eða honum hefur ekki borizt svar frá nefndinni mánuði eftir að víst er, að tilboðið barst henni í hendur, er eiganda heimilt að ráðstafa bifreiðinni.

Jeppabifreiðar, sem um ræðir í lögum þessum, má ekki selja yfir kostnaðarverði að frádreginni hæfilegri fyrningu og skemmdum á bifreiðinni, ef einhverjar eru.

9. gr.

Nú þykir augljóst, að kaupandi, sem fengið hefur jeppabifreið fyrir atbeina úthlutunarnefndar, hefur notað sér yfirvarp til að eignast hana, þ. e. notar hana t. d. ekki á heimili sínu eða í sambandi við starf sitt eða atvinnurekstur, og ber nefndinni þá að krefjast þess, að bifreiðinni verði skilað aftur til nefndarinnar.

10. gr.

Bifreið, sem ráðstafað hefur verið gagnstætt ákvæðum laga þessara, skal afhent úthlutunarnefnd gegn upphaflegu kostnaðarverði að frádreginni fyrningu og skemmdum, er dómkvaddir menn meta.

11. gr.

Stjórnum hreppabúnaðarfélaga ber skylda til, hverri á sínu félagssvæði, að fylgjast með því, að fyrirmælum þessara laga sé fylgt, og tilkynna úthlutunarnefnd, ef út af ber, en úthlutunarnefnd hlutast til um rannsókn málsins.

12. gr.

Heimilt er landbúnaðarráðherra að setja með reglugerð samkvæmt tillögum úthlutunarnefndar ákvæði, er tryggi réttláta dreifingu stærri og minni dráttarvéla til landbúnaðarþarfa.

13. gr.

Brot gegn lögum þessum og reglugerð varða sektum frá 200—10000 kr.

Nd. 538. Frumvarp til laga [91. mál]

um skipamælingar.

(Eftir 3. umr. í Ed.)

1. gr.

Skipaskoðunarstjóri fer með þau mál, er í lögum þessum greinir, undir yfirstjórn ráðherra.

2. gr.

Skipaskoðunarstjóri löggildir menn eftir þörfum til þess að vinna störf lögum þessum samkvæmt. Skilyrði til löggildingar eru þessi:

1. Óflekkað mannorð.
2. Lögræði.

3. Fjárforræði.
4. Þekking á reglum þeim, er um skipamælingar gilda, og nauðsynleg leikni í notkun þeirra. Ráðherra getur sett reglur um prófraun skipamælingamanna eftir tillögum skipaskoðunarstjóra.

Áður en skipamælingamaður tekur til starfa, skal hann rita undir heit, þar sem hann leggur við drengskap sinn og heiður, að hann skuli rækja starfann með trúmennsku og samvizkusemi.

3. gr.

Ráðherra getur skipt landinu í skipamælingaumdæmi eftir tillögum skipaskoðunarstjóra, enda sé í hverju umdæmi kostur eins eða fleiri löggiltra skipamælingamanna. Skipaskoðunarstjóra er þó rétt að láta löggiltan mælingamann framkvæma mælingar utan umdæmis síns, hvenær sem ástæða þykir til.

4. gr.

Skip í lögum þessum tekur til hvers fljótandi fars, sem er 6 metra langt eða meira og skráð er eða skrá skal hér á landi.

Skip skal mæla samkvæmt „Alþjóðareglum um mælingar skipa“ („International Regulations for Tonnage Measurement of Ships“), gefnum út í Genf af Þjóðabandalaginu 30. júní 1939, eins og mælt er í samningi undirrituðum í Osló 10. júní 1947.

Ráðherra getur undanþegið skip mælingu eftir tillögum skipaskoðunarstjóra, ef alveg sérstaklega stendur á.

5. gr.

Gjald fyrir mælingu á skipi sé miðað við brúttórúmlestatölu þess og samkvæmt mælingu, gerðri eftir ákvæðum 4. gr.

6. gr.

Nú er skip byggt á landi hér, og skal þá skipasmiður eða fyrirsvarsmaður hans senda mælingamanni í umdæminu (í Reykjavík skipaskoðunarstjóra) skriflega tilkynningu um skipsmíð með uppdráttum af skipi og einstökum hlutum þess og þeim öðrum gögnum, er skipaskoðunarstjóri getur ákveðið, svo tímanlega, að mæla megi jafnskjótt sem þilfar er lagt og innanborðsþiljur hafa verið settar. Vistarverur og önnur hýsi ofan þilfars skal mæla svo fljótt sem unnt er, áður en mælibréf er útgefið.

7. gr.

Nú er skipi breytt þannig, að rúmlestatal breytist, og er þá skylt að tilkynna það samkvæmt 6. gr., eftir því sem við á, enda skal þá, þegar er unnt er, ný mæling fara fram, að því leyti sem hún er nauðsynleg til ákvörðunar rúmlestatali skips. Síðan skal gefa út nýtt mælibréf, ef breyting hefur orðið á rúmlestatali.

Skila skal jafnan mælibréfi, er nýtt er gefið út.

8. gr.

Nú verða breytingar á stærð þeirra rúma, sem eru undanþegin mælingu eða dregin eru frá, þegar rúmtak er reiknað, eða breyting er gerð á notkun slíkra rúma, og ber skipstjóra eða eiganda að tilkynna það samkvæmt 6. gr. Skal þá mæla skip af nýju, að því leyti sem það er nauðsynlegt til ákvörðunar lestatals þess, og nýtt mælibréf gefið út eða tilgreint á fyrra mælibréfi, hvað breytzt hafi, ef stærðin er hin sama og áður á alla vegu.

9. gr.

Nú er skipt um nafn á skipi, og skal þá mæla skip af nýju, áður en nýtt mælibréf er gefið út, nema sannað sé, að engin sú breyting hafi verið gerð á skipi, er máli skipti um rúmlestatal þess eða greinargerð í mælibréfi varðandi það.

10. gr.

Samkvæmt ósk eiganda skips eða skipstjóra skal mæla skip af nýju, nema skipaskoðunarstjóri telji slíka mælingu algerlega ástæðulausa.

Nú er skip mælt upp, og fer þá um útgáfu mælibréfs eftir 9. gr.

11. gr.

Skipaskoðunarstjóri getur, hvenær sem honum þykir ástæða til, látið mæla skip. Nú kemur það fram, að breytingar, er í þessu efni skipta máli, hafa orðið á skipi, síðan það var mælt, og ekki hefur verið sagt til þeirra, og skal mæling þá fara fram á kostnað eiganda skips. Annars kostar fer mæling fram á kostnað ríkissjóðs. Ef breytingar samkvæmt framanskráðu hafa orðið, fer um útgáfu mælibréfs eftir 9. gr.

12. gr.

Nú er skip smíðað hér, eða því er breytt, fyrir erlendan aðila, og má þá mæla það hér og gefa út mælibréf. Svo má og mæla hér hvert erlent skip eftir beiðni hlutaðeigandi ríkisstjórnar og gefa út mælibréf, enda sé henni þegar sent eftirrit af því ásamt mælingarskýrslum.

Skip erlendra aðila skal eigi mæla, er þau koma hingað, ef þau eru úr ríki, sem bundið er við Oslóarsamninginn 10. júní 1947 og mæld hafa verið samkvæmt Genfarsamþykkt 30. júní 1939. Sama er um skip úr öðru ríki, ef Ísland er samningi bundið um viðurkenningu mælibréfa, sem þar hafa verið gefin út. En rétt er þó að líta eftir því, skipi að kostnaðarlausu, að nettórúmlestatal það, sem merkt er á skip, svari til þeirrar nettórúmlestatölu, sem mælibréf greinir, og að skipi hafi ekki verið breytt svo að máli skipti í þessu sambandi, eftir útgáfu mælibréfs. Nú verður það leitt í ljós, að öðruvísi er háttað að þessu leyti en í mælibréfi segir, og skal þá tafarlaust skýra skipamælingayfirvöldum þess ríkis frá því.

13. gr.

Nú verða eigendaskipti að skipi, og það skal skrá í öðru ríki, og skal þá senda mælingayfirvöldum þess ríkis eftirrit af mælibréfi, ef það ríki er bundið við Oslóarsamninginn 10. júní 1947 eða samningar standa annars til þess, ásamt mælingarskýrslum.

14. gr.

Nú er skip smíðað erlendis fyrir íslenzkan aðila eða því breytt, sbr. 7. gr., eða íslenzkur aðili verður eigandi erlends skips, og ber þá að mæla það hér áður en mælibréf er gefið, nema það ríki, sem mælt hefur skipið og gefið því mælibréf, sé í Oslóarsamningnum frá 10. júní 1947. Skal þá íslenzka mælibréfið gefið út samkvæmt því, nema sérstakar ástæður séu fyrir hendi til þess að mæla skipið upp af nýju.

15. gr.

Skip, sem mæld hafa verið samkvæmt reglum Genfarsamþykktar 30. júní 1939, sbr. Oslóarsamninginn 10. júní 1947, skulu fá svonefnt „alþjóðlegt mælibréf samkvæmt Oslóarsamningi 10. júní 1947“ („International Tonnage Certificate in accordance with Convention of June tenth 1947“), og skal gefa þau út bæði á íslenzku og ensku.

Sama rétt sem alþjóðlegt mælibréf veitir mælibréf, sem grundvallað er á hinni svonefndu „ensku aðferð“, og gefið er út í því landi, sem skip á heima í, áður en Oslóarsamningurinn kom til framkvæmdar, enda sé það land aðili að þeim samningi.

Gerð og efni mælibréfa skal vera samkvæmt fyrirmynd, sem fylgir Oslóarsamningnum, 5. gr. hans.

16. gr.

Skipasmið, eiganda og skipstjóra er skylt að liðsinna skipamælingamönnum og létta þeim starf þeirra og ryðja úr vegi öllu, er tálma kann því, eftir föngum.

17. gr.

Gjöld í ríkissjóð fyrir allar mælingar skipa samkvæmt lögum þessum, dagpeninga og ferðakostnað mælingamanna ábyrgist eigandi skips og skipstjóri, ef hann skal beiðast mælingar. Ráðherra setur eftir tillögum skipaskoðunarstjóra gjaldskrá um mælingagjald og dagpeninga og úrskurðar ferðakostnaðarreikninga mælingamanna, ef þörf gerist. Gjöld, dagpeningar og ferðakostnaður eru tryggð með lögveði í skipi með sama hætti sem hafnsögumannskaup.

18. gr.

Brot skipasmiða, eiganda eða fyrirsvarsmanna hans og skipstjóra á skyldum þeim, sem þeim á hendur eru mæltar í lögum þessum, varða sektum í ríkissjóð frá 100—10000 kr., nema þyngri refsing liggi við að lögum.

19. gr.

Skip, sem mæld hafa verið eftir hinni svonefndu ensku aðferð áður en lög þessi ganga í gildi, þarf eigi að mæla á ný, að öllu óbreyttu, er máli skiptir um rúmlestatölu þeirra, og njóta þau þá þeirra réttinda, sem alþjóðleg mælibréf veita, sbr. 15. gr. Önnur skip þarf að mæla upp og gefa síðan þeim til handa alþjóðlegt mælibréf.

20. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi. Frá sama tíma er úr lögum numin tilskipun frá 25. júní 1869 um skipamælingar, svo og önnur ákvæði í lögum, er fara í bága við þessi lög.

Nd. 539. Breytingartillaga [141. mál]

við frv. til l. um iðnfræðslu.

Frá meiri hl. iðnaðarnefndar.

Við 3. gr. Í stað „tilnefndir af iðnsveinaráði Alþýðusambands Íslands“ komi: tilnefndir af Alþýðusambandi Íslands, að fengnum tillögum iðnsveinaráðs þess.

Ed. 540. Frumvarp til laga [4. mál]

um hvalveiðar.

(Eftir 2. umr. í Ed.)

1. gr.

Rétt til að stunda hvalveiðar í íslenzkri landhelgi og til að landa hvalafla, þótt utan landhelgi sé veitt, svo og til að verka slíkan afla, hafa þeir einir, er fengið hafa til þess leyfi atvinnumálaráðuneytisins. Slík leyfi má aðeins veita íslenzkum ríkisborgurum, enda hafi þeir verið búsettir hér á landi í 1 ár að minnsta kosti. Áður en leyfi er veitt, skal ráðherra leita umsagnar Fiskifélags Íslands og Atvinnudeildar háskólans (fiskideildar). Ef báðar þessar stofnanir telja, að gengið sé of nærri hvalastofninum með nýjum veiðileyfum, skal umsókn synjað.

Ef um félag er að ræða, skal meira en helmingur hlutafjárins vera í eigu manna, sem uppfylla skilyrði fyrstu málsgreinar þessarar greinar, enda sé stjórn félagsins skipuð slíkum mönnum, er eigi heimilisfang og varnarþing á Íslandi.

Leyfishafi skal á hverjum tíma veita allar þær upplýsingar um starfsemi sína og starfsháttu, sem atvinnumálaráðuneytið telur nauðsynlegar.

2. gr.

Erlend skip má ekki nota til hvalveiða nema með leyfi atvinnumálaráðherra. Skulu slík leyfi eigi veitt til lengri tíma en eins árs í senn. Eigi skal þetta þó skerða þau leyfi, sem þegar hafa verið veitt.

3. gr.

Óheimilt er að veiða

a. hvalkálfa og hvali, sem kálfar fylgja;
b. tilteknar tegundir hvala og hvali undir tiltekinni lágmarksstærð, eftir því sem atvinnumálaráðuneytið ákveður nánar í reglugerð með hliðsjón af alþjóðasamningum um hvalveiðar, sem Ísland er eða kann að gerast aðili að.

4. gr.

Með reglugerð getur atvinnumálaráðuneytið

a. bannað hvalveiðar á tilteknum svæðum;
b. takmarkað veiðar við ákveðinn tíma árs;
c. takmarkað heildarveiðimagn, veiðimagn ákveðins fyrirtækis, leiðangurs eða landstöðvar;
d. takmarkað veiðiútbúnað;
e. bannað íslenzkum ríkisborgurum og þeim, sem heimilisfang eiga á Íslandi, að taka þátt í hvalveiðum, sem ekki eru háðar jafnströngum fyrirmælum og þeim, sem á Íslandi gilda, og
f. sett hvers konar önnur ákvæði, sem talin eru nauðsynleg vegna þátttöku Íslands í alþjóðasamningum um hvalveiðar.

5. gr.

Verkun hvalafla má einungis fara fram á þeim stöðum, sem atvinnumálaráðuneytið samþykkir. Ráðuneytið setur nánari fyrirmæli um fyrirkomulag verkunarinnar, þannig, að af henni hljótist sem minnst ónæði fyrir aðra. Jafnframt skulu sett fyrirmæli um nýtingu hvals til fullnustu.

6. gr.

Atvinnumálaráðuneytið setur reglur um eftirlit með hvalveiðum samkvæmt lögum þessum, og skal þar gert ráð fyrir, að skipaðir verði opinberir eftirlitsmenn, er laun taki úr ríkissjóði.

Jafnframt skal ákveða gjald fyrir leyfi samkvæmt 1. gr. laga þessara til að standast kostnaðinn af eftirlitinu.

7. gr.

Útgerðarmaður hvalveiðiskips ber ábyrgð á því, að ekki sé brotið í bága við lög þessi með notkun skipsins.

8. gr.

Atvinnumálaráðuneytið getur gefið sérstakt leyfi til hvalveiða í vísindalegu augnamiði. Leyfið skal háð þeim skilyrðum, sem ráðuneytið ákveður, og þarf þá ekki að fylgja fyrirmælum laga þessara.

9. gr.

Ráðningarkjör hvalveiðimanna skulu ákveðin þannig, að tekjur byggist að miklu leyti á tegund, stærð og verðmæti veiddra hvala, en ekki einungis á fjölda þeirra.

Engin laun má greiða fyrir ólöglega hvalveiði, jafnvel þótt fullnægjandi ástæður séu færðar fyrir veiði hvalsins.

10. gr.

Brot gegn lögum þessum varða sektum, frá 10000—100000 kr., og fangelsi allt að 6 mánuðum. Sömu refsingu skal sá sæta, sem sekur er um hlutdeild í slíku broti. Ólöglegur afli og veiðarfæri skulu upptæk.

Á skipinu skal hvíla lögveð til tryggingar greiðslu á sektum og kostnaði.

11. gr.

Mál út af brotum gegn lögum þessum skulu sæta meðferð opinberra mála.

12. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi. Jafnframt falla úr gildi lög nr. 72 7. maí 1928, um hvalveiðar, og lög nr. 6 6. marz 1896, um hvalleifar.

Nd. 541. Frumvarp til laga [148. mál]

um breyting á lögum nr. 20 20. maí 1942, um breyting á lögum nr. 6 9. jan. 1935, um tekjuskatt og eignarskatt.

(Eftir 2. umr. í Nd.)

1. gr.

Aftan við fyrri málsgr. c-liðar 14. gr. laganna bætist nýr málsliður:

Enn fremur er þeim bátaútvegsmönnum, sem í árslok 1948 áttu í nýbyggingarsjóði lægri fjárhæð en kr. 25000.00 á skip, eða hafa á síðustu tveim árum tapað meiru á útgerðinni en svarar innieign þeirra í sjóðnum, heimilt að taka eign sína úr nýbyggingarsjóði og nota sem rekstrarfé.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Sþ. 542. Tillaga til þingsályktunar [187. mál]

um þjóðvörð.

Flm.: Jónas Jónsson.

Alþingi ályktar að skora á ríkisstjórnina að undirbúa og leggja fyrir næsta Alþingi frv. til laga um sjólögreglu og þjóðvörð.

Greinargerð.

Síðan tillaga um 3000 manna ólaunað þjóðvarðarlið kom fram á Alþingi hafa Danir og Norðmenn komið á fót löggæzluliði sama eðlis, 130—140 þús. manns í hvoru landinu. Þykir þessum frændþjóðum sjálfsagt, eins og heimsmálunum er nú háttað, að hafa þennan viðauka til eflingar hinni venjulegu lögreglu í landinu. Hér á landi hafa þessi mál verið vanrækt, af því að öldum saman hefur þjóðin hlýtt lögum án

þess, að um valdbeitingu væri að ræða. Meðan löghlýðni manna í landinu var svo mikil, að sveitabóndi, sem fann húsbóndalausan hest á förnum vegi með kistum fullum af enskum gullpeningum, lét það vera sitt fyrsta verk að leita að eigandanum til að selja í hans hendur hestinn og gullið, var lítil þörf fyrir gæzlulið til verndar lögum landsins. Önnur dæmi, jafnóvenjuleg í stærri löndum, herma frá því, þegar íslenzkir menn með hegningardóma komu einir og án gæzlu úr fjarlægum héruðum til að afplána hegningu sína í fangahúsinu í Reykjavík. Við breytta atvinnuhætti og lífskjör í landinu er aðstaða í þessu efni orðin ólík því, sem áður var. Nú verður ekki hjá því komizt að hafa í landinu löggæzlulið, sem getur haldið hinum öflugustu lögbrjótum í skefjum. Jafnvel í hinum friðsömu og allt of fábyggðu sveitum landsins er þörf aukinnar löggæzlu. Það er að kalla má segin saga, að um leið og akvegur er kominn að samkomuhúsi í einhverri sveit, byrjar aðkominn ölvaður óþjóðalýður að heimsækja gleðisamkomur fólksins í byggðinni. Reyna þessir óboðnu gestir jöfnum höndum að selja vín sér til tekjubóta og leggja samkomuna undir sig með ofsa og ofbeldi. Kemur oft til áfloga og barsmíða, einkum um aðstöðu karlmannanna til að fá dömuaðstoð við dansinn. Þarf ekki að hafa mörg orð um, hve fjandsamlegt það er allri þjóðmenningu að hafa slíkar samkomur sem helzta mannfagnað í sveitum landsins. Næst koma vinnudeilur, sem oft eru háðar utan við lög og rétt. Í Danmörku og Englandi hafa verklýðsleiðtogar eins og Stauning og Attlee hvað eftir annað beitt lögreglu og það jafnvel vopnaðri lögreglu til að verja þjóðina fyrir þjóðhættulegum árásum í sambandi við vinnudeilur. Stauning lét ekki verkföll ná svo langt, að með þeim mætti hindra útflutning þeirrar vöru, sem þjóðin lifði af. Attlee hefur hvað eftir annað látið hermenn flytja matvæli í borgarhluta í London, þar sem fólk náði ekki að kaupa lífsbjörg fyrir ófyrirleitnum verkfallsleiðtogum. Með þeim svip, sem nú er kominn á þjóðlífið fyrir atbeina byltingaflokks undir erlendri yfirstjórn, má búast við, að í æstum vinnudeilum hér á landi þurfi að hafa fjölmennt gæzlulið til að gæta vatns-, hita- og rafveitnanna í Reykjavík fyrir skemmdarverkastarfsemi. Þá er nú svo komið, að tilraunir hafa verið gerðar til að kúga borgarstjórann í Reykjavík, ríkisstjórnina og Alþingi með skrílsofsóknum til að breyta um stefnu í þjóðmálum. Má þakka heppilegri tilviljun fremur en forsjá lögbrjótanna, að ekki hafa hlotizt mannvíg af þessum glæpsamlegu tiltektum.

Með þátttöku í bandalagi Atlantshafsþjóðanna hafa Íslendingar tryggt sig gegn óvæntri innrás landræningja, en þar var mesta veila hins unga lýðveldis. Næst er að tryggja borgfriðinn í landinu sjálfu. Til þess þarf allt að þrjú þúsund manna öryggislögreglu eða þjóðvörð. Sá liðsafli verður að vinna að mestu leyti eða öllu án launa, eins og almennt brunalið gerir nú í þéttbýli. Æfingar þessara manna væru í einu heilsusamleg áreynsla að mestu undir beru lofti og þegnskapur til að tryggja frelsi og menningu í landinu. Ríkið hefur um alllanga stund lagt mikla skatta á landsfólkið til að afla fjár, sem notað hefur verið til að byggja skóla, leikvelli, sundlaugar og íþróttahús handa æskumönnum landsins. Þessi aðstaða hefur verið notuð með kostgæfni af þúsundum ungmenna, og má á margan hátt sjá mikinn ávöxt og ánægjulegan af þessum framkvæmdum. Telja má fullvíst, að hinir ungu, þjóðlegu íþróttamenn landsins, bæði í bæ og byggð, muni taka vel, ef tilmæli koma frá þingi og stjórn um þegnskaparfórn frá þeirra hálfu til að tryggja menningarlíf í landinu með löggæzlu, sem væri svo öflug, að forkólfar skrílmennskunnar sæju þann kost vænstan að slíðra sverð ofbeldisins og hlýða lögum landsins eins og annað íslenzkt fólk.

Einn er sá þáttur íslenzkra lögreglumála, sem mjög hefur verið vanræktur. Pálmi Loftsson forstjóri undirbjó fyrir nokkrum árum frv. um sjólögreglu. Vildi forstjórinn, að á varðskipum og gæzlubátum landsins væri vel undirbúið gæzlulið með ekki minni æfingu og starfskunnáttu en lögregla höfuðstaðarins. Var þetta fyrst og fremst sjálfsagt vegna landhelgisgæzlunnar. Er hin mesta fjarstæða að ráða undirmenn til löggæzlu á sjó með jafnlauslegum samningi eins og þegar starfslið

er fengið til að grafa fyrir húsgrunni. En auk þess mátti sýnilega nota sjólögregluna sem foringjalið í fjölmennum þjóðverði. Þegar þetta mál var borið fram í þinginu, lögðust tilteknir leiðtogar verkalýðsins fastlega móti þessari framkvæmd, af því að þeir voru á því þekkingarstigi að gera ráð fyrir, að verkamannastéttin hefði gott af því að geta beitt ofbeldi í máttlausu þjóðfélagi. Nú munu allir nema viðurkenndir ofbeldismenn hafa fallið frá þessari úreltu skoðun.

Nátengt þjóðverðinum er ástand hegningarmálanna. Í tvo mannsaldra hefur að kalla má ekkert verið gert til úrbóta í fangelsismálum nema stofnun vinnuhælisins á Litla-Hrauni. Þar var ekki aðeins aukið húsrúm vegna dæmdra manna, heldur gerð í framkvæmd sú höfuðbreyting að láta fangana vinna venjuleg framleiðslustörf, meðan þeir afplánuðu hegninguna. Vinna undir beru lofti eða í verkstæði að vetrinum hefur reynzt mikill betrunarþáttur í lífi fanganna. Má fullyrða, að sú tilbreytni átti vel við skapgerð Íslendinga, sem una illa innilokun og iðjuleysi. En nú er Litla-Hraun allt of lítið til að mæta þörfinni. Er hin mesta nauðsyn að stækka það og auk þess að reisa nýtt vinnufangelsi fyrir spillta unglingspilta. Væri Ólafsdalur tilvalið heimili fyrir slíka brotamenn. Er sýnilega fullkominn voði að hafa í Reykjavíkurbæ einum saman fjölmarga unglinga, sem stela margsinnis í hverri viku eða kasta stolnu dynamiti þar, sem umferðin er mest í bænum. Fráleit er sú hugsun að senda þessa spilltu unglinga þéttbýlisins á hin fámennu sveitaheimili til betrunar. Að vísu er þar oft um virkilega betrunaraðstöðu að ræða, en það er lítil kurteisi við sveitaheimilin, sem líða sára nauð sökum hins sjúka aðstreymis til bæjanna, að senda þangað sem húshjálp spilltustu unglingana úr þéttbýlinu. Þó að það sé erfitt, verður að skapa nægilega góð og fullkomin vinnufangelsi til að ala upp og bæta alla þá unglinga úr þéttbýlinu, sem foreldrar og forráðamenn geta ekki haldið frá glæpastarfsemi. Nátengd þessu er hin ótrúlega vanræksla Reykjavíkurbæjar að hafa ekki fyrir löngu reist hér fangelsi til afnota við dagleg störf lögreglunnar í bænum.

Þjóðvörður Dana og Norðmanna er myndaður til að halda í skefjum fimmtu herdeild þeirra þjóða, hvort heldur sem kemur til uppreisnar á friðartímum eða fimmta herdeildin gerir það, sem hún hefur nú lofað opinberlega, að hjálpa bolsivikum, ef þeir gera vopnaða innrás í löndin. Eru Norðmenn langminnugir þess, hversu kvislingar störfuðu eftir fyrirframgerðri áætlun með innrásarliði Hitlers. Fær þjóðvörður þessara landa þess vegna allmikla hernaðarlega þjálfun. Þess mundi ekki þurfa hér á landi. Sjólögregla og þjóðvörður eiga að hjálpa stjórn landsins og öðrum starfsmönnum ríkisvaldsins til að halda í heiðri íslenzkum lögum í landhelginni og hvarvetna í landinu, þegar í ljós kæmi, að glæpsamlegt framferði fleiri eða færri af þegnum landsins stofnaði öryggi þjóðfélagsins í hættu. Í sveitunum ætti þjóðvarðardeild hverrar byggðar að venja skrílmenni, sem sækja samkomur í dreifbýlinu, af þess háttar heimsóknum. Ef gæzlumenn á þessum samkomum settu hina ölóðu friðarspilla í sterka ullarballa og legðu þá hlið við hlið hjá fundarhúsinu til svefns og náða meðan af þeim rennur berserksgangurinn, mundu allar óvæntar heimsóknir til slíkra staða leggjast niður. Lögbrot og upphlaup skríls, hvort heldur er í borg eða byggð, stafa ætíð af því, að mannfélagið hefur vanrækt varnir sínar, og er þar oftast um að kenna skorti á skapfestu og skörungsskap hjá þeim, sem hafa forstöðu um málefni almennings.

Árás kommúnista á þinghúsið 30. marz s. l. í því skyni að kúga alþingismenn frá að gera skyldu sína og fylgja sannfæringu sinni sýnir ótvírætt, að ekki verður hjá því komizt á næstu mánuðum að koma á fót nægilega öflugum ólaunuðum þjóðverði. Reynsla lögreglunnar í þeim viðskiptum sannar, að í stimpingum við íslenzkan skríl á að nota til hins ýtrasta gas og vatn, en beita ekki bareflum eða vopnum nema líf liggi við. Í þessum átökum beið lögreglan lengur en vera þurfti með að beita gasinu, af því að öllum almenningi hættir til að mæla bót óeirðamönnum, þar til þeir hafa stórlega og sannanlega brotið af sér. En eftir framkomu bæjarskrílsins þennan dag er engin þörf að bíða, eins og þá var gert. Framvegis

ætti t. d. á gamlaárskvöld í Reykjavík að sundra spellvirkjahópunum með táragasi, um leið og þeir hefja ólæti. Erlendis er alsiða að beita brunaliðinu undir þeim kringumstæðum og hreinsa heilar götur af lögbrotalýð með öflugum vatnsskotum. Spellvirkjar eiga hvarvetna í landinu og hvenær sem er að falla óhelgir á verkum sínum. Þrjú þúsund manna launalaus þjóðvörður á að vera næsta öryggisframkvæmd Íslendinga eftir samþykkt Atlantshafssáttmálans.

Ed. 543. Lög [115. mál]

Iðnfulltrúar skulu, eftir ráðstöfun iðnfræðsluráðs, hafa í höndum eyðublöð undir námssamninga og afhenda þau ókeypis.

Iðnfræðsluráð skal halda skrá yfir þá námssamninga, sem í gildi eru á hverjum tíma, og eiga iðnaðarmenn og aðrir rétt á að fá upplýsingar um þá, ef óskað er.

12. gr.

Námstími skal vera svo langur sem í reglugerð segir. Nú hefur nemandi áður stundað nám í verklegum skóla eða námskeiði, og skal iðnfræðsluráð þá ákveða, hversu námstími styttist.

Hafi nemandi áður stundað nám hjá öðrum meistara, en slitið námssamningi við hann á löglegan hátt, skal sá tími, er hann vann hjá honum, dragast frá fullum námstíma hjá hinum síðari. Rísi ágreiningur um það, hvort námssamningi hafi verið slitið á löglegan hátt, ákveður iðnfræðsluráð, að hve miklu leyti sá tími, er nemandi hefur stundað nám, skuli dragast frá fullum námstíma hjá öðrum.

13. gr.

Þegar námstíminn er á enda, skal nemandinn hjálparlaust leysa af hendi prófsmíð eða inna af hendi eitthvert það verk, er sýni, að hann sé fullnuma í iðn sinni. Prófdómendur ákveða í samráði við meistara, hver prófverk skuli vera. Standist nemandi prófið, ber að gefa út handa honum prófskírteini, er sé undirritað af meistara hans og prófdómendum svo og hlutaðeigandi skólastjóra og lögreglustjóra, og heitir það prófskírteini sveinsbréf.

Nú hefur nemandi ekki staðizt próf það, sem um ræðir í 1. málsgr., og skal hann þá eiga rétt á að ganga undir það á ný, þegar það er næst haldið í iðngreininni, enda sé hann sjálfráður um það, hvar og á hvern hátt hann heldur náminu áfram. Enginn nemandi getur þó átt rétt til að ganga undir próf í sömu iðngrein oftar en þrisvar sinnum.

14. gr.

Heimilt er iðnfræðsluráði að ákveða lágmarkskaup nemenda með hliðsjón af gildandi kjarasamningum í hverri iðngrein og á hverjum stað. Heimilt er að breyta kaupákvörðunum, meðan á samningstíma stendur, ef kaupbreytingar verða í iðninni. Leita skal álits hlutaðeigandi iðngreina, áður en slíkar ákvarðanir eru teknar.

15. gr.

Daglegur vinnutími nemenda skal vera hinn sami sem sveina á hlutaðeigandi vinnustöð, sbr. þó 23. gr.

Nemendum er ekki skylt að inna af höndum eftirvinnu eða helgidagavinnu, og ekki má fá þeim neina vinnu, sem þeim er um megn eða skaðleg getur talizt heilsu þeirra.

16. gr.

Sumarleyfi iðnnema skal vera 12 dagar virkir með fullu kaupi.

17. gr.

Skylt er meistara eða iðnfyrirtæki að greiða iðgjöld fyrir nemendur sína samkvæmt gildandi lögum um almannatryggingar.

Í veikindaforföllum skal nemandi fá fullt kaup í allt að 6 mánuði samtals yfir allan námstímann.

18. gr.

Nú hefur nemandi verið veikur meira en 6 mánuði samtals á námstímanum, og getur þá iðnfræðsluráð ákveðið, að námstíminn skuli framlengjast um hæfilegan tíma.

19. gr.

Meistari skal veita nemanda sínum kennslu í iðngreininni og sjá svo um, að hann hafi að námstíma loknum hlotið hæfilega æfingu í öllum þeim störfum, er iðngreinin tekur til venjum samkvæmt, og hafi lært meðferð, hirðingu og beitingu allra áhalda, er tíðkuð eru í iðngreininni.

Iðnfræðsluráð getur sett námsreglur fyrir hverja iðngrein, að fengnum tillögum hlutaðeigandi iðngreina, þar sem sagt sé fyrir um störf þau, er nemendur skulu hljóta æfingu í á hverju ári námstímans. Það getur fyrirskipað, að færðar skuli vinnuskýrslur fyrir nemendur, þar sem í er skráð, hvaða verk þeir stundi daglega og hve lengi á dag. Skulu slíkar vinnuskýrslur gerðar eftir fyrirmynd, er iðnfræðsluráð samþykkir. Enn fremur skal iðnfræðsluráð gefa út eyðublöð undir missirislega umsögn meistarans um skólavist nemenda, hæfni þeirra, iðni og hegðun.

20. gr.

Iðnfulltrúar skulu hafa eftirlit með kennslunni, koma á vinnustöðvarnar, er nemendur eru að verki, skoða vinnuskýrslur að minnsta kosti árlega og árita þær þar um. Hafi nemandi að þeirra dómi ekki hlotið fullnægjandi fræðslu eða æfingu, miðað við það, sem á er liðið námstímann, geta þeir lagt fyrir meistarann að bæta úr því innan ákveðins tíma.

Skjóta má ákvörðun iðnfulltrúa undir iðnfræðsluráð.

Iðnfulltrúar kveðja prófnefndir sér til aðstoðar við eftirlit samkvæmt þessari grein, eftir því sem fyrir er mælt í reglugerð.

21. gr.

Nemendur skulu ganga til þeirra starfa, er þeim er skipað til, sbr. þó 15. gr. Þeir skulu sýna ástundunarsemi og trúmennsku við starfið.

22. gr.

Nú stendur yfir verkfall eða verkbann á vinnustöð þeirri, er nemandi stundar nám sitt á, og skal hann þá ekki taka þátt í framleiðslustörfum á meðan. Aftur á móti er nemanda skylt að mæta til æfinga og meðferðar véla og verkfæra á vinnustöð, þar sem því verður við komið.

Nú stendur vinnudeila svo lengi, að telja má, að nemandi missi verulega í verklegu námi hennar vegna, og getur þá iðnfræðsluráð ákveðið að framlengja námssamninginn um hæfilegan tíma.

23. gr.

Meistari og iðnfyrirtæki skulu láta nemendur ganga í iðnskóla og greiða fyrir þá skólagjöld, pappír, bækur og áhöld, sem námið útheimtir. Um skólanámið fer svo sem lög og reglur um iðnskóla segja til um.

Meðan skólavist stendur, skal vinnutími nemanda á vinnustöð vera 12 stundum styttri á viku en vinnutími sveina. Nú fer kennslan fram í dagskóla með fullum kennslustundum, og heldur þá nemandi kaupi sínu, en mætir ekki til vinnu.

24. gr.

Iðnfræðsluráð getur veitt undanþágu frá skólanámi:

1. Hafi nemandi þegar lokið iðnskólaprófi eða prófi við annan skóla, sem ekki hefur veitt minni fræðslu í neinni grein en heimtuð er til burtfararprófs úr iðnskóla.

2. Hafi meistari séð nemanda fyrir annarri kennslu, fullgildri að dómi iðnfræðsluráðs, enda ljúki hann fullnaðarprófi frá iðnskóla.

25. gr.

1. Fyrstu 3 mánuðir samningstímans skoðast sem reynslutími. Hvenær sem er á reynslutímanum getur hvor samningsaðila um sig slitið námssamningi án þess að tilgreina ástæður.
2. Meistari eða iðnfyrirtæki getur slitið námssamningi:
   a. Ef nemandi vanrækir nám sitt, verklegt eða bóklegt, eða gerir sig sekan um brot gegn öðrum samningsskyldum sínum.
   b. Hafi nemandi verið 6 mánuði samfleytt frá verki sakir sjúkleika síns.
   c. Ef nemandi að áliti embættislæknis hefur ekki heilsu til að stunda iðnina.
3. Nemandi getur slitið námssamningi:
   a. Ef komið er ósæmilega fram við hann á vinnustöð.
   b. Ef meistari eða iðnfyrirtæki brýtur samningsskyldur sínar.
   c. Ef meistari eða iðnfyrirtæki verður gjaldþrota eða hættir að reka iðn sína af öðrum ástæðum.
   d. Ef nemandi sakir sjúkdóms eða annarra orsaka verður óhæfur til þess að geta unnið að iðninni, eða ef það að áliti embættislæknis er hættulegt fyrir líf hans eða heilsu að stunda iðnina.
   e. Ef námsstúlka giftist.
4. Nú er svo ástatt, sem í 3. a.—b. greinir, og nemandi slítur ekki samningi, og geta þá iðnfulltrúar slitið samningi, að undangenginni rannsókn. Skjóta má þó ákvörðun iðnfulltrúa til iðnfræðsluráðs.
5. Aðilum er heimilt að slíta námssamningi, ef þeir koma sér saman um það.

Jafnan er námssamningi er slitið, skal það tilkynnt iðnfulltrúum.

26. gr.

Nemandi á rétt á skaðabótum, ef námssamningi er slitið af þeim orsökum, er greinir í 25. gr. 3. a.—c.

Skaðabótakröfur þessar skulu vera forgangskröfur í bú hlutaðeigandi meistara eða iðnfyrirtækis, og fer um þær samkvæmt 83. gr. laga nr. 3 12. apríl 1878, eins og vinnulaunakröfur væru, þær er þar koma til greina.

27. gr.

Ágreiningur milli nemanda og meistara eða iðnfyrirtækis út af námssamningi skal koma í gerð, nema aðilar komi sér saman um annað.

Í gerðardómi skal sitja lögreglustjóri, þar sem námið fer fram, og er hann oddviti, og tveir menn aðrir, sinn tilnefndur af hvorum málsaðila.

Nú vill einhver beiðast gerðar, og skal hann þá snúa sér til oddvita, og ákveður hann síðan gerðarfund og kveður báða málsaðila til að sækja þann fund ásamt gerðarmönnum þeirra, með 8 daga fyrirvara í mesta lagi. Skal á þeim fundi leggja úrskurð á málið, og ræður afl atkvæða úrslitum. Heimilt er oddvita að fresta fundi, þó ekki oftan en þrisvar sinnum og ekki lengur en 8 daga í hvert skipti, enda hafi gerðarmaður tjáð honum lögleg forföll eða oddvita þykir nauðsyn bera til, til þess að réttur úrskurður verði á lagður. Nú sækir annar hvor gerðarmanna ekki fund og hefur ekki tjáð lögleg forföll, og getur þá oddviti og hinn gerðarmaðurinn lagt fullnaðarúrskurð á málið.

Gerðardómur á úrskurð um slit námssamninga og dæmir skaðabætur.

Úrskurður gerðardóms skal vera aðfararhæfur.

Úrskurði gerðardóms má þó áfrýja til dómstóla, og skal áfrýjunarfrestur til héraðsdóms vera 30 dagar frá birtingu úrskurðarins.

28. gr.

Það varðar sektum að:

1. Taka nemanda til náms gagnstætt ákvæðum laga þessara.
2. Brjóta gegn ákvæðum laga þessara um daglegan vinnutíma nemanda.
3. Vanrækja að láta nemanda stunda skólanám.
4. Koma ósæmilega fram við nemanda.
5. Óhlýðnast fyrirmælum iðnfulltrúa eða iðnfræðsluráðs um kennslu nemanda.

Sektir skulu renna í ríkissjóð.

Mál út af brotum þessum skulu rekin sem almenn lögreglumál.

29. gr.

Kostnaður við starf iðnfræðsluráðs, iðnfulltrúa og prófnefnda greiðist úr ríkissjóði.

Í reglugerð skulu ákveðin prófgjöld. Þau renna í ríkissjóð.

30. gr.

Ráðherra gefur út reglugerðir þær, sem gert er ráð fyrir í lögum þessum, að fengnum tillögum iðnfræðsluráðs.

31. gr.

Með lögum þessum eru numin úr gildi lög nr. 100 11. júní 1938, um iðnaðarnám, og lög nr. 43 12. febr. 1940, um viðauka við og breytingar á lögum nr. 100/1938, um iðnaðarnám, þegar lokið er öllum námssamningum, er gerðir hafa verið eftir þeim.

32. gr.

Lög þessi taka aðeins til þeirra námssamninga, sem gerðir eru eftir að þau hafa öðlazt gildi.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1950.

Ed. 566. Frumvarp til laga [16. mál]

um áburðarverksmiðju.

(Eftir 2. umr. í Ed.)

1. gr.

Ríkisstjórninni er heimilt að láta reisa og reka verksmiðju með fullkomnum vélum og öðrum nauðsynlegum útbúnaði, til framleiðslu þessara áburðarefna:

ammoniaks, úr vatni og lofti,

ammonium-nitrats,

ammonium-fosfats.

Stærð verksmiðjunnar skal miðuð við það, að vinnslugeta hennar sé 5000—10000 smál. ársframleiðsla af köfnunarefni að minnsta kosti, en framleiðslunni skal að öðru leyti hagað á þann hátt, er ódýrastan má telja, en þó hagkvæman fyrir íslenzka jarðrækt. Jafnframt skal höfð hliðsjón af almennri þörf landsins og notum fyrir þau hráefni, sem verksmiðjan framleiðir á ýmsum stigum áburðarvinnslunnar.

2. gr.

Ríkissjóður leggur fram fé til stofnunar áburðarverksmiðju samkvæmt ákvæðum fjárlaga, og er fé þetta óafturkræft. Ef fjárveitingar samkvæmt fjárlögum hrökkva ekki til stofnkostnaðar verksmiðjunnar, er verksmiðjustjórninni heimilt að taka það fé, sem á vantar, að láni innanlands eða utan með samþykki ríkisstjórnarinnar og ábyrgð ríkissjóðs. Áburðarverksmiðjan skal standa straum af vöxtum og afborgunum þessara lána.

3. gr.

Verksmiðjan er sjálfseignarstofnun, er lýtur sérstakri stjórn. Verksmiðjuna má hvorki selja né veðsetja, nema heimild sé veitt til þess af Alþingi.

4. gr.

Stjórn verksmiðjunnar skal skipuð þremur mönnum, sem kosnir skulu hlutfallskosningu í sameinuðu Alþingi til fjögurra ára í senn. Landbúnaðarráðherra skipar einn þeirra formann verksmiðjustjórnar. Ráðherra setur stjórninni erindisbréf og ákveður laun hennar. Verksmiðjustjórnin hefur á hendi stjórn verksmiðjunnar.

5. gr.

Stjórn verksmiðjunnar ákveður, að fengnu samþykki landbúnaðarráðherra, hvenær og hvar hún skuli reist. Skal það gert svo fljótt sem ástæður leyfa, en áður skal þó hafa fengizt trygging fyrir nægri raforku og nægilegu fé til greiðslu stofnkostnaðar.

6. gr.

Verksmiðjustjórnin ræður framkvæmdastjóra með verkfræðilegri menntun til þess að hafa á hendi daglega stjórn verksmiðjunnar og umsjón með rekstri hennar. Framkvæmdastjóri hefur prókúruumboð fyrir verksmiðjuna og ræður starfsfólk, en hlítir að öðru leyti ákvæðum erindisbréfs, sem verksmiðjustjórnin setur honum. Til þess að skuldbinda verksmiðjuna þarf undirskrift tveggja stjórnenda.

7. gr.

Endurskoðendur verksmiðjunnar eru tveir, skipaðir af landbúnaðarráðherra til tveggja ára í senn, og ákveður hann þóknun þeirra að fengnum tillögum verksmiðjustjórnar.

8. gr.

Áburðarsala ríkisins kaupir af verksmiðjunni áburð til notkunar innanlands fyrir kostnaðarverð, er verksmiðjustjórn áætlar og ákveður fyrir 1. marz ár hvert, að fengnu samþykki landbúnaðarráðherra. Í hinu áætlaða kostnaðarverði skal reikna með nauðsynlegum og lögákveðnum tillögum í fyrningarsjóð og varasjóð verksmiðjunnar.

Áburðarsala ríkisins skal í byrjun hvers árs láta verksmiðjustjórninni í té áætlun um áburðarmagn til innanlandsnotkunar það ár.

9. gr.

Áburðarverksmiðjan skal undanþegin öllum sköttum og opinberum gjöldum nema útsvari til sveitarsjóðs. Aldrei má leggja á hana hærra útsvar en nemi 1% af tekjuafgangi hennar.

10. gr.

Framlag áburðarverksmiðjunnar til fastra sjóða hennar skal vera á hverju ári sem hér segir:

a. Til fyrningarsjóðs 2½% af kostnaðarverði húsa, lóðar og annarra mannvirkja og 7½% af kostnaðarverði véla og annarra áhalda.
b. Til varasjóðs allt að 3% af kostnaðarverði framleiðslunnar.

11. gr.

Reikningsár verksmiðjunnar er almanaksárið. Skal stjórn hennar gera reikningsskil fyrir hvert starfsár svo fljótt sem auðið er og svo snemma, að endurskoðun geti farið fram fyrir lok aprílmánaðar ár hvert. Reikningar skulu sendir landbúnaðarráðherra þegar að lokinni endurskoðun undirritaðir af stjórn og framkvæmdastjóra og áritaðir af endurskoðendum. Reikningana skal birta árlega í B-deild Stjórnartíðinda.

12. gr.

Nánari ákvæði um rekstur og tilhögun verksmiðjunnar setur landbúnaðarráðherra með reglugerð, að fengnum tillögum verksmiðjustjórnarinnar.

13. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Ákvæði til bráðabirgða.

Kosning fyrstu verksmiðjustjórnar samkvæmt 4. gr. fer fram á þingi því, er setur lög þessi, og gildir til ársloka 1952.

Ed. 567. Breytingartillögur [138. mál]

við frv. til laga um eftirlit með rekstri ríkisins og ríkisstofnana.

Flm.: Sigurjón Á. Ólafsson og Guðmundur Í. Guðmundsson.

1. Við 2. gr. Greinin orðist svo:
   Fjármálaráðherra setur mann til forstöðu deildarinnar, er nefnist ráðsmaður ríkisins, og hefur hann sömu laun og skrifstofustjórar í stjórnarráðinu. Eftir tveggja ára reynslu í starfinu, getur forseti Íslands skipað hann í stöðuna, enda sé ríkisstjórnin sammála um, að svo verði gert.
2. Við 5. gr. Greinin orðist svo:
   Engin ríkisstofnun né starfsmaður ríkisins má ráða starfsfólk til fastra starfa við skrifstofuvinnu, iðnað, iðju, afgreiðslustörf eða önnur skyld verk, án þess að ráðsmaður hafi áður samþykkt, að maður skuli til starfans ráðinn, nema um sé að ræða iðnlært eða óiðnlært verkafólk, sem ráðið er til skemmri tíma en eins árs. Um veitingu starfa fer eftir þeim reglum, sem gilt hafa til þessa. Nú ræður forstöðumaður fólk til starfa án lögmæts samþykkis ráðsmanns, og getur viðkomandi ráðherra þá gert slíka ráðningu ógilda.
   Ef ágreiningur verður um starfssvið ráðsmanns samkvæmt ákvæðum þessarar greinar, sker ríkisstjórnin úr.

Ed. 568. Frumvarp til laga [13. mál]

um veitingu ríkisborgararéttar.

(Eftir 2. umr. í Ed.)

1. gr.

Ríkisborgararétt skulu öðlast:

1. Christensen, Rannveig Halldórsdóttir, frú í Reykjavík, fædd 18. júlí 1903 á Íslandi.
2. Gunnar Már Nehm Pétursson, skrifstofumaður í Reykjavík, fæddur 16. okt. 1919.
3. Grímur Hákonarson, bóndi í Auðsholti í Ölfusi, fæddur 1. sept. 1887 á Íslandi.
4. Hansen, Margrét Lund, nemandi, fædd 21. ágúst 1924 á Íslandi.
5. Henckell, María Bjarnadóttir, frú í Reykjavík, fædd 25. júní 1911 á Íslandi.
6. Hulda Laufey Sigurðardóttir, frú í Reykjavík, fædd 11. marz 1918 á Íslandi.
7. Jensen, Guðlaug Aðalheiður Benediktsdóttir, frú í Reykjavík, fædd 29. sept. 1913 á Íslandi.

8. Jón Ebenezersson Halldórsson, lögreglumaður í Reykjavík, fæddur 23. febr. 1919 á Íslandi.
9. Klingbeil, Kristín Guðmundsdóttir, frú í Reykjavík, fædd 30. júlí 1911 á Íslandi.
10. Münch, Helga Einarsdóttir, frú í Reykjavík, fædd 4. ágúst 1897 á Íslandi.
11. Nagel, Salome Þorleifsdóttir, frú í Reykjavík, fædd 19. ágúst 1897 á Íslandi.
12. Philip, Sigurlaug Guðmundsdóttir, frú, Reykjavík, fædd 24. febrúar 1919 á Íslandi.
13. Rasmussen, Birna Halldórsdóttir Melsted, frú, fædd 29. jan. 1910 á Íslandi.
14. Sigurður Sveinbjörnsson, trúboði í Reykjavík, fæddur 1. apríl 1875 á Íslandi.
15. Strand, Þórdís Einarsdóttir, frú í Reykjavík, fædd 3. sept. 1898 á Íslandi.
16. Susanna Þórðardóttir, frú, fædd 2. febr. 1913 á Íslandi.
17. Timmermann, Þóra Ingibjörg Bjarnadóttir, bókari í Reykjavík, fædd 28. apríl 1912 á Íslandi.

18. Bender, Carl Christian, verzlunarmaður í Reykjavík, fæddur 26. apríl 1880 í Danmörku.
19. Billich, Karl, pianóleikari í Reykjavík, fæddur 23. júlí 1911 í Austurríki.
20. Christensen, Gísli Halldór, verkamaður, fæddur 9. okt. 1929 í Danmörku.
21. Christensen, Sylvía María, ungfrú, fædd 15. febr. 1918 í Danmörku.
22. Christiansen, Erik, verkstjóri, fæddur 27. maí 1911 í Danmörku.
23. Eberhardt, Konstantin Alexander, iðnverkamaður í Reykjavík, fæddur 11. nóv. 1893 í Þýzkalandi.
24. Edelstein, Heinz Theodor, dr., tónlistarkennari í Reykjavík, fæddur 5. júní 1902 í Þýzkalandi.
25. Edelstein, Stefan Emanuel, námsmaður í Reykjavík, fæddur 28. desember 1931 í Þýzkalandi.
26. Edelstein, Wolfgang Michael, námsmaður í Reykjavík, fæddur 15. júní 1929 í Þýzkalandi.
27. Eikesdal, Bent, fyrrv. bóndi, Meiri-Hattardal, Álftafirði, fæddur 5. júlí 1875 í Noregi.
28. Farestveit, Einar Knutsen, verzlunarmaður í Reykjavík, fæddur 9. apríl 1911 í Noregi.
29. Felixson, Aaslaug, þjónustustúlka í Reykjavík, fædd 23. júlí 1901 í Noregi.
30. Gjoveraa, Joen Frederik Sofus, sjómaður í Neskaupstað, fæddur 14. des. 1890 í Færeyjum.
31. Goldstein, Peter Lothar, loftskeytamaður, fæddur 7. nóv. 1927 í Þýzkalandi.
32. Hagvaag, Analius Georg, vélamaður, fæddur 23. sept. 1907 í Noregi.
33. Hansen, Aage, landbúnaðarverkamaður, fæddur 25. des. 1919 í Danmörku.
34. Helland, Knut Ö., verzlunarmaður á Siglufirði, fæddur 6. nóvember 1914 í Noregi.
35. Jakobsen, Johan Viktor, verkamaður í Reykjavík, fæddur 15. júní 1878 í Svíþjóð.
36. Johannessen, Marie, verkakona, Háteigsvegi bragga 16 í Reykjavík, fædd 3. marz 1902 í Noregi.
37. Johansen, Aage Boyum, kafari á Siglufirði, fæddur 7. apríl 1914 í Danmörku.
38. Lindberg, Johan Vilhelm, umboðssali í Reykjavík, fæddur 11. júní 1882 í Danmörku.
39. Magnús Jón Ernst Magnússon, nemandi, fæddur 14. febr. 1935 í Þýzkalandi.
40. Meyer, Gerhard Paul Wilhelm, Álafossi, fæddur 15. september 1907 í Þýzkalandi.
41. Montanus, Gísli Ólafsson, nemandi, fæddur 16. okt. 1933 í Belgíu.
42. Ormslev, Gunnar, tannsmíðanemi, fæddur 22. marz 1928 í Danmörku.
43. Pedersen, Martin Schönning Kristian, rafsuðumaður á Raufarhöfn, fæddur 27. júní 1887 í Noregi.
44. Rasmussen, Olgeir Möller, nemandi, fæddur 15. júlí 1928 í Danmörku.
45. Stangeland, Arne, verzlunarmaður, Fáskrúðsfirði, fæddur 23. ágúst 1919 í Noregi.

46. Svensson, Karl Johan Heinrich, verzlunarmaður á Patreksfirði, fæddur 13. október 1912 í Þýzkalandi.
47. Urbantschitsch, Peter Paul Martin, námsmaður í Reykjavík, fæddur 4. júlí 1931 í Austurríki.
48. Urbantschitsch, Victor Ernest Johann, dr., tónlistarkennari í Reykjavík, fæddur 9. ágúst 1903 í Austurríki.
49. Versteeg, Nanna Nagtglas, ungfrú, fædd 9. marz 1930 á Java.

50. Albina, Maria, Hafnarfirði, fædd 7. maí 1887 í Þýzkalandi.
51. Barbara, Maria, Hafnarfirði, fædd 5. marz 1904 í Þýzkalandi.
52. Cyrilla, Maria, fædd 28. ágúst 1880 í Þýzkalandi.
53. Elise, Maria, Reykjavík, fædd 21. okt. 1902 í Þýzkalandi.
54. Emerentia, Maria, Reykjavík, fædd 4. apríl 1906 í Þýzkalandi.
55. Felicia, Maria, Hafnarfirði, fædd 20. júlí 1901 í Þýzkalandi.
56. Gabrielle, Maria, Reykjavik, fædd 24. júní 1904 í Þýzkalandi.
57. Julitta, Maria, Reykjavík, fædd 25. sept. 1896 í Póllandi.
58. Monika, Maria, Hafnarfirði, fædd 2. maí 1908 í Þýzkalandi.
59. Pouline, Anne, Reykjavík, fædd 17. febr. 1911 í Þýzkalandi.
60. Remberta, Maria, Hafnarfirði, fædd 22. sept. 1877 í Þýzkalandi.
61. Xaveria, Maria, Hafnarfirði, fædd 12. júlí 1896 í Þýzkalandi.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Ed. 569. Breytingartillaga [118. mál]

við brtt. á þskj. 550 [Raforkulög].

Frá Gísla Jónssyni og Steingrími Aðalsteinssyni.

Við brtt. 1. Aftan við fyrri málslið 4. töluliðar bætist: enda veitist fé til þess í fjárlögum, sbr. 33. gr. d.

Nd. 570. Frumvarp til laga [193. mál]

um breyting á lögum nr. 35 12. febr. 1940, um heilbrigðisnefndir og heilbrigðissamþykktir, og lögum nr. 44 23. júní 1932, um skipun læknishéraða.

Flm.: Gunnar Thoroddsen, Jóhann Hafstein, Sigfús Sigurhjartarson.

1. gr.

Á eftir 1. málsl. 1. gr. laga nr. 35 1940 komi nýr málsl., svo hljóðandi:
Í Reykjavík er borgarlæknir einnig sjálfkjörinn í nefndina.

2. gr.

Upphaf 6. gr. sömu laga orðist svo:
Í kaupstöðum utan Reykjavíkur skal bæjarstjórn o. s. frv.

3. gr.

a. Á eftir 1. málsgr. 6. gr. sömu laga komi ný (2.) málsgr., svo hljóðandi:
Í Reykjavík skipar bæjarstjórn, að fengnum tillögum heilbrigðisnefndar, borgarlækni, er sé embættisgengur læknir. Hann skal vera ráðunautur bæjar-

stjórnar í heilbrigðismálum, hafa með höndum eftirlit og daglegar framkvæmdir samkvæmt heilbrigðissamþykkt í heilbrigðismálum bæjarins, — öðrum en sóttvarnamálum samkv. lögum nr. 65 19. júní 1933 og lögum nr. 66 19. júní 1933 — og önnur þau störf, er bæjarstjórn kann að fela honum.

Borgarlæknir fær laun úr bæjarsjóði.

b. Önnur málsgr. verði þriðja málsgrein.

4. gr.

Fyrir „1000 kr.“ í 1. málsgr. 8. gr. sömu laga komi: 5000 kr.

5. gr.

Aftan við 1. málsgr. 4. gr. laga nr. 44 23. júní 1932 bætist: Í Reykjavík skal borgarlæknir hafa með höndum heilbrigðiseftirlit samkvæmt heilbrigðissamþykkt Reykjavíkur.

6. gr.

Ef ágreiningur verður um skiptingu starfa milli héraðslæknis og borgarlæknis í Reykjavík, sker heilbrigðisstjórnin úr.

7. gr.

Að því leyti sem ákvæði laga þessara fela í sér breytingu á starfssviði héraðslæknis í Reykjavík, koma þau til framkvæmda, þegar núverandi héraðslæknir lætur af embætti. Að öðru leyti koma ákvæði laganna þegar til framkvæmda.

8. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Mál þetta er flutt eftir einróma tilmælum bæjarstjórnar Reykjavíkur.

Frv. samhljóða þessu að meginefni var flutt á síðasta þingi, og fylgdi því þá svo hljóðandi greinargerð:

„Samkv. lögum nr. 35 frá 1940 eiga bæjarstjórnir að ráða heilbrigðisfulltrúa, sem á að annast daglega eftirlitsstarfsemi fyrir hönd heilbrigðisnefndar undir eftirliti héraðslæknis. Lögin gera engar kröfur um kunnáttu heilbrigðisfulltrúa, prófskilyrði eða læknismennt.

Þegar starf heilbrigðisfulltrúa í Reykjavík varð laust fyrir nokkru, þótti bæjarstjórninni æskilegt að reyna að fá lækni í það starf til þess að tryggja svo vel sem verða mætti fullkomið heilbrigðiseftirlit í bænum. Jafnhliða þessu var ráðgert af bæjarstjórn og bæjarráði, að staðan yrði gerð að sjálfstæðu starfi undir stjórn bæjaryfirvalda. Á þessum grundvelli tókst að fá ágætan og vel menntaðan lækni, dr. med. Jón Sigurðsson, til þess að taka að sér starfið. Þetta frv. er flutt til þess að hrinda í framkvæmd ofangreindum fyrirætlunum bæjarstjórnar Reykjavíkur.

Af þeim rökum, er hníga til þeirrar nýbreytni, að starf heilbrigðisfulltrúans í Reykjavík sé sjálfstætt starf undir yfirstjórn bæjarvalda, skulu þessi nefnd:

Laun heilbrigðisfulltrúans eru að öllu greidd úr bæjarsjóði. Langmestur hluti kostnaðar við þau störf, er heilbrigðisfulltrúi stjórnar, er greiddur úr bæjarsjóði, og má þar m. a. nefna sorphreinsun, sem nam hátt á aðra milljón kr. á liðnu ári. Er því eðlilegra, að sá embættismaður, er hefur umsjón með notkun slíkra fjárhæða bæjarsjóðs, sé háður yfirvöldum bæjarins en ríkisins. Þá er og nauðsynlegt, að sá maður, er hefur hið daglega eftirlit með framkvæmd heilbrigðissamþykktar og því kunnugastur þeim málum, hafi sem frjálsastar hendur til starfans, enda ætti því að vera fullvel borgið í hans höndum, þegar um leið er sett það skilorð, að hann sé læknir að mennt.

Með hliðsjón af því skilyrði þykir rétt að lögfesta heitið „borgarlæknir“ í starfi þessu. Hafa samsvarandi yfirmenn heilbrigðismála á Norðurlöndum tilsvarandi heiti (Stadslæge, Stadsläkare).

Þær athugasemdir kunna að heyrast, að með þessu sé mikið af embættisstörfum héraðslæknisins í Reykjavík af honum tekið. En það embætti er nú mjög umfangsmikið. Þótt frumvarp þetta yrði samþykkt, mundi héraðslæknirinn hafa ærið nóg og mikilvæg störf með höndum, svo sem allt farsóttaeftirlit og varnir gegn næmum sjúkdómum, veita forstöðu sóttvarnahúsi ríkisins, hafa yfirumsjón með hvers konar sótthreinsun, skýrslugerð um heilsufar í bænum, skoðanir á skólabörnum, bólusetningar, skipulagðar rannsóknir á heilsufari barna og unglinga, eftirlit með læknum, ljósmæðrum, hjúkrunarkonum, lyfjameðferð, vera fulltrúi landlæknis og heilbrigðisstjórnar gagnvart læknum bæjarins, sjálfkjörinn meðlimur heilbrigðisnefndar o. fl., o. fl.

Frumvarp þetta hefur engan aukinn kostnað í för með sér fyrir ríkissjóð. Það felur aðeins í sér þá skipulagsbreytingu, að heilbrigðisfulltrúinn í Reykjavík, sem verði nefndur „borgarlæknir“, verði sjálfstæður starfsmaður bæjarstjórnar Reykjavíkur í stað þess að vera undirmaður embættismanns ríkisins, er eigi hefur neitt sjálfstætt vald til boðs eða banns í málum þeim, er til hans taka.

Sektarhámark fyrir brot á heilbrigðissamþykktum er nú svo lágt, að oft getur aðilum orðið tilvinnandi að þverskallast við skipun heilbrigðiseftirlitsmanna um lagfæringar. Er því stungið upp á breytingu í því efni.

Eftir öllum atvikum þykir rétt, að þessi nýja skipan á starfssviði héraðslæknis og borgarlæknis komi þá fyrst til framkvæmda, er héraðslæknirinn í Reykjavík, Magnús Pétursson, lætur af embætti. Jafnframt er þá gert ráð fyrir, að hann veiti borgarlækni sem frjálsastar hendur um heilbrigðiseftirlitið, enda hefur Magnús Pétursson fagnað því að fá læknisfróðan mann til þessara starfa með sér.“

Þessu frv. var í fyrra vor vísað til heilbrigðis- og félagsmálanefndar. Minni hl. hennar lagði til, að frv. væri samþykkt, en meiri hl. vildi afgreiða það með rökstuddri dagskrá. Varð að samkomulagi við ráðherra heilbrigðismála að fresta afgreiðslu frv., gegn því að hann beitti sér fyrir tilraunum til samkomulags milli heilbrigðisstjórnarinnar og bæjarstjórnar Reykjavíkur um málið.

Eftir að þetta bráðabirgðasamkomulag hafði orðið á Alþingi í fyrra, gaf héraðslæknir svo hljóðandi yfirlýsingu, 18. marz 1948, að tilhlutun heilbrigðismálaráðherra:

„Heilbrigðisfulltrúi, dr. med. Jón Sigurðsson, annast fyrst um sinn og þangað til öðruvísi verður ákveðið allt heilbrigðiseftirlit í bænum, samkvæmt heilbrigðissamþykkt, í fullu umboði mínu. Framvegis ber mönnum því að snúa sér til hans með allar umkvartanir þessu viðvíkjandi.

Héraðslæknirinn.“

1. apríl s. á. samþykkti bæjarstjórn svo hljóðandi ályktun:

„Bæjarstjórn ályktar að fela heilbrigðisfulltrúa bæjarins að vera ráðunautur bæjarstjórnar og borgarstjóra um heilbrigðismál bæjarins, svo sem sjúkrahúsmál, fjárveitingar til heilbrigðismála o. fl., auk þess sem hann annast heilbrigðiseftirlit samkv. því, er lög og samningar mæla fyrir á hverjum tíma. Skal hann nefnast borgarlæknir og taka laun samkv. IV. flokki samþykktar um laun fastra starfsmanna Reykjavíkurkaupstaðar.“

Á grundvelli yfirlýsingar héraðslæknis og ályktunar bæjarstjórnar opnaði borgarlæknir skrifstofu 1. júní og réð sér til aðstoðar eftirlitsmenn, til að geta annazt allt heilbrigðiseftirlit í bænum.

En sama dag sem skrifstofan var opnuð barst borgarlækni tilkynning frá landlækni um, að héraðslæknir hefði afturkallað yfirlýsingu sína frá 18. marz. Bréf héraðslæknis er að vísu dagsett 17. apríl og stílað til landlæknis, en hann ekki komið því á framfæri fyrr en 1. júní. Bréf þetta er svo hljóðandi:

„Reykjavík, 17. apríl 1948.

Út af ákvörðun bæjarstjórnar Reykjavíkur þann 30. marz síðastl. um að gera heilbrigðisfulltrúann, dr. med. Jón Sigurðsson, að borgarlækni, vil ég hér með láta yður vita, herra landlæknir, að ég tel mig ekki bundinn fremur en verkast vill við samkomulag það, sem varð á skrifstofu yðar þann 18. marz síðastl., um að fela heilbrigðisfulltrúanum ýmislegt heilbrigðiseftirlit í bænum í mínu umboði, þar sem mér virðist forsendurnar fyrir því samkomulagi ekki lengur fyrir hendi.

Þetta vil ég hér með láta yður vita, herra landlæknir, þar sem þetta samkomulag var fastmælum bundið fyrir yðar milligöngu, og vænti ég, að þér tilkynnið það dr. Jóni og þá einnig heilbrigðismálaráðherra, sem komið mun hafa þessu af stað.

Magnús Pétursson."

Síðan þetta gerðist hefur borgarlæknir starfað, ásamt hinu ráðna starfsfólki sínu, að heilbrigðiseftirliti og hreinlætismálum í Reykjavík og unnið þar ágætt starf í þágu bæjarins. En þessi starfsemi nýtur sín ekki fyrr en borgarlæknir hefur fengið það vald, sem þetta frv. á að veita honum.

Að tilhlutun ráðherra heilbrigðismála hafa viðræður átt sér stað milli aðila um málið. Hefur ráðherrann lagt fram tvær uppástungur, sem bæjarráð Reykjavíkur hefur ekki getað fallizt á og talið sízt til bóta. Þar sem vonlaust virðist um samkomulag, er mál þetta flutt að nýju.

Því hefur verið haldið fram, að starfsskipting milli héraðslæknis og borgarlæknis yrði ekki nógu glögg eftir frv. Þetta er misskilningur, og mun starfsskiptingin verða tiltölulega auðveld í framkvæmd. En ef ágreiningur kæmi upp, er ætlazt til, að heilbrigðisstjórnin skeri úr.

Þá var að því fundið í fyrra, að með frv. væri ekki gert ráð fyrir breytingu á lögunum nr. 44 frá 1932, um skipun læknishéraða, og er því ákvæði nú bætt inn í frumvarpið.

Einnig var því í fyrra borið við, að samtök lækna væru andvíg þessari skipan málanna, sem frv. fer fram á. Bæði Læknafélag Reykjavíkur og Læknafélag Íslands hafa rætt þessi mál. 17. marz 1948 var svo hljóðandi tillaga samþykkt á fundi Læknafélags Reykjavíkur:

„Framhaldsaðalfundur Læknafélags Reykjavíkur 17. marz 1948 lýsir sig fylgjandi frv. því til laga um stofnun borgarlæknisembættis, sem nú liggur fyrir Alþingi."

Á aðalfundi Læknafélags Íslands 21. ágúst 1948 var lagt fram álit nefndar, sem kosin hafði verið til að athuga stofnun borgarlæknisembættis í Reykjavík, og segir í áliti hennar m. a. að nefndin telji eðlilegt, að Reykjavíkurbær vilji ráða miklu um verksvið og starf þessa starfsmanns síns, sem hann kosti að öllu leyti sjálfur, og þyki mikið við liggja, hversu til tekst, og að hún álíti það ávinning, að ráðinn hafi verið læknir til að hafa eftirlit með og annast framkvæmdir á heilbrigðissamþykkt Reykjavíkur. Taldi nefndin það, að þessari stöðu hefði verið gefið borgarlæknisnafn, heppilegt að því leyti, að það tryggði, að maður með læknismenntun yrði jafnan valinn í hana, og að það væri eðlilegt, að vald hans og starfssvið yrði aukið frá því, sem var á meðan ólæknisfróður maður gegndi stöðunni.

Bæjarstjórn Reykjavíkur telur svo mikið í húfi að tryggja sem bezt heilbrigðiseftirlit í bænum, að hún hefur boðizt til að greiða kostnað við það og létta því af ríkissjóði. Mætti það furðulegt heita, ef Alþingi hafnaði slíku boði. Fyrir bæjarstjórn vakir það eitt, að heilbrigðiseftirlitið verði sem öruggast, enda mikilla umbóta þörf. Bæjarstjórnin hefur sýnt vilja sinn í þessu efni með því að ráða lækni til eftirlitsins, en þá er einnig óhjákvæmilegt að skapa honum þá aðstöðu, að hann geti rækt heilbrigðiseftirlitið sem bezt.

Nd. 571. Tillaga til þingsályktunar [194. mál]

um skipun rannsóknarnefndar samkv. 39. gr. stjórnarskrárinnar til að rannsaka tildrög og eðli óeirðanna 30. marz 1949.

Flm.: Áki Jakobsson.

Neðri deild Alþingis ályktar að kjósa 5 manna rannsóknarnefnd til þess að rannsaka orsakir og eðli óeirða þeirra, sem urðu við alþingishúsið 30. marz 1949, og þátt lögreglustjórans í Reykjavík, Sigurjóns Sigurðssonar, og ríkisstjórnarinnar í þeim, og er nefndinni rétt að heimta skýrslur, munnlegar og bréflegar, bæði af embættismönnum og einstökum mönnum samkv. 39. gr. stjórnarskrárinnar.

Greinargerð.

Þriðjudaginn 29. marz 1949 kom til umræðu í sameinuðu Alþingi þáltill. um, að Ísland gerðist stofnaðili að Atlantshafssamningi. Fundur hófst á mjög óvenjulegum tíma, eða kl. 10 f. h. Er þingmenn komu að þinghúsinu til að sækja þingfundinn, urðu þeir varir við stórfelldan hernaðarundirbúning af hálfu lögreglunnar í Reykjavík. Í kringum húsið voru á gangi lögregluþjónar, tveir og tveir saman, með stálhjálma og langar kylfur, sem héngu við rammger belti. Þegar komið var að dyrum hússins, voru þar fyrir margir lögreglumenn í anddyrinu, og það atvik kom fyrir, að einum þingmanna, Lúðvík Jósefssyni, 2. þm. Sunnmýlinga, var varnað inngöngu í húsið, þar til einn starfsmanna þingsins bar þar að og fékk því til leiðar komið við lögreglumennina, að þessum þingmanni yrði hleypt inn.

Hinn óvenjulegi viðbúnaður við alþingishúsið þennan morgun dró að sér athygli vegfarenda, og varð það til þess, að þegar safnaðist fjöldi manns á götuna framan við húsið. Virtist ljóst, að þessi viðbúnaður væri til þess gerður að vekja athygli á, að lögreglan væri reiðubúin til óvenjulegrar valdbeitingar, ef henni þætti þurfa, og bæri að skoða þetta sem aðvörun til almennings að halda sig frá alþingishúsinu. Áhrif þessarar hersýningar voru öfug, eins og vænta mátti. Þetta beinlínis dró fólk að þinghúsinu og orsakaði mikið umtal og óróa í bænum.

Þessi dagur leið að kvöldi, án þess að til annarra tíðinda drægi en þessa óvenjulega viðbúnaðar lögreglunnar. Þegar leið á daginn, mun lögreglustjóra hafa orðið ljóst, hversu ófriðvænlegt þetta tiltæki var, einkum vegna þess hita, sem í bænum var út af því máli, sem til afgreiðslu var í þinginu.

Meðferð máls þessa í þinginu var hraðað með óvenjulegum hætti. Hæstvirtur utanríkisráðherra fylgdi tillögunni úr hlaði með aðeins nokkrum orðum, þrátt fyrir loforð um ýtarlega greinargerð og skýrslu um málið, til þess að hraða sem mest umræðunni, og lagði ríkisstjórnin það fyrir forseta þingsins, að ekki skyldi veita þingmönnum matar- eða kaffihlé, svo að umræðunni lyki sem fyrst.

Forseti lét þó loks til leiðast að veita klukkustundar matarhlé um hádegið, en ekkert kaffihlé var veitt og ekki heldur hlé til kvöldverðar. Skömmu eftir hádegi stytti forseti ræðutíma þingmanna niður í 15 mín. og síðar enn meira, en umræðunni var lokið um kl. 10 að kvöldi þess 29. marz.

Eftir fyrstu umræðu var málinu vísað til utanríkismálanefndar eins og venjulegt er, en þetta var sýnilega aðeins gert til málamynda, því að þingmönnum var tilkynnt, að síðari umræða mundi hefjast þá um kvöldið og henni yrði lokið um nóttina. Þegar til kom varð ekki af þessu, og mun forseti hafa aftekið við hæstv. ríkisstjórn að hafa slíkan hraða á, og var þá þingmönnum tilkynnt um kl. 11 e. h., að 2. umræða mundi hefjast kl. 10 að morgni þess 30. marz.

Þegar þingfundur hófst kl. 10 að morgni þann 30. marz, lagði forseti fram tillögu um, að 2. umræða um málið mætti ekki standa nema þrjár klukkustundir. Tillaga þessi var flutt skv. kröfu ríkisstjórnarinnar, enda er það algert einsdæmi

í þingsögunni, að umræður séu skornar niður á þennan hátt. Þessu var mótmælt af hálfu sósíalista og krafizt úrskurðar forseta um réttmæti slíkrar tillögu áður en séð væri, að umræður mundu „dragast úr hófi fram", eins og komizt er að orði í þingsköpum. Þessu var neitað og tillagan borin undir atkvæði og samþykkt af meiri hluta þingmanna. Slík aðferð sem þessi til að svipta þingmenn málfrelsi mun vera einsdæmi í sögu þingsins.

Öll meðferð málsins í þinginu var háð afbrigðum frá þingsköpum. Er rétt að skýra nánar frá því, vegna þess að það, hve óvenjulega og óþinglega meðferð málið hlaut, var ein af orsökum þess, hve mikill hitinn varð, bæði meðal þingmanna og almennings. Áður hefur verið lýst hinum óvenjulegu vinnubrögðum þingsins fyrri umræðudaginn, er þingmönnum var synjað matar- og kaffihlés. Þá hefur og verið drepið á fyrirætlun ríkisstjórnarinnar um að hafa næturfund þann 29. marz til að afgreiða tillöguna við aðra umræðu, sem þó ekki varð af. En þegar fundur hófst kl. 10 að morgni 30. marz, var nefndarálitum útbýtt á þeim fundi, en skv. þingsköpum má ekki taka fyrir þáltill. til síðari umræðu fyrr en einum sólarhring eftir að nál. hefur verið útbýtt meðal þingmanna og ekki fyrr en tveir sólarhringar eru liðnir frá 1. umræðu, og hefði málið því ekki átt að koma fyrir til síðari umræðu fyrr en 31. marz. Þá var með raunverulegum ofbeldisaðgerðum knúið fram að takmarka umræður um þetta mikla mál við 3 klst. Loks skal það fram tekið, að hæstv. ríkisstjórn sýndi Alþingi þá lítilsvirðingu að vera ekki við í þinginu, þegar umræður fóru fram, enda tók enginn ráðherra til máls annar en utanríkisráðherra, tilknúinn vegna fyrirspurnar eins af þm. stjórnarflokkanna, að undanskildu því, að forsætisráðherra og menntamálaráðherra sögðu nokkur orð við 2. umr. málsins til að skora á flokksmenn sína að fella tillögur, sem fram höfðu komið frá flokksbræðrum þeirra. Öll meðferð málsins í þinginu og ekki síður framkoma ríkisstjórnarinnar var til þess fallin að auka sem mest hita um þetta mál, sem var mikill í bænum fyrir.

Strax um morguninn 30. marz, um það leyti sem þingfundur byrjaði, fór fólk að safnast að alþingishúsinu. Dreif nú ört að, og um kl. 12 á hádegi voru þúsundir manna komnar saman framan við húsið. Um morguninn var svo hljóðandi flugmiða dreift um alla Reykjavík, og var efni hans lesið nokkrum sinnum upp í útvarpið.

„Reykvíkingar!

Kommúnistar hafa án þess að leita leyfis boðað til útifundar í dag og skorað á menn að taka sér frí frá störfum.

Við viljum því hér með skora á friðsama borgara að koma á Austurvöll milli kl. 12 og 1, og síðar, til þess með því að sýna, að þeir vilji, að Alþingi hafi starfsfrið.

Ólafur Thors, form. þingflokks Sjálfstæðisflokksins — Eysteinn Jónsson, form. þingflokks Framsóknarflokksins, Stefán Jóh. Stefánsson, form. þingflokks Alþýðuflokksins."

Fulltrúaráð verkalýðsfélaganna í Reykjavík og Verkamannafélagið Dagsbrún höfðu þennan sama morgun boðað til útifundar í Lækjargötu hjá Miðbæjarbarnaskólanum kl. 1 e. h. með svo hljóðandi auglýsingu:

„Útifundur við Miðbæjarbarnaskólann kl. 1 í dag.

Fulltrúaráð verkalýðsfélaganna í Reykjavík og Verkamannafélagið Dagsbrún skora á allan almenning í bænum að taka sér frí til að mæta á útifundinum í Lækjargötu (við Miðbæjarbarnaskólann) kl. 1 e. h. í dag.

Fundurinn er boðaður af Fulltrúaráði verkalýðsfélaganna, til þess að Reykvíkingum gefist tækifæri til þess að krefjast þjóðaratkvæðagreiðslu um inngöngu Íslands í hernaðarbandalag Norður-Atlantshafsríkjanna enn einu sinni, áður en Alþingi hefur tekið fullnaðarákvörðun um málið.

Fulltrúaráð verkalýðsfélaganna í Reykjavík, Verkamannafélagið Dagsbrún."

Út af margendurteknum fullyrðingum um, að þessi fundur hafi verið ólöglegur vegna þess, að ekki var leitað leyfis lögreglustjórans í Reykjavík, er rétt að benda á, að skv. 74. gr. stjórnarskrárinnar er ekki skylt að leita leyfis til að halda fundi í löglegum tilgangi. Umrædd grein hljóðar svo:

„Rétt eiga menn á að safnast saman vopnlausir. Lögreglustjórninni er heimilt að vera við almennar samkomur. Banna má mannfundi undir berum himni, þegar uggvænt þykir, að af þeim leiði óspektir.“

Af þessu er það augljóst, að það var lögreglustjórans að banna fundinn, ef hann teldi hættu á því, að af honum leiddi óeirðir. Það gerði lögreglustjórinn ekki, og því var fundurinn í alla staði löglegur og fundarboðið óaðfinnanlegt.

Á fundi þessum var samþykkt ályktun, sem hér fer á eftir:

„Almennur útifundur, haldinn í Reykjavík miðvikudaginn 30. marz 1949 að tilhlutan Fulltrúaráðs verkalýðsfélaganna, mótmælir harðlega þátttöku Íslands í Atlantshafsbandalaginu og vill á úrslitastundu málsins enn einu sinni undirstrika mótmæli og kröfur 70—80 félagasamtaka þjóðarinnar um, að þessu örlagarika stórmáli verði ekki ráðið til lykta án þess, að leitað sé álits þjóðarinnar sjálfrar. Fundurinn skorar því mjög alvarlega á Alþingi að taka ekki lokaákvörðun um málið án þess, að leitað sé álits þjóðarinnar, og krefst þess því, að afgreiðslu málsins sé skotið undir almenna þjóðaratkvæðagreiðslu. Fundurinn samþykkir að fela fundarboðendum að færa Alþingi og þingflokkunum þessa kröfu og óskar skýrra svara formanna þingflokkanna um afstöðu þeirra til þessarar kröfu fundarins.“

Þeir Sigurður Guðnason alþm., Stefán Ögmundsson prentari og Björn Bjarnason bæjarfulltrúi fluttu Alþingi og formönnum þingflokkanna þessa tillögu. Þegar þeir fóru til alþingishússins, fylgdu fundarmenn og bættust við þann mannfjölda, sem þar var fyrir. Sigurður Guðnason alþm. lagði ályktun fundarins fyrir formenn þingflokkanna fyrir milligöngu forseta sameinaðs Alþingis, Jóns Pálmasonar, hvað viðvék þingflokkum Alþýðuflokksins, Framsóknarflokksins og Sjálfstæðisflokksins. Forseti flutti þau svör frá formönnum þessara þingflokka, að þeir neituðu að verða við óskum fundarins. Sigurður Guðnason flutti þessi svör út til þeirra Stefáns Ögmundssonar og Björn Bjarnasonar.

Umræðunum í þinginu lauk kl. rösklega 2 e. h., og hófst þá þegar atkvæðagreiðsla um tillöguna, en sem kunnugt er höfðu ýmsar breytingartillögur borizt. Meðan á atkvæðagreiðslu stóð, heyrðust inn í þingsalinn köll frá mannfjöldanum fyrir utan húsið, þar sem krafizt var þjóðaratkvæðis um málið. Örfáum steinum var varpað á glugga í þinghúsinu, sem virtust koma utan af Austurvelli, en annars var fullkomin ró meðal fólksins utan við húsið. Þegar nokkuð var liðið á atkvæðagreiðsluna, hóf lögreglan kylfuárás á mannfjöldann án aðvörunar, og hófst þá allmikið hark úti og nokkur grjóthríð á húsið.

Eftir að atkvæðagreiðslu í þinginu var lokið og dagskrá þingfundarins tæmd, varð nokkur bið, áður en þingfundi var slitið. Vék þá forseti frá, en varaforseti, Finnur Jónsson, tók sæti. Var nú beðið góða stund, en þá kom forseti aftur og tilkynnti það, um leið og hann sleit fundinum, að lögreglustjórinn ákveði, hvenær þingmenn fengju að yfirgefa húsið. Þessu var þá þegar mótmælt af ýmsum þingmönnum sem löglausu athæfi af hálfu lögreglustjóra. Þegar þingmenn ætluðu að komast út úr húsinu, var þeim bægt frá af lögreglu og þar með meinað að yfirgefa húsið. Hve langan tíma þingmönnum var af lögreglustjóra haldið föngum í húsinu, er ekki vitað fyrir víst, en það hefur verið allt að einni klukkustund. Þetta tiltæki lögreglustjórans var, auk þess að vera ófyrirleitin og ólögleg afskipti af störfum þingsins, mjög heimskulegt tiltæki, sem hlaut að verða til þess að auka gremju fólksins. Það hefur nokkuð verið fárazt út af því, að frétt um þetta tiltæki lögreglustjóra skyldi hafa borizt mannfjöldanum, sem var fyrir utan húsið. Slíkt er þó alveg ástæðulaust, því að ekkert var sjálfsagðara en að fólkið, sem fyrir utan húsið var, fengi að fylgjast með því, sem gerðist innan hússins, og hefðu forsetar þingsins og formenn þingflokka stjórnarliðsins beinlínis átt að hlutast til um það,

að mannfjöldinn fengi að fylgjast með öllu, sem innan hússins gerðist. Mun mannfjöldinn hafa búizt við því, að svo yrði gert.

Nokkru eftir að þingfundi var lokið, en á meðan þingmönnunum var meinað að yfirgefa alþingishúsið, urðu þingmenn varir við það, að út úr flokksherbergi Framsóknarflokksins gengu í röð um 50 manns, sem lögreglustjóri hefur kallað „varalið". Lið þetta var svo búið, að á vinstri upphandlegg var borði með fánalitunum, stálhjálmur á höfði, en kylfa í hendi. Lögreglustjórinn, Sigurjón Sigurðsson, gekk á undan þessu liði og opnaði útidyrnar fyrir því. Þegar lið þetta birtist mannfjöldanum, er það kom út um aðaldyr alþingishússins, laust mannfjöldinn upp reiðiópi. En þetta „varalið" skildi verkefni sitt svo, að það tróð sér strax fram fyrir lögregluna og út í mannþyrpinguna og barði með kylfum á báðar hendur og umsvifalaust hvern sem fyrir varð og gerði engan greinarmun, hvort fyrir varð kvenfólk, unglingar, gamalmenni eða fullhraustir karlmenn. Það skal fram tekið, að liði þessu var sigað á mannfjöldann alveg að óvörum. Engar viðvaranir voru gefnar til fólksins, hvorki um að víkja frá húsinu né heldur að dreifa sér, þannig að fólk fékk ekki einu sinni ráðrúm til að forða sér, enda er fjöldi fólks með sár og áverka eftir útrásarlið þetta.

Það hefur komið í ljós, að lið þetta, sem falið var í flokksherbergi Framsóknarflokksins í alþingishúsinu, var allt úr félögum Sjálfstæðisflokksins í Reykjavík, einkum „Heimdalli", sem er félag ungra sjálfstæðismanna. Þetta hefur formaður flokksins, Ólafur Thors, síðar viðurkennt í þingræðu og enn fremur Sigurður Bjarnason alþm. Virðist allt benda til þess, að ráðherrarnir sex, sem stóðu að inngöngunni í Atlantshafsbandalagið, hafi ekki treyst öðrum til að verja sig í þessu máli en Heimdellingunum, en óbreyttir alþýðuflokksmenn og framsóknarmenn hafa ekki verið taldir nógu traustir til þessa starfa. Sýnir þetta vel, hvernig ráðherrar Alþýðuflokksins og Framsóknarflokksins eru gengnir í þjónustu Sjálfstæðisflokksins.

Það er rétt að geta þess hér, að umfram þá 50 Heimdallarmeðlimi, sem búnir voru kylfum og stálhjálmum og geymdir voru í flokksherbergi Framsóknar í þinghúsinu, hafði verið safnað saman allmiklum fjölda, um 200 manns, úr félögum Sjálfstæðisflokksins í Reykjavík og þeim raðað saman á gangstéttarnar utan við alþingishúsið, en innan við varðlínu lögreglunnar, þar sem lögreglan annars bannaði almenningi að hafast við. Er sýnt af þessu, að lögregluyfirvöldin hafa haft náið samstarf við einn pólitískan flokk, Sjálfstæðisflokkinn, og kallað á hann til trausts sér og veitt meðlimum hans ýmis forréttindi. Hlaut þetta að auka á þá ólgu, sem fyrir var út af því máli, sem verið var að afgreiða.

Þegar „varalið" Heimdallar hafði byrjað hernaðaraðgerðir sínar gagnvart friðsömu fólki úr öllum flokkum, sem safnazt hafði saman utan við alþingishúsið, varð að sjálfsögðu mikil háreysti og ókyrrð, sem vænta mátti. Heimdellingar fengu þarna langþráð tækifæri til að berja án miskunnar á pólitískum andstæðingum sínum og það meira að segja „í laganna nafni". Slík „dásemd" hafði þau áhrif á þessa lítilsigldu menn, að þeir urðu alveg hamslausir og börðu, eins og áður er sagt, hvað sem fyrir varð. Eru mörg dæmi þess, að þeir berðu vini sína og samherja, sem á vegi þeirra voru. Í fyrstu hrökk fólkið undan þessum villta skríl, en það var til einskis, því að Heimdellingar virtust ekki vera komnir á vettvang til þess að víkja fólkinu frá alþingishúsinu eða dreifa mannfjöldanum, heldur til að berja á fólki. Þegar fólkið sá, að Heimdallarskríllinn elti það, hvert sem það fór, snerist það til varnar, og brá þá svo við, að vígamóðurinn rann furðu fljótt af Heimdellingum og hrukku þeir fljótt undan. Þegar svo var komið, að fólk bjóst til að hirta Heimdellingana, og það jafnt fólk úr öllum flokkum, var lögreglunni skipað að gera árás til að bjarga þeim inn í alþingishúsið.

Þegar lögreglan gerði þessa útrás, fyrirskipaði lögreglustjóri að nota táragas og það án þess að gera fólki viðvart um það áður. Dreifðist nú mannfjöldinn nokkuð, og notaði lögreglan tækifærið til að bjarga Heimdellingunum inn í alþingishúsið. Var það álit lögreglunnar, er hún var að bjarga Heimdellingum inn, að þeim mundi láta

betur að berja á mönnum, sem væru bundnir, heldur en fólki, sem gæti borið hönd fyrir höfuð sér.

Eftir að lögreglustjóri var búinn að fyrirskipa gasárásina á fólkið utan við alþingishúsið og mannfjöldinn hafði dreifzt nokkuð, var utanríkisráðherra í mesta flýti skotið í bíl og ekið með miklum hraða frá húsinu og síðan öðrum ráðherrum. Fóru þingmenn þá að yfirgefa húsið. Engar árásir voru gerðar á þingmenn eða ríkisstjórn, að undanteknu því, að skólastúlka greiddi forsætisráðherranum kinnhest, og lét hann setja hana í fangelsi fyrir. En þrátt fyrir það að ríkisstjórn og alþingismenn væru farnir úr húsinu, hélt lögreglan þar kyrru fyrir og gerði árásir á mannfjöldann látlaust í marga klukkutíma. Voru þá gerðar útrásir um allan miðbæinn og gasárásir gerðar á fólk hingað og þangað að þarflausu. Nokkur kyrrð komst þó á um sexleytið, en svo byrjaði lögreglan aftur um kvöldið og æddi þá um allan miðbæinn. Réðst hún þá með gassprengjum og kylfubarsmíð á fólk, sem einskis ills átti sér von, t. d. var ráðizt á friðsamt fólk, sem var að koma úr kvikmyndahúsi, og enn fremur fólk, sem var að bíða eftir strætisvögnum á Lækjartorgi, og var engu líkara en lögreglan væri búin að tapa vitinu og vissi ekkert, hvað hún gerði. Fullkomin kyrrð komst loks á nokkru eftir miðnætti.

Það verður ekki annað séð en lögregluyfirvöldin og formenn þingflokka stjórnarliðsins eigi mesta sök á þeim óeirðum, sem urðu 30. marz. Framkoma þessara aðila er svo furðuleg, að óforsvaranlegt er að láta ekki fara fram rannsókn á athæfi þeirra. Ég mun nú draga saman þau atriði, sem einkum benda til þess, að þessir aðilar beri ábyrgð á óeirðunum, og sérstök nauðsyn er á að rannsaka:

1. Alþingishúsið var þegar um morguninn 29. marz vígbúið, þ.e. fjölmennri vopnaðri lögreglu var komið fyrir inni í húsinu ásamt svokallaðri „varalögreglu“, og fjölmennur lögregluvörður, búinn löngum kylfum og stálhjálmum, var settur utan við húsið, og vakti það feikiathygli í bænum og varð til þess að draga að húsinu mikinn mannfjölda. Hefði það verið meining lögreglustjórans að forðast óeirðir, hefði hann ekki farið að ögra bæjarbúum á þennan hátt. Þetta er það fyrsta, sem gert var opinberlega, og hafði enga aðra þýðingu en egna til óeirða.

2. Lögreglustjóri fyrirskipaði stórfelldan vígbúnað lögreglunnar nokkru fyrir 30. marz, sem mikið var talað um í bænum og var til þess fallinn að auka á æsing meðal bæjarbúa, sem var mikill fyrir út af inngöngu Íslands í Atlantshafsbandalagið. Þessi vígbúnaður var framkvæmdur án nokkurs tilefnis, því að ekkert hafði komið fram, sem gæfi hina allra minnstu ástæðu til að ætla, að nokkrar ofbeldisaðgerðir væru í undirbúningi frá hendi þeirra, sem andvígir voru inngöngu Íslands í bandalagið.

3. Lögreglustjóri kvaddi til „aðstoðar“ lögreglunni meðlimi eins stjórnmálaflokks í bænum, einkum úr Heimdalli, félagi ungra sjálfstæðismanna, og valdi úr hópi þess, að því er bezt er vitað, um 50 manna lið, sem hann bjó kylfum og stálhjálmum og setti á sérstaka handleggsborða sem merki. Mönnum þessum tryggði hann sömu réttindi og lögreglumönnum. Þetta lið kallaði lögreglustjóri á æfingar og fundi og leitaðist við að æsa það sem mest, til þess að það yrði sem traustast til framgöngu, þegar hann gæfi skipanir þar um. Það er einsdæmi hér á landi og sennilega í lýðfrjálsum löndum, að lögreglustjóri leyfi að vopna ákveðinn pólitískan félagsskap og veita honum vernd lögreglumanna. Hér í Evrópu eru engin dæmi til slíks athæfis af hálfu lögreglustjóra, frá því er nazistar voru að brjótast til valda með dýrslegri grimmd á árunum eftir 1930.

4. Lögreglustjórinn kvaddi og til aðstoðar lögreglunni marga menn, er voru nær einvörðungu meðlimir úr félögum Sjálfstæðisflokksins hér í bænum (Morgunblaðið telur það hafa verið 927 manns), og var lið þetta geymt í Sjálfstæðishúsinu við Austurvöll. Þann 30. marz var nokkrum hluta þess raðað í kringum alþingishúsið innan við varðlínu lögreglunnar. Með þessu móti varð það ljóst, að lögreglustjóri mismunaði fólki því, er utan við húsið stóð, og auglýsti, að lögreglan bæri ekki traust

til annarra af borgurum höfuðstaðarins en þeirra, sem væru í Sjálfstæðisflokknum og hefðu fundið þá náð fyrir augum lögreglustjórans eða forustumanna flokksins að vera valdir í þetta lið. Þessi lítilsvirðing og getsakir í garð almennings úr öðrum flokkum jók mjög ólguna meðal þeirra þúsunda, sem utan við alþingishúsið voru.

5. Formenn þingflokka stjórnarflokkanna, þeir Ólafur Thors, Eysteinn Jónsson og Stefán Jóh. Stefánsson, gáfu út ávarp til almennings í bænum, þar sem skorað var á fólk að fjölmenna við alþingishúsið milli kl. 12 og 1 e. h. og síðar þennan dag. Það er útilokað, að þetta boð hafi verið látið út ganga án samráðs við lögreglustjórann, sem þegar að morgni 29. marz var orðinn húsbóndi í alþingishúsinu. Fólkið þyrptist að húsinu fyrir þessa áskorun, en þeir þremenningarnir skeyttu því ekkert, að fjöldi manns var kominn í boði þeirra, og gerðu aldrei neina tilraun til að ávarpa það eða skýra því frá, til hvers það væri kvatt að alþingishúsinu. Bendir það til þess, að lögreglustjóri hafi átt upptökin að því tiltæki að boða þúsundir Reykvíkinga að alþingishúsinu. Tilgangur þess að stefna fólki þangað er ekki ljós, en afleiðingin gat ekki orðið önnur en sú að stofna til óeirða í sambandi við afgreiðslu málsins.

6. Lögreglustjóri tók á ólöglegan hátt að sér stjórn í alþingishúsinu og bannaði þingmönnum að yfirgefa húsið, eftir að þingfundi var lokið, og var þeim þannig haldið sem föngum góða stund. Þetta var lögreglustjóra algerlega óheimilt, og enginn aðili hefur vald til þess að svipta þingmenn frjálsræði í alþingishúsinu eða rétti til að koma þangað eða fara þaðan, hvorki ríkisstjórn né forseti þingsins og því síður lögreglustjóri. Hér var því um mjög alvarlegt brot á friðhelgi þingmanna að ræða.

7. Lögreglustjóri fyrirskipaði fyrst kylfuárás lögreglumanna á mannfjöldann við alþingishúsið og síðar árás Heimdellinga, hvort tveggja án þess að gera nokkuð viðvart áður. Fólki var ekki gefinn kostur á að víkja frá húsinu án þess að til slíkra harðræða kæmi og vissi ekkert fyrr en lögreglan og síðar Heimdellingar voru farnir að stórmeiða það með kylfubarsmíð sinni. Nú var lögreglustjóra mæta vel kunnugt um boðsendingu formanna þingflokka stjórnarliðsins og hefði því átt að gefa því fólki, sem komið var vegna hennar, tækifæri til að forða sér. Það gerði hann ekki, og sýnir það ef til vill betur en flest annað, að boðsending þeirra Ólafs, Eysteins og Stefáns Jóhanns var ekki send út til að forðast vandræði. Loks byrjar svo lögreglustjóri gasárás á fólkið, líka án þess að gera viðvart áður.

8. Lögreglustjórinn hélt við óspektum kringum alþingishúsið og í miðbænum í langan tíma eftir að ríkisstjórn og alþm. voru farnir þaðan og þar með niður fallin sú tylliástæða, sem lögreglustjóri hafði fyrir liðsafnaði sínum í alþingishúsinu og fyrir utan það, að hann væri að vernda ríkisstjórnina og alþingismenn. Enn fremur hélt lögreglustjóri miðbænum allt kvöldið 30. marz í hernaðarástandi fram yfir miðnætti með tilefnislausum gasárásum á friðsamt fólk.

9. Í þeirri röð af mistökum og afbrotum, sem lögreglustjórinn gerði sig sekan um í sambandi við samþykkt Alþingis á tillögu um inngöngu í Atlantshafsbandalagið, sýndi hann mesta ófyrirleitni í skýrslu þeirri, er hann birti almenningi um viðburði dagsins, þar sem hann leyfir sér að bera það á borð fyrir ekki færri en 10 þúsund Reykvíkinga, sem staddir voru á Austurvelli, að hann hafi varað fólkið við og beðið það að víkja frá húsinu, áður en hann fyrirskipaði árásirnar á það.

Þegar eftir 30. marz hóf sakadómari að undirlagi ríkisstjórnarinnar „rannsókn“ út af óeirðunum. Þessari rannsókn er hagað þannig, að menn úr Heimdalli eða öðrum félögum sjálfstæðismanna koma fyrir rétt og nefna ýmsa menn, sem þeir ásaka um að hafa hvatt til eða tekið þátt í árás á alþingishúsið. Síðan fara þeir frjálsir ferða sinna, en þeir menn, sem þessi lýður segir til, eru eltir uppi af lögreglunni, yfirheyrðir og ýmsir settir í gæzluvarðhald. Sakadómari verst allra frétta um yfirheyrslur þessar, en af því, sem frétzt hefur af þeim, er hægt að ráða það, að tilgangur þeirra er að reyna að „sanna“ það með illu eða góðu, að Sósíalistaflokkur-

inn hafi verið búinn að skipuleggja árás á alþingishúsið, sem átti að verða upphaf uppreisnar í landinu, en lögreglustjórinn og aðrar hetjur afturhaldsins hafi með hetjuskap og fórnarlund tekizt að hindra.

Það er margt, sem bendir til þess, að ríkisstj. og lögregluyfirvöldin hafi beinlínis leitazt við að stofna til óeirða í pólitísku skyni. Þau atriði, sem ég hef talið upp í töluliðum 1—9 hér að framan, styðja þennan grun. Auk þess bendir samtal lögreglustjóra við nefnd frá Þjóðvarnarfélaginu 29. marz til þessa, en þar lýsti lögreglustjóri yfir því, að hann vissi til þess, að reynt yrði að hleypa upp fundi, ef þjóðvarnarmenn boðuðu til hans þann 29. eða 30. marz.

Loks benda „rannsóknir" sakadómara eftir óeirðirnar og viðbúnaður hans fyrir þær, sem var í því fólginn að dreifa snuðrurum og myndatökumönnum um manntjöldann, til hins sama. Allt bendir þetta til þess, að hér hafi verið um fyrir fram undirbúna pólitíska „provokation" af hálfu ríkisstjórnarinnar og lögreglustjóra að ræða, sem átti að gefa tilefni til aðgerða af hálfu ríkisvaldsins og lögreglunnar til að hefta starfsemi verkalýðshreyfingarinnar og Sósíalistaflokksins. Slíkar aðgerðir telur ríkisstjórnin til þess fallnar að vega upp það fylgistap, sem hún hefur beðið meðal almennings vegna árásar hennar á kjör hans og getuleysis hennar við að leysa vandamál þjóðarinnar og síðast vegna svikanna við sjálfstæði þjóðarinnar.

Það er vel þekkt fyrirbrigði úr valdabaráttu nazista að stofna til óeirða eða skemmdarverka og kenna andstæðingunum um. Frægasta dæmi slíks er íkveikja nazista í Ríkisþinghúsinu í Berlín árið 1933, sem þeir kenndu kommúnistum um og notuðu sem átyllu til að hefja gegndarlausar ofsóknir gegn þeim og banna flokk þeirra. Það er kunnugt, að lögreglustjórinn, Sigurjón Sigurðsson, er nazisti og var mikill aðdáandi Hitlers og þeirra aðferða, sem hann beitti í valdabaráttu sinni. Þessi maður var einn af forustumönnum þeirrar hreyfingar, sem setti sér það mark að koma á ofbeldisstjórn á Íslandi að þýzkri fyrirmynd og þá að sjálfsögðu með sömu aðferðum og beitt var í Þýzkalandi. Lögreglustjórinn er því mjög vel til þess fallinn að stofna til „provokationa" í pólitísku skyni, því að það telur hann leyfilega bardagaaðferð, og er vafalaust fús til slíkra verka, ef honum væri falið það af ríkisstjórninni.

Sósíalistaflokkurinn lýsir sök á hendur ríkisstjórninni og lögreglustjóra fyrir að eiga upptökin að óeirðunum 30. marz og þess vegna krefst hann þess, að fram fari sú hlutlausasta rannsókn, sem hægt er að framkvæma, en það er sú, sem þáltill. þessi gerir ráð fyrir. Sósíalistaflokkurinn veit, að ef hlutlaus rannsókn verður látin fram fara, þá mun það sannast, að ríkisstjórnin og lögreglustjóri bera ábyrgð á atburðunum 30. marz. Þjóðin krefst hlutlausrar rannsóknar á þessu máli, og því er þess að vænta, að þáltill. þessi verði samþykkt hið bráðasta.

Nd. 572. Frumvarp til laga [122. mál]

um heimild fyrir ríkisstjórnina til að selja Hafnarhreppi þjóðjörðina Hafnarnes.

(Eftir 2. umr. í Nd.)

1. gr.

Ríkisstjórninni er heimilt að selja Hafnarhreppi þjóðjörðina Hafnarnes. Land það og lóðir, sem Hafnarhreppur kaupir samkvæmt lögum þessum, er honum heimilt að leigja, en óheimilt að selja öðrum en ríkinu.

Hreppnum skal skylt að afsala ríkinu með kaupverði hluta af landi því eða lóðum, er hann eignast samkvæmt lögum þessum, þurfi ríkið síðar á því að halda vegna opinberra framkvæmda.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Nd. 573. Frumvarp til laga [118. mál]

um breyting á raforkulögum, nr. 12 2. apríl 1946.

(Eftir 3. umr. í Ed.)

1. gr.

35. gr. laganna skal orða svo:

1. Úr raforkusjóði má veita rafmagnsveitum ríkisins lán, sem veitast til allt að 30 ára, til að koma upp tilteknum mannvirkjum.
2. Úr raforkusjóði má einnig veita rafmagnsveitum ríkisins rekstrarlán og bráðabirgðalán til skemmri tíma, þar á meðal til að greiða rekstrarhalla, sem verða kann af mannvirkjum fyrstu árin eftir að þau eru gerð.
3. Úr raforkusjóði má og veita einstökum bændum, sem einir eða fleiri saman reisa vatnsaflsrafstöðvar til heimilisnota utan þess svæðis, sem héraðsrafmagnsveitum er ætlað að ná til í náinni framtíð, lán úr raforkusjóði, að upphæð allt að ⅔ stofnkostnaðar viðkomandi vatnsvirkjana og línulagana heim að bæjarvegg. Ráðherra setur með reglugerð nánari ákvæði um lánskjör og skilyrði til lánveitinga.
4. Úr raforkusjóði má enn fremur veita bændum, sem eru svo í sveit settir sem um getur í 3. tölulið og ekki hafa aðstöðu til vatnsvirkjunar, lán til að koma upp mótorrafstöðvum á heimilum sínum, að upphæð allt að ⅔ stofnkostnaðar rafstöðvarinnar. Ráðherra setur með reglugerð nánari ákvæði um lánskjör og skilyrði til lánveitinga.

2. gr.

2. málsgr. 38. gr. laganna skal orða svo:

Lán þau, sem um getur í 35. gr., tölulið 2, 3 og 4, ákveður ráðherra að fengnum tillögum raforkumálastjóra.

3. gr.

Aftan við 39. gr. laganna bætist ný málsgr., svo hljóðandi:

Útlánsvextir lána skv. 35. gr., tölulið 3, þurfa þó ekki að vera hærri en 2% og skv. tölul. 4 2½%.

4. gr.

Aftan við 53. gr. laganna bætist nýr tölul., svo hljóðandi:

15. umsóknir um lánveitingar úr raforkusjóði skv. 35. gr., tölulið 3 og 4.

5. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Ed. 574. Lög [168. mál]

um breyting á framfærslulögum, nr. 80/1947.

(Afgreidd frá Ed. 25. apríl.)

Samhljóða þskj. 471.

Ed. 575. Breytingartillögur [137. mál]

við frv. til erfðalaga.

Frá allsherjarnefnd.

1. Við 26. gr. Upphaf 2. málsl. orðist svo: Einnig er rétt að geta annarra atriða.
2. Við 27. gr. Fyrir „eða truflaðir“ í niðurlagi 2. málsgr. kemur: né truflaðir.

Nd. 576. Nefndarálit [173. mál]

um frv. til l. um eignarnámsheimild fyrir Siglufjarðarkaupstað á jörðunum Efri-Skútu og Neðri-Skútu í Siglufirði.

Frá allsherjarnefnd.

Nefndin hefur athugað málið og orðið sammála um að leggja til, að það verði samþykkt óbreytt.

Alþingi, 26. apríl 1949.

Stefán Stefánsson, form. Finnur Jónsson, fundaskr. Áki Jakobsson, frsm.

Jörundur Brynjólfsson. Jóhann Hafstein.

Nd. 577. Frumvarp til laga [195. mál]

um heimild fyrir ríkisstjórnina til að taka á móti og ráðstafa framlögum samkvæmt áætlun um fjárhagslega viðreisn Evrópu.

(Lagt fyrir Alþingi á 68. löggjafarþingi, 1949.)

1. gr.

Ríkisstjórninni er heimilt að taka á móti framlögum án endurgjalds samkvæmt samningi frá 3. júlí 1948 milli Íslands og Bandaríkja Ameríku um efnahagssamvinnu.

2. gr.

Að svo miklu leyti sem framlög þessi eru ekki notuð til kaupa á efnavörum, vélum og tækjum til framkvæmda, sem taldar eru í áætlun þeirri til langs tíma, sem lögð hefur verið til grundvallar efnahagssamvinnunni af Íslands hálfu, skal leggja til hliðar jafnvirði þeirra í erlendum gjaldeyri til kaupa á þessum vörum.

3. gr.

Jafnvirði framlags án endurgjalds í íslenzkum gjaldeyri, að frádregnum 5%, má ekki ráðstafa nema með samþykki Alþingis.

4. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Samvinna sú um efnahagslega viðreisn Evrópu, sem Vestur-Evrópuríkin hafa hafizt handa um með aðstoð Bandaríkja Ameríku, í samræmi við lög Bandaríkja-

þings 3. apríl 1948, er grundvölluð annars vegar á samningi milli Evrópuríkjanna, sem þátt taka í samvinnunni, og hins vegar á samningi hvers þeirra um sig við Bandaríkin. Samningur Evrópuríkjanna var undirritaður fyrir Íslands hönd í París hinn 16. apríl 1948 og fullgiltur af forseta Íslands 3. júlí s. á. Með samningi þessum var komið á fót efnahagssamvinnustofnun Evrópu (OEEC). Samningur Íslands við Bandaríkin var undirritaður af utanríkisráðherra í umboði forseta 3. júlí 1948. Samningar þessir eru birtir í Stjórnartíðindum, nr. 61 og 62/1948. Gerði utanríkisráðherra grein fyrir þessum samningum á Alþingi í okt. s. l.

Sú aðstoð, sem Bandaríkin hafa látið þátttökuríkjunum í té, er aðallega með þrenns konar hætti:

1. Framlag án endurgjalds.
2. Lán.
3. Skilyrðisbundið framlag.

Auk þess hafa Bandaríkin látið þátttökuríkjunum ýmsa aðra aðstoð í té, t. d. hefur Ísland notað aðstoðar þeirra við vöruútvegun og afurðasölu.

Frá því að efnahagssamvinnan hófst, hefur Ísland tekið á móti samtals 7.5 millj. dollara aðstoð, sem skiptist þannig:

1. Lán tekið 22/7 1948	2.3	millj. dollara
2. Andvirði seldra vara — skilyrðisbundið framlag	5.2	— —
Alls	7.5	millj. dollara

Ísland á nú til viðbótar kost á 2.5 millj. dollara framlagi án endurgjalds. Er frv. þetta fram borið til að afla heimildar til að taka á móti framlagi þessu og öðrum slíkum, er síðar kunna að fást, og ráðstafa þeim.

Nd. 578. Breytingartillögur [186. mál]

við frv. til l. um eyðingu refa og villiminka.

Frá Jörundi Brynjólfssyni og Pétri Ottesen.

1. Við 1. gr. Fyrir „villiminka“ í niðurlagi greinarinnar komur: minka.
2. Fyrir III.—IV. kafla (11.—13. gr.) kemur nýr kafli í níu greinum og breytist kafla- og greinatala samkvæmt því:

III. KAFLI
Útrýming minka.

a. (11. gr.) Frá 1. janúar 1950 skal minkaeldi með öllu bannað í landinu, og skal öllum aliminkum lógað fyrir þann tíma. Ríkissjóður greiðir eigendum minkabúa bætur fyrir tjón, er af banni þessu leiðir, samkvæmt mati þriggja dómkvaddra manna.

b. (12. gr.) Landbúnaðarráðueytið skal hafa eftirlit með eyðingu minka samkvæmt lögum þessum.

c. (13. gr.) Sérstakar ráðstafanir skulu gerðar til útrýmingar villiminka.

d. (14. gr.) Skylt er hreppsnefndum á þeim svæðum, þar sem vart hefur orðið villiminka, að gera skýrslur um útbreiðslu þeirra og dvalarstaði, eftir því sem unnt er. Skýrslur þessar sendir hreppsnefnd hlutaðeigandi sýslumanni.

e. (15. gr.) Sýslumaður ákveður, að fram fari að minnsta kosti tvisvar á ári, að vetrar- og vorlagi, allsherjar útrýming á þeim svæðum í lögsagnarumdæminu, þar sem villiminka hefur orðið vart.

Sýslumaður ákveður hverju sinni, hvenær útrýming skuli fram fara.

f. (16. gr.) Hreppsnefnd sér um framkvæmd útrýmingarinnar eftir fyrirlagi sýslumanns.
g. (17. gr.) Nú verður vart villiminka, eftir að allsherjar útrýming fór fram, og er hreppsnefnd þá skylt að ráða einn eða fleiri menn til útrýmingar dýranna.
h. (18. gr.) Nú vinna menn villiminka, án þess að þeir hafi verið ráðnir til þess, og skulu þeir þá fá verðlaun úr ríkissjóði, allt að 60 kr. fyrir hvert dýr, sem unnið er, og hefur oddviti á hendi greiðslu verðlaunanna.
i. (19. gr.) Skylt er mönnum að hlíta fyrirmælum hreppsnefndar um útrýmingu villiminka, enda fái þeir greiðslu úr ríkissjóði fyrir starfa sinn samkvæmt ákvæðum reglugerðar, er landbúnaðarráðuneytið setur. Auk þeirrar greiðslu, er hér um ræðir, skulu menn þessir, þegar þeir vinna að útrýmingu á vegum hreppsnefndar, fá hálf verðlaun samkvæmt ákvæðum 18. greinar fyrir hvert dýr, sem þeir vinna.

3. Við 14. gr. greinin orðist svo:
Hreppsnefndir eða þeir, sem falið hefur verið að sjá um refaveiðar, skulu samhliða hreppsreikningi ár hvert hafa tilbúna reikninga yfir kostnað við starfsemi þessa, er séu í samræmi við samninga, er gerðir hafa verið við þá aðila, sem störfin hafa leyst af hendi.
Allan kostnað, sem leiðir af refaveiðum, þar með talin grenjaleit og verðlaun fyrir unna refi, skal greiða úr hlutaðeigandi hreppssjóði eða fjallskilasjóði, eða sameiginlega úr fleiri hreppssjóðum eða fjallskilasjóðum, ef þannig stendur á, sbr. 3. gr.
Alla slíka reikninga skal leggja fyrir næsta sýslufund til úrskurðar. Nú úrskurðar sýslunefnd, að reikningarnir séu réttir og ekki úr hófi háir. Skal þá endurgreiða hreppsfélögum þannig, að ríkissjóður greiði ⅓ kostnaðar og sýslusjóður ⅓.
4. Við 15. gr. Fyrsta málsgr. orðist svo:
Landbúnaðarráðuneytið setur reglugerð um nánari framkvæmd III. kafla laga þessara, svo sem hverra sannana beri að krefjast fyrir drápi villiminka, til þess að verðlaun skuli veitt.
5. Fyrirsögn frumvarpsins orðist svo: Frv. til l. um eyðingu refa og minka.

Ed. 579. Frumvarp til laga [110. mál]

um ræktunarlönd og byggingarlóðir í kaupstöðum, kauptúnum og þorpum.

(Eftir 2. umr. í Ed.)

I. KAFLI
Orðaskýringar.

1. gr.

Í lögum þessum merkir orðið „sveitarstjórn“ bæði bæjarstjórn og hreppsnefnd. „Sveitarfélag“ merkir bæjarfélag og hreppsfélag, og „sveitarsjóður“ merkir bæjarsjóð og hreppssjóð.

II. KAFLI
Um áhrifasvæði laganna.

2. gr.

Lög þessi gilda um land þeirra jarða, sem kaupstaðir og kauptún eru byggð á, svo og um land þeirra þorpa, þar sem verzlun er rekin. Að fengnu samþykki félagsmálaráðuneytisins geta þau einnig gilt um jarðir, þar sem upp hafa risið byggða-

hverfi, þótt engin verzlun sé þar, enda hafi íbúar þeirra sent ráðuneytinu beiðni um það.

Verði ágreiningur um áhrifasvæði laganna, sker ráðuneytið úr.

3. gr.

Nú telur sveitarstjórn nauðsynlegt vegna landsþarfa fólksins á viðkomandi stað, að áhrifasvæði laganna verði stærra en heimilt er samkv. fyrirmælum 2. gr., og skal hún þá senda ráðuneytinu rökstudda beiðni um stækkun áhrifasvæðisins og taka greinilega fram takmörk þess lands, sem hún óskar eftir til viðbótar, enda hafi málið áður verið rætt við eiganda eða eigendur landsins. Að fengnu áliti skipulagsnefndar og Búnaðarfélags Íslands um málið er ráðuneytinu heimilt að samþykkja beiðnina, og breytist þá áhrifasvæði laganna samkvæmt því.

Heimild þessa má ráðuneytið eigi nota oftar á sama stað en á 10 ára fresti, nema sérstaklega standi á.

4. gr.

Nú biður sveitarstjórn um stækkun á áhrifasvæði laganna samkv. heimild 3. gr., og er landið, sem beðið er um, að einhverju eða öllu leyti í nágrannasveitarfélagi kaupstaðarins, kauptúnsins eða þorpsins, sem hlut á að máli, og gildir þá heimild 3. gr. einnig um slíkar beiðnir. Nú samþykkir ráðuneytið slíka stækkun, og skulu þá hreppamörkin breytast samkvæmt því, enda greiði þá sveitarfélagið, er landið hlýtur, viðkomandi sveitarsjóði fullar bætur fyrir þá skerðingu á gjaldstofni, sem tilfærsla hreppamarkanna bakar honum. Sama gildir um lönd, sem sveitarstjórnir hafa aflað sér í öðrum sveitarfélögum fyrir gildistöku laga þessara.

Náist ekki samkomulag um þetta milli þeirra aðila, sem hlut eiga að máli, skulu tveir dómkvaddir menn meta bæturnar.

5. gr.

Þegar áhrifasvæði laganna á hverjum stað hefur verið ákveðið, skal landinu, svo fljótt sem kostur er, skipt í ræktunarsvæði og byggingarsvæði, sbr. 9. gr. og 23. gr. laga þessara.

Á áhrifasvæði laganna er óheimilt að selja land, leigja það eða ráðstafa því til langframa á annan hátt en fyrir er mælt í lögum þessum.

Eigi landeigandi sannanlega kost á að leigja landið eða hluta af því, áður en skipulagningu þess til ræktunar og bygginga er lokið, getur hann krafizt þess, að viðkomandi sveitarfélag kaupi landið eða þann hluta af því, sem hann á kost á að leigja, og gilda um þau kaup ákvæði 11. gr. laga þessara.

III. KAFLI

Um forkaupsrétt og bann gegn sölu lóða og landa.

6. gr.

Nú vilja landeigendur á áhrifasvæði laga þessara selja lönd sín og lóðir eða hluta af þeim, án þess að fyrir hendi séu þær ástæður fyrir sölunni, er um getur í 5., 11., og 24. gr. laga þessara, og skulu þeir þá skyldir að bjóða viðkomandi sveitarstjórn forkaupsrétt á landinu fyrir það verð og greiðsluskilmála, sem þeir eiga kost á að fá hjá öðrum. Sveitarstjórn er þá skylt innan fjögurra vikna, frá því er henni barst bréf um forkaupsréttinn, að segja til um, hvort hún vill nota hann. Hafi landeiganda eigi borizt svar innan þess tíma, má hann líta svo á, að forkaupsréttinum hafi verið hafnað.

7. gr.

Nú fer fram sala á landi á áhrifasvæði laga þessara, án þess að sveitarstjórn hafi verið boðinn forkaupsréttur á landinu, og getur hún þá krafizt þess, að sölunni sé riftað. Jafnframt getur sveitarstjórn krafizt þess að fá að ganga inn í kaupin, enda sé

lögsókn til þess hafin innan sex mánaða, frá því er sveitarstjórn varð kunnugt um misfelluna.

8. gr.

Óheimilt er þeim sveitarfélögum, sem lög þessi ná til, að selja án lagaheimildar óbyggðar lóðir, ræktunarlönd, þar með talin ræktunarmannvirki, jarðir og hvers konar lönd, sem þau eiga eða kunna að eignast.

IV. KAFLI

Um ræktunarlönd, not þeirra og leigu.

9. gr.

Ræktunarland telst í lögum þessum hvert það land innan áhrifasvæðis þeirra, sem samkvæmt ræktunarskipulagi á staðnum er ræktað eða á að notast til grasræktar, garðyrkju eða framleiðslu annars jarðargróðurs eða til hvers konar búfjárræktar, enda sé landið ekki ætlað til byggingarlóða samkvæmt byggingarskipulagi staðarins.

10. gr.

Ráðuneytið skal fela Búnaðarfélagi Íslands eða annarri stofnun, sem ræður yfir sérþekkingu í ræktunarmálum, að gera svo fljótt sem hægt er mælingar og uppdrætti af ræktunarskipulagi á öllum þeim stöðum, sem lög þessi ná til, og sé skipulagið gert í samráði við þær sveitarstjórnir, sem hlut eiga að máli. Uppdrættir sýni, hvernig haga skuli framræslukerfi landsins, jarðvinnslu, girðingum, vegum, skiptingu þess í skákir, hverjar byggingar megi reisa á landinu og hvort það skuli byggt á erfðaleigu eða ekki. Ræktunarskipulagið öðlast gildi, þegar ráðuneytið hefur staðfest það, enda sé það gert innan tveggja ára frá því tillaga um ræktunarskipulagið var lögð fram.

Nú vill sveitarstjórn gera breytingar á staðfestu ræktunarskipulagi, og skal hún þá senda ráðuneytinu breytingartillögur sínar. Fer þá um breytingartillögurnar samkvæmt ákvæðum 1. málsgreinar þessarar greinar.

11. gr.

Eigendum lands á ræktunarsvæði er óheimilt að ráðstafa því til annarra án vitundar sveitarstjórnar, er hlut á að máli.

Þegar viðkomandi sveitarstjórn óskar eftir, skal hver sá, er óræktað land á innan ræktunarsvæðis, skyldur að leigja það til ræktunar íbúum í viðkomandi kaupstað, kauptúni eða þorpi, með þeim kjörum, sem lög þessi mæla fyrir, enda sé um notkun landsins, skiptingu og ræktun farið eftir gildandi ræktunarskipulagi. Fullræktað land, sem eigandi notar sjálfur, er hann þó ekki skyldur til að leigja, nema brýna nauðsyn beri til að dómi sveitarstjórnar, enda sé þá lokið ræktun á öllu ræktanlegu landi innan ræktunarskipulagsins. Óski landeigandi heldur að selja landið eða þann hluta af því, sem falazt er eftir, er sveitarfélaginu skylt að kaupa það ásamt mannvirkjum, er landeigandi hefur á því gert og hann vill selja með landinu.

Náist ekki samkomulag um kaupverð lands og mannvirkja, skal það ákveðið með mati. Matsmenn séu þrír. Seljandi útnefnir einn, kaupandi annan, en oddamaður sé dómkvaddur, og skal hann hafa sérþekkingu á ræktunarmálum.

Nú verður seljandi fyrir röskun á atvinnurekstri vegna sölunnar, sem honum er tilfinnanleg að dómi matsmanna, og ber þeim þá að taka tillit til þess við matið.

Nú er land það, sem falazt er eftir í leiguábúð eða á annan hátt, í notum eins eða fleiri manna, annarra en eigandans, en þau not eru ekki í samræmi við gildandi ræktunarskipulag, og er þá leigjanda eða leigjendum landsins skylt að láta af hendi leigurétt sinn eða hluta af honum, enda komi bætur fyrir.

Nú vill kaupandi eða seljandi lands, mannvirkja eða leiguréttinda ekki una matsverði á eignum, leiguréttindum eða bótum fyrir atvinnutruflun, og getur þá hver

þeirra sem er krafizt yfirmats. Yfirmat skal framkvæmt af þremur dómkvöddum mönnum, og fer það fram samkvæmt lögum nr. 61 14. nóv. 1917.

12. gr.

Árlegt afgjald af ræktunarlöndum skal vera 5% af fasteignamatsverði landsins, eins og það er á hverjum tíma, þar með ekki talinn sá hluti matsverðsins, er myndazt hefur vegna umbóta, er leiguliði hefur gert á því og er hans eign.

Óheimilt er að innheimta leigu af ræktunarlandi fyrr en fasteignamat á því er fyrir hendi, en þá má krefja leigu frá þeim tíma, er landið varð afgjaldsskylt, þó eigi lengur en tvö ár aftur í tímann. Afgjaldsskylda ræktunarlands telst frá næstu áramótum eftir að útmæling fór fram, enda hafi þá mælingin verið gerð á síðari helmingi árs. Hafi landið verið útmælt fyrir 1. júlí, greiðist hálf leiga það ár.

Um ræktunarlönd gilda tvenns konar leiguform:

a. Leiga í tiltekinn árafjölda, þó eigi yfir 50 ár.
b. Erfðaleiga.

Um leið og ræktunarskipulag er fullgert samkv. 10. gr., skal Búnaðarfélag Íslands og viðkomandi sveitarstjórn ákveða leigutíma ræktunarlands innan skipulagsins á þeim grundvelli, er lög þessi mæla fyrir, og gilda þær samþykktir þar til þessir aðilar ákveða annað. Sú meginregla skal gilda við þessa flokkun að byggja á erfðaleigu aðeins þau ræktunarlönd, sem eru yfir 2000 m² að flatarmáli og eigi er líklegt, að nota þurfi í byggingarlóðir eða til annarra félagslegra afnota næstu 30 ár. Þó skal alltaf leigja félögum og stofnunum land um tiltekinn árafjölda.

13. gr.

Leiguréttur erfðaleigulanda gengur að erfðum til þess hjóna, er lengur lifir, síðan til barna, þar með talin kjörbörn. Foreldrar komi sér saman um, hvert af börnunum erfi leiguréttinn. Nú er engin ákvörðun tekin, og skal þá elzta barn erfa réttinn. Afsali það sér réttinum eftir að það er lögráða, erfist hann eftir aldri barnanna.

Hafi erfingi leiguréttar ekki náð lögaldri, og óski lögráðamaður hans ekki, að erfinginn noti réttinn, þegar hann fellur til hans, skal lögráðamaður leigja landið öðrum, nema landseigandi óski að gera það sjálfur, en aðeins um stundarsakir eða þar til erfingi nær lögaldri.

14. gr.

Nú vill leiguliði hætta afnotum af ræktunarlandi sínu, og ber honum þá að tilkynna það skriflega landseiganda eða umboðsmanni hans með sex mánaða fyrirvara. Skal þá landseigandi eða umboðsmaður hans auglýsa landið til leigu með minnst eins mánaðar fyrirvara. Beiðnir um leigu á ræktunarlöndum skulu gerðar í tveimur samritum. Annað eintakið sendist landseiganda, en hitt afhendist viðkomandi sveitarstjórn. Verði beiðnir um sama land fleiri en ein, skal sveitarstjórn ráða, hver landið hlýtur.

Þegar leiguliðaskipti verða, skal fara fram úttekt á landinu, sem er í því fólgin, að metnar eru til verðs þær umbætur, sem fráfarandi hefur gert á því, svo og hús, ef til eru, enda teljist þau nauðsynleg vegna notkunar landsins að dómi úttektarmanna. Hafi landið gengið úr sér frá því leiguliði tók við því, enda verði honum gefin sök á, skal honum gert að greiða hæfilegt álag. Við úttekt húsa ræður hliðsjón af kostnaði við bygginguna, aldur hennar og ásigkomulag, svo og hæfilegt matsverð sambærilegra fasteigna. Við úttekt á ræktunarmannvirkjum skal leggja til grundvallar ræktunarstig landsins, eins og það er þegar úttekt fer fram, og hafa einnig til hliðsjónar kostnað við ræktun þess.

Úttektarverð húsa og ræktunarmannvirkja má þó aldrei fara fram úr tvöföldu fasteignamatsverði þeirra eigna, sem úttektin er gerð á.

15. gr.

Landseigandi hefur forkaupsrétt að ræktunarmannvirkjum fyrir úttektarverð. Noti hann forkaupsrétt sinn, er hann skyldur að leigja hinum nýja viðtakanda ræktunarmannvirkin fyrir 5% á ári af fasteignamatsverði þeirra. Hafni landseigandi forkaupsrétti, er viðtakandi skyldur að kaupa fyrir úttektarverð þau hús, sem eru á ræktunarlandinu, enda séu þau nauðsynleg við hagnýtingu landsins að dómi úttektarmanna.

16. gr.

Úttekt ræktunarlanda á hverjum stað framkvæma matsmenn þeir, er um getur í 12. gr. laga nr. 3 6. jan. 1938, um fasteignamat. Um kostnað við úttektir þessar og störf úttektarmanna gilda ákvæði IX. kafla ábúðarlaga, nr. 87 19. júní 1933, að því leyti sem ekki er öðruvísi fyrir mælt í lögum þessum. Úttektargerð ræktunarlands ásamt greinilegri lýsingu á landi og ræktunarmannvirkjum skulu úttektarmenn færa inn í sérstaka bók, sem sýslumaður löggildir sem úttektarbók ræktunarlanda. Sama gegnir um hús og aðrar umbætur á landinu, sem ekki teljast ræktunarmannvirki. Í bók þessa skulu einnig skráð öll fasteignamöt á ræktunarlöndum í viðkomandi sveitarfélagi.

Nú verða skemmdir á ræktunarlandi af náttúrunnar völdum, svo sem af skriðuföllum, sandfoki, eldgosum, vatnagangi, sjávarflóði eða öðrum slíkum orsökum, og getur þá leiguliði krafizt mats úttektarmanna á skemmdunum. Ber þeim þá að meta tjónið til verðs og ákveða afgjaldslækkun í hlutfalli við matið, en heimilt er þeim að ákveða, að afgjaldsbreytingin gildi aðeins takmarkaðan tíma.

17. gr.

Þegar ræktunarland losnar úr ábúð, er landseiganda skylt að leigja það á ný með þeim kjörum og á þann hátt, sem lög þessi mæla fyrir. Sé þess ekki kostur, skal landinu ráðstafað til eins árs í senn, þar til fært reynist að leigja það til lengri tíma. Óheimilt er að leigja ræktunarland til frambúðar þeim manni, sem hefur tvo hektara eða meira af ræktuðu eða ræktanlegu landi til afnota, eða félagi, sem hefur tvo hektara eða meira á hvern félagsmann.

Nú losnar ræktunarland úr ábúð, en enginn vill taka það á leigu, þótt rækilega hafi verið auglýst, og á þá landseigandi forkaupsrétt á ræktunarmannvirki fyrir úttektarverð, en öðrum mannvirkjum má fráfarandi ráðstafa sjálfur, ef landseigandi óskar ekki eftir kaupum á þeim fyrir úttektarverð.

18. gr.

Leiguliði fyrirgerir ábúðarrétti sínum, og varðar útbyggingu, ef hann:

a. Greiðir ekki samningsbundið afgjald af landinu innan tveggja mánaða frá gjalddaga.
b. Vanrækir að greiða af landinu opinbera skatta, er hann á að borga, eða vexti og afborganir af veðskuldum, er á því kunna að hvíla og honum ber að standa straum af, og gert er lögtak í landinu eða fjárnám af þeim ástæðum eða öðrum, og ef leiguliði verður gjaldþrota.
c. Nytjar ekki landið sjálfur.
d. Hirðir landið svo illa, að ræktunarmannvirki þess ganga úr sér að dómi úttektarmanna.
e. Vanrækir að rækta landið, svo sem leigusamningur hans kveður á um, eða brýtur samninginn að öðru leyti í verulegum atriðum.

19. gr.

Nú telur sveitarstjórn sig þurfa á ræktunarlandi að halda til bygginga eða annarra slíkra almenningsþarfa, og er leiguliða þeim, er hlut á að máli, þá skylt að láta af hendi leigurétt sinn, enda sé honum tilkynnt það með ½ árs fyrirvara. Skal leiguliði þá fá endurgjald fyrir ræktunarmannvirki sín og aðrar eignir á landinu, eftir

mati úttektarmanna, er nema má allt að tvöföldu fasteignamatsverði eignanna, sem úttektin er gerð á. Enn fremur má ákveða leiguliða bætur fyrir atvinnutruflun, eftir sömu reglum og segir í 11. gr. laga þessara.

Ef bæjar- eða sveitarstjórn vill taka meira en ¼ hluta landsins, getur leiguliði krafizt þess, að landið sé allt tekið ásamt þeim mannvirkjum, er á því eru.

20. gr.

Heimilt er leiguliða á ræktunarlandi, sem er a. m. k. 0.3 ha að stærð, að taka lán með veði í ræktun og öðrum mannvirkjum, sem hann á í landinu. Lán þessi mega þó ekki nema hærri upphæð en 75% af fasteignamati hinna veðsettu eigna.

21. gr.

Leiguliða ber að greiða alla skatta og gjöld til hins opinbera, sem lagðir kunna að verða á ræktunarlandið sem gjaldstofn.

22. gr.

Skylt er að láta leiguliða fá leigusamning. Í samningnum séu tekin fram meginatriði laga þessara um réttindi og skyldur leiguliða. Enn fremur sé þar tilgreind stærð landsins, landamerki, afgjaldsupphæð og ræktunarskyldur. Þá sé og greint frá réttindum til húsabygginga á landinu o. s. frv. Heimilt er að setja í leigusamning ákvæði um greiðslu dráttarvaxta vegna vanskila á afgjaldi, eftir sömu reglum og gilda um útsvör, svo og að afgjaldið hvíli með lögveði á mannvirkjum þeim, sem á landinu eru, á undan samningsbundnum veðum. Fjögur samrit skulu gerð af leigusamningnum, og rita landseigandi og leiguliði nöfn sín undir í votta viðurvist. Heldur landseigandi einu eintakinu, leiguliði öðru, úttektarmenn geyma hið þriðja, en hið fjórða afhendist til þinglýsingar. Leiguliði greiðir kostnað við þinglýsingu og stimplun.

V. KAFLI

Um byggingarlóðir, not þeirra og leigu.

23. gr.

Byggingarsvæði telst í lögum þessum það land í kaupstað, kauptúni, þorpi eða byggðahverfi, sem notað er eða ætla má að notað verði samkvæmt gerðum eða væntanlegum skipulagsuppdrætti til þess að reisa á íbúðarhús, skólahús, sjúkrahús, geymsluhús, hafnarmannvirki, peningshús, götur, torg, hús vegna iðnaðar, flutninga, verzlunar eða gera á hvers konar framkvæmdir vegna menningarmála, viðskipta eða atvinnurekstrar, annars en landbúnaðar.

Nú hefur ekki verið gerður byggingarskipulagsuppdráttur af kauptúni, þorpi eða byggðahverfi, og þar af leiðandi er þar ekkert afmarkað byggingarsvæði, og skal þá sveitarstjórn tafarlaust gera tillögur til ráðuneytisins um stærð og takmörk byggingarsvæðis á staðnum. Ráðuneytið skal leita umsagnar skipulagsnefndar um tillögurnar, áður en það staðfestir þær. Þegar tillögur um byggingarsvæði hafa hlotið staðfestingu ráðuneytisins, fer um afnot og leigukjör landsins til bygginga og annarra framkvæmda eftir því, sem lög þessi mæla fyrir.

24. gr.

Allt óbyggt land innan byggingarsvæðis skal um afnot, annarra en eiganda landsins, vera háð eftirliti viðkomandi sveitarstjórnar, og er eiganda landsins óheimilt að leyfa eða synja um notkun þess án vitundar hennar. Beiðnir um leigu á lóðum skulu gerðar í tveim samritum. Annað eintakið sendist landseiganda, en hitt afhendist sveitarstjórn. Verði beiðnir um sömu lóð fleiri en ein, ræður sveitarstjórn, hver umsækjandi fær lóðina. Skylt er eiganda byggingarsvæðis að leigja lóðir til bygginga, gatnagerðar, torga eða annarra álíkra afnota á óbyggðu byggingarsvæði, ef bæjar-

stjórn óskar eftir eða mælir með því, enda séu hús þau eða mannvirki, er reisa skal á lóðinni, í samræmi við byggingarskipulagsuppdrátt staðarins, ef til er. Vilji eigandi byggingarsvæðis heldur selja landið eða hluta af því, skal sveitarsjóður skyldur að kaupa það ásamt þeim mannvirkjum, er á því eru og landseigandi vill selja með landinu. Þó er landseigandi ávallt skyldur, ef sveitarstjórn óskar eftir, að selja land undir götur, torg og til annarra opinberra þarfa.

Um kaupverð landsins og aðrar bætur fer eftir sömu reglum og segir í 11. gr. laga þessara.

Nú er óbyggt byggingarsvæði, sem falazt er eftir, í leiguafnotum og notkun þess ekki í samræmi við skipulagsuppdrátt staðarins, og er þá leigjandi landsins skyldur að láta af hendi leigurétt sinn eða hluta af honum, ef sveitarstjórn óskar, og fer um bætur fyrir það eftir sömu reglum og segir í 11. grein.

25. gr.

Skylt er lóðarleigjanda að hefja byggingu á lóð innan árs frá því lóðarleyfi er veitt, og hafa lokið henni innan tveggja ára frá því er hún hófst, ella fellur niður réttur hans til lóðarinnar.

Lóðarsamningar, sem gerðir hafa verið fyrir gildistöku þessara laga, skulu og falla úr gildi, ef eigi er innan þriggja ára frá gildistöku laganna lokið byggingu á lóðunum samkvæmt gildandi byggingarskipulagi. Sveitarstjórnir geta þó framlengt þessa fresti, ef sérstakar ástæður eru fyrir hendi.

Framleiga á lóðum eða hvers konar ráðstöfun á þeim til þriðja manns er óheimil, nema í sambandi við sölu húsa eða meiri háttar mannvirkja, sem á lóðinni standa.

Ef hús eða mannvirki brennur, er rifið niður eða eyðilagt á einhvern hátt, er leigjanda lóðarinnar skylt að byggja það á ný innan tveggja ára, ella fyrirgerir hann réttindum sínum til lóðarinnar.

26. gr.

Byggingarlóðir skulu leigðar um ótakmarkaðan tíma. Árleg leiga eftir byggingarlóðir sé 5% af fasteignamati þeirra, eins og það er á hverjum tíma, þar í ekki taldar umbætur, er lóðareigandi hefur gert á lóðinni. Óheimilt er að innheimta leigu af lóð, fyrr en fasteignamat á lóðinni er fyrir hendi, en þá má krefja lóðargjald frá þeim tíma, er lóðin varð afgjaldsskyld, þó ekki lengur en tvö ár aftur í tímann. Afgjaldsskylda lóðar telst frá næstu áramótum eftir að hún er útmæld, ef mælingin hefur farið fram á síðari helmingi árs. Hafi lóðin verið afhent fyrir 1. júlí, greiðist hálft lóðargjald það ár.

27. gr.

Leigutaka ber að greiða alla skatta og gjöld til hins opinbera, sem lögð kunna að verða á lóðina sem gjaldstofn.

28. gr.

Skylt er að láta leigutaka fá lóðarsamning, þar sem nánar eru fram tekin réttindi hans og skyldur. Heimilt er að setja í lóðarsamninga ákvæði um greiðslu dráttarvaxta vegna vanskila á lóðarleigum, eftir sömu reglum og gilda um útsvör. Enn fremur, að lóðarleiga hvíli með lögveði á mannvirkjum þeim, sem á lóðinni eru, á undan samningsbundnum veðum. Af lóðarsamningi séu gerð þrjú samrit, eitt handa hvorum aðila og hið þriðja til þinglýsingar. Leiguliði greiðir þinglýsingar- og stimpilgjald.

VI. KAFLI

Niðurlagsákvæði.

29. gr.

Nú eru seld ræktunarlönd eða byggingarlóðir, sem lög þessi ná til, og skal þá seljandi greiða söluskatt af löndum þessum og lóðum, er nemi 50% af þeim hluta söluverðsins, sem er umfram þrefalt fasteignamat landsins eða lóðarinnar, og allt

að ferföldu fasteignamati, en 75% af því, sem þar er fram yfir. Ef söluverðs er ekki getið í kaupsamningi eða afsali, eða tilgreint söluverð þykir ósennilegt, lætur bæjarstjórn eða hreppsnefnd tvo dómkvadda menn meta söluverðið, og reiknast söluskatturinn þá af matsverðinu. Nú eru lönd eða lóðir teknar eignarnámi og metin til verðs, og telst þá matsverðið söluverð og reiknast skattur af því.

Söluskatturinn rennur í viðkomandi bæjar- eða sveitarsjóð.

Ráðherra setur með reglugerð nánari fyrirmæli um framkvæmd þessarar greinar.

30. gr.

Þegar lög þessi hafa öðlazt gildi, skulu fasteignamatsnefndir hefjast handa um sundurliðun á fasteignamatinu frá 1940 í grunnverð og mannvirkjaverð, að því er snertir lönd og lóðir, er lög þessi taka til, og skal því verki lokið innan árs frá gildistöku laganna.

31. gr.

Eftir gildistöku laga þessara skulu allir gildandi samningar um lóðir og ræktunarlönd á áhrifasvæði þeirra endurnýjaðir, svo fljótt sem verða má, á þann hátt er lög þessi mæla fyrir.

32. gr.

Ráðherra setur með reglugerð nánari ákvæði um framkvæmd laga þessara.

33. gr.

Með lögum þessum falla úr gildi l. nr. 86 16. des. 1943, um ákvörðun leigumála og söluverð lóða og landa Reykjavíkurkaupstaðar, VII. kafli jarðræktarlaga, nr. 54, 4. júlí 1942, svo og önnur lagaákvæði, er ekki samræmast ákvæðum laga þessara.

34. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Nd. 580. Frumvarp til laga [108. mál]

um stofnun Framfarasjóðs íslenzkra búnaðarsambanda.

(Eftir 2. umr. í Nd.)

1. gr.

Ríkissjóður leggur árlega fram kr. 300000.00 — þrjú hundruð þúsund krónur —, sem renna í sérstakan sjóð, er nefnist Framfarasjóður íslenzkra búnaðarsambanda.

2. gr.

Búnaðarþing skiptir fé sjóðsins eftir ákveðnum reglum, er staðfestar séu af landbúnaðarráðherra.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Nd. 581. Nefndarálit [159. mál]

um frv. til l. um þingfararkaup alþingismanna.

Frá minni hl. allsherjarnefndar.

Nefndin hefur haft mál þetta til athugunar, en ekki getað orðið sammála um afgreiðslu þess. Meiri hl. vill afgreiða það með dagskrártillögu, en minni hl. leggur

til, að frv. verði samþykkt, og áskilur sér rétt til að flytja eða fylgja breytingartillögum, sem fram kunna að koma.

Alþingi, 26. apríl 1949.

Áki Jakobsson.

Nd. 582. Nefndarálit [188. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 28 18. febr. 1943, um stækkun lögsagnarumdæmis Neskaupstaðar.

Frá allsherjarnefnd.

Nefndin hefur athugað frumvarpið og leggur til, að það verði samþykkt óbreytt.

Alþingi, 26. apríl 1949.

Stefán Stefánsson, form. Finnur Jónsson, fundaskr., frsm. Jörundur Brynjólfsson.
Áki Jakobsson. Jóhann Hafstein.

Nd. 583. Breytingartillaga [60. mál]

við frv. til l. um breyt. á l. nr. 42 1948, um útflutning og innflutning á íslenzkum og erlendum gjaldeyri.

Frá Emil Jónssyni.

Við 2. gr. Greinin falli niður, að undanteknum fyrsta málslið.

Nd. 584. Nefndarálit [159. mál]

um frv. til l. um þingfararkaup alþingismanna.

Frá meiri hl. allsherjarnefndar.

Nefndin hefur athugað frv. og ekki orðið sammála um afgreiðslu þess. Minni hl., Áki Jakobsson, skilar sérstöku áliti.

Meiri hl. er þeirrar skoðunar, að ástæða væri til endurskoðunar á þeim reglum, sem fylgt hefur verið um þingfararkaup alþingismanna. Snertir það ekki eingöngu daglegar kaupgreiðslur fyrir þingstörfin, heldur einnig mismunandi aðstöðu þingmanna, hvernig greiðslu fyrir þingstörfin er háttað, svo og ýmis önnur atriði.

Augljóst er, að langverst eru þeir þingmenn settir nú, sem búsettir eru utan Reykjavíkur og þurfa að kaupa sér vinnukraft til þess að sinna venjulegum störfum sínum heima, meðan þeir sitja á þingi, því að vegna annars kaupgjalds í landinu hrekkur þingfararkaupið oft mjög skammt til þess að mæta slíkum kostnaði, sem þingmaður hefur af fjarvist sinni að heiman. Að sjálfsögðu fellur einnig kostnaður af líkum toga og einnig annars eðlis á þingmenn, sem búsettir eru í Reykjavík.

Þá bera fylgiskjöl frv. með sér, að víða í nágrannalöndunum er kaup þingmanna miðað við ákveðin árslaun, hvort sem þingið stendur lengur eða skemur, og mætti vel athuga slíkt fyrirkomulag hér.

En enda þótt málið verðskuldi þannig íhugun af ýmsum ástæðum, telur meiri hl. samt, með hliðsjón af öðrum aðstæðum í þjóðfélaginu, að ekki sé tímabært að afgreiða málið.

Dýrtíðarmálin eru eitt erfiðasta viðfangsefnið nú vegna hins háa kaupgjalds og verðlags í landinu, sem torveldar sölu útflutningsafurða okkar í samkeppni við aðrar þjóðir. Það er veigamikið atriði, að stéttum og starfsmönnum þjóðfélagsins skiljist, að þegar þannig stendur á, verður að draga úr kapphlaupinu innanlands, jafnvel þótt kröfurnar séu stílaðar til samræmingar og lagfæringar við aðra.

Af þessum sökum leggur meiri hl. til, að frv. verði afgreitt með svo hljóðandi

RÖKSTUDDRI DAGSKRÁ:

Jafnvel þótt ýmsar breytingar og kjarabætur á þingfararkaupi alþingsmanna væru réttlátar í samanburði við kaup og kjör almennt, telur deildin samt sem áður ekki tímabærar slíkar leiðréttingar, meðan nauðsyn krefur vegna fjárhagsörðugleika, að tilkostnaður hækki ekki við rekstur þess opinbera og atvinnuvega landsmanna, og tekur því fyrir næsta mál á dagskrá.

Alþingi, 26. apríl 1949.

Stefán Stefánsson, form.	Finnur Jónsson, fundaskr.	Jóhann Hafstein, frsm.
	Jörundur Brynjólfsson.	

Nd. 585. Frumvarp til laga [138. mál]

um eftirlit með rekstri ríkisins og ríkisstofnana.

(Eftir 3. umr. í Ed.)

1. gr.

Í fjármálaráðuneytinu skal stofna sérstaka deild, er nefnist: Eftirlit með opinberum rekstri. Hlutverk þessarar deildar er:

1. Að hafa eftirlit með rekstri ríkisstofnana og starfsmanna ríkisins, starfsaðferðum, starfsmannahaldi, vinnuafköstum og vinnuskilyrðum þessara aðila;
2. að leiðbeina ríkisstofnunum og ríkisstarfsmönnum um starfstilhögun og mannahald;
3. að gera tillögur til hlutaðeigandi ráðherra um bætta starfstilhögun og breytt skipulag og sparnað, sem við verður komið, þar á meðal um niðurlagningu eða sameiningu stofnana eða starfa.

2. gr.

Fjármálaráðherra setur mann til forstöðu deildarinnar, og nefnist hann ráðsmaður ríkisins. Hann hefur sömu laun og ráðherrar. Eftir að hann hefur verið reyndur í starfinu árlangt, getur forseti Íslands skipað hann í stöðuna, enda séu allir ráðherrar sammála um að leggja til, að svo verði gert.

3. gr.

Skrifstofustjórar stjórnarráðsins, ríkisbókari, aðalendurskoðandi og forstöðumenn ríkisstofnana, sem heyra beint undir ráðherra, skulu vera ráðsmanni ríkisins til ráðuneytis og getur hann kvatt þá, einn eða fleiri, til sameiginlegra fundarhalda um tiltekin málefni.

4. gr.

Ríkisstofnunum og einstökum starfsmönnum ríkisins er skylt að veita stofnun þessari hverjar þær upplýsingar, sem hún þarfnast vegna starfs síns, og þeim ber einnig að leita samvinnu við deildina um hvað eina, sem varðar skrifstofuhald, svo og fjölgun og fækkun starfsliðs og hverjar aðrar endurbætur í rekstrinum, er til greina koma.

5. gr.

Engin ríkisstofnun né starfsmaður ríkisins má ráða starfsfólk til starfa við skrifstofuvinnu, iðnað, iðju, afgreiðslustörf eða önnur skyld verk án þess að hafa áður fengið samþykki ráðsmanns til ráðningarinnar. Hins vegar fer um veitingu starfa eftir þeim reglum, sem gilt hafa til þessa. Nú ræður forstöðumaður fólk til starfa án samþykkis ráðsmanns, og er sú ráðning þá ógild. Ef ágreiningur verður um starfssvið ráðsmanns samkvæmt ákvæðum þessarar greinar, sker ráðherra úr.

6. gr.

Nýja stofnun má ekki setja á fót nema með lögum. Nú er ný stofnun eða embætti sett á fót, og skal þá ráðsmaður ríkisins ákveða mannahald og starfstilhögun að öðru leyti í stofnuninni í samráði við fyrirsvarsmann stofnunarinnar.

7. gr.

Skýrslur þær og aðrar upplýsingar, sem um ræðir í 4. gr., skulu afhentar ráðsmanni fyrir þann tíma, er hann ákveður, og getur ráðherra ákveðið, að hlutaðeigandi forstöðumenn sæti dagsektum, ef misbrestur verður á um afhendingu umbeðinna upplýsinga.

8. gr.

Fjármálaráðherra getur, að fengnum tillögum ráðsmanns, með reglugerð, erindisbréfi eða öðrum fyrirmælum, kveðið nánar á um starfssvið og önnur atriði, sem um ræðir í lögum þessum.

9. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. júlí 1949.

Nd. 586. Frumvarp til erfðalaga. [137. mál]

(Eftir 3. umr. í Ed.)

Samhljóða þskj. 356 með þessum breytingum:

26. gr. hljóðar svo:

Þegar vottað er um erfðaskrá samkv. 24. gr., skal þess getið, hvort arfleifandi hafi verið svo andlega heill heilsu, að hann væri fær um að gera erfðaskrána. Einnig er rétt að geta annarra atriða, ef fyrir hendi eru, sem gætu haft áhrif á, hvort arfleiðsluskráin yrði gild metin.

27. gr. hljóðar svo:

Vottar þeir, er á erfðaskrá rita, skulu ekki yngri vera en 21 árs. Þeir skulu vera þekktir að samvizkusemi, hvorki andlega sljóir né truflaðir. Erfðaskráin má ekki varða hagsmuni þeirra og þeir hvorki vera í náinni frændsemi né mægðum við þann, er góðs nýtur, — svo verulega munar, — af erfðaskránni, og ekki heldur í þjónustu hans.

Ed. 587. Nefndarálit [157. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 84 6. júlí 1932, um bifreiðaskatt o. fl.

Frá fjárhagsnefnd.

Nefndin hefur á fundi í dag athugað frv. þetta og leggur til, að það verði samþykkt óbreytt.

Alþingi, 26. apríl 1949.

Björn Ólafsson, form., frsm. Guðm. Í. Guðmundsson, fundaskr. Bernh. Stefánsson.

Þorst. Þorsteinsson.

Ed. 588. Frumvarp til laga [196. mál]

um breyting á lögum nr. 6 9. janúar 1935, um tekjuskatt og eignarskatt.

Frá fjárhagsnefnd.

1. gr.

45. gr. laganna orðist svo:

Lögreglustjórar — í Reykjavík tollstjóri — innheimta tekju- og eignarskatt á manntalsþingum ár hvert. Sé skatturinn eigi greiddur innan mánaðar frá gjalddaga, skal greiða dráttarvexti, ½% fyrir hvern mánuð eða brot úr mánuði, sem greiðsla dregst. Fjármálaráðherra getur með reglugerð sett fyllri ákvæði um innheimtuna, svo sem að gjalddagar skuli vera fleiri en einn á ári, þar sem það þykir henta, um tilbúning og sölu skattmerkja og þess háttar. Einnig getur fjármálaráðherra með reglugerð skyldað kaupgreiðendur til að gefa skýrslur um mannahald og halda eftir og skila til innheimtumanns upp í þinggjöld manna hluta af kaupi þeirra til lúkningar gjöldunum, og má í reglugerðinni setja ýtarlegri ákvæði um allt, er að þessu lýtur. Kaupgreiðandi ábyrgist þá fé það, er hann hefur haldið eftir sem geymslufé. Fé þetta og gjöld, er ekki hefur verið haldið eftir vegna vanrækslu kaupgreiðanda, má taka lögtaki hjá honum sem eigin skattar væru. Nú vanrækir kaupgreiðandi að halda fé eftir upp í gjöldin, skila innheimtufé eða umkröfðum skýrslum, og má þá einnig beita sektum, ef eigi er úr bætt innan hæfilegs frests, er innheimtumaður ákveður.

Enn fremur getur ráðherra með reglugerð ákveðið, að innheimta skuli fyrir fram upp í væntanlega skatta yfirstandandi árs hjá hverjum gjaldanda fjárhæð, er nemi allt að helmingi þeirra þinggjalda, sem honum bar að greiða næstliðið ár. Nú breytir ríkisskattanefnd skatti svo seint, að tilkynning um það hefur eigi náð innheimtumanni fyrir gjalddaga skattsins, og skal hann þá innheimta eða endurgreiða þann skatt síðar á árinu.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Frv. þetta er flutt að beiðni fjármálaráðherra. Einstakir nefndarmenn áskilja sér óbundin atkv. um málið. Frv. fylgdu eftirfarandi athugasemdir:

Breyting þessi á 2. mgr. 45 gr. skattalaganna er tekin orðrétt eftir tillögum milliþinganefndar í skattamálum, og eru athugasemdir hennar á þessa leið:

„Áður hefur nefndin rökstutt þá skoðun sína, að ekki sé tímabært að taka hér upp skattakerfi það, sem innleitt hefur verið t. d. í Bandaríkjunum og Svíþjóð, þar sem skattur er á lagður og innheimtur jafnóðum og tekjurnar falla til, eftir því sem föng eru á. Tilgangurinn með því fyrirkomulagi er fyrst og fremst sá, að skattarnir greiðist fljótt og jafnt og skattar, sem miðast við aðrar tekjur en þeir raunverulega greiðast af, safnist ekki fyrir. Var á það bent, að svipuðum árangri mætti ná í innheimtunni með breytingu á fyrirkomulagi hennar. Hafa því verið tekin upp í þessa grein ákvæði, sem heimila ráðherra að ákveða með reglugerð, að innheimta skattanna hefjist, áður en þeir eru álagðir, og innheimta skuli fyrir fram upp í væntanlega skatta hjá hverjum gjaldanda fjárhæð, sem nemi allt að helmingi þeirra skatta, er honum bar að greiða næstliðið ár. Með því fyrirkomulagi dreifist skattgreiðslan á lengra tímabil en nú, ríkissjóður fær skattana fyrr og jafnar greidda, innheimtan verður öruggari og vanskilahættan minni.

Þessi innheimtuaðferð hefur verið notuð í nokkur ár við innheimtu útsvara í Reykjavík og víðar, eins og kunnugt er, og gefizt vel."

Við þetta má bæta því, að flestum skattgreiðendum mun vera hagræði að því að dreifa skattgreiðslum sínum yfir árið.

Í 1. mgr. 45. gr. skattalaganna er ráðherra heimilað að skylda kaupgreiðendur með reglugerð til að halda eftir af kaupi þeirra, er kaup eða þóknun taka til lúkningar á sköttum þeirra, og hefur heimild þessi verið notuð í mörg undanfarin ár. Innheimtuaðferð þessi hefur yfirleitt gefizt vel og er beitt í vaxandi mæli. Mjög margir kaupgreiðendur hafa rækt skyldur sínar skv. reglugerðinni fúslega og samvizkusamlega, en aðrir hafa vanrækt þær og sumir þeirra mjög verulega. Til þess að bæta úr þessu þykir nauðsynlegt að gera ákvæðin um þetta skýrari en áður, og lýtur breyting sú, er frumvarpið gerir á 1. mgr. 45. gr., að þessu.

Ed. 589. Frumvarp til laga [197. mál]

um breyting á lögum nr. 60/1945, um laun starfsmanna ríkisins.

Frá fjárhagsnefnd.

1. gr.

2. mgr. 37. gr. laganna orðist svo:

Fjármálaráðherra úrskurðar, hver aukastörf sé rétt að telja til aðalstarfs og hver beri að launa sérstaklega.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Frv. þetta er flutt að beiðni fjármálaráðherra, en nefndarmenn áskilja sér óbundin atkv. um málið. Frv. fylgdu svolátandi athugasemdir:

Með launalögum, nr. 60/1945, er ákveðið í 37. gr., að skipuð skuli 3 manna nefnd, sem úrskurða skuli um, hver aukastörf rétt sé að telja til aðalstarfs og hver beri að launa sérstaklega. Er nefndin skipuð þannig, að ríkisstjórn, Bandalag starfsmanna ríkis og bæja og hæstiréttur tilnefni sinn mann hver. Sparnaðarnefnd lagði til, að nefnd þessi yrði lögð niður og störf hennar lögð undir úrskurð fjármálaráðuneytisins. Segir um þetta í áliti sparnaðarnefndar meðal annars á þessa leið:

„Við athugun hefur sparnaðarnefndin komizt að þeirri niðurstöðu, að engin ástæða sé til að hafa sérstaka nefnd starfandi til að úrskurða þau málefni, sem talin eru upp í 37. gr. laganna, þar sem fjölmörg atriði laganna, sem eigi snerta

síður hag launþega en þau, sem talin eru upp í greininni, heyra beint undir úrskurð fjármálaráðuneytisins, eins og t. d. þau, hvar skipa beri mönnum í launaflokka, og önnur eru sett undir dóm annarra lögboðinna og fastra nefnda, svo sem mat hlunninda undir úrskurð yfirskattanefnda.

Leggur því sparnaðarnefndin til, að umrædd nefnd samkv. 37. gr. launalaganna verði lögð niður og störf þau, sem henni eru falin, lögð undir úrskurð fjármálaráðuneytisins, enda verði launalögunum breytt að þessu leyti."

Ríkisstjórnin hefur fallizt á tillögu nefndarinnar, en með því að lagabreytingu þarf til að koma tillögunni í framkvæmd, er frv. þetta borið fram.

Nd. 590. Lög [13. mál]

um veitingu ríkisborgararéttar.

(Afgreidd frá Nd. 26. apríl.)

Samhljóða þskj. 568.

Nd. 591. Breytingartillaga [60. mál]

við frv. til l. um breyt. á l. nr. 42 1948, um útflutning og innflutning á íslenzkum og erlendum gjaldeyri.

Frá minni hl. fjárhagsnefndar.

Við 2. gr. Greinin orðist svo:

Í stað 1. og 2. málsgr. 4. gr. laganna komi:

Eigi má setja reglur samkvæmt lögum þessum, er banna mönnum brottför úr landi, en heimilt er að krefjast þess, að einstaklingar, búsettir hér á landi, sem fara til útlanda, geri fullnægjandi grein fyrir því, á hvern hátt þeir afla sér erlends gjaldeyris til greiðslu á ferða- og dvalarkostnaði erlendis.

Ed. 592. Nefndarálit [155. mál]

um frv. til l. um réttindi kvenna.

Frá minni hl. heilbrigðis- og félagsmálanefndar.

Nefndin ræddi mál þetta nokkuð á tveimur fundum, en varð ekki sammála um afgreiðslu þess. Meiri hl., þeir Páll Zóphóníasson, Gísli Jónsson og Lárus Jóhannesson, vill láta vísa málinu frá með rökstuddri dagskrá, en minni hl., HV og BrB, leggur til, að frumvarpið verði samþykkt óbreytt.

Ástæðurnar, sem meiri hl. færir fyrir frávísun sinni, eru einkum þær, að það sé ekki nægilega rannsakað og óljóst og óvíst, að hve miklu leyti konur búi við takmarkaðri rétt en karlar. Þess vegna vill meiri hl. nefndarinnar fela ríkisstjórninni að rannsaka, að hve miklu leyti konur njóti ekki sama réttar og karlmenn, og að rannsókninni lokinni skuli stjórnin, ef þurfa þykir, leggja fyrir Alþingi frumvarp til laga eða frumvarp til breytinga á eldri lögum, og sé markmið þeirrar lagasetningar að skapa sem fullkomnast lagalegt jafnrétti milli kvenna og karla í þjóðfélaginu.

Samkvæmt þessu virðist meiri hl. ekki beinlínis vera andvígur því, að konur njóti sama þjóðfélagsréttar og karlar. En hins vegar er honum ekki ljóst, að í þessu

efni sé um neitt misrétti að ræða. Þess vegna vill meiri hl. fara fjarskalega varlega og rólega í málið og láta athuga og rannsaka allar aðstæður og fela ríkisstjórninni síðan framkvæmd réttarbótanna — „eftir því sem þurfa þykir", eins og háttvirtur meiri hl. segir orðrétt í nefndaráliti sínu.

Við, sem í minni hl. urðum í nefndinni, teljum það alkunna staðreynd, að konur búa enn þá við stórum þrengra rétt en karlar á ýmsum sviðum þjóðfélagsins. Er misréttið mest áberandi á sviði fjárhagsmála, atvinnumála og launamála.

Minni hl. nefndarinnar telur alveg sjálfsagt, að konur eigi þess kost að ganga að starfi í þjóðfélaginu í bróðurlegu samstarfi við karlmenn með nákvæmlega sama rétti og skyldum og þeir. — Einmitt þetta — og ekkert annað en þetta — felst í frumvarpi því, sem hér liggur fyrir, og leggjum við því til, að það verði samþykkt óbreytt áður en þessu þingi lýkur.

Alþingi, 27. apríl 1949.

Hannibal Valdimarsson, fundaskr., frsm. Brynjólfur Bjarnason.

Nd. 593. Frumvarp til laga [198. mál]

um iðnskóla.

Frá menntamálanefnd.

I. KAFLI
Hlutverk og inntökuskilyrði.

1. gr.

Iðnskólar veita fræðslu þeim nemendum, sem iðnmeistarar eða iðnfyrirtæki hafa tekið til náms samkvæmt lögum um iðnfræðslu, og þeim, sem nema vilja iðn til sveinsprófs í vinnustöðvum, er skólarnir hafa ráð á. Enn fremur skulu skólarnir eftir föngum veita þeim viðtöku, sem búa sig undir vinnu í verksmiðjum eða aðra iðju, sem ekki þarf sveinspróf til.

2. gr.

Þessi eru almenn inntökuskilyrði:

1. Að umsækjandi sé eigi yngri en fullra 15 ára;
2. að hann hafi lokið miðskólaprófi verknámsdeildar;
3. að hann hafi náð tilskildum árangri við hæfnispróf, þegar því verður komið á fyrir umsækjendur um iðnnám.

Iðnskólum er þó heimilt að taka nemendur, sem lokið hafa miðskólaprófi bóknámsdeildar. Meðan lög um gagnfræðanám eru ekki að fullu komin til framkvæmda, er enn fremur heimilt að taka nemendur, sem ekki hafa lokið miðskólaprófi. Þessum nemendum öllum skal sjá fyrir undirbúningskennslu og sannreyna með prófi, að þeir hafi hlotið nauðsynlega þekkingu í bóklegum og verklegum greinum, áður en þeir byrja á reglulegu námi.

II. KAFLI
Stofnun iðnskóla og stjórn.

3. gr.

Forgöngu um stofnun iðnskóla geta haft:

1. Bæjarstjórnir;
2. sýslunefndir eða hreppsnefndir, enda semji hlutaðeigandi sveitarfélög, ef fleiri eru en eitt, um greiðslu þess hluta stofnkostnaðar og reksturskostnaðar, sem ríkissjóður greiðir ekki;

3. iðnaðarmannafélög eða sambönd þeirra, enda komi til meðmæli og samþykki þeirra aðila, sem getur í 1. og 2. tölulið.

Fræðslumálastjórn ákveður síðan um stofnun skólans, að fengnum tillögum iðnfræðsluráðs og hlutaðeigandi iðnfulltrúa og fræðsluráðs.

Fræðslumálastjórn löggildir iðnskóla þá, sem nú eru starfandi, að fengnum tillögum iðnfræðsluráðs og hlutaðeigandi iðnfulltrúa og fræðsluráðs.

4. gr.

Eigi skal löggilda iðnskóla nema þar, sem 10 nemendur eða fleiri geta skipað fyrsta bekk annað hvert ár. Skylt er að taka við öllum iðnnemum úr umdæmi skólans, ef þeir fullnægja settum skilyrðum. Iðnmeistarar eða iðnfyrirtæki skulu tilkynna hlutaðeigandi skóla, þegar samningar eru gerðir við nýja iðnnema, og senda þá til byrjunarnáms, er það hefst næst. Einnig skal tilkynna, ef nemandi hættir iðnnámi eða getur ekki haldið áfram skólanámi af öðrum ástæðum.

5. gr.

Fræðslumálastjórn hefur á hendi yfirstjórn allra iðnskóla í landinu.

Leita skal álits iðnfræðsluráðs um öll meiri háttar atriði, er skólana varða. Iðnerindreki skal samræma störf skólanna og annast námsstjórn.

6. gr.

Hverjum skóla stjórnar skólanefnd, skipuð sem hér segir:

Þar sem kaupstaður stendur einn að skóla, hreppur eða sýsla, kýs bæjarstjórn, hreppsnefnd eða sýslunefnd 2 nefndarmenn hlutbundinni kosningu á 1. fundi eftir kosningar. Ef 2 sýslur eða fleiri eða 2 hreppar eða fleiri standa að sama skóla, kýs hver sýslunefnd eða hver hreppsnefnd einn nefndarmann. Iðnaðarmannafélag hlutaðeigandi staðar kýs jafnmarga menn til sama tíma.

Fræðslumálastjórn skipar formann nefndarinnar til sama tíma.

Verksvið skólanefndar skal ákveðið með erindisbréfi, er fræðslumálastjórn setur.

III. KAFLI

Fjármál.

7. gr.

Ríkissjóður greiðir helming stofnkostnaðar viðurkenndra iðnskóla. Hinn hlutann greiða þeir, sem að stofnun skólans standa. Til stofnkostnaðar telst skólahús ásamt húsbúnaði og kennsluáhöldum, svo og vinnustofur, ef reknar eru, ásamt vélum og áhöldum. Stofnkostnaður iðnskóla greiðist eftir því sem fé er veitt til í fjárlögum, enda sé tryggt framlag á móti.

8. gr.

Ríkissjóður greiðir laun fastra kennara. Annar reksturskostnaður greiðist af sömu aðilum og stofnkostnaður, og í sömu hlutföllum. Iðnmeistarar og iðnfyrirtæki, sem láta nemendur ganga í skólann, greiða gjöld vegna þeirra eftir því sem fræðslumálastjórn ákveður í samráði við skólanefnd. Gjöld þessi svo og hreinar tekjur af skólavinnustofum koma til frádráttar reksturskostnaði, áður en honum er skipt.

9. gr.

Skólanefndir annast fjárreiður og reikningshald skólanna.

IV. KAFLI
Kennsla.

10. gr.

Kennslan er bæði bókleg og verkleg. Fer hún fram í skólum og á námsskeiðum.

Skólunum skal svo fyrir komið, að nemendur geti stundað þar nám samhliða verklegu námi hjá meistara eða iðnfyrirtæki.

11. gr.

Námskeið samkvæmt 2. málsgr. 2. gr. skulu standa 3—9 mánuði, og má halda þau í iðnskólunum eða í öðrum skólum í samráði við stjórnendur iðnskólanna.

12. gr.

Námskeið til undirbúnings iðnnámi má halda til þess að gefa unglingum færi á að kynnast áhöldum, efni og vinnuaðferðum í ýmsum iðnum og iðjugreinum, svo að reynsla fáist um það, hversu hæfir þeir eru til þess að stunda þær sem ævistarf. Kennslan fer aðallega fram í skólavinnustofum og stendur 3—9 mánuði.

13. gr.

Reglulegt iðnskólanám skal vera í nánu sambandi við þær iðnir og iðjugreinar, er nemendur skólans leggja stund á. Skólanum ber að sjá nemendum fyrir bóklegri kennslu, og verklegri í þeim greinum, sem nauðsynlegar eru iðn þeirra og framtíðarstarfi og ekki verða nægilega kenndar hjá meistara eða iðnfyrirtæki að dómi iðnfræðsluráðs.

14. gr.

Þessar námsgreinar skal kenna: Íslenzku, reikning og stærðfræði, teiknun, eðlisfræði, efnafræði, efnisfræði, áhaldafræði og bókfærslu, svo og sérfræði hverrar iðngreinar, allt eftir nánari ákvæðum í reglugerð. Einnig er heimilt að kenna eitt erlent mál, ef skólanefnd ákveður.

15. gr.

Reglulegt iðnskólanám stendur að jafnaði 4 ár. Kennslustundir skulu vera 960—1200 allan námstímann að prófum frátöldum. Heimilt er að haga skólahaldi svo, að nemendur sæki fullan kennslustundafjölda daglega 2—2½ mánuð á ári, eða 10—15 stundir á viku að meðaltali 5—8 mánuði á ári, eftir atvinnuháttum og öðrum aðstæðum.

Auk þessa skulu þeir, sem nema iðn til sveinsprófs í skólanum sjálfum, vinna í vinnustofu hans samkvæmt námssamningi.

16. gr.

Verkleg kennsla skólanna skal fara fram í vinnustofum þeirra eða öðrum vinnustöðvum, sem þeir hafa ráð á. Í vinnustofum skóla skal haga störfum sem líkast því, sem tíðkast í hliðstæðum vinnustofum, og skal búa þær í samráði við iðnfræðsluráð og iðnfulltrúa. Ákvæði laga um iðnfræðslu varðandi kjör nemenda, námstíma o. fl. taka einnig til nemenda í skólavinnustofum eftir því, sem við getur átt samkvæmt nánari ákvörðun iðnfræðsluráðs.

V. KAFLI
Framhaldsnám.

17. gr.

Við iðnskólann í Rykjavík skal koma á framhaldskennslu fyrir iðnaðarmenn, jafnskjótt og tök eru á. Kennsluna má miða við einstaka iðngrein eða flokk skyldra iðna. Kennslan fer fram í skóla eða á námskeiðum.

18. gr.

Framhaldsskólinn er ætlaður þeim, sem búa sig undir meistarapróf eða verkstjórn í iðn sinni. Hann er eins árs skóli hið minnsta með 44 stunda vikukennslu 7—8 mánuði eða þriggja ára skóli með 15 stunda kennslu á viku 7—8 mánuði á ári.

19. gr.

Kennslan er bæði bókleg og verkleg. Í bóklegum fræðum skal kenna: Íslenzku, stærðfræði, teiknun, efnafræði, efnisfræði, kostnaðarreikning og bókfærslu. Einnig má kenna eitt erlent tungumál, helztu atriði hagfræði og iðnlöggjafar, landmælingar, burðarþolsfræði, hjálp í viðlögum o. fl. Verkleg kennsla fer fram í vinnustofum og tilraunastofum, og skal einkum kenna sérstakar vinnuaðferðir og meðferð véla, verkfæra, áhalda og efnis.

VI. KAFLI
Kennarar.

20. gr.

Fræðslumálastjórn skipar skólastjóra, að fengnum tillögum skólanefndar og iðnerindreka, og fasta kennara, að fengnum tillögum skólanefndar og skólastjóra. Skólastjóri ræður stundakennara með samþykki skólanefndar. Um launakjör og kennsluskylda svo og menntun kennara í almennum greinum gilda sömu ákvæði sem um skólastjóra og fasta kennara við gagnfræðaskóla.

21. gr.

Fasta kennara í vinnustofum skóla má ekki ráða aðra en iðnaðarmenn með meistararéttindum.

Í erindisbréfi, er fræðslumálastjórn setur, skal kveða á um verksvið skólastjóra og kennara.

22. gr.

Nú hefur kennari gegnt embætti í 10 ár og óskar að hverfa frá störfum í eitt ár til að efla þekkingu sína og kennarahæfni, skal hann þá senda fræðslumálastjóra beiðni um orlof ásamt greinargerð um, hvernig hann hyggst að verja orlofsárinu. Ef fræðslumálastjórn telur þá greinargerð fullnægjandi, getur hún veitt kennaranum ársorlof með fullum launum. Engum kennara skal þó veitt slíkt orlof nema einu sinni. Beiðni um orlof skal send fræðslumálastjórn með árs fyrirvara. Fræðslumálastjórn veitir kennurum, er þess óska, leiðbeiningar um, hvernig orlofsárum skuli varið, en allir verða þeir að gefa henni fullnægjandi skýrslu um störf sín að orlofsári loknu, að viðlögðum launamissi fyrir það ár. — Fræðslumálastjórn setur nánari reglur um framkvæmd orlofs kennara. Skal þess gætt, að það trufli ekki störf skólanna eða torveldi þau.

23. gr.

Fræðslumálastjórn setur reglugerð um framkvæmd þessara laga. Þar skal meðal annars ákveða nánar um námstilhögun og námsskrá, framkvæmd prófa, einkunnagjöf og prófskírteini.

24. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi, og eru jafnframt numin úr gildi öll ákvæði, er fara í bág við þau.

Greinargerð.

Frumvarp þetta er flutt að beiðni menntamálaráðherra og hafa nefndarmenn að öðru leyti óbundnar hendur um afstöðu til málsins. Frv. fyldi svo hljóðandi greinargerð.

„Frumvarp þetta er samið með nokkurri hliðsjón af frv. því til laga um iðnskóla, er lá fyrir Alþingi 1941, 1942 og 1943. Enn fremur var haft til samanburðar frv. um sama efni, sem nefnd iðnaðarmanna undirbjó og síðan var samþykkt á iðnþingi í október 1945. Skólastjóri Iðnskólans í Reykjavík kom einnig nokkrum sinnum á fund skólamálanefndarinnar, og var ráðgazt við hann um ýmis atriði frumvarpsins. Er hann samþykkur frumvarpinu í núverandi mynd að öðru en því, að hann telur miðskólapróf bóknámsdeildar sízt lakari undirbúning en miðskólapróf verknámsdeildar.

Engin regluleg lagafyrirmæli eru til um iðnskóla. Í lögum um iðnaðarnám nr. 100 11. júní 1938 er að vísu gert ráð fyrir iðnskólum. Í 10. gr. þeirra laga er lærimeistara gert að skyldu að láta nemanda ganga í iðnskóla, ef slíkur skóli er til á staðnum, og í 11. gr. er ákveðið, að nemandi megi ekki fá sveinsbréf, nema hann hafi staðizt lágmarkspróf í bóklegum fræðum, og að prófi þessu skuli ljúka í iðnskóla, þar sem hann er. Í reglugerð um iðnaðarnám nr. 38 29. marz 1941 eru svo samkvæmt þessu sett ákvæði um lágmarkskröfur til burtfararprófs úr iðnskólum (25.—28. gr.). Um sjálft skólahaldið eru þar engin ákvæði önnur en þau, að lágmark skólatíma fyrir nemendur, sem ekki hafa annan undirbúning en barnaskólanám, skuli vera samtals 720 kennslustundir yfir allan skólatímann.

Frumvörp um þetta efni hafa nokkrum sinnum legið fyrir Alþingi, eins og fyrr segir, en enga afgreiðslu fengið. Má varla öllu lengur við þetta una, svo mikill sem hlutur iðnaðarins er orðinn í athafnalífi þjóðarinnar. Það er og mjög mikilsvert, að jafnfjölmenn og mikilsverð stétt og iðnaðarmenn fái sem beztan undirbúning undir ævistarf sitt.

Iðnskólar hafa starfað alllengi á nokkrum stöðum. Hafa þeir allir komizt á fót fyrir tilstilli iðnaðarmanna og félagsskapar þeirra. Hlutverk þeirra hefur verið að veita iðnnemum, sem annars fá verklega kennslu hjá iðnmeisturum, nokkra hagnýta bóklega fræðslu, sem þeim kæmi að notum við iðn sína. Iðnaðarmenn kostuðu skólana sjálfir fyrst í stað, en á síðari tímum hafa þeir fengið verulegan styrk úr ríkissjóði og sums staðar einnig nokkurn styrk úr hlutaðeigandi sveitarsjóði. Veturinn 1946—47 voru iðnskólar starfandi á 15 stöðum á landinu og nemendur alls 1427. Ríkisstyrkur til skólanna nam alls kr. 250 000.00.

Um einstakar greinar frv. skal þetta tekið fram:

Um 1. gr.

Ein meginbreyting felst í þessu frv. frá því, sem verið hefur. Gert er ráð fyrir, að skólarnir geti tekið nemendur og kennt þeim bæði bóklegt og verklegt, svo að þeir þurfi ekki að stunda venjulegt iðnnám hjá meistara. Til þess þarf skólinn að hafa eigin vinnustofur eða eiga aðgang að fullkomnum vinnustofum eða vinnustöðvum, þar sem verklegt nám geti farið fram. Ekki er þess von, að slík aðstaða geti orðið við hvern skóla. Fyrst um sinn mun varla mega gera ráð fyrir því, að það verði annars staðar en í Reykjavík. En þar er nýbyrjað að reisa skólahús, og er í því ætlað rúm fyrir nokkrar slíkar vinnustofur. Skólamálanefnd lítur svo á, að þetta fyrirkomulag hafi nokkra kosti umfram það, sem nú er. Svo gæti staðið á, að kennslu mætti koma þar við í iðngrein, sem lítil tök væru á að læra hjá meistara. Um nokkurt skeið var mjög erfitt að komast í iðnaðarnám hjá meisturum. Mörgum iðngreinum var því nær eða alveg lokað með samtökum iðnaðarmanna í því skyni að tryggja atvinnu handa þeim, sem þegar höfðu lært. Þetta varð til þess, að mjög bagalegur skortur varð um tíma á iðnlærðum mönnum í mörgum greinum og er jafnvel enn. Það er mjög óviðeigandi, að mönnum sé ekki leyft að nema það, sem þeir óska, ef þeir fullnægja þeim skilyrðum, sem sett eru, enda þótt námið veiti réttindi til vissra starfa. Ef iðnskóli væri fyrir hendi, sem tekið gæti nemendur í fullkomið iðnaðarnám, bæði bóklegt og verklegt, mundi ekki vera hægt að framkvæma slíka lokun iðngreinanna og sízt til langframa. Í Svíþjóð er þetta fyrirkomulag notað jöfnum höndum við iðnaðarnám hjá meisturum.

Um 2. gr.

Engin sérstök skilyrði hafa verið sett um inntöku í iðnskóla önnur en þau, að vera ráðinn í iðnnám. Höfðu nemendur þá ekki annan bóklegan undirbúning en það, sem þeir höfðu numið í barnaskóla. Hefur því alls staðar orðið að kenna eitthvað af almennum námsgreinum í iðnskólum. Þó hefur það orðið af svo skornum skemmti, að til stórbaga hefur orðið fyrir marga iðnaðarmenn. Úr þessu er ekki hægt að bæta, nema með því að auka undirbúningsmenntun iðnnema. Eftir að þeir eru komnir í iðnnám, hafa þeir ekki tíma til að sinna meira námi en því, sem nauðsynlegt er vegna iðnarinnar, enda er hér gert ráð fyrir því, að iðnskólar kenni sem minnst almennar námsgreinar, en leggi aðallega kapp á þær, sem nauðsynlegar eru í sambandi við iðnnámið. Aftur á móti er lagt til, að þriggja vetra nám í gagnfræðaskóla verði skilyrði til inngöngu eða tveggja vetra nám umfram það, sem nú er, þar sem barnapróf færist niður um eitt ár eftir nýju skólalögunum. Prófi úr 3. bekk gagnfræðaskólans, miðskólaprófi, mundi almennt verða lokið á 16. aldursári. Kemur það vel heim við lágmarksaldur iðnnáms, sem er 16 ár. Gert er ráð fyrir, að próf úr verknámsdeild sé meginreglan, sökum þess, að í verknámsdeild fá nemendur svipaða undirstöðu í íslenzku og reikningi og bóknámsdeildarnemendur, og í verklegum greinum miklum mun meiri. Telur skólamálanefndin, að sú undirstaða, sem lögð verður í verknámsdeild, t. d. í smíði og handavinnu, eigi að vera góður undirbúningur og auðvelda iðnnámið. Geta má og þess, að flestir verknámskennarar hljóta svipaða menntun í sinni aðalgrein og iðnaðarmenn og margir þeirra hafa iðnréttindi. Í þessu mikilvæga atriði telur skólamálanefndin, að verknámsdeildarfólk standi mun betur að vígi til iðnnáms en bóknámsdeildarfólk. Þess vegna telur nefndin, að bóknámsdeildarmenn mundu þurfa einhverja aukatilsögn í teikningu og öðrum verklegum greinum til þess að sýna handlag og verkskilning. Ef hæfnisprófum verður komið á, geta þau orðið mjög mikilsverð leiðbeining um val hæfra manna til iðnaðarnáms.

Um 3. gr.

Enda þótt iðnskólar séu nú á 15 stöðum, má búast við, að þeim fjölgi enn nokkuð. Rétt þykir, að bæði sveitarstjórnir og samtök iðnaðarmanna geti haft forgöngu um stofnun skóla, því að hvorir tveggja þessara aðila geta haft hagsmuna að gæta. Rétt virðist og, að fleiri sveitarfélög en eitt geti staðið að stofnun og rekstri iðnskóla.

Ef hlutverk iðnfræðsluráðs og iðnfulltrúa verður ákveðið líkt og gert er ráð fyrir í frv. því til iðnfræðslu, er lá fyrir Alþingi 1946, eru þessir aðilar sjálfsagðir fræðslumálastjórninni til ráðuneytis um öll mál, sem iðnskólana varða.

Um 4. gr.

Varla þykir fært að löggilda og styrkja iðnskóla, sem færri nemendur hafa en hér segir, eða þannig, að 20 nemendur séu til jafnaðar í skóla í einu. Sumstaðar kynni námi að verða þagað þannig, að skólinn starfaði annað hvert ár og kennt yrði sama vetur sem svaraði tveggja ára námi annars staðar, t. d. þannig, að á fyrsta ári iðnnámsins lyki nemandinn 1. og 2. bekkjar námi, en á þriðja ári iðnnámsins lyki hann 3. og 4. bekkjar námi í iðnskólanum. Að öðru leyti þarfnast greinin ekki skýringar.

Um 5. gr.

Iðnskólar hafa fram að þessu heyrt undir atvinnumálaráðuneytið. Hér er lagt til, að þeir hverfi til menntamálaráðuneytisins. Þar er hvort sem er yfirstjórn skólamálanna í heild. Sjá má fyrir sérfróðri aðstoð með samstarfi við iðnfræðsluráð, og iðnfulltrúa, ef hann verður skipaður. Þykir þá og rétt, að hann verði námsstjóri þessa skólaflokks. Iðnaðarmálin heyra vitanlega eftir sem áður undir annað ráðuneyti, að því leyti sem þau eru atvinnumál, en þar er ekki að vænta neinnar sérfræði um skólamálin.

Um 6. gr.

Skipan sú á skólanefnd, sem hér er gert ráð fyrir, er hliðstæð því, sem er um skólanefndir húsmæðraskólanna.

Um 7. gr.

Sérstök hús fyrir iðnskóla munu varla verða reist nema á fáum stöðum, einkum í kaupstöðum. Annars staðar munu þeir hér eftir sem hingað til verða til húsa í öðrum skólum. Er það víða allauðvelt þar, sem iðnskólar starfa á kvöldin. Stungið er upp á því, að stofnkostnaður greiðist í sömu hlutföllum og stofnkostnaður gagnfræðaskóla.

Um 8. gr.

Hér er gert ráð fyrir svipuðu fyrirkomulagi um greiðslu reksturskostnaðar og gildir um reksturskostnað gagnfræðaskóla. Ekki þarf að gera ráð fyrir mörgum föstum kennurum við þessa skóla. Í Reykjavík munu nú vera 5 fastir kennarar, en annars staðar eru allir kennarar stundakennarar.

Skólamálanefndin gæti vel fallizt á, að iðnskólar væru ríkisskólar að öllu leyti eins og flestir aðrir sérskólar, sem búa nemendur undir ákveðin störf (bændaskólar, stýrimannaskóli, vélskóli, kennaraskóli o. fl.). Mætti þetta að mörgu leyti sanngjarnt kallast. Nefndin hefur þó ekki viljað leggja þetta til. Liggja til þess tvær orsakir aðallega. Iðnaðarmenn hafa víðast hvar haft forgöngu um stofnun iðnskólanna og einnig borið að nokkru leyti ábyrgð á þeim fjárhagslega. Þessi áhugi og stuðningur stéttarinnar við skólana er mikils verður, en hætt við, að hann rénaði, ef skólarnir yrðu algerlega ríkisskólar. Í öðru lagi telja ýmsir staðir, kaupstaðir og kauptún, sér hag í því, að þar sé iðnskóli, þótt ekki sé stór. Ungir menn og efnilegir hverfa þá síður að heiman til þessa náms og ílendast síður annars staðar. Skólinn verður þannig stoð undir atvinnulíf á staðnum, og því rétt, að sveitarfélagið taki þátt í kostnaði við hann.

Um 9. gr.

Fjárreiður og reikningshald yrði með sama hætti og hjá gagnfræðaskólum. Nánari ákvæði mætti setja í reglugerð, ef þurfa þætti.

Um 10. og 11. gr.

Virðast ekki þurfa skýringar.

Um 12. gr.

Námskeið þau, sem þessi grein ræðir um, gætu orðið gagnleg í því skyni að velja hæfa menn í iðnaðarnám. Í sambandi við hæfnispróf mætti og með nokkurri vissu segja til um það, í hverja iðngrein hver ætti helzt að fara.

Um 13. og 14. gr.

Upptalning á námsgreinum er ekki tæmandi, enda rétt, að ákveða megi um þær í reglugerð eftir því, sem reynsla sýnir að nauðsynlegt er. Bóklegt nám iðnnema fer að sjálfsögðu fram í iðnskólunum. Hér er gert ráð fyrir, að nemendur geti einnig fengið þar nokkra verklega tilsögn, þótt verklegt nám þeirra sé annars hjá meistara. Vel gæti staðið svo á, að sýna mætti í vinnustofu skóla nýjar vinnuvélar, verkfæri eða vinnuaðferðir, sem ekki væri fyrir hendi hjá meistara.

Um 15. gr.

Sá námstími, sem hér er ákveðinn, er mjög í samræmi við það, sem tíðkazt hefur. Í reglugerð um iðnaðarnám frá 1941 er lágmark námstíma fyrir þá, sem aðeins hafa fengið barnaskólanám að undirbúningi, ákveðið 720 kennslustundir allan námstímann. Víðast mun kennslustundafjöldinn þó hafa verið nokkru meiri.

En þar sem hér er gert ráð fyrir miklu meiri undirbúningi, ætti menntun iðnaðarmanna að verða betri, enda þótt sjálft iðnskólanámið sé ekki lengt til muna.

Víðast eru iðnskólar kvöldskólar, og sækja iðnnemar þá að loknu dagsverki á vinnustað. Má þá ekki hafa langan skólatíma daglega. Í frv. því til laga um iðnfræðslu, sem lá fyrir síðasta Alþingi og áður getur, er hámark kennslustunda sett 12 á viku, ef nemandinn vinnur meðfram skólanáminu. Við það er miðað hér í fyrsta lagi. Í öðru lagi er gert ráð fyrir fullum skólatíma eða a. m. k. 30 stundum á viku 2 mánuði eða 2½ mánuð á ári, og má nemandinn þá ekki vinna að öðru þann tíma. Þetta hefur verið reynt á nokkrum stöðum og gefizt vel, einkum þar sem atvinna er lítil yfir suma vetrarmánuðina.

Um 16. gr.

Þar sem fullkomið iðnnám í vinnustofum skóla er nýmæli, er ekki hægt að setja í lögum nákvæmar reglur um það. Reynslan verður að sýna, hvernig því verður haganlegast fyrir komið. Þó virðist sjálfsagt, að því sé hagað sem líkast því, sem er við iðnnám annars staðar, þó svo, að námið í skólunum verði heldur til fyrirmyndar. Að öðru leyti verða lög um iðnaðarnám að taka til þessa náms á hverjum tíma, eftir því sem við á.

Um 17.—19. gr.

Hér er gert ráð fyrir, að komið verði á nokkurri framhaldskennslu fyrir iðnaðarmenn. Þessu verður hvergi við komið nema í Reykjavík, og ekki fyrr en reist hefur verið hús yfir iðnskólann þar. Full þörf er á þessari auknu fræðslu fyrir iðnaðarmenn, enda hafa komið fram ákveðnar raddir um það, að ekki fái aðrir meistarabréf í byggingariðnaði en þeir, sem lokið hafa meistaraprófi, bæði verklegu og bóklegu. Ekki mundi þessi kennsla um sinn jafnast á við fullkomna iðnfræðaskóla erlendis, því að til þess mundi þurfa fullkominn þriggja ára skóla.

Námsskeið þau, sem nefnd eru í niðurlagi 17. gr., væru einkum til þess, að menn gætu fengið nokkra fullkomnun í einstökum iðngreinum eða sérþáttum þeirra, án þess að til prófs kæmi.

Um 20.—24. gr.

Hliðstæð ákvæði og í öðrum lögum, sem Alþingi hefur nýlega sett um skólamál.

Ed. 594. Frumvarp til laga [199. mál]

um breyting á lögum nr. 16 26. febrúar 1943, um orlof.

Flm.: Gísli Jónsson.

1. gr.

6. mgr. 8. gr. laganna orðast svo:

Allt það fé, sem inn kemur fyrir seld orlofsmerki, skal póststjórnin leggja í lok hvers mánaðar í sérstakan sjóð, sem nefnist orlofssjóður. Skal sjóðurinn ávaxtaður að hálfu leyti í Landsbanka Íslands, en að hálfu leyti í Útvegsbanka Íslands h/f. Orlofssjóður greiðir út orlofsfé samkv. fyrirmælum 13. gr. Kostnaður við orlofsfé og orlofsbækur greiðist úr orlofssjóði, að svo miklu leyti sem fé er fyrir hendi til þess í sjóðnum fram yfir lögboðnar greiðslur samkv. 13. gr., annars úr ríkissjóði. Reikningar orlofssjóðs skulu árlega birtir í Stjórnartíðindunum.

2. gr.

Í stað „til ríkissjóðs“ í 2. mgr. 13. gr. laganna kemur: til orlofssjóðs.

Greinargerð.

Í sambandi við afgreiðslu fjárlaganna var upplýst, að fé því, sem inn er greitt fyrir orlofsmerki, er ekki haldið sér, heldur notað sem rekstrarfé póstsjóðs, eins og það væri einn hluti af tekjum ríkissjóðs. Komu þessar upplýsingar fram í sambandi við 2 millj. og 220 þús. kr. upphæð, er póstsjóður hafði lánað til rekstrar áætlunarbifreiða ríkisins og ekki verið endurgreidd sjóðnum fyrir áramótin síðustu. Voru þessar ráðstafanir gagnrýndar, bæði í nefndaráliti og framsögu, og bent á, að úr þessu yrði að bæta, þar sem heimild brysti til þess að nota orlofsfé á þann hátt, sem hér hafði verið gert, þar sem það fé væri ekki tekjur póstsjóðs, heldur eign sérstakra aðila, sem póstsjóði væri með sérstökum lögum falin innheimta á. Að vísu hafði samgöngumálaráðherra mótmælt því harðlega, að nokkur hluti þessarar upphæðar, sem þannig hafði verið fest í rekstri áætlunarbifreiða, væri orlofsfé, en eftirfarandi yfirlýsing póstritara, sem skráð er í fundargerðabók fjárveitinganefndar 31. marz s. l., tekur af allan vafa um þetta atriði, en þar segir svo:

„Fundur fjárveitinganefndar 31. marz kl. 9.00.

1. Egill Sandholt póstritari mætti á fundinum. Hann gaf skýrslu varðandi lán úr póstsjóði til rekstrar áætlunarbifreiða. Lýsti hann yfir, að þau ummæli framsögumanns fjárveitinganefndar, að lán þetta, að upphæð kr. 2.220 millj. væri lánað úr póstsjóði, þ. á m. orlofsfé, væru rétt eftir sér höfð.

Póstritari tók fram, að það, sem hann kallaði póstsjóð, væri allt það fé, sem póststjórnin innheimti, en þ. á m. væri orlofsféð, því að engu væri haldið sérstöku af innheimtufénu, sem væri árlega á annað hundrað milljónir króna. Hann tók fram, að póstsjóður hefði að sjálfsögðu nægilegt veltufé til þess að fullnægja skuldbindingum sínum."

Með því að lögin um orlof fyrirskipa ekki, að inngreitt fé fyrir orlofsmerki skuli lagt í sérstakan orlofssjóð, og ljóst er, að þetta hefur ekki verið gert, þykir rétt, að þetta sé skýrt fram tekið í sjálfum lögunum, og því er frv. þetta borið fram.

Samkvæmt 8. gr. laganna ber ríkisjóði að greiða allan kostnað við orlofsmerki og orlofsbækur. Er tekinn upp á 17. gr. fjárlagafrv. fyrir árið 1949 360 þús. kr. gjaldaliður til þess að mæta þessum útgjöldum. Hins vegar er og ætlazt til samkv. fyrirmælum 13. gr., að andvirði orlofsmerkja, sem ekki hefur verið greitt út fyrir ákveðinn dag, falli til ríkissjóðs. Er alveg óupplýst, hve miklu þessi upphæð nemur árlega, og mun hún því enn standa óhreyfð í póstsjóði frá upphafi. Má telja víst, að hún ásamt ársvöxtum sjóðsins nægi til þess að greiða þennan kostnað, og er því í frv. lagt til, að orlofssjóðurinn greiði kostnaðinn, að svo miklu leyti sem fé er fyrir hendi í sjóðnum fram yfir skyldugreiðslur samkv. 13. gr.

Rétt þykir að leggja til, að báðum aðalbönkum landsins sé gert jafnt undir höfði að ávaxta fé orlofssjóðs.

Nd. 595. Frumvarp til laga [200. mál]

um skattfrelsi skuldabréfa fyrir rafveituláni Hólshrepps í Norður-Ísafjarðarsýslu.

Flm.: Sigurður Bjarnason, Sigurður Kristjánsson.

1. gr.

Skuldabréf að upphæð allt að tvær milljónir króna, tryggð með ríkisábyrgð, sem Hólshreppur í Norður-Ísafjarðarsýslu gefur út á árunum 1949 og 1950, fyrir allt að 30 ára láni til byggingar vatnsaflstöðvar fyrir Bolungavík, skulu undanþegin framtalsskyldu og öllum sköttum til ríkis og sveitar, nema stimpilgjaldi.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Í 30 ár hefur verið í undirbúningi virkjun Fossár í Hólshreppi til raforkuframleiðslu fyrir Bolungavík og byggðarlögin í hreppnum. Árið 1929 var þessum undirbúningi svo langt komið, að framkvæmd verksins var hafin. Var þá byggð stífla, sem enn stendur. En á síðustu stundu voru þessar framkvæmdir stöðvaðar vegna þess að lánsfé fékkst ekki. Hefur ekki reynzt unnt að fá fé til þeirra fram til þessa dags. Valda því ýmsar ástæður, sem ekki gerist þörf að rekja hér.

Fyrir nokkru hefur Hólshreppur fengið loforð fyrir ríkisábyrgð á tveggja millj. kr. láni, er hann tæki til þessara raforkuframkvæmda, sem nú eru orðnar svo aðkallandi, að þeim verður ekki lengur slegið á frest. En þrátt fyrir stöðugar tilraunir til þess að fá slíkt lán innanlands hefur það ekki tekizt. Reynt hefur verið að fá leyfi til þess að taka það erlendis, en ríkisvaldið hefur ekki viljað veita það, enda þótt ýmsar stærstu virkjanir landsins hafi verið unnar fyrir erlent lánsfé. Engin vitneskja er heldur enn þá fyrir hendi um, að sinnt verði umsókn þessa hreppsfélags um lán eða framlag til þessara framkvæmda af Marshallfé.

Vegna þess, hversu brýna nauðsyn ber til þess að þörf Bolungavíkur fyrir aukna raforku verði leyst, hefur ekki annað þótt fært en að freista nýrra úrræða til þess að afla lánsfjár til virkjunar Fossár, en þar er gert ráð fyrir, að framleiða megi a. m. k. 700 hestöfl. Með þeirri raforku er óhætt að fullyrða, að raforkuþörf Bolungavíkur yrði fullnægt um alllangt skeið. Fullkomnar rannsóknir liggja fyrir um virkjunarskilyrði, sem eru hin ákjósanlegustu.

Með frumvarpi þessu er lagt til, að skuldabréf, að upphæð allt að tvær millj. kr., sem Hólshreppur gæfi út til þess að afla lánsfjár til virkjunar Fossár, verði undanþegin framtalsskyldu og öllum sköttum til ríkis og sveitar, nema stimpilgjaldi. Telja forvígismenn virkjunarmálsins mikla möguleika á því að selja hin ríkistryggðu skuldabréf, ef þau yrðu undanþegin framtalsskyldu og skattgreiðslu, enda þótt verðbréfamarkaður sé nú mjög þröngur hér.

Þegar á allt er litið, virðist það vera sanngjarnt að veita Hólshreppi þessa heimild. Undirbúningur umræddrar virkjunar er hafinn fyrir þremur áratugum. Auðsætt er, að hreppurinn hefur ekki átt þeim skilningi og stuðningi að mæta í þessum þýðingarmiklu málum, sem gera hefði mátt ráð fyrir. Ríkisvald og lánsstofnanir hafa beint og óbeint tafið raforkuframkvæmdir þessa byggðarlags og bakað því stórfellt tjón og óhagræði með tregðu sinni og skilningsleysi.

Bolungavík er annað stærsta sjávarþorp á Vestfjörðum. Það framleiðir árlega útflutningsverðmæti fyrir margar milljónir króna. En öll viðleitni til þess að koma þar upp öflugum fiskiðnaði og bæta aðstöðu hinnar þróttmiklu framleiðsluséttar byggðarlagsins er hindruð vegna skorts á raforku. Við svo búið verður ekki lengur unað. Þess vegna hafa flutningsmenn þessa frumvarps viljað freista þeirrar leiðar, sem það fjallar um, til þess að hrinda raforkumálum Bolungavíkur í framkvæmd.

Ed. 596. Breytingartillaga [16. mál]

við frv. til l. um áburðarverksmiðju.

Frá meiri hl. landbúnaðarnefndar.

Á eftir 12. gr. komi ný gr., er hljóði svo:

Ríkisstjórninni er heimilt þrátt fyrir ákvæði 2. gr. að leita eftir þátttöku félaga og einstaklinga um hlutafjárframlög til stofnunar áburðarverksmiðjunnar og leggja fram til hennar óafturkræft fé úr rekstrarsjóði áburðarsölu ríkisins allt að einni milljón króna. Ef slík framlög nema minnst 4 milljónum króna, leggur ríkissjóður

fram hlutafé, sem þá vantar til að hlutaféð verði alls 10 milljónir kr., og skal verksmiðjan þá rekin sem hlutafélag.

Heimilt er að greiða hluthöfum í arð af hlutafé þeirra allt að 6 af hundraði.

Nú notar ríkisstjórnin heimild 1. mgr. þessarar greinar, og skal þá stjórn verksmiðjunnar skipuð fimm mönnum. Sameinað Alþingi kýs þrjá þeirra hlutfallskosningu til fjögurra ára í senn, og skipar landbúnaðarráðherra einn þeirra formann verksmiðjustjórnarinnar. Hluthafar, aðrir en ríkissjóður, kýs tvo stjórnarnefndarmenn til eins árs í senn.

Endurskoðendnur skulu vera tveir, annar tilnefndur af landbúnaðarráðherra, en hinn kosinn af hluthöfum öðrum en ríkissjóði. Að öðru leyti skulu á hluthafafundi engar takmarkanir vera á atkvæðarétti að því er hlutafé ríkisins snertir.

Ed. 597. Lög [148. mál]

um breyting á lögum nr. 20 20. maí 1942, um breyting á lögum nr. 6 9. jan. 1935, um tekjuskatt og eignarskatt.

(Afgreidd frá Ed. 28. apríl.)

Samhljóða þskj. 541.

Nd. 598. Nefndarálit [166. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 31 27. júní 1941, um utanríkisráðuneyti Íslands og fulltrúa þess erlendis.

Frá minni hl. allsherjarnefndar.

Nefndin hefur ekki orðið ásátt um afgreiðslu málsins.

Meiri hlutinn (FJ, JóhH og StSt) er á móti því, að málið nái fram að ganga, en minni hlutinn mælir með samþykkt frumv., en áskilur sér rétt að flytja breytingartill. við frumv. eða fylgja breytingartill., er fram kunna að koma.

Alþingi, 28. apríl 1949.

Jörundur Brynjólfsson, frsm. Áki Jakobsson.

Nd. 599. Nefndarálit [166. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 31 27. júní 1941, um utanríkisráðuneyti Íslands og fulltrúa þess erlendis.

Frá meiri hl. allsherjarnefndar.

Nefndin hefur athugað frv. og sent það til umsagnar utanríkismálanefndar, er samþykkti með 4 atkv. gegn 3 svo hljóðandi tillögu:

„Reynsla síðari ára hefur á ótvíræðan hátt leitt í ljós, að enn sem komið er er ekki tímabært að ákveða með lögum, hversu margir sendiherrar og sendifulltrúar séu í þjónustu Íslendinga."

Við afgreiðslu í n. kom í ljós, að tveir nm. (ÁkJ og JörB) eru efnislega samþykkir frv., en undirritaður meiri hl. taldi sér eigi fært að mæla með samþykkt þess. Með tilvísun til umsagnar utanríkismálanefndar má benda á, að enn fer mjög fjarri því, að viðskipti í Evrópu séu komin í eðlilegt horf, og taka þau árlega talsverðum breytingum. Vegna þess er að áliti meiri hl. n. eigi tímabært að fastákveða

með lögum tölu sendiherra og sendifulltrúa erlendis, þar eð hún hlýtur að þurfa að miðast verulega við viðskiptamöguleika og aðrar aðstæður út á við. Meiri hl. viðurkennir fyllilega, að nauðsyn beri til að gæta allrar varúðar um kostnað vegna sendisveita erlendis, og eins hitt, að nauðsyn beri til að nota heimild í l. til þess að láta sendimenn gegna forstöðu í fleiri löndum en einu, svo sem gert hefur verið og virðist mega gera víðar, t. d. á Norðurlöndum. Hins vegar telur meiri hl. n. óvarlegt að fastbinda þetta í lögum, með hliðsjón af viðskiptamálum út á við, svo sem áður segir. Meiri hl. leggur því til, að frv. verði afgreitt með svo hljóðandi

RÖKSTUDDRI DAGSKRÁ:

Í því trausti, að ríkisstjórnin gæti hins fyllsta sparnaðar og hagsýni viðvíkjandi kostnaði við sendifulltrúa erlendis, svo og feli þeim forstöðu sendisveita í fleiri en einu landi, eftir því sem við verður komið, tekur deildin fyrir næsta mál á dagskrá.

Alþingi, 28. apríl 1949.

Stefán Stefánsson, form.	Finnur Jónsson, fundaskr., frsm.	Jóhann Hafstein.

Ed. 600. Nefndarálit [68. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 66 17. júlí 1946, um atvinnu við siglingar á íslenzkum skipum.

Frá meiri hl. sjávarútvegsnefndar.

Nefndin hefur rætt frumvarpið á nokkrum fundum.

Bréflegar umsagnir um frumv. bárust nefndinni frá eftirtöldum aðilum: Farmanna- og fiskimannasambandi Íslands, Vélstjórafélagi Íslands, Skólafélagi Vélskólans, Mótorvélstjórafélagi Íslands, Fiskifélagi Íslands og skipaskoðunarstjóra. Einnig voru á einum fundi nefndarinnar fulltrúar allra þessara samtaka ásamt skipaskoðunarstjóra til umræðu um málið.

Að lokinni þessari athugun varð nefndin ekki sammála um afgreiðslu frumvarpsins. Meiri hl. (BK, BÓ, SÁÓ og StgrA) leggur til, að frumv. verði samþ. óbreytt eins og það kom frá neðri deild. Form. nefndarinnar (GJ) gat ekki fallizt á það, og mun hann skila sérstöku nefndaráliti. En Björn Ólafsson skrifar undir með fyrirvara.

Helztu breytingar á lögunum um atvinnu við siglingar, sem frumv. felur í sér, eru þær, að aukin eru nokkuð réttindi þeirra vélstjóra, sem hafa hið meira próf frá vélstjóranámskeiðum Fiskifélags Íslands. Enn fremur er ráðherra veitt heimild til þess, þegar skortur er á skipstjórnarmönnum og vélstjórum, að veita undanþágu frá skilyrðum laganna til skipstjórnar og vélstjórastarfa. Og loks er ákveðið, að á þessu ári skuli fara fram endurskoðun á lögum og reglugerðum um nám og réttindi vélstjóra á íslenzkum skipum.

Meiri hl. nefndarinnar telur, að vegna þess ástands, sem nú er í þessum efnum, séu allar þessar meginbreytingar réttmætar, en leggur þó sérstaka áherzlu á þörf þess, að lög og reglur um vélstjóranámið séu endurskoðuð með það fyrir augum að samræma námið betur en nú er og skipa því í heildarkerfi samkvæmt þeim kröfum, sem rétt og nauðsynlegt verður talið að gera um nám vélstjóra.

Alþingi, 27. apríl 1949.

Steingr. Aðalsteinsson, frsm.	B. Kristjánsson, fundaskr.	Björn Ólafsson, með fyrirvara.
	Sigurjón Á. Ólafsson.	

Nd. **601. Frumvarp til laga** [201. mál]

um viðauka við lög nr. 15 8. marz 1948, um innflutning búfjár.

Frá landbúnaðarnefnd.

1. gr.

Veita má Sambandi íslenzkra samvinnufélaga og Reykjavíkurbæ, öðrum aðila eða báðum, leyfi til þess að flytja inn nautgripi eða sæði úr nautum af hreinræktuðum holdakynjum og mjólkurkynjum til þess að kynbæta hinn innlenda nautgripastofn til kjötframleiðslu og mjólkurframleiðslu.

2. gr.

Leyfi til þess að flytja inn nautgripi eða sæði samkvæmt 1. gr. skal bundið þeim skilyrðum, að hlutaðeigandi aðili stofni og reki bú í eyju í nágrenni Reykjavíkur, þar sem við verði komið og framkvæmdar fullkomnar varúðar- og sóttvarnarráðstafanir í öllum greinum. Skal rekstri búsins og einangrun í öllu hagað á hliðstæðan hátt og svo sem fyrir er mælt í 4. gr. og 6.—10 gr. laganna.

3. gr.

Heimild þá, sem felst í lögum þessum, má landbúnaðarráðherra því aðeins nota, að Búnaðarfélag Íslands og Tilraunaráð búfjárræktar mæli með því og yfirdýralæknir samþykki innflutninginn. Búnaðarfélag Íslands og Tilraunaráð búfjárræktar skulu samþykkja val nautgripkynja þeirra, sem enn eru flutt eða sæði er flutt inn úr, svo og val hinna innlendu nautgripa, sem notaðir eru til kynblöndunarinnar.

4. gr.

Landbúnaðarráðherra setur reglugerð um framkvæmd laga þessara, að fengnum tillögum Búnaðarfélags Íslands og Tilraunaráðs búfjárræktar með samþykki yfirdýralæknis. Skal þar setja greinileg ákvæði um rekstur sóttvarnar- og kynblöndunarbúsins, svo og um hvenær og á hvern hátt má flytja þaðan sæði og búpening til frekari kynbóta annars staðar.

5. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Atvinnumálaráðuneytið hefur sent landbúnaðarnefnd frumvarp þetta með tilmælum um, að hún flytti frumvarpið. Nefndin hefur fallizt á að gera það, en nefndarmenn áskilja sér rétt til þess að bera fram breytingartillögur við frumvarpið, svo og að fylgja breytingartillögum, er fram kunna að koma.

Svo hljóðandi greinargerð fylgdi frumvarpinu:

Mikill áhugi er fyrir því að efna til kynblöndunar og kynbóta á íslenzkum nautgripum, bæði með aukna og bætta mjólkur- og kjötframleiðslu fyrir augum. En sökum hættu þeirrar, er stafað getur af innflutningi erlends búfjár, þykir rétt að lögfesta hinar fyllstu varúðarráðstafanir.

Í lögum nr. 15 8. marz 1948, um innflutning búfjár, eru engin bein ákvæði um innflutning sæðis til tæknifrjóvgunar né hvernig með skuli fara, ef hann er leyfður.

Samband íslenzkra samvinnufélaga hefur farið þess á leit við landbúnaðarráðuneytið að mega flytja inn sæði til þess að koma upp innlendu holdakyni nautpenings með tæknifrjóvun og kynblöndun. Býðst Samband íslenzkra samvinnufélaga til þess að kosta þá tilraun að öllu leyti. Einnig er vitað, að forráðamenn Reykjavíkurbæjar hafa áhuga á, að hliðstæð tilraun verði gerð með innflutning til þess að bæta kúakyn vort með mjólkurframleiðslu fyrir augum.

Landbúnaðarráðuneytið telur eigi fært að veita heimild til slíks innflutnings samkvæmt lögum nr. 15 8. marz 1948, um innflutning búfjár, nema sett séu frekari ákvæði þar um, svo sem gert er í frumvarpi þessu.

Ed. 602. Nefndarálit [141. mál]

um frv. til l. um iðnfræðslu.

Frá minni hl. iðnaðarnefndar.

Ég gat ekki orðið sammála meðnefndarmönnum mínum um að leggja til, að frv. væri samþykkt óbreytt, en vil samþykkja það með eftirtöldum

BREYTINGUM:

1. Við 11. gr. Þriðja málsgr. orðist svo:
   Námstími telst hafinn frá dagsetningardegi námssamnings, sem staðfestingu hefur hlotið, enda hafi nemandinn þá byrjað nám sitt.
2. Á eftir 13. gr. komi ný grein, svo hljóðandi (greinatalan breytist samkv. því):
   Heimilt er mönnum að ganga undir próf í verklegum efnum í ákveðnum iðngreinum, þó að þeir hafi ekki stundað iðnnám hjá ákveðnum meistara eða iðnfyrirtæki, sem löggilt hefur verið samkvæmt 7. gr., né gert námssamninga samkvæmt 11. gr., ef þeir uppfylla eftirtalin skilyrði:
   a. Hafa tekið próf frá iðnskóla í bóklegum fræðum eða annað próf, sem að dómi iðnfræðsluráðs jafngildir því prófi;
   b. sanna með vottorði frá sveini eða meistara í iðninni, að þeir hafi starfað að henni og fengið í henni góða æfingu.

   Próflausnir þeirra, er óska að taka próf eftir þessari grein, skulu valdar af iðnfræðsluráði og prófdómendum og valdar þannig, að eins auðvelt verði eftir lausn þeirra að dæma hæfni nemanda til starfsins og þeirra, er nám hafa stundað fullan námstíma, eftir þeim prófverkum, sem fyrir þá eru lögð.

   Dæmist nemandi, er gengur undir próf eftir þessari grein, standast prófið, skal hann fá sveinsbréf undirritað af prófdómendum og formanni iðnfræðsluráðs.
3. Við 15. gr. Fyrir orðin „sbr. þó 23. gr.“ komi: sbr. þó 24. gr.
4. Við 21. gr. Fyrir orðin „sbr. þó 15. gr.“ komi: sbr. þó 16. gr.
5. Við 26. gr. Fyrir orðin „er greinir í 25. gr. 3. a.—c.“ komi: er greinir í 26. gr. 3. a.—c.

Alþingi, 29. apríl 1949.

Páll Zóphóníasson.

Nd. 603. Breytingartillögur [186. mál]

við frv. til l. um eyðingu refa og villiminka.

Frá landbúnaðarnefnd.

1. Við 10. gr. Fyrsti málsl. orðist svo:
   Skylt er að eitra fyrir refi minnst þriðja hvert ár í afréttum og heimalöndum, sem notuð eru sem afrétt, þó eigi nær bæjum en 5 km.
2. Við 14. gr. Í stað „fyrir 1. desember“ komi: samhliða hreppsreikningi.

Ed. 604. Nefndarálit [184. mál]

um frv. til l. um hlutatryggingasjóð bátaútvegsins.

Frá meiri hl. sjávarútvegsnefndar.

Nefndin hefur athugað frumv., en ekki getað náð samkomulagi um afgreiðslu þess. Meiri hl. nefndarinnar er í aðalatriðum samþykkur frumvarpinu, en einstakir nefndarmenn áskilja sér rétt til að flytja breytingartillögur eða fylgja breytingartillögum frá öðrum.

Minni hl. nefndarinnar vill hins vegar gerbreyta frumvarpinu og mun skila sérstöku nefndaráliti.

Alþingi, 28. apríl 1949.

B. Kristjánsson, fundaskr., frsm. Björn Ólafsson. Sigurjón Á. Ólafsson.

Ed. 605. Nefndarálit [164. mál]

um frv. til l. um nýjar orkuveitur rafmagnsveitna ríkisins.

Frá fjárhagsnefnd.

Nefndin hefur athugað mál þetta á einum fundi. HermJ lýsti yfir, að hann væri því meðmæltur, að frumvarpið næði fram að ganga. Tveir nefndarmanna, ÞÞ og BÓ, lýstu yfir, að þeir vildu hafa óbundnar hendur um afstöðu til málsins og ÞÞ áskilur sér rétt til að bera fram og fylgja breytingartillögum við frumvarpið.

Tveir nefndarmenn (BrB og GÍG) mættu ekki á nefndarfundinum.

Alþingi, 29. apríl 1949.

Björn Ólafsson, form. Hermann Jónasson, frsm. Þorst. Þorsteinsson.

Ed. 606. Frumvarp til laga [60. mál]

um breyting á lögum nr. 42 1948, um útflutning og innflutning á íslenzkum og erlendum gjaldeyri.

(Eftir 3. umr. í Nd.)

1. gr.

3. gr. laga nr. 42 1948 orðast þannig:

Hver sá, er til landsins kemur frá útlöndum, skal gefa tollyfirvöldunum sundurliðaða skýrslu um þann gjaldeyri, er hann hefur meðferðis. Skulu einstaklingar búsettir hér á landi skila þeim gjaldeyri, sem þeir eiga, til þeirra banka, er rétt hafa til að verzla með erlendan gjaldeyri, og greiða þeir andvirðið í íslenzkum krónum.

Einstaklingar búsettir erlendis skulu við komu sína til landsins undirrita yfirlýsingu um, að þeir selji gjaldeyri aðeins til þeirra stofnana, sem rétt hafa til gjaldeyrisverzlunar. Skal sala þeirra á gjaldeyri færð í vegabréf þeirra.

Hver sá, sem fer af landi burt, skal gefa skriflega skýrslu um gjaldeyri þann, er hann hefur meðferðis, og gera grein fyrir, að hans hafi verið aflað á löglegan hátt.

2. gr.

4. gr. sömu laga orðast þannig:

Eigi má setja reglur samkvæmt lögum þessum, er banna mönnum brottför úr landi.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Ed. 607. Nefndarálit [141. mál]

um frv. til l. um iðnfræðslu.

Frá meiri hl. iðnaðarnefndar.

Frumvarp til laga um iðnfræðslu hefur legið fyrir Alþingi síðan 1945, er það þar flutt í fyrsta sinn. 1947 var málið í Ed. Alþingis og þá vísað til iðnaðarnefndar. Var málið þá tekið til ýtarlegrar athugunar af nefndinni, sem gerði ýmsar tillögur til breytinga á frv. Einnig voru þá fluttar breytingartillögur af einstökum þingmönnum. Tillögur nefndarinnar voru samþykktar og nokkrar tillögur frá einstökum þm. einnig. Á yfirstandandi Alþingi var málið flutt í Nd. og samþykkti deildin velflestar tillögur, sem Ed. hafði gert á frv. áður.

Þar sem frv. er nú komið í það horf, sem nefndin gat við unað 1947, og telja verður aðkallandi nauðsyn, að frv. fái lögfestingu á þessu þingi, þá fellst meiri hl. nefndarinnar á, að ekki sé rétt, eins og sakir standa, að gera breytingartillögur við frv., þótt einstakir nefndarmenn teldu þess nokkra þörf. Meiri hl. nefndarinnar, þeir GJ, SÁÓ, StgrA, leggja því til, að frv. verði samþ. óbreytt. BÓ tók ekki þátt í afgreiðslu málsins. Minni hl. (PZ) mun skila sérstöku nefndaráliti.

Alþingi, 29. apríl 1949.

Sigurjón Á. Ólafsson, form., frsm. Gísli Jónsson. Steingr. Aðalsteinsson.

Nd. 608. Frumvarp til laga [202. mál]

um fjárhagsráð.

Flm.: Emil Jónsson.

I. KAFLI

Skipun og starfssvið fjárhagsráðs.

1. gr.

Ríkisstjórnin skipar 5 manna nefnd, er nefnist fjárhagsráð. Hlutverk þess er að samræma framkvæmdir einstaklinga og almannavaldsins, meðan hinar miklu framkvæmdir í íslenzku atvinnulífi standa yfir, þannig, að þær verði gerðar eftir fyrir fram saminni áætlun fjárhagsráðs, er ríkisstjórnin staðfestir.

2. gr.

Verkefni fjárhagsráðs skal vera:

1. Að gera heildaráætlun um innflutning og útflutning hvers árs, magn og verðmæti, og annast úthlutun gjaldeyris- og innflutnigsleyfa.
2. Að gera áætlun um fjárfestingu og verklegar framkvæmdir, annast veitingu fjárfestingarleyfa og hafa umsjón með framkvæmd áætlunarinnar.

3. Að ákveða skömmtun, hvaða vörutegundir skuli skammtaðar, hve mikið af hverri, og hafa umsjón með framkvæmd.
4. Að hafa eftirlit með verðlagi.
5. Að hafa eftirlit með gjaldeyrisskilum og gjaldeyrisnotkun.
6. Að fylgjast nákvæmlega með framkvæmd verzlunarsamninga við erlend ríki, skrásetja öll innflutnings- og gjaldeyrisleyfi, fylgjast með afgreiðslu þeirra í bönkum og innflutningi þeirra vara til landsins, sem leyfin eru gefin út fyrir.
7. Að ráðstafa, ef nauðsyn þykir bera til, farmrýmí í skipum, er annast eiga vöruflutninga til landsins, og eru eign íslenzkra aðila, eða á vegum þeirra.

3. gr.

Fjárhagsráð miði störf sín við eftirfarandi:

1. Að öll framleiðslugeta sé hagnýtt til fulls og öllum verkfærum mönnum tryggð næg og örugg atvinna.
2. Að öllum vinnandi mönnum, og þó sérstaklega þeim, er stunda framleiðsluvinnu til sjávar og sveita, séu tryggðar réttlátar tekjur fyrir vinnu sína, en komið í veg fyrir óeðlileg sérréttindi og spákaupmennsku.
3. Að neytendur eigi kost á að kaupa neyzluvörur sínar og framleiðendur rekstrarvörur sínar á hagkvæmasta hátt og vörukaup til landsins og vörudreifing innanlands gerð eins ódýr og frekast er unnt.
4. Að áframhald verði á öflun nýrra og fullkominna framleiðslutækja til landsins, eftir því sem gjaldeyrisástæður og vinnuafl leyfir frekast, enda verði tryggt fé til framkvæmdanna jafnóðum.
5. Að byggðar verði verksmiðjur og iðjuver til þess að vinna sem mest og bezt úr öllum framleiðsluvörum til lands og sjávar, þannig, að þær séu seldar úr landi eins fullunnar og frekast er kostur og við staðsetningu verksmiðjanna verði tekið tillit til hvors tveggja í senn, framleiðsluskilyrða og atvinnuþarfa einstakra byggðarlaga.
6. Að bæta starfsskilyrði iðjuvera, sem framleiða vörur, er spara þjóðinni gjaldeyri.
7. Að atvinnuvegir landsmanna verði reknir á sem hagkvæmastan hátt og á arðbærum grundvelli og stöðvist ekki vegna verðbólgu og dýrtíðar.
8. Að húsnæðisskorti og heilsuspillandi íbúðum, hvar sem er á landinu, verði útrýmt með byggingu hagkvæmra íbúðarhúsa.

4. gr.

Fjárhagsráð starfrækir 5 deildir:

1. Fjárfestingardeild.
2. Innflutnings- og gjaldeyrisdeild.
3. Skömmtunardeild.
4. Verðlagsdeild.
5. Gjaldeyriseftirlits- og hagfræðideild.

Skal hver fjárhagsráðsmaður hafa umsjón með starfi einnar deildar. Verkefni deilda þessara er að fara með þau störf, sem nefnd eru í 2. gr.

5. gr.

Viðskiptamálaráðherra hefur yfirstjórn fjárhagsráðs. Þó skulu ákvarðanir um öll höfuðatriði bornar undir ríkisstórnina í heild til samþykktar. Viðskiptamálaráðherra sker einnig úr um ágreiningsmál, sem einhver fjárhagsráðsmaður skýtur til hans.

Ráðherra setur með reglugerð ákvæði um skipan, stjórn og starfssvið hinna einstöku deilda fjárhagsráðs, að fengnum tillögum þess.

II. KAFLI
Um fjárfestingu.

6. gr.

Til hvers konar fjárfestingar einstaklinga, félaga og opinberra aðila, hvort sem er til stofnunar nýs atvinnurekstrar, til aukningar á þeim, sem fyrir er, húsbygginga eða annarra mannvirkja, þarf leyfi fjárhagsráðs.

Þó skal ákveðið í reglugerð, að tilteknar minni háttar framkvæmdir séu heimilar án fjárfestingarleyfis. Nánari ákvæði um fjárfestingarleyfi séu sett í reglugerð.

7. gr.

Fjárhagsráð leitar samvinnu um samning heildaráætlunar við opinberar stofnanir, félög og einstaklinga, sem framleiðslu, verzlun, iðnað eða annan atvinnurekstur hafa með höndum, er fjárfestingu þarf til. Skulu þessir aðilar senda fjárhagsráði fyrir þann tíma, er það ákveður, áætlun um stofnfjárþörf sína, lánsfjárþörf, gjaldeyrisþörf og vinnuaflsþörf.

Enn fremur skal fjárhagsráð hafa samvinnu við lánsstofnanir í landinu um samningu og framkvæmd fjárfestingaráætlunar, og ber þeim að skýra fjárhagsráði frá fjármagni því, er þær hafa yfir að ráða. Nú telur fjárhagsráð eigi nægilega séð fyrir fjárþörf fyrirtækja, er það telur nauðsyn til að stofnsetja, og skal það þá leita samvinnu við ríkisstjórn, lánsstofnanir og aðra aðila, er hlut gætu átt að máli, um fjáröflun til þessara fyrirtækja.

8. gr.

Jafnhliða því, sem fjárhagsráð semur áætlun þá um heildarframkvæmdir, er áður greinir, skal það og gera sérstaka áætlun um framkvæmdir ríkisins, áður en fjárlög eru samin ár hvert, og sé við samningu þeirrar áætlunar, er ríkisstjórnin og Alþingi geti haft til hliðsjónar, stefnt að því að tryggja landsmönnum öllum næga atvinnu, en koma jafnframt í veg fyrir ofþenslu.

9. gr.

Fjárhagsráð skal beita sér fyrir samvinnu atvinnurekenda og verkamanna um bætta aðstöðu verkafólks á vinnustöðum, betri hagnýtingu vinnuafls og aukin vinnuafköst.

Fjárhagsráði er heimilt að leggja fyrir vinnumiðlunarskrifstofur landsins að láta fara fram skrásetningu verkafólks almennt eða í einstökum starfsgreinum á þeim tíma og eftir þeim reglum, er fjárhagsráð ákveður.

III. KAFLI
Um innflutning og gjaldeyrismeðferð.

10. gr.

Engar vörur má flytja til landsins nema að fengnu innflutnings- og gjaldeyrisleyfi, eða innflutningsleyfi eingöngu. Frá þessu getur fjárhagsráð gefið undanþágu með auglýsingu, að fengu samþykki viðskiptamálaráðuneytisins.

11. gr.

Verkefni innflutnings- og gjaldeyrisdeildar skal vera að úthluta öllum gjaldeyris- og innflutningsleyfum. Skal sú úthlutun jafnan fara fram eftir ákvörðun ráðsins, sem ákveður, hve hárri fjárhæð skuli úthluta hverju sinni fyrir hvern flokk, og einnig eftir þeim reglum um úthlutunina, sem settar eru hverju sinni af ráðinu. Höfuðreglan, sem fara skal eftir við úthlutun leyfanna, skal vera að láta þá sitja fyrir innkaupum, sem geta sýnt fram á, að þeir geti keypt vöruna og komið

henni til neytandans við ódýrasta verði, í þeim vöruflokkum, þar sem hægt er að koma við gæðasamanburði. Í öðrum vöruflokkum skal veita 75 % af innflutningnum til þeirra innflytjenda, er áður hafa annazt hann, og í sömu hlutföllum og þeir hafa haft næstu 3 ár á undan (meðaltal), en hinum 25 % skal úthluta annaðhvort til viðbótar á sama hátt eða til að greiða fyrir nýjum innflytjendum eða til að jafna óeðlilegan mismun að dómi fjárhagsráðs. Við úthlutun leyfanna skal enn fremur að því stefnt, að vörudreifingin um landið verði sem jöfnust, miðað við þarfir á viðkomandi stað og heildarinnflutning til landsins í hverjum vöruflokki. Innflutnings- og gjaldeyrisleyfi skal yfirleitt ekki veita, nema fyrir liggi upplýsingar um verð vörunnar, og þá fyrir ákveðnu magni fyrir ákveðið verð. Skal einn fulltrúi annast allar leyfisveitingar í ákveðnum flokkum, en gefa daglega skýrslur til ráðsins og gjaldeyriseftirlits- og hagfræðideildar, bæði um, hverjum leyfin eru veitt, fyrir hvaða vörutegund og fyrir hvaða upphæð. Skal ráðið á þann hátt fylgjast með, að settum reglum um úthlutun leyfa sé fylgt, en hagfræðideild annast skráningu leyfanna.

12. gr.

Engan gjaldeyri má láta af hendi án leyfis innflutnings- og gjaldeyrisdeildar, nema greiðslur vegna ríkissjóðs og banka eða vexti og afborganir bæjar- og sveitarfélaga. Landsbanki Íslands og Útvegsbanki Íslands h.f. hafa einir kauprétt á erlendum gjaldeyri.

Þeim gjaldeyri, sem bankarnir kaupa, skal skipt milli Landsbanka Íslands og Útvegsbanka Íslands h. f., þannig, að hinn síðarnefndi fái einn þriðja gjaldeyris, ef hann óskar, fyrir innkaupsverð, hlutfallslega af hverri mynt, sem keypt er á mánuði hverjum. Hlutfalli því, er hvor banki fær, getur ráðherra breytt, ef báðir bankarnir samþykkja. Enginn hefur rétt til að selja erlendan gjaldeyri nema Landsbanki Íslands og Útvegsbanki Íslands h.f. Þó er póststjórninni heimil slík verzlun innan þeirra takmarka, sem ráðuneytið setur.

Ef gjaldeyrisleyfi hafa á einhverjum tíma verið veitt fyrir hærri upphæð en þá er til í erlendum gjaldeyri, skal ákveða af nefnd — millibankanefnd, í hvaða röð leyfin skuli afgreidd, og er þá óheimilt að afgreiða þau í annarri röð.

Ráðherra skipar millibankanefnd þannig, að einn er skipaður í nefndina samkvæmt tilnefningu hvors banka og einn án tilnefningar.

Ráðherra setur með reglugerð fyrirmæli til tryggingar því, að íslenzk útflutningsverðmæti verði greidd með erlendum gjaldeyri, er renni til bankanna; enn fremur ákvæði um það, að allur annar gjaldeyrir, sem menn eiga eða eignast, renni til þeirra.

13. gr.

Af andvirði útflutnings hvers árs skal jafnan verja eigi minna en 15 % eingöngu til kaupa á framleiðslutækjum og til annarrar nýsköpunar í atvinnulífi þjóðarinnar.

14. gr.

Hver sá, sem innflutningsleyfi eða gjaldeyrisleyfi fær, greiði fjárhagsráði 1 % af fjárhæð þeirri, sem leyfið hljóðar um, þó aldrei minna en 1 krónu fyrir hvert einstakt leyfi. Skal gjaldi þessu varið til að standast kostnað af fjárhagsráði og framkvæmd þessara laga.

Leyfisgjaldið greiðist við afhendingu leyfanna.

15. gr.

Á meðan skömmtun á nauðsynjavörum er talin óhjákvæmileg að dómi fjárhagsráðs, skal leitazt við að sjá um, að hæfilegar birgðir af skömmtunarvörum séu jafnan fyrirliggjandi í landinu. Skal það gert á þann hátt að ákveða fyrst um sinn innflutningsmagn þessara vörutegunda nokkru hærra en skömmtunarvöru-

magnið. Við veitingu innflutnings- og gjaldeyrisleyfa fyrir þessum skömmtunarvörum skal síðan taka tillit til, hvaða innflytjendur hafa mesta sölu, og veita þeim leyfin fyrst og fremst, innan þeirra takmarka, sem 11. gr. setur.

IV. KAFLI
Um skömmtun.

16. gr.

Skömmtunardeild skal hafa með höndum framkvæmd vöruskömmtunar og eftirlit með henni og öðrum takmörkunum á sölu, dreifingu og afhendingu vara, sem ákveðnar verða á hverjum tíma.

V. KAFLI
Um verðlag.

17. gr.

Verðlagsdeild skal hafa með höndum eftirlit með öllu verðlagi og skal miða verðlagsákvarðanir við þörf þeirra fyrirtækja, sem hafa vel skipulagðan og hagkvæman rekstur. Hefur verðlagsdeildin í samráði við ráðið, bæði að sjálfsdáðum og fyrirlagi ráðsins eða ráðuneytisins, vald og skyldu til að ákveða hámarksverð á hvers konar vörum og verðmæti, þar á meðal hámark álagningar, umboðslauna, þóknunar, og annarra kostnaðarliða, sem máli skipta um verðlag í landinu. Deildin getur einnig í samráði við ráðið ákveðið göld fyrir flutning á landi, sjó og í lofti, þar með talin farmgjöld og afgreiðslugjöld, enn fremur greiðslur til verkstæða og annarra verktaka fyrir alls konar verk, svo sem pípu- og raflagningar, smíðar, málingu og veggfóðrun, saumaskap, prentun og því um líkt. Þá getur deildin með sama hætti ákveðið hámarksverð á greiðasölu, veitingum, fæði, snyrtingu, fatapressun og aðgöngumiðum að almennum skemmtunum og öðru slíku. Ákvæði þessara greina taka ekki til vörutegunda, sem verðlagðar eru samkvæmt sérstökum lögum, né til vöru, sem seld er úr landi, eða launa fyrir verk, sem ákveðin hafa verið með samningum stéttarfélaga.

18. gr.

Þeir, sem með verðlagseftirlit fara samkvæmt lögum þessum, geta krafið hvern sem er allra þeirra upplýsinga, skýrslna og annarra gagna, er þeir telja nauðsynleg í starfi sínu.

19. gr.

Sala á vörum milli heildverzlana innbyrðis eða smásöluverzlana innbyrðis (keðjuverzlun) er bönnuð, nema slík verzlun sé gerð án álagningar eða heildarlagning vörunnar sé innan þeirra takmarka í heildsölu og smásölu, sem heimilað er. Bannað er að halda vörum úr umferð í því skyni að fá hærri verzlunarhagnað af þeim síðar.

20. gr.

Allar verðlagsákvarðanir skulu birtar þegar í stað, og ganga þær í gildi jafnskjótt og gilda þar til öðruvísi er ákveðið. Ákvarðanir skulu birtar á þann hátt, að þær verði kunnar almenningi á því verðlagssvæði, er þær ná til.

21. gr.

Eftir gildistöku þessara laga má verðlag ekki hækka á neinu því, sem háð er verðlagseftirliti samkvæmt 17. gr., nema með leyfi verðlagsdeildar. Bann þetta gildir þó ekki um vörur, sem verðlagðar eru samkvæmt gildandi verðlagsákvæðum.

VI. KAFLI
Um gjaldeyriseftirlit, skýrslusöfnun o. fl.

22. gr.

Gjaldeyriseftirlits- og hagfræðideild skal hafa umsjón með, að allar gjaldeyristekjur komi til skila, enda skylt að tilkynna henni allar sölur úr landi og gjaldeyrisöflun, hvers kyns sem er. Hún skal fylgjast með öllum duldum greiðslum og tekjum, eftir því sem við verður komið, og hafa eftirlit með því, að gjaldeyrisleyfi séu notuð á réttan hátt.

23. gr.

Gjaldeyriseftirlits- og hagfræðideildin skal enn fremur annast skýrslusöfnun fyrir ráðið og deildir þess. Hún skrásetur allar leyfisveitingar, yfirfærslur og innflutning. Hún fylgist með framkvæmd verzlunarsamninga, gjaldeyrisforða bankanna, gjaldeyrisöflun og birgðum, bæði af framleiðsluvörum og innfluttum varningi. Deildin vinnur að áætlunargerðum og undirbýr verzlunarsamninga.

VII. KAFLI
Ýmis ákvæði.

24. gr.

Enga vöruskiptasamninga (kompenstationsviðskipti) má fjárhagsráð leyfa, utan verzlunarsamninga, nema með samþykki viðskiptamálaráðuneytisins og utanríkisráðuneytisins.

25. gr.

Fárhagsráðsmönnum og starfsmönnum þess er bannað, að viðlagðri ábyrgð eftir ákvæðum almennra hegningarlaga um opinbera starfsmenn, að skýra óviðkomandi mönnum frá þeim atriðum, er þeir verða áskynja um af skýrslum þeim, sem látnar eru í té samkvæmt lögum þessum, að því leyti sem þau varða einstaka menn eða einstök fyrirtæki.

26. gr.

Hver sá, er vanrækir að láta fjárhagsráði, deildum þess eða embættismönnum þeim, sem þessir aðilar til þess setja, í té skýrslur þær, sem honum er skylt að gefa samkvæmt ákvæðum laga þessara, skal sæta 20 — 200 kr. dagsektum. Sá, sem gefur sömu aðilum rangar skýrslur, skal sæta refsingu samkvæmt ákvæðum 15. kafla almennra hegningarlaga.

Brot gegn ákvæðum laga þessara og reglum settum samkvæmt þeim varða sektum allt að 200 þús. kr. Ef miklar sakir eru eða ef brot er ítrekað, má svipta sökunaut atvinnurétti um stundarsakir eða fyrir fullt og allt. Upptaka eigna samkvæmt 69. gr. almennra hegningarlaga skal og heimil vera.

27. gr.

Kostnaður við framkvæmd laga þessara greiðist úr ríkissjóði, að svo miklu leyti sem tekjur fjárhagsráðs hrökkva ekki til. Ef tekjuafgangur verður, rennur hann í ríkissjóð.

28. gr.

Fjárhagsráð hefur rétt til þess að ráða sérfræðinga og annað starfsfólk í þjónustu sína.

29. gr.

Með reglugerð setur ráðherra nánari ákvæði um framkvæmd laga þessara.

30. gr.

Mál út af brotum á lögum þessum fara að hætti opinberra mála.

31. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi. Jafnframt falla úr gildi lög nr. 70 5. júní 1947, um fjárhagsráð, innflutningsverzlun og verðlagseftirlit.

Greinargerð.

Fjárhagsráðslögin hafa nú verið í gildi hátt á annað ár, og hefur því þegar fengizt nokkur reynsla um þau í framkvæmd.

Dómarnir um þessi lög og framkvæmd þeirra hafa, eins og vænta mátti, verið ærið misjafnir. Sumir hafa haldið því fram, að innflutnings- og gjaldeyrismálin hafi aldrei verið í slíku ófremdarástandi sem nú, síðan fyrst voru hér teknar upp innflutnings- og gjaldeyrisráðstafanir árið 1931. Aðrir hafa aftur á móti bent á, að á árinu 1948, sem er fyrsta heila árið, sem þessi lög komu til framkvæmda á, hafi í fyrsta sinn um allangan tíma tekizt að koma á nokkurn veginn jöfnuði í gjaldeyrisviðskiptunum við útlönd, enn fremur, að sú tilraun, sem gerð hefur verið til þess að koma á eftirliti með fjárfestingu í landinu, hafi verið nauðsynleg og þörf og gefið góða raun.

Á það má og líta, að um það leyti er fjárhagsráð hóf störf sín, var gjaldeyrisforði bankanna að mestu til þurrðar genginn, og varð því að gera róttækari ráðstafanir en menn höfðu áður vanizt, til þess að gjaldeyristekjurnar nægðu fyrir gjöldunum, ef ekki áttu að safnast skuldir erlendis. Þessar nauðsynlegu og óumflýjanlegu ráðstafanir, svo sem mjög aukin takmörkun á innflutningi neyzluvarnings, áður óþekkt takmörkun á leyfum til fjárfestingar, allströng vöruskömmtun o. fl., voru vitaskuld, eðli sínu samkvæmt, ekki vel fallnar til þess að afla fjárhagsráðslögunum og framkvæmd þeirra fylgis eða formælenda.

Með frumvarpi því, er hér liggur fyrir, verður ekki gerð tilraun til að draga úr þessum ráðstöfunum, heldur aðeins til að nema burtu nokkra agnúa, er komið hafa í ljós. Þessir agnúar eru:

1. Skipting innflutningsins milli innflytjenda hefur ekki verið framkvæmd eftir föstum reglum og hefur þótt um of handahófskennd og óákveðin.
2. Yfirstjórn fjárhagsráðs hefur þótt um of seinvirk og hefur ekki getað fylgzt daglega með störfum þess. Sambandið milli hinna einstöku deilda ekki nægilega mikið og ekki nógu traust.
3. Framkvæmd laganna hefur þótt of dýr.

Skipting innflutningsins milli innflytjenda hefur lengi verið þrætuepli. Hafa aðallega verið uppi um þessa skiptingu tvær tillögur, „kvóta“-reglan og „höfðatölu“-reglan. Samkvæmt fyrri reglunni skyldi skipta innflutningnum eftir meðaltalsinnflutningi aðilanna á undanförnum árum og lítið eða ekki frá þeirri reglu hvika. Samkvæmt hinni reglunni skyldi fyrst og fremst farið eftir áætluðum fjölda viðskiptamanna og innflutningnum skipt í hlutfalli við hann. Loks hefur svo komið fram sú tillaga að gera skömmtunarseðlana í þeim vöruflokkum, þar sem vörur eru skammtaðar, að innflutningsheimild og veita innflytjendum innflutningsleyfi eftir því, hve mörgum miðum þeir geta safnað. — Allar hafa þessar reglur til síns ágætis nokkuð, en líka allar sína galla, sem hér skal ekki farið út í að ræða frekar.

Í þessu frumvarpi er lagt til, að farið verði inn á þá leið að úthluta ¾ af innflutningsmagninu eftir „kvóta“-reglunni, en nota þann ¼, sem eftir er, til að greiða fyrir nýum innflytjendum, leiðrétta misrétti og veita þeim auka innflutningsleyfi, sem hafa mesta sölu og þannig má ætla, að almenningur vilji helzt skipta við. Með því að flytja síðan inn heldur meira af skömmtunarvörum en skammtað er verður hægt að vinna upp nokkrar birgðir af þessum vörum í landinu og gefa landsmönnum þannig kost á að velja, hvar þeir vilja hafa sín viðskipti. Er með þessu reynt að hafa það bezta úr tillögum þeim, sem nefndar hafa verið hér að framan, en forðast ókosti þeirra.

Yfirstjórn fjárhagsráðs er nú, eins og kunnugt er, hjá ríkisstjórninni í heild, en ekki hjá neinu sérstöku ráðuneyti, eins og þó er venjan um flestar ríkisstofnanir. Þetta hefur orðið til þess, að sambandið á milli fjárhagsráðs og deilda þess annars vegar og ríkisstjórnarinar hins vegar hefur ekki verið eins náið og æskilegt hefði verið og ríkisstjórnin hefur ekki fylgzt með daglegum rekstri. Þá hefur þetta fyrirkomulag og reynzt þungt í vöfum, þegar fjárhagsráð hefur þurft undir ríkisstjórn að sækja, t. d. þegar um áfrýjun eða úrskurði hefur verið að ræða. Hefur þá jafnan orðið að kalla saman ríkisstjórnarfund, allir ráðherrarnir orðið að setja sig inn í málin og oftast tekið marga fundi að fá afgreiðslu, enda þótt um aðkallandi mál hafi verið að ræða. Í frumvarpinu er lagt til, að fjárhagsráð verði sett undir eitt ráðuneyti — viðskiptamálaráðuneytið — eins og tíðkast um slíkar stofnanir hjá mörgum nágrannaþjóðum okkar, en aðeins höfuðatriði borin undir ríkisstjórnina í heild, svo sem heildaráætlun um inn- og útflutning, áætlun um fjárfestingu og tilsvarandi meginatriði. Dagleg stjórn og minni háttar ákvarðanir allar verði aftur á móti í höndum þessa ráðuneytis. Þá er og lagt til, að innbyrðis samstarf deilda fjárhagsráðs verði fært í fastari skorður með því að gera fjárhagsráðsmennina að formönnum hinna einstöku deilda, sem allir stjórna þá hver sinni deild, leggja mál hennar fyrir sameiginlega fundi og undirbúa þau fyrir fundina. Viðskiptanefnd verður lögð niður, úthlutun leyfi falin embættismönnum eftir ákveðnum reglum, sem fjárhagsráð setur.

Á þennan hátt ætti að vera tryggt að framkvæmd þessara mála yrði betur kerfisbundin en áður, einfaldari og öruggari.

Kostnaður við störf fjárhagsráðs og deilda þess ætti einnig að geta lækkað nokkuð, ef þessi málsmeðferð yrði upp tekin, bæði vegna þess, að viðskiptanefnd verður lögð niður og störfin betur samræmd.

Aðrar breytingar frá núgildandi fjárhagsráðslögum, sem í frumvarpinu felast, eru flestar svo smávægilegar, að þær þarfnast ekki skýringa.

Það skal að lokum tekið fram, að hér eru ekki fluttar tillögur Alþýðuflokksins um skipun viðskiptamála. Ef hann væri einráður, mundu þessar tillögur vera allmikið öðruvísi. En hér er gerð tilraun til að sníða af núgildandi lögum nokkra agnúa, sem talið er til bóta að losna við og gera mundi framkvæmd laganna auðveldari og heppilegri.

Þó að ekki hafi náðst fullt samkomulag um frumvarpið í ríkisstjórninni og það þess vegna sé borið fram sem þingmannafrumvarp, er því ætlað að vera samkomulagstilraun, og er flm. fús að ræða allar breytingartillögur, er fram kunna að koma og stefna í sömu átt.

Ed. 609. Breytingartillaga [16. mál]

við brtt. á þskj. 596 [Áburðarverksmiðja].

Frá Ásmundi Sigurðssyni og Steingrími Aðalsteinssyni.

a. Í stað „Sameinað Alþingi kýs þrjá“ komi: Sameinað Alþingi kýs fjóra.
b. Í stað „Hluthafar, aðrir en ríkissjóður, kjósa tvo stjórnarnefndarmenn“ komi: Hluthafar, aðrir en ríkissjóður, kjósa einn stjórnarnefndarmann.

Nd. 610. Frumvarp til laga [16. mál]

um áburðarverksmiðju.

(Eftir 3. umr. í Ed.)

1. gr.

Ríkisstjórninni er heimilt að láta reisa og reka verksmiðju með fullkomnum vélum og öðrum nauðsynlegum útbúnaði, til framleiðslu þessara áburðarefna:

ammoniaks, úr vatni og lofti,
ammonium-nitrats,
ammonium-fosfats.

Stærð verksmiðjunnar skal miðuð við það, að vinnslugeta hennar sé 5000—10000 smál. ársframleiðsla af köfnunarefni að minnsta kosti, en framleiðslunni skal að öðru leyti hagað á þann hátt, er ódýrastan má telja, en þó hagkvæman fyrir íslenzka jarðrækt. Jafnframt skal höfð hliðsjón af almennri þörf landsins og notum fyrir þau hráefni, sem verksmiðjan framleiðir á ýmsum stigum áburðarvinnslunnar.

2. gr.

Ríkissjóður leggur fram fé til stofnunar áburðarverksmiðju samkvæmt ákvæðum fjárlaga, og er fé þetta óafturkræft. Ef fjárveitingar samkvæmt fjárlögum hrökkva ekki til stofnkostnaðar verksmiðjunnar, er verksmiðjustjórninni heimilt að taka það fé, sem á vantar, að láni innanlands eða utan með samþykki ríkisstjórnarinnar og ábyrgð ríkissjóðs. Áburðarverksmiðjan skal standa straum af vöxtum og afborgunum þessara lána.

3. gr.

Verksmiðjan er sjálfseignarstofnun, er lýtur sérstakri stjórn. Verksmiðjan má hvorki selja né veðsetja, nema heimild sé veitt til þess af Alþingi.

4. gr.

Stjórn verksmiðjunnar skal skipuð þremur mönnum, sem kosnir skulu hlutfallskosningu í sameinuðu Alþingi til fjögurra ára í senn. Landbúnaðarráðherra skipar einn þeirra formann verksmiðjustjórnar. Ráðherra setur stjórninni erindisbréf og ákveður laun hennar. Verksmiðjustjórnin hefur á hendi stjórn verksmiðjunnar.

5. gr.

Stjórn verksmiðjunnar ákveður, að fengnu samþykki landbúnaðarráðherra, hvenær og hvar hún skuli reist. Skal það gert svo fljótt sem ástæður leyfa, en áður skal þó hafa fengizt trygging fyrir nægri raforku og nægilegu fé til greiðslu stofnkostnaðar.

6. gr.

Verksmiðjustjórnin ræður framkvæmdastjóra með verkfræðilegri menntun til þess að hafa á hendi daglega stjórn verksmiðjunnar og umsjón með rekstri hennar. Framkvæmdastjóri hefur prókúruumboð fyrir verksmiðjuna og ræður starfsfólk, en hlítir að öðru leyti ákvæðum erindisbréfs, sem verksmiðjustjórnin setur honum. Til þess að skuldbinda verksmiðjuna þarf undirskrift tveggja stjórnenda.

7. gr.

Endurskoðendur verksmiðjunnar eru tveir, skipaðir af landbúnaðarráðherra til tveggja ára í senn, og ákveður hann þóknun þeirra að fengnum tillögum verksmiðjustjórnar.

8. gr.

Áburðarsala ríkisins kaupir af verksmiðjunni áburð til notkunar innanlands fyrir kostnaðarverð, er verksmiðjustjórn áætlar og ákveður fyrir 1. marz

ár hvert, að fengnu samþykki landbúnaðarráðherra. Í hinu áætlaða kostnaðarverði skal reikna með nauðsynlegum og lögákveðnum tillögum í fyrningarsjóð og varasjóð verksmiðjunnar.

Áburðarsala ríkisins skal í byrjun hvers árs láta verksmiðjustjórninni í té áætlun um áburðarmagn til innanlandsnotkunar það ár.

9. gr.

Áburðarverksmiðjan skal undanþegin öllum sköttum og opinberum gjöldum nema útsvari til sveitarsjóðs. Aldrei má leggja á hana hærra útsvar en nemi 1% af tekjuafgangi hennar.

10. gr.

Framlag áburðarverksmiðjunnar til fastra sjóða hennar skal vera á hverju ári sem hér segir.

a. Til fyrningarsjóðs 2½% af kostnaðarverði húsa, lóðar og annarra mannvirkja og 7½% af kostnaðarverði véla og annarra áhalda.
b. Til varasjóðs allt að 3% af kostnaðarverði framleiðslunnar.

11. gr.

Reikningsár verksmiðjunnar er almanaksárið. Skal stjórn hennar gera reikningsskil fyrir hvert starfsár svo fljótt sem auðið er og svo snemma, að endurskoðun geti farið fram fyrir lok apríl mánaðar ár hvert. Reikningar skulu sendir landbúnaðarráðherra þegar að lokinni endurskoðun undirritaðir af stjórn og framkvæmdastjóra og áritaðir af endurskoðendum. Reikningana skal birta árlega í B-deild Stjórnartíðinda.

12. gr.

Nánari ákvæði um rekstur og tilhögun verksmiðjunnar setur landbúnaðarráðherra með reglugerð, að fengnum tillögum verksmiðjustjórnarinnar.

13. gr.

Ríkisstjórninni er heimilt þrátt fyrir ákvæði 2. gr. að leita eftir þátttöku félaga og einstaklinga um hlutafjárframlög til stofnunar áburðarverksmiðjunnar og leggja fram til hennar óafturkræft fé úr rekstrarsjóði áburðarsölu ríkisins allt að einni milljón króna. Ef slík framlög nema minnst 4 milljónum króna, leggur ríkissjóður fram hlutafé, sem þá vantar til, að hlutaféð verði alls 10 milljónir kr., og skal verksmiðjan þá rekin sem hlutafélag.

Heimilt er að greiða hluthöfum í arð af hlutafé þeirra allt að 6 af hundraði.

Nú notar ríkisstjórnin heimild 1. mgr. þessarar greinar, og skal þá stjórn verksmiðjunnar skipuð fimm mönnum. Sameinað Alþingi kýs þrjá þeirra hlutfallskosningu til fjögurra ára í senn, og skipar landbúnaðarráðherra einn þeirra formann verksmiðjustjórnarinnar. Hluthafar, aðrir en ríkissjóður, kjósa tvo stjórnarnefndarmenn til eins árs í senn.

Endurskoðendur skulu vera tveir, annar tilnefndur af landbúnaðarráðherra, en hinn kosin af hluthöfum, öðrum en ríkissjóði. Að öðru leyti skulu á hluthafafundi engar takmarkanir vera á atkvæðarétti að því er hlutafé ríkisins snertir.

14. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Ákvæði til bráðabirgða.

Kosning fyrstu verksmiðjustjórnar samkvæmt 4. gr. fer fram á þingi því, er setur lög þessi, og gildir til ársloka 1952.

Nd. 611. Nefndarálit [120. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. um menntaskóla, nr. 58 frá 7. maí 1946.

Frá menntamálanefnd.

Nefndin hefur rætt frv. á mörgum fundum. Ýmsir aðilar, svo sem fræðslumálastjóri, skólameistari Menntaskólans á Akureyri, rektor Menntaskólans í Reykjavík, skólastjóri Gagnfræðaskóla Akureyrar og milliþinganefndin í skólamálum, hafa og mætt á fundum nefndarinnar og látið í ljós álit sitt á málinu. Enn fremur hafa nefndinni borizt skriflegar álitsgerðir um það frá nokkrum þeim aðilum, er það snertir, og fylgja þær nefndarálitinu.

Öllum nefndarmönnum var það ljóst, að í því fólust veruleg vandkvæði að höggva það skarð í framkvæmd hinnar nýju og samræmdu skólalöggjafar, sem frv. þetta leggur til að gert verði. Lítil reynsla er ennþá fengin af þessari löggjöf, og má segja, að æskilegt væri að bíða nokkuð átekta, áður en horfið væri að verulegum breytingum á henni.

Hins vegar var meiri hluta nefndarinnar ljóst, að ósk Menntaskólans á Akureyri um að mega halda áfram gagnfræðakennslu hafði við veruleg rök að styðjast, eins og málum skólans horfði. Menntaskólinn á Akureyri hefur jafnan verið sóttur af nemendum úr öllum sýslum Norðurlands og raunar víðar að. Hefur heimavist skólans getað tekið við mörgum þessara nemenda, og hefur þeim vegna þess orðið námið kostnaðarminna og auðveldara. Nú er að verða lokið byggingu glæsilegs heimavistarhúss fyrir skólann, sem rúma mun allt að 160 nemendur, en í gömlu heimavistinni var aðeins rúm fyrir liðlega 70 nemendur. Benda forráðamenn skólans á, hvílíkt öfugstreymi það væri að afnema gagnfræðadeild skólans í þann mund, sem möguleikar hans til þess að taka á móti utanbæjarnemendum væru stórbættir. Mundi slíkt koma sér mjög illa fyrir mikinn fjölda fólks í landinu.

Meiri hluti menntamálanefndar, Barði Guðmundsson, Gunnar Thoroddsen og Sigurður Bjarnason, hefur því viljað freista þess að ganga til móts við sjónarmið það sem fram kemur í frv. þessu. Vilja þeir fallast á það höfuðatriði þess, að Menntaskólinn á Akureyri fái fyrst um sinn að starfrækja gagnfræða- eða réttara sagt miðskóladeild, fyrst og fremst vegna utanbæjarnemenda, sem sækja skólann víðs vegar að af landinu. Um próf inn í þá deild skólans yrðu settar reglur með reglugerð, en eðlilegt væri, að þau yrðu með svipuðum hætti og tíðkazt hafa undanfarið inn í gagnfræðadeild hans. Hins vegar yrði þá lærdómsdeild skólans starfrækt að öllu leyti samkvæmt hinum nýju lögum um menntaskóla, nr. 58 frá 7. maí 1946. — Minni hluti nefndarinnar, þeir Páll Þorsteinsson og Sigfús Sigurhjartarson, telja þessa breytingu á frv. að vísu til bóta, en eru samt andvígir því og rita undir nefndarálitið með fyrirvara.

Samkvæmt framansögðu leggur meiri hl. nefndarinnar til, að frv. verði samþykkt með svofelldum

BREYTINGUM:

1. Frvgr. orðist þannig:
   Í næstu tvö ár skal, ef húsrúm leyfir, starfa við Menntaskólann á Akureyri miðskóladeild, enda starfi þá lærdómsdeild skólans samkvæmt lögum um menntaskóla, nr. 58 frá 7. maí 1946.
2. Við frv. bætist ný grein, svo hljóðandi:
   Lög þessi öðlast þegar gildi.

Alþingi, 29. apríl 1949.

Páll Þorsteinsson, form., með fyrirvara.	Gunnar Thoroddsen, fundaskr.	Sigurður Bjarnason, frsm.
Sigfús Sigurhjartarson, með fyrirvara.	Barði Guðmundsson.	

Fylgiskjal I.

MENNTASKÓLINN Á AKUREYRI

21. febrúar 1949.

Ályktun kennarafundar.

Kennarafundur í Menntaskólanum á Akureyri, haldinn 13. febrúar 1949, ályktar að skora mjög eindregið á hið háa Alþingi að samþykkja framkomið frumvarp um breytingu á lögum um menntaskóla, þess efnis, að gagnfræðadeild Menntaskólans á Akureyri haldist óbreytt. Um rök fyrir áskorun þessari vísar fundurinn til meðfylgjandi greinargerðar.

Samþykkt í einu hljóði.

Þórarinn Björnsson,
skólameistari.

Til Alþingis, menntamn. Nd.

Greinargerð.

1. Vér teljum heppilegt af uppeldisástæðum, að nemendur komi ungir í þann skóla, er þeir ætla sér að stunda í framhaldsnám, og dveljist þar sem lengst. Það eykur ræktarþel og hollustu, og er þess sízt vanþörf í því rótleysi, sem nú ríkir. Jafnframt er það og hollt skólastofnuninni sjálfri, því að það skapar henni meiri festu og tryggari erfðavenjur.

2. Það hefur aldrei þótt heppilegt að breyta því, sem vel hefur gengið. Nú mun það svo um gagnfræðadeild Menntaskólans á Akureyri, að hún mun almennt talin leysa hlutverk sitt sæmilega af hendi. Hún hefur langa reynslu að baki og hefur notið forsjár viðurkenndra skólamanna hvers eftir annan, eins og alþjóð er kunnugt. Oss virðist því, að sterk rök verði að liggja til þess, ef nú á að rífa niður verk þessara ágætu manna, og teljum vér, að slík rök hafi enn ekki verið fram borin.

3. Hér er nú í smíðum, eins og hinu háa Alþingi er kunnugt um, heimavistarhús, sem rúma á 150—160 nemendur, og verður að öllu forfallalausu hægt að taka einhvern hluta þess í notkun á hausti komanda (fyrir 30—40 nemendur). Í gamla skólahúsinu eru herbergi fyrir rúmlega 70 nemendur, svo að með nýja húsinu eykst heimavistarrúm skólans um ríflan helming. Jafnframt má svo breyta heimavistarrúminu í gamla húsinu í kennslustofur með tiltölulega litlum kostnaði og fyrirhöfn. Eins og stendur eru kennslustofur í gamla húsinu 9 og að auki 3 í öðru húsi, er skólinn á. Gera má ráð fyrir, að þessar 3 stofur verði ekki lengur notaðar til kennslu, er húsrúm eykst. Við brottflutning heimavistanna úr gamla húsinu má fjölga þar kennslustofum nálega um helming. Kennslustofur eiga að geta verið þar ekki færri en 16—18. Hins vegar eru nú í fjórum efstu bekkjum skólans ekki nema 11 deildir, og getur varla talizt sennilegt, að þeim fjölgi svo stórlega í einni svipan, að fullsetnar verði 16—18 kennslustofur. Undanfarið hafa kjör þjóðarinnar, sem betur fer, verið svo rúm, að flestir þeir, er vildu, munu hafa getað sótt langskólanám af þeim sökum, og munu fáir telja líklegt, að fjárhagsástæður verði betri á næstu árum. Auk þess má benda á, að fólki í þeim byggðum, er einkum sækja til Menntaskólans á Akureyri, fer lítið eða ekki fjölgandi og sums staðar fækkandi. Horfur á stóraukinni aðsókn að stúdentanámi á Akureyri virðast því ekki miklar um sinn. Ef gagnfræðadeild skólans verður afnumin, er varla annað fyrirsjáanlegt en þar standi ónotað allmikið kennslurúm — og jafnvel heimavistarrúm — á næstunni, og efumst vér um, að ríki og þjóð hafi efni á slíkum búskap.

4. Undanfarin ár hafa verið í 1. og 2. bekk að jafnaði rúmlega 100 nemendur, um 60 í 2. bekk og 40—50 í 1. bekk. Í 2. bekk hefur meira en helmingur (30—40 og stundum fleiri) verið utanbæjar, en í 1. bekk tæpur helmingur (kringum 20). Það hefur verið nokkur áramunur að aðsókninni og hlutfallinu milli innan- og utan-

bæjarnema, en í heild virðist ekki veruleg breyting, þó að nýir skólar hafi risið.[1]) Utanbæjarnemendur hafa verið víða að, en þó flestir úr sveitum og kauptúnum norðanlands. Og nú verður oss á að spyrja: Mundi ekki sumum þessara nemenda hafa orðið örðugra um nám, ef ekki hefði notið gagnfræðadeildar Menntaskólans á Akureyri, og kynni ekki fleirum svo að fara, er á eftir koma, að þeir sakni vinar í stað, er gagnfræðadeild Menntaskólans hér er úr sögunni? Virðist ekki einsætt að nota húsrúm skólans fyrir þessa nemendur? Einhverjir kunna að svara, að þeir geti farið í hina ýmsu gagnfræða- og héraðsskóla. En eru þeir ekki allir fullir? Vantar ekki einmitt skólarúm í landinu? Og nú hefur Menntaskólinn á Akureyri betri aðstöðu en áður til þess að verða þessum nemendum að liði. Hingað til hafa neðstubekkingar orðið útundan með heimavistarrúm af þeirri eðlilegu ástæðu, að mörgum hefur orðið að synja og þeir komið síðastir í röðinni. Nú breytist þetta til batnaðar með auknum heimavistum. Allmikil áraskipti hafa verið að því, hve margir hafi búið í heimavist úr 1. og 2. bekk. Í vetur eru þeir aðeins 6, en 11 í fyrra og 22 þar áður, en að meðaltali 12 síðustu 5 árin. En jafnan hafa miklu fleiri sótt úr þessum bekkjum um heimavistina. Eftirleiðis má ætla, að hægt yrði að taka við þeim öllum. Og ef foreldrar hafa viljað senda börn sín hingað í gagnfræðadeild og unnið það til að kaupa þau niður í bænum, munu þeir ekki gera það ennþá fremur, er kostur verður á heimavistarrúmi?

Enn má geta eins, að auk þeirra 60 og 40—50, sem verið hafa reglulegir nemendur 1. og 2. bekkjar skólans allan veturinn, hefur skólinn ávallt leyft, að aðkomunemendur fengju að hlýða á kennslu seinni hluta vetrar, eftir því sem þeir óskuðu. Hafa þeir margir verið þakklátir fyrir og talið það koma sér að góðu haldi. En einn meginkostur gagnfræðadeildar Menntaskólans á Akureyri hefur verið sá, að nemendum utan af landi hefur verið greiður aðgangur að öllum bekkjum hennar, þannig að þeir hafa getað þreytt próf upp í 1., 2., 3. eða 4. bekk, eftir því sem hver hefur verið aðstaða þeirra til náms heima fyrir, en hún hlýtur jafnan að vera mjög misjöfn í svo strjálbýlu landi sem Íslandi. Gagnfræðadeild Menntaskólans á Akureyri hefur alla tíð reynt að bæta úr mismunandi þörfum hinna ýmsu nemenda, er til hennar hafa leitað, eins og mörgum alþingismönnum er kunnugt, sem ýmist hafa verið nemendur skólans sjálfir eða sent þangað börn sín.

Fylgiskjal II.

MENNTAMÁLARÁÐUNEYTIÐ

Reykjavík, 30. marz 1949.

Ráðuneytið hefur leitað umsagnar skólamálanefndar um tvö frumvörp til laga um breyt. á lögum nr. 58/1946, um menntaskóla, er háttvirt menntamálanefnd hefur sent hingað til athugunar, — annað á þskj. 60, hitt á þskj. 302.

Um leið og ráðuneytið sendir háttvirtri menntamálanefnd umsagnir þessar, tekur það fram, að það teldi óheppilegt, ef frumvarpið á þskj. 302 næði fram að ganga, og leggur því til, að það verði fellt.

Eysteinn Jónsson.

Birgir Thorlacius.

Til menntamálanefndar neðri deildar Alþingis, Reykjavík.

---

1) 1. bekkur í vetur, þar sem aðeins eru 10 utanbæjarnemendur, er ekki réttmætur mælikvarði, því að leyfi til þess að hann starfaði var ekki fengið fyrr en í september og þá óheimilt að auglýsa það. Nokkrir, sem spurt höfðu og jafnvel sótt fast um skólavist, höfðu ekki þorað annað en gera aðrar ráðstafanir, er svo seint var orðið.

MILLIÞINGANEFND Í SKÓLAMÁLUM

Reykjavík, 14. marz 1949.

Menntamálaráðuneytið hefur með bréfi, dags. 1. þ. m., sent skólamálanefndinni til umsagnar frumvarp til laga á þskj. 302 um breyting á lögum um menntaskóla, nr. 58 frá 7. maí 1946.

Skólamálanefndin leggur eindregið á móti því, að umrætt frumvarp verði lögfest. Breyting sú, sem þar er farið fram á, er mjög varhugaverð og getur orðið örlagarík, einkum fyrir miðskóla- og gagnfræðaskóla, bæði í sveitum og kaupstöðum. Mundi hún rífa niður sumt af því mikilvægasta, sem nefndin vildi byggja upp með hinni nýju skólalöggjöf, og raska skólakerfinu.

Máli sínu til stuðnings vill nefndin benda á eftirfarandi atriði:

1. Nefndinni er það kunnugt, að fái Menntaskóli Akureyrar (M. A.) að halda gagnfræðadeild — eða öllu heldur miðskóladeild — þá mun koma sams konar krafa frá Menntaskólanum í Reykjavík; krafa, sem yrði að sinna, því að auðsætt er, að hið sama verður að gilda í þessum efnum fyrir menntaskólana báða. Hefur Menntaskólinn í Reykjavík alltaf farið eftir reglugerð og lögum, starfar 1. bekkur gagnfræðadeildar ekki í vetur, og munu síðustu gagnfræðingar útskrifast þaðan í vor.

2. Skólamálanefnd vantreystir auðvitað á engan hátt menntaskólum til að annast gagnfræðanám, en hún vill greina það frá þeim af þeirri ástæðu, að með því móti verður skólakerfi landsins samfelldara og hagkvæmara og menntaskólarnir skipaðir samstæðari og þroskaðri nemendum. Takist ekki samfelldum 4 ára menntaskóla að móta til góðs nemendur sína, þá mun það trauðla takast heldur, þótt hann verði 6 eða 7 ára skóli.

3. Það mun vera sameiginlegt álit miðskóla og gagnfræðaskóla, að vegur þeirra sé til muna aukinn með því, að þeim sé treyst til þess að búa efnilega nemendur undir nám í menntaskóla og kennaraskóla. Hafa þeir talið sér það mikinn ávinning. Úr honum mundi það draga, ef menntaskólarnir fengju í reyndinni eins konar forréttindi að þessum undirbúningi, og mundu skólar gagnfræðastigsins telja sér sýnt vantraust með þessu móti.

4. Ef menntaskólarnir yrðu jafnframt miðskólar, þá mundi aftur hefjast hið óhugnanlega kapphlaup aðstandenda um að koma börnum sínum inn í þá og Reykvíkingar og Akureyringar standa öðrum landsmönnum miklu betur að vígi í þeim efnum. Kæmist þá aftur á óeðlilegt misrétti. Virðist nefndinni, að þetta mundi sízt verða til þess að hamla gegn því, að aðstandendur efnilegra nemenda í dreifbýlinu flyttu til Akureyrar eða Reykjavíkur sökum þess, að þeir teldu sér þá auðveldara fjárhagslega að standast kostnað við námsdvöl barna sinna.

5. Frumvarpið gerir ráð fyrir, að landspróf — þar mun vera átt við miðskólapróf samkv. núgildandi reglugerð — gildi til upptöku í 3. bekk M. A., en að öðru leyti starfi skólinn með sama fyrirkomulagi og hingað til. Ef þetta yrði lögfest, þá tækju nemendur M. A. raunverulega tvisvar próf, sem veitti rétt til lærdómsdeildarnáms, þ. e. miðskólapróf og 3.-bekkjarpróf M. A. Mundi þetta torvelda samstarf menntaskólanna og valda ósamræmi. Hlýtur öllum að vera ljóst, hversu fráleitt þetta er, t. d. vegna nemenda, sem flyttu búferlum milli Reykjavíkur og Akureyrar. Ekki kemur annað til mála en að lærdómsdeild M. A. verði í samræmi við ákvæði laganna um menntaskóla — eins og er í Menntaskólanum í Reykjavík, — þ. e. 4 ár, svo sem miðskólaprófið veitir réttindi til, enda raskar það á engan hátt því, sem nefndinni virðist aðalatriði frumvarpsins, þ. e. langdvöl nemenda í M. A.

6. Þeir, sem að frumvarpinu standa, hafa sýnilega ekki gert sér það ljóst, að ef M. A. fengi að hafa miðskóladeild, þá yrði hún að taka við börnum að loknu barnaprófi, sem lokið er á því ári, er þau verða 13 ára, þ. e. ári fyrr en fullnaðarprófi var lokið eftir eldri fræðslulögum. Þessi skipan um barnapróf er þegar komin á í flestum kaupstöðum landsins — m. a. á Akureyri — og í allmörgum þorpum. M. A. yrði þá að hafa þessa nemendur í 3 ár áður en þeir kæmust í núverandi 3. bekk, eða 7 ár alls til stúdentsprófs.

7. Oftast er mjög erfitt að ákveða það um börn á 13. ári, hvort rétt sé og æskilegt, að þau leggi stund á langskólanám. Enda mun það almennt álit uppeldisfræðinga, að heppilegt sé, að ákvörðun um slíkt sé frestað, unz börnin hafi náð meiri þroska. Ber nútímaskólalöggjöf helztu menningarþjóða einnig vitni um þá skoðun.

8. Ríkissjóður ber allan kostnað við stofnun og rekstur menntaskóla, en ekki nema helming stofnkostnaðar skóla gagnfræðastigsins og reksturs að frátöldum launum fastra kennara. Auk þess eru laun menntaskólakennara nokkru hærri en laun gagnfræðaskólakennara. Ef umrætt frumvarp yrði að lögum, mundi það því hafa aukinn kostnað í för með sér fyrir ríkissjóð. Enn fremur má telja víst, að aðrir miðskólar og gagnfræðaskólar mundu fara fram á, að ríkissjóður greiddi einnig allan kostnað við stofnun og rekstur þeirra.

9. Þess má geta, að í Svíþjóð hefur á undanförnum árum farið fram endurskoðun skólakerfisins. Tillögur skólamálanefndar Svía voru birtar síðastl. vor. Þar er lagt til, að menntaskólar verði þriggja ára skólar, en upp í efsta bekk gagnfræðaskólanna fari fram val á þeim nemendum, sem fara eiga í menntaskóla og kennslan síðasta veturinn í gagnfræðaskólanum samsvari í raun og veru námi í 1. bekk menntaskóla. Í Svíþjóð er með öðrum orðum stefnt í gagnstæða átt við umrætt frumvarp um 6 ára, eða réttara sagt 7 ára, samfelldan menntaskóla. Sænskir menntaskólakennarar eru sömu skoðunar og skólamálanefndin hér á landi og vinna að því, að menntaskólar verði fjögurra ára skólar.

Í þessu sambandi vill skólamálanefnd láta í ljós það álit sitt, að 1. bekkur fjögurra ára menntaskóla eigi að vera það þungur, að eigi komist aðrir nemendur upp úr honum en þeir, sem menntaskólarnir telja, að vel séu hæfir til langskólanáms.

10. Sökum þess, að miðskólapróf hefur ekki verið hagkvæmur undirbúningur undir 3. bekk M. A., hafa héraðs- og gagnfræðaskólar á Vestur- og Norðurlandi til þessa yfirleitt ekki talið sér hentugt að miða kennslu sína við miðskólapróf. Þeir hafa því sent ýmsa efnilega nemendur til Akureyrar — stundum um miðjan vetur — til þess að vera þar í menntaskólanum og taka þar próf. Í vetur eru þessir skólar að byrja á því að búa nemendur sína undir að ljúka miðskólaprófi hjá sér í þeirri von, að eigi þurfi að láta þá taka það í menntaskólunum.

11. Viðvíkjandi greinargerð frumvarpsins vill skólamálanefndin taka þetta fram:

a. Það er vitanlegt — enda svo ráð fyrir gert í lögunum um fræðsluskyldu og skólakerfi — að það tekur allmörg ár að koma hinni nýju skólalöggjöf í framkvæmd til fulls. Þótt hin nýju lög hefðu ekki komið, þá hefði nemendafjöldi og skólahaldskostnaður samt aukizt jafnt og þétt. Skólahús hefði þurft að byggja hvort eð var — og kennurum hefði orðið að fjölga í hlutfalli við nemendatölu. Það er því fullkominn misskilningur, að hið nýja skólakerfi valdi eitt öllum auknum skólahaldskostnaði fyrir þjóðarheildina. Hitt mun sönnu nær, að hið hagfellda skólakerfi auðveldar einstaklingum að standast kostnað við námsdvöl skjólstæðinga sinna, og samræmi er fengið um skiptingu skólahaldskostnaðar milli ríkissjóðs og sveitarsjóða. Með umræddu frumvarpi yrði ríkissjóði áhjákvæmilega gert að greiða meiri kostnað af gagnfræðanámi en skólalöggjöfin nýja gerir ráð fyrir, eins og þegar hefur verið bent á.

b. Um langdvöl í sama skóla hefur þegar verið rætt hér að framan. Því má þó bæta við, að nokkur þroskaauki og víðsýni getur fengizt af því fyrir nemendur, að vera ekki öll sín þroskaár undir sömu stjórn og aga.

c. Það, sem sagt er um hina góðu aðstöðu hér í Reykjavík til gagnfræðanáms, er hin mesta fjarstæða, Hvergi á landinu mun aðstaðan lakari í húsnæðismálunum. Báðir gagnfræðaskólar bæjarins búa við mjög lélegt bráðabirgðahúsnæði. Tvísett er í allar stofur skólanna og 1. bekkur, fyrir 13 ára börn, er allur til húsa í barnaskólum bæjarins. Á þessu verður að vísu ráðin örlítil bót, þegar hið nýja gagnfræðaskólahús með 11 almennum kennslustofum verður tekið til notkunar.

d. Þótt hið nýja heimavistarhús M. A. muni rúma um 170 nemendur, þegar það verður fullbyggt, þá má gera ráð fyrir því, að svo margir sæki menntaskólann, að ekki verði einu sinni unnt að fullnægja eftirspurn utanbæjarnemenda. Síðastliðinn vetur voru 20 utanbæjarnemendur í 1. bekk gagnfræðadeildar M. A., þar af aðeins 1 í heimavist. Í 2. bekk voru 37 utanbæjarnemendur, þar af 9 í heimavist. Þetta kemur ekki vel heim við það, sem sagt er í greinargerðinni.

e. Nefndin ber síður en svo brigður á, að agi og góð stjórn hafi verið og sé í M. A., en þrátt fyrir það telur hún, að skólanum verði hagur að því að losna við yngstu nemendurna — börnin — svo að hópurinn verði samstæðari en verið hefur. Það verður því spor áfram en ekki aftur á bak, ef farið verður eftir núgildandi lögum án breytinga.

f. Um samþykktir eða áskoranir þær, sem getur í greinargerðinni, þarf eigi margt að segja. Þær eru hver annarri líkar og munu vart byggðar á nákvæmri athugun á því, sem verða mun, ef hin nýja skólalöggjöf fær að njóta sín eftir því, sem efni standa til. Telur skólamálanefndin líklegra, að fólk almennt kjósi frekar að halda sem lengst börnum sínum og unglingum frá kaupstöðunum, sé kostur á hliðstæðri kennslu annars staðar.

12. Skólamálanefndin hefur kynnt sér efni eftirtalinna gagna, sem send hafa verið menntamálanefnd Nd. Alþingis varðandi þetta frumvarp:

1. Bréf frá Þorsteini M. Jónssyni skólastjóra, dags. 13. febr. 1949.
2. Ályktun kennarafundar G. A. hinn 7. s. m.
3. Afrit af fundargerð fræðsluráðs Akureyrar á fundi 10. s. m.
4. Vottorð héraðslæknis 10. febr. 1949 um húsnæði Gagnfræðaskóla Akureyrar.
5. Bréf fræðslumálastjóra, dags. 20. ág. f. á., þar sem ræðir um það, hvort heimila skuli, að M. A. hafi 1 bekk gagnfræðadeildar í vetur.

Nefndin fellst á þau rök, er þar koma fram.

Enn fremur hefur skólamálanefnd haft til athugunar ályktun kennarafundar M. A., dags. 13. febr., ásamt greinargerð, og kemur afstaða nefndarinnar fram í því, er segir um áðurnefnt frumvarp í heild.

F. h. Milliþinganefndar í skólamálum

Ásmundur Guðmundsson. Helgi Elíasson.

Menntamálaráðuneytið, Reykjavík.

Fylgiskjal III.

Kennarafundur Gagnfræðaskóla Akureyrar, haldinn 7. febrúar 1949, samþykkir einróma að beina athygli heiðraðs fræðsluráðs Akureyrarbæjar og skólastjóra G. A. að eftirtöldum atriðum, er vér teljum nauðsynlegt og óhjákvæmilegt, að yfirstjórn og forsjá málefna Gagnfræðaskóla Akureyrar hér á staðnum taki nú þegar til athugunar og hæfilegrar afgreiðslu:

1. Frumvarp sex þingmanna um gagnfræðadeild við Menntaskólann á Akureyri, sem lagt hefur verið fyrir Alþingi það, er nú situr að störfum (þingskjal 302) mundi, ef að lögum yrði, skapa Gagnfræðaskóla Akureyrar allt önnur og stórum verri starfsskilyrði en nokkrum öðrum gagnfræðaskóla, unglingaskóla eða héraðsskóla hér á landi, sem lögum samkvæmt er ætlað að búa nemendur undir unglingapróf og miðskólapróf. Við hlið skólans yrði þá — hér í þessu litla bæjarfélagi — settur annar gagnfræðaskóli, er nyti þeirra lögvernduðu sérréttinda umfram alla aðra skóla gagnfræðastigsins að mega árlega velja — með prófi eða á annan hátt — efnilegasta námsfólkið úr hópi þeirra nemenda, er prófi ljúka frá barnaskólanum hér, enda væri það eini skóli gagnfræðastigsins, er stæði í beinu sambandi við menntaskólana. Hins vegar væri Gagnfræðaskóla Akureyrar ætlað, að öðru jöfnu,

að sitja eftir með lakasta námsfólkið og búa það þó undir sams konar próf og sömu prófkröfur sem öllum öðrum skólum gagnfræðastigsins, er ekki þyrftu þó að sætta sig við það, að aðrir skólar á sama stað fengju að lögum aðstöðu til að velja hæfasta námsfólkið úr takmörkuðum hópi nemenda þeirra, sem skyldir eru, að barnaprófi loknu, til framhaldsnáms í unglingaskólum. Virðist ekki erfitt að sjá það fyrir, hvaða hlutur gagnfræðaskólanum hér er ætlaður með þessu móti og hver aðstaða hans yrði — borið saman við aðra slíka skóla — á samræmdum landsprófum, er nú hafa verið tekin upp, samkvæmt fræðslulögunum nýju.

2. Á undanförnum árum hefur mjög verulegur hluti nemenda G. A. verið utanbæjarfólk. Í gildandi skólalöggjöf er hins vegar gert ráð fyrir því, að unglinga- og gagnfræðaskólar verði stofnaðir í öllum stærri þorpum og byggðarlögum, enda mun einn aðaltilgangur laganna sá, að sem allra flestir unglingar eigi kost á nokkurri framhaldsmenntun heima í sínu héraði og þurfi ekki að jafnaði að leita í því skyni til hinna stærri bæja. Með þessu er, að vorum dómi, rétt stefnt, en á hinn bóginn hefur það auðvitað þær afleiðingar, að utanbæjarfólki fækkar mjög í hliðstæðum framhaldsskólum hinna stærri bæja. Tvö síðustu árin hefur nemendum G. A. farið fækkandi — þveröfugt við það, sem áður hefur verið nú um langt skeið, — og virðist oss augljóst, að skýringin sé aðeins sú, að á allra síðustu tímum hafa allmargir unglinga- og gagnfræðaskólar risið á legg í þorpum og sveitum hér nærlendis, enda hefur innanbæjarfólki heldur fjölgað í skólanum ár frá ári, og með eðlilegum hætti, þótt heildartala nemenda hafi hins vegar lækkað talsvert upp á síðkastið, svo sem fyrr getur, og þá aðeins sökum þess, að hinir nýju skólar taka að sjálfsögðu við æ fleiru af því fólki, er annars hefði leitað hingað til gagnfræðanáms. Teljum vér, að fyrir því megi færa ljós og óyggjandi rök — sem fræðsluráði og skólastjóra munu og vel kunn — að nemendum G. A. muni fækka mjög verulega þegar á næsta skólaári — og þó enn meir á næstu árum — ef nefnt frumvarp um gagnfræðadeild M. A. yrði að lögum. Teljum vér naumast eðlilegt, að löggjafarvaldið stuðli að nauðsynjalausu frekar en þegar er orðið að slíkri þróun, og þó allra sízt, þegar þess er gætt, að nýbúið er að reisa stórhýsi fyrir starfsemi skólans, og enn fremur hins, að kennaralið G. A. er eins og stendur miðað við mesta nemendafjölda sem verið hefur í skólanum (þ. e. skólaárið 1946—47), og mundi því þessi óeðlilega fækkun nemenda valda því, að fleiri eða færri kennurum skólans yrði vikið frá störfum, eða þeir hefðu ekki, að öðrum kosti, nægilegt eða eðlilegt starfssvið í skólanum.

3. Þá vildum vér mega vekja athygli fræðsluráðs og skólastjóra G. A. á því, að í greinargerð fyrir nefndu frv. um gagnfræðadeild M. A. er þess getið, að frumvarpið sé aðeins látið ná til Menntaskólans á Akureyri, en ekki til Menntaskólans í Reykjavík, sökum þess að verulegur aðstöðumunur sé milli þessara tveggja skóla að því leyti, að í Reykjavík megi telja, að aðstaða til gagnfræðanáms sé mjög sæmileg, bæði hvað húsakost gagnfræðaskólanna þar og kennslukrafta snerti. Virðist oss einsætt, að þessi ummæli verði alls ekki skilin nema á einn veg, augljóslega þann, að hvorugur kosturinn, húsakynnin né kennslukraftarnir, séu — að dómi formælenda frumvarpsins — viðunandi eða sæmilegir hér í bænum, nema Menntaskólinn á Akureyri hlaupi þar undir bagga. Enn fremur virðist oss, að með þessu sé sagt — á svo berlegan hátt, að ekki verði það misskilið — að hvergi í öllum hinum fjölmörgu gagnfræða-, unglinga- og héraðsskólum á öllu landinu sé eins illa ástatt að þessu leyti eins og í Gagnfræðaskóla Akureyrar, því að öllum er þessum skólum ætlað að búa undir eitt og hið sama próf, er máli skiptir í þessu sambandi, þ. e. miðskólaprófið, en hér — og hvergi annars staðar — sjái löggjafinn þörf á að grípa í taumana með sérstökum og alveg óvenjulegum ráðstöfunum — sérstökum og óvenjulegum að því leyti, að lagt er til, að nýsettri heildarlöggjöf um samræmt skólakerfi alls landsins skuli breytt í meginatriðum til þess eins, að því er bezt verður séð, að bæta úr þessu ástandi. Í því skyni er, samkvæmt frumvarpinu, öðrum hinna tveggja menntaskóla landsins, — sem löggjafinn hafði þó áður ætlazt til að störfuðu báðir

á einum og sama grundvelli sem óskiptir fjögurra ára lærdómsskólar, og hvorugur í nokkrum beinum tengslum við einn skóla gagnfræðastigsins öðrum fremur — ætlað að taka að sér unglingafræðsluna að þessu leyti, sökum þess óvenjulega ástands, er formælendur frumvarpsins virðast telja ríkja í gagnfræðaskólanum hér að því er snertir húsakost og kennslukrafta.

Að hinu fyrra atriðinu, húsakostinum, hefur þegar verið nokkuð vikið hér að framan, og skal þar engu við bætt nema því einu, að vér höfum það fyrir satt, að svo sé ástatt, eins og sakir standa, í húsnæðismálum gagnfræðaskólanna í Reykjavík, að ill nauðsyn valdi því, að tvísetja þurfi í hverja kennslustofu, sem þessir skólar hafa til umráða, og hrökkvi þó sú neyðarráðstöfun engan veginn til, þannig að gagnfræðaskólarnir í höfuðstaðnum verði, sökum húsnæðisvandræða, að fela barnaskólum bæjarins að annast að verulegu leyti þá kennslu, sem fræðslulöggjöfin ætlast annars til, að fram fari í gagnfræðaskólunum. Ekkert slíkt ástand þekkjum vér, gagnfræðaskólakennararnir hér í bæ, nema af afspurn, enda virðist húsakostur G. A. mundi geta dugað lengi enn til allrar bóklegrar kennslu, þótt nemendum skólans fjölgaði mjög frá því, sem nú er. Virðist því þessi rökstuðningur formælenda frumvarpsins þurfa nokkurrar endurskoðunar við, áður en hann er metinn fullgildur sem undirstaða nýrrar löggjafar.

Um hið síðara atriðið, kennslukrafta gagnfræðastigsins hér, annars vegar, borið saman við kennaralið annarra gagnfræðaskóla og samkvæmt því, er að ofan getur, — barnaskólanna í Reykjavík hins vegar, leyfum vér oss annars að taka eftirfarandi fram:

Oss virðist, að í tilfærðum ummælum nefndrar greinargerðir — raunar einnig í anda og stefnu frumvarpsins sjálfs — komi fram svo beint vantraust og svo þungur áfellisdómur á kennaralið Gagnfræðaskóla Akureyrar og stjórnarhætti skólans nú og á liðnum árum, að yfirstjórn skólans hér á staðnum, fræðsluráð og skólastjóri hljóti að taka mjög ákveðna afstöðu til slíkrar yfirlýsingar merkra þingmanna, og hljóti afleiðingin annað tveggja að verða sú, að fræðsluráð hreinsi rækilega til í skólanum, ef það telur dóm þann, er í nefndum ummælum felst, réttmætan og sanngjarnan, eða mótmæli þeim að öðrum kosti kröftuglega opinberlega og á réttum vettvangi. Leyfum vér oss hér með að skora á heiðrað skólaráð, að það láti nú þegar fara fram sem rækilegasta rannsókn á störfum skólans og hæfni kennaranna, ef ráðið í heild eða einstakir skólaráðsmenn kynnu að telja sig bresta nægilega þekkingu að þessu leyti á starfsemi þeirrar stofnunar, er þeir hafa að undanförnu haft yfirumsjón með hér á staðnum, til þess að taka nú þegar ákveðna afstöðu til þeirra harla alvarlegu ásakana og þunga áfellisdóms, sem kveðinn hefur verið upp yfir skólanum og kennaraliði hans með nefndum ummælum. Lýsum vér undirritaðir því hér með yfir, að vér erum — allir sem einn — fúsir til að taka eðlilegum afleiðingum slíkrar athugunar fræðsluráðsins, hvort sem vér höfum þegar verið skipaðir í fastar stöður við skólann eða ekki.

4. Að lokum viljum vér taka það skýrt fram, að afstaða vor til þessa máls er á engan hátt miðuð við það að hefta veg og gengi Menntaskólans á Akureyri eða spilla fyrir hagsmunum hans í einu eða neinu. Skólalöggjöfin nýja hlýtur að valda því, að fjöldi námsfólks, er lýkur árlega miðskólaprófi í öllum hinum mörgu og sífjölgandi skólum gagnfræðastigsins um land allt, og öðlast þar með jafnan og skýlausan kröfurétt til skólavistar í menntaskólunum, ef það stenzt landspróf — hlýtur að fara mjög ört vaxandi á næstu árum, og því meir sem tímar líða fram. Ætla má að hinir tveir menntaskólar landsmanna fái þar með yfrið mikið, ört vaxandi og veglegt hlutverk að rækja á því sviði, sem þeim hefur þegar verið markað með settri skólalöggjöf, þótt þeir sinni ekki jafnframt undirbúningsfræðslu unglingaskólastigsins. Sé það hins vegar skoðun formælenda margnefnds frumvarps, að vafasamt sé, hvort Menntaskólinn á Akureyri fái nægilegu verkefni að sinna á lærdómsdeildarstiginu einu fyrir húsakost sinn og kennaralið, og því sé vegna nemendafæðar í lærdómsdeildum menntaskólanna — þörf á að fá kennaraliði menntaskólans hér annað og — í viss-

um skilningi minni háttar hlutverk en því er nú ætlað, að gildandi skólalöggjöf óbreyttri, virðist lítið samræmi í því, að þeir hinir sömu löggjafar, er byggðu frumvörp sín til breytinga að þessu leyti á slíkum forsendum, skuli nú þegar vera teknir að ræða um og undirbúa stofnun nýrra menntaskóla, og það ekki aðeins í Reykjavík, heldur einnig úti á landsbyggðinni.

Að þessu athuguðu virðist oss sjálfsagt, að vér gagnfræðaskólakennarar á Akureyri hljótum að gera kröfu til þess, að skóli vor njóti í hvívetna sömu aðstöðu og réttinda sem aðrir gagnfræða- unglinga- og héraðsskólar, er lögum samkvæmt ber að búa nemendur sína undir sömu próf og prófkröfur, enda verði oss ekki með réttu borið á brýn, að vér viljum ekki gera hlut menntaskólans hér sem beztan og veglegastan í öllum greinum, þótt vér teljum ekki öldungis sjálfsagt, að órannsökuðu máli, að hið ágæta kennaralið M. A. verði ómakað til þess að sinna — auk þeirra veglegu verkefna, sem því eru ætluð að gildandi lögum — þeirri undirbúnings- og unglingafræðslu, sem vér einir allra gagnfræða-, unglinga- og héraðsskólakennara á öllu landinu — teldumst óhæfir til að gegna svo, að í sæmilegu og viðunandi lagi gæti talizt.

Á það skal að síðustu bent í þessu sambandi, að fræðsluráð Akureyrar væri vissulega allra ólíklegasti aðili, er vér gætum skotið þessu máli voru til, ef vér teldum, að í því fælist nokkur vottur ádeilu eða meinbægni í garð menntaskólans hér, þar sem svo vel vill til, að skólameistari M. A. og tveir kennarar þess skóla eiga sæti í fræðsluráðinu og mynda þar þannig meiri hluta, enda viljum vér, að á þessu megi glöggt marka það, að vér berum fyllsta traust til allra fræðsluráðsmannanna og væntum þess hiklaust, að þeir afgreiði þetta erindi vort — svo sem öll málefni gagnfræðaskólans að undanförnu með venjulegri sanngirni og óhlutdrægni.

Virðingarfyllst.

Jóhann Frímann. Jón Sigurgeirsson. Ármann Helgason.
Áskell Jónsson. Gestur Ólafsson. G. G. Þormar. Skúli Magnússon.
Jóhann Þorkelsson. Friðrik J. Rafnar. Sverrir Pálsson.
Pétur Sigurgeirsson. Freyja Antonsdóttir. Arnór Sigurjónsson.
Haraldur Sigurðsson. Kristján Sigurðsson. Þórhalla Þorsteinsdóttir.

Framanritaðri kennarafundarsamþykkt er ég að öllu leyti samþykkur.

Þorsteinn M. Jónsson.

Fylgiskjal IV.

FRÆÐSLUMÁLASTJÓRINN

Reykjavík, 20. ágúst 1948.

Menntamálaráðuneytið fékk mér í vor til athugunar nokkrar samþykktir vegna niðurfellingar gagnfræðadeildar menntaskólans á Akureyri, sem ákveðið var með bréfi ráðuneytisins til skólameistara, dags. 17. apríl 1947, að byrja skyldi með afnámi 1. bekkjar haustið 1948.

Þessar samþykktir voru sem hér segir:

1. Stúdentafélagið á Akureyri samþ. 1. apríl að mótmæla breytingu á gagnfræðadeild skólans. Engin rök eru færð fyrir mótmælunum.
2. Sýslunefnd Eyjafjarðar skorar hinn 13. apríl á ríkisstjórnina að fresta f. u. s. ákvæðum nýju fræðslulaganna um að gagnfræðadeildin skuli lögð niður. Rök: Utanbæjarnemendur fái þá ekki heimavistardvöl á Akureyri.
3. Kennarafundur í M. A., haldinn 13. apríl, gerir hliðstæða samþykkt og um getur í 1. og 2. tölulið. Rök: Virðist áhugamál sveita norðanlands að eiga aðgang að heimavist fyrir þá, er hefja nám í bænum og æskilegt sé, að nemendur dvelji sem lengst í sama skóla.

4. Aðalfundur KEA samþ. 20. (?) apríl að skora á ríkisstjórnina að fresta framkvæmd nýju fræðslulaganna um afnám gagnfræðad. M. A. Rök: Óhagræði fyrir Akureyrarbæ og einkum nærliggjandi héruð.
5. Sr. Jakob Einarsson á Hofi í Vopnafirði o. fl. Vopnfirðingar senda álit, dags. 25. apríl, sem er að mestu leyti samhljóða samþ. sýslunefndar Eyjafjarðarsýslu (2. tölul.).
6. Þórarinn Björnsson skólameistari M. A. ritar hinn 15. apríl bréf með ályktunum þeim, er um getur í 1. og 2. tölulið, og mælir með því, að þær verði samþykktar. Hann greinir frá nemendafjölda í gagnfræðadeild skólans. Í I. bekk voru 48 nem., þar af 20 utanbæjar, í II. bekk 62, þar 37 utanbæjar.

Einnig getur skólameistari þess, að gagnfræðaskóli Akureyrar muni svo fullsetinn, að eigi verði þar rúm fyrir þann nemendafjölda, sem er í I. og II. bekk M. A. Húsrými M. A. muni aukast til muna, þegar heimavistarhúsið verður fullbúið, þar eð heimavistunum verður að einhverju leyti breytt í kennslustofur.

Samkvæmt ósk menntamálaráðherra fór ég til Akureyrar 8. maí síðastl. og dvaldi þar nokkra daga til þess að athuga þetta mál. Til staðfestingar því, er ég hef skýrt ráðuneytinu frá, og til viðbótar því skal tekið fram eftirfarandi:

a) Allar umræddar samþykktir eða ályktanir eru svo svipaðar, að vart er þörf að ræða hverja þeirra fyrir sig.
b) Aðalrökin, sem fram koma í umræddum plöggum, eru þau, að með afnámi gagnfræðadeildar M. A. — sem þó nær aðeins til I. og II. bekkjar — séu utanbæjarnemendur sviptir heimavist á Akureyri. Af þeim 20 utanbæjarnem., sem voru í I. bekk, var aðeins 1 nem. í heimavist M. A., og af 37 utanbæjarnem. í II. bekk voru 9 í heimavist, eða alls 10 af 57 nem. I. og II. bekkjar.
c) Þar eð unglingaskólum fjölgar óðum í þorpum og sveitum og keppt er að því, að þeir unglingar í sveitum og þorpum, sem vilja og geta stundað framhaldsnám, fái undirbúning undir miðskólapróf í eða sem næst átthögunum, þá er vart ástæða til þess að hafa heimavistir fyrir utanbæjarnemendur við gagnfræðadeild í kaupstöðum, enda virðist eðlilegra, að ekki séu vísvitandi og að óþörfu gerðar ráðstafanir til þess að ná unglingum úr dreifbýlinu í kaupstaðina.
d) Miðskólaprófsfólki, sem rétt hefur til inngöngu í menntaskóla og kennaraskóla, fjölgar óðum. Gagnfræðaskólar á Norðurlandi hafa ekki haldið miðskólapróf til þessa, en eiga að gera það hér eftir. Þá mun enn fjölga miðskólaprófsfólki, sem öðlast umrædd réttindi. Sökum þrengsla í menntaskólanum í Reykjavík, sem fyrirsjáanlegt er, að ekki verður bætt úr á næstunni, mun aukið húsnæði M. A. koma í góðar þarfir til hjálpar lærdómsdeildarnemendum.
e) Eins og kunnugt er, þá var á síðasta Alþingi borið fram frumvarp um stofnun menntaskóla á Ísafirði og Eiðum. Sýndist flutningsmönnum, að þessa væri þörf sökum þess, að menntaskólarnir, sem fyrir eru, muni ekki geta tekið við öllum þeim, sem menntaskólanám vilja stunda. Þar eð mjög er vafasamt, að til greina komi um stofnun menntaskóla á umræddum stöðum fyrr en seint og síðar meir, þá hefur M. A. þarna þýðingarmiklu hlutverki að gegna. Ætti þess vegna að vera full þörf á því aukna húsnæði til kennslu, sem fæst þegar heimavistin flytur úr skólahúsinu.
f) M. A. hefur nú 3 kennslustofur í íbúðarhúsi gegnt skólanum, sem sjálfsagt er að hætta að nota til kennslu eins fljótt og ástæður leyfa. Einkum er kennslustofan í kjallara hússins ófullnægjandi, og mætti nota hana sem afdrep í stundahléum meðan kenna þarf í umræddu húsi.
g) Samkvæmt upplýsingum í bréfi frá skólastjóra gagnfræðaskóla Akureyrar, dags. .. f. m., er ljóst, að vegna framkvæmda hinna nýju fræðslulaga um unglinga- og gagnfræðanám í héraði, þá fækkar svo nemendum í I. og II. bekk G. A., að vel verður rúmt í þeim skóla, þótt sá nemendafjöldi, sem sótt hefur I. og II. bekk gagnfræðadeildar M. A., sæki nám í G. A. Líkur benda til þess, að utanbæjarnemendum í I. og II. bekk Gagnfræðaskóla Akureyrar muni enn fækka.

h) Sjálfsagt er — og enda skylt lögum samkvæmt — að sama tilhögun verði á kennsluskipan menntaskólanna í Reykjavík og á Akureyri.

Að öllu því vandlega athuguðu, sem nú hefur verið tekið fram, og þá einkum vegna þess

a) að vart er eða verður ástæða til þess að ætla nemendum í I. og II. bekk gagnfræðaskóla heimavist á Akureyri, og
b) að húsnæði er nóg í G. A. og vel færum kennurum þar á að skipa til þess að búa nemendur undir menntaskólanám,

þá sé ég ekki ástæðu til þess, að ráðuneytið breyti ákvörðun þeirri, er gerð var með ráðuneytisbréfi, dags. 17. apríl 1947, um framkvæmd laga nr. 58/1946, um menntskóla.

Helgi Elíasson.

Menntamálaráðuneytið, Reykjavík.

Fylgiskjal V.

ÞORSTEINN M. JÓNSSON

Akureyri, 12. febrúar 1949.

Herra fræðslumálastjóri Helgi Elíasson, Reykjavík.

Þér hafið, hr. fræðslumálastjóri, sent mér til umsagnar frumvarp til laga um breytingu á lögum um menntaskóla, nr. 58 frá 7. maí 1946 (þingskjal 302).

Við frumvarpið og greinargerðina, sem því fylgir, vil ég leyfa mér að gera eftirfarandi athugasemdir:

1. Ef frumvarpið verður að lögum, þá brýtur það eitt meginatriði hinnar nýju skólalöggjafar, að gagnfræðastigið sé algerlega skilið frá menntaskólastiginu, að efsti bekkur gagnfræðaskóla sé algerlega sérstæð grein, sem ekki sé sniðin fyrir framhaldsnám í kennaraskóla eða menntaskólum. En ég tel það miklu skipta, að nám í efsta bekk gagnfræðaskóla verði gert eins hagnýtt sem föng eru á og miðað við það, að það sé loka-skólanám. En samkvæmt frumvarpinu yrði loka-gagnfræðanám í M. A. úr III. bekk skólans, enda ljóst, að allt gagnfræðanám í gagnfræðadeild M. A. yrði fyrst og fremst miðað við þarfir þeirra nemenda, er hygðust stunda framhaldsnám í lærdómsdeild skólans.
2. Flutningsmenn frumvarpsins telja í greinargerð sinni, að hin nýja skólalöggjöf sé óheppileg, vegna þess, hvað dýr hún verði þjóðinni. En með frumvarpi þessu gera þeir enga tilraun til lagabreytinga í þá átt að draga úr kostnaði við skólahald þjóðarinnar, því að verði frumvarpið að lögum, þá fækkar stórlega nemendum G. A., en nemendum M. A. fjölgar að sama skapi. En þar sem laun menntaskólakennara eru hærri en gagnfræðaskólakennara, þá yrði þessi lagabreyting til þess að auka fremur kostnað við skólahaldið, en ekki til þess að minnka kostnaðinn.
3. Ég er sammála Sigurði Guðmundssyni fyrrv. skólam., að meira sé um vert að bæta menntaskólana en að fjölga þeim. Hins vegar virðist mér, að nefnt frumvarp stefni í þveröfuga átt við þetta, meðal annars að því leyti, að verði M. A. falið að vera að nokkrum hluta skóli unglinga- og gagnfræðastigsins, þá þrengir það vitanlega að lærdómsdeild skólans og stuðlar þar með að því, að knúð verði fram fjölgun menntaskóla.
4. Flutningsmenn frumvarpsins segja í greinargerð sinni: „Er fjarri því, að húsrúm sé í Gagnfræðaskóla Akureyrar fyrir alla þá, er nú stunda nám í 1. og 2. bekk menntaskólans, en í þeim bekkjum hafa verið 110 nemendur að meðaltali s.l. 5 ár.“ Veit ég ekki, hvaðan flutningsmönnum hefur komið fræðslan um hinn þrönga húsakost G. A. Læt ég hér með fylgja umsögn héraðslæknisins á Akureyri, sem sannar, að G. A. gæti ekki aðeins bætt við sig 110 nemendum frá því, sem nú er, heldur mun fleiri, án þess þó að tvísetja í nokkurri kennslustofu.

Nú eru í G. A. um 260 nemendur. Þeirri fjarstæðu flutningsmanna, að verr sé ástatt með húsakost til gagnfræðanáms á Akureyri en í Reykjavík, er nánar svarað í ályktun kennarafundar G. A. frá 7. þ. m., sem lögð er hér með.

5. Þar sem skilja má í greinargerð margnefnds frumvarps, að G. A. hafi ekki næga kennslukrafta til þess að leysa hlutverk sitt sæmilega af hendi, þá tel ég þeirri ádeilu svarað fullnægjandi í fundargerð fræðsluráðs Akureyrar frá 10. þ. m., sem ég legg hér með, og skipa þó kennarar frá M. A. meiri hluta fræðsluráðsins, og um tvo þeirra er vitað, að þeir hafa manna mest unnið að því, að kennslufyrirkomulagi M. A. yrði breytt sem minnst frá því, sem var áður en hin nýja skólalöggjöf kom til framkvæmda.
6. Ég tel ekki heppilegt, að tveir gagnfræðaskólar starfi hér í bænum með mismunandi réttindum til inntöku nemenda, þannig að annar megi velja úr eftir prófeinkunnum, en samt verði gerðar sömu kröfur til miðskólalandsprófs í þessum skólum báðum, og enn fremur, að sá skóli, sem úrvalið fær, megi sleppa tveim námsgreinum, sem þó lögum samkvæmt á að kenna á gagnfræðaskólastiginu. En það hefur M. A. fengið til þessa. Hann hefur hvorki látið kenna kristinfræði eða handavinnu, en báðar þessar námsgreinar eru kenndar í G. A., eins og hin nýja skólalöggjöf mælir fyrir. Sá skóli, sem með prófi frá barnaskólum eða sérstöku inntökuprófi fær að velja úr eftir prófeinkunnum 13 ára barna, hlýtur að vera skoðaður æðri skóli en sá, er við öllum hinum verður að taka, sem lægri einkunn hafa fengið. Tel ég, að þetta muni hafa slæm áhrif á báða flokkana, bæði þann, sem lenti í úrvalinu, og hinn. Meðan unglingarnir eru skólaskyldir, þá tel ég þessa flokkun mjög óheppilega, enda mjög ólíklegt, að próf 13 ára barna sé heppilegur grundvöllur að skiptingu nemenda í hæfa og óhæfa til langskólanáms, en hins vegar ljóst, að hún mundi í ýmsum tilfellum hafa úrslitaþýðingu fyrir námsferil þessa fólks, þannig, að þeir, sem í úrvalinu lentu, mundu fremur að öðru jöfnu hugsa til lærdómsdeildarnáms en þeir, sem lentu í úrkastinu. Í þessu sambandi má og benda á þá staðreynd, að þroski stúlkna um 13 ára aldur er yfirleitt tiltölulega meiri en jafngamalla drengja, og mætti því ætla, að fjöldi þeirra í úrvalinu yrði óeðlilega mikill miðaður við hæfni þeirra, þegar fullu jafnvægi og þroska beggja kynja væri náð.
7. Verði margnefnt frumvarp að lögum, þá vil ég leyfa mér að beina athygli fræðslumálastjórnarinnar að því, hvort henni sýnist ekki rétt að fá lagabreytingu í þá átt, að Gagnfræðaskóli Akureyrar verði sameinaður M. A. og þar með lagður niður sem sérstakur skóli. Mundi ríkið þá leita samkomulags við Akureyrarbæ að fá gagnfræðaskólahúsið endurgjaldslaust, að þeim hluta, sem bærinn hefur í það lagt, gegn því að ríkið hefði allan kostnað af unglinga- og gagnfræðanámi hér í bænum. Enda var samþykkt sú, sem gerð var á fundi bæjarstjórnar Akureyrar 6. marz 1948 (með 7 atkv. gegn 4), byggð fyrst og fremst á þeim forsendum, að bærinn þyrfti þá minna að leggja af mörkum til skólahalds.

Fengi M. A. hið ágæta og rúmgóða hús G. A. til afnota, mundi hann ekki þurfa að þrengja í kennslustofur sínar. En að sjálfsögðu yrði jafnframt að leggja honum þær skyldur á herðar, að hafa ekki eingöngu bóknámsdeildir, heldur og einnig verknámsdeildir, og hafa jafnframt verklegt nám í neðstu bekkjum bóknámsdeilda í samræmi við skólalöggjöfina. Þá tel ég og einnig, að efsti bekkur gagnfræðastigsins ætti að vera sérstæður samkvæmt skólalöggjöfinni, en ekki aðeins bekkur í óskiptum menntaskóla.

Samkvæmt skoðun flutningsmanna margnefnds frumvarps hefur „forráðamönnum M. A. frá byrjun tekizt að halda uppi frábærum aga og reglu í skólanum og yfirleitt skapa þann skólabrag, að einstæður mun vera á lessu landi“. Mun rétt að gera upp á milli barna á Akureyri um inngöngu í slíkan skóla? Er börnunum, sem fengið hafa lægri prófeinkunnirnar, síður þörf á „frábærum aga“ en hinum með hærri prófeinkunnunum?

Virðingarfyllst.

Þorsteinn M. Jónsson.

Nd. 612. Frumvarp til laga [203. mál]

um bráðabirgðabreyting á lögum nr. 56/1927, um skemmtanaskatt og þjóðleikhús.

(Lagt fyrir Alþingi á 68. löggjafarþingi, 1949.)

1. gr.

6. gr. laganna orðist svo:

Skemmtanaskatti þeim, sem innheimtur er samkvæmt lögum þessum og viðaukum við þau, skal varið þannig:

a. 30% skattsins renni í rekstrarsjóð þjóðleikhússins, og skal honum varið samkvæmt ákvæðum laga nr. 86/1947, um þjóðleikhús.
b. 25% skattsins renni í félagsheimilasjóð, og skal honum varið eftir því sem fyrir er mælt í lögum nr. 77/1947, um félagsheimili.
c. 10% skattsins renni til leikstarfélaga og til kaupa á kennslukvikmyndum, og skal ⅓ hluti þess fjár renna í styrktarsjóð leikstarfélaga, en ⅔ til kennslukvikmyndasafns.
d. 35% skattsins renni í þjóðleikhússjóð, til að ljúka byggingu þjóðleikhússins.

2. gr.

Lög þessi gilda frá 1. janúar 1949 og þangað til byggingarkostnaður þjóðleikhussins er að fullu greiddur.

Meðan þessi lög gilda, frestast framkvæmd laga nr. 85/1947, um breyting á lögum nr. 56 31. maí 1927, um skemmtanaskatt og þjóðleikhús.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Lög nr. 85/1947 um að skemmtanaskatturinn skyldi eftir árslok 1947 renna til annars en byggingar þjóðleikhússins, voru á því byggð, að nægilegt fé hefði þá safnazt til að fullgera bygginguna. Var um þetta farið eftir upplýsingum þjóðleikhúsnefndar. Nú alveg nýlega hefur komið í ljós, að allmikið vantar á að þetta fái staðizt. Hins vegar á þjóðleikhúsbyggingin að sjálfsögðu rétt á að fá þann hluta skemmtanaskattsins, sem til þess þarf að ljúka verkinu. Er því ekki um annað að ræða, en breyta til bráðabirgða þeirri skipting skemmtanaskattsins, sem lög nr. 85/1947 ákveða, og er þetta frumvarp við það miðað.

Ed. 613. Breytingartillögur [164. mál]

við frv. til l. um ný orkuver og nýjar orkuveitur rafmagnsveitna ríkisins.

Frá Þorsteini Þorsteinssyni.

1. Við 1. gr. bætist nýr töluliður, svo hljóðandi:
   3. Að virkja vatnsfallið Þrándargil í Laxárdal í allt að 700 hestafla orkuveri og leggja það an aðalorkuveitu til Búðardals.
2. Við 2. gr.
   a. Í stað „9 milljónum“ komi: 11 milljónum.
   b. Í stað „3 milljónum“ komi: 3½ milljón.

Ed. 614. Nefndarálit [184. mál]

um frv. til l. um hlutatryggingasjóð bátaútvegsins.

Frá minni hl. sjávarútvegsnefndar.

Nefndin hefur ekki getað orðið sammála um afgreiðslu málsins. Meiri hl. (BK, BÓ og SÁÓ) leggur til, að frv. verði samþykkt óbreytt í meginatriðum, en minni hl. (GJ og StgrA) vill láta gera á því allverulegar breytingar, sem hann getur ekki heldur komið sér saman um. Hefur nefndin því þríklofnað í málinu, og gefur hver nefndarhluti út sitt álit um frv. Það skal tekið fram, að nefndin ræddi frv. við fulltrúa frá Landssambandi ísl. útvegsmanna og frá Fiskifélagi Íslands, og var þeim m. a. gerðar kunnar þær breytingartillögur, sem ég ber fram við frv., og töldu þeir þær í meginatriðum til verulegra bóta.

Það er ljóst, að það er mikið vandaverk að setja löggjöf um hlutatryggingasjóð bátaútvegsins og líklegt, að hvað sem samþykkt kann að verða á fyrsta þingi, þá verði óhjákvæmilegt að endurskoða það síðar. Þegar reynsla hefur sýnt mönnum, hvað nauðsynlegt sé að forðast, til þess að lögin komi að tilætluðum notum. Hitt er þá og jafnljóst, að svo mikil nauðsyn ber til þess, að þetta mál nái fram að ganga nú, að ágreiningur um veigaminni atriði má ekki verða því að falli. Það er einnig ljóst, að málinu er hagur að því, að sem flest sjónarmið komi fram við umræður um það, þar sem það snertir ekki einasta afkomu útvegsins, heldur allra þegna þjóðfélagsins, á hvern hátt því verður skipað á Alþingi.

Meginágreiningurinn milli mín og meiri hl. felst í því, að ég vil, að sjóðnum séu tryggðar tekjur með útflutningsgjöldum af útfluttri veiði bátaútvegsins, í stað þess að taka gjöldin af óskiptum afla, og af innflutningstolli af vörum, í stað ríkissjóðsframlags. Ég tel, að á þennan hátt sé innheimtan einfaldari og öruggari og tekjur sjóðsins ekki háðar afgreiðslu fjárlaga hverju sinni. Hvað viðvíkur útflutningsgjaldinu er ljóst, að það að síðustu leggst óbeinlínis á óskiptan afla, þar sem það hlýtur að koma fram í lægra verði á hráefninu, og hvor leiðin, sem farin er, gefur samkv. mínum tillögum líkar tekjur. Að taka hinn hluta framlagsins með innflutningsgjaldi á vörur í stað framlags úr ríkissjóði, er raunverulega aðeins fyrirkomulagsatriði, ef neytendum er ætlað að greiða gjaldið, því að ríkissjóður yrði að leggja þessa upphæð aftur á þegnana og þá væntanlega með tollum á vörum. En samkv. mínum tillögum er ætlazt til, að innflytjendur greiði þetta gjald og leggi það ekki á vöruna. Tel ég það mjög sanngjarna og eðlilega greiðslu fyrir gjaldeyri, sem allir þreyta nú harða baráttu um að ná í.

Samkvæmt upplýsingum, sem nefndin hefur frá Fiskifélagi Íslands, var aflaverðmæti árið 1947 sem hér segir:

1. Á síldveiðum	69.6	millj. kr.
2. – þorskveiðum	94.3	— —
eða alls	163.9	millj. kr.

Tekjur sjóðsins hefðu því orðið það ár samkvæmt ákvæðum frv. 1 millj. og 639 þús. kr. af óskiptum afla og sama upphæð úr ríkissjóði, eða alls 3 millj. og 278 þús. kr. Þetta sama ár var útflutningsverðmæti sömu sjávarafurða 212.1 millj. kr. og gjöld til sjóðsins samkv. mínum tillögum þá orðið 1 millj. og 60.5 þús. En með því að inn voru fluttar þetta ár vörur fyrir 430.3 millj., hefðu þá fallið til viðbótar til sjóðsins 2 millj. og 151.5 þús., eða tekjur hans alls orðið það ár eftir mínum tillögum 3 millj. og 212 þús., eða nokkurn veginn það sama og tekjurnar samkv. fyrirmælum frv. Árið 1948 var aflaverðmætið nokkru minna, eða 127.9 millj., og tekjur sjóðsins þ. á. samkv. frv. því 2 millj. og 558 þús. Samkv. mínum tillögum hefðu tekjur af sjávar

afurðum orðið nákvæmlega sama upphæð og af aflahlut, þ. e. 1 millj. og 279 þús., en til viðbótar af vörugjaldi 1 millj. og 955 þús., eða alls 3 millj. og 234 þús. Sést á þessu, að í mínum tillögum felst mun öruggari tekjustofn fyrir sjóðinn, auk þess sem innheimtan er miklu auðveldari

Annar meginágreiningur milli mín og meiri hl. er sá, að ég vil láta ákveða meðalaflamagn skipa eftir fastri reglu, er viðkomandi aðilar komi sér saman um, en ekki láta þetta vera háð sveiflum frá ári til árs, eins og ákveðið er í frv. Tel ég, að slíkar sveiflur valdi margvíslegum erfiðleikum, sem sjóðnum stafi bein hætta af.

Þriðji meginágreiningurinn er um fyrirkomulag á bótagreiðslum. Vill meiri hl. láta bæta upp með mismunandi hundraðshluta, sem ákveðinn verði í lögunum, en ég vil láta greiða fullar bætur til skipa í þeim flokki, sem bótakröfu á á hverjum tíma, allt að þeirri upphæð, sem ekki er bótaskyld í næsta flokki.

Fjórði meginágreiningurinn er, að ég vil aldrei láta skerða stofnfé sjóðsins, heldur bæta við það jafnan 5% af tekjum hans, en meiri hl. ætlast til, að möguleikar séu fyrir því, að sjóðnum verði í erfiðum árum eytt að langmestu leyti, en slíkt tel ég, að ekki megi ske.

Annar ágreiningur milli mín og meiri hl. er ekki allverulegur. Ágreiningur milli mín og 2. minni hl. er í sumum atriðum sá sami og við meiri hl., en auk þess get ég ekki fallizt á, að sjóðnum séu ætlaðar tekjur af gróða bankanna. Ekki vegna þess, að ég teldi það ekki eðlilegt og rétt, að þær stofnanir, sem vitað er að taka allverulegan hluta af tekjum sínum í beinum tekjum frá útvegnum, greiddu einnig á þennan hátt til útvegsins nokkurn hluta af ágóða sínum til tryggingar öruggri starfrækslu hans, heldur af hinu, að ég tel, að þetta sé ekki hægt að óbreyttum lögum um skattfrelsi þessara stofnana.

Með tilvísun til þess, sem að framan greinir, legg ég til, að frv. verði samþykkt með eftirfarandi

BREYTINGUM:

1. Við 3. gr.
   a. Orðin „með herpinót eða svipuðum veiðarfærum“ í 2. málsgr. falli niður.
   b. Orðin „ef skipshöfn er ráðin upp á hlut eða hundraðshluta af aflaverðmæti“ í 3. mgr. falli niður.
2. Við 4. gr. Greinin orðist svo:

   Með reglugerð, er sjóðstjórnin semur og samþykkt hefur verið af stjórnum eftirfarandi aðila: Landssambands íslenzkra útvegsmanna, Alþýðusambands Íslands og Fiskifélags Íslands, og staðfest af ráðherra, skal ákveða:
   1. Bótatímabil, er miðist við vertíðarskipti í hverri veiðistöð. Stundi skip ekki veiði allt bótatímabilið, skerðist bótaréttur þess við það hlutfallslega.
   2. Skiptingu veiðisvæða og verstöðva í flokka, þannig að í sama flokki séu þau veiðisvæði og þær verstöðvar, sem líkust hafa skilyrði fyrir sama meðalveiðimagni á hverri vertíð, hvort heldur um er að ræða síldveiði eða þorskveiði.
   3. Skiptingu veiðiskipa í flokka, þannig að í sama flokki séu skip, sem líkust hafa skilyrði fyrir sama meðalveiðimagni, með tilliti til stærðar, veiðiútbúnaðar o. fl.
   4. Meðalveiðimagn skipa í hverjum flokki fyrir sig, eftir því á hvaða svæði skipin veiða, hvaða tíma árs þau veiða og hvaða veiði þau stunda.

      Meðalveiðimagn, sem þannig er ákveðið fyrir hvern flokk skipa, skal gilda sem meðalveiðimagn, er reikna skal út bótagreiðslur úr sjóðnum, þar til sömu aðilar hafa á sama hátt ákveðið annað. Verði ágreiningur um einstök ákvæði reglugerðarinnar, sker ráðherra úr.
3. Við 5. gr. Greinin orðist svo:

   Það telst almennur aflabrestur, ef meðalafli skipa í einhverjum flokki er minni en 75% af hinu ákveðna meðalveiðimagni, sbr. 4. gr. Kemur þá til aðstoðar sjóðsins, með þeim takmörkunum, sem lög þessi ákveða.

4. Við 6. gr.
   a. 1. málsl. 1. mgr. orðist svo: Stjórn sjóðsins skipa 3 menn. Skulu þeir skipaðir af ráðherra til 4 ára í senn, á þann hátt sem hér segir: einn samkvæmt tilnefningu Landssambands ísl. útvegsmanna, annar samkv. tilnefningu Alþýðusambands Íslands og þriðji án tilnefningar, og er hann formaður stjórnarinnar.
   b. Á eftir 1. mgr. komi ný málsgr., er orðist svo:
      Ráðherra ákveður laun sjóðstjórnarinnar og endurskoðenda.
   c. Í stað orðanna „Fiskifélag Íslands“ í 2. mgr. komi: Fiskveiðasjóður Íslands.
5. Við 7. gr. 2. meginmálsgr. falli niður.
6. Við 8. gr. Greinin orðist svo:
   Árlegar tekjur sjóðsins eru:
   1. ½% útflutningsgjald af öllum útfluttum sjávarafurðum, öðrum en þeim, sem koma frá botnvörpuskipum, hvalveiðum og selveiðum. Skal gjald þetta reiknað á sama hátt og annað útflutningsgjald af sömu vöru.
   2. ½% innflutningsgjald af verðmæti allra innfluttra vara, hverju nafni sem nefnast. Skal gjald þetta reiknast af verði vörunnar á sama hátt og annað vörugjald og greiðist af innflytjendum vörunnar, og má ekki bæta því við söluverð hennar.
   3. Vextir og aðrar tekjur af eignum sjóðsins. Ríkissjóður sér um innheimtu tekna samkvæmt 1. og 2. tölulið þessarar greinar. Tekjur samkvæmt 1. tölulið skiptast á deildirnar þannig, að tekjur vegna síldveiða falla til síldveiðideildar, en tekjur vegna þorskveiða til þorskveiðideildar. Tekjur samkvæmt 2. lið skiptast til deildanna í sömu hlutföllum.
7. Við 9. gr. Greinin orðist svo:
   Skylt er útgerðarmanni að láta innrita veiðiskip sitt hjá sjóðstjórninni eigi síðar en degi áður en það byrjar og tilkynna þá jafnframt, hvar og hvers konar veiði skipinu er ætlað að stunda. Skipar sjóðstjórnin þá skipinu þegar í ákveðinn flokk, sbr. 4. gr. Skylt er einnig að tilkynna stjórninni, þegar skip hættir veiðum eða breytir um veiðiaðferð. Vanræksla á tilkynningu varðar réttindamissi til bótagreiðslu úr sjóðnum.
8. Á eftir 9. gr. komi ný grein, er orðist svo:
   Nú hefur almennur aflabrestur orðið á einhverju veiðisvæði, svo að til sjóðsins kasta kemur um bætur samkv. 5. gr. Ber sjóðnum þá að bæta upp aflahlut allra þeirra skipa, sem tilheyra þeim flokkum, er eigi hafa náð meðalaflamagni, án tillits til aflamagns einstakra skipa innan flokkanna. Þó skal engan hlut bæta upp meira en svo, að hann verði jafnhár að verðmæti meðalaflahlut skipa í öðrum flokki, sem ekki ná rétti til bóta úr sjóðnum og stunda sams konar veiðar. Uppbætur greiðast jafnt á hluti útgerðarinnar sem skipverja. Hrökkvi fé sjóðsins ekki til úthlutunar samkvæmt ofanskráðu, skal úthlutun lækkuð hlutfallslega. Í stofnsjóð skal leggja árlega 5% af tekjum sjóðsins, og má aldrei ganga nær sjóðnum en svo, að eftir sé stofnsjóðurinn þannig óskertur.
9. Við 11. gr. Orðin „í þeirri röð, sem hér er talið“ í meginmálsgr. falli niður.
10. Við 14. gr. Greinin orðist svo:
    Ráðherra getur sett nánari ákvæði um framkvæmd þessara laga í reglugerð, að fengnum tillögum sjóðstjórnarinnar.
11. Á eftir 14. gr. komi ný grein, er orðist svo:
    Fella skal niður greiðslu til hlutaútgerðarfélaga samkvæmt 7. gr. laga nr. 45 12. febr. 1940, eftir að lög þessi taka gildi.

Alþingi, 29. apríl 1949.

Gísli Jónsson,
form.

Ed. **615. Nefndarálit** [98. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 66 17. júlí 1946, um atvinnu við siglingar á íslenzkum skipum.

Frá minni hl. sjávarútvegsnefndar.

Nefndin hefur rætt mál þetta á nokkrum fundum. Sendi hún frv. til umsagnar til eftirfarandi aðila: skipaskoðunartjóra ríkisins, Fiskifélags Íslands, Vélastjórafélags Íslands, Skólafélags vélstjóraskólans, Mótorvélstjórafélags Íslands og skólastjóra vélstjóraskólans. Sendu allir þessir aðilar umsögn um frv. til nefndarinnar, nema skólastjóri vélstjóraskólans, sem mætti á fundi hjá nefndinni og lét þar í ljós álit sitt á málinu. Á þeim fundi mættu einnig fulltrúar frá öllum ofanrituðum aðilum og m. a. einnig skipaskoðunarstjóri ríkisins. Fyrir nefndinni lá einnig umsögn frá Farmanna og fiskimannasambandi Íslands og enn fremur ýmis bréf, sem farið höfðu á milli ofanritaðra aðila í sambandi við afgreiðslu málsins. Öll ofanrituð gögn voru send samgöngumálaráðherra til athugunar. Mætti hann síðar hjá nefndinni til viðræðna um málið eftir að hafa kynnt sér gögnin.

Í bréfi því, sem nefndin sendi ofanrituðum aðilum, óskaði hún eftir ákveðnum svörum við eftirfarandi spurningum:

1. Teljið þér, að frumvarp þetta, ef að lögum verður, veiki eða styrki öryggi skipaflotans yfirleitt?
2. Teljið þér, að ákvæði frumvarpsins, ef að lögum verður, muni hafa veruleg áhrif á aðsókn að verkstæði og skóla til þess þannig að fullnuma sig sem vélstjóra samkvæmt gildandi lögum?
3. Hve miklar líkur teljið þér, að séu fyrir því, að á næsta ári komi út nægilega margir vélstjórar til þess að fullnægja eftirspurninni, þó að lögunum sé ekki breytt?
4. Teljið þér ekki hyggilegt að fresta samþykkt frumvarpsins, þar til það hefur verið undirbúið á þann hátt, sem 18. gr. mælir fyrir um?

Niðurstöður umsagna, sem nefndinni bárust, voru sem hér segir:

1. Við fyrstu spurningu:
   Fjórir aðilar, þ. e. skipaskoðunarstjóri ríkisins, skólastjóri vélstjóraskólans, Vélstjórafélag Íslands og skólafélag vélstjóraskólans, álitu allir, að frv., ef að lögum verður, **veikti öryggi skipa og skipverja.** Einn aðili, Fiskifélag Íslands, taldi frv., ef að lögum verður, hvorki styrkja eða veikja öryggi flotans yfirleitt, og einn aðili, Mótorvélstjórafélag Íslands, taldi frv., ef að lögum verður, **auka,** öryggi skipanna.
2. Við 2. spurningu:
   Fjórir aðilar, þ. e. skipaskoðunarstjóri ríkisins, skólastjóri vélstjóraskólans, Vélstjórafélag Íslands og skólafélag vélstjóraskólans, telja, að frv., ef að lögum verður, hljóti að minnka aðsókn að vélsmíðanámi og vélstjóraskólanum. Fiskifélag Íslands og Mótorvélstjórafélag Íslands álíta hins vegar, að frv., þótt að lögum yrði, breytti engu um í þessu atriði.
3. Við 3. spurningu:
   Allir aðilar virðast sammála um, að á þessu ári komi ekki nægilega margir menn með fullkomnu námi út af skólanum til þess að fullnægja eftirspurninni. Skólastjóri vélstjóraskólans og nemendur ásamt Vélstjórafélagi Íslands telja hins vegar, að ef frv. þetta verði ekki að lögum, muni aðsókn að skólanum aukast svo, að nægilegt framboð af fulllærðum mönnum verði fyrir hendi mjög bráðlega.
4. Við 4. spurningunni:
   Fjórir fyrstnefndu aðilar, sbr. 1. lið, telja sjálfsagt að fresta samþykkt frv., þar til heildarendurskoðun hefur farið fram á lögunum. Fiskifélag Íslands telur slíka endurskoðun hyggilega og telur enga aðkallandi nauðsyn að breyta lög-

unum fyrr en að lokinni slíkri athugun. Mótorvélstjórafélag Íslands telur ekki rétt að fresta samþykkt frv. af þessum ástæðum.

Af gögnum þeim, sem fyrir liggja, og þó alveg sérstaklega af bréfi frá Fiskifélagi Íslands til sjútvn. Nd., dags. 5. febr. s. l., er ljóst, að sókn og vörn í máli þessu á milli Mótorvélstjórafélags Íslands og Vélstjórafélags Íslands markast að langmestu leyti af stéttarhagsmunum, alveg án tillits til þeirra afleiðinga, sem breytingar á lögunum kunna að hafa til góðs eða ills fyrir útveginn og landsmenn í heild. Sýndist því svo, að rétt væri hér að fara að orðum og tillögum þeirra aðila, sem hlutlausir eru í þeirri deilu, en stöðu sinnar vegna eiga fyrst og fremst að gæta fyllsta öryggis í sambandi við breytingar á þessari löggjöf. En þetta sjónarmið virðist ekki hafa verið ráðandi enn sem komið er í meðferð málsins á Alþingi. Og með því að meiri hl. nefndarinnar gat ekki fallizt á, að þetta sjónarmið ætti fyrst og fremst að ráða við afgreiðslu málsins, heldur hitt, að rétt sé að veita fjölda manna mjög aukin réttindi til vandasamra starfa, án þess að krefjast nauðsynlegrar þekkingar á starfinu, gat ég ekki orðið sammála um slíka afgreiðslu á málinu, því að ég tel, að með henni sé stefnt út í margvíslegar hættur, er ég vil vara við og ekki gerast meðábyrgur í. Þegar þessum sömu lögum var breytt árið 1945, og réttindi þessara sömu manna því stórkostlega aukin, án þess að krefjast meira náms eða meiri þjálfunar, benti ég á þessa sömu hættu, en árangurslaust. Reynslan hefur þó sýnt síðan, að sífellt fjölgar þeim skipum, sem draga verður inn vegna vélarbilunar, og það svo, að nú þykir ekki öruggt að stunda veiðar hér við land, nema sérstakt skip sé jafnan til staðar til þess að bjarga þeim bátum, sem þannig er ástatt fyrir. Má undarlegt kallast, að þingmenn skuli loka augunum fyrir þeirri staðreynd. Leiðin til að draga úr þeirri hættu er ekki sú, að auka réttindi hinna ólærðu manna, heldur hitt, að auka kröfuna til kunnáttu um meðferð og gæzlu véla, eftir því sem þær verða stærri og margbrotnari.

Lög þau, sem hér er verið að breyta, mæla svo fyrir, að vélstjórar við eimvélar allt að 600 hestum skuli inna af hendi miklu meira nám en þeir menn, sem nú er ætlað að fá rétt til að stjórna dieselvélum upp að 900 hestum. Á sama tíma er viðurkennt af öllum aðilum, sem ræddu við nefndina, að miklu meiri þekkingu þyrfti til þess að gæta örugglega 600 hesta dieselvélar en 600 hesta eimvélar. Það er því ljóst, að ef þetta frv. verður samþykkt, hlýtur að koma einnig krafa um það að hækka hlutfallslega réttindi eimvélstjóra úr 600 í 900 hesta, án frekari krafna um námsaukningu, því eigi málið aðeins að afgreiðast út frá hagsmunasjónarmiði manna og stétta, en ekki út frá öryggissjónarmiði, verður ekki þolað, að réttur eimvélstjóranna sé þannig fyrir borð borinn. Þá er og ljóst, að nauðsynlegt er til samræmingar og enn fremur til öryggis að hækka 250 hesta takmarkið upp í 400 hesta, til þess að þeir menn, sem ætlazt er til að fái réttindi til að stjórna 900 hestafla vél, hafi þó orðið að sigla áður á skipum með að minnsta kosti 400 hestafla vél í stað 250 hestafla, eins og nú er í lögunum.

Svo að segja allir aðilar eru sammála um, að núgildandi lög um atvinnu við siglingar á ísl. skipum verði að endurskoðast, enda þótti nauðsynlegt að setja þetta inn í frv. Og um þetta er enginn ágreiningur. Það er því beinlínis óskiljanlegt, að ekki skuli fást samkomulag um það að fresta réttindaaukningu ólærðra manna, þar til sú endurskoðun hefur átt sér stað, en það er ákveðið í frv., að henni skuli lokið á þessu ári. Ekkert annað getur legið á bak við þessa neitun en bein hræðsla við það, að þeir menn, sem taka að sér þetta vandaverk og eiga að bera ábyrgð á því, fáist ekki til að fallast á, að rétt sé að leyfa skilyrðislaust öllum þeim fjölda manna, sem hér á hlut að máli, að fá réttindi án frekara náms. En sé því þannig varið, er rangt að samþykkja frv. óbreytt.

Ég legg því til, að frv. verði samþykkt með eftirfarandi

BREYTINGUM.

1. Við 2.—16. gr. Greinarnar falli niður.
2. Við 17. gr. Greinin falli niður.
3. Við 18. gr. Fyrri meginmálsgreinin falli niður.
4. Við 19. gr. Greinin orðist svo:
   Lög þessi öðlast þegar gildi.

Alþingi, 1. maí 1949.

Gísli Jónsson,
form.

Fylgiskjal I.

FISKIFÉLAG ÍSLANDS

Reykjavík, 5. febr. 1949.

Eftir tilmælum hv. sjávarútvegsnefndar Nd. Alþingis hef ég haldið fund með fulltrúum frá Vélstjórafélagi Íslands og Mótorvélstjórafélagi Íslands vegna frumvarps þess, er nú liggur fyrir Alþingi á þskj. 184, um breyting á lögum um atvinnu við siglingar. Fundurinn var haldinn hinn 3. þ. m. Á fundinum mættu: formaður Vélstjórafélags Íslands, Tómas Guðjónsson, formaður Mótorvélstjórafélags Íslands, Halldór Guðbjartsson, og Lúther Grímsson.

Samkomulag varð ekki um frumvarpið, en fulltrúar Mótorvélstjórafélagsins buðust til að ganga frá kröfum sínum í 9. og 11. gr. frumvarpsins um réttindi fyrir meðlimi félagsins sem aðstoðarvélstjóra á skipum með meira en 900 hestöfl. Enn fremur buðust þeir til að ganga að því, að siglingatími þeirra manna, sem eftir frumvarpinu eins að öðlast réttindi sem yfirvélstjórar á skipum með 250 til 900 hestöfl, verði ákveðinn þannig, að til þess að öðlast réttindi sem yfirvélstjórar á mótorskipum með meira en 250, en ekki yfir 600 hestöfl, skuli þeir hafa siglt sem undirvélstjórar á mótorskipi með meira en 250 hestöfl í 12 mánuði. En til þess að öðlast réttindi sem yfirvélstjóri á mótorskipum með meira en 600, en ekki yfir 900 hestöfl, skuli hann auk ofangreinds siglingatíma hafa siglt sem undirvélstjóri á mótorskipi með meira en 250 hestafla mótor í 18 mánuði.

Fulltrúi Vélstjórafélags Íslands taldi sig ekki geta fallizt á þetta boð, en gerði ekkert boð á móti.

Ég gerði þá tillögu, að siglingatími fyrir mótorvélstjóra með hinu meira mótorvélstjóraprófi til þess að öðlast yfirvélstjóraréttindi upp í 900 hestöfl, ef frumvarpið yrði að lögum, væri settur jafnlangur þeim siglingatíma, sem vélstjórar með vélstjóraprófi verða að sigla til þess að öðlast ótakmörkuð réttindi, en námsmismunurinn væri látinn koma á móti réttindamismuninum.

Þetta vildi hvorugur aðilinn aðhyllast, en fulltrúar Mótorvélstjórafélagsins buðu þau sáttaboð, sem að framan greinir, og settu þau skilyrði fyrir báðum sínum tilboðum, að ég mælti með því, að frumvarpið yrði samþykkt með þeim breytingum, sem væru í samræmi við tilboð þeirra.

Þann 5. þ. m. var annar fundur haldinn um þetta mál, voru á þeim fundi mættir sömu aðilar og áður auk Páls Pálmasonar skrifstofustjóra og Þorsteins Árnasonar vélstjóra. Á þessum fundi gekk heldur ekki saman með þeim um frumvarpið né tillögu mína um siglingatíma.

Þorsteinn Árnason bar fram þá tillögu fyrir hönd Vélstjórafélags Íslands, að afgreiðslu frumvarpsins yrði frestað og lögin öll endurskoðuð og samræmd í heild af milliþinginefnd. Þessa tillögu gátu fulltrúar Mótorvélstjórafélagsins ekki fallizt á.

Samkomulag um siglingatímann varð enn ekkert, og tel ég ekki til neins að reyna það frekar að þessu sinni.

Hv. sjávarútvegsnefnd hefur beðið mig að gera tillögur um þann siglingatíma, sem ég teldi hæfilegan fyrir þá menn, sem lokið hafa hinu meira mótorvélstjóraprófi og eiga að fá hækkuð réttindi upp úr 250 hestöflum.

Í þessu sambandi vil ég taka fram eftirfarandi:

Ég tel, að til þess að öðlast yfirvélstjóraréttindi upp í 600 hestöfl, sé hæfilegur siglingatími 12 mánuðir sem 2. vélstjóri á skipi með meir en 250 hestöfl, en ef réttindin verða hækkuð upp í 900 hestöfl, eins og frumvarpið mælir fyrir um, tel ég, að þeir þurfi, auk framangreinds tíma, að sigla í 24 mánuði sem 2. vélstjórar á skipi með meir en 250 hestöfl. Þó vil ég taka það fram, að hafi vélstjórar lokið hinu minna mótorvélstjóraprófi og siglt samkvæmt því þann tíma, sem þarf til þess að komast á hið meira námskeið, megi færa ofangreinda 24 mánuði niður í 18 mánuði. Að öðru leyti vísa ég til bréfs míns til atvinnu- og menntamálaráðuneytisins, dags. 1. des. 1947, varðandi réttindahækkun mótorvélstjóra upp fyrir 600 hestöfl, svo og tillögu minnar um að strika alveg út úr frumvarpinu ákvæði 9., 11. og 12. greinar um réttindi aðstoðarvélstjóra.

Virðingarfyllst.

Þorst. Loftsson.

Til sjávarútvegsnefndar Nd. Alþingis.

Fylgiskjal II.

SKIPASKOÐUNARSTJÓRINN

Reykjavík, 26. marz 1949.

Sjávarútvegsnefnd Ed. hefur með bréfi dags. 23. marz þ. á., beðið um svar við nokkrum spurningum varðandi frumvarp til laga um breyting á lögum nr. 66/1946, um atvinnu við siglingar á íslenzkum skipum.

Spurningar eru í fjórum liðum, og verður þeim svarað í sömu röð.

1. Um það, hvort frumvarpið, ef að lögum yrði, veiki eða styrki öryggi skipaflotans yfirleitt.

   Ég fæ ekki betur séð en að með þessu frumvarpi — ef að lögum yrði — sé verið að draga úr öryggi skips og skipverja, þar sem hvorki smíðanám né önnur atriði undirstöðumenntunar hafa verið aukin í samræmi við hin auknu réttindi, sem farið er fram á að fá.

2. Um það, hvort draga muni úr aðsókn að vélsmiðjum og vélskóla, ef frumvarpið yrði að lögum.

   Viðvíkjandi þessu atriði lít ég svo á, að aðsókn til smíðanáms og vélskóla hljóti að minnka að mjög verulegu leyti. Það er mjög takmörkuð tala vélstjóra, sem kemst á stærstu skipin, og því augljóst mál, að menn fara ekki að eyða 7 árum ævi sinnar í vélstjóranám, ef þeir eiga kost á því að fá vélstjóraréttindi á skipum allt að 900 hestöflum nú og ef til vill meira síðar, en þurfa ekki að vinna meira til réttindanna en það að hafa verið 1. vélstjóri á mótorbát með yfir 50 hestafla vél í 24 mánuði og loks að hafa verið í 6 mánuði á námskeiði.

3. Um hve miklar líkur séu fyrir því, að nægilega margir vélstjórar komi út af skólanum nú og fullnægi eftirspurninni.

   Ég tel litlar líkur til þess, að svo verði.

4. Frestun á samþykkt frumvarpsins.

   Ég tel það sjálfsagt að fresta framkvæmd frumvarpsins, undirbúa málið betur og athuga, hvort skipulag þessara mála í heild gefi ekki tilefni til breytinga, ef svo væri, þá að skipa þessum málum í betra horf og leggja það svo fyrir Alþingi.

Ól. Sveinsson.

Til sjávarútvegsnefndar efri deildar Alþingis.

Fylgiskjal III.

FISKIFÉLAG ÍSLANDS

Reykjavík, 28. marz 1949.

Oss hefur borizt bréf háttvirtrar sjávarútvegsnefndar Ed. Alþingis, dags. 23. þ. m., ásamt frumvarpi til laga um breyting á lögum nr. 66 17. júlí 1946, um atvinnu við siglingar á íslenzkum skipum, þingskj. nr. 371.

Sem svar við spurningum nefndarinnar í ofangreindu bréfi viljum vér taka fram eftirfarandi:

1. Vér álítum, að frumvarpið hafi ekki áhrif í þá átt að styrkja öryggi flotans, en hins vegar fáum vér heldur ekki séð, að það veiki öryggi flotans yfirleitt, þar sem breytingar þær, sem ráðgerðar eru, nái aðeins til mjög takmarkaðs hluta hans, eins og hann er nú.
2. Vér álítum, að frumvarpið hafi engin áhrif á aðsókn að verkstæðum og skóla, því vér teljum víst, að þeir menn, sem hafa áhuga á að verða vélstjórar með fullum lærdómi og réttindum, stundi það nám jafnt eftir sem áður.
3. Vér sjáum ekki líkur til þess, að á næsta ári komi nægilega margir vélstjórar út til þess að fullnægja eftirspurninni, hvort sem lögunum verður breytt eða ekki.
4. Vér teljum hyggilegt að endurskoða lögin, eins og 18. gr. frv. mælir fyrir um, og oss er ekki kunnugt um aðkallandi nauðsyn til að breyta lögunum fyrr en að því loknu.

Að öðru leyti vísum vér til bréfs vors varðandi breytingar á ofangreindum lögum til menntamálaráðuneytisins, dags. 1. des. 1947, og til sjávarútvegsnefndar Nd. Alþingis, dags. 5. febr. 1949.

Virðingarfyllst.

Davíð Ólafsson.

Þorst. Loftsson.

Til sjávarútvegsnefndar Ed. Alþingis, Reykjavík.

Fylgiskjal IV.

Reykjavík, 28. marz 1949.

Vér höfum móttekið bréf háttv. sjávarútvegsnefndar Ed. Alþingis, dags. 23. marz 1949, varðandi frumv. til laga um breyting á lögum nr. 66 17. júní 1946, um atvinnu við siglingar á íslenzkum skipum, þskj. 371.

Í áðurnefndu bréfi erum vér beðnir um að svara 4 spurningum, og gerum það hér með:

1. Vér fullyrðum, að það veiki öryggi skipaflotans.
2. Verði þessar breytingar gerðar á lögunum, liggur það í hlutarins eðli, að aðsókn að verkstæðum og skóla hlýtur að minnka, þar sem menn koma til með að sjá, að það er mun handhægara að sækja til Alþingis um aukin réttindi, án þess að inna af hendi það verklega og bóklega nám, sem krafizt er samkv. lögum. Þess utan er frumvarp þetta, ef að lögum verður, hróplegt ranglæti gagnvart þeim mönnum, sem hafa viðurkennt og uppfyllt þær kröfur, sem gerðar eru til náms í vélfræði af hinu háa Alþingi, og í fullu trausti þess, að minni kröfur yrðu ekki gerðar síðar, hafa þeir innt af hendi allar þær skyldur, sem löggjöfin hefur sett í þessum efnum.
3. Á vélskólanum í Reykjavík eru nú um 70 nemendur, og hafa þeir aldrei verið fleiri síðan skólinn var stofnaður árið 1915. Bendir þar allt til þess, að ekki verði langt að bíða þess, að nægilega margir vélstjórar verði fyrir hendi, sem lokið hafa fullu námi við vélskólann í Reykjavík, eða hinu mesta vélstjóranámi, sem krafizt er samkv. lögum. Aftur á móti teljum vér það enga lausn á þessu máli, þótt þetta frumvarp, sem hér um ræðir, verði að lögum, þar sem það er

vitað, að það eru aðeins 5 skip, sem hafa vélar milli 600—900 hö., og þessi skip eru meira og minna mönnuð vélstjórum með hið meira vélstjórapróf. Oss er því með öllu hulið, hver tilgangurinn með þessu frv. er.

4. Vér teljum það nauðsynlegt, að lögin verði endurskoðuð, eins og um getur í 2. mgr. 18. gr., þar sem skipastóll landsmanna hefur tekið miklum breytingum og framförum frá því að lögin voru staðfest, svo og til þess að fyrirbyggja, að menn sí og æ leiti til Alþingis um aukin réttindi, upp á kostnað þeirra, sem telja námið grundvallaratriði, til þess að hér skapist menntuð og fjölhæf vélstjórastétt.

Virðingarfyllst.

F. h. Vélstjórafélags Íslands.
Tómas Guðjónsson. Þorst. Árnason.

Til sjávarútvegsnefndar Ed. Alþingis.

Fylgiskjal V.

Reykjavík, 28. marz 1949.

Sem svar við bréfi yðar, dags. 23. marz 1949, leyfum vér oss, í umboði Skólafélags vélskólans, að láta í ljós álit okkar á eftirfarandi hátt:

1. Vér teljum, að verði frumvarp þetta gert að lögum, muni það óhjákvæmilega veikja öryggi skipaflotans, þar sem farið er fram á réttindaaukningu úr 600 hestöflum upp í 900 hestöfl án aukins bóklegs náms.
2. Vér álítum, að slík lög mundu draga allverulega úr aðsókn að vélskólanum, þar sem auðveldara yrði að öðlast réttindi á fyrirhafnarminni hátt.
3. Á þessu ári munu útskrifast 17 vélstjórar úr rafmagnsdeild skólans, sem öðlast ótakmörkuð réttindi eftir tilskilinn tíma sem undirvélstjóri. Úr eldri deildum skólans útskrifast 28 vélstjórar, sem réttindi hafa á 1200 hestafla gufuvél og 1300 hestafla mótorvél. Með svipaðri aðsókn að skólanum mun verða nægur kostur vélstjóra með fullum réttindum á næstu árum.
   Þess skal getið, að í yngri deild eru nú 22 nemendur.
4. Vér teljum það tvímælalaust rétt að fresta samþykkt frumvarpsins, þar til nefnd sú, er skipuð yrði samkvæmt tilmælum 18. greinar á þskj. 371, hefur skilað áliti sínu. Yrði frumvarpið gert að lögum áður en nefndin hefur lokið störfum, mundi það tefja fyrir fyrirhugaðri samræmingu vélfræðináms.

Virðingarfyllst.

Valdimar Indriðason. Guðmundur Jónsson. Þorsteinn Ársælsson.
Lárus Ó. Þorvaldsson. Ásgeir Long.

Til sjávarútvegsnefndar Ed.

Fylgiskjal VI.

MÓTORVÉLSTJÓRAFÉLAG ÍSLANDS

Reykjavík, 28. marz 1949.

Vér höfum móttekið heiðrað bréf sjávarútvegsnefndar Ed. Alþingis, dags. 23. þ. m., þar sem lagðar eru fyrir Mótorvélstjórafél. Íslands fjórar spurningar, vegna frumvarps til laga um breytingar á lögum n. 66 17. júlí 1946, um atvinnu við siglingar á íslenzkum skipum, þskj. nr. 371.

Spurningum þessum svörum við þannig í sömu röð og spurt var:

1. Félagið telur, að frumvarp þetta, ef að lögum verður, muni auka öryggi skipanna, enda er þegar fjöldi vélstjóra með menntun frá meira mótornámskeiði

Fiskifélagsins starfandi með undanþágum og hafa alls staðar notið fyllsta trausts yfirmanna sinna.

Frumvarp þetta felur aðeins í sér réttindaaukningu allt að 900 hö., enda þótt vélstjórar þeir, er frumvarpið snertir, hafi verið og muni verða starfandi við mun stærri dieselvélar.

2. Félagið telur ekki líkur til, að frumvarp þetta, þótt að lögum yrði, mundi breyta neinu um aðsókn að vélskóla Íslands eða vélsmiðjum, þar sem sú menntun væri nauðsynleg eftir sem áður til að afla sér réttinda til vélgæzlu við allar stærri vélar.
3. Félagið telur engar líkur til, að mögulegt verði á þessu eða næstu árum að manna skipin vélstjórum með fullum réttindum, ef frumvarp þetta verður ekki samþykkt.
4. Félagið telur ekki hyggilegt að fresta samþykkt frumvarpsins, vegna þess að reglugerðin fyrir hið meira mótornámskeið Fiskifélagsins var samin með tilliti til þess — fyrir atbeina fulltrúa félagsins — að frumvarp þetta yrði samþykkt að fullu eins og það var, er það var sent til sjávarútvegsnefndar neðri deildar.

Þótt skipuð yrði milliþinganefnd til að endurskoða lögin, er ekki líklegt, að þær breytingar komi neitt í bága við frumvarp þetta, nema síður sé, en fullvíst, að endurskoðunin muni taka langan tíma.

Sökum þess að langt er síðan fyrst var farið að undirbúa frumvarp þetta og allan þann tíma hafa þessir menn starfað á undanþágum, er ekki hyggilegt að meina velþjálfuðum vélstjórum um lagaleg atvinnuréttindi um langan tíma enn á þeirri einu hæpnu forsendu, að annað í lögunum þurfi endurskoðunar við.

Virðingarfyllst.

Halldór Guðbjartsson, form. Jón S. Pétursson, ritari.

Til sjávarútvegsnefndar Ed. Alþingis.

Sþ. 616. Skýrsla

félagsmálaráðuneytisins um 29. þing Alþjóðavinnumálastofnunarinnar í Montreal 1946.

I. Inngangur.

Tuttugasta og níunda þing Alþjóðavinnumálastofnunarinnar var haldið í Montreal í Canada dagana 19. sept. til 9. okt. 1946.

Þingið sóttu fulltrúar frá 46 aðildarríkjum stofnunarinnar, en aðeins 35 þeirra sendu fullskipaðar sendinefndir, þ. e. minnst 2 fulltrúa viðkomandi ríkisstjórnar, einn fyrir verkamenn og einn fyrir vinnuveitendur.

Atkvæðisbærir fulltrúar á þinginu voru alls 159, en auk þeirra voru 241 ráðunautar og sérfræðingar. Meðal fulltrúanna voru margir félags- og verkamálaráðherrar, m. a. Humphrey Mitchell frá Canada og George Isaacs frá Bretlandi, svo og ýmsir málsmetandi leiðtogar verkamanna og vinnuveitenda hvaðanæva að. Þá sóttu og þingið fulltrúar frá Sameinuðu þjóðunum og ýmsum alþjóðastofnunum, sem starfa í sambandi við þær. Sendinefndin frá Sameinuðu þjóðunum var undir forustu Tryggve Lie, aðalritara þeirra.

Á þessu þingi mætti í fyrsta sinn fullskipuð sendinefnd af Íslands hálfu.

Stjórnarfulltrúar voru Thor Thors, sendiherra Íslands í Washington, og Þórhallur Ásgeirsson, fulltrúi í utanríkisráðuneytinu.

Fulltrúi vinnuveitenda var Kjartan Thors, formaður Vinnuveitendafélags Íslands, og fulltrúi verkamanna var Pétur G. Guðmundsson frá Alþýðusambandi Íslands.

Dagskrá þingsins var á þessa leið:

1. Skýrsla forstjórans.
2. Stjórnarskrármál.
3. Verndun vinnandi barna og unglinga.
   a. Læknisrannsókn á starfshæfni (síðari umræða).
   b. Takmörkun á næturvinnu barna og unglinga við störf, sem ekki teljast til iðnaðar (síðari umræða).
4. Lágmarkskröfur um stefnu í félagsmálum ósjálfstæðra landsvæða (frumdrög að samþykkt, fyrri umræða).
5. Skýrslur aðildarríkjanna um framkvæmdir á þeim samþykktum, sem þau hafa staðfest (22. gr. stjórnarskrárinnar).

II. Þingsetning o. fl.

Í samræmi við þingsköp var forseti stjórnarinnar, hr. Myrddin-Evans, í forsæti við þingsetninguna, og gaf hann fyrst borgarstjóranum í Montreal orðið, en hann bauð þingfulltrúa velkomna með stuttri ræðu. Því næst flutti rektor Montrealháskólans ræðu og bauð þingheyjendur velkomna í húsakynni háskólans, en þar var þetta þing haldið. Síðan töluðu verkamálaráðherra Quebecfylkis og dómsmálaráðherra Canada, sem báðir lýstu ánægju sinni yfir, að þetta þing skyldi haldið í Montreal, og fluttu því árnaðaróskir.

Að þessum ræðuhöldum loknum flutti herra Myrddin-Evans setningarræðu sína. Bar hann fram þakkir til McGill-háskólans, Montrealborgar og Canada fyrir að hafa skotið skjólshúsi yfir Alþjóðavinnumálaskrifstofuna og starfslið hennar, þegar flytja varð hana frá Genf í byrjun síðustu heimsstyrjaldar.

Þá tilkynnti Myrddin-Evans, að Edward Phelan hefði verið kjörinn forstjóri Alþjóðavinnumálaskrifstofunnar, og fór hann miklum viðurkenningarorðum um störf hans í þágu stofnunarinnar allt frá upphafi hennar.

Myrddin-Evans gerði því næst stuttlega grein fyrir starfsemi stofnunarinnar frá því er 27. þing hennar var haldið í París 1945. Ræddi hann í því sambandi breytingar þær, sem orðið hefðu á sambandinu við Þjóðabandalagið, og skýrði frá því, að grundvöllur hefði verið lagður að sambandi milli stofnunarinnar og Sameinuðu þjóðanna með samningsuppkasti, er gengið hefði verið frá í maílok 1946 og lagt skyldi fyrir þetta þing. Samningur þessi er prentaður hér með sem fylgiskjal.

Að lokum þakkaði forsetinn samstarfsmönnum sínum í stjórninni og starfsfólki stofnunarinnar fyrir vel unnin störf og ræddi hina miklu ábyrgð stofnunarinnar gagnvart þjóðunum. Lýsti hann síðan þingið sett.

Fyrsta starf þingsins var kosning forseta og varaforseta. Forseti var kjörinn Humphrey Mitchell verkamálaráðherra Canada. Varaforsetar voru kjörnir hollenzki stjórnarfulltrúinn Joekes, brezki vinnuveitendafulltrúinn Sir John Forbes Watson og Fernandez verkamannafulltrúi frá Cuba.

Samkvæmt þingsköpum var síðan kosin dagskrárnefnd (Selection Committee) skipuð 32 fulltrúum, 16 fulltrúum ríkisstjórna og 8 frá hvorum, vinnuveitendum og verkamönnum. Hlutverk þessarar nefndar er að skipuleggja störf þingsins, ákveða tíma fyrir þingfundi og dagskrá þeirra, gera tillögur um skipun nefnda og að gefa þinginu skýrslur um önnur mál, sem taka þarf afstöðu til, svo að störf þingsins fari vel og skipulega fram.

Þá voru eftirtaldar nefndir skipaðar samkvæmt tillögum dagskrárnefndar til að fjalla um hin einstöku dagskrármál:

1. Stjórnarskrárnefnd.
2. Nefnd til að fjalla um vernd barna og unglinga.
3. Nefnd til að fjalla um félagsmálastarfsemi í ósjálfstæðum landsvæðum.

4. Nefnd til athugunar á framkvæmdum á samþykktum.

Auk þessa voru eftirtaldar nefndir skipaðar í samræmi við ákvæði þingskapa:

5. Kjörbréfanefnd (Credentials Committee).
6. Þingskapanefnd (Standing Orders Committee).
7. Ályktananefnd (Resolutions Committee).
8. Fjármálanefnd (Finance Committee).

Íslenzku fulltrúarnir áttu sæti í nokkrum nefndum.

Thor Thors átti sæti í stjórnarskrárnefnd, og var Þórhallur Ásgeirsson varamaður hans þar. Auk þess átti Þórhallur sæti í fjármálanefnd og nefnd til athugunar á framkvæmdum á samþykktum. Kjartan Thors var varafulltrúi í nefndinni, sem fjallaði um verndun barna og unglinga.

Kjörbréfanefndinni bárust mótmæli gegn tilnefningu verkamannafulltrúanna frá Indlandi og Grikklandi og ráðunauta þeirra.

Nefndin var sammála um það, að mótmælin gegn indverska fulltrúanum og ráðunauti hans væru ekki á rökum reist, en var skipt í afstöðunni til grísku fulltrúanna.

Að loknum umræðum um málið á þingfundi fór fram atkvæðagreiðsla um það, og voru mótmælin felld með 40 atkvæðum gegn 36.

Ríkisstjórnir Líbanon, El Salvador og Nicaragua höfðu borið fram óskir um endurupptöku í Alþjóðavinnumálastofnunina. Í þessu sambandi lét þingið einróma í ljós þá ósk, að þessi ríki tilkynni aðalforstjóranum sem fyrst formlega, að þau gangist undir stjórnarskrá hennar, svo að þau geti tekið þátt í störfum næsta þings í Genf 1947. Þessi þrjú ríki eru meðlimir Sameinuðu þjóðanna og geta því orðið meðlimir í Alþjóðavinnumálastofnuninni með því einungis að tilkynna það formlega forstjóra stofnunarinnar.

III. Einstök þingmál.

1. Skýrsla forstjórans.

Það er föst venja, að forstjóri Alþjóðavinnumálaskrifstofunnar leggur fyrir hvert allsherjarþing stofnunarinnar skýrslu sína, og eru umræður um hana ávallt fyrsta mál á dagskrá þingsins. Fjallar skýrsla þessi einkum um þróun í félags- og verkalýðsmálum og heimsmálum almennt. Í henni felst einnig greinargerð fyrir starfsemi stofnunarinnar undanfarið starfsár og árangur af henni. Minntist hann í því sambandi inngöngu hinna þriggja ríkja, sem tekin voru í meðlimatölu stofnunarinnar á þinginu í París 1945, og taldi hana táknræna fyrir framtíð hennar. Um Ísland fórust forstjóranum orð á þá leið, að það hefði tvöfaldan rétt til aðildar að stofnuninni, bæði sem eitt elzta lýðræðisríki heims og vegna nýfengins sjálfstæðis.

Ávallt fer mikill tíma á þingi hverju í umræður um þennan dagskrárlið, enda gefst fulltrúum í sambandi við þær tækifæri til að gera grein fyrir ástandinu í heimalöndum sínum og þeim vandamálum, sem þau hafa við að stríða í þessum efnum. Við þessar umræður koma oft fram ýmsir helztu forvígismenn á sviði verkalýðs- og félagsmála og leiða saman hesta sína um vandamál heimsins á þessum sviðum.

Umræðurnar um skýrsluna hófust með ræðu forstjórans, Edwards J. Phelan. Hvatti hann fulltrúana einkum til að gera grein fyrir endurreisninni í löndum sínum eftir stríðið og þeim umbótum, sem fyrirhugaðar væru á sviði félagsmála. Við umræður þessar tóku 65 fulltrúar frá 34 ríkjum til máls. Mikið var rætt um atvinnuspursmál hinna ýmsu landa. Þá kom og fram í umræðunum, að fjöldi ríkja átti við mikla erfiðleika að stríða í fjármálum og félagsmálum eftir stríðið.

Baráttan gegn verðbólgu hefði verið og væri enn í mörgum löndum mjög erfið, og aukin framleiðsla væri eina ráðið til úrbóta.

Hjá flestum eða öllum ræðumönnunum kom fram óbifanleg trú á Alþjóðavinnumálastofnunina og starfsemi hennar. Einnig var látin í ljós mikil ánægja með starfsemina á undanförnu ári.

Tryggve Lie, sem var formaður sendinefndar Sameinuðu þjóðanna á þinginu, tók til máls við umræður þessar, og lét hann mikið yfir þýðingu stofnunarinnar allt frá upphafi hennar. Kvað hann allt benda til þess, að þýðing hennar mundi sízt verða minni á komandi tímum og Sameinuðu þjóðirnar mundu þurfa á samvinnu við stofnunina að halda í framtíðinni. Á hinn bóginn bæri Sameinuðu þjóðunum og stofnunum, sem á þeirra vegum starfa, að styrkja Alþjóðavinnumálastofnunina í störfum hennar.

Í svarræðu sinni við lok umræðnanna benti forstjórinn m. a. á, að ræðumenn hefðu orðið sammála um, að áætlanir og ráðstafanir einstakra þjóða væru ónógar til að vinna bug á áhrifum stríðsins á stjórnmál, fjármál og félagsmál, heldur yrði að vinna að þessum málum á alþjóðlegum vettvangi, ef takast ætti að ná þeim markmiðum, sem sett voru á Parísarþinginu 1945, þ. e. að koma á friði, nægri framleiðslu og félagslegu öryggi.

Forstjórinn ræddi því næst nauðsyn þess að auka starfsemi stofnunarinnar og gefa meiri gaum að þróuninni á sviði félagsmála í Mið- og Suður-Ameríku, svo og að aðstoða Asíuþjóðirnar meira en hingað til hefði gert verið í viðleitni þeirra til að bæta lífskjör sín.

Þá ræddi hr. Phelan um sambandið milli vinnuveitenda og verkamanna og hve mikla þýðingu það muni hafa í framtíðinni. Einnig ræddi hann um hina miklu þýðingu flutninga verkafólks milli landa.

Að lokum fór forstjórinn nokkrum orðum um nauðsyn þess, að auka kynni almennings í öllum löndum heims á starfsemi stofnunarinnar.

2. Stjórnarskrármál o. fl.

a. Stjórnarskrárbreytingar.

Eins og kunnugt er, varð Alþjóðavinnumálastofnunin upphaflega til sem deild af Þjóðabandalaginu eftir heimsstyrjöldina fyrri. Á þinginu í París 1945 voru gerðar nokkrar breytingar á stjórnarskrá stofnunarinnar, sem nauðsynlegar voru vegna þess að Þjóðabandalagið var liðið undir lok og samtök Sameinuðu þjóðanna voru komin í þess stað. Þessar breytingar voru þó ekki víðtækari en nauðsyn krafði þá í svipinn. Sett voru ný ákvæði um aðild að stofnuninni og á hvern hátt nýir meðlimir gætu fengið inngöngu. Þá var og ákveðið, að framvegis skyldu aðildarríkin greiða tillög sín beint til stofnunarinnar, en áður voru þau greidd fyrir milligöngu Þjóðabandalagsins. Auk þessa voru svo settar hagkvæmari reglur um stjórnarskrárbreytingar í framtíðinni.

Á fyrsta ári hlutu breytingar þessar nægilega margar fullgildingar aðildarríkja til þess að þær öðluðust gildi.

Á Parísarþinginu var sett nefnd til að undirbúa frekari breytingar á stjórnarskránni. Formaður þessarar nefndar var hr. G. Myrddin-Evans, sem þá var formaður stjórnarnefndarinnar. Á þinginu í Montreal var lagt fram álit nefndar þessarar, og á grundvelli þess voru samþykktar nýjar stjórnarskrárbreytingar.

Fyrst og fremst miða þessar breytingar að því að auðvelda samstarfið milli stofnunarinnar og Sameinuðu þjóðanna. Aðalákvæðið gengur út á það, að Alþjóðavinnumálastofnunin skuli innan þeirra marka, sem stjórnarskráin setur, hafa samvinnu við sérhverja almenna samþjóðlega stofnun, sem falið hefur verið það verkefni að samhæfa starfsemi opinberra, samþjóðlegra stofnana, er sérstökum hlutverkum gegna. Svo skal hún og hafa samvinnu við opinberar samþjóðlegar stofnanir, er vinna að málum skyldum þeim, sem hún vinnur að. Með opinberum samþjóðlegum stofnunum er átt við stofnanir, sem ríki eða ríkisstjórnir eru aðilar að. Fleiri breytingar voru gerðar, sem ásamt þeim breytingum, er nú voru nefndar, mynda grundvöllinn fyrir samningi þeim milli stofnunarinnar og Sameinuðu þjóðanna, sem samþykktur var á þessu þingi, eins og greint verður frá hér á eftir.

Á Montrealþinginu voru einnig gerðar stjórnarskrárbreytingar, sem óviðkomandi eru sambandinu við Sameinuðu þjóðirnar. Þýðingarmestar þeirra eru þær breytingar, sem varða skyldur aðildarríkjanna varðandi samþykktir og álitsgerðir, sem þingið hefur samþykkt. Samkvæmt ákvæðum þeim, sem áður giltu, var það skylda aðildarríkjanna að leggja allar slíkar samþykktir og álitsgerðir fyrir hlutaðeigandi yfirvald innan tiltekins frests. Ef samþykkt var fullgilt, var viðkomandi ríki skylt að senda árlega skýrslu um, hversu henni væri framfylgt. Næði samþykktin aftur á móti ekki fullgildingu, hvíldi engin frekari skylda á viðkomandi ríkisstjórn varðandi þá samþykkt, er hún hafði verið lögð fyrir viðkomandi yfirvald. Þetta breyttist með umræddri stjórnarskrárbreytingu, þannig að eftir að hún tekur gildi er hverju aðildarríki skylt að senda skýrslu um lög og framkvæmdavenjur á sviði þeirra samþykkta, sem það hefur ekki fullgilt. Einnig skal í skýrslum þessum greina, í hve ríkum mæli ákvæðum samþykktarinnar er framfylgt eða ætlað er að vera framfylgt með lögum, stjórnsýslu, heildarsamningum eða á annan hátt. Þá skal og skýrt frá því, hverjar tálmanir séu til hindrunar fullgildingu á viðkomandi samþykkt. Svipaðra skýrslna er krafizt varðandi álitsgerðir.

Önnur breyting, sem nefna skal, er um skýringu á samþykktum í þeim löndum, sem hafa þegar komið á hjá sér fullkomnari löggjöf en samþykktin krefst á því sviði, sem hún tekur til. Um þetta var ákvæði í stjórnarskránni frá upphafi, en í sinni nýju mynd kveður það svo á, að fullgilding á samþykkt skuli ekki í neinu tilfelli hnekkja neinum lögum, úrskurðum, venjum eða samningum, sem tryggja verkamönnum, er í hlut eiga, betri kjör en þau, sem fyrir er mælt um í samþykktinni.

Á liðnum árum hefur það stundum komið fyrir, að Alþjóðavinnumálaskrifstofan hefur sent sérfræðinga til ýmissa landa til að aðstoða stjórnarvöldin þar við lagasetningu og umbætur á framkvæmdaraðferðum á sviði félagsmála, en nú er sett ákvæði í stjórnarskrána um, að skrifstofan skuli eftir megni veita slíka hjálp.

Samkvæmt eldri stjórnarskránni skyldi forstjórinn ráða starfslið skrifstofunnar, og skal svo verða framvegis, en sú breyting er á gerð, að eftirleiðis skal hann við slíkar ráðningar háður þeim reglum, sem stjórnin viðurkennir.

Þær stjórnarskrárbreytingar, sem hér hafa verið raktar, voru samþykktar á þinginu með 124 atkvæðum gegn engu.

Í formála fyrir stjórnarskránni, sem er að nokkru upptalning þeirra markmiða, sem stofnuninni ber að vinna að, var bætt nýjum lið þess efnis, að stefna beri að því, að sömu laun komi fyrir sömu vinnu.

Stjórnarskráin með þeim breytingum, sem gerðar voru á henni á Montrealþinginu, var staðfest af forseta Íslands 1. marz 1948, og gekk hún í gildi fyrir Ísland 20. apríl sama ár. Vísast um þetta efni til þingsályktunar frá 28. jan. 1948 og auglýsingar nr. 57 13. maí s. á., um staðfestingu endurskoðaðrar stofnskrár Alþjóðavinnumálastofnunarinnar.

Við umræður um breytingar á stjórnarskránni voru bornar fram nokkrar tillögur um breytingar, sem ekki náðu fram að ganga. Einna athyglisverðust var tillaga, sem fram kom um breytingu á skipun sendinefnda hinna einstöku ríkja til þings. Samkvæmt þeim ákvæðum, sem gilda um þetta efni, ber hverju aðildarríki að senda fjóra fulltrúa. Tveir þeirra skulu vera fyrirsvarsmenn viðkomandi ríkisstjórnar, en einn fyrir samtök vinnuveitenda og einn fyrir verkalýðssamtökin. Allir skulu fulltrúarnir skipaðir af viðkomandi ríkisstjórn, en þeir tveir, sem eru fyrirsvarsmenn stéttarsamtakanna, skulu tilnefndir eftir ábendingu þeirra stéttarsamtaka, sem telja má að fari með víðtækast umboð viðkomandi stéttar innan ríkisins, ef slík samtök eru til.

Á þinginu í París 1945 kom fram tillaga um, að fjölga bæri fulltrúunum upp í 6 frá frá hverju ríki, þannig að verkamenn og vinnuveitendur hefðu 2 fulltrúa hvor. Þessi tillaga var borin fram af belgisku stjórnarfulltrúunum og studd af þeim frönsku.

Nefndin, sem Parísarþingið setti til að fjalla um stjórnarskrármál, tók þessa tillögu til ýtarlegrar athugunar. Talsmaður tillögunnar í nefndinni var franski fulltrúinn í henni. Hélt hann því fram, að aðstæður allar hefðu breytzt svo mjög frá því er stjórnarskrá stofnunarinnar var samin árið 1919, að þessar breytingar væru æskilegar, einkum vegna aukinnar þjóðnýtingar og ríkisrekstrar. Samkvæmt tillögunni átti að velja annan vinnuveitendafulltrúann úr þeirri grein athafnalífsins, sem er háð eftirliti ríkisvaldsins, en hinn úr hópi annarra vinnuveitenda. Enginn annar nefndarmanna var fylgjandi þessari tillögu. Töldu þeir ekki hagkvæmt að minnka áhrif ríkisstjórnanna, þar sem það kæmi til þeirra kasta að framkvæma ákvæði samþykkta þeirra, sem gerðar væru á vinnumálaþingunum. Einnig væru það ríkisstjórnirnar, sem ábyrgð bæru á greiðslum á framlögum til stofnunarinnar, og mætti því ekki hætta á, að stjórnarfulltrúarnir yrðu ofurliði bornir af öðrum fulltrúum við afgreiðslu mála, er varða fjárhag eða fjármál stofnunarinnar. Það var sameiginlegt álit nefndarinnar, að undanteknum franska fulltrúanum, að breytingar þessar mundu hafa lamandi áhrif á starfshæfni þingsins.

Í nefnd þeirri, sem fjallaði um stjórnarskrármál á Montrealþinginu, kom franski ríkisstjórnarfulltrúinn fram með þessa umræddu breytingartillögu í breyttri mynd. Allheitar umræður urðu um tillöguna. Belgísku stjórnarfulltrúarnir voru nú á móti tillögunni, en Frakkar fengu stuðning nokkurra annarra, þ. á m. pólska stjórnarfulltrúans. Endalok tillögunnar urðu þau, að flutningsmenn hennar tóku hana aftur, en gáfu jafnframt í skyn, að málið mundi verða tekið upp síðar.

b. Tengsl Alþjóðavinnumálastofnunarinnar við Sameinuðu þjóðirnar.

Veturinn 1945—46 skipuðu Alþjóðavinnumálastofnunin og Sameinuðu þjóðirnar hvor sína nefnd til að gera samning um sambandið milli þessara tveggja stofnana. Til grundvallar störfum sínum höfðu nefndirnar samningsuppkast, sem samið hafði verið af starfsmönnum beggja stofnananna í sameiningu. Árangurinn af þessum samningatilraunum var samningur sá, sem lagður var fyrir þingið í Montreal og staðfestur af því. Í desember sama ár var hann staðfestur af allsherjarþingi Sameinuðu þjóðanna og gekk í gildi 14. s. m. Íslenzk þýðing á samningi þessum er prentuð hér með sem fylgiskjal, og skal því efni hans ekki rakið hér nánar.

Þegar á þessu þingi var mætt sendinefnd frá Sameinuðu þjóðunum undir forustu Tryggve Lie, eins og áður greinir.

Í sambandi við umræddar stjórnarskrárbreytingar og samningagerðir er rétt að geta um samþykkt nr. 80 um breytingar á framtíðarskipan á þeim framkvæmdarstörfum, sem í samþykktum gerðum á 28 fyrstu þingum stofnunarinnar eru falin aðalritara Þjóðabandalagsins, svo og um frekari breytingar á samþykktum þessum, sem leiðir af upplausn Þjóðabandalagsins og breytingum á stjórnarskrá Alþjóðavinnumálastofnunarinnar.

Eins og titill samþykktar þessarar ber með sér, fjallar hún um breytingar á eldri samþykktum til samræmis við þær breyttu aðstæður, sem skapazt hafa við endalok Þjóðabandalagsins og stofnun Sameinuðu þjóðanna. Samþykktin er prentuð hér á eftir í íslenzkri þýðingu, og verður efni hennar ekki rakið nánar hér.

Ekki virðist ástæða til, að Ísland fullgildi þessa samþykkt, þar sem það hefur ekki enn þá fullgilt neina af þeim samþykktum, sem breytt er með henni, og mundu þær því ef til kæmi fullgiltar í hinni breyttu mynd.

c. Fjármál.

Meðan Alþjóðavinnumálastofnunin var í tengslum við Þjóðabandalagið, gerði stjórn stofnunarinnar uppkast að fjárhagsáætlun fyrir stofnunina, en það var svo lagt fyrir Þjóðabandalagið til lokaákvörðunar.

Þingið í Montreal var því hið fyrsta, sem afgreiddi fjárhagsáætlun fyrir stofnunina bæði hvað snertir útgjöld og tekjur, þ. e. niðurjöfnun útgjaldanna á hin einstöku aðildarríki. Fjárhagsáætlun stjórnarinnar var fyrst lögð fyrir sérstaka nefnd,

fjármálanefnd, sem skipuð var fulltrúum frá öllum ríkisstjórnum, sem fulltrúa áttu á þinginu. Eftir meðmælum nefndarinnar var svo áætlunin samþykkt af þinginu. Gjöldin voru áætluð að þessu sinni 11,4 millj. gullfrankar, sem samsvarar 16,1 millj. svissneskra franka. Gjöldum til stofnunarinnar er jafnað þannig niður, að hvert ríki greiðir svo og svo margar einingar (units). Að þessu sinni var jafnað niður 690 einingum. Nálægt 90% af öllum gjöldunum komu frá Bandaríkjunum og Bretlandi. Ísland greiðir minnsta gjald, sem er ein eining.

3. Verndun vinnandi barna og unglinga.

Á þessu sviði voru gerðar tvær samþykktir og ein álitsgerð um læknisrannsóknir á starfshæfni barna og unglinga. Enn fremur var gerð ein samþykkt og ein álitsgerð um takmörkun á næturvinnu barna og unglinga. Þessi mál höfðu verið til umræðu á Parísarþinginu 1945. Á grundvelli þeirra umræðna, sem þá fóru fram um málið, og svörum ríkisstjórna við spurningum skrifstofunnar, hafði hún gengið frá frumvörpum að samþykktum og álitsgerðum um þessi mál. Gerðar voru ýmsar breytingar á frumvörpum þessum.

Stjórnarfulltrúarnir frá Norðurlöndunum báru fram nokkrar breytingartillögur við frumvörpin, en þær náðu ekki fram að ganga. Tillögur þessar gengu einkum út á það að gera aðildarríkjunum auðveldara að fullgilda samþykktirnar. Ekki vildu þeir þó af þessum sökum greiða atkvæði gegn samþykktunum, en tóku fram, að þeim mundi reynast erfitt að fá samþykktir þessar fullgiltar í náinni framtíð, en athugað mundi, hvort tiltækilegt væri að breyta löggjöfinni þannig, að fullgilding væri möguleg.

a. Læknisrannsókn á starfshæfni.

Um þetta mál gerði þingið tvær samþykktir, eins og áður var getið. Önnur þeirra gildir um þá, sem vinna í iðnaðinum, en hin um þá, er öðrum störfum gegna. Þegar á árinu 1921 var gerð samþykkt um læknisskoðun sjómanna, svo að nú er landbúnaður eina starfsgreinin, sem slík ákvæði ná ekki til. Þetta mál mun lagt fyrir landbúnaðarnefnd stofnunarinnar með tilliti til þess, að samið verði frumvarp að samþykkt um læknisrannsóknir á þeim, sem landbúnaðarstörf vinna, og má þess vænta, að mál þetta komi áður en langt um líður fyrir þingið.

Auk hinna umgetnu samþykkta var samþykkt ein álitsgerð, sem gildir bæði um iðnað og önnur störf, og fjallar hún um nánari framkvæmd á samþykktunum.

Að mestu leyti eru þessar tvær samþykktir sama efnis, þó eru þær frábrugðnar hvor annarri í einstökum atriðum.

Í samþykkt þeirri, sem gildir um önnur störf en iðnað, er heimild til að undanskilja ákvæðum hennar fjölskyldufyrirtæki, ef vinna við þau telst ekki hættuleg heilbrigði barna og unglinga. Slíkar undanþágur eru ekki heimilar samkvæmt samþykktinni, sem um iðnað gildir.

Aðalefni samþykktanna er það, að börn og unglinga megi ekki láta hefja vinnu fyrr en hæfur læknir hefur rannsakað þau og sannreynt, að þau séu hæf til þess starfs, sem um er að ræða. Læknisrannsóknirnar skal endurtaka árlega til fullnaðs 18 ára aldurs unglingsins, eða til 21 árs aldurs hans, ef um er að ræða störf, sem hafa í för með sér sérstaka heilbrigðisáhættu. Varðandi einstaklinga, sem reynast óhæfir til ákveðinna starfa, hafa samþykktirnar að geyma ákvæði um leiðbeiningar fyrir þá um stöðuval og fagþjálfun. Ef vafi leikur á um starfshæfnina, má gefa út vinnuleyfi til bráðabirgða með ákveðnum skilyrðum.

Samþykktin, sem um iðnaðarstörf gildir, var samþykkt með 121 atkvæði gegn engu, hin samþykktin með 81 atkvæði gegn 25 og álitsgerðin með 119 atkvæðum gegn engu.

Um það efni, sem samþykktir þessar fjalla um, eru engin ákvæði í lögum eða reglugerðum hér á landi, og er því ekki grundvöllur fyrir staðfestingu þeirra hér að svo stöddu.

b. Takmörkun á næturvinnu.

Eins og áður var getið, var á þinginu gerð ein samþykkt og ein álitsgerð um takmörkun á næturvinnu barna og unglinga við störf, sem ekki teljast til iðnaðar. Samþykkt sama efnis, er gildir um iðnaðarstörf, var gerð á fyrsta þingi stofnunarinnar, sem háð var í Washington 1919. Fyrr nefnd samþykkt nær til allra starfa nema iðnaðar, sjómennsku og landbúnaðar.

Aðalákvæði þessarar samþykktar er þess efnis, að börn innan 14 ára aldurs eða skólaskyld skuli ekki vinna í næturvinnu og hafa samfellt 14 tíma frí frá störfum á sólarhring hverjum. Unglingar, sem eru á aldrinum 14—18 ára eða ekki lengur skólaskyldir, skulu hafa sams konar hvíld í 12 stundir. Nánar er kveðið á um, hvaða tími sólarhringsins skuli teljast næturvinnutími.

Samþykktin hefur að geyma heimild til handa einstökum löndum til að gera einstakar undantekningar frá samþykktinni. Þannig má gera undantekningar frá banninu við næturvinnu um heimilisstörf á einkaheimilum svo og vinnu við einstök fjölskyldufyrirtæki, þegar hún telst ekki skaðleg eða hættuleg barninu eða unglingnum. Frá næturvinnubanninu má víkja um stundarsakir, ef um sextán ára unglinga eða eldri er að ræða og þjóðarhagsmunir krefja. Þá má og stytta samfelldan næturhvíldartíma unglinga eldri en 16 ára úr 12 tímum í 10 tíma, þegar ríkar ástæður mæla með því, svo sem vegna starfsmenntunar. Einnig er í samþykktinni heimild til að gefa einstaklingum undanþágur til næturvinnu við leikarastörf og þess háttar starfsemi.

Samþykkt þessi var gerð með 111 atkvæðum gegn engu, en fram komu raddir um það, að hún gengi ekki nógu langt.

Engin ákvæði munu vera í íslenzkum lögum um bann gegn næturvinnu barna og unglinga, svo að ekki er hægt að fullgilda samþykkt þessa að svo komnu.

Þingið tók einnig fyrir nokkur önnur mál, sem litla beina þýðingu hafa fyrir Ísland, eins og lágmarkskröfur um stefnu í félagsmálum ósjálfstæðra landsvæða, nokkrar ályktanir o. fl.

Samþykkt var að leyfa, að spánska væri notuð á vinnumálaþingunum ásamt hinum viðurkenndu málum, ensku og frönsku. Notfærðu fulltrúarnir frá Suður-Ameríku sér þessa heimild mjög og tóku mikinn þátt í umræðum á þinginu.

Fylgiskjöl.

Samningur milli Sameinuðu þjóðanna og Alþjóðavinnumálastofnunarinnar.

57. grein sáttmála Sameinuðu þjóðanna kveður svo á, að sérstakar stofnanir, sem komið er á fót með samningum milli ríkisstjórna og hafa samkvæmt grundvallarlögum sínum víðtækum alþjóðlegum skyldum að gegna á sviði fjárhags-, félags-, menningar-, mennta- og heilbrigðismála, svo og annarra skyldra mála, skuli tengjast Sameinuðu þjóðunum.

Alþjóðavinnumálaþingið, saman komið til 27. fundar sins í París 3. nóv. 1945, samþykkti ályktun til staðfestingar á ósk Alþjóðavinnumálastofnunarinnar til að tengjast Sameinuðu þjóðunum með þeim skilmálum, sem ákveðnir yrðu í samningi.

Fyrir því gera Sameinuðu þjóðirnar og Alþjóðavinnumálastofnunin með sér svo hljóðandi samning:

I. grein.

Sameinuðu þjóðirnar viðurkenna Alþjóðavinnumálastofnunina sem sérstaka stofnun, er skylt sé að gera þær ráðstafanir, sem hæfa þykja samkvæmt grundvallarlögum hennar, til að framkvæma þau stefnumál, sem sett eru fram í þeim.

II. grein.

Gagnkvæm fulltrúaskipti.

1. Fulltrúum frá Sameinuðu þjóðunum skal boðið að sitja fundi Alþjóðavinnumálaþingsins (hér á eftir aðeins nefnt þingið) og nefnda þess, stjórnarinnar og nefnda hennar svo og alla þá almenna fundi eða fundi fyrir sérstök svæði eða aðra sérstaka fundi, sem Alþjóðavinnumálastofnunin kann að kalla saman. Skal slíkum fulltrúum boðið að taka þátt í störfum á fundum þessum án atkvæðisréttar.

2. Fulltrúum frá Alþjóðavinnumálastofnuninni skal boðið að sækja fundi Efnahags- og félagsmálaráðs Sameinuðu þjóðanna (hér á eftir aðeins nefnt ráðið) og nefnda þess og taka þátt í umræðum á slíkum fundum um þau dagskrármál, sem Alþjóðavinnumálastofnunin hefur látið í ljós, að hún láti sig skipta, en ekki hafa þeir atkvæðisrétt.

3. Fulltrúum frá Alþjóðavinnumálaskrifstofunni skal boðið að sækja fundi Allsherjarþingsins sem ráðgefandi fulltrúar og þeim gefið tækifæri til að kynna Allsherjarþinginu skoðanir Alþjóðavinnumálastofnunarinnar á þeim málum, sem eru innan athafnasviðs hennar.

4. Fulltrúum frá Alþjóðavinnumálastofnuninni skal boðið að sækja fundi þeirra aðalnefnda Allsherjarþingsins, sem Alþjóðavinnumálastofnunin hefur áhuga fyrir, og taka þátt í störfum þeirra án atkvæðisréttar.

5. Fulltrúum frá Alþjóðavinnumálastofnuninni skal boðið að sækja fundi Verndargæzluráðsins og taka þar þátt í umræðum um mál þau, sem Alþjóðavinnumálastofnunin hefur tjáð sig hafa áhuga fyrir, en ekki skulu þeir atkvæðisbærir.

6. Skriflegum yfirlýsingum stofnunarinnar skal skrifstofa Sameinuðu þjóðanna útbýta til allra meðlima Allsherjarþingsins, Ráðsins, og nefna þess, svo og Verndargæzluráðsins, eftir því sem ástæða þykir til.

III. grein.

Tillögur um dagskrár.

Að undangengnum nauðsynlegum undirbúningsviðræðum skal Alþjóðavinnumálastofnunin setja á dagskrá Stjórnarnefndarinnar mál, sem Sameinuðu þjóðirnar leggja til. Á sama hátt skulu Ráðið og nefndir þess og Verndargæzluráðið taka á dagskrá þau mál, sem Alþjóðavinnumálastofnunin mælist til.

IV. grein.

Tillögur Allsherjarþingsins og Ráðsins.

1. Með tilliti til skyldu Sameinuðu þjóðanna til að vinna að markmiðum þeim, sem sett eru í 55. grein sáttmálans, og starfsemi og valda Ráðsins samkvæmt 62. gr. hans til að framkvæma eða stuðla að rannsóknum og skýrslugerðum á sviði alþjóðlegra efnahags-, félags-, menningar- og menntamála og skyldra mála og að gera tillögur um þau til hinna sérstöku stofnana, sem hlut eiga að máli, svo og með tilliti til skyldu Sameinuðu þjóðanna samkv. 58. og 63. gr. sáttmálans til að að gera tillögur um samhæfingu á stefnum og starfsemi slíkra sérstofnana, samþykkir Alþjóðavinnumálastofnunin að útbýta svo fljótt sem auðið er til stjórnarnefndarinnar, þingsins eða hverrar annarrar stofnunar innan Alþjóðavinnumálastofnunarinnar, sem hæfa þykir, öllum þeim formlegum tillögum, sem Allsherjarþingið eða Ráðið beinir til hennar.

2. Alþjóðavinnumálastofnunin fellst á að taka upp viðræður við Sameinuðu þjóðirnar um slíkar tillögur, er beiðni um það kemur fram, og að senda Sameinuðu þjóðunum skýrslu um ráðstafanir þær, sem stofnunin eða meðlimir hennar hafa gert til að framkvæma þessar tillögur, eða um annan árangur af íhugunum á þeim.

3. Alþjóðavinnumálastofnunin staðfestir þann ásetning sinn að taka þátt í

hverjum öðrum ráðstöfunum, sem nauðsynlegar kunna að vera til að koma á samræmi í starfsemi hinna sérstöku stofnana og stofnana innan Sameinuðu þjóðanna. Einkum fellst hún á að taka þátt í og starfa með hverri þeirri stofnun, sem Ráðið kann að setja á fót til að auðvelda slíka samræmingu og að veita þær upplýsingar, sem þörf er á til framkvæmda þessum ásetningi.

V. grein.

Skipti á upplýsingum og skjölum.

1. Að teknu tilliti til þeirra ráðstafana, sem nauðsynlegar eru til verndar trúnaðarmálum, skal koma á sem víðtækustum og greiðustum skiptum á upplýsingum og skjölum milli Sameinuðu þjóðanna og Alþjóðavinnumálastofnunarinnar.

2. Án þess að takmarka hin almennu ákvæði 1. málsgreinar:

a. samþykkir Alþjóðavinnumálastofnunin, að hún skuli senda Sameinuðu þjóðunum reglulega skýrslu um starfsemi sína;

b. samþykkir Vinnumálastofnunin að uppfylla eins og mögulegt er óskir, sem Sameinuðu þjóðirnar bera fram um, að hún láti í té sérstakar skýrslur, niðurstöður af rannsóknum eða upplýsingar að teknu tilliti til ákvæða XV. greinar; og

c. skal aðalritarinn, að framkominni beiðni um það, hafa samráð við forstjórann um að láta Alþjóðavinnumálastofnuninni í té þær upplýsingar, sem hún kann að hafa sérstakan áhuga fyrir.

VI. grein.

Aðstoð við Öryggisráðið.

Alþjóðavinnumálastofnunin fellst á að hafa samvinnu við Efnahags- og félagsmálaráðið um að láta Öryggisráðinu í té þær upplýsingar og þá aðstoð, sem það kann að óska, þ. á m. aðstoð við framkvæmd ákvarðana Öryggisráðsins til viðhalds eða endurreisnar alþjóðlegum friði og öryggi.

VII. grein.

Aðstoð við Verndargæzluráðið.

Alþjóðavinnumálastofnunin fellst á að vinna með Verndargæzluráðinu að framkvæmd ætlunarverka þess og sérstaklega að veita Verndargæzluráðinu alla þá aðstoð, sem hægt er og það kann að óska, að því er snertir mál, sem stofnunina varða.

VIII. grein.

Ósjálfstæð lönd.

Alþjóðavinnumálastofnunin felst á að vinna með Sameinuðu þjóðunum að uppfyllingu þeirra markmiða og skyldukvaða, sem sett eru í XI. kafla sáttmálans, að því er snertir mál varðandi velferð og þróun þjóða þeirra, sem búa í ósjálfstæðum löndum.

IX. grein.

Samband við Alþjóðadómstólinn.

1. Alþjóðavinnumálastofnunin fellst á að láta í té hverjar þær upplýsingar, sem Alþjóðadómstóllinn kann að óska eftir í samræmi við 34. grein stofnskrár hans.

2. Allsherjarþingið veitir Alþjóðavinnumálastofnuninni heimild til að leita álits Alþjóðadómstólsins um lögfræðileg vandamál, er rísa kunna innan starfssviðs hennar, önnur en mál varðandi samband milli stofnunarinnar og Sameinuðu þjóðanna eða annarra sérstofnana.

3. Slíkar óskir getur þingið borið fram við dómstólinn eða stjórnarnefndin samkvæmt umboði þess.

4. Þegar Alþjóðavinnumálastofnunin leitar álits Alþjóðadómstólsins, skal hún tilkynna það Efnahags- og félagsmálaráðinu.

X. grein.

Aðalstöðvar og umdæmisskrifstofur.

1. Með tilliti til þess, hve æskilegt er, að aðalstöðvar hinna sérstöku stofnana séu á sama stað og hið fasta aðsetur Sameinuðu þjóðanna, og hagræðis þess, sem leiðir af slíkri samfærslu, fellst Alþjóðavinnumálastofnunin á að hafa samráð við Sameinuðu þjóðirnar, áður en hún gerir nokkrar ákvarðanir um staðsetningu hinna föstu aðalstöðva sinna.

2. Þær umdæmisskrifstofur eða útibú, sem Alþjóðavinnumálastofnunin kann að koma á fót, skulu vera í eins nánum tengslum við umdæmisskrifstofur þær og útibú, sem Sameinuðu þjóðirnar kunna að stofnsetja.

XI. grein.

Ráðstafanir varðandi starfsfólk.

1. Sameinuðu þjóðirnar og Alþjóðavinnumálastofnunin viðurkenna, að þróun eins sameinaðs starfsmannaliðs sé æskileg með tilliti til raunhæfrar samhæfingar á stjórnarframkvæmdarháttum, og með þetta takmark fyrir augum samþykkja þessar stofnanir að koma á sameiginlegum mælikvarða á starfsfólki, aðferðum og ráðstöfunum til að komast hjá miklu ósamræmi í vinnuskilyrðum, til að forðast samkeppni við ráðningu starfsfólks og auðvelda skipti á starfsfólki innbyrðis, svo að starfskrafta þess verði sem mest not.

2. Sameinuðu þjóðirnar og Alþjóðavinnumálastofnunin eru ásáttar um að vinna saman, eftir því sem mögulegt er, að þessum markmiðum, og sérstaklega eru þær ásáttar um:

a. að hafa samráð um stofnun alþjóðlegrar starfsmannanefndar, er sé ráðgefandi um aðferðir til að tryggja sömu ráðningarkjör á skrifstofum Sameinuðu þjóðanna og hinna sérstöku stofnana;
b. að hafa samráð um önnur mál varðandi ráðningu æðri og lægri starfsmanna þeirra, þ. á m. vinnuskilyrði, ráðningartíma, flokkun, launaflokka og kaupgreiðslur, eftirlaunarétt og starfsmannareglur og reglur í því skyni að tryggja eins mikið samræmi og hægt er í þessum málum;
c. að hafa samvinnu um tímabundin eða varanleg starfsmannaskipti innbyrðis, þegar þau eru æskileg, enda séu sett ákvæði um viðhald aldurs- og eftirlaunaréttar;
d. að vinna saman að stofnun og rekstri stofnunar til að jafna deilur, sem rísa út af ráðningu starfsfólks og skyldum málum.

XII. grein.

Statistisk starfsemi.

1. Sameinuðu þjóðirnar og Alþjóðavinnumálastofnunin eru sammála um að leitast við að koma á sem mestri samvinnu sín á milli, að koma í veg fyrir óþarfan tvíverknað og að nýta sem bezt sérfrótt starfslið sitt við söfnun, greiningu, útgáfu og dreyfingu statistiskra upplýsinga. Þær samþykkja að sameina krafta sína til að stuðla að sem mestri nytsemi og hagnýtingu á statistiskum upplýsingum og létta byrði ríkisstjórna og annarra stofnana, sem fá má slíkar upplýsingar frá.

2. Alþjóðavinnumálastofnunin viðurkennir Sameinuðu þjóðirnar sem miðstöð fyrir söfnun, greiningu, útgáfu, mat og endurbætur á statistik í þágu markmiða hinna ýmsu alþjóðastofnana.

3. Sameinuðu þjóðirnar viðurkenna Alþjóðavinnumálastofnunina sem hinn rétta aðila til að safna saman, greina, gefa út, meta og bæta statistik á hinu sérstaka sviði hennar, að óskertum rétti Sameinuðu þjóðanna sjálfra til afskipta af slíkri statistik, að svo miklu leyti sem hún kann að hafa þýðingu fyrir markmið sjálfra þeirra eða horfa til bóta á alheimsstatistik.

4. Sameinuðu þjóðirnar skulu setja reglugerðir til tryggingar statistiskri sam-

vinnu milli þeirra annars vegar og stofnana, sem þeim eru tengdar, hins vegar.

5. Það er viðurkennt, að ekki er æskilegt, að Sameinuðu þjóðirnar eða hinar sérstöku stofnanir endurtaki söfnun statistiskra upplýsinga, þegar þær geta hagnýtt sér upplýsingar eða gögn, sem fyrir hendi eru hjá einhverri þessara stofnana.

6. Til að koma á fót miðstöð statistiskra upplýsinga til almennra afnota er samþykkt, að upplýsingar, sem sendar eru Alþjóðavinnumálastofnuninni til birtingar í statistiskum ritum eða sérstökum skýrslum, skuli gerðar aðgengilegar Sameinuðu þjóðunum, að svo miklu leyti sem unnt er.

XIII. grein.

Framkvæmdastörf og tæknileg störf.

1. Sameinuðu þjóðirnar og Alþjóðavinnumálastofnunin viðurkenna, að æskilegt sé að komast — að svo miklu leyti sem hægt er — hjá því, að stofnað sé til eða haldið uppi starfsemi, sem grípi inn í eða keppi við aðra starfsemi innan Sameinuðu þjóðanna og hinna sérstöku stofnana, til að stuðla að sem mestu samræmi í stjórnarfarslegum og tæknilegum framkvæmdum og sem beztri nýtingu starfsliðs og fjármagns.

2. Fyrir því eru Sameinuðu þjóðirnar og Alþjóðavinnumálastofnunin ásáttar um að hafa samráð um stjórnarfarslega og tæknilega starfsemi auk þeirrar, sem getur um í XI., XII. og XIV. grein, að svo miklu leyti sem upptaka og not slíkrar starfsemi geta talizt framkvæmanleg og hentug á hverjum tíma.

3. Sameinuðu þjóðirnar og Alþjóðavinnumálastofnunin skulu gera sameiginlegar ráðstafanir um skráningu og varðveizlu opinberra skjala.

XIV. grein.

Ráðstafanir varðandi fjárhagsáætlanir og fjármál.

1. Alþjóðavinnumálastofnunin viðurkennir, að æskilegt sé að koma á náinni samvinnu við Sameinuðu þjóðirnar varðandi fjárhagsáætlanir og fjármál, svo að framkvæmdastörf Sameinuðu þjóðanna og hinna sérstöku stofnana verði innt af hendi eins vel og með eins mikilli hagsýni og mögulegt er og að tryggð sé sem mest samvinna og samræmi í framkvæmdum þessum.

2. Sameinuðu þjóðirnar og Alþjóðavinnumálastofnunin eru ásáttar um að vinna, eftir því sem mögulegt er, að þessum markmiðum og sér í lagi, að þær skuli hafa samráð um, hvort æskilegt sé að gera viðeigandi ráðstafanir til að fjárhagsáætlun stofnunarinnar verði felld inn í allsherjarfjárhagsáætlun Sameinuðu þjóðanna. Sérhverjar slíkar ráðstafanir, sem gerðar kunna að verða, skulu nánar greindar í viðbótarsamningi milli hinna tveggja stofnana.

3. Alþjóðavinnumálastofnunin skal hafa samráð við Sameinuðu þjóðirnar við samningu fjárhagsáætlunar sinnar.

4. Alþjóðavinnumálastofnunin fellst á að senda uppkast að fjárhagsáætlun sinni til Sameinuðu þjóðanna á ári hverju, um leið og það er sent aðildarríkjum hennar. Allsherjarþingið skal athuga fjárhagsáætlun stofnunarinnar eða uppkast að henni og getur gert tillögur um hvaða lið hennar sem er.

5. Fulltrúum frá Alþjóðavinnumálastofnuninni skal heimilt að taka án atkvæðisréttar þátt í umræðum Allsherjarþingsins eða nefnda þess, hvenær sem fjárhagsáætlun stofnunarinnar eða almenn mál varðandi framkvæmdir og fjármál stofnuninni viðkomandi eru til umræðu.

6. Sameinuðu þjóðirnar geta tekið að sér innheimtu á tillögum þeirra meðlima Alþjóðavinnumálastofnunarinnar, sem einnig eru meðlimir Sameinuðu þjóðanna, í samræmi við þær ákvarðanir, sem gerðar kunna að verða í síðari samningum milli Sameinuðu þjóðanna og Alþjóðavinnumálastofnunarinnar.

7. Sameinuðu þjóðirnar skulu af sjálfsdáðum eða samkvæmt ósk Alþjóðavinnumálastofnunarinnar sjá um, að gerðar séu rannsóknir á öðrum fjárhags-

málefnum, sem viðkoma stofnuninni eða öðrum sérstofnunum, með tilliti til þess, að komið verði á samvinnu og samræmingu í slíkum málum.

8. Alþjóðavinnumálastofnunin samþykkir að fara eftir tillögum Sameinuðu þjóðanna í starfsemi sinni, eftir því sem mögulegt er.

XV. grein.

Fjárframlög til sérstakrar starfsemi.

1. Þegar Alþjóðavinnumálastofnunin verður að baka sér veruleg aukaútgjöld vegna beiðna, sem Sameinuðu þjóðirnar kunna að bera fram, um sérstakar skýrslur, rannsóknir eða aðstoð í samræmi við V., VI. eða VII. grein eða önnur ákvæði samnings þessa, skulu viðræður fara fram til að ákveða, hvernig sá kostnaður verði réttilega á lagður.

2. Á sama hátt skulu fara fram umræður milli Sameinuðu þjóðanna og Alþjóðavinnumálastofnunarinnar í því skyni að koma á sanngjarnri skipan á greiðslu kostnaðar, er leiðir af miðstjórnarstörfum, tæknilegum og fjárhagslegum störfum eða annarri sérstakri aðstoð, sem Sameinuðu þjóðirnar veita.

XVI. grein.

Samningar milli stofnana.

Alþjóðavinnumálastofnunin undirgengst að tilkynna Ráðinu um eðli og víðtæki allra formlegra samninga milli Alþjóðavinnumálastofnunarinnar og hverrar annarrar sérstofnunar eða ríkjasamtaka og sér í lagi að tilkynna Ráðinu um alla slíka samninga áður en þeir eru fullgerðir.

XVII. grein.

Samband.

1. Sameinuðu þjóðirnar og Alþjóðavinnumálastofnunin samþykkja framanskráð ákvæði í trausti þess, að þau stuðli að viðhaldi raunhæfs sambands milli þessara tveggja stofnana. Þær staðfesta þá ætlun sína að gera hverjar þær frekari ráðstafanir, sem nauðsynlegar kunna að vera til að gera þetta samband fullkomlega raunhæft.

2. Ráðstafanir þær um samvinnu, sem kveðið er á um í fyrir farandi greinum þessa samnings, skulu, að svo miklu leyti sem hentugt þykir, ná til sambands milli þeirra útibúa og umdæmisskrifstofa, sem þessar tvær stofnanir kunna að setja á stofn, á sama hátt og aðalstöðva þeirra.

XVIII. grein.

Efndir á samningnum.

Aðalritarinn og forstjórinn geta gert með sér frekara samkomulag um efndir á samningi þessum, eftir því sem æskilegt kann að þykja í ljósi starfsreynslu þessara tveggja stofnana.

XIX. grein.

Endurskoðun.

Samningi þessum má breyta með samkomulagi milli Sameinuðu þjóðanna og Alþjóðavinnumálastofnunarinnar.

XX. grein.

Gildistaka.

Saminingur þessi gengur í gildi þegar allsherjarþing Sameinuðu þjóðanna og allsherjarþing Alþjóðavinnumálastofnunarinnar hafa samþykkt hann.

SAMÞYKKTIR OG ÁLITSGERÐIR ALÞJÓÐAVINNUMÁLAÞINGSINS Í MONTREAL 1946.

I. Samþykkt (nr. 77) um læknisrannsóknir til ákvörðunar á hæfni barna og unglinga til iðnaðarstarfa.

Allsherjarþing Alþjóðavinnumálastofnunarinnar, saman komið til 29. fundar síns í Montreal 19. september 1946 eftir kvaðningu stjórnarnefndar Alþjóðavinnumálaskrifstofunnar, hefur samþykkt ákveðnar tillögur um læknisrannsóknir til ákvörðunar á hæfni barna og unglinga til iðnaðarstarfa, en þær voru fólgnar í 3. dagskrármáli, og þar sem þessar tillögur skulu gerðar í formi alþjóðasamþykktar, gerir þingið í dag, 9. október 1946, svo hljóðandi samþykkt, sem nefna ber Samþykkt frá 1946 um læknisrannsóknir á unglingum í iðnaði.[1])

I. KAFLI
Almenn ákvæði.

1. gr.

1. Samþykkt þessi nær til barna og unglinga, sem ráðin eru eða starfandi við iðnfyrirtæki, opinber eða í einkaeign, eða í sambandi við þau.

2. Með orðinu „iðnfyrirtæki“ er í samþykkt þessari einkum átt við:

a. fyrirtæki, sem stunda námugröft, grjótnám eða aðra starfsemi við vinnslu efna úr jörðu;

b. fyrirtæki, þar sem vörur eru framleiddar, þeim breytt, hreinsaðar, viðgerðar, skreyttar, fullkomnaðar, lagaðar til sölu, brotnar eða leystar upp, eða þar sem efnum er breytt, og teljast þar með fyrirtæki, er stunda skipasmíðar eða framleiðslu, spennubreytingu eða flutning á rafmagni eða hvers konar hreyfiafli;

c. fyrirtæki, er annast byggingar eða mannvirkjagerð, bæði hvað snertir nýbyggingar, viðgerðir, viðhald, breytingar og niðurrif;

d. fyrirtæki, er annast flutninga á mönnum eða munum, hvort heldur er á vegum járnbrautum, fljótum, vötnum, skipaskurðum eða í lofti, og telst þar með meðhöndlun vara í skipakvíum, á hafnarbökkum og bryggjum, í geymsluhúsum og flughöfnum.

3. Hlutaðeigandi yfirvald skal ákveða, hvar mörkin skulu vera milli iðnaðar annars vegar og landbúnaðar, verzlunar og annarra atvinnugreina, sem ekki teljast til iðnaðar, hins vegar.

2. gr.

1. Börn og unglingar, yngri en 18 ára, skulu eigi ráðin við iðnfyrirtæki, nema nákvæm læknisskoðun hafi leitt í ljós, að þau séu hæf til þeirra starfa, sem þeim eru ætluð.

2. Læknisrannsókn á vinnuhæfni skal framkvæmd af hæfum lækni, sem viðurkenndur er af hlutaðeigandi yfirvaldi, og skal votta um hana annað hvort með sérstöku læknisvottorði eða áritun á atvinnuleyfi eða í vinnubók.

3. Vottorð um starfshæfni má gefa út:

a. með skilyrðum um sérstök vinnuskilyrði;

b. til ákveðins starfs, flokka starfsgreina eða til starfa, sem hafa í för með sér svipaða heilbrigðisáhættu og hafa verið sett í sama flokk af yfirvaldi því, sem ábyrgð ber á framkvæmd laga og reglugerða varðandi læknisrannsókn á starfshæfni.

---

1) Formálsgrein í sama stíl og þessi er fyrir öllum öðrum samþykktum og álitsgerðum, sem hér fara á eftir, og verður henni því sleppt í þeim. Sama er að segja um lokagreinar þeirra og undirskriftir. Þegar fyrir koma samhljóða greinar í tveimur samþykktum eða fleiri, er þeim sleppt í hinum síðari, en vitnað um þær í samsvarandi greinar í undanfarinni samþykkt.

4. Í landslögum eða reglugerðum skal tilgreina það yfirvald, er annast skuli útgáfu skírteina um starfshæfni, og skal þar einnig ákveða, hvaða skilyrða skuli krefjast við samningu og útgáfu þeirra.

3. gr.

1. Hæfni barna og unglinga til vinnu þeirrar, sem þau stunda, skal háð læknis-eftirliti til átján ára aldurs þeirra.

2. Eigi má hafa börn eða unglinga yngri en átján ára í vinnu að staðaldri, nema læknisrannsókn fari fram eigi sjaldnar en einu sinni á ári.

3. Í landslögum eða reglugerðum skal:

a. ákveða, undir hvaða sérstöku kringumstæðum skuli krefjast læknisrannsóknar, auk hinnar árlegu, eða tíðari rannsókna í því skyni að tryggja raunhæft eftirlit með tillilti til áhættu þeirrar, sem starfinu er samfara, og heilsufars barns eða unglings, með tilliti til niðurstöðu af fyrri rannsóknum, eða —

b. veita hlutaðeigandi yfirvaldi heimild til að krefjast nýrrar læknisrannsóknar í sérstökum tilvikum.

4. gr.

1. Í atvinnugreinum, sem hafa í för með sér mikla heilbrigðisáhættu, skal krefjast læknisskoðunar og auka-læknisskoðunar með tilliti til starfshæfni til a. m. k. tuttugu og eins árs aldurs.

2. Í landslögum eða reglugerðum skal annaðhvort tilgreina eða fela hæfu yfirvaldi að tilgreina, í hvaða starfsgreinum eða flokkum starfsgreina skuli krefjast læknisskoðunar og auka-læknisskoðunar með tilliti til starfshæfni til a. m. k. tuttugu og eins árs aldurs.

5. gr.

Eigi skal læknisrannsókn sú, er um getur í fyrirfarandi greinum, hafa nein útgjöld í för með sér fyrir barnið eða unglinginn né foreldra þeirra.

6. gr.

1. Hlutaðeigandi yfirvald skal gera hentugar ráðstafanir til leiðbeininga um stöðuval, lækningu og fagþjálfun þeirra barna eða unglinga, sem samkvæmt læknisskoðun reynast óhæf til ákveðinna starfa eða á einn eða annan hátt er áfátt líkamlega.

2. Hlutaðeigandi yfirvald skal ákveða, á hvern hátt gera skuli ráðstafanir þessar og hversu langt þær skuli ná. Skal í þessu skyni efna til samvinnu milli þeirra viðkomandi stjórnarvalda, er fara með verkamál, heilbrigðismál, uppeldismál og félagsmál, og skal halda uppi virkri samvinnu milli nefndra aðila til að framkvæma slíkar ráðstafanir.

3. Ákveða má í landslögum eða reglugerðum, að þegar einhver vafi leikur á starfshæfni barna eða unglinga, megi gefa þeim:

a. starfsleyfi eða læknisvottorð til bráðabirgða, er gildi um takmarkaðan tíma, en að honum loknum gangi hinn ungi starfsmaður undir rannsókn að nýju;

b. leyfisbréf eða skírteini, er bundið sé við ákveðin vinnuskilyrði.

7. gr.

1. Vinnuveitandi skal varðveita læknisvottorð um starfshæfni, vinnuleyfi eða vinnubók, er sýni, að engar læknisfræðilegar mótbárur, er tilteknar kunna að vera í lögum eða reglugerðum, séu gegn ráðningu í vinnuna, og skulu þessi skilríki aðgengileg vinnueftirlitsmönnum.

2. Landslög og reglugerðir skulu kveða á um aðrar aðferðir til eftirlits, svo að samþykkt þessari verði framfylgt til fullnustu.

II. KAFLI
Sérstök ákvæði um einstök lönd.

8. gr.

1. Þegar í landi aðildarríkis eru stór svæði, þar sem hlutaðeigandi yfirvald álítur ógerlegt að framfylgja ákvæðum samþykktar þessarar, vegna fólksfæðar eða þróunarstigs, má það undanskilja slík svæði framkvæmd samþykktarinnar, annaðhvort í heild eða með þeim undantekningum, sem því þykja hæfilegar með tilliti til sérstakra fyrirtækja eða starfsgreina.

2. Hvert aðildarríki skal í fyrstu ársskýrslu sinni um framkvæmd samþykktar þessarar, sem leggja ber fram samkvæmt ákvæðum 22. gr. stjórnarskrár Alþjóðavinnumálastofnunarinnar, geta um landsvæði þau, er það vill láta ákvæði þessarar greinar ná til, enda skal ekkert aðildarríki njóta ákvæða þessarar greinar, frá því er það leggur fram fyrstu ársskýrslu sína, nema að því er tekur til landsvæða þeirra, er þar voru tilgreind.

3. Hvert það aðildarríki, sem notfærir sér ákvæði þessarar greinar, skal síðan í hverri ársskýrslu telja upp landsvæði þau, sem það afsalar sér rétti til að láta ákvæði þessarar greinar ná til.

9. gr.

1. Sérhvert aðildarríki, sem eigi hafði nein lög eða reglugerðir um læknisrannsókn á starfshæfni barna og unglinga í iðnaði, áður en samþykkt voru lög eða reglugerðir, er leyfðu fullgildingu þessarar samþykktar, getur með yfirlýsingu, er fylgi fullgildingarskjali þess, sett í stað 18 ára aldurs í 2. og 3. gr. lægra aldursmark, þó aldrei lægra en 16 ár, og í stað 21 árs aldurs í 4. gr. sett lægri aldur, en þó ekki lægri en 19 ár.

2. Hvert það aðildarríki, sem hefur gefið slíka yfirlýsingu, má hvenær sem er ógilda hana með síðari yfirlýsingu.

3. Sérhvert aðildarríki, sem gert hefur gildandi yfirlýsingu í samræmi við 1. málsgr. þessarar greinar, skal á hverju ári í ársskýrslum sínum um framkvæmd þessarar samþykktar skýra frá, að hve miklu leyti framfarir hafa orðið í þá átt, að ákvæðum samþykktarinnar verði beitt til fullnustu.

10. gr.

1. Ákvæði I. kafla þessarar samþykktar skulu ná til Indlands, með þeim takmörkunum, er í þessari grein segir:

a. ákvæðin skulu ná til allra héraða, þar sem indverskt löggjafarvald er löghæft til að veita þeim gildi;
b. orðið „iðnfyrirtæki“ skal ná til:
   i) verksmiðja í merkingu indversku verksmiðjulaganna;
   ii) náma í merkingu indversku námalaganna;
   iii) járnbrauta;
   iv) allra iðngreina, sem lög frá 1938, um atvinnu barna, ná til.
c. 2. og 3. grein skulu ná til barna og unglinga innan 16 ára aldurs;
d. í 4. grein skal setja 19 ára aldur í stað 21 árs;
e. 1. og 2. málsgrein 6. gr. skulu ekki ná til Indlands.

2. Ákvæðum 1. málsgreinar þessarar greinar má breyta á eftirgreindan hátt:

a. Alþjóðavinnumálaþingið má hvenær sem er, ef málið er á dagskrá þess, samþykkja uppkast að breytingum á 1. málsgrein þessarar greinar með ⅔ hlutum atkvæða;
b. innan 1 árs frá þingslitum, eða 18 mánaða, ef sérstaklega stendur á, skal leggja slíkt uppkast að breytingum fyrir hlutaðeigandi yfirvald eða yfirvöld í Indlandi, til lagasetningar eða annarra ráðstafana í samræmi við það;

c. nái breytingarnar samþykki hlutaðeigandi yfirvalds eða yfirvalda, skal Indland tilkynna aðalforstjóra Alþjóðavinnumálaskrifstofunnar til skrásetningar formlega fullgildingu sína á breytingunni;
d. slíkt uppkast að breytingum skal gilda sem breyting á samþykkt þessari, þegar Indland hefur fullgilt það.

III. KAFLI
Lokaákvæði.

11. gr.

Eigi skal neitt í samþykkt þessari hafa áhrif á lög, úrskurði, venju eða samkomulag milli atvinnurekenda og verkamanna, sem tryggja hagstæðari kjör en þau, sem ráð er fyrir gert í samþykkt þessari.

12. gr.

Formlegar fullgildingar á samþykkt þessari skal senda aðalforstjóra Alþjóðavinnumálaskrifstofunnar til skrásetningar.

13. gr.

1. Samþykkt þessi skal einungis vera bindandi fyrir þá meðlimi Alþjóðavinnumálastofnunarinnar, sem látið hafa aðalforstjóra skrá fullgildingarskjöl sín.
2. Hún skal öðlast gildi 12 mánuðum eftir að fullgildingarskjöl tveggja meðlima hafa verið skráð hjá aðalforstjóra.
3. Síðan skal samþykktin öðlast gildi, að því er snertir hvern meðlim, 12 mánuðum eftir að fullgilding hans hefur verið skráð.

14. gr.

1. Meðlimur, sem fullgilt hefur samþykkt þessa, má segja henni upp að 10 árum liðnum, frá því er hún öðlaðist upphaflega gildi, með tilkynningu, er senda skal aðalforstjóra Alþjóðavinnumálaskrifstofunnar til skrásetningar. Slík uppsögn skal eigi gilda fyrr en einu ári eftir skrásetningu hennar.
2. Nú hefur meðlimur fullgilt samþykkt þessa, en notfærir sér ekki innan þess árs, er kemur næst á eftir þeim 10 ára fresti, sem um getur í fyrri málsgrein, réttindi þau til uppsagnar, sem ráð er fyrir gert í þessari grein, og skal hann þá bundinn af henni í önnur 10 ár, en má að þeim loknum segja henni upp, svo og eftir hvert 10 ára tímabil, svo sem ráð er fyrir gert í þessari grein.

15. gr.

1. Aðalforstjóri Alþjóðavinnumálaskrifstofunnar skal tilkynna meðlimum Alþjóðavinnumálastofnunarinnar um skrásetningu allra fullgildingarskjala og uppsagna, sem meðlimir stofnunarinnar hafa sent honum.
2. Þegar aðalforstjóri tilkynnir meðlimum stofnunarinnar skrásetningu annars fullgildingarskjalsins, sem honum er sent, skal hann vekja athygli þeirra á, hvaða dag samþykktin öðlast gildi.

16. gr.

Aðalforstjóri Alþjóðavinnumálaskrifstofunnar skal senda aðalritara Sameinuðu þjóðanna, til skrásetningar samkvæmt 102. grein stofnskrár Sameinuðu þjóðanna, allar upplýsingar um fullgildingar og uppsagnir, sem hann hefur skrásett í samræmi við ákvæði næstu greina hér á undan.

17. gr.

Í lok hvers 10 ára tímabils, frá því er þessi samþykkt öðlast gildi, skal stjórnarnefnd Alþjóðavinnumálaskrifstofunnar leggja fyrir vinnumálaþing skýrslu um fram-

kvæmd samþykktarinnar, og skal hún jafnframt athuga, hvort æskilegt sé að setja á dagskrá þingsins tillögur um endurskoðun hennar allrar eða hluta hennar.

18. gr.

1. Ef þingið gerir nýja samþykkt um breytingar á samþykkt þessari allri eða hluta hennar, skal, nema öðruvísi verði ákveðið í hinni nýju samþykkt:

a. fullgilding meðlims á hinni nýju, endurskoðuðu samþykkt ipso jure skoðast sem tafarlaus uppsögn á þessari samþykkt, hvað sem ákvæðum 14. greinar hér að framan líður, svo framarlega sem eða frá því hin nýja, endurskoðaða samþykkt hefur öðlazt gildi;
b. meðlimum ekki heimilt að fullgilda þessa samþykkt, frá því er hin nýja endurskoðaða samþykkt öðlast gildi.

2. Samþykkt þessi skal, hvað sem öðru líður, vera í gildi að formi til og efni hvað snertir þá meðlimi, sem hafa fullgilt hana, en ekki hina endurskoðuðu útgáfu hennar.

19. gr.

Hinn enski og franski texti þessarar samþykktar skulu jafngildir.

Þetta er staðfestur texti samþykktar þeirrar, sem löglega var gerð á 29. þingi Alþjóðavinnumálastofnunarinnar, sem haldið var í Montreal og slitið 9. október 1946.

Þessu til staðfestu höfum vér undirritað hann í dag, 1. nóvember 1946.

Forseti þingsins

Humphrey Mitchell.

Aðalforstjóri Alþjóðavinnumálaskrifstofunnar

Edward Phelan.

II. Samþykkt (nr. 78) um læknisrannsóknir til ákvörðunar á hæfni barna og unglinga til starfa, sem ekki teljast til iðnaðar.

I. KAFLI

Almenn ákvæði.

1. gr.

1. Samþykkt þessi nær til barna og unglinga, sem ráðin eru gegn kaupi eða starfa beint eða óbeint fyrir þóknun að öðrum störfum en iðnaði.

2. Með orðunum „önnur störf en iðnaður“ er í samþykkt þessari átt við öll önnur störf en þau, sem hlutaðeigandi yfirvöld telja iðnaðarstörf, landbúnaðarstörf eða sjómennsku.

3. Hlutaðeigandi yfirvald skal ákvarða, hvar mörkin skuli dregin milli starfa, sem ekki teljast til iðnaðar, annars vegar og iðnaðar, landbúnaðar og sjómennsku hins vegar.

4. Í landslögum eða reglugerðum má undan framkvæmd samþykktar þessarar skilja störf, sem viðurkennt er, að eigi séu hættuleg fyrir heilbrigði barna og unglinga, ef um fjölskyldufyrirtæki er að ræða, þar sem engir starfa, nema foreldrar og börn þeirra eða skjólstæðingar.

2. gr.

1. Börn og unglingar yngri en 18 ára skulu eigi ráðin til starfa, sem ekki teljast til iðnaðar, nema nákvæm læknisrannsókn hafi leitt í ljós, að þau séu hæf til þeirra starfa, sem þeim eru ætluð.

2. Læknisrannsókn á starfshæfni skal framkvæmd af hæfum lækni, sem viðurkenndur er af hlutaðeigandi yfirvaldi og skal votta um hana annaðhvort með sérstöku læknisvottorði eða áritun á atvinnuleyfi eða í vinnubók.

3. Vottorð um starfshæfni má gefa:

a. með fyrirvara um sérstök vinnuskilyrði;
b. til ákveðins starfs, flokka starfsgreina eða til starfa, sem hafa í för með sér svipaða heilbrigðisáhættu og hafa verið sett í sama flokk af yfirvaldi því, sem ábyrgð ber á framkvæmd laga og reglugerða varðandi læknisrannsókn á starfshæfni.

4. Í lögum hvers lands eða reglugerðum skal tilgreina það yfirvald, sem lögheft er til að gefa út skírteini um starfshæfni, og skal þar einnig ákveða, hvaða skilyrða skuli krefjast við samningu og útgáfu þeirra.

3. gr.

1. Hæfni barna og unglinga til starfa þeirra, er þau hafa með höndum, skal vera háð eftirliti læknis til átján ára aldurs.

2. Eigi má hafa börn eða unglinga yngri en átján ára í vinnu að staðaldri, nema læknisrannsókn fari fram eigi sjaldnar en einu sinni á ári.

3. Í lögum hvers lands eða reglugerðum skal:

a. ákveða, undir hvaða sérstöku kringumstæðum skuli krefjast læknisrannsóknar auk hinnar árlegu, eða tíðari rannsókna í því skyni að tryggja raunhæft eftirlit með tilliti til áhættu þeirrar, er starfinu er samfara, og heilsufars barns eða unglings, með tilliti til niðurstöðu af fyrri rannsókn;
b. gefa hlutaðeigandi yfirvaldi umboð til að krefjast nýrrar læknisrannsóknar í sérstökum tilvikum.

4. gr.

1. Í atvinnugreinum, sem hafa í för með sér mikla heilbrigðisáhættu, skal krefjast læknisskoðunar og aukalæknisskoðunar með tilliti til starfshæfni til a. m. k. tuttugu og eins árs aldurs.

2. Í lögum hvers lands eða reglugerðum skal annaðhvort tilgreina eða fela hlutaðeigandi yfirvaldi að tilgreina, í hvaða starfsgreinum eða flokkum starfsgreina skuli krefjast læknisskoðunar og auka-læknisskoðunar með tilliti til starfshæfni til a. m. k. tuttugu og eins árs aldurs.

5. gr.

Eigi skal læknisrannsókn sú, er um getur í fyrirfarandi greinum, hafa nein útgjöld í för með sér fyrir barnið eða unglinginn né foreldra þeirra.

6. gr.

1. Hlutaðeigandi yfirvald skal gera hentugar ráðstafanir til leiðbeiningar um stöðuval, lækningu og starfsþjálfun þeirra barna eða unglinga, sem samkvæmt læknisskoðun eru óhæf til ákveðinna starfa eða á einn eða annan hátt áfátt líkamlega.

2. Hlutaðeigandi yfirvald skal ákveða, á hvern hátt gera skuli ráðstafanir þessar og hversu langt þær skuli ná. Skal í þessu skyni efna til samvinnu milli þeirra viðkomandi stjórnarvalda, er fara með verkamál, heilbrigðismál, uppeldismál og félagsmál, og halda skal uppi virkri samvinnu milli nefndra aðila til að framkvæma slíkar ráðstafanir.

3. Ákveða má í landslögum eða reglugerðum, að þegar einhver vafi leikur á starfshæfni barna eða unglinga, megi gefa þeim,

a. starfsleyfi eða læknisvottorð til bráðabirgða, er gildi um takmarkaðan tíma, en að honum loknum gangi hinn ungi verkamaður undir nýja rannsókn;
b. leyfisbréf eða skírteini, er bundið sé við ákveðin vinnuskilyrði.

7. gr.

1. Vinnuveitandi skal varðveita læknisvottorð um starfshæfni, vinnuleyfi eða vinnubók, er sýni, að engar læknisfræðilegar mótbárur, er tilteknar kunna að vera í lögum eða reglugerðum, séu gegn ráðningu í vinnuna, og skulu þessi skilríki aðgengileg vinnueftirlitsmönnum.

2. Landslög eða reglugerðir skulu kveða á um:

a. ráðstafanir um skilríki (identification), er gera skuli til að tryggja framkvæmd læknisrannsóknar á starfshæfni barna og unglinga, sem fyrir eigin reikning eða foreldra sinna starfa að farandsölu eða annarri atvinnu á götum úti eða annars staðar á almannafæri, og

b. aðrar ráðstafanir til eftirlits, sem taka beri upp í því skyni að tryggja það, að samþykkt þessari verði stranglega framfylgt.

II. KAFLI

Sérstök ákvæði um einstök lönd.

8. gr.

1. Þegar í landi aðildarríkis eru stór svæði, þar sem hlutaðeigandi yfirvald álítur ógerlegt að framfylgja ákvæðum samþykktar þessarar, vegna fólksfæðar eða þróunarstigs, má undanskilja slík svæði framkvæmd samþykktarinnar, annaðhvort í heild eða með þeim undantekningum, sem því þykja hæfilegar með tilliti til sérstakra fyrirtækja eða starfsgreina.

2. Hvert aðildarríki skal í fyrstu ársskýrslu sinni um framkvæmd samþykktar þessarar, sem leggja ber fram samkvæmt ákvæðum 22. greinar stjórnarskrár Alþjóðavinnumálastofnunarinnar, geta um landsvæði þau, er það vill láta ákvæði þessarar greinar ná til, enda skal ekkert aðildarríki njóta ákvæða þessarar greinar, frá því er það leggur fram fyrstu ársskýrslu sína, nema að því er tekur til landsvæða þeirra, er þar voru tilgreind.

3. Hvert það aðildarríki, sem notfærir sér ákvæði þessarar greinar, skal síðan í hverri ársskýrslu telja upp landsvæði þau, sem það afsalar sér rétti til að láta ákvæði þessarar greinar ná til.

9. gr.

1. Sérhvert aðildarríki, sem eigi hafði nein lög eða reglugerðir um læknisrannsókn á starfshæfni barna og unglinga í öðrum starfsgreinum en iðnaði, áður en lög eða reglugerðir, er leyfðu staðfestingu þessarar samþykktar, gengu í gildi, getur með yfirlýsingu, er fylgi staðfestingarskjali þess, sett lægra aldursmark en 18 ár í 2. og 3. gr., þó aldrei lægra en 16 ár, og í stað 21 árs aldurs í 4. gr. sett lægra aldursmark, þó ekki lægra en 19 ár.

2. Hvert það aðildarríki, sem gefið hefur slíka yfirlýsingu, má hvenær sem er ógilda hana með síðari yfirlýsingu.

3. Sérhvert aðildarríki, sem gert hefur gildandi yfirlýsingu í samræmi við 1. málsgrein þessarar greinar, skal á hverju ári í ársskýrslum sínum um framkvæmd þessarar samþykktar skýra frá, að hve miklu leyti framfarir hafa orðið í þá átt, að ákvæðum samþykktarinnar verði beitt til fullnustu.

III. KAFLI
Lokaákvæði.

10.—18. gr.
(Samsvarandi 11.—19. gr. samþykktar nr. 77.)

III. Álitsgerð (nr. 79) um læknisrannsókn á starfshæfni barna og unglinga.

Í samþykktum um læknisskoðun unglinga 1946 er lagður grundvöllur að reglum um læknisrannsókn á starfshæfni, í því skyni að vernda heilbrigði barna og unglinga fyrir hættum, sem leiðir af óhentugri vinnu, en í þeim er gert ráð fyrir, að landslög eða reglugerðir kveði nánar á um starfsaðferðir í einstökum atriðum.

Jafnframt því að æskilegt er að tryggja sem mest samræmi í framkvæmdum á samþykktunum, svo að haldið sé uppi sem mestri vernd fyrir börn og unglinga, sem er tilgangur samþykktarinnar að tryggja, þá verður að leyfa mismunandi aðferðir við framkvæmd á læknisrannsóknum til samræmis við hinar almennu framkvæmdastarfsreglur hinna ýmsu aðildarríkja.

Æskilegt er að gera öllum meðlimum kunnar þær aðferðir, sem reynzt hafa heppilegar í ákveðnum löndum og geta því verið þeim til leiðbeiningar.

Með tilliti til framanritaðs mælir þingið með því, að allir meðlimir beiti þeim ákvæðum, sem hér fara á eftir, svo fljótt sem ástæður þeirra leyfa, og gefi Alþjóðavinnumálaskrifstofunni að beiðni stjórnarnefndar skýrslu um þær ráðstafanir, sem gerðar hafa verið til að veita þeim gildi.

I. Gildissvið ákvæðanna.

1. Ákvæði samþykktar um læknisrannsókn unglinga (í öðrum störfum en iðnaði) frá 1946 ætti að láta ná til allra starfa, sem unnin eru við þau fyrirtæki og framkvæmdir hins opinbera eða einstaklinga, sem hér segir eða í sambandi við þau:

a. verzlunarfyrirtæki, þar með talin fyrirtæki, sem annast útsendingu vara;
b. póst- og fjarskiptaþjónusta, þar með talin útsending bréfa og skeyta;
c. fyrirtæki og skrifstofur, þar sem starfsfólkið vinnur aðallega venjulega skrifstofuvinnu;
d. blaðafyrirtæki (útgáfa, dreifing, útburður og blaðasala á götum úti eða annars staðar á almannafæri);
e. gistihús, dvalarheimili, matsöluhús, klúbbar, kaffihús og aðrir hressingarstaðir, svo og launuð heimilisaðstoð á einkaheimilum;
f. stofnanir til hjúkrunar og aðhlynningar sjúku, lasburða eða hjálparvana fólki og munaðarleysingjum;
g. leikhús og opinberir skemmtistaðir;
h. umferðasala, framboð á alls konar gripum og hver önnur störf eða starfsemi, sem fram fer á götum úti eða annars staðar á almannafæri;
i. öll önnur vinna, störf eða starfsemi, sem hvorki telst til iðnaðar, landbúnaðar né sjómennsku.

2. Án tillits til þeirrar heimildar, sem ríkisstjórnum er veitt í samþykkt um læknisrannsókn á unglingum (í öðrum störfum en iðnaði) frá 1946 til að undanskilja framkvæmd hennar störf, sem viðurkennt er, að ekki séu áhættusöm fyrir heilbrigði barna og unglinga, ef um fjölskyldufyrirtæki er að ræða, þar sem enginn starfar nema foreldrar og börn þeirra eða skjólstæðingar, ættu ríkisstjórnir að taka það til athugunar, að störf, sem almennt eru ekki talin hættuleg, kunna að vera hættuleg einstaklingum, sem ekki hafa þá hæfileika, sem þarf til ákveðins starfs eða hvaða starfs sem er. Ríkisstjórnir ættu því að láta ákvæði reglugerða um læknisrannsókn á starfshæfni ná til allrar vinnu við arðberandi störf, án tillits til skyldleika þeirra, sem að þeim vinna.

II. Ákvæði um læknisrannsókn.

3. Án tillits til læknisrannsóknar þeirrar, sem krafizt er áður en vinna er hafin til að sannreyna hæfni barna og unglinga til sérstaks starfs og fyrirskipuð er í 2. grein nefndra samþykkta, er æskilegt, að öll börn gangist undir allsherjar læknisrannsókn, helzt áður en skólaskyldu þeirra lýkur, og geta stofnanir, sem annast leiðbeiningar um stöðuval, notfært sér niðurstöður þeirra rannsókna.

4. Í hinni nákvæmu læknisrannsókn, sem tilskilin er áður en til starfa er tekið, ættu að felast:

a. alls konar prófanir á lækningastofu, röntgenstofu og tilraunastofu, sem hentugar þykja til að sannreyna, hvort viðkomandi er hæfur eða óhæfur til vinnu þeirrar, sem um er að ræða, og
b. henni ætti að fylgja í hverju tilviki viðeigandi ráðleggingar um heilsuvernd.

5. Endurteknar læknisrannsóknir ætti að:

a. framkvæma á sama hátt og ofangreinda rannsókn, og
b. í sambandi við þær skulu gefnar viðeigandi ráðleggingar um heilsuvernd og, ef þörf krefur, frekari leiðbeiningar um stöðuval, með tilliti til skipta á vinnu.

6.

1) Allar niðurstöður læknisrannsóknarinnar ætti að skrá á spjald, sem geymt væri í skjalasafni þeirrar lækningastöðvar, er læknisrannsóknirnar annast.
2) Upplýsingar þær, sem skráðar eru á læknisvottorðin og ætlaðar eru vinnuveitanda, eða yfirlýsing sú um læknisrannsókn, sem rituð er á vinnuleyfi eða í vinnubók, ættu að vera svo greinilegar, að þær gæfu til kynna, hvar takmörk starfshæfninnar liggja, eftir því sem rannsókn hefur leitt í ljós, og ráðstafanir þær, sem þess vegna væri nauðsynlegt að gera viðvíkjandi starfsskilyrðum. En þær ættu alls ekki að innihalda trúnaðarupplýsingar, svo sem greiningu á meðfæddum ágöllum eða sjúkdómum, sem skoðanir kynnu að hafa leitt í ljós.

7.

1) Þar sem unglingar hafa sjaldnast náð fullum þroska við 18 ára aldur og því nauðsynlegt að halda áfram sérstakri heilsuvernd, er æskilegt að framlengja skylduna til að ganga undir læknisrannsóknir til a. m. k. 21 árs aldurs fyrir alla unglinga, sem starfa í iðnaði eða öðrum starfsgreinum.
2) Ávallt skal meta ríflega þá auknu áhættu, er hafi í för með sér framlengingu skyldunnar til læknisrannsókna til 21 árs aldurs samkvæmt ákvæðum 4. gr. nefndra samþykkta. Einkum ætti hið hærra aldurstakmark að ná til allra námustarfa, starfa í sjúkrahúsum og skemmtistarfa, svo sem dans og trúðleika.

8. Ákvæði fyrirfarandi greinar má ekki skýra á þann veg, að dregið sé úr skyldunni til að beita ákvæðum alþjóðasamþykkta, landslaga eða reglugerða, þar sem bann er lagt við að ráða unglinga til ákveðinna starfa vegna mikillar heilbrigðisáhættu, er þeim er samfara, eða krefjast heilbrigðiseftirlits með öllum starfsmönnum í slíkum störfum, án tillits til aldurs.

III. Ráðstafanir viðvíkjandi mönnum, sem læknisrannsókn leiðir í ljós, að séu óhæfir til starfa að öllu eða nokkru leyti.

9. Meðal ráðstafana þeirra, sem yfirvöld hvers lands skulu gera til að framfylgja ákvæðum 6. gr. nefndra samþykkta, ætti einkum að vera ráðstafanir til tryggingar því, að börn og unglingar, sem læknisrannsókn sýnir, að sé líkamlega áfátt eða séu yfirleitt óhæf til vinnu:

a. fái viðeigandi læknishjálp til að lækna eða draga úr líkamlegum ágöllum þeirra;
b. séu hvött til að hverfa aftur til skólanáms, eða þeim sé beint til hentugra starfa, sem líklegt sé, að þau kunni við og hæfi þeim, og að þeim séu gefin tækifæri til að þjálfa sig til slíkra starfa;
c. njóti fjárhagslegrar hjálpar, ef nauðsyn krefur, meðan á lækningum, skólagöngu eða starfsþjálfun stendur.

10. Til að auðvelda stöðuval barna og unglinga, sem reynzt hafa skorta líkamsþrek eða hafa sérstaka annmarka, er æskilegt, að þar til hæfir sérfræðingar semji skrár yfir iðnir og störf, sem henta hverjum flokki ungra starfsmanna með takmarkaða starfshæfni eða líkamlega annmarka. Þessi flokkun skal gerð á sameiginlega ábyrgð heilbrigðisyfirvaldanna og yfirvalda þeirra, er fara með atvinnumál. Skrár þessar ættu læknar þeir, sem rannsóknirnar framkvæma, að hafa sér til leiðbeiningar, en ekki vera bundnir af þeim.

IV. Ábyrg yfirvöld.

11.

1) Til að tryggja fullan árangur af læknisrannsóknum á ungum starfsmönnum ætti að gera ráðstafanir til að þjálfa sérstaka rannsóknarlækna, er séu sérfróðir um heilsuvernd innan iðnaðar og hafi víðtæka reynslu í læknisfræðilegum vandamálum varðandi heilsu barna og unglinga.
2) Hlutaðeigandi yfirvald ætti að tryggja það, að námskeið væru haldin og hagnýtar athuganir gerðar í þessu skyni.
3) Rannsóknarlækna ætti að velja eftir þeim hæfileikum, sem um getur í 1. lið þessarar greinar.

12. Framkvæmdir á læknisrannsóknum á starfshæfni ætti að skipuleggja þannig, að tryggð sé náin samvinna milli heilbrigðisyfirvalda, sem ábyrgð bera á framkvæmd rannsóknanna, og yfirvalda þeirra, sem bera ábyrgð á útgáfu leyfa til ráðningar barna og unglinga til starfa og eftirlits með vinnuskilyrðum þeirra.

V. Hættir á framkvæmdum.

13.

1) Til að tryggja reglubundna læknisrannsókn á starfshæfni barna og unglinga, sem vinna að iðnaði eða öðrum störfum, hvort heldur er í atvinnurekstrinum sjálfum eða í sambandi við hann, ætti að skylda atvinnurekendur til að senda tilgreindum yfirvöldum tilkynningu um ráðningu allra ungra starfsmanna innan aldursmarks þess, sem ráð er fyrir gert í reglugerð um rannsóknirnar.
2) Þessi yfirvöld ættu að vera:
   a. hið opinbera heilbrigðiseftirlit, sem ábyrgð ber á framkvæmd rannsóknanna og fullkominni skýrslugerð um niðurstöðu þeirra; eða
   b. þau yfirvöld, sem heimilt er að leyfa ráðningu barna og unglinga á grundvelli niðurstöðu slíkrar læknisrannsóknar.

14. Til að tryggja reglubundna læknisrannsókn á starfshæfni barna og unglinga, sem starfa fyrir eigin reikning eða foreldra sinna að umferðasölu eða öðrum störfum á götum úti eða annars staðar á almannafæri:

a. ætti unglingum í slíkum störfum innan aldursmarks þess, sem læknisrannsókn á starfshæfni er lögboðin, að vera skylt að afla sér sérstaks leyfisbréfs, sem helzt ætti að vera gefið út af stofnun, er væri undir stjórn verkamálaráðuneytis og byggt yrði á læknisvottorði um starfshæfni og endurnýjast árlega eftir niðurstöðum árlegrar læknisrannsóknar. Slíkt leyfi ætti að vera númerað og í því ljósmynd, eiginhandarundirskrift eða annað, er sanni hver handhafi þess sé, svo og upplýsingar um:
   i) nafn, aldur og heimilisfang handhafa;
   ii) nafn og heimilisfang foreldra hans og yfirlýsingu um, að þeir leyfi barninu eða unglingnum að vinna það starf, sem í leyfinu greinir; og
   iii) niðurstöður læknisrannsóknar, sem fram hefur farið áður en starfið var hafið, og upplýsingar um síðari rannsóknir;
b. ætti handhafi slíks leyfis að bera á sér greinilegt merki með sama númeri og er á leyfinu;
c. ætti full samvinna að vera milli vinnueftirlits þess, sem ábyrgð ber á framkvæmd laganna, og yfirvalda á staðnum, einkum lögregluefirlits, sem starfar

að því að fyrirbyggja afbrot, við reglulegar rannsóknir á skilríkjum ungra umferðasala og til að tryggja, að þeir hlýði reglunum um læknisrannsókn á starfshæfni

IV. Samþykkt (nr. 79) um takmörkun á næturvinnu barna og unglinga við störf, sem ekki teljast til iðnaðar.

I. KAFLI
Almenn ákvæði.

1. gr.

1. Samþykkt þessi nær til barna og unglinga, sem ráðin eru gegn kaupi eða starfa beint eða óbeint fyrir þóknun að öðrum störfum en iðnaði.

2. Með orðunum „önnur störf en iðnaður“ er í samþykkt þessari átt við öll önnur störf en þau, sem hlutaðeigandi yfirvald telur iðnaðarstörf, landbúnaðarstörf eða sjómennsku.

3. Hlutaðeigandi yfirvald skal ákvarða, hvar mörkin skuli dregin milli starfa utan iðnaðar annars vegar og iðnaðar, landbúnaðar og sjómennsku hins vegar.

4. Í landslögum eða reglugerðum má gera undanþágu frá samþykkt þessari hvað snertir:

a. heimilisstörf á einkaheimilum, og
b. störf, sem eigi eru talin skaðleg eða hættuleg heilbrigði barna og unglinga, við fjölskyldufyrirtæki, þar sem engir starfa nema foreldrar og börn þeirra eða skjólstæðingar.

2. gr.

1. Yngri börn en 14 ára, sem vinna mega takmarkaðan eða fullan vinnutíma, svo og börn eldri en 14 ára, sem enn eru skólaskyld að fullu, skal eigi ráða né láta vinna í næturvinnu, er telja skal a. m. k. fjórtán stundir samfelldar, þar með talinn tíminn frá kl. 8 að kvöldi til 8 að morgni.

2. Í stað hins tilgreinda 14 stunda tímabils má þó, þar sem staðbundnar ástæður krefja, setja ákvæði í landslögum eða reglugerðum um 12 stunda tímabil í stað nefnds 14 stunda tímabils, og skal það hefjast eigi síðar en kl. 8.30 að kvöldi og eigi ljúka fyrir kl. 6 að morgni.

3. gr.

1. Börn eldri en 14 ára, sem eigi eru lengur skólaskyld fullan skólatíma, svo og unglinga yngri en 18 ára skal eigi ráða til né láta vinna næturvinnu, er telja skal a. m. k. 12 stundir samfelldar, þar með talinn tíminn frá kl. 10 að kvöldi til kl. 6 að morgni.

2. Ef um sérstakar aðstæður er að ræða innan einstakra starfsgreina eða landsvæða, má hlutaðeigandi yfirvald þó, að höfðu samráði við félög vinnuveitenda og verkamanna, sem hlut eiga að máli, ákveða, að tíminn milli kl. 11 að kvöldi og kl. 7 að morgni komi í stað tímans frá kl. 10 að kvöldi til kl. 6 að morgni, að því er snertir störf barna og unglinga í þeim starfsgreinum eða á þeim landsvæðum.

4. gr.

1. Í löndum, þar sem loftslagi er svo háttað, að mjög erfitt er að vinna á daginn, má stytta næturvinnutímabil fyrirfarandi greina, ef tryggður er tilsvarandi hvíldartími að degi til.

2. Ríkisstjórnir mega fresta framkvæmd banns við næturvinnu unglinga 16 ára og eldri, ef þjóðarhagsmunir krefjast vegna neyðarástands.

3. Í landslögum eða reglugerðum má heimila hlutaðeigandi yfirvaldi að gefa einstakar undanþágur um stundarsakir, er heimili unglingum 16 ára og eldri að vinna

næturvinnu, þegar sérstök nauðsyn krefur vegna starfsþjálfunar, þó þannig, að samfelldur hvíldartími sé eigi skemmri en 11 stundir á hverjum tuttugu og fjórum tímum.

5. gr.

1. Í landslögum eða reglugerðum má heimila hlutaðeigandi yfirvaldi að veita einstakar undanþágur, er heimili börnum og unglingum yngri en 18 ára að koma fram að kvöldi til sem skemmtikraftar á opinberum skemmtisamkomum eða starfa að kvöldi til sem leikarar við kvikmyndatökur.

2. Lágmarksaldur fyrir slíkar undanþágur skal ákveðinn í landslögum eða reglugerðum.

3. Engar slíkar undanþágur má veita, ef eðli skemmtunar eða kvikmyndatöku eða aðstæðum, sem þær fara fram við, er þannig háttað, að hættulegt geti talizt lífi, heilbrigði eða siðferði barns eða unglings.

4. Útgáfa undanþágu skal bundin eftirfarandi skilyrðum:

a. vinna má ekki standa lengur en til miðnættis;
b. gera skal strangar ráðstafanir til öryggis heilbrigði og siðferði barna og unglinga, tryggja góða meðferð á þeim og forðast truflun á námi þeirra;
c. barninu eða unglingnum skal veitt samfelld hvíld í a. m. k. 14 klukkustundir.

6. gr.

1. Til að tryggja framkvæmd ákvæða þessarar samþykktar skal í landslögum eða reglugerðum:

a. kveða á um opinbert eftirlit, sem fullnægi sérstökum þörfum hinna ýmsu starfsgreina, er samþykktin nær til;
b. skylda alla atvinnurekendur til að halda skrá yfir nöfn og fæðingardaga allra unglinga yngri en 18 ára, sem þeir hafa í vinnu, svo og um vinnutíma þeirra, eða hafa tiltækileg opinber gögn með þessum upplýsingum. Þegar um er að ræða börn eða unglinga, sem vinna á strætum úti eða annars staðar á almannafæri, skal í skránni greina vinnustundafjölda, sem í ráðningarsamningi greinir;
c. ákveða hentugar ráðstafanir til að tryggja, að hægt sé að þekkja (identificera) og hafa eftirlit með unglingum yngri en 18 ára, sem í þjónustu atvinnurekenda eða á eigin spýtur vinna að störfum, sem fram fara á götum úti eða annars staðar á almannafæri;
d. ákveða refsingu, er beita má atvinnurekendur eða aðra ábyrga fullorðna menn fyrir brot á slíkum lögum eða reglugerðum.

2. Í ársskýrslu þeirri, er senda skal samkvæmt 22. grein stjórnarskrár Alþjóðavinnumálastofnunarinnar, skulu vera tæmandi upplýsingar um öll lög og reglugerðir, sem veita ákvæðum samþykktar þessarar gildi, einkum þó varðandi:

a. tímabil það, sem samkv. heimild í 2. mgr. 1. greinar kann að verða sett í stað tímabils þess, er greinir í 1. mgr. sömu greinar;
b. að hve miklu leyti notfærð eru ákvæði 2. mgr. 3. greinar;
c. yfirvöld þau, sem heimilt er að veita einstakar undanþágur samkvæmt ákvæðum 1. mgr. 5. greinar, svo og lágmarksaldur, sem undanþágur má veita fyrir samkvæmt 2. mgr. sömu greinar.

II. KAFLI

Sérstök ákvæði um einstök lönd.

7. gr.

1. Hvert það aðildarríki, sem eigi hafði nein lög eða reglugerðir um takmörkun á næturvinnu barna í öðrum starfsgreinum en iðnaði, áður en lög eða reglugerðir, er leyfðu fullgildingu þessarar samþykktar, gengu í gildi, má með yfirlýsingu, er

fylgi fullgildingarskjalinu, setja lágmarksaldur lægri en 18 ár, þó ekki lægri en 16 ár, í stað aldurstakmarks þess, sem tilgreint er í 3. grein.

2. Hvert það aðildarríki, sem hefur gefið slíka yfirlýsingu, má hvenær sem er ógilda hana með síðari yfirlýsingu.

3. Sérhvert aðildarríki, sem gert hefur gildandi yfirlýsingu í samræmi við 1. málsgrein þessarar greinar, skal á hverju ári í ársskýrslum sínum um framkvæmd þessarar samþykktar skýra frá, að hve miklu leyti framfarir hafa orðið í þá átt að beita til fulls ákvæðum samþykktarinnar.

8. gr.

(Sérreglur, er gilda fyrir Indland.)

III. KAFLI

Lokaákvæði.

9.—17. gr.

(Samsvarandi 11.—19. gr. samþykktar nr. 77.)

V. Álitsgerð (nr. 80) um takmörkun á næturvinnu barna og unglinga í störfum, sem ekki teljast til iðnaðar.

Í samþykkt um næturvinnu unglinga (við önnur störf en iðnað) 1946 er lagður grundvöllur að löggjöf til verndar gegn hættum, er stafa af næturvinnu við önnur störf en iðnað, þar sem fjöldi unglinga vinnur.

Vegna þess hve margvíslegra starfa samþykkt þessi tekur til svo og vegna ýmissa erfðavenja og aðstæðna, sem sérstakar eru fyrir hvert land, lætur hún landslögum og reglugerðum eftir að ákveða, á hvern hátt framkvæmdum á grundvallarreglum hennar skuli hagað í hinum ýmsu löndum. Æskilegt er þó að tryggja eins mikið samræmi í framkvæmdum á samþykktinni og hægt er.

Æskilegt er, að teknar séu til athugunar þær aðferðir, sem gefið hafa góðan árangur og mega því verða til leiðbeiningar fyrir aðila stofnunarinnar.

Að þessu athuguðu mælir þingið með því, að allir meðlimir beiti þeim ákvæðum, sem hér fara á eftir, svo fljótt sem aðstæður leyfa, og gefi Alþjóðavinnumálaskrifstofunni að beiðni stjórnarnefndar skýrslu um þær ráðstafanir, sem gerðar hafa verið í þessu efni.

I. Gildissvið ákvæðanna.

1. Ákvæðum samþykktar um næturvinnu unglinga (við önnur störf en iðnað) 1946 ætti að beita um öll störf, sem unnnin eru við þau fyrirtæki og starfsemi hins opinbera eða einstaklinga, sem hér segir, eða í sambandi við þau:

a. verzlunarfyrirtæki, þar með talin fyrirtæki, sem annast útsendingu vara;
b. póst- og fjarskiptaþjónusta, þar með talin útsending bréfa og skeyta;
c. stofnanir og skrifstofur, þar sem starfsfólkið vinnur aðallega venjulega skrifstofuvinnu;
d. blaðafyrirtæki, útgáfa, dreifing, útburður og blaðasala á götum úti eða annars staðar á almannafæri;
e. gistihús, dvalarheimili, matsöluhús, klúbbar, kaffihús og aðrir hressingarstaðir;
f. stofnanir til hjúkrunar og aðhlynningar sjúku, lasburða eða hjálparvana fólki og munaðarleysingjum;
g. leikhús og opinberir skemmtistaðir;
h. umferðasala, framboð á alls konar munum og önnur störf eða starfsemi, sem fram fer á götum úti eða annars staðar á almannafæri;
i. hver önnur vinna, staða eða störf, sem hvorki teljast til iðnaðar, landbúnaðar né sjómennsku.

2. Án tillits til þeirrar heimildar, sem samþykkt frá 1946 um næturvinnu unglinga (við önnur störf en iðnað) veitir aðildarríkjum til að undanskilja framkvæmd hennar launaða vinnu við heimilisstörf á einkaheimilum og störf, sem ekki teljast skaðleg eða hættuleg fyrir börn og unglinga, ef um er að ræða fjölskyldufyrirtæki, þar sem einungis foreldrar og börn þeirra eða skjólstæðingar vinna, skal athygli aðildarríkjanna vakin á því, hve æskilegt væri að:

a. gera með lögum eða reglugerðum framkvæmdavalds viðeigandi ráðstafanir til takmörkunar á næturvinnu barna og unglinga yngri en 18 ára við heimilisstörf;
b. láta reglugerðir um takmörkun næturvinnu við önnur störf en iðnað ná til allra fyrirtækja, sem rekin eru í hagnaðarskyni, án tillits til fjölskyldutengsla, sem vera kunna milli þeirra, sem við þau starfa.

II. Atvinna við opinberar skemmtanir.

3. Þar sem héraðsyfirvöldum er heimilað, samkvæmt ákvæðum 5. greinar samþykktar frá 1946 um næturvinnu unglinga (við önnur störf en iðnað), að veita börnum og unglingum einstök leyfi til að koma fram að kvöldi til sem skemmtikraftar á opinberum skemmtistöðum eða starfa að kvöldi til sem leikarar við kvikmyndatöku, ætti æðra yfirvald að hafa eftirlit með útgáfu slíkra leyfa, og til þess yfirvalds ættu hlutaðeigendur að geta áfrýjað synjun leyfis eða skilmálum, sem í því felast.

4. Leyfin ætti að gefa út til skamms tíma og vera háð öllum þeim skilyrðum, sem nauðsynleg eru í hverju tilfelli til verndar barninu eða unglingnum.

5. Börnum yngri en 14 ára ætti ekki að veita leyfi nema í sérstökum tilvikum, þegar það er nauðsynlegt vegna starfsþjálfunar eða hæfileika þeirra, og ættu leyfin að vera bundin þessum skilyrðum:

a. þau ættu yfirleitt ekki að ná til annarra barna en þeirra, sem stunda skólanám í leiklist eða tónlist;
b. kvöldvinnu ætti að takmarka, að svo miklu leyti sem hægt er, við 3 kvöld í viku eða 3 kvöld að meðaltali á viku á lengri tíma;
c. ljúka ætti vinnu kl. 10 að kvöldi eða veita samfellda hvíld í 16 klst.

III. Eftirlitshættir.

6. Enda þótt tillit sé tekið til grundvallarreglu 12. gr. álitsgerðarinnar um vinnueftirlit frá 1923, en samkvæmt henni skal eftirlitið framkvæmt af körlum og konum, er hafi sömu réttindi og skyldur og sama vald, þykir rétt að taka tillit til reynslu einstakra landa, þar sem reynzt hefur mjög árangursríkt að fela konum eftirlit með framkvæmd laga og reglugerða um vernd fyrir unglinga.

7. Auk hins reglulega eftirlits til tryggingar því, að lög og reglugerðir um vernd fyrir unga starfsmenn séu framkvæmd, ætti að gefa sérstakan gaum að meintum brotum á lögunum, sem kærð eru af almenningi, en þó sérstaklega að taka tafarlaust fyrir kærur foreldra barna eða unglinga í því skyni að koma á raunhæfum framkvæmdum á ákvæðum samþykktarinnar frá 1946 um næturvinnu unglinga (við önnur störf en iðnað) að því er snerti störf, sem unnin eru í mörgum, smáum, dreifðum fyrirtækjum.

8. Þegar ákveða skal form þeirra skilríkja, sem atvinnurekandi skal að lögum skyldur til að hafa handbær til að leggja fyrir eftirlitsmenn, svo að þeir geti sannreynt, hvernig reglugerðinni um takmörkun næturvinnu sé framfylgt, er ráðlegt að taka tillit til þeirra kosta, sem vinnuleyfi og vinnubækur hafa, þar eð slík skilríki þurfa að vera gefin út af því opinbera eða stimpluð af því í hvert skipti, sem skipt er um vinnu, og því, auðvelt að sjá á þeim, hver hinn ungi starfsmaður er, sanna aldur hans og ákveða vinnuskilyrði hans og vinnutíma.

9.

1) Til að auðvelda hinu opinbera eftirliti að þekkja hina ungu lausastarfsmenn, sem verndaðir eru af lögum og reglugerðum um næturvinnu, ættu:

a. ungir lausastarfsmenn, sem vinna fyrir kaupi, að bera á sér skilríki og merki, sem gera mögulegt að þekkja þá utan vinnustaðar, auk þeirra skilríkja, sem atvinnurekendur geyma;
b. ungir lausastarfsmenn, sem starfa fyrir eigin reikning eða foreldra sinna, að hafa á sér skilríki, er sanni, að þeir hafi starfsleyfi, svo og merki, sem á má sjá, hverjir þeir séu.

2) Ungum lausastarfsmönnum innan 18 ára aldurs ætti að láta í té vinnuleyfi eða sérstakt leyfi, sem hefur að geyma:
a. nafn, aldur og heimilisfang barnsins eða unglingsins;
b. ljósmynd eða undirskrift barnsins eða unglingsins eða annað, er sýni hver hann er, svo og númer leyfis eða leyfisbréfs;
c. nafn og heimilisfang atvinnurekanda og vinnutíma, ef barnið eða unglingurinn vinnur fyrir kaupi; og
d. nafn og heimilisfang foreldra og leyfi þeirra, ef barnið eða unglingurinn vinnur fyrir eigin reikning eða reikning foreldra sinna.

3) Æskilegt er, að vinnuleyfin eða einstök leyfi séu gefin út af skrifstofu undir yfirstjórn verkamálaráðuneytis.

4) Unga lausastarfsmenn ætti að skylda til að bera merki með leyfisnúmeri á áberandi hátt.

5) Koma ætti á fullkominni samvinnu milli hins opinbera eftirlits og staðaryfirvalda, einkum þeirrar deildar lögreglunnar, sem starfar að því að fyrirbyggja afbrot, ef slík starfsemi er fyrir hendi, fræðslumálastjórnar og barnaverndaryfirvalds, til að tryggja eftirlit með vinnutíma ungra lausastarfsmanna og framkvæmd laga og reglugerða um næturvinnu.

6) Atvinnurekandi ætti að vera að lögum ábyrgur fyrir brotum á lögunum eða reglugerðunum, einkum hvers konar ósamræmi milli þeirra vinnuafkasta, sem hann krefst og þess tíma, sem hann ætlar til starfsins innan hins lögleyfða vinnutíma. Atvinnurekanda ætti að gefa tækifæri til að sanna sakleysi sitt, ef hann hefur gert þær ráðstafanir, sem hægt er að krefjast til að koma í veg fyrir brotið.

7) Foreldra ætti að láta bera ábyrgð á brotum á lögunum eða reglugerðunum, þegar starfið fer fram fyrir þeirra reikning eða með þeirra leyfi, enda hafi þeim verið gert aðvart um það fyrir fram.

VI. Samþykkt (nr. 80) um breytingar á framtíðarskipan á þeim framkvæmdastörfum, sem í samþykktum gerðum á 28 fyrstu allsherjarþingum Alþjóðavinnumálastofnunarinnar eru falin aðalritara þjóðabandalagsins, svo og um frekari breytingar, er leiðir af upplausn Þjóðabandalagsins og breytingum á stjórnarskrá Alþjóðavinnumálastofnunarinnar.

1. gr.

1. Í þeim samþykktum Alþjóðavinnumálaþingsins, sem gerðar hafa verið á 25 fyrstu fundum þess, skulu orðin „aðalforstjóri Alþjóðavinnumálaskrifstofunnar“ koma í stað orðanna „aðalritari Þjóðabandalagsins“, orðið „aðalforstjóri“ koma í stað orðsins „aðalritari“ og „Alþjóðavinnumálaskrifstofan“ í stað orðsins „skrifstofan“ á öllum stöðum, þar sem þessi orð koma fyrir.

2. Skrásetning aðalforstjóra Alþjóðavinnumálaskrifstofunnar á fullgildingum samþykkta og breytinga á þeim, uppsögnum og yfirlýsingum samkvæmt ákvæðum samþykkta, sem gerðar hafa verið á 25 fyrstu þingunum, skulu í einu og öllu hafa sömu þýðingu og skrásetning aðalritara Þjóðabandalagsins á slíkum fullgildingum, uppsögnum og yfirlýsingum samkvæmt ákvæðum frumtexta greindra samþykkta.

3. Aðalforstjóri Alþjóðavinnumálastofnunarinnar skal senda aðalritara Sameinuðu þjóðanna til skrásetningar í samræmi við 102. grein sáttmála Sameinuðu

þjóðanna nákvæmar upplýsingar um allar fullgildingar, uppsagnir og yfirlýsingar, sem hann hefur skráð í samræmi við ákvæði samþykkta þeirra, sem gerðar voru á 25 fyrstu þingunum, eins og þeim er breytt með fyrirfarandi ákvæðum þessarar greinar.

2. gr.

1. Fella skal niður orðið „Þjóðabandalagsins“ í fyrstu málsgrein formála að öllum samþykktum gerðum á 18 fyrstu þingunum.

2. Orðin „í samræmi við ákvæði stjórnarskrár Alþjóðavinnumálastofnunarinnar“ skulu koma í stað orðanna „í samræmi við ákvæði XIII. kafla Versalasamningsins og samsvarandi kafla í öðrum friðarsamningum“, eða afbrigða af þessu orðalagi, er fyrir kemur í formála samþykkta þeirra, sem gerðar voru á fyrstu 17 þingunum.

3. Orðin „með þeim skilyrðum, sem sett eru í stjórnarskrá Alþjóðavinnumálastofnunarinnar“ skulu koma í stað orðanna „með þeim skilyrðum, sem sett eru í XIII. kafla Versalasamningsins og samsvarandi köflum annarra friðarsamninga“, eða annarra tilbrigða af þeim í öllum greinum þeirra samþykkta, er gerðar hafa verið á 25 fyrstu þingunum og hið síðargreinda orðasamband eða einhver tilbrigði af því koma fyrir í.

4. Orðin „22. grein stjórnarskrár Alþjóðavinnumálastofnunarinnar“ skulu koma í stað orðanna „408. grein Versalasamningsins og samsvarandi greina annarra friðarsamninga“, eða annarra tilbrigða af þeim í öllum greinum þeirra samþykkta, sem gerðar voru á 25 fyrstu þingunum og hin síðar greindu orð eða tilbrigði af þeim koma fyrir í.

5. Orðin „35. grein Stjórnarskrár Alþjóðavinnumálastofnunarinnar“ skulu koma í stað orðanna „421. grein Versalasamningsins og samsvarandi greinum í öðrum friðarsamningum“ í öllum greinum samþykkta þeirra, sem gerðar voru á 25 fyrstu þingunum og hið síðar greinda orðasamband eða tilbrigði af því kemur fyrir í.

6. Orðið „frumvarp“ í sambandinu „samþykktarfrumvarp“ skal fellt úr formálsorðum allra þeirra samþykkta, sem gerðar voru á 25 fyrstu þingunum og í þeim greinum þessara samþykkta, er það kemur fyrir í.

7. Í stað orðsins „forstjóri“ komi „aðalforstjóri“ í öllum greinum samþykkta þeirra, sem gerðar voru á 28. þinginu, þar sem átt er við aðalforstjóra Alþjóðavinnumálaskrifstofunnar.

8. Inn í formálsorð fyrir samþykktum þeim, sem gerðar voru á 17 fyrstu þingunum, skal fella orðin „sem nefna ber“ ásamt hinni stuttu fyrirsögn, sem Alþjóðavinnumálaskrifstofan notar venjulega á viðkomandi samþykktum.

9. Í öllum samþykktum gerðum á 14 fyrstu þingunum skulu allar ótölusettar málsgreinar tölusettar í þeim greinum, sem eru meira en ein málsgrein.

3. gr.

Sérhver meðlimur stofnunarinnar, sem sendir aðalforstjóra Alþjóðavinnumálaskrifstofunnar formlega fullgildingu sína á einhverri samþykkt, sem gerð hefur verið á einhverju af hinum 28 fyrstu þingum, eftir gildistöku samþykktar þessarar, skal talinn hafa fullgilt þá samþykkt eins og hún hefur breytzt með þessari samþykkt.

4. gr.

Tvö eintök af samþykkt þessari skulu staðfest með undirskrift forseta þingsins og aðalforstjóra Alþjóðavinnumálaskrifstofunnar. Annað eintakið skal geymt í skjalasafni Alþjóðavinnumálaskrifstofunnar, en hitt skal senda aðalritara Sameinuðu þjóðanna til skrásetningar í samræmi við 102. gr. sáttmála Sameinuðu þjóðanna. Aðalforstjórinn skal senda öllum meðlimum Alþjóðavinnumálastofnunarinnar staðfest eintök af samþykkt þessari.

5. gr.

1. Formlegar fullgildingar á samþykkt þessari skal senda aðalforstjóra Alþjóðavinnumálaskrifstofunnar.

2. Samþykktin skal ganga í gildi, þegar aðalforstjóranum hafa borizt fullgildingar tveggja meðlima.

3. Við gildistöku samþykktar þessarar og móttöku síðari fullgildinga á henni skal aðalforstjóri Alþjóðavinnumálaskrifstofunnar senda öllum meðlimum Alþjóðavinnumálastofnunarinnar og aðalritara Sameinuðu þjóðanna tilkynningu um þær.

4. Hver sá meðlimur stofnunarinnar, sem fullgildir samþykkt þessa, viðurkennir þar með gildi þeirra athafna, sem gerðar hafa verið í samræmi við hana á tímanum frá upphaflegri gildistöku hennar til fullgildingar hans á henni.

6. gr.

Þegar samþykkt þessi öðlast upphaflega gildi, skal aðalforstjóri Alþjóðavinnumálaskrifstofunnar láta gera tvö frumrit af opinberum texta samþykkta þeirra, sem gerðar voru á 28 fyrstu þingunum, með þeim breytingum, sem gerðar eru á þeim með ákvæðum þessarar samþykktar, og staðfesta þau með undirskrift sinni. Annað frumritið skal geymt í skjalasafni Alþjóðavinnumálaskrifstofunnar, en hitt skal senda aðalritara Sameinuðu þjóðanna til skrásetningar samkvæmt 102. grein sáttmála hinna Sameinuðu þjóða. Aðalforstjórinn skal senda öllum meðlimum stofnunarinnar staðfest eftirrit af textum þessum.

7. gr.

Hvað sem líður efni samþykkta þeirra, sem gerðar hafa verið á 28 fyrstu þingunum, skal fullgilding meðlims á þessari samþykkt ekki hafa ipso jure í för með sér uppsögn á slíkri samþykkt né heldur skal gildistaka þessarar samþykktar útiloka síðari fullgildingar á slíkri samþykkt.

8. gr.

1. Ef þingið gerir nýja samþykkt um breytingu á þessari samþykkt allri eða hluta hennar, skal, nema öðruvísi sé ákveðið í hinni nýju samþykkt:

a. fullgilding meðlims á hinni nýju samþykkt hafa ipso jure í för með sér uppsögn á þessari samþykkt, ef hin nýja samþykkt öðlast gildi, og þá frá þeim tíma, er hún gekk í gildi;

b. meðlimum ekki heimilt að fullgilda þessa samþykkt, eftir að hin nýja samþykkt gengur í gildi.

2. Þessi samþykkt skal, hvað sem öðru líður, gilda framvegis í núverandi mynd að formi og efni fyrir þá meðlimi, sem hafa fullgilt hana, en ekki hina breyttu útgáfu hennar.

9. gr.

Enski og franski texti þessarar samþykktar skulu jafngildir.

Ed. 617. Breytingartillögur [141. mál]

við frv. til l. um iðnfræðslu.

Frá Páli Zóphóníassyni.

Við 22. gr.

a. Aftan við 1. mgr. bætist: Á meðan nemandi er frá vinnu vegna vinnustöðvunar, ber honum eigi kaup.

b. 2. málsgrein orðist svo:
Nú stendur vinnudeila svo lengi, að telja má, að nemandi missi verulega í verklegu námi hennar vegna að dómi iðnfræðsluráðs, og getur þá hvor aðili

fyrir sig slitið námssamningnum án frekari fyrirvara, og er nemanda þá heimilt óátalið að ráða sig hjá öðrum. Geri hann það eigi, og ætli iðnfræðsluráð, að hann missi verulega úr námi vegna vinnustöðvunarinnar, er því heimilt að framlengja námstímann eins og það telur þurfa, svo fullt nám náist.

c. Þriðja málsgrein falli niður.

Ed. 618. Frumvarp til laga [164. mál]

um ný orkuver og nýjar orkuveitur rafmagnsveitna ríkisins.

(Eftir 2. umr. í Ed.)

1. gr.

Ríkisstjórninni er heimilt að fela rafmagnsveitum ríkisins:

1. að virkja Laxá fremri í Austur-Húnavatnssýslu til raforkuvinnslu í 1900 hestafla orkuveri og leggja þaðan aðalorkuveitu til Blönduóss og Skagastrandar;
2. að virkja Þverá úr Þiðriksvallavatni í Strandasýslu í allt að 1400 hestafla orkuveri og leggja aðalorkuveitu þaðan til Hólmavíkur;
3. að virkja vatnsfallið Þrándargil í Laxárdal í allt að 700 hestafla orkuveri og leggja þaðan aðalorkuveitu til Búðardals.

2. gr.

Ríkisstjórninni heimilast að taka lán fyrir hönd ríkissjóðs eða ábyrgjast lán, sem rafmagnsveitur ríkisins taka, að upphæð allt að 11 milljónum króna, til greiðslu stofnkostnaðar þeirra mannvirkja, sem um getur í 1. gr. Af þeirri upphæð má taka sem lán úr raforkusjóði samkv. 1. lið 35. gr. raforkulaganna allt að 3½ milljón króna, þó eigi meira en sem nemur ⅓ hluta af stofnkostnaði mannvirkjanna.

3. gr.

Um stofnun og rekstur orkuvera þeirra og orkuveitna, sem um ræðir í 1. og 2. gr., fer að öðru leyti eftir ákvæðum raforkulaga, nr. 12 2. apríl 1946.

4. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Ed. 619. Nefndarálit [184. mál]

um frv. til l. um hlutatryggingasjóð bátaútvegsins.

Frá 2. minni hl. sjávarútvegsnefndar.

Nefndin hefur þríklofnað um afgreiðslu frumvarps þessa. Meiri hlutinn vill, að frv. verði samþ. óbreytt í meginatriðum. Formaður nefndarinnar (GJ) vill hins vegar gera gagngerar breytingar á frumvarpinu, bæði að því er varðar uppbyggingu þess og efni ýmissa undirstöðuatriða.

Ég er samþykkur ýmsum þeim breytingum, sem GJ flytur við frumvarpið, einkum þeim er varða uppbyggingu þess. Hins vegar greindi okkur svo mjög á um undirstöðuatriði frumv., þ. e. um aðferðir til tekjuöflunar í sjóðinn og um upphæðir og fyrirkomulag bótagreiðslna úr honum, að við gátum ekki skilað sameiginlegu nefndaráliti.

Sérstaða mín byggist einkum á eftirfarandi:

1. Ég vil ekki, að sett verði upp umfangsmikið og dýrt skrifstofubákn og stjórnarkerfi fyrir sjóðinn. Þess vegna legg ég til, að stjórnin verði þannig skipuð, að réttmætt sé að hafa hana ólaunaða, eins og ég legg til að verði. Enn fremur að ekki verði sérstakir, launaðir endurskoðendur, heldur skuli endurskoðendur ríkisins endurskoða reikninga sjóðsins án aukaþóknunar. Og loks að Fiskifélag Íslands skuli annast afgreiðslu sjóðsins án sérstakrar greiðslu fyrir það starf, enda fær Fiskifélagið starfsfé sitt frá ríkissjóði, eins og kunnugt er.
2. Ég vil setja ákvæði um, að árlegar tekjur sjóðsins verði ekki minni en fjórar milljónir króna. Hins vegar tel ég algerlega rangt, að sjómenn séu látnir greiða iðgjöld til þessarar tryggingar — eins og verða mundi, ef tekið verður hundraðsgjald af óskiptum afla — því það er útgerðin sjálf, sem með þessum lögum á að tryggja, en ekki hlutur skipverja umfram það, sem þeir sjálfir hafa tryggt með samningum stéttarfélaga sinna.

   Ég legg því til, að bátaútvegurinn sé látinn greiða nokkurt iðgjald, með ¼ % útflutningsgjaldi af útfluttum sjávarafurðum bátaflotans. Í öðru lagi séu þeir bankar, sem útvegurinn skiptir við, Landsbankinn og Útvegsbankinn, látnir leggja tíunda hluta af nettó viðskiptahagnaði sínum í sjóð þennan. Og loks, ef þessar tekjur ná ekki fjórum milljónum á ári, þá skuli ríkissjóður leggja fram það, sem til vantar.
3. Ég tel, að bætur þær, sem ætlað er að greiða skv. frumvarpinu, séu of lágar.

   Eftir bótastiga frumv. eiga skip, sem veiða 45 % af meðalafla eða minna, að fá bætt 40 % af því, sem vantar á meðalafla. Hjá skipi, sem veiddi 45 % af meðalafla, mundi samkv. þessu eigin veiði og bætur úr sjóðnum, ef til kæmi, nema samtals aðeins 67 % af meðalafla, og síðan auðvitað því minna sem eiginafli skipsins væri minni en 45 %.

   Þar sem gera verður ráð fyrir — ef fylgt verður þeirri uppbyggingu frumv., sem form. nefndarinnar leggur til og ég mun greiða atkvæði með — að tilhneiging verði til þess að ákveða „meðalveiðimagn“ í lægra lagi — til þess að hlífa sjóðnum við bótum, nema mikill aflabrestur sé — lít ég svo á, að 67 % og síðan minna af þannig ákveðnu meðalveiðimagni sé ekki nægilegt til að halda rekstrinum almennt gangandi, sem þó hlýtur að vera tilgangur tryggingarinnar.

   Einnig með hliðsjón af þessari tilhneigingu til að ákveða meðalaflamagnið í lægra lagi virðist mér ástæða til að bæta skipum hærra upp en 74,5 % af meðalaflamagni, eins og frumvarpið gerir ráð fyrir, — ef aflabrestur annars er svo almennur, að til bóta komi úr sjóðnum.

   Ég legg því til, að teygt sé úr bótastiganum, í báða enda, þannig að skip, sem aflar 45 % af meðalafla, fái 50 % bætur af því, sem vantar á meðalafla, og síðan 1 % lægri bætur fyrir hverja aukna aflaprósentu. Séu bætur greiddar eftir þessari reglu til skipa, sem hafa veitt allt að 85 % af meðalafla, og nema lægstu bætur þá 10 % af því, sem vantar á meðalafla.

   Samkv. þessari tillögu mundi eigin afli og bætur hjá skipi, sem veiddi 45 % af meðalafla, nema samtals 72,5 % meðaflans — í stað 67 % samkv. frumv. — og bætt yrði til skipa með hærri afla, þannig að mest gæti eigin afli og bætur saman numið 86,5 % af meðalafla.

   Þá legg ég einnig til, varðandi bæturnar, að ef skip veiða minna en 20 % af meðalafla, skuli sjóðstjórnin rannsaka sérstaklega, hvort slíkt algert aflaleysi stafi ekki af vítaverðri vanrækslu eða óstjórn á útgerðinni, og ef svo reynist, skal sjóðstjórninni heimilt að draga úr bótum eða jafnvel fella þær alveg niður, ef um mikil víti er að ræða. Vil ég með þessu ákvæði koma í veg fyrir, að sjóðurinn verði misnotaður til að halda uppi óreiðuútgerðum, ef til vill árum saman.

   Samkvæmt framansögðu legg ég til, að frumv. verði samþ. með eftirfarandi

BREYTINGUM:

1. Við 6. gr. Greinin orðist svo:

Stjórn sjóðsins skipa 3 menn. Skulu þeir skipaðir af ráðherra, til 4 ára í senn, á þann hátt, sem hér segir: Einn samkvæmt tilnefningu Alþýðusambands Íslands, annar samkv. tilnefningu Landssambands íslenzkra útvegsmanna og hinn þriðji samkv. tilnefningu Fiskifélags Íslands. Ráðherra skipar einn þessara manna formann stjórnarinnar. Tilnefni einhver þessara aðila ekki mann í sjóðstjórnina, skipar ráðherra mann í það sæti án tilnefningar. Endurskoðendur ríkisins skulu endurskoða reikninga sjóðsins án aukaþóknunar.

Stjórn sjóðsins er ólaunuð.

Fiskifélag Íslands annast afgreiðslu sjóðsins, undir eftirliti sjóðstjórnar og yfirstjórn ráðherra, án sérstakrar greiðslu fyrir það starf.

Reikningsár sjóðsins er almanaksárið.

Reikningar sjóðsins skulu birtir í B-deild Stjórnartíðindanna.

2. Við 8. gr. Greinin orðist svo:

Árlegar tekjur sjóðsins eru:

1. ¼ % útflutningsgjald af öllum útfluttum sjávarafurðum, öðrum en þeim, sem koma frá botnvörpuskipum, hvalveiðum og selveiðum. Skal gjald þetta reiknað á sama hátt og annað útflutningsgjald af sömu vöru og greiðast af útflytjendum.
2. 10 % af árlegum nettó hagnaði Landsbanka Íslands og Útvegsbanka Íslands, í fyrsta sinn af hagnaði ársins 1948.
3. Ef tekjur sjóðsins samkv. 1. og 2. tölulið nema minna en 4 milljónum króna, skal ríkissjóður leggja sjóðnum til það fé, sem vantar á 4 milljónir.
4. Tekjur af eignum sjóðsins.

Tekjur sjóðsins samkv. 1. tölulið skiptast á deildirnar þannig, að gjald af útfluttum síldarafurðum fellur til síldveiðideildar, en hinn hluti gjaldsins til þorskveiðideildar. Tekjur samkvæmt 2. og 3. tölulið skiptast jafnt á milli deildanna.

Ríkissjóður sér um innheimtu á tekjum sjóðsins.

Fé sjóðsins skal ávaxtað til helminga í Landsbanka Íslands og Útvegsbanka Íslands.

3. Við 9. gr. Greinin orðist svo:

Nú hefur almennur aflabrestur orðið á einhverju veiðisvæði, svo að til sjóðsins kasta kemur um bætur. Skal þá hvert það skip, sem aflar 45% eða minna af meðalafla skipa þess flokks á viðkomandi veiðisvæði, fá bætt 50% af því, sem vantar á meðalafla, og síðan, með vaxandi afla, lækkandi hundraðshluta bóta samkv. eftirfarandi reglu:

Skip, sem aflar	45 %	af meðalafla fær	50 %	bætur af því, sem vantar á meðaltal.
——„——	46 —	——„——	49 —	——„——
——„——	47 —	——„——	48 —	——„——
——„——	48 —	——„——	47 —	——„——
——„——	49 —	——„——	46 —	——„——
——„——	50 —	——„——	45 —	——„——
——„——	51 —	——„——	44 —	——„——
——„——	52 —	——„——	43 —	——„——
——„——	53 —	——„——	42 —	——„——
——„——	54 —	——„——	41 —	——„——
——„——	55 —	——„——	40 —	——„——
——„——	56 —	——„——	39 —	——„——
——„——	57 —	——„——	38 —	——„——
——„——	58 —	——„——	37 —	——„——
——„——	59 —	——„——	36 —	——„——

Skip, sem aflar	60 %	af meðalafla fær	35 %	bætur af því, sem vantar á meðaltal.
——„——	61 —	——„——	34 —	——„——
——„——	62 —	——„——	33 —	——„——
——„——	63 —	——„——	32 —	——„——
——„——	64 —	——„——	31 —	——„——
——„——	65 —	——„——	30 —	——„——
——„——	66 —	——„——	29 —	——„——
——„——	67 —	——„——	28 —	——„——
——„——	68 —	——„——	27 —	——„——
——„——	69 —	——„——	26 —	——„——
——„——	70 —	——„——	25 —	——„——
——„——	71 —	——„——	24 —	——„——
——„——	72 —	——„——	23 —	——„——
——„——	73 —	——„——	22 —	——„——
——„——	74 —	——„——	21 —	——„——
——„——	75 —	——„——	20 —	——„——
——„——	76 —	——„——	19 —	——„——
——„——	77 —	——„——	18 —	——„——
——„——	78 —	——„——	17 —	——„——
——„——	79 —	——„——	16 —	——„——
——„——	80 —	——„——	15 —	——„——
——„——	81 —	——„——	14 —	——„——
——„——	82 —	——„——	13 —	——„——
——„——	83 —	——„——	12 —	——„——
——„——	84 —	——„——	11 —	——„——
——„——	85 —	——„——	10 —	——„——

Skip, sem afla meira en 85% af meðalafla í viðkomandi flokki, fá engar bætur.

Ef skip veiða minna en 20% af meðalafla viðkomandi flokks, skal sjóðstjórin rannsaka sérstaklega, hvernig á slíku aflaleysi stendur. Ef þá kemur í ljós, að vítaverð vanræksla eða óstjórn á útgerðinni á verulegan þátt í aflaleysinu, er sjóðstjórninni heimilt að draga úr þeim bótum, sem viðkomandi skipum bæri samkv. hinni almennu reglu þessarar greinar, eða fella bæturnar alveg niður, ef um mikil víti er að ræða.

Ef fé sjóðsins hrekkur ekki til úthlutunar samkv. ofanskráðu, skal úthlutun lækkuð hlutfallslega. Á sama hátt má stjórn sjóðsins, að fengnu samþykki ráðherra, hækka úthlutun, ef mikil þörf er fyrir bætur og fjárhagur sjóðsins leyfir.

Alþingi, 2. maí 1949.

Steingrímur Aðalsteinsson.

Ed. 620. Breytingartillaga [164. mál]

við frv. til l. um ný orkuver og nýjar orkuveitur rafmagnsveitna ríkisins.

Frá Birni Ólafssyni.

Við 2. gr. Á eftir greininni kemur ný gr., er verður 3. gr. (og breytist greinatala frv. skv. því):

Framkvæmdir skv. 1. gr. mega ekki hefjast nema fyrir liggi nákvæmar kostnaðaráætlanir um virkjanirnar og tryggt hafi verið nægilegt fé til framkvæmdanna.

Ed. 621. Frumvarp til laga [204. mál]

um breyting á lögum nr. 58 8. sept. 1931, um einkasölu ríkisins á tóbaki.

Frá fjárhagsnefnd.

1. gr.

8. gr. laganna orðist svo:

Tóbakseinkasalan skal leggja frá 10 til 350 af hundraði á tóbak, eftir því sem henta þykir fyrir hverja tegund.

Álagningu þessa skal miða við verð vörunnar, kominnar í hús hér á landi, að meðtöldum tolli.

Tóbak til sauðfjárbaðana og inngjafar sauðfjár við ormaveiki skal selja án hagnaðar.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Lög nr. 69 7. sept. 1943 og nr. 17 12. marz 1947 eru úr gildi numin.

Greinargerð.

Frv. þetta er flutt að beiðni fjármálaráðherra. Nefndarmenn hafa óbundið atkvæði við afgreiðslu málsins. Frumvarpinu fylgdi svo hljóðandi greinargerð:

Verðlag hefur farið stöðugt hækkandi almennt í landinu undanfarið, og er eðlilegt, að verðlag á tóbaksvörum, sem ríkissjóður nýtur hagnaðar af, fylgist með. Til þess þarf að rýmka lagaákvæðin um álagningu tóbakseinkasölunnar, og er það gert með frumvarpi þessu.

Ed. 622. Nefndarálit [122. mál]

um frv. til l. um heimild fyrir ríkisstjórnina til að selja Hafnarhreppi þjóðjörðina Hafnarnes.

Frá landbúnaðarnefnd.

Nefndinni er ljóst, að heppilegra er, að hreppsfélagið eigi landið, sem kauptúnið er reist á, og vill því mæla með því, að frumvarpið sé samþykkt. Hins vegar getur alltaf komið fyrir, að ríkið þurfi að fá land síðar til opinberra þarfa, og er ætlazt til þess í frumvarpinu, að það sé látið aftur af hendi af hreppnum með núverandi kaupverði. Nú er verðmæti hins selda lands mjög misjafnt eftir því, hvar það er í Hafnarneslandi. Til þess að ekki verði ágreiningur um það, hvað það land hafi verið selt fyrir nú, er ríkið síðar kynni að þurfa að fá, þá telur nefndin, að nú beri að meta sér verðmæti hverrar lóðar, sem mæld hefur verið úr landinu, og svo óbyggða svæðið í tvennu lagi, annars vegar það, sem liggur að kauptúninu og verðmeira er, en hins vegar það, sem lengra er frá og lægra er í verði. Verði þetta gert nú og verð jarðarinnar Hafnarness fundið á þennan hátt, þá má frekar finna, hvað það land, sem ríkið síðar kynni að fá, hafi nú verið selt fyrir, en ella gæti það orðið deiluatriði. Í trausti þess, að söluverðið nú verði fundið sem að ofan segir, mælir nefndin með því, að frumvarpið verði samþykkt.

Alþingi, 3. maí 1949.

Þorst. Þorsteinsson, form.	Páll Zóphóníasson, fundaskr., frsm.	Ásmundur Sigurðsson.
	Eiríkur Einarsson.	

Nd. 623. Frumvarp til laga

um eyðing á rottu.

Frá heilbrigðis- og félagsmálanefnd.

1. gr.

Bæjar- og sveitarstjórnir, sem gera ráðstafanir, einar sér eða með samvinnu sín á milli, til allsherjareyðingar rottu á tilteknu svæði eða svæðum, sem saman heyra með tilliti til rottugangs, mega vænta sér styrks úr ríkissjóði til þeirra ráðstafana eftir nánari ákvæðum laga þessara.

2. gr.

Umsókn um styrk til rottueyðingar samkvæmt 1. gr. skal fylgja ýtarleg skýrsla um rottugang og hvað eina, er rottugang varðar á fyrirhuguðu eyðingarsvæði, er nákvæmlega sé tiltekið, svo og hverjar almennar ráðstafanir hafi verið gerðar til að hefta tímgun rottu á svæðinu, enn fremur greinargerð um annan undirbúning og fyrirhugaða tilhögun eyðingarinnar ásamt sundurliðaðri kostnaðaráætlun.

Þá er ráðherra hefur fallizt á nauðsyn slíkrar rottueyðingar og metið hana hæfilega undirbúna svo og staðfest fyrirhugaða tilhögun eyðingarinnar, úrskurðar hann styrkhæðina, sem nema má allt að 2/5 áætlaðs kostnaðar.

3. gr.

Bæjar- eða sveitarstjórnir, sem hlotið hafa styrk til rottueyðingar samkvæmt 1. og 2. gr., geta ekki vænzt slíks styrks á ný fyrr en í fyrsta lagi að fullum þrem árum liðnum og þá því aðeins, að þær hafi gert sér allt far um að halda við árangri eyðingarinnar með reglubundnum eyðingaraðgerðum eftir reglum, er þær setja sér, en ráðherra staðfestir.

4. gr.

Til eyðingar rottu má aðeins nota þær eiturtegundir, sem hættulausar eru mönnum og óskaðlegar skepnum, sem þyngri eru en eitt kílógramm. Þó getur ráðherra leyft notkun sterkari eiturtegunda þar, sem rottugangur er mjög mikill eða erfiður viðfangs, svo sem í skipum, sorphaugum og á afgirtum geymslusvæðum. Slíkar undanþágur heimilar ráðherra samkvæmt sérstökum umsóknum, að svo miklu leyti sem ekki verður kveðið á um þær í reglugerðum samkvæmt 3. gr.

5. gr.

Nú skerst bæjar- eða sveitarfélag úr leik um eðlilega samvinnu um rottueyðing samkvæmt 1. gr., og getur þá ráðherra úrskurðað það til þátttökunnar. Ef hlutaðeigandi bæjar- eða sveitarfélag vanrækir framkvæmd rottueyðingar samkvæmt samningi eða úrskurði ráðherra, er ráðherra heimilt að skipa menn til að annast framkvæmdirnar og þá að öllu leyti á kostnað bæjar- eða sveitarfélagsins.

Verði ágreiningur um skipting kostnaðar af rottueyðingu samkvæmt ákvæðum laga þessara á milli hlutaðeigandi bæjar- eða sveitarfélags, úrskurðar ráðherra, hvernig honum skuli skipta, og þá ekki eingöngu með tilliti til fólksfjölda hinna einstöku bæjar- eða sveitarfélaga, heldur einnig með tilliti til þess, hver skilyrði eru til tímgunar rottu á hverjum stað og hvert tjón má ætla, að íbúunum sé búið af rottugangi.

6. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi, og falla jafnframt úr gildi lög nr. 27 12. febrúar 1945, um eyðing á rottum.

Greinargerð.

Heilbrigðis- og félagsmálanefnd barst bréf frá hæstv. heilbrigðismálaráðh., móttekið 26. apríl 1949, ásamt meðfylgjandi frumvarpi um eyðing rottu, og mæltist ráðh. til, að nefndin flytti frv. Nefndin var sammála um að flytja frv. Einn nefndarmanna (HB) var fjarstaddur. Frv. þetta er samið af landlækni, og er það flutt hér óbreytt, en því fylgdi svolátandi greinargerð:

Lögum nr. 27 12. febrúar 1945, um eyðing á rottum, hefur ekki reynzt unnt að halda uppi, enda eru þau að ýmsu leyti gölluð. Er sá galli laganna tilfinnanlegastur, að þau veita alls ekkert aðhald um nægilegan undirbúning og fullkomna skipun kostnaðarsamra rottueyðingaraðgerða til tryggingar hinum fyllsta árangri þeirra. Þannig er ekkert ýtt undir það, sem hvarvetna er höfuðatriði baráttunnar gegn rottugangi, að hindrað sé, svo sem unnt er, að rottan komist í sorp og annað æti og eigi sér þar blómlegar tímgunarstöðvar, né heldur gætir skilnings á því, hverju varðar að gera híbýli manna og önnur húsakynni sem allra bezt rottuheld. Þá er og ekki séð fyrir því, að samliggjandi byggðarlög samræmi rottueyðingaraðgerðir sínar, en víða hagar svo til, að án slíkrar samvinnu hljóta rottueyðingaraðgerðir hvers einstaks byggðarlags að verða kák eitt. Ef lög þessi, sem ná til alls landsins, yrðu almennt framkvæmd, mundi kostnaðurinn verða gífurlegur, bæði fyrir bæjar- og sveitarfélögin og ríkissjóð, en tryggingin fyrir árangri aðgerðanna alls fjarri því að vera samsvarandi.

Í frumvarpi þessu er minna um beinar fyrirskipanir til bæjar- og sveitarfélaga varðandi rottueyðing en í gildandi lögum, en hins vegar er stefnt að því með fyrirheiti um ríflegan ríkissjóðsstyrk til meiri háttar rottueyðingaraðgerða, að fullnægðum nánar tilgreindum skilyrðum, sem öll miða að því að tryggja sem beztan árangur aðgerðanna, að hvetja bæjar- og sveitarfélögin í landinu til viðnáms og virkrar baráttu gegn rottuplágunni.

Ed. 624. Breytingartillaga [141. mál]

við frv. til l. um iðnfræðslu.

Frá Birni Ólafssyni.

Við 22. gr. Greinin falli niður.

Ed. 625. Breytingartillaga [204. mál]

við frv. til l. um breyt. á l. nr. 58 8. sept. 1931, um einkasölu ríkisins á tóbaki.

Frá Steingrími Aðalsteinssyni.

Við 1. gr. Upphaf 1. efnismálsgreinar orðist svo:
Tóbakseinkasalan má leggja.

Nd. 626. Frumvarp til laga [204. mál]

um breyting á lögum nr. 58 8. sept. 1931, um einkasölu ríkisins á tóbaki.

(Eftir 3. umr. í Ed.)

1. gr.

8. gr. laganna orðist svo:

Tóbakseinkasalan má leggja frá 10 til 350 af hundraði á tóbak, eftir því sem henta þykir fyrir hverja tegund.

Álagningu þessa skal miða við verð vörunnar, kominnar í hús hér á landi, að meðtöldum tolli.

Tóbak til sauðfjárbaðana og inngjafar sauðfjár við ormaveiki skal selja án hagnaðar.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Lög nr. 69 7. sept. 1943 og nr. 17 12. marz 1947 eru úr gildi numin.

Ed. 627. Breytingartillaga [110. mál]

við frv. til l. um ræktunarlönd og byggingarlóðir í kaupstöðum, kauptúnum og þorpum.

Frá Lárusi Jóhannessyni.

Við 29. gr. Í stað orðanna í 1. málslið: „sem er umfram þrefalt fasteignamat landsins eða lóðarinnar, og allt að ferföldu fasteignamati“ komi: sem er umfram fimmfalt fasteignamat landsins eða lóðarinnar, og allt að sjöföldu fasteignamati.

Ed. 628. Lög [60. mál]

um breyting á lögum nr. 42 1948, um útflutning og innflutning á íslenzkum og erlendum gjaldeyri.

(Afgreidd frá Ed. 3. maí.)

Samhljóða þskj. 606.

Ed. 629. Breytingartillögur [23. mál]

við frv. til l. um meðferð ölvaðra manna og drykkjusjúkra.

Frá meiri hl. heilbrigðis- og félagsmálanefndar.

1. Við 4. gr. Greinin orðist svo:
   Sveitarfélög, sem koma upp sjúkrahúsum eða sjúkrahúsdeildum til fullnægingar ákvæðum 1.—3. gr., njóta til þess ríkisstyrks samkv. ákvæðum l. nr. 30 19. júní 1933, um sjúkrahús o. fl.
2. Við 8. gr. Greinin orðist svo:
   Yfirumsjón með gæzlu drykkjusjúkra manna, þeim til umönnunar og lækningar samkv. ákvæðum þessara laga, hefur sérfræðingur í taugasjúkdómum, er

heilbrigðismálaráðherra skipar, og skal hann taka laun samkv. V. launaflokki launalaga. — Sérfræðingur þessi er hér eftir í lögum þessum nefndur yfirlæknir.

Svo fljótt sem verða má skal ríkið reisa og reka gæzluvistarhæli fyrir drykkjusjúka menn, er fyrst og fremst sé miðað við þarfir þeirra sjúklinga, sem ætla má, að eigi sér sæmilegar batahorfur.

Á sama hátt skal ríkið reisa og reka dvalarhæli fyrir drykkjusjúka menn, er fyrst og fremst sé miðað við þarfir þeirra sjúklinga, sem ætla má, að þarfnist vistar og umönnunar í slíku hæli í langan tíma.

Eftir athugun yfirlæknis skal áfengissjúklingum, að svo miklu leyti sem við verður komið, ráðstafað í gæzluvist á þeim hælum, sem fyrir hendi eru, og skipt á hælin eftir því, hvers eðlis drykkjusýki þeirra er og hversu þeir eiga saman. Á sama hátt ráðstafar yfirlæknir slíkum sjúklingum þeim til viðréttingar í gæzluvist á völdum einkaheimilum, eftir því sem á hverjum tíma telst henta. Yfirlæknir, eða aðrir læknar í umboði hans, skulu hafa á hendi lækniseftirlit með sjúklingum, sem ráðstafað hefur verið í gæzluvist samkv. ákvæðum þessarar greinar. Sérstakt eftirlit skal haft með aðbúnaði, atlæti, líðan og framferði sjúklinga, sem ráðstafað hefur verið í gæzluvist á einkaheimilum, og ræður yfirlæknir til þess ármenn eða árkonur eftir þörfum.

3. Við 10. gr. Orðin „geðveikrahælis á Kleppi“ í annarri málsgrein falli niður.
4. Við 11. gr. Orðin „geðveikrahælisins á Kleppi“ falli niður.
5. Við 12. gr. Aftan við greinina bætist: allt að tvö þúsund krónum.
6. Við 15. gr. Greinin orðist svo:
   Kostnaður við stofnun og rekstur hæla þeirra, sem um getur í 8. gr., skal greiddur af ágóða Áfengisverzlunar ríkisins, að svo miklu leyti sem hann greiðist ekki af aðilum sjálfum, sbr. 13. gr.
7. Orðin „III. kafli“ og „Sjóðstofnun“ falli niður. IV. kafli verði III. kafli.

Ed. 630. Nefndarálit [100. mál]

um frv. til l. um innflutning og úthlutun jeppabifreiða til landbúnaðarþarfa o. fl.

Frá landbúnaðarnefnd.

Landbúnaðarnefnd hefur athugað frv. þetta á þremur fundum sínum. Voru nefndarmenn sammála um að mæla með samþykkt frv., en flytja breytingartillögur við það á sérstöku þingskjali. Einn nefndarmanna (GÍG) var fjarstaddur á síðasta fundi nefndarinnar, og EE hefur óbundnar hendur um einstakar breytingartillögur.

Alþingi, 4. maí 1949.

Þorst. Þorsteinsson, form., frsm.	Páll Zóphóníasson, fundaskr.	Ásmundur Sigurðsson.
	Eiríkur Einarsson.	

Ed. 631. Breytingartillögur [100. mál]

um frv. til l. um innflutning og úthlutun jeppabifreiða til landbúnaðarþarfa o. fl.

Frá landbúnaðarnefnd.

1. Við 1. gr. Greinin orðist svo:
   Þar, sem talað er um jeppabifreiðar í lögum þessum, er einnig átt við aðrar þær tegundir bifreiða, er hentugar þykja og fluttar kunna að verða inn til landbúnaðarþarfa.

Meðan innflutningur og gjaldeyrisviðskipti eru háð ákvörðunum ríkisvaldsins, ákveður ríkisstjórnin eða sá aðili, er fer með þessi mál fyrir hennar hönd, tölu þeirra jeppabifreiða eða annarra slíkra bifreiða, sem heimilt er að flytja til landsins ár hvert. Með innflutningi þessum skal að því stefnt að fullnægja svo fljótt sem verða má þörfum landsbúa fyrir þessar bifreiðar og að nægur forði af varahlutum til þeirra sé ávallt fyrirliggjandi í landinu. Gjaldeyris- og innflutningsleyfi fyrir þessum bifreiðum skal bundið því skilyrði, að innflytjandi afhendi þeim, er öðlazt hafa kauprétt samkvæmt lögum þessum, bifreiðarnar fyrir hæfilegt verð að dómi verðlagsyfirvaldanna.

2. Við 3. gr. Í stað „Bifreiðar“ í upphafi greinarinnar komi: Fjóra fimmtu hluta þeirra bifreiða.
3. Við 4. gr. Í stað „að og frá heimilum sínum meiri hluta ársins“ komi: og annarra heimilisþarfa.
4. Við 7. gr. Orðin „samkv. þeim reglum, er um ræðir í 6. gr.“ í lok fyrsta málsl. falli burt.
5. Við 8. gr. Síðasta málsgr. greinarinnar orðist svo: Engar bifreiðar, sem um ræðir í lögum þessum, má selja nema með leyfi nefndarinnar og ekki yfir kostnaðarverði að meðtöldum söluskatti, þó að frádreginni hæfilegri fyrningu og skemmdum á bifreiðinni, ef einhverjar eru.
6. Á eftir 13. gr. komi svo hljóðandi

Bráðabirgðaákvæði.

Þeir aðilar, sem áður hafa fengið gjaldeyris- og innflutningsleyfi fyrir jeppabifreiðum, greitt hluta andvirðis fyrir árslok 1947, en ekki fengið bifreiðarnar, skulu ganga fyrir um úthlutun að öðru jöfnu.

Ed. 632. Nefndarálit [23. mál]

um frv. til l. um meðferð ölvaðra manna og drykkjusjúkra.

Frá meiri hl. heilbrigðis- og félagsmálanefndar.

Nefndin hefur rætt þetta mál á mörgum fundum. Einnig ræddi hún málið við heilbrigðismálaráðherra, landlækni og yfirlækninn á Kleppi. En niðurstaðan varð sú, að nefndin klofnaði um afgreiðslu málsins. Meiri hl., Páll Zóphóníasson, Hannibal Valdimarsson, Lárus Jóhannesson og Brynjólfur Bjarnason, leggja til, að frumvarpið verði samþykkt með nokkrum breytingum, er þeir bera fram á þingskjali 629. Brynjólfur Bjarnason tekur þó fram, að hann áskilji sér rétt til að fylgja einnig öðrum breytingartillögum, er fram kunna að koma.

Minni hl., Gísli Jónsson, skilar sérstöku nefndaráliti og ber fram víðtækar breytingartillögur við frumvarpið.

Alþingi, 4. maí 1949.

Páll Zóphóníasson, form.
Hannibal Valdimarsson, fundaskr., frsm.
Lárus Jóhannesson.
Brynjólfur Bjarnason.

Sþ. **633. Þingsályktun** [120. mál]

um undirbúning að stofnun hressingarhælis í Reykjanesi við Ísafjarðardjúp.

(Afgreidd frá Sþ. 4. maí.)

Samhljóða þskj. 337.

Nd. **634. Lög** [204. mál]

um breyting á lögum nr. 58 8. sept. 1931, um einkasölu ríkisins á tóbaki.

(Afgreidd frá Nd. 4. maí.)

Samhljóða þskj. 626.

Nd. **635. Frumvarp til laga** [206. mál]

um húsnæði o. fl.

Flm.: Áki Jakobsson.

I. KAFLI

Flokkun og skrásetning íbúða.

1. gr.

Allt íbúðarhúsnæði í bæjum og hreppsfélögum, er hafa yfir þúsund íbúa, skal skrásetja og flokka. Gildi það jafnt um eignaríbúðir sem leiguíbúðir.

Skrásetningin skal sýna greinilega, hvað er einkaíbúð, hvað er leiguíbúð, stærð hverrar íbúðar, íbúafjölda og annað, er máli skiptir.

2. gr.

Flokka skal allt leiguhúsnæði í bæjum og hreppsfélögum, er hafa yfir þúsund íbúa, í þrjá flokka.

Í fyrsta flokki ber að telja leiguhúsnæði, sem fullnægir lögum og reglugerðum og er að dómi húsaleigunefndar í góðu ásigkomulagi og hefur hæfilegt geymslurúm, þvotta- og þurrkherbergi.

Í öðrum flokki skal telja það leiguhúsnæði, sem fullnægir lögum og reglugerðum, en er að dómi húsaleigunefndar ábótavant að einhverju leyti.

Í þriðja flokki skal telja allt það leiguhúsnæði, sem á engan hátt fullnægir kröfum fyrsta og annars flokks eða öðrum lögum og reglugerðum.

3. gr.

Um flokkun og skrásetningu íbúðarhúsnæðis skal að öðru leyti farið eftir reglugerð, er félagsmálaráðherra setur, og ber að gefa þá reglugerð út eigi síðar en þremur mánuðum eftir gildistöku þessara laga.

Enn fremur skipi sami ráðherra þrjá menn í nefnd til þess að framkvæma flokkun, skrásetningu og mat húsnæðis eftir lögum þessum. Nefndin getur falið tveim mönnum í hverjum kaupstað eða hreppi að framkvæma þessi störf þar og á hennar ábyrgð. Kostnaður af störfum þessum greiðist úr ríkissjóði.

4. gr.

Komi upp ágreiningur á milli leigusala og leigutaka um flokkun íbúða, skal húsaleigunefnd fella úrskurð um þann ágreining. Úrskurði húsaleigunefndar geta deiluaðilar skotið til dómstólanna.

II. KAFLI

Takmörkun húsnæðis.

5. gr.

Á meðan leigðar eru íbúðir, er falla undir þriðja flokk leiguíbúða samkvæmt lögum þessum, skal lagður sérstakur stóríbúðaskattur á þær einstaklingsíbúðir, sem eru yfir 25 fermetra gólfflötur, og á fjölskylduíbúðir, sem eru yfir 50 fermetra gólfflötur að viðbættum 16 fermetrum á hvern meðlim fjölskyldu, sem er umfram tvo og kominn er yfir 7 ára aldur.

Undanþegið frá þessum skatti skal vera: eldhús, búr, gangur, anddyri, salerni, geymsluhús, miðstöðvarherbergi, þvottaherbergi og helmingur þess gólfflatar, sem er undir súð.

6. gr.

Á hvern fermetra, sem er umfram ákvæði 5. gr., skal greiða 300 kr. á ári í skatt. Skattanefndir (skattstjórar) annast álagningu skattsins, og gilda sömu reglur um álagningu og kæru á honum og um tekjuskatt og eignarskatt, eftir því sem við verður komið. Álagningu skatts þessa skal lokið fyrir 1. febrúar ár hvert. Gjalddagar skattsins eru fjórir ár hvert, 1. febrúar, 1. apríl, 1. júlí og 1. október, og greiðist ¼ hluti á hverjum gjalddaga. Tollstjórinn í Reykjavík, sýslumenn og bæjarfógetar annast innheimtu skattsins. Skatt þennan má taka lögtaki.

7. gr.

Nú hefur fjölskylda búið í sömu íbúð frá því að íbúðin var byggð, eða a. m. k. 8 ár samfleytt, en fjölskyldumeðlimum á þeim tíma fækkað vegna dauðsfalla eða brottflutnings uppkominna barna, og skal þá því aðeins fylgja ákvæðum 5. gr. um álagningu stóríbúðaskatts, að íbúðin hefði fallið undir það ákvæði, meðan fjölskyldan bjó þar öll.

8. gr.

Skattur sá, sem í lögum þessum er kallaður stóríbúðaskattur, skal renna til viðkomandi bæjar- eða hreppssjóðs, og skal fé það, er þannig kemur, notað til þess að greiða hluta bæjar- eða hreppsfélaga til byggingar íbúða yfir fólk, er býr í heilsuspillandi íbúðum samkv. III. kafla laga nr. 44 frá 7. maí 1946, og er óheimilt að nota féð í öðru skyni.

III. KAFLI

Leiga húsnæðis.

9. gr.

Leiga húsnæðis tekur yfir íbúðarhúsnæði og önnur þau afnot fasteignarinnar, er leigutaki þarf á að halda.

10. gr.

Óheimilt skal leigutaka að leigja öðrum af leiguíbúð sinni, nema með samþykki húseiganda eða að fengnu samþykki húsaleigunefndar.

11. gr.

Leiga í hverjum flokki leiguíbúða skal miðast við brunabótaverð eignarinnar eins og það er á hverjum tíma, og skal ársleiga í hverjum flokki vera sem hér segir:

a. Fyrsti flokkur 6%.
b. Annar flokkur 5%.
c. Þriðji flokkur 3%.

IV. KAFLI
Húsaleigunefnd og verksvið hennar.

12. gr.

Í hverjum bæ eða hreppsfélagi, sem þessi lög ná til, skal vera húsaleigunefnd, og skal hún skipuð til 4 ára í senn.

Í Reykjavík skal nefnd þessi vera skipuð sem hér segir:

Tveir fulltrúar kosnir af bæjarstjórn Reykjavíkur, einn fulltrúi frá Leigjendafélagi Reykjavíkur, einn fulltrúi frá Fasteignaeigendafélagi Reykjavíkur og einn fulltrúi skipaður af hæstarétti, og sé hann jafnframt formaður nefndarinnar. Varamenn skulu vera jafnmargir og skipaðir á sama hátt.

Í öðrum kaupstöðum skal bæjarstjórn kjósa tvo menn í húsaleigunefnd, en oddamaður sé skipaður af hæstarétti.

Við afgreiðslu mála ræður afl atkvæða, en séu atkvæði jöfn, ræður atkvæði formanns úrslitum. Hverjum manni, sem er fullfrískur og fjárráður, er skylt að taka við störfum í húsaleigunefnd, þó ekki lengur en eitt kjörtímabil.

13. gr.

Verksvið húsaleigunefndar skal vera að staðfesta leigusamninga, enda séu þeir leigusamningar ógildir, sem ekki eru staðfestir af húsaleigunefnd.

Enn fremur skal nefndin úrskurða ágreining, er rísa kann á milli leigusala og leigutaka um leigu eða afnot húsnæðis.

14. gr.

Óheimilt er að leigja eða taka á leigu húsnæði, nema um það sé gerður leigusamningur, sem staðfestur er af húsaleigunefnd.

15. gr.

Skylt er hverjum húseiganda að tilkynna til húsaleigunefndar íbúðafjölda í húsi sínu og notkun þeirra. Berist húsaleigunefnd eigi slík skýrsla frá húseiganda, skal nefndinni skylt að rannsaka þetta atriði. Svo skal nefndin og athuga, hvort réttar séu skýrslur þær, er henni berast frá húseigendum, ef ástæða þykir til.

16. gr.

Íbúðarhúsnæði má ekki taka til annarra afnota en íbúðar, og íbúðarhús má ekki heldur rífa án samþykkis húsaleigunefndar.

17. gr.

Nú finnur húsaleigunefnd húsnæði, er hún telur vannotað, og skal henni þá heimilað að taka það leigunámi.

Slíkt húsnæði skal nefndin leigja til þeirra leigutaka, er hún telur hafa þess brýnasta þörf.

18. gr.

Nú vill utanbæjarmaður taka bólfestu í kaupstað eða kauptúni, sem lög þessi ná til. Skal hann þá tilkynna það húsaleigunefnd með þriggja mánaða fyrirvara og skýra henni frá húsnæði því, er hann ætlar sér að setjast í. Getur nefndin lagt bann við innflutningi umsækjanda, ef sannanlegt er, að bæjarbúar, einn eða fleiri, verða húsnæðislausir af völdum búferlanna.

19. gr.

Undir ákvæði þessara laga um húsnæði koma allir þeir, sem flutt hafa til viðkomandi bæja eða kauptúna fyrir árslok 1948.

V. KAFLI
Almenn ákvæði.

20. gr.

Leigutaka og leigusala eða öðru sambýlisfólki í húsi er skylt að virða að fullu friðhelgi heimilisins.

Á tímabilinu frá kl. 12 á miðnætti til kl. 6 f. h. er óheimilt að valda nokkrum hávaða í húsinu, nema öðruvísi sé um samið á milli leigutaka og leigusala í einstökum tilfellum.

Komi fram ágreiningur á milli leigusala og leigutaka, eða leigutaka innbyrðis, ef fleiri eru en einn í húsi, um ákvæði fyrstu málsgreinar, skal húsaleigunefnd úrskurða ágreininginn.

21. gr.

Skylt er leigutaka að ganga vel um hið leigða húsnæði og umhverfi þess, og er leigutaka skylt að bæta þær skemmdir, er verða kunna af hans völdum umfram eðlilegt slit.

Komi leigutaki og leigusali sér ekki saman um mat skemmdanna, skal leita úrskurðar húsaleigunefndar.

22. gr.

Leigusala er óheimilt að segja upp húsnæði, nema honum, að dómi húsaleigunefndar, sé þess brýn þörf til íbúðar fyrir sjálfan sig. Uppsögn skal vera skrifleg og í tveimur samhljóða eintökum. Er leigusala skylt að senda annað eintakið til húsaleigunefndar. Slíkum uppsagnarrétti og hér um ræðir verður aðeins beitt einu sinni af sama manni.

Eigi er heimilt að segja upp húsnæði með minna en sex mánaða fyrirvara.

23. gr.

Nú vanrækir leigutaki að standa við leigusamning, sem hann hefur gert við leigusala og staðfestur er af húsaleigunefnd, og vanrækslan stafar af hirðuleysi að dómi húsaleigunefndar, þá heimilast leigusala að segja upp leigusamningi eftir að leitað hefur verið samkomulags fyrir milligöngu húsaleigunefndar.

24. gr.

Óheimilt skal leigusala að taka hvers konar greiðslur umfram lögmæta húsaleigu eða nokkra aðra ólöglega aukaþóknun fyrir húsnæði eða útvegun þess. Leigusali eða aðrir, sem gerast brotlegir við ákvæði þessarar mgr., sæti sektum allt að 100 þús. krónum, sem renna í ríkissjóð, nema þyngri refsing liggi við samkvæmt öðrum lögum. Oftekið fé samkv. þessari málsgrein ber að endurgreiða með 5% ársvöxtum.

Önnur brot gegn lögum þessum sæta sektum allt að 50 þús. krónum, er renni í ríkissjóð, nema þyngri refsing liggi við samkvæmt öðrum lögum.

Með mál út af brotum gegn lögum þessum skal farið sem opinber mál.

25. gr.

Kauplagsnefnd skal láta reikna út meðalhúsaleigu í Reykjavík hálfsárslega, og skal hún lögð til grundvallar sem húsaleiguútgjöld við útreikning á verðlagsvísitölu kauplagsnefndar.

26. gr.

Nú berst húsaleigunefnd kæra frá leigusölum eða leigutökum út af brotum á lögum þessum, og er húsaleigunefnd þá skylt að rannsaka kæruatriðið og leggja á það úrskurð áður en mánuður er liðinn frá því að kæra barst. Úrskurði húsaleigunefndar má vísa til dómstólanna, er úrskurði um ágreiningsefnið, og er dómara skylt að framkvæma rannsókn í málinu, eftir því sem hann telur nauðsyn á vera.

Skal dómari kveða upp úrskurð innan tveggja mánaða frá því málið er þingfest. Um áfrýjun slíkra úrskurða gilda reglur um kæru til hæstaréttar. Nú vanrækir húsaleigunefnd að úrskurða ágreiningsmál, sem fyrir hana hafa verið lögð, og er þá aðila heimilt að kæra það fyrir dómara (í Reykjavík sakadómara), sem getur ákveðið dagsektir fyrir húsaleigunefndarmenn eða þá þeirra, sem valdir eru að vanrækslunni, þar til þeir hafa úrskurðað ágreiningsefnið.

27. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi, og falla þá jafnframt úr gildi lög nr. 39 frá 7. apríl 1943, um húsaleigu, og síðari breytingar við þau lög, að svo miklu leyti sem þau ná til íbúðarhúsnæðis.

Greinargerð.

Leigjendafélag Reykjavíkur sendi frv. þetta til allsherjarnefndar Nd. með beiðni um það, að nefndin flytti það í þinginu. Hins vegar hefur ekki orðið samkomulag um það í nefndinni, að það verði flutt. Ég er þeirrar skoðunar, að rétt sé og sanngjarnt, að sjónarmið leigjenda og tillögur samtaka þeirra, Leigjendafélags Reykjavíkur, sem fram koma í frv., fái að koma fyrir þingið, svo að þingmenn geti tekið afstöðu til málsins. Ég hef breytt orðalagi 27. gr., til þess að ákvæði núgildandi húsaleigulaga um leiguhúsnæði, annað en íbúðarhúsnæði, verði ekki haggað að svo komnu. Ég áskil mér rétt til þess að bera fram breytingartillögur eða fylgja breytingartillögum, sem fram kunna að koma.

Frumvarpinu fylgdi svo hljóðandi greinargerð frá stjórn Leigjendafélags Reykjavíkur:

„Frumvarp það, sem hér liggur fyrir um húsnæði o. fl., er samið að tilhlutan stjórnar Leigjendafélags Reykjavíkur, af þeim Sveini Guðmundssyni og Kristjáni Hjaltasyni.

Er með frumvarpi þessu gerð fyrsta tilraun hér á landi til þess að túlka sjónarmið leigjenda á þessum málum og framkvæmd þeirra.

Rétt þykir að geta þess, að í nágrannalöndum okkar, t. d. Danmörku og Svíþjóð, eru til sterk samtök meðal leigjenda, er hafa veruleg áhrif á húsnæðislöggjöf viðkomandi landa og hafa lagt út í stórfelldar byggingarframkvæmdir leiguíbúða fyrir meðlimi sína.

En þó að réttilega beri að telja, að framtíðarlausn þessara mála hér á landi séu auknar byggingarframkvæmdir á íbúðarhúsum, þá dregur það á engan hátt úr þeirri aðkallandi nauðsyn að hagnýta til þess ýtrasta það húsnæði, sem fyrir er. Verður það að teljast beinn gjaldeyrissparnaður.

Í fyrsta kafla frumvarpsins er gert ráð fyrir að skrásetja og flokka allar íbúðir, og gildir það jafnt um einka- og leiguíbúðir. Með því verður að telja, að fengið sé glöggt yfirlit yfir hið raunverulega húsnæði í viðkomandi bæjum og kaupstöðum.

Ljóst er, að skrásetning, flokkun og mat íbúða er mikið og vandasamt verk, og því að sjálfsögðu gert ráð fyrir, að félagsmálaráðherra gefi út reglugerð þar að lútandi og skipi þrjá menn til þess að hafa á hendi framkvæmd verksins.

Það, sem leggja verður sem grundvöll fyrir flokkun leiguhúsnæðis, er, að það fullnægi sem bezt þörfum leigutaka, jafnframt verður að leggja áherzlu á að fá yfirlit yfir þriðja flokks íbúðir, því að sjálfsögðu ber að útrýma þeim eins fljótt og hægt er.

Í öðrum kafla er gert ráð fyrir, að á meðan leigðar eru þriðja flokks íbúðir, verði ekki hægt að komast hjá því að takmarka að nokkru notkunarrétt eigenda að húsum sínum. Og er það þá gert eins gætilega og kostur er á, þar sem tveggja manna fjölskyldu er ætluð 50 fermetra gólfflötur, þegar frá eru teknir gangar, eldhús o. fl. Og enn fremur er með ákvæðum 7. gr. sýndur fullur skilningur á aðstöðu þeirra, er búið hafa í húsum sínum um lengri tíma.

Þriðji kafli frumvarpsins hefur að geyma annað höfuðatriði þess, fast ákvæði um mat húsaleigunnar, og verði hún ákveðinn hundraðshluti brunabótamatsins. Í

núgildandi húsaleigulögum eru engin ákvæði um mat leigunnar eða grundvöll fyrir henni. En matsmenn húsaleigunefndar hafa fylgt reglum, er settar voru 1943. Nú hefur reynslan sýnt, að mat eftir þessum reglum, að því leyti, er við kemur nýjum húsum, er langt yfir eðlilega gjaldgetu láglaunastéttanna í landinu. Við svo búið má ekki standa. Hlýtur það að valda vaxandi misskiptingu á kjörum þegnanna á þessu sviði, og er þó ærið nóg af slíku.

Í nágrannalöndum okkar, t. d. Danmörku og Svíþjóð, þykir óhæft, að húsaleiga fari fram úr 20—25% af árstekjum manna. En hér fer hún iðulega í allt að 50%, þó að fylgt sé lögskipuðu mati.

Við lítum svo á, að flestir leigjendur geti ekki greitt meira en fjórða hluta tekna sinna fyrir húsnæði með hita. Og þar sem tekjur alþýðumanna yfirleitt, hvort heldur er um daglaun eða mánaðarkaup að ræða, fer naumast yfir 20—24 þús. kr. á ári, teljum við, að húsaleiga ásamt hita megi ekki fara fram úr 5—6 þús. kr. á ári, eða 400—500 kr. á mánuði.

Ef miðað er við meðalfjölskyldu 4 manna, er hefur um 24 þús. krónur í árstekjur, er þó má telja sjaldgæft hjá leigjendum, þá verður það 2 þús. krónur á mánuði.

Jöfnum þessum tekjum svo niður á helztu gjaldaliði heimilisins, og verður þá útkoman sem hér segir:

a. Fyrir húsnæði með hita kr. 500.00.
b. Fyrir fæði kr. 1200.00.
c. Fyrir fatnaði, opinberum gjöldum o. fl. kr. 300.00.

Eins og sjá má af þessari sundurliðun, sem þó er hvergi nærri tæmandi, er ljóst, að leigutaki hefur enga möguleika til þess að greiða hækkandi leigu vegna sívaxandi byggingarkostnaðar, þar sem launakjör hans eru bundin með lögum. Sé húseigendum hins vegar ekki fært að leigja hús sín með þeim kjörum, sem farið er fram á í frumvarpi þessu, er sýnilegt, að nauðsyn ber til þess að leita möguleika á því að lækka byggingarkostnaðinn, t. d. með því að öll innkaup byggingarefnis væru á einni hendi, lækkaður tollur á byggingarefnum og byggingarframkvæmdir miðaðar við íbúðarþörf almennings og fullkomna hagnýtingu þess, sem byggt er.

Enn fremur væri húseigendum gert mögulegt að fá lengri og hagstæðari lán til byggingarframkvæmda íbúðarhúsa en almennt er nú.

Teljist þessar leiðir ekki færar, er vitanlega ekki um annað að gera en að hækka laun launtaka almennt í samræmi við þennan stóra lið, húsaleiguna, því að ljóst er, að almenningur fær ekki lengur risið undir henni.

Í fjórða kafla er gert ráð fyrir, að húsaleigunefnd verði skipuð þeim aðilum, er mest afskipti hafa af húsnæðismálum á hverjum tíma, og að sjálfsögðu oddamanni skipuðum af hæstarétti, er teljast verður hlutlaus. Með þessu fyrirkomulagi á skipun húsaleigunefndar ætti að vera möguleiki á því, að sjónarmið þeirra, er mestra hagsmuna hafa að gæta í sambandi við húsnæðismálin yfirleitt, kæmu bezt fram. Enn fremur ákvæði um, hvernig húsaleigunefnd skuli haga störfum. Þá er og gert ráð fyrir, að húseigendur láti húsaleigunefnd í té ýtarlegar upplýsingar um íbúðafjölda í húsum sínum og notkun þeirra. Verður það að teljast nauðsynleg ráðstöfun vegna þess erfiða ástands, sem enn þá ríkir í húsnæðismálum. Enn fremur er gert ráð fyrir, að húsaleigunefnd samþykki alla leigusamninga og fylgist með framkvæmd þeirra.

Í lok þessa kafla er svo gerð grein fyrir, hverjir komi til með að falla undir ákvæði þessara laga, og hefur það þótt rétt að halda sig við manntal viðkomandi bæja og kaupstaða í lok ársins 1948. En að öðru leyti heyri undir úrskurð húsaleigunefndar á hverjum tíma, hverjir teljist hafa rétt til leiguhúsnæðis viðkomandi bæja eða kaupstaða eftir gildistöku þessara laga.

Í fimmta kafla koma fram nokkur nýmæli um sambúð fólks í húsum og umgengni leigjenda um hið leigða húsnæði, uppsögn leigusamninga o. s. frv. Enn fremur

er lögð áherzla á að útrýma verði með öllu hvers konar tilraunum til þess að hagnast á leigu húsnæðis umfram það, sem ákveðið er í leigusamningi.

Þar sem húsaleigan tekur verulegan hluta af tekjum manna, eins og sýnt hefur verið fram á hér að framan, verður það að teljast nauðsynlegt, að húsaleiguútgjöldin komi fram við útreikning verðlagsvísitölunnar.

Þá er í þessum sama kafla sérstök áherzla lögð á það, að húsaleigunefnd afgreiði tafarlaust þær umkvartanir, er henni kunna að berast út af leigu húsnæðis. Og þykir nauðsynlegt að skapa húsaleigunefnd nokkurt aðhald í störfum, enda ætti það að tryggja framkvæmd laganna í heild.“

Ed. 636. Breytingartillaga [184. mál]

við frv. til l. um hlutatryggingasjóð bátaútvegsins.

Frá Sigurjóni Á. Ólafssyni.

Við 8. gr.

a. 1. töluliður orðist svo: 1% — einn af hundraði — af heildarvertíðarafla bátaflotans, sem útgerðin greiðir án þess að rýra hlut eða hundraðshluta af afla fiskimanna.
b. Aftan við greinina bætist: Nú hrekkur ekki úthlutað fé til greiðslu á hlut eða hundraðshluta af afla eða kauptryggingu, og útgerðarmann brestur getu til að greiða fiskimönnum að fullu hlut þeirra eða kaup, og eiga þeir þá sjóveðsrétt samkvæmt ákvæðum siglingalaga fyrir þeim fjárhæðum, sem vangreiddar eru.

Nd. 637. Breytingartillaga [16. mál]

við frv. til l. um áburðarverksmiðju.

Frá Finni Jónssyni.

Við 13. gr.

a. Fyrir „óafturkræft fé“ í fyrsta málsl. 1. mgr. komi: hlutafé.
b. Aftan við 2. málsgr. bætist: og hafi áður verið greiddur allur rekstrarkostnaður ársins svo og sjóðagjöld samkv. 10. gr.
c. Síðari málsl. 4. málsgr. orðist svo:
Að öðru leyti skulu á hluthafafundi, þrátt fyrir ákvæði hlutafélagslaganna, engar takmarkanir vera á atkvæðarétti að því er hlutafé ríkisins snertir.

Nd. 638. Nefndarálit [161. mál]

um frv. til l. um Laxárvirkjunina.

Frá fjárhagsnefnd.

Nefndin leggur til, að frv. verði samþykkt.

Alþingi, 5. maí 1949.

Ásg. Ásgeirsson, form., frsm. Jóhann Hafstein, fundaskr. Axel Guðmundsson.
Skúli Guðmundsson. Einar Olgeirsson.

Nd. 639. Breytingartillögur [16. mál]

við frv. til l. um áburðarverksmiðju.

Frá Einari Olgeirssyni.

1. Við 13. gr. Greinin falli burt.
   Til vara: Í stað orðanna „Sameinað Alþingi kýs þrjá" í þriðju málsgr. komi: Sameinað Alþingi kýs fjóra, — og í stað „Hluthafar, aðrir en ríkissjóður, kjósa tvo" í sömu málsgr. komi: Hluthafar, aðrir en ríkissjóður, kjósa einn.
2. Aftan við „ákvæði til bráðabirgða" bætist eftirfarandi málsgrein:
   Meðan ríkið stendur í ábyrgð fyrir áburðarverksmiðjuna fram yfir aðra hluthafa, ef áburðarverksmiðjan er rekin sem hlutafélag, skal þó stjórnarfyrirkomulag haft eins og segir í 4. gr.

Nd. 640. Frumvarp til laga [164. mál]

um ný orkuver og nýjar orkuveitur rafmagnsveitna ríkisins.

(Eftir 3. umr. í Ed.)

1. gr.

Ríkisstjórninni er heimilt er fela rafmagnsveitum ríkisins:

1. að virkja Laxá fremri í Austur-Húnavatnssýslu til raforkuvinnslu í 1900 hestafla orkuveri og leggja þaðan aðalorkuveitu til Blönduóss og Skagastrandar;
2. að virkja Þverá úr Þiðriksvallavatni í Strandasýslu í allt að 1400 hestafla orkuveri og leggja aðalorkuveitu þaðan til Hólmavíkur;
3. að virkja vatnsfallið Þrándargil í Laxárdal í allt að 700 hestafla orkuveri og leggja þaðan aðalorkuveitu til Búðardals.

2. gr.

Ríkisstjórninni heimilast að taka lán fyrir hönd ríkissjóðs eða ábyrgjast lán, sem rafmagnsveitur ríkisins taka, að upphæð allt að 11 milljónum króna, til greiðslu stofnkostnaðar þeirra mannvirkja, sem um getur í 1. gr. Af þeirri upphæð má taka sem lán úr raforkusjóði samkv. 1. lið 35. gr. raforkulaganna allt að 3½ milljón króna, þó eigi meira en sem nemur ⅓ hluta af stofnkostnaði mannvirkjanna.

3. gr.

Framkvæmdir samkv. 1. gr. mega ekki hefjast nema fyrir liggi nákvæmar kostnaðaráætlanir um virkjanirnar og tryggt hafi verið nægilegt fé til framkvæmdanna.

4. gr.

Um stofnun og rekstur orkuvera þeirra og orkuveitna, sem um ræðir í 1. og 2. gr., fer að öðru leyti eftir ákvæðum raforkulaga, nr. 12 2. apríl 1946.

5. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Nd. 641. Nefndarálit [138. mál]

um frv. til l. um eftirlit með rekstri ríkisins og ríkisstofnana.

Frá fjárhagsnefnd.

Nefndin leggur til, að frv. verði samþykkt með svofelldri

BREYTINGU:

Við 5. gr. Fyrsta málsgr. orðist svo:

Engin ríkisstofnun né starfsmaður ríkisins má ráða starfsfólk til starfa við skrifstofuvinnu, iðnað, iðju, afgreiðslustörf eða önnur skyld verk, nema ráðsmaður hafi áður samþykkt, að maður skuli ráðinn til starfans.

Nefndarmenn hafa óbundin atkvæði um brtt., sem fram kunna að koma.

Alþingi, 5. maí 1949.

Ásg. Ásgeirsson, form., frsm. | Jóhann Hafstein, fundaskr. | Skúli Guðmundsson, með fyrirvara.

Einar Olgeirsson, með fyrirvara. | Axel Guðmundsson, með fyrirvara.

Nd. 642. Nefndarálit [158. mál]

um frv. til l. um samþykkt á ríkisreikningnum fyrir árið 1945.

Frá fjárhagsnefnd.

Nefndin leggur til, að frv. verði samþykkt eins og það liggur fyrir.

Alþingi, 5. maí 1949.

Ásg. Ásgeirsson, form. | Jóhann Hafstein, fundaskr. | Einar Olgeirsson, frsm.

Skúli Guðmundsson, með fyrirvara. | Axel Guðmundsson.

Nd. 643. Breytingartillaga [201. mál]

við frv. til l. um viðauka við lög nr. 15 8. marz 1948, um innflutning búfjár.

Frá landbúnaðarnefnd.

Við 2. gr. Greinin orðist svo:

Leyfi til þess að flytja inn nautgripi eða sæði samkvæmt 1. gr. skal bundið þeim skilyrðum, að hlutaðeigandi aðili stofni og reki bú í eyju í nágrenni Reykjavíkur og setji á stofn sóttvarnarstöð í sambandi við búið. Þar skulu viðhafðar fullkomnar varúðar- og sóttvarnarráðstafanir í öllum greinum. Skal rekstri búsins og einangrun að öllu leyti hagað svo sem fyrir er mælt í 4.—10. gr. laganna.

Á meðan ríkið hefur ekki reist sérstaka sóttvarnarstöð, skal sóttvarnarstöð sú, er hér greinir, taka að sér hlutverk hennar samkvæmt samningi við ríkisstjórnina.

Ed. 644. Frumvarp til laga [207. mál]

um breyt. á lögum nr. 85 6. júlí 1932, um bifreiðaskatt o. fl.

Frá meiri hl. fjárhagsnefndar.

1. gr.

1. gr. laganna orðist svo:

Greiða skal sérstakt innflutningsgjald og skatt af bifreiðum sem hér segir:

a. af benzíni 31 eyri innflutningsgjald af hverjum lítra;
b. af hjólbörðum og gúmmíslöngum á bifreiðar 3 — þrjár — krónur í innflutningsgjald af hverju kg;
c. af bifreiðum, sem aðallega eru gerðar til fólksflutninga, 36 — þrjátíu og sex — krónur á ári af hverjum fullum 100 kg af þunga þeirra;
d. af bifreiðum, sem nota annað eldsneyti en benzín, 90 — níutíu — krónur í þungaskatt árlega af hverjum fullum 100 kg af þunga þeirra.
Verði ágreiningur um gerð bifreiðar, sker fjármálaráðherra úr;
e. af bifhjólum 60 — sextíu — krónur árlega af hverju hjóli.

Undanþegnar gjaldi samkvæmt c- og d-liðum eru skólabifreiðar.

2. gr.

Við 2. gr. laganna bætist ný málsgrein, svolátandi:

Eigendur jeepbifreiða eiga rétt á endurgreiðslu skatts samkv. c-lið 1. gr., ef þeir sanna með vottorðum frá hlutaðeigandi skattanefndum, að bifreiðarnar hafi verið notaðar næstliðið ár að mestu eða öllu leyti við framleiðslu og jarðyrkjustörf.

3. gr.

4. gr. laganna orðist svo:

Eindagi skatts þess, sem um ræðir í 1. gr., c—e-lið, er 1. janúar ár hvert, og skal skatturinn innheimtast þar, sem bifreið er skrásett. Skattskyldan telst frá afhendingu bifreiðamerkis, ef um nýskrásetta bifreið er að ræða, en ella frá 1. janúar næsta ár á undan, og reiknast skatturinn hlutfallslega fyrir hluta úr ári, hvort svo sem stendur á, að merki hefur verið afhent á skattárinu eða skattskyld bifreið hefur ónýtzt. Skatturinn telst aðeins fyrir heila mánuði, þannig að 15 dagar eða meira telst heill mánuður, en minna broti er sleppt. Lækka skal þó skattinn samkvæmt c—e-lið 1. gr. að réttri tiltölu, ef einkennismerki bifreiðar er afhent lögreglustjóra í skrásetningarumdæmi hennar til geymslu um tíma, þó aldrei skemur en 3 mánuði, en sleppa skal broti úr mánuði við frádrátt skattsins, þannig að meira en hálfur mánuður skal reiknast sem heill mánuður, en hálfum mánuði eða minna broti skal sleppt.

Skattinn skal sá greiða, sem er skráður eigandi á gjalddaga eða síðast var það, ef bifreið er ónýt. Hafi bifreið skipt um eiganda (nothafa), án þess að það hafi verið tilkynnt til skráningar, hvílir greiðsluskyldan jafnframt á hinum nýja eiganda (nothafa).

Við aðalskoðun bifreiðar ár hvert skal eigandi hennar eða umráðamaður færa sönnur á, að greiddur hafi verið af henni bifreiðaskattur fyrir síðastliðið skattár, svo og skoðunargjald og vátryggingariðgjald ökumanns fyrir sama tímabil. Að öðrum kosti skal skoðunarmaður neita um skoðun á henni, taka af henni einkennismerki hennar og afhenda þau lögreglustjóra, en lögreglustjóri skal ekki afhenda þau aftur, fyrr en færðar hafa verið sönnur á greiðslu fyrrgreindra gjalda.

Sé ekki komið með bifreið til skoðunar á tilsettum tíma og gjöldin af henni eru ekki greidd, skal lögreglustjóri eftir kröfu skattheimtumanns eða skoðunarmanns stöðva bifreiðina, hvar sem hún hittist, og taka merki hennar til geymslu, svo sem að framan segir.

Bifreiðaskatturinn, skoðunargjald af bifreiðum og vátryggingariðgjald ökumanns hafa lögtaksrétt, og skal bifreiðin vera að veði fyrir gjöldum þessum, og skal það veð ganga fyrir öðrum veðum.

4. gr.

8. gr. laganna, sem felld var niður með lögum nr. 27 14. apríl 1947, komi inn aftur og orðist svo:

Tekjum samkvæmt lögum þessum skal varið sem hér segir:

a. Í brúasjóð renni fjárhæð, sem svarar 5 aura innflutningsgjaldi af hverjum lítra af benzíni, er Alþingi ráðstafar, og skulu fyrstu tekjur hans ganga til byggingar Þjórsárbrúar.
b. Til viðhalds og umbóta akvegum skal verja fjárhæð, sem svarar 21 eyris innflutningsgjaldi af hverjum lítra af benzíni og tekjum samkvæmt b—e-lið 1. gr.

5. gr.

Með lögum þessum eru úr gildi numin lög nr. 27 14. apríl 1947, lög nr. 53 7. maí 1946 og lög nr. 101 29. des. 1948.

6. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi, og skal fella meginmál þeirra og 3. gr. laga nr. 34 1933 inn í lög nr. 84 1932 og gefa þau síðan út svo breytt.

Ákvæði til bráðabirgða.

Næsta bifreiðaskattsár skal vera 1. apríl til 31. desember 1949, að báðum dögum meðtöldum. Fyrir það ár skal einungis greiða ¾ af þeim bifreiðaskatti, sem lögum samkvæmt átti að greiða á skattárinu 1. apríl 1949 til 31. marz 1950.

Greinargerð.

Meiri hluti fjárhagsnefndar (4 nefndarmenn) flytja þetta frv. að beiðni fjármálaráðherra, en nefndarmenn hafa óbundnar hendur um afgreiðslu frv. Einn nefndarmanna, BrB, vill ekki taka þátt í flutningi frv.

Eftirfarandi athugasemdir fylgdu frv.:

„Þegar ákveðið var að bera fram frumvarp til laga um hækkun á innflutningsgjaldi af benzíni, þótti eðlilegast að fella inn í það frumvarp frumvarpið, sem lá fyrir þinginu um breytingu á öðrum atriðum sömu laga. Er því um athugasemdir við 3. gr. frv. vísað til athugasemdanna á þingskjali nr. 431 — 157. mál.

Vegna þess hve ríkissjóði er brýn þörf á meiri tekjum er lagt til, að innflutningsgjaldið á benzíni sé hækkað um 22 aura á lítra frá því, sem nú er, 9 aurar á lítra, enda hefur verðlag á benzíni hér á landi verið hlutfallslega lægra en víðast í nágrannalöndunum miðað við verðlag almennt.

Rétt þótti að sameina í eitt ákvæðin um benzíngjaldið, þ. e. 4 aura gjaldið samkvæmt lögum frá 1932, 5 aura gjaldið samkv. lögum nr. 90 1948 og viðbótargjaldið, sem nú er ráðgert 22 aurar á lítra. Í 8. gr. frv. er gerð grein fyrir, hvernig tekjum samkvæmt þessu frv. skuli varið, og er þá óráðstafað eins og nú 5 aura gjaldinu samkvæmt l. nr. 90 1948.

Upphaflega var til þess ætlazt í lögum frá 1932, að allar tekjur samkvæmt þeim gengju til viðhalds og umbóta á akvegum, síðan var nokkuð af þessu gjaldi lagt í sérstakan sjóð, brúasjóð, en ákvæðin þar um eru nú felld úr gildi. Er nú á ný tekin upp þessi skipting og lagt til, að 5 aurar af gjaldinu renni í brúasjóð og þá fyrst og fremst til byggingar Þjórsárbrúar, sem ráðgert er, að hafin verði á þessu ári.

Um tekjurnar af frumvarpinu, ef það verður að lögum, skal þetta tekið fram:

Innflutningsgjald af benzíni, 9 aura gjaldið, nam á s. l. ári kr. 3596336.71, en það samsvarar upp undir 40 millj. lítra á ári. Þar sem innflutningur á benzíni fer

heldur vaxandi, má væntanlega reikna með sama innflutningi árlega fyrst um sinn. Með þeirri hækkun á gjaldinu, sem ráðgerð er, mundi benzíngjaldið

nema	12.4	millj. kr.
á ári. Bifreiðaskattur, þar með talið gúmmígjald, er í fjárlfrv. áætlað	3.5	— —
	15.9	millj. kr.
Ef dregið er frá það, sem rennur í brúasjóð, ... 2 millj. kr.		
og það, sem óráðstafað er ..... 2 — —		
	4.0	— —
verða eftir	11.9	millj. kr.

sem samsvarar nokkurn veginn viðhaldskostnaði akveganna, eins og eftirfarandi yfirlit sýnir:

1944 varð vegaviðhaldið	6.4	millj.	kr.
1945 — —	10.2	—	—
1946 — —	11.6	—	—
1947 — —	13.9	—	—
1948 — —	11.7	—	—

Hversu miklu þessi hækkun á benzíngjaldinu nemi í ár, má áætla þannig: Allt árið mundi hækkun 22 aur. á lítra, miðað við 40 millj. lítra innflutning, nema 8.8 millj. kr. Ef hækkunin kæmi til framkvæmda um miðjan þennan mánuð, má reikna með, að 5/8 af framangreindri upphæð komi til skila, eða 5.5 millj. kr.

Tillit hefur verið og mun verða tekið til þeirrar verðhækkunar á benzíni, sem leiðir af þessu frumvarpi, við ákvörðun taxta fyrir bifreiðaakstur. Þá er og í athugun í sambandi við þetta mál, að leggja niður þá skömmtun á benzíni, sem verið hefur nú um hríð.

Ed. 645. Breytingartillaga [184. mál]

við frv. til l. um hlutatryggingasjóð bátaútvegsins.

Frá Birni Ólafssyni.

Við 9. gr. Síðasta málsgrein orðist svo:
Aldrei má ganga nær sjóðnum en svo, að eftir standi allt stofnfé hans.

Ed. 646. Breytingartillaga [184. mál]

við frv. til l. um hlutatryggingasjóð bátaútvegsins.

Frá Hannibal Valdimarssyni og Birni Kristjánssyni.

Við 4. gr. Á eftir orðunum „ákveðin svæði og“ komi: ákveðast takmörk þeirra með reglugerð —, en áframhald greinarinnar, þar með stafliðirnir a, b, c og d, falli niður.

Nd. 647. Breytingartillaga [138. mál]

við frv. til l. um eftirlit með rekstri ríkisins og ríkisstofnana.

Frá Jóni Pálmasyni.

Við 2. gr. Greinin orðist þannig:
Forseti Íslands skipar forstöðumann deildarinnar, er nefnist ráðsmaður ríkisins, og hefur hann sömu laun og skrifstofustjórar stjórnarráðsins. Nauðsynlegt starfslið skipar ráðherra eftir tillögum forstöðumanns.

Nd. 648. Nefndarálit [137. mál]

um frv. til erfðalaga.

Frá allsherjarnefnd.

Frv. þetta er komið frá efri deild. N. hefur athugað það og leggur til, að það verði samþykkt óbreytt. Einn nm. (ÁkJ) tók ekki þátt í atkvæðagreiðslu um málið.

Alþingi, 6. maí 1949.

Stefán Stefánsson, form. Finnur Jónsson, fundaskr., frsm. Jörundur Brynjólfsson.
Jóhann Hafstein.

Ed. 649. Breytingartillaga [98. mál]

við frv. til l. um breyt. á l. nr. 66 17. júlí 1946, um atvinnu við siglingar á íslenzkum skipum.

Frá Steingrími Aðalsteinssyni.

Við 10. gr. Við greinina bætist ný málsgrein, er orðist svo:
Þeir, sem lokið hafa prófi frá vélfræðideild vélskólans í Reykjavík, skulu njóta fullra réttinda til gæzlu mótorvéla upp að 900 ha. stærð, ef þeir uppfylla skilyrði þessarar greinar í stafliðunum a—e.

Ed. 650. Lög [122. mál]

um heimild fyrir ríkisstjórnina til að selja Hafnarhreppi þjóðjörðina Hafnarnes.

(Afgreidd frá Ed. 6. maí.)

Samhljóða þskj. 572.

Ed. 651. Nefndarálit [94. mál]

um frv. til l. um nauðungaruppboð.

Frá allsherjarnefnd.

Nefndin hefur athugað frv. þetta og er sammála um að mæla með því, að það verði samþykkt með eftirfarandi

BREYTINGU:

Við 32. gr. 3. mgr. fellur niður.

Alþingi, 6. maí 1949.

Guðm. Í. Guðmundsson, form. Lárus Jóhannesson, fundaskr., frsm. Hermann Jónasson.
Þorst. Þorsteinsson. Brynj. Bjarnason.

Nd. 652. Frumvarp til laga [120. mál]

um breyting á lögum um menntaskóla, nr. 58 frá 7. maí 1946.

(Eftir 2. umr. í Nd.)

1. gr.

Aftan við lögin komi:

IX. KAFLI

Ákvæði til bráðabirgða.

Í næstu tvö ár skal, ef húsrúm leyfir, starfa við Menntaskólann á Akureyri miðskóladeild, enda starfi þá lærdómsdeild skólans samkvæmt lögum um menntaskóla, nr. 58 frá 7. maí 1946.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Sþ. 653. Nefndarálit [73. mál]

um till. til þál. um að skora á ríkisstjórnina að leita eftir samkomulagi um að skila aftur Kaldaðarnesi.

Frá meiri hl. allsherjarnefndar.

Það hefur ekki náðst samkomulag innan nefndarinnar um afgreiðslu þessa máls. Meiri hl. nefndarinnar, sem stendur að þessu nefndaráliti, hefur kynnt sér málið allýtarlega og birtir hér á eftir athuganir sínar varðandi það.

Með lögum nr. 74 30. desember 1944 er ákveðið, að bændaskóli skuli reistur í Skálholti í Biskupstungum.

Í fjárlögum fyrir árið 1945 voru 250 þús. kr. veittar til byggingar þessa bændaskóla, og í maímánuði 1945 er skipuð þriggja manna nefnd til þess að undirbúa stofnun skólans. Fyrsta verkefni nefndarinnar var að ákveða stað fyrir skólann í

Skálholti og hvaða framkvæmdir skuli gera, miðað við framangreinda fjárveitingu. Samkvæmt tillögum bygginganefndarinnar var í septembermánuði s. á. búfræðingur Hjalti Gestsson ráðinn framkvæmdastjóri til þess að hafa með höndum umsjón með framkvæmdum, sem gerðar verða í Skálholti vegna bændaskólans. Í ágústmánuði 1946 gerir bygginganefndin ákveðnar tillögur um fyrirkomulag væntanlegra bygginga vegna hins fyrirhugaða bændaskóla, og síðan er hafizt handa um gerð uppdrátta að húsunum í samráði við nefndina. Á árunum 1945 til 1948 er veitt í fjárlögum samtals kr. 1925000.00 til framkvæmda í Skálholti. Af þessum fjárveitingum er á árunum 1945—1947 varið rúmum 200 þús. til ýmissa framkvæmda og annars undirbúnings. Vorið 1947 var uppdráttum af skólabyggingunum það langt komið, að skólanum er þá ákveðinn staður skammt fyrir vestan núverandi bæjarhús, og um mitt sumar þetta ár er uppdráttur af aðalskólahúsinu fullgerður. Þá strax var sótt um fjárfestingarleyfi. Af framanskráðu er það bert, að það var fullur ásetningur Alþingis og ríkisstjórnar að hraða byggingu bændaskólans í Skálholti eins og föng voru á.

Síðari hluta vetrar 1947 hófust samningaumleitanir við alþingismann Jörund Brynjólfsson, sem hafði lífstíðarábúð á Skálholti, um, að hann vegna þarfa hins fyrirhugaða skóla sleppti ábúðinni að öllu eða verulegu leyti. Jörundur tjáði sig fúsan að beygja sig fyrir þeim vilja, sem fram hefur komið, bæði á Alþingi og í héraði, að láta jörðina af hendi til skólans. En hann fór, eins og eðlilegt var, fram á það að fá fullar bætur fyrir eignir sínar á staðnum og ábúðarréttinn í því formi að fá annað jarðnæði í héraðinu, sem ríkið hefði yfir að ráða og hann gæti sætt sig við, svo og nokkurn stuðning vegna búferlaflutnings, auk annarra minni háttar atriða. Nú var ekki um margar jarðir að ræða austur þar, er ríkið hefur umráð yfir. Þó átti ríkið þar annað gamalt höfuðból, Kaldaðarnes í Flóa, sem hafði verið lítt setið undanfarin ár og ekki var í ábúð að öðru leyti en því, að drykkjumannahæli hafði verið léð afnot af jörðinni um fjögurra ára skeið. Tjáði nú Jörundur Brynjólfsson atvinnumálaráðuneytinu, að þar sem hann sæi sig knúðan til að flytja frá Skálholti, þá væru þær jarðir í Árnessýslu, er hann gæti sætt sig við, allar í fastri ábúð, aðrar en Kaldaðarnes.

Út af þessu leitaði atvinnumálaráðuneytið til menntamálaráðuneytisins, sem hafði umráð Kaldaðarness, um, að Jörundur Brynjólfsson fengi ábúð jarðarinnar í stað ábúðar sinnar í Skálholti. Rétt þykir að minnast á í þessu sambandi, hvers vegna sú ákvörðun var tekin að hætta rekstri drykkjumannahælisins í Kaldaðarnesi. Þó að húsakynni væru þar fyrir 16—17 vistmenn, höfðu þeir aldrei orðið svo margir, miðað við ársdvöl. Samkvæmt því hefur tala þeirra orðið sem hér segir:

Árið	1944	um 8	ársmenn.
—	1945	— 9	—
—	1946	— 6	—
—	1947	— 4	—

Seinni tíma árs höfðu vistmenn verið 1—2 og jafnvel stundum enginn. Kostnaður við heimilishaldið yfir tímann hafði numið hátt á sjötta hundrað þúsund krónur. Hæliskostnaðurinn hafði orðið fyrir hvern vistmann 13—14 þús. kr. og upp í 24 þús. kr. sum árin.

Þá má geta þess, að ríkisstjórnin hafði á árinu 1945 gert samning við sölunefnd setuliðseigna um greiðslu fyrir landspjöll og landhreinsun í Kaldaðarnesi vegna aðgerða hersins þar og fengið hvort tveggja greitt með kr. 300 þúsund. Greiðsla þessi var innt af hendi þannig, að 105 þús. krónur voru greiddar með ýmsum verðmætum á staðnum, en eftirstöðvarnar, 195 þúsund, í peningum. Jafnframt hafði ríkið skuldbundið sig til að hreinsa landið og bæta þau spjöll, sem þar væru á orðin, eftir því sem unnt væri, eins og aðrir landeigendur urðu að gera, þar sem eins stóð á, fyrir greiðslu bótafjárins. Að hreinsun þessari hafði ekki verið unnið, þegar hér var komið, en verðmætum þeim, sem látin voru upp í greiðsluna, hafði hins vegar

verið ráðstafað. Nú var það fyrirsjáanlegt, að hreinsun landsins og jarðabætur vegna landskemmdanna mundu eta upp allt bótafé og meira til. — Hins vegar mun árangur af hælisvistinni fyrir sjúklingana hvað lækningu áhrærir ekki hafa orðið mikill, og læknir hælisins taldi það ekki vel í sveit sett, þar sem eftirlitslæknirinn, sem búsettur var í Reykjavík, þyrfti að hafa nákvæmt og stöðugt eftirlit með sjúklingunum. Þar sem ástæður allar voru eins og hér er lýst, taldi heilbrigðisráðuneytið réttara að flytja starfrækslu þessa burt af jörðinni, áður en í hana væri sökkt meiri fjármunum en orðið var, en bjarga þeim verðmætum úr henni, sem kostur væri á, til þess að koma sams konar starfsemi upp á öðrum stað, sem hentugri þætti að dómi sérfróðra manna.

Menntamálaráðuneytið samþykkir því þessa ráðstöfun með bréfi, dags. 28. ágúst 1947, og segir þar meðal annars:

„Eftir viðtöku bréfs landbúnaðarráðuneytisins, dags. 18. apríl þ. á., þar sem spurzt er fyrir um, hvort þetta ráðuneyti sjái sér ekki fært að flytja drykkjumannahælið burt frá Kaldaðarnesi, þar sem landbúnaðarráðuneytið hafi augastað á þeirri jörð til annarra nota, tekur ráðuneytið fram, að það hefur ekki tök á að flytja drykkjumannahælið frá Kaldaðarnesi eins og sakir standa, en hins vegar hefur þetta ráðuneyti ekkert á móti því, að landbúnaðarráðuneytið ráðstafi jörðinni ásamt því, er henni fylgir, til búskapar, enda fái drykkjumannahælið að vera áfram fyrst um sinn, unz aðrar ráðstafanir verði gerðar."

Að fengnu þessu samþykki menntamálaráðuneytisins var Jörundi Brynjólfssyni byggt Kaldaðarnes með erfðaábúð samkvæmt 34. gr. laga nr. 116 1943, um ættaróðal og erfðaábúð, en jafnframt varð samkomulag um, að Jörundur nytjaði Skálholt til næstu fardaga (1948). — Síðar um haustið óskaði Jörundur Brynjólfsson eftir kaupum á jörðinni Kaldaðarnesi samkvæmt heimild í 47. gr. laga nr. 116 1943, sbr. lög nr. 4 1946, um sölu þjóðjarða og kirkjujarða.

Nú fullnægði Jörundur Brynjólfsson ekki bókstaflega skilyrði laganna um ábúðartíma á jörðinni Kaldaðarnesi, en þar sem hann hafði búið í áratugi í sama héraði og var þar með búinn að sýna hæfni sína til búskapar, sem lagaákvæðið á að tryggja, og hafði auk þess skipt um býli eftir ósk ráðuneytisins, taldi ráðuneytið, að ákvæðinu væri efnislega fullnægt. Samt sem áður leitaði atvinnumálaráðuneytið umsagnar landbúnaðarnefnda Alþingis og hreppsnefnda Biskupstungnahrepps og Sandvíkurhrepps um þetta atriði. Báðar hreppsnefndir féllust eindregið á að samþykkja jarðarsöluna. Sama gerðu sex landbúnaðarnefndarmenn af 10 í nefndunum. Bréf landbúnaðarnefndarmannanna er svo hljóðandi:

„Við undirritaðir landbúnaðarnefndarmenn í báðum deildum Alþingis erum því samþykkir, að búseta hr. Jörundar Brynjólfssonar á Skálholti verði tekin til greina vegna kaupa hans á jörðinni Kaldaðarnesi, þar sem hann flytur á milli þessara tveggja jarðeigna ríkisins vegna aðgerða þess.

Ásg. Ásgeirsson. Steingr. Steinþórsson. Jón Sigurðsson.
Eiríkur Einarsson. Guðm. Í. Guðmundsson. Páll Zóphóníasson."

Enn fremur samþykkti sýslunefnd Árnessýslu, að jörðin væri seld Jörundi Brynjólfssyni. Loks var leitað álits landnámsstjóra um það, hvort hann teldi Kaldaðarnes hentugt til skiptingar í nýbýli, og taldi hann, eins og ástandi jarðarinnar væri nú háttað, að ekki kæmi slíkt til mála. Bréf landnámsstjóra er svo hljóðandi:

„Hér með staðfestist út af viðtali, er þér, hæstvirtur landbúnaðarráðherra, áttuð við mig um það, hvort ég teldi jörðina Kaldaðarnes hentuga til stofnunar byggðarhverfis eða einstakra nýbýla, að það er álit mitt, að jörð þessi, eins og hún er nú komin vegna hernaðaraðgerða, komi ekki til greina til þessara framkvæmda.

Jörðin Kaldaðarnes er víðáttumikil jörð og var ein bezta engjajörð í Árnessýslu. Heimaengjar jarðarinnar, er voru beztu engjarnar, hafa verið gerðar að flugvelli. Nær hann til um 65 ha. af landi jarðarinnar, og þó að flugbrautir séu ekki nema á

nokkrum hluta þessa lands, verður hinn hlutinn ekki nytjaður, enda verið stórskemmdur við byggingu flugvallarins.

Landið suður af flugvellinum, sem einnig er engjar, að vísu mjög votlendar í flestum árum, liggur svo lágt, að það land verður ekki ræst til túnræktar, og fullnaðarþurrkun vegna engjaræktar á því verður mjög kostnaðarsöm.

Heima í Kaldaðarnesi er nokkurt land til túnræktar, en eigi að framkvæma þar samfellda ræktun, þarf land þetta annað tveggja mikla framræslu, en nokkur hluti þessa lands er grýttur, og yrði því um mikið grjótnám að ræða úr landinu. Framræslan er háð því, að aðalaffall geti orðið lagt út í gegnum flugvöllinn og út til Ölfusár nokkru neðan við hann.

Efri hlutinn af landi Kaldaðarness hefur verið í sandfokshættu. Með sandgræðslu, sem þar hefur verið gerð, er hún fyrirbyggð, en sandgræðslusvæðið er grýtt, svo að fullnaðarræktun á því í stærri stíl verður kostnaðarsöm vegna grjótnáms, en partar í sandgræðslugirðingunni eru mjög vel ræktanlegir.

Ölfusá hefur, fyrir utan að valda landbroti, flætt yfir og farið þá austan við Kaldaðarnes. Herinn gerði garð, sem dregur úr þessari hættu, en ef fyrirbyggja ætti flóð þessi, þarf miklar aðgerðir enn þá við mannvirki þetta, svo að það sé fullnægjandi vörn. Að þessu athuguðu, þá tel ég samanborið við marga aðra staði, að vart komi til greina að taka þessa jörð til stofnunar byggðarhverfis í náinni framtíð.

Virðingarfyllst.

Pálmi Einarsson.“

18. september 1947 bað svo atvinnumálaráðuneytið sýslumanninn í Árnessýslu að dómkveðja þrjá óvilhalla menn til þess að meta til sölu eignir Jörundar Brynjólfssonar í Skálholti, þar á meðal jarðabætur, svo og að dómkveðja hina sömu menn til að meta ríkiseignina Kaldaðarnes, til að tryggja fullt samræmi í matinu hjá báðum aðilum.

Sýslumaðurinn dómkvaddi til matsgerðarinnar þá Pálma Einarsson landnámsstjóra, Guðmund Guðmundsson bónda á Efri-Brú í Grímsnesi og Kristin Vigfússon smíðameistara á Selfossi. Auk þess útnefndu bæði menntamálaráðuneytið og atvinnumálaráðuneytið fulltrúa frá sér til að gæta réttar þessara aðila við matið og flytja mál þeirra þar. Matsgerð þessi er dags. 8. nóvember 1947, og eru eignir Jörundar Brynjólfssonar í Skálholti metnar á kr. 173700.00, en Kaldaðarnes er metið á kr. 494000.00.

Í landi jarðarinnar hafði verið gerður flugvöllur á styrjaldarárunum. Áður en sala fór fram á jörðinni, sneri ráðuneytið sér til formanns flugráðs ríkisins, Agnars Kofoed-Hansens, og spurði, hvaða kröfur flugstjórnin gerði viðvíkjandi vellinum. Óskaði hann þess eins, að flugvöllur þessi yrði áfram til frjálsra afnota sem nauðlendingarvöllur og að ekkert yrði framkvæmt á honum eða í námunda við hann, er torveldaði slík afnot. Væru þau skilyrði og þær kvaðir settar í kaupsamninginn.

Út af því, sem fram hefur komið á Alþingi um verð það, sem metið var á Kaldaðarnesi, að það verði „að teljast harla einkennilegt“ og óheyrilega lágt, skal þetta fram tekið. Í lögum þeim, er áður hefur verið getið og heimila ráðherra að selja opinberar jarðeignir ábúendum þeirra, er það gert að skilyrði, að kaupandi geri þær að ættaróðali. En ættaróðali fylgja þær kvaðir, að eigandinn má ekki selja þær né leigja og réttur hans til að veðsetja þær er mjög takmarkaður. Ef út af er brugðið þeim skilyrðum, er þar eru sett, rennur jörðin aftur til ríkisins með fasteignamatsverði, og þegar óðalshafi afhendir jörðina öðrum til ábúðar, er hún einnig reiknuð með fasteignamatsverði. Þessi skilyrði voru að sjálfsögðu sett hér fyrir kaupunum. Vegna kvaða þessara m. a. kveða lögin svo á, að jarðir þessar skuli seldar kaupendum með tiltölulega góðum kjörum. Í öðrum lögunum er gert ráð fyrir fasteignamatsverði, en hinum verði, er samsvarar því, að eftirgjaldið sé 3% af höfuðstólnum, þ. e. jarðarverðinu. Við allar jarðarsölur ríkisins, sem fram hafa farið undanfarin ár samkv. lögum þessum, hefur fasteignamatið verið lagt til grundvallar. Mætti því

telja eðlilegt, að svo hefði einnig verið gert hér og að kaupandinn, Jörundur Brynjólfsson, hafi átt á því nokkurn rétt lögum samkvæmt. Þetta var þó ekki gert hér, heldur framkvæmt sérstakt sölumat á eigninni, þar sem sama verðlag var lagt til grundvallar, og við kaup ríkisins á eignum Jörundar Brynjólfssonar í Skálholti, — enda framkvæmdu sömu menn hvort tveggja matið. Niðurstaða matsins verður því sú, að í stað fasteignamats á Kaldaðarnesi verður sölumatið á landinu 2.7 sinnum fasteignamatið og húsverðið 6—8 sinnum fasteignamatið. Eru og matshlutföll þessi í samræmi við þá staðreynd, að verðhækkun bygginga í sveitum undanfarin ár er stórum meiri en verðhækkun lands. Um einstaka þætti matsins má benda á eftirfarandi:

Landverðið. Þegar ríkið kaupir Kaldaðarnestorfuna, 1940, er land allt metið þar á 52 þús. Í þessu mati er land jarðarinnar Hreiðurborgar, sem nú gengur frá, en það er samkv. fasteignamati $^{2}/_{19}$ hlutar landverðsins. Eftir verða þá 46.6 þúsund. Þetta sama land er nú metið til sölu á kr. 145700.00.

Húsaverð. Nýja húsið í Kálfhaga er ein íbúðarhæð og kjallari með tveim íbúðarherbergjum, að stærð 395 rúmmetrar. Það er víst selt á 125 þús. kr., eða um 320 kr. rúmmetrinn.

Gamla húsið í Kaldaðarnesi var timburhús, upphaflega byggt árið 1892, en var endurbætt og múrhúðað á vegum hælisins. Það var metið í fasteignamati 1940 8600 kr., en nú metið og selt á 132 þús. Til viðgerðar þess hefur að vísu verið varið miklu fé, en nokkurn hluta þess má að sjálfsögðu telja koma á móti eðlilegri fyrningu þetta umrædda tímabil.

Skaðabætur vegna eyðileggingar á túni og engjum. Sá háttur var á hafður um mat jarðarinnar, að meta land hennar fyrst til nútíma söluverðs í því ástandi, sem það var áður en landspjöllin hófust, en meta svo skemmdir sérstaklega til frádráttar. Það, sem eyðilagt hafði verið, var allt tún jarðarinnar, og það svo gersamlega, að teljast má því nær óræktanlegt að nýju. Stærð þess er 24.8 ha. og var ha. metinn á kr. 2000 — alls kr. 41680.00. Í öðru lagi voru heimaengjarnar gereyðilagðar með byggingu flugvallarins. Land þetta er um 65 ha. og var metið á kr. 500 ha. — alls 35500.00. — Alls eru spjöll þessi metin á kr. 74180.00. Þegar ríkið keypti Kaldaðarnes, var þetta hvort tveggja sérmetið, og var þá verðmæti þess talið um $^{2}/_{3}$ af heildarverðmæti landsins. Nú þegar það er metið til frádráttar, er það ekki talið nema um helmingur af heildarverðmæti landsins, svo að ekki verður talið, að kaupanda hafi verið ívilnað í því mati.

Búferlaflutningur. Eins og fyrr getur, krafðist Jörundur Brynjólfsson nokkurrar þátttöku af ríkinu vegna búferlaflutninga sinna, fyrirhafnar, kostnaðar og óþæginda og ekki sízt vegna þess óhagræðis að verða að flytja á túnlausa jörð, þar sem bíða varð eftir því, að allt væri ræktað að nýju. Fyrir þetta voru honum greiddar kr. 20000.00.

Hreinsunarkostnaður. Eins og fyrr er frá sagt, var samið um það 1945, að ríkið fengi fyrir landspjöll og landhreinsun á Kaldaðarnesi kr. 300 þús. Þegar landspjöllin, sem metin voru á kr. 74180.00, eru frá dregin, eru eftir af þeirri upphæð kr. 225820.00 til að mæta kostnaðinum við hreinsun, sem ríkið hafði skuldbundið sig til að framkvæma. Lét þá ráðuneytið gera sérstaka athugun á því, hvað hreinsunin mundi kosta samkvæmt reynslu þeirri, er fengizt hafði undanfarið við þær framkvæmdir. Fékk það áætlun um, að hreinsunarkostnaður þessi mundi nema kr. 247800.00. Að fengnum þessum upplýsingum samdi ráðuneytið við Jörund Brynjólfsson að taka að sér hreinsunina fyrir 225 þús. kr. Hreinsun þessari skal lokið fyrir 1952, og hvílir sú skylda sem kvöð á jörðinni, þar til lokið er.

Kaupverðið. Samkv. framansögðu var matsverð á Kaldaðarnesi kr. 494000.00

Þar frá dregst:

Bætur fyrir landspjöll	kr. 74180.00	
Bætur fyrir búferlaflutning	— 20000.00	— 94180.00
	Eftir verða	**kr. 399820.00**

Þessa upphæð hefur Jörundur Brynjólfsson tekið að sér að greiða þannig:

Eignir sínar í Skálholti	kr. 173700.00
Tekur að sér hreinsun lands fyrir ríkissjóð	— 225000.00
Greitt í peningum	— 1120.00
Samtals	kr. 399820.00

Með tilvísun til framanritaðrar greinargerðar leggur meiri hl. nefndarinnar til, að málið verði afgreitt með svo hljóðandi

RÖKSTUDDRI DAGSKRÁ:

Að öllu þessu athuguðu, sem að framan greinir um heimildir og framkvæmdir á sölu Kaldaðarness, telur Alþingi ekki ástæðu til frekari aðgerða, og tekur því fyrir næsta mál á dagskrá.

Alþingi, 6. maí 1949.

Jón Sigurðsson, fundaskr. Steingr. Steinþórsson, frsm. Jón Gíslason.

Ásgeir Ásgeirsson.

Ed. 654. Nefndarálit [173. mál]

um frv. til l. um eignarnámsheimild fyrir Siglufjarðarkaupstað á jörðunum Efri-Skútu og Neðri-Skútu í Siglufirði.

Frá allsherjarnefnd.

Nefndin hefur athugað frv. og leggur til, að það verði samþykkt óbreytt.

Alþingi, 6. maí 1949.

Guðm. Í. Guðmundsson, form. Lárus Jóhannesson, fundaskr. Brynj. Bjarnason, frsm.

Þorst. Þorsteinsson. Hermann Jónasson.

Nd. 655. Breytingartillögur [120. mál]

við frv. til l. um breyt. á l. um menntaskóla, nr. 58 frá 7. maí 1946.

Frá menntamálaráðherra.

Við 1. gr.

a. Á eftir orðunum „ef húsrúm leyfir“ komi: að dómi fræðslumálastjórnar.
b. Á eftir orðunum „á Akureyri miðskóladeild“ komi: með óskiptum bekkjum.

Ed. **656. Frumvarp til laga** [100. mál]

um innflutning og úthlutun jeppabifreiða til landbúnaðarþarfa o. fl.

(Eftir 2. umr. í Ed.)

1. gr.

Þar, sem talað er um jeppabifreiðar í lögum þessum, er einnig átt við aðrar þær tegundir bifreiða, er hentugar þykja og fluttar kunna að verða inn til landbúnaðarþarfa.

Meðan innflutningur og gjaldeyrisviðskipti eru háð ákvörðunum ríkisvaldsins, ákveður ríkisstjórnin eða sá aðili, er fer með þessi mál fyrir hennar hönd, tölu þeirra jeppabifreiða eða annarra slíkra bifreiða, sem heimilt er að flytja til landsins ár hvert. Með innflutningi þessum skal að því stefnt að fullnægja svo fljótt sem verða má þörfum landsbúa fyrir þessar bifreiðar og að nægur forði af varahlutum til þeirra sé ávallt fyrirliggjandi í landinu. Gjaldeyris- og innflutningsleyfi fyrir þessum bifreiðum skal bundið því skilyrði, að innflytjandi afhendi þeim, er öðlazt hafa kauprétt samkvæmt lögum þessum, bifreiðarnar fyrir hæfilegt verð að dómi verðlagsyfirvaldanna.

2. gr.

Úthlutun þeirra bifreiða, er um ræðir í 1. gr., annast 5 manna nefnd. Skulu 2 þeirra kosnir af stjórn Búnaðarfélags Íslands, 2 af stjórn Stéttarsambands bænda og einn af landbúnaðarnefndum Alþingis. Kosning þeirra gildir til 2 ára. Nefndin kýs sér sjálf formann. Kostnaður við störf nefndarinnar greiðist af hlutaðeigandi aðilum í réttu hlutfalli við þátttöku þeirra í nefndinni.

3. gr.

Fjóra fimmtu hluta þeirra bifreiða, sem nefndin fær til ráðstöfunar, má hún aðeins afhenda bændum eða mönnum, er starfa að búum þeirra og í félagi við þá og eru heimilisfastir í sveitinni, og stofnunum landbúnaðarins og starfsmönnum þeirra, skógrækt og sandgræðsla með talin, sem verða vegna starfa sinna í sveitunum að ferðast mikið með bifreiðum.

4. gr.

Nefndin aflar sér árlega svo áreiðanlegra upplýsinga sem föng eru á um tölu þeirra býla á landinu, er geta haft full not jeppabifreiða til flutninga og annarra heimilisþarfa. Að fengnum þessum upplýsingum og tilkynningu gjaldeyrisyfirvaldanna um væntanlegan innflutning jeppabifreiða á árinu, tekur nefndin ákvörðun um skiptingu bifreiðanna milli sveitarfélaga. Við skiptin skal þess gætt, að bifreiðarnar skiptist milli búnaðarfélaganna í sem réttustu hlutfalli við tölu þeirra búenda í hverju búnaðarfélagi, sem geta haft bifreiðanna not, eins og áður er sagt enda sé þá tekið fullt tillit til þeirra jeppabifreiða, sem áður hefur verið úthlutað. Að skiptum loknum tilkynnir nefndin formönnum búnaðarfélaganna tölu þeirra bifreiða, sem væntanlega koma til úthlutunar í félagið á því ári.

5. gr.

Stjórnir hreppabúnaðarfélaga taka á móti umsóknum bænda um jeppabifreiðar, hver af sínu félagssvæði. Nú berast búnaðarfélagsstjórn umsóknir um fleiri jeppabifreiðar en úthlutað verður í hreppinn á því ári, og gerir hún þá tillögu um, hverjum af umsækjendunum hún vill mæla með að því sinni, og sendir tillöguna að því búnu ásamt rökstuddri greinargerð fyrir henni til úthlutunarnefndar. Verði búnaðarfélagsstjórn ekki á eitt sátt, er minni hlutanum heimilt að senda einnig tillögur sínar ásamt greinargerð fyrir þeim til nefndarinnar.

6. gr.

Stjórnir hreppabúnaðarfélaga skulu leitast við í tillögum sínum um úthlutun jeppabifreiða að fylgja eftirgreindum reglum:

1. Að þeir einir komi til greina, er geta vegna samgönguskilyrða haft full not bifreiðanna til flutnings á fólki og vörum að og frá heimilum sínum.
2. Að bændur gangi fyrir öðrum hreppsbúum.
3. Að þeir bændur sitji í fyrirrúmi, er afskekktast búa eða eiga lengsta leið á þjóðveg og mesta hafa flutningsþörfina.
4. Nú er ekki teljandi munur á aðstöðu umsækjenda, og skal þá láta tvo eða fleiri bændur, sem sameinast um eina bifreið, ganga fyrir einstaklingum.

Óheimilt er að úthluta jeppabifreiðum til þeirra, sem áður hafa fengið slíkar bifreiðar við úthlutun, eiga keyrslufæra fólksbifreið eða hafa keyrslufæra fólksbifreið á heimili sínu. Nú hefur sveitarheimili keyrslufæra vörubifreið, og kemur það heimili því aðeins til greina við úthlutun, að ekki liggi fyrir umsóknir frá öðrum, er hafa óskoraðan rétt til úthlutunar jeppabifreiða.

7. gr.

Þegar úthlutunarnefnd hafa borizt tillögur frá stjórnum hreppabúnaðarfélaganna og hefur athugað þær ásamt öðrum upplýsingum, ef fyrir liggja og að þessu lúta, úthlutar hún bifreiðunum. Að lokinni úthlutun sendir nefndin stofnunum landbúnaðarins og stjórnum hreppabúnaðarfélaga tilkynningu um, hverjir af umsækjendum þeirra fái úthlutað jeppabifreið. Óheimilt er að afhenda bifreið fyrr en úthlutunarnefnd hefur borizt skrifleg yfirlýsing frá stjórn hlutaðeigandi stofnunar eða búnaðarfélags um, að hún skuldbindi sig að hlutast til um, að eigandi bifreiðarinnar hlíti fyrirmælum laganna í öllum greinum, og tilkynna nefndinni, ef út af ber.

8. gr.

Bifreiðar, sem úthlutað er til landbúnaðarstofnana eða starfsmönnum þeirra samkv. 3. gr., er óheimilt að selja án samþykkis úthlutunarnefndar. Nú hættir slíkur starfsmaður störfum hjá félaginu eða stofnuninni, er hann hefur unnið hjá, og skal hann þá afhenda bifreiðina þeim aðila, er útvegaði honum bifreiðina, nema úthlutunarnefnd heimili annað eftir tillögum hlutaðeigandi forstöðumanns eða félagsstjórnar.

Aðrar jeppabifreiðar, sem úthlutað er samkv. ákvæðum laga þessara til afnota í ákveðnum sveitarfélögum, er óheimilt að selja, gefa eða flytja burt úr hreppnum án samþykkis stjórnar hlutaðeigandi búnaðarfélags, sem hlutast til um, að bifreiðin sé áður auglýst til kaups fyrir hreppsbúa.

Nú vilja hreppsbúar ekki kaupa bifreiðina, og skal eigandi þá bjóða hana úthlutunarnefnd til ráðstöfunar, enda ábyrgist hún honum andvirði bifreiðarinnar. Vilji nefndin ekki sinna boði seljanda, eða honum hefur ekki borizt svar frá nefndinni mánuði eftir að víst er, að tilboðið barst henni í hendur, er eiganda heimilt að ráðstafa bifreiðinni.

Engar bifreiðar, sem um ræðir í lögum þessum, má selja nema með leyfi nefndarinnar og ekki yfir kostnaðarverði að meðtöldum söluskatti, þó að frádreginni hæfilegri fyrningu og skemmdum á bifreiðinni, ef einhverjar eru.

9. gr.

Nú þykir augljóst, að kaupandi, sem fengið hefur jeppabifreið fyrir atbeina úthlutunarnefndar, hefur notað sér yfirvarp til að eignast hana, þ. e. notar hana t. d. ekki á heimili sínu eða í sambandi við starf sitt eða atvinnurekstur, og ber nefndinni þá að krefjast þess, að bifreiðinni verði skilað aftur til nefndarinnar.

10. gr.

Bifreið, sem ráðstafað hefur verið gagnstætt ákvæðum laga þessara, skal afhent úthlutunarnefnd gegn upphaflegu kostnaðarverði að frádreginni fyrningu og skemmdum, er dómkvaddir menn meta.

11. gr.

Stjórnum hreppabúnaðarfélaga ber skylda til, hverri á sínu félagssvæði, að fylgjast með því, að fyrirmælum þessara laga sé fylgt, og tilkynna úthlutunarnefnd, ef út af ber, en úthlutunarnefnd hlutast til um rannsókn málsins.

12. gr.

Heimilt er landbúnaðarráðherra að setja með reglugerð samkvæmt tillögum úthlutunarnefndar ákvæði, er tryggi réttláta dreifingu stærri og minni dráttarvéla til landbúnaðarþarfa.

13. gr.

Brot gegn lögum þessum og reglugerð varða sektum frá 200—10000 kr.

Bráðabirgðaákvæði.

Þeir aðilar, sem áður hafa fengið gjaldeyris- og innflutningsleyfi fyrir jeppabifreiðum, greitt hluta andvirðis fyrir árslok 1947, en ekki fengið bifreiðarnar, skulu ganga fyrir um úthlutun að öðru jöfnu.

Nd. 657. Nefndarálit [195. mál]

um frv. til l. um heimild fyrir ríkisstjórnina til að taka á móti og ráðstafa framlögum samkvæmt áætlun um fjárhagslega viðreisn Evrópu.

Frá meiri hl. fjárhagsnefndar.

Nefndin hefur athugað frv., en ekki getað orðið sammála um afgreiðslu þess. Meiri hl. nefndarinnar leggur til, að það verði samþykkt.

Minni hl. nefndarinnar (EOl) mun skila sérstöku nefndaráliti.

Meiri hl. bendir á, að samkv. 2. gr. frv. er óheimilt að nota þessi væntanlegu framlög í erlendum gjaldeyri til annars en kaupa á efnavörum, vélum og tækjum til þeirra framkvæmda, sem taldar eru í þeirri 4 ára áætlun um fyrirhugaðar framkvæmdir til þess að tryggja fjárhagslegt og atvinnulegt öryggi hér á landi, er ríkisstjórnin hefur látið gera og skýrt var frá snemma á yfirstandandi Alþingi, og leggur meiri hl. áherzlu á, að frá þessu verði ekki vikið.

Þykir rétt að vekja hér athygli á þessari áætlun, sem er í stórum dráttum sundurliðuð þannig:

1. Aukning fiskiflotans.
2. Aukning síldariðnaðarins.
3. Bygging lýsisherzluverksmiðju.
4. Bygging fiskimjölsverksmiðju.
5. Aukning kaupskipaflotans.
6. Aukning hraðfrystihúsanna.
7. Bygging skipasmíðastöðvar og þurrkvíar.
8. Kaup á landbúnaðarvélum og aukning ullarverksmiðju.
9. Bygging raforkuvera.
10. Bygging áburðarverksmiðju.
11. Bygging sementsverksmiðju.
12. Bygging kornmyllu.

Að sjálfsögðu er ekki hér með ákveðið, að framkvæmdirnar eigi að vera í þeirri röð sem þær eru taldar.

Þegar þessar framkvæmdir allar eru dregnar saman verður heildarkostnaður eins og hér segir:

	Millj. doll. Erl. gjaldeyrir	Millj. doll. Innl. kostnaður
2+10 togarar og viðhald	9.44	
Síldarverksm. og fleira	2.3	2.5
Lýsisherzluverksm.	0.8	0.4
Fiskimjölsverksm.	0.6	1.0
Kaupskip	10.83	
Hraðfrystihús og iðjuver	1.75	2.25
Þurrkvíar og skipasmíðast.	1.5	2.8
Landbúnaðarvélar	9.5	
Raforkuvinnsla	8.2	11.8
Raflínuefni	4.3	2.0
Áburðarverksmiðja	3.8	3.1
Sementsverksmiðja	1.5	1.5
Kornmylla	0.7	0.3
Samt.	55.25	27.65

eða 361.69 millj. kr. erl. gjaldeyrir
og 181.11 — — ísl. —
542.8 — — samtals
eða 135.7 — — á ári að meðaltali.

Alþingi, 6. maí 1949.

Ásgeir Ásgeirsson, form. Jóhann Hafstein, fundaskr., frsm. Axel Guðmundsson.
Skúli Guðmundsson.

Ed. 658. Nefndarálit [23. mál]

um frv. til l. um meðferð ölvaðra manna og drykkjusjúkra.

Frá minni hl. heilbrigðis- og félagsmálanefndar.

Frv. þessu var vísað til nefndarinnar 30. nóv. s. l. Má af því marka, að ekki hafi verið mikill áhugi hjá meiri hl. nefndarinnar, að málið næði fram að ganga á þessu þingi, enda ljóst frá upphafi, að frv. er einungis borið fram til þess að draga athygli manna frá þeim misgerðum, sem þeir menn, er hér á nú að vernda, voru beittir, er hæli það, sem búið var að koma upp fyrir þá í Kaldaðarnesi, var afhent fyrir lítinn pening til annarra, eins og kunnugt er. Málið hefur þó verið tekið fyrir og rætt á flestum þeim fundum, sem haldnir hafa verið í nefndinni síðan hún fékk það til athugunar, þó aldrei leitað umsagna neinna aðila um málið eða þeir kvaddir til viðræðna, nema hvað þeir tveir læknar, sem mestan þáttinn hafa átt í því, að starfrækslan í Kaldaðarnesi var lögð niður, voru kvaddir til viðtals við nefndina á einn fund. Þann 11. febr. voru lagðar fram af tveimur nefndarmönnum (HV og GJ) mjög veigamiklar breytingartillögur við frv. Hefur meiri hl. (PZ, HV, LJóh og BrB) fallizt á að leggja til, að frv. verði breytt í það horf í meginatriðum, sem gert var ráð fyrir í tillögum HV, og hefur þegar gefið út um það sérstakt nefndarálit. Á þetta gat minni hl. ekki fallizt af eftirfarandi ástæðum:

1. Samkvæmt fyrstu þremur greinum frumvarpsins, sem meiri hl. vill að haldist óbreyttar, er gert ráð fyrir því, að farið sé með ölvaða og drykkjusjúka menn eins og afbrotamenn og fanga og þeim látin í té **viðeigandi aðhlynning**, eins og þeir væru slíkir þegnar þjóðfélagsins. Ég tel, að þetta sé allt í senn, skaðlegt, rangt og ómannúðlegt, og sé algerlega ósamboðið nútimamenningu Íslendinga. Tel ég það grundvallaratriði fyrir þeim árangri, sem hugsað er að ná með frv., að þetta ákvæði frv. verði fellt niður og að upp verði tekin sú stefna, sem mörkuð er í mínum tillögum, að frá fyrstu byrjun séu þessir menn skoðaðir sem sjúklingar og öll meðferð á þeim miðuð við það. Framkoma ýmissa lögregluþjóna við marga þá menn, sem eru á byrjunarstigi til ofdrykkju, er slík, að hreinni undrun sætir, að það skuli látið óátalið eða yfirleitt þolað, og verður aldrei vitað, hve margir unglingar, sem sæta slíkri meðferð á fyrsta stigi, halda áfram á þessari braut beinlínis vegna slíkrar framkomu manna, sem hér eiga að verndа og hjálpa og sýna fullan skilning á mannlegum veikleika, í stað þess að hegna með ómannúðlegri meðferð, þegar mest liggur við.
2. Samkv. 4. gr. frv. er ætlazt til þess, að sveitarfélögin beri að verulegu leyti kostnað við framkvæmd laganna. Á þetta get ég ekki fallizt, heldur tel ég, að ríkissjóður eigi einn að bera kostnaðinn að öllu leyti, enda hefur hann tekjurnar af vínsölunni. Í brtt. meiri hl. er að vísu gert ráð fyrir, að þátttaka ríkissjóðs verði meiri en gert er ráð fyrir í frv., og er það til bóta, þótt ég álíti, að það sé ekki eins og vera ber.
3. Í 8. gr. frv. er gert ráð fyrir því, að mál þessi verði framvegis í höndum geðveikilæknisins á Kleppi og gæzluhælið rekið í sambandi við geðveikrahælið. Eins og að framan greinir, hefur þáttur þeirra manna, sem þar ráða, verið slíkur, að ég treysti þeim allra manna sízt til þess að hafa nokkur áhrif til bóta í þessu máli, og tel það beinan háska fyrir nauðsynlegar umbætur, að þeir aðilar hafi hér af nokkur afskipti. Benda brtt. meiri hl. til þess, að hann líti sömu augum á þetta, því að hann telur það einnig óráð, að málunum sé þannig skipað, að þessi hæli séu undir sameiginlegri yfirstjórn. Ég tel þó, að þetta sé ekki tryggt með þeim breytingum, sem þeir leggja til, að gerðar verði, því að vissulega getur ráðherra alveg jafnt falið þeim mönnum stjórn gæzluheimilanna, þótt slíkar orðabreytingar séu gerðar á greininni.
4. Samkv. 15. gr. frv. er ætlazt til, að í næstu 6 ár verði hálfri annarri milljón króna varið af ágóða Áfengisverzlunar ríkisins til þess að standa undir framkvæmd laganna. Nú er ljóst, að engar ráðstafanir hafa verið gerðar af ríkisstjórninni til þess að þessi fyrsta greiðsla sé dregin frá áfengiságóða ríkisins á þ. á., þótt fjárlög séu í þann veg að ná samþykki í þinginu. Sýnir þetta ljósast, að ráðherra hefur aldrei ætlazt til þess, að málið yrði afgreitt á þessu þingi. Auk þess er ljóst, að þetta ákvæði tryggir á engan hátt betur fjárframlög til þessarar stofnunar heldur en ákvæði um framlög beint úr ríkissjóði, en hefur hins vegar á sér ákaflega leiðinlegan og óviðkunnanlegan blæ. Jafnframt má og benda á, að mjög margir þingmenn vilja láta takmarka mjög áfengissölu og helzt að afnema hana með öllu, og rýrist þá tekjuvonin því meir sem salan minnkar og bregzt að fullu, ef henni er hætt, eins og mjög verulega er barizt fyrir af fjölda manna. Sýnist því rétt, að þegar sé ákveðið, að gjöldin verði jafnan greidd beint úr ríkissjóði, eftir því sem fé er veitt til þess í fjárlögum.

Með tilvísun til þessa hefur mér þótt rétt að gerbreyta frv. og legg því til, að það verði samþykkt með eftirfarandi

BREYTINGUM:

1. Við 1. gr. Fyrri málsgrein orðist svo:
   Menn þá, konur sem karla, sem ölvaðir eru á almannafæri, á samkomustöðum eða á heimilum og raska ró manna, gera árásir á aðra eða valda

óspektum með drykkjulátum, skal flytja í sjúkrahús, sem hefur tök á að veita slíkum sjúklingum viðtöku. Það er borgaraleg skylda að aðstoða við slíka flutninga.

2. Við 2. gr. Greinin orðist svo:
Ölvuðum mönnum, sem sæta meðferð samkv. 1. gr., skal hjúkra eins og hverjum öðrum sjúklingum, þar til af þeim er runnið, varðar það sektum, nema þyngri refsing liggi við, að misþyrma þeim á einn eða annan hátt.

3. Við 3. gr. Greinin orðist svo:
Læknir sá, sem hefur yfirumsjón með áfengissjúklingum samkv. 8. gr., skal svo fljótt sem verða má rannsaka heilsufar manna, sem sæta meðferð samkv. 1. gr. Strax að lokinni rannsókn skal hann úrskurða:
a. Hvort sjúklingi skuli leyfð brottför úr sjúkrahúsinu þegar í stað.
b. Hvort sjúklingi skuli haldið í sjúkrahúsinu og framkvæmdar á honum tilraunir, er verki gegn áfengislöngun, og hve lengi sú tilraun skuli gerð.
c. Hvort sjúklingur skuli fluttur á lækningahæli fyrir drykkjusjúka menn, á vistheimili drykkjusjúkra manna eða á geðveikrahæli.
Verði því eigi við komið, að áfengislæknir rannsaki sjúklinginn og úrskurði ástand hans, skal þetta gert af yfirlækni þess sjúkrahúss, sem sjúklingurinn var fluttur á. Þeim úrskurði má þó áfrýja til áfengislæknis, sem þá framkvæmir á ný rannsókn og fellir úrskurð um sjúklinginn að henni lokinni samkv. ákvæðum þessarar greinar.

4. Við 4. gr. Greinin orðist svo:
Aðili, sem ekki vill hlíta úrskurði læknis, sem felldur er samkv. 3. gr., getur áfrýjað honum til nefndar samkv. 2. mgr. þessarar greinar, og verður þeim úrskurði ekki áfrýjað. Hins vegar getur aðili krafizt rannsóknar á ný, ef veruleg breyting verður á heilsufari hans.
Ráðherra skipar 3 manna nefnd til þess að dæma um úrskurði, sem áfrýjað hefur verið samkv. ákvæðum 1. mgr. þessarar greinar. Skal nefndin skipuð einum lækni með sérþekkingu á drykkjusýki, einum sálfræðingi og einum dómara, og er hann formaður nefndarinnar. Nefndin getur, ef nauðsynlegt er, leitað álits fleiri lækna, áður en hún fellir endanlegan úrskurð. Aðila skal heimilt að koma við vörn, áður en slíkur úrskurður er endanlega felldur. Eigi má draga lengur en 14 daga að fella úrskurð, sem skotið hefur verið þannig til nefndarinnar.

5. Við 6. gr. Greinin orðist svo:
Kostnað af meðferð ölvaðra manna samkvæmt ákvæðum 1.—3. gr. skal greiða úr ríkissjóði. Þó skulu þeir, sem sleppt er úr sjúkrahúsi þegar að lokinni rannsókn, sbr. 1. tölulið 3. gr., greiða að fullu allan kostnað við flutning, sjúkravist og rannsókn.

6. Við 8. gr. Greinin orðist svo:
Ráðherra skipar sérstakan lækni, sem hefur yfirumsjón með öllum áfengissjúklingum og úrskurðar ástand þeirra, sbr. I. kafla þessara laga. Hann skal einnig hafa yfirumsjón með lækningahælum og vistheimilum drykkjusjúkra manna. Skal læknir sá, sem skipaður er, hafa sérþekkingu á drykkjusýki og þeim lækningaaðferðum, sem vitað er, að notaðar eru með góðum árangri við slíka sjúklinga. Skal hann rækja starfið sem aðalstarf og taka laun samkvæmt V. flokki launalaganna. Ráðherra skipar einnig, að fengnum tillögum áfengislæknis, lækna, hjúkrunarlið, forstjóra og annað starfslið, eftir því sem þörf er á á hverjum tíma við þau lækningahæli og vistheimili, er ríkissjóður kann að reisa og reka, sbr. 9. gr. þessara laga.

7. Á eftir 8. gr. komi ný grein, er orðist svo:
Á kostnað ríkisins skal reisa og reka vistheimili fyrir drykkjusjúka menn. Skal staðurinn valinn sérstaklega með tilliti til þess, að unnt sé að reka þar

fjölbreytta framleiðslu, svo að hverjum vistmanni gefist kostur á að starfa eftir því, sem heilsa hans og hæfileikar leyfa.

Í sambandi við vistheimilið, eða sérstaklega ef það þykir betur henta að dómi áfengislæknis, skal reisa og reka lækningahæli fyrir drykkjusjúka menn, sem vænta má, að bata geti fengið með sérlæknishjúkrun, og ekki talið, að megi dvelja á vistheimilum.

8. Við 9. gr. (sem verður 10. gr.). Greinin orðist svo:

Á vistheimili samkv. 1. mgr. 9. gr. skal veita móttöku öllum þeim sjúklingum, sem úrskurðaðir eru þangað samkv. 3. tölul. 3. gr. þessara laga. Skulu þeir dvelja þar svo lengi sem áfengislæknir telur nauðsynlegt eða þeir sjálfir óska. Sjúklingur getur þó krafizt úrskurðar um heilsufar sitt og ástand, sbr. 4. gr. þessara laga. Á lækningahæli samkv. 2. mgr. 9. gr. skal veita móttöku öllum sjúklingum, sem úrskurðaðir eru þangað samkv. 3. tölulið 3. gr. þessara laga. Skulu þeir dvelja þar svo lengi sem áfengislæknir telur nauðsynlegt eða þeir sjálfir óska. Sjúklingur getur þó krafizt úrskurðar um heilsufar sitt og ástand, sbr. 4. gr. þessara laga.

9. Við 10. gr. Greinin falli niður.

10. Við 11. gr. Greinin orðist svo:

Áfengislæknir ákveður vinnuskyldu vistmanna og sjúklinga eftir því, sem hann telur heppilegast fyrir heilsu þeirra og líðan. Vinni vistmaður eða sjúklingur meira en 18 st. að meðaltali á viku, skulu honum greidd full laun, miðað við venjuleg verkamannalaun, fyrir hverja fulla vinnustund, sem fram yfir er.

11. Við 12. gr. Í stað orðanna „í gæzlu“ í meginmálsgr. komi: á vistheimili eða á lækningahæli.

12. Við 13. gr. Greinin orðist svo:

Kostnaður af meðferð vistmanna og sjúklinga samkv. 8.—11. gr. greiðist úr ríkissjóði.

13. Við 14. gr. Greinin orðist svo:

Ráðherra setur nánari reglur um rekstur vistheimila og lækningahæla samkv. lögum þessum og annað, er snertir framkvæmd þeirra.

14. Við 15. gr.
   a. Kaflaskipti og fyrirsögn falli niður.
   b. Greinin orðist svo:

Með lögum þessum eru úr gildi numin lög nr. 108 30. des. 1943, um heilsuhæli fyrir drykkjumenn, svo og ákvæði annarra laga, er kunna að koma í bága við ákvæði þessara laga.

15. Við 16. gr.
   a. Kaflaskipti og fyrirsögn falli niður.
   b. Greinin orðist svo:

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Alþingi, 7. maí 1949.

Gísli Jónsson.

Nd. 659. Nefndarálit [96. mál]

um frv. til l. um öryggisráðstafanir á vinnustöðum.

Frá iðnaðarnefnd.

Nefndin hefur rætt þetta mál á nokkrum fundum. Einnig ræddi hún málið við formann nefndar þeirrar, er frumvarpið samdi, dr. Jón E. Vestdal, og Þórð Runólfsson verksmiðjuskoðunarstjóra, og er niðurstaða nefndarinnar þessi:

Gylfi Þ. Gíslason og Hermann Guðmundsson leggja til, að frv. verði samþykkt óbreytt.

Sigurður Hlíðar, Páll Þorsteinsson og Ingólfur Jónsson vilja hins vegar ekki samþykkja frv. óbreytt og áskilja sér rétt að flytja og fylgja breytingartillögum.

Alþingi, 7. maí 1949.

Sigurður E. Hlíðar, form. Gylfi Þ. Gíslason, fundaskr., frsm. Hermann Guðmundsson.

Páll Þorsteinsson. Ingólfur Jónsson.

Ed. 660. Frumvarp til laga [186. mál]

um eyðingu refa og minka.

(Eftir 3. umr. í Nd.)

I. KAFLI
Yfirumsjón.

1. gr.

Landbúnaðarráðuneytið skal hafa yfirumsjón með útrýmingu refa og minka.

2. gr.

Sýslunefndir skulu sjá um, að hreppsnefndir annist eyðingu refa og villiminka.

Heimilt er sýslunefnd að ráða í samráði við hreppsnefndir einn mann (refaeyðingarstjóra) til að stjórna refa- og minkaveiðum í allri sýslunni eða nokkrum hluta hennar.

II. KAFLI
Eyðing refa.

3. gr.

Sérhver hreppsnefnd skal á hverju vori annast um grenjaleitir og grenjavinnslu í heima- og afréttarlöndum hreppsins, hvort sem lönd þessi liggja utan eða innan sýslufélagsins. Þar, sem tveir eða fleiri hreppar eiga afréttarlönd saman, annast þeir grenjaleitir í sameiningu. Ef unnt er, skal skotmaður eða skotmenn annast grenjaleit, þar sem því verður við komið.

4. gr.

Hreppsnefnd, stjórn upprekstrarfélags (eða refaeyðingarstjóri, þar sem hann er, sbr. 2. gr.) skal ráða skotmann, einn eða fleiri, til að vinna greni í þeim löndum, sem þeim ber að annast um í þessu efni. Skulu skotmenn reiðubúnir til grenjavinnslu hvenær sem greni finnst. Vökumaður, sem skotmaður tekur gildan, skal ráðinn af sama aðila.

5. gr.

Óheimilt er öðrum en þeim, sem til þess eru ráðnir samkvæmt 4. gr., að vinna greni eða taka yrðlinga, nema svo hafi staðið á, að ekki hafi náðst til skotmanns í tæka tíð.

6. gr.

Þegar greni finnst, hvort heldur í grenjaleit eða ekki, skal það ekki yfirgefið, ef kostur er. En finni það einn maður og geti ekki komið vitneskju til næsta bæjar nema fara sjálfur, skal hann hraða sem mest för sinni. Skotmanni skal síðan gert aðvart tafarlaust.

7. gr.

Borgun til skotmanns og vökumanns fer eftir því, sem um semst við hreppsnefnd eða þann aðila, sem sér um grenjavinnslu. Heimilt er að semja um verðlaun fyrir unnin dýr, en taka skal tillit til þess, þegar ráðningarkjör skotmanns eru ákveðin. Einnig skal taka tillit til þess við launaákvörðun, ef yrðlingar eru verðmætir.

8. gr.

Nú vinnast hlaupadýr, og á þá sá, er vinnur, 100 kr. sem verðlaun fyrir hvert dýr, er hann sannar fyrir oddvita að hafa unnið.

9. gr.

Hreppsnefnd heldur skrá yfir öll þekkt greni og gerir stutta lýsingu á þeim. Hún skal láta byggja vörður og skotbyrgi við greni, þar sem þörf er á, og halda þeim við. Hún getur látið laga skemmd greni, sem auðunnin eru, en ónýta önnur, sem torunnin eru.

10. gr.

Skylt er að eitra fyrir refi minnst þriðja hvert ár í afréttum og heimalöndum, sem notuð eru sem afrétt, þó eigi nær bæjum en 5 km. Oddvitar skulu sjá um eitrunina, hver á sínu svæði, og þar sem fleiri hreppar eiga afréttarlönd saman, skulu hlutaðeigandi oddvitar hafa samráð um eitrunina. Oddviti skal framkvæma eitrunina sjálfur eða fá til þess mann, sem hann treystir. Héraðslæknir skal láta refaeitur af hendi við oddvita í samráði við sýslumann.

III. KAFLI
Útrýming minka.

11. gr.

Sérstakar ráðstafanir skulu gerðar til útrýmingar villminka.

12. gr.

Skylt er hreppsnefndum á þeim svæðum, þar sem vart hefur orðið villiminka, að gera skýrslur um útbreiðslu þeirra og dvalarstaði, eftir því sem unnt er. Skýrslur þessar sendir hreppsnefnd hlutaðeigandi sýslumanni.

13. gr.

Sýslumaður ákveður, að fram fari að minnsta kosti tvisvar á ári, að vetrar- og vorlagi, allsherjar útrýming á þeim svæðum í lögsagnarumdæminu, þar sem villiminka hefur orðið vart.

Sýslumaður ákveður hverju sinni, hvenær útrýming skuli fram fara.

14. gr.

Hreppsnefnd sér um framkvæmd útrýmingarinnar eftir fyrirlagi sýslumanns.

15. gr.

Nú verður vart villiminka, eftir að allsherjar útrýming fór fram, og er hreppsnefnd þá skylt að ráða einn eða fleiri menn til útrýmingar dýranna.

16. gr.

Nú vinna menn villiminka, án þess að þeir hafi verið ráðnir til þess, og skulu þeir þá fá verðlaun úr ríkissjóði, allt að 60 kr. fyrir hvert dýr, sem unnið er, og hefur oddviti á hendi greiðslu verðlaunanna.

17. gr.

Skylt er mönnum að hlíta fyrirmælum hreppsnefndar um útrýmingu villiminka, enda fái þeir greiðslu úr ríkissjóði fyrir starfa sinn samkvæmt ákvæðum reglugerðar, er landbúnaðarráðuneytið setur. Auk þeirrar greiðslu, er hér um ræðir, skulu menn þessir, þegar þeir vinna að útrýmingu á vegum hreppsnefndar, fá hálf verðlaun samkvæmt ákvæðum 16. gr. fyrir hvert dýr, sem þeir vinna.

IV. KAFLI
Bann gegn minka- og refaeldi.

18. gr.

Sýslunefndir og bæjarstjórnir geta bannað minkaeldi í umdæmum sínum og sömuleiðis eldi refa. Verði slíkt bann framkvæmt þar, sem nú eru loðdýrabú, skal sýslusjóður eða bæjarsjóður greiða eigendum skaðabætur samkvæmt mati þriggja dómkvaddra manna.

V. KAFLI
Skipting kostnaðar.

19. gr.

Hreppsnefndir eða þeir, sem falið hefur verið að sjá um refaveiðar, skulu samhliða hreppsreikningi ár hvert hafa tilbúna reikninga yfir kostnað við starfsemi þessa, er séu í samræmi við samninga, er gerðir hafa verið við þá aðila, sem störfin hafa leyst af hendi.

Allan kostnað, sem leiðir af refaveiðum, þar með talin grenjaleit og verðlaun fyrir unna refi, skal greiða úr hlutaðeigandi hreppssjóði eða fjallskilasjóði, eða sameiginlega úr fleiri hreppssjóðum eða fjallskilasjóðum, ef þannig stendur á, sbr. 3. gr.

Alla slíka reikninga skal leggja fyrir næsta sýslufund til úrskurðar. Nú úrskurðar sýslunefnd, að reikningarnir séu réttir og ekki úr hófi háir. Skal þá endurgreiða hreppsfélögum þannig, að ríkissjóður greiði ⅓ kostnaðar og sýslusjóður ⅓.

VI. KAFLI
Almenn ákvæði.

20. gr.

Landbúnaðarráðuneytið setur reglugerð um nánari framkvæmd III. kafla laga þessara, svo og hverra sannana beri að krefjast fyrir drápi villiminka, til þess að verðlaun skuli veitt.

Einnig skal ráðherra setja reglugerð um framkvæmd eitrunar fyrir refi og minka og um meðferð refaeiturs, sbr. 10. gr.

Enn fremur getur ráðherra sett reglugerð um önnur atriði varðandi refaeyðingar, eftir tillögum sýslunefnda.

21. gr.

Brot gegn lögum þessum og reglugerðum, sem settar verða samkvæmt þeim, varða sektum, 200—5000 kr., nema þyngri refsing liggi við samkvæmt öðrum lögum.

22. gr.

Með lögum þessum eru úr gildi numin lög nr. 108 11. ágúst 1933, svo og önnur lagaákvæði, sem koma í bága við þessi lög.

23. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Nd. 661. Lög [164. mál]

um ný orkuver og nýjar orkuveitur rafmagnsveitna ríkisins.

(Afgreidd frá Nd. 7. maí.)

Samhljóða þskj. 640.

Ed. 662. Nefndarálit [188. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 28 18. febr. 1943, um stækkun lögsagnarumdæmis Neskaupstaðar.

Frá allsherjarnefnd.

Nefndin hefur athugað frumvarpið og leggur til, að það verði samþykkt óbreytt.

Alþingi, 7. maí 1949.

Guðm. Í. Guðmundsson, form. Lárus Jóhannesson, fundaskr. Hermann Jónasson, frsm.

Þorst. Þorsteinsson. Brynj. Bjarnason.

Sþ. 663. Breytingartillögur [42. mál]

við frv. til fjárlaga fyrir árið 1949.

Frá fjárveitinganefnd.

1.	Við 11. gr. A. 9. (Landhelgisgæzla).			
		Fyrir „4 000 000“ kemur		4 500 000
2.	— 11. —	B. 13. (Húsaleigueftirlit).		
		Í stað c- og d-liða kemur einn stafl. (c):		
		Annar kostnaður		35 000
3.	— 12. —	VII. (Heilsuverndarstöðvar).		
		Fyrir „100 000“ kemur		150 000
4.	— 13. —	A. II. b. (Viðhald vega).		
		Fyrir „9 000 000“ kemur		11 000 000
5	— 13. —	A. III. e. (Þjórsá).		
		Fyrir „1 500 000“ kemur		1 900 000
6.	— 13. —	D. (Flugmál). Liðurinn orðist svo:		
		I. Stjórn, skrifstofukostnaður og sameiginlegur kostnaður flugráðs, flugvallastjóra og flugmálastjóra		525 000
		II. Reykjavíkurflugvöllur:		
		1. Þátttaka í lendingarstjórn	151 300	
		2. Slökkvistöð	157 200	
		3. Sjóflughöfn	95 200	
		÷ Þátttaka annarra flugvalla, 40%	38 080	
				57 120

	4. Vélaverkstæði	268 720		
	÷ Þátttaka annarra flugvalla, 40%	107 488		
			161 232	
	5. Viðhald og varðveizla á mannvirkjum vallarins og hreinsun hans:			
	a. Laun verkamanna og bifvélastjóra	600 000		
	b. Laun smiða	130 000		
	÷ Þátttaka annarra flugvalla, 40% ...	52 000		
			78 000	
	c. Efni	250 000		
			928 000	
	6. Eldsneyti vinnuvéla		100 000	
	7. Annar kostnaður		50 000	
				1 604 852
III.	Aðrir flugvellir:			
	a. Laun, viðhald, endurbætur o. fl. ..		550 000	
	b. Þátttaka í kostnaði við II. 3., 4. og 5.		218 368	
				768 368
IV.	Flugumferðarstjórn:			
	1. Laun og annar kostnaður		502 200	
	2. Fyrning		185 000	
			687 200	
	÷ Þátttaka Reykjavíkurflugvallar vegna lendingarstjórnar		151 300	
			535 900	
	÷ Alþjóðatillag, 82½%		442 117	
				93 783
V.	Loranstöðin á Reynisfjalli		468 000	
	÷ Alþjóðatillag, 95%		444 600	
				23 400
VI.	Rekstur fjarskiptistöðva			220 000
VII.	Blindflugskólinn		40 000	
	÷ Tekjur		30 000	
				10 000
VIII.	Ferðakostnaður og mælingar			75 000
IX.	Kostnaður við flugmálaráðstefnur og alþjóðaflugmálastofnun:			
	1. Framlag til ICAO		58 000	
	2. Ferðakostnaður		28 000	
				86 000
X.	Þjálfun nema í flugumferðarstjórn, laun nemanna:			
	1. Grunnlaun		26 400	
	2. Verðlagsuppbót		52 800	
				79 200
XI.	Styrkir til námsmanna og starfsemi áhugamanna			80 000
XII.	Eftirlit með flugvélum og læknisskoðun flugmanna			30 000
XIII.	Kostnaður landssímans vegna flugþjónustunnar (áætlað)		2 648 000	
	÷ Alþjóðatillag, 82½%		2 184 600	
				463 400

XIV. Kostnaður Íslands við veðurþjónustu vegna millilandaflugs, fært af 15. gr. B. IV. 2. ..... 99 200

4 158 203

Tekjur af flugvöllum eru áætlaðar:

1. Af Reykjavíkurflugvelli	750 000	
2. Af Keflavíkurflugvelli	1 250 000	
3. Af Vestmannaeyjaflugvelli	20 000	
4. Af Melgerðisflugvelli	10 000	
		2 030 000

Samtals D. 2 128 203

7. Við 14. gr. B. XIII. 12. Nýr liður:
Til kennaranámskeiða 10 000

8. — 15. — B. IV. 1. (Almenn veðurþjónusta).
Í stað i-, j- og k-liða kemur einn stafl. (i), er orðist svo:
Til jarðskjálftamælinga, stofnkostnaðar verkstæðis o. fl. 79 529

9. — 16. — A. 15. Nýr liður:
Til mjólkurbúa og smjörsamlaga 250 000

10. — 16. — B. 4. Nýr liður:
Til haf- og fiskirannsókna 150 000

11. — 17. — 2. (Alþýðutryggingar).
Fyrir „alþýðutrygginga“ kemur: almannatrygginga.

12. — 17. — 29. (Greiðsla með börnum erlendra manna).
Fyrir „500 000“ kemur 750 000

13. — 18. — II. a. (Brynjólfur Þorláksson).
Fyrir „1950.00“ kemur 3 000.00

14. — 20. — Út. VIII. (Flugvallagerðir).
Fyrir „1 550 000“ kemur 1 250 000

15. — 22. — III. Liðurinn orðist svo:
Að selja strandferðaskipið Súðina og verja söluverðinu sem hlutafé í félag, sem fyrirhugað er að stofna í sambandi við fiskveiðar við Grænland á þessu ári.

16. — 22. — VI. Nýir liðir:
a. Að greiða Gunnari Kristni Guðmundssyni frá Stræti í Breiðdal fullar örorkubætur vegna slyss, er hann varð fyrir af völdum hernaðarsprengju.
b. Að flytja tilraunastöðina á Hafursá til Skriðuklausturs, taka allt að 375 000 kr. lán í sambandi við þessar framkvæmdir og selja jörðina Hafursá, eftir að þeir flutningar hafa farið fram, enda gangi söluverð jarðarinnar upp í lánið.
c. Að taka allt að 1 millj. kr. lán erlendis til að byggja varðskip.

17. — 22. — VII. Nýir liðir:
a. Að verja 200 000 kr. til Krýsuvíkurvegar.
b. Að verja allt að 160 000 kr. til Miðnesvegar (endurveiting).
c. Að kaupa íbúð handa rektor Menntaskólans í Reykjavík.

18. — 22. — VIII. (Endurbygging Þjórsárbrúar).
Liðurinn fellur niður.

19. — 22. — XIV. Nýir liðir:
a. Að greiða Jóni Guðmundssyni skrifstofustjóra biðlaun árið 1949.
b. Að taka 3 300 000 kr. lán til að greiða tap það, er Síldarverksmiðjur ríkisins urðu fyrir við vinnslu Hvalfjarðarsíldar veturinn 1947—48.

c. Að taka 1 500 000 kr. lán til þess að byggja stöðvarhús fyrir radiostarfrækslu á Rjúpnahæð.
d. Að taka tveggja milljóna króna lán til kaupa á sérleyfisbifreiðum.
e. Að verja 140 þús. krónum til viðgerðar á skemmdum á hafnarmannvirkjum í Bakkafirði.

Ed. 664. Frumvarp til laga [184. mál]

um hlutatryggingasjóð bátaútvegsins.

(Eftir 2. umr. í Ed.)

1. gr.

Stofna skal sjóð, er heiti hlutatryggingasjóður bátaútvegsins. Heimili hans og varnarþing er í Reykjavík.

2. gr.

Hlutverk sjóðsins er að bæta aflahluti útgerðar og skipshafna, þegar almennan aflabrest ber að höndum. Trygging samkvæmt lögum þessum er skyldutrygging.

3. gr.

Sjóðurinn skiptist í tvær deildir, síldveiðideild og almenna fiskideild.

Réttindi í síldveiðideild eiga öll íslenzk skip bátaflotans, sem gerð eru út á síldveiðar með herpinót eða svipuðum veiðarfærum.

Réttindi í almennu fiskideildinni eiga þau skip bátaflotans, sem þorskveiðar stunda með línu, botnvörpu, dragnót, netum o. s. frv., ef skipshöfn er ráðin upp á hlut eða hundraðshluta af aflaverðmæti.

4. gr.

Með reglugerð, er sjóðstjórnin semur og samþykkt hefur verið af stjórnum eftirfarandi aðila: Landssambands íslenzkra útvegsmanna, Alþýðusambands Íslands og Fiskifélags Íslands, og staðfest af ráðherra, skal ákveða:

1. Bótatímabil, er miðist við vertíðarskipti í hverri veiðistöð. Stundi skip ekki veiði allt bótatímabilð, skerðist bótaréttur þess við það hlutfallslega.
2. Skiptingu veiðisvæða og verstöðva í flokka, þannig að í sama flokki séu þau veiðisvæði og þær verstöðvar, sem líkust hafa skilyrði fyrir sama meðalveiðimagni á hverri vertíð, hvort heldur um er að ræða síldveiði eða þorskveiði.
3. Skiptingu veiðiskipa í flokka, þannig að í sama flokki séu skip, sem líkust hafa skilyrði fyrir sama meðalveiðimagni, með tilliti til stærðar, veiðiútbúnaðar o. fl.
4. Meðalveiðimagn skipa í hverjum flokki fyrir sig, eftir því á hvaða svæði skipin veiða, hvaða tíma árs þau veiða og hvaða veiði þau stunda.

Meðalveiðimagn, sem þannig er ákveðið fyrir hvern flokk skipa, skal gilda sem meðalveiðimagn, er reikna skal út bótagreiðslur úr sjóðnum, þar til sömu aðilar hafa á sama hátt ákveðið annað. Verði ágreiningur um einstök ákvæði reglugerðarinnar, sker ráðherra úr.

5. gr.

Það telst almennur aflabrestur, ef meðalafli skipa í einhverjum flokki er minni en 75% af hinu ákveðna meðalveiðimagni, sbr. 4. gr. Kemur þá til aðstoðar sjóðsins, með þeim takmörkunum, sem lög þessi ákveða.

6. gr.

Stjórn sjóðsins skipa 3 menn. Skulu þeir skipaðir af ráðherra til 4 ára í senn, á þann hátt sem hér segir: einn samkvæmt tilnefningu Landssambands ísl. útvegsmanna, annar samkv. tilnefningu Alþýðusambands Íslands og þriðji án tilnefningar, og er hann formaður stjórnarinnar. — Enn fremur skipar ráðherra tvo endurskoðendur.

Ráðherra ákveður laun sjóðstjórnarinnar og endurskoðenda.

Fiskifélag Íslands annast afgreiðslu sjóðsins undir eftirliti sjóðstjórnar og yfirstjórn ráðherra. Stjórnar- og afgreiðslukostnaður greiðist af fé sjóðsins, og skiptist hann á fiskideild og síldveiðideild í réttu hlutfalli við tekjur þeirra seinasta reikningsár.

Reikningsár sjóðsins er almanaksárið. Reikningar sjóðsins skulu birtir í B-deild stjórnartíðindanna.

7. gr.

Stofnfé sjóðsins er:

Helmingur eignaraukaskatts, sem innheimtur verður samkvæmt II. kafla laga nr. 128 1947, um dýrtíðarráðstafanir.

Nú nær stofnfé samkvæmt þessari grein ekki fimm milljónum króna, og skal ríkissjóður þá leggja fram það, sem til vantar.

Stofnfé sjóðsins skiptist að jöfnu milli fiskideildar og síldveiðideildar.

8. gr.

Árlegar tekjur sjóðsins eru:

1. ½% útflutningsgjald af öllum útfluttum sjávarafurðum, öðrum en þeim, sem koma frá botnvörpuskipum, hvalveiðum og selveiðum. Skal gjald þetta reiknað á sama hátt og annað útflutningsgjald af sömu vöru.
2. ½% innflutningsgjald af verðmæti allra innfluttra vara, hverju nafni sem nefnast. Skal gjald þetta reiknast af verði vörunnar á sama hátt og annað vörugjald og greiðist af innflytjendum vörunnar, og má ekki bæta því við söluverð hennar.
3. Vextir og aðrar tekjur af eignum sjóðsins. Ríkissjóður sér um innheimtu tekna samkvæmt 1. og 2. tölulið þessarar greinar. Tekjur samkvæmt 1. tölulið skiptast á deildirnar þannig, að tekjur vegna síldveiða falla til síldveiðideildar, en tekjur vegna þorskveiða til þorskveiðideildar. Tekjur samkvæmt 2. lið skiptast til deildanna í sömu hlutföllum.

9. gr.

Stjórn sjóðsins flokkar skip hvorrar deildar eftir stærðum. Skipa skal hverju skipi í flokk strax við innritun, þannig að skip með svipaða aflamöguleika verði sér í flokki.

Nú hefur almennur aflabrestur orðið á einhverju veiðisvæði, svo að til sjóðsins kasta komi um bætur. Reiknar þá Fiskifélag Íslands út meðaltal aflaverðmætis hvers skipaflokks síðustu fjögur ár á þorskveiðum og síðustu átta ár á síldveiðum. Skal hvert það skip, sem aflar 45% eða minna af meðalaflaverðmæti skipa í sínum flokki á viðkomandi veiðisvæði, fá bætt 40% af því, sem á vantar meðalaflaverðmæti, og síðan með vaxandi afla, lækkandi hundraðshluta bóta, samkvæmt eftirfarandi reglu:

Skip sem aflar	45 % af meðalafla fær	40 % bætur af því sem á vantar	meðaltal.
— — —	46 — — —	— 39 — — — — — — —	—
— — —	47 — — —	— 38 — — — — — — —	—
— — —	48 — — —	— 37 — — — — — — —	—
— — —	49 — — —	— 36 — — — — — — —	—
— — —	50 — — —	— 35 — — — — — — —	—

Skip, sem aflar 51 % af meðalafla fær 34 % bætur af því, sem vantar á meðaltal.
— — — 52 — — — — 33 — — — — — — —
— — — 53 — — — — 32 — — — — — — —
— — — 54 — — — — 31 — — — — — — —
— — — 55 — — — — 30 — — — — — — —
— — — 56 — — — — 29 — — — — — — —
— — — 57 — — — — 28 — — — — — — —
— — — 58 — — — — 27 — — — — — — —
— — — 59 — — — — 26 — — — — — — —
— — — 60 — — — — 25 — — — — — — —
— — — 61 — — — — 24 — — — — — — —
— — — 62 — — — — 23 — — — — — — —
— — — 63 — — — — 22 — — — — — — —
— — — 64 — — — — 21 — — — — — — —
— — — 65 — — — — 20 — — — — — — —
— — — 66 — — — — 19 — — — — — — —
— — — 67 — — — — 18 — — — — — — —
— — — 68 — — — — 17 — — — — — — —
— — — 69 — — — — 16 — — — — — — —
— — — 70 — — — — 15 — — — — — — —

Skip, sem fá 71—74% af meðalafla, fá bætt þannig, að þau fái það, sem á vantar, að afli þeirra nái 74,5% að meðaltali. Þau skip, sem náð hafa aflaverðmæti yfir 75% að meðaltali, njóta ekki bóta úr sjóðnum.

Hrökkvi fé sjóðsins ekki til úthlutunar samkvæmt ofanskráðu, skal úthlutun lækkuð hlutfallslega. Á sama hátt má stjórn sjóðsins, að fengnu samþykki ráðherra, hækka úthlutun, ef mikil þörf er fyrir bætur og fjárhagur sjóðsins leyfir.

Aldrei má ganga nær sjóðnum en svo, að eftir standi allt stofnfé hans.

10. gr.

Nú kemur í ljós, að sami bátur hefur við þrjár úthlutanir í röð aflamagn langt fyrir neðan meðallag, og er sjóðsstjórn þá heimilt að ákveða að útiloka hann frá bótum framvegis, nema útgerðarmaður hafi áður gert ráðstafanir, er sjóðsstjórnin metur gildar, til bættra aflabragða bátsins.

11. gr.

Nú fær útgerðarmaður fé úr sjóðnum, og getur stjórn hans þá krafizt þeirrar tryggingar af útgerðarmanninum, sem henni þykir þörf, fyrir því að fénu verði varið til greiðslu á eftirtöldum gjaldaliðum í þeirri röð, sem hér er talið: Kaup og fæði skipverja, vátryggingargjöld, vextir af lánum gegn 1. og 2. veðrétti í skipinu, olíur og kol, veiðarfæra- og beitukostnaður, hafnargjöld, vitagjöld, vatnsgjöld og önnur hliðstæð gjöld, eftir því sem greiðslur hrökkva til hverju sinni.

12. gr.

Sjóðurinn telst stofnaður með gildistöku laga þessara, og skulu tekjur samkv. 8. gr. innheimtar frá þeim tíma, en þó skulu bætur úr sjóðnum fyrst greiddar, er hann hefur starfað minnst eitt ár.

13. gr.

Þeir, sem fá bætur samkvæmt lögum þessum, eru skyldir að láta reikningaskrifstofu sjávarútvegsins í té reikninga um rekstur skipa þeirra, sem bætur eru miðaðar við, í því formi, sem reikningaskrifstofan ákveður.

14. gr.

Í reglugerð skal setja nákvæm fyrirmæli um, hvaða skip falli undir skyldutryggingu þessa frá ári til árs, fjáröflun sjóðsins, úthlutun bóta, stjórn sjóðsins o. fl., er nánari reglur þarf um í framkvæmd, þar á meðal, ef þurfa þykir, nánari ákvæði, er fyrirbyggi að fé sjóðsins sé varið til að viðhalda útgerð, sem ekki getur borið sig.

15. gr.

Með lögum þessum eru úr gildi numin lög nr. 109 30. des. 1943, um hlutatryggingafélög.

16. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Nd. 665. Breytingartillögur [138. mál]

við frv. til laga um eftirlit með rekstri ríkisins og ríkisstofnana.

Frá Skúla Guðmundssyni.

1. Við 1. gr. Upphaf greinarinnar orðist svo:
   Fjármálaráðuneytið skal hafa eftirlit með opinberum rekstri. Hlutverk þess á því sviði er:
2. Við 2. gr. Greinin orðist svo:
   Fjármálaráðherra er heimilt að ráða sérstakan mann til þess að annast eftirlit samkv. 1. gr., og skal hann hafa sömu laun og skrifstofustjórar stjórnarráðsins. Eftirlitsmaður skal þó eigi ráðinn til lengri tíma en eins árs, en heimilt er að framlengja ráðningarsamning hans um annað ár í viðbót, ef allir ráðherrar eru sammála um það. Eigi er heimilt að ráða sérstakan eftirlitsmann til lengri tíma, nema samþykki Alþingis komi til.
3. Við 3. gr. Í stað „ráðsmanni ríkisins“ komi: eftirlitsmanni.
4. Við 4. gr. Greinin orðist svo:
   Ríkisstofnunum og einstökum starfsmönnum ríkisins er skylt að veita eftirlitsmanni hverjar þær upplýsingar, sem hann þarfnast vegna starfs síns, og þeim ber einnig að leita samvinnu við hann um hvað eina, sem varðar skrifstofuhald, svo og fjölgun og fækkun starfsliðs og hverjar aðrar endurbætur í rekstrinum, er til greina koma.
5. Í stað „ráðsmanns“ í 5.—8. gr. komi: eftirlitsmanns.

Ed. 666. Breytingartillaga [207. mál]

við frv. til l. um breyt. á l. nr. 84 6. júlí 1932, um bifreiðaskatt o. fl.

Frá fjármálaráðherra.

Við 4. gr. Fyrir orðin „skal verja“ í b-lið kemur: renni.

Ed. 667. Breytingartillaga [207. mál]

við frv. til l. um breyt. á l. nr. 84 6. júlí 1932, um bifreiðaskatt o. fl.

Frá Gísla Jónssyni.

Við 4. gr. Orðin „skal verja fjárhæð“ í b-lið falli niður.

Nd. 668. Frumvarp til laga [207. mál]

um breyting á lögum nr. 84 6. júlí 1932, um bifreiðaskatt o. fl.

(Eftir 3. umr. í Ed.)

1. gr.

1. gr. laganna orðist svo:

Greiða skal sérstakt innflutningsgjald og skatt af bifreiðum sem hér segir:

a. af benzíni 31 eyri innflutningsgjald af hverjum lítra;
b. af hjólbörðum og gúmmíslöngum á bifreiðar 3 — þrjár — krónur í innflutningsgjald af hverju kg;
c. af bifreiðum, sem aðallega eru gerðar til fólksflutninga, 36 — þrjátíu og sex — krónur á ári af hverjum fullum 100 kg af þunga þeirra;
d. af bifreiðum, sem nota annað eldsneyti en benzín, 90 — níutíu — krónur í þungaskatt árlega af hverjum fullum 100 kg af þunga þeirra.

Verði ágreiningur um gerð bifreiðar, sker fjármálaráðherra úr;

e. af bifhjólum 60 — sextíu — krónur árlega af hverju hjóli.

Undanþegnar gjaldi samkvæmt c- og d-liðum eru skólabifreiðar.

2. gr.

Við 2. gr. laganna bætist ný málsgrein, svolátandi:

Eigendur jeepbifreiða eiga rétt á endurgreiðslu skatts samkvæmt c-lið 1. gr., ef þeir sanna með vottorðum frá hlutaðeigandi skattanefndum, að bifreiðarnar hafi verið notaðar næstliðið ár að mestu eða öllu leyti við framleiðslu og jarðyrkjustörf.

3. gr.

4. gr. laganna orðist svo:

Eindagi skatts þess, sem um ræðir í 1. gr., c—e-lið, er 1. janúar ár hvert, og skal skatturinn innheimtast þar, sem bifreið er skrásett. Skattskyldan telst frá afhendingu bifreiðamerkis, ef um nýskrásetta bifreið er að ræða, en ella frá 1. janúar næsta ár á undan, og reiknast skatturinn hlutfallslega fyrir hluta úr ári, hvort svo sem stendur á, að merki hefur verið afhent á skattárinu eða skattskyld bifreið hefur ónýtzt. Skatturinn telst aðeins fyrir heila mánuði, þannig að 15 dagar eða meira telst heill mánuður, en minna broti er sleppt. Lækka skal þó skattinn samkvæmt c—e-lið 1. gr. að réttri tiltölu, ef einkennismerki bifreiðar er afhent lögreglustjóra í skrásetningarumdæmi hennar til geymslu um tíma, þó aldrei skemur en 3 mánuði, en sleppa skal broti úr mánuði við frádrátt skattsins, þannig að meira en hálfur mánuður skal reiknast sem heill mánuður, en hálfum mánuði eða minna broti skal sleppt.

Skattinn skal sá greiða, sem er skráður eigandi á gjalddaga eða síðast var það, ef bifreið er ónýt. Hafi bifreið skipt um eiganda (nothafa), án þess að það hafi verið tilkynnt til skráningar, hvílir greiðsluskyldan jafnframt á hinum nýja eiganda (nothafa).

Við aðalskoðun bifreiðar ár hvert skal eigandi hennar eða umráðamaður færa sönnur á, að greiddur hafi verið af henni bifreiðaskattur fyrir síðastliðið skattár, svo og skoðunargjald og vátryggingariðgjald ökumanns fyrir sama tímabil. Að öðrum kosti skal skoðunarmaður neita um skoðun á henni, taka af henni einkennismerki hennar og afhenda þau lögreglustjóra, en lögreglustjóri skal ekki afhenda þau aftur, fyrr en færðar hafa verið sönnur á greiðslu fyrrgreindra gjalda.

Sé ekki komið með bifreið til skoðunar á tilsettum tíma og gjöldin af henni eru ekki greidd, skal lögreglustjóri eftir kröfu skattheimtumanns eða skoðunarmanns stöðva bifreiðina, hvar sem hún hittist, og taka merki hennar til geymslu, svo sem að framan segir

Bifreiðaskatturinn, skoðunargjald af bifreiðum og vátryggingariðgjald ökumanns hafa lögtaksrétt, og skal bifreiðin vera að veði fyrir gjöldum þessum, og skal það veð ganga fyrir öðrum veðum.

4. gr.

8. gr. laganna, sem felld var niður með lögum nr. 27 14. apríl 1947, komi inn aftur og orðist svo:

Tekjum samkvæmt lögum þessum skal varið sem hér segir:

a. Í brúasjóð renni fjárhæð, sem svarar 5 aura innflutningsgjaldi af hverjum lítra af benzíni, er Alþingi ráðstafar, og skulu fyrstu tekjur hans ganga til byggingar Þjórsárbrúar.
b. Til viðhalds og umbóta akvegum renni fjárhæð, sem svarar 21 eyris innflutningsgjaldi af hverjum lítra af benzíni og tekjum samkvæmt b—e-lið 1. gr.

5. gr.

Með lögum þessum eru úr gildi numin lög nr. 27 14. apríl 1947, lög nr. 53 7. maí 1946 og lög nr. 101 29. des. 1948.

6. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi, og skal fella meginmál þeirra og 3. gr. laga nr. 34 1933 inn í lög nr. 84 1932 og gefa þau síðan út svo breytt.

Ákvæði til bráðabirgða.

Næsta bifreiðaskattsár skal vera 1. apríl til 31. desember 1949, að báðum dögum meðtöldum. Fyrir það ár skal einungis greiða ¾ af þeim bifreiðaskatti, sem lögum samkvæmt átti að greiða á skattárinu 1. apríl 1949 til 31. marz 1950.

Nd. 669. Breytingartillaga [207. mál]

við frv. til l. um breyt. á l. nr. 84 6. júlí 1932, um bifreiðaskatt o. fl.

Frá Jóni Gíslasyni og Skúla Guðmundssyni.

Við 2. gr. Við greinina bætist ný málsgrein, svolátandi:

Af innflutningsgjaldi því, sem um ræðir í 1. gr., a-lið, skal endurgreiða eigendum vöruflutningabíla 10 aura á hvern lítra benzíns, sem þeir færa sönnur á að hafa keypt til rekstrar vörubíla sinna á þeim útsölustöðum, þar sem benzínverðið er hærra en lægsta útsöluverð benzíns á landinu á sama tíma.

Endurgreiðslan skal þó aldrei vera meiri en svo, að benzínverðið, að frádreginni endurgreiðslunni, verði jafnt verðinu á þeim útsölustöðum, þar sem það er lægst.

Ed. 670. Breytingartillögur [184. mál]

við frv. til l. um hlutatryggingasjóð bátaútvegsins.

Frá sjávarútvegsnefnd.

1. Á eftir 4. gr. komi ný grein, er orðist svo:

Skylt er útgerðarmanni að láta innrita veiðiskip sitt hjá sjóðstjórninni eigi síðar en degi áður en það byrjar og tilkynna þá jafnframt, hvar og hvers konar veiði skipinu er ætlað að stunda. Skipar sjóðstjórnin þá skipinu þegar í ákveðinn

flokk, sbr. 4. gr. Skylt er einnig að tilkynna stjórninni, þegar skip hættir veiðum eða breytir um veiðiaðferð. Vanræksla á tilkynningu varðar réttindamissi til bótagreiðslu úr sjóðnum.

2. Við 6. gr. Í staðinn fyrir orðið „laun“ í 2. málsgr. komi: þóknun.
3. Við 8. gr. Á eftir 2. tölulið komi nýr liður, er orðist svo:
   3. Ef tekjur sjóðsins samkv. 1. og 2. tölulið nema minna en 4 milljónum króna, skal ríkissjóður leggja sjóðnum til það fé, sem vantar á 4 milljónir.
4. Við 9. gr. Fyrir 1. og 2. málsgr. komi ný málsgr., er orðist svo:
   Nú hefur almennur aflabrestur orðið á einhverju veiðisvæði, svo að til sjóðsins kasta kemur um bætur. Skal þá hvert það skip, sem aflar 45% eða minna af meðalafla skipa þess flokks á viðkomandi veiðisvæði, fá bætt 40% af því, sem vantar á meðalafla, og síðan, með vaxandi afla, lækkandi hundraðshluta bóta samkv. eftirfarandi reglu:
5. Við 10. gr. Greinin orðist svo:
   Ef skip veiða minna en 20% af meðalafla viðkomandi flokks, skal sjóðstjórnin rannsaka sérstaklega, hvernig á slíku aflaleysi stendur. Ef þá kemur í ljós, að vítaverð vanræksla eða óstjórn á útgerðinni á verulegan þátt í aflaleysinu, er sjóðstjórninni heimilt að draga úr þeim bótum, sem viðkomandi skipum bæri samkv. hinni almennu reglu 9. greinar, eða fella bæturnar alveg niður, ef um mikil víti er að ræða.
6. Við 11. gr. Greinin orðist svo:
   Nú fær útgerðarmaður fé úr sjóðnum, og getur stjórn hans þá krafizt þeirrar tryggingar af útgerðarmanninum, sem henni þykir þörf, fyrir því, að fénu verði varið til greiðslu á eftirtöldum gjaldaliðum í þeirri röð, sem hér er talið: Kaup og fæði skipverja, vátryggingargjöld og önnur hliðstæð gjöld, eftir því sem greiðslur hrökkva til hverju sinni.
7. Við 14. gr. Greinin orðist svo:
   Ráðherra setur með reglugerð nánari ákvæði um framkvæmd þessara laga.

Ed. 671. Breytingartillaga [184. mál]

við frv. til l. um hlutatryggingasjóð bátaútvegsins.

Frá Gísla Jónssyni.

Við 9. gr. Á eftir 4. málsgr. komi ný grein, er orðist svo:
Engan hlut má bæta upp meira en svo, að hann verði jafnhár að verðmæti meðalaflahlut skipa í öðrum flokki, sem ekki ná rétti til bóta úr sjóðnum og stunda sams konar veiðar.

Ed. 672. Breytingartillaga [184. mál]

við frv. til l. um hlutatryggingasjóð bátaútvegsins.

Frá Birni Kristjánssyni og Birni Ólafssyni.

Við 8. gr. 2. liður orðist svo:
Framlag úr ríkissjóði að jöfnu á móti 1. lið.

Ed. 673. Breytingartillaga [100. mál]

við frv. til l. um innflutning jeppabifreiða til landbúnaðarþarfa o. fl.

Frá landbúnaðarnefnd.

Við 2. gr. Á eftir orðunum „til 2 ára“ bætist: Sömu aðilar kjósa jafnmarga varamenn.

Nd. 674. Frumvarp til laga [100. mál]

um innflutning og úthlutun jeppabifreiða til landbúnaðarþarfa o. fl.

(Eftir 3. umr. í Ed.)

1. gr.

Þar, sem talað er um jeppabifreiðar í lögum þessum, er einnig átt við aðrar þær tegundir bifreiða, er hentugar þykja og fluttar kunna að verða inn til landbúnaðarþarfa.

Meðan innflutningur og gjaldeyrisviðskipti eru háð ákvörðunum ríkisvaldsins, ákveður ríkisstjórnin eða sá aðili, er fer með þessi mál fyrir hennar hönd, tölu þeirra jeppabifreiða eða annarra slíkra bifreiða, sem heimilt er að flytja til landsins ár hvert. Með innflutningi þessum skal að því stefnt að fullnægja svo fljótt sem verða má þörfum landsbúa fyrir þessar bifreiðar og að nægur forði af varahlutum til þeirra sé ávallt fyrirliggjandi í landinu. Gjaldeyris- og innflutningsleyfi fyrir þessum bifreiðum skal bundið því skilyrði, að innflytjandi afhendi þeim, er öðlazt hafa kauprétt samkvæmt lögum þessum, bifreiðarnar fyrir hæfilegt verð að dómi verðlagsyfirvaldanna.

2. gr.

Úthlutun þeirra bifreiða, er um ræðir í 1. gr., annast 5 manna nefnd. Skulu 2 þeirra kosnir af stjórn Búnaðarfélags Íslands, 2 af stjórn Stéttarsambands bænda og einn af landbúnaðarnefndum Alþingis. Kosning þeirra gildir til 2 ára. Sömu aðilar kjósa jafnmarga varamenn. Nefndin kýs sér sjálf formann. Kostnaður við störf nefndarinnar greiðist af hlutaðeigandi aðilum í réttu hlutfalli við þátttöku þeirra í nefndinni.

3. gr.

Fjóra fimmtu hluta þeirra bifreiða, sem nefndin fær til ráðstöfunar, má hún aðeins afhenda bændum eða mönnum, er starfa að búum þeirra og í félagi við þá og eru heimilisfastir í sveitinni, og stofnunum landbúnaðarins og starfsmönnum þeirra, skógrækt og sandgræðsla með talin, sem verða vegna starfa sinna í sveitunum að ferðast mikið með bifreiðum.

4. gr.

Nefndin aflar sér árlega svo áreiðanlegra upplýsinga sem föng eru á um tölu þeirra býla á landinu, er geta haft full not jeppabifreiða til flutninga og annarra heimilisþarfa. Að fengnum þessum upplýsingum og tilkynningu gjaldeyrisyfirvaldanna um væntanlegan innflutning jeppabifreiða á árinu, tekur nefndin ákvörðun um skiptingu bifreiðanna milli sveitarfélaga. Við skiptin skal þess gætt, að bifreiðarnar skiptist milli búnaðarfélaganna í sem réttustu hlutfalli við tölu þeirra búenda í hverju búnaðarfélagi, sem geta haft bifreiðanna not, eins og áður er sagt, enda sé þá tekið fullt tillit til þeirra jeppabifreiða, sem áður hefur verið úthlutað. Að skiptum loknum tilkynnir nefndin formönnum búnaðarfélaganna tölu þeirra bifreiða, sem væntanlega koma til úthlutunar í félagið á því ári.

5. gr.

Stjórnir hreppabúnaðarfélaga taka á móti umsóknum bænda um jeppabifreiðar, hver af sínu félagssvæði. Nú berast búnaðarfélagsstjórn umsóknir um fleiri jeppabifreiðar en úthlutað verður í hreppinn á því ári, og gerir hún þá tillögu um, hverjum af umsækjendunum hún vill mæla með að því sinni, og sendir tillöguna að því búnu ásamt rökstuddri greinargerð fyrir henni til úthlutunarnefndar. Verði búnaðarfélagsstjórn ekki á eitt sátt, er minni hlutanum heimilt að senda einnig tillögur sínar ásamt greinargerð fyrir þeim til nefndarinnar.

6. gr.

Stjórnir hreppabúnaðarfélaga skulu leitast við í tillögum sínum um úthlutun jeppabifreiða að fylgja eftirgreindum reglum:

1. Að þeir einir komi til greina, er geta vegna samgönguskilyrða haft full not bifreiðanna til flutnings á fólki og vörum að og frá heimilum sínum.
2. Að bændur gangi fyrir öðrum hreppsbúum.
3. Að þeir bændur sitji í fyrirrúmi, er afskekktast búa eða eiga lengsta leið á þjóðveg og mesta hafa flutningsþörfina.
4. Nú er ekki teljandi munur á aðstöðu umsækjenda, og skal þá láta tvo eða fleiri bændur, sem sameinast um eina bifreið, ganga fyrir einstaklingum.

Óheimilt er að úthluta jeppabifreiðum til þeirra, sem áður hafa fengið slíkar bifreiðar við úthlutun, eiga keyrslufæra fólksbifreið eða hafa keyrslufæra fólksbifreið á heimili sínu. Nú hefur sveitarheimili keyrslufæra vörubifreið, og kemur það heimili því aðeins til greina við úthlutun, að ekki liggi fyrir umsóknir frá öðrum, er hafa óskoraðan rétt til úthlutunar jeppabifreiða.

7. gr.

Þegar úthlutunarnefnd hafa borizt tillögur frá stjórnum hreppabúnaðarfélaganna og hefur athugað þær ásamt öðrum upplýsingum, ef fyrir liggja og að þessu lúta, úthlutar hún bifreiðunum. Að lokinni úthlutun sendir nefndin stofnunum landbúnaðarins og stjórnum hreppabúnaðarfélaga tilkynningu um, hverjir af umsækjendum þeirra fái úthlutað jeppabifreið. Óheimilt er að afhenda bifreið fyrr en úthlutunarnefnd hefur borizt skrifleg yfirlýsing frá stjórn hlutaðeigandi stofnunar eða búnaðarfélags um, að hún skuldbindi sig að hlutast til um, að eigandi bifreiðarinnar hlíti fyrirmælum laganna í öllum greinum, og tilkynna nefndinni, ef út af ber.

8. gr.

Bifreiðar, sem úthlutað er til landbúnaðarstofnana eða starfsmönnum þeirra samkv. 3. gr., er óheimilt að selja án samþykkis úthlutunarnefndar. Nú hættir slíkur starfsmaður störfum hjá félaginu eða stofnuninni, er hann hefur unnið hjá, og skal hann þá afhenda bifreiðina þeim aðila, er útvegaði honum bifreiðina, nema úthlutunarnefnd heimili annað eftir tillögum hlutaðeigandi forstöðumanns eða félagsstjórnar.

Aðrar jeppabifreiðar, sem úthlutað er samkv. ákvæðum laga þessara til afnota í ákveðnum sveitarfélögum, er óheimilt að selja, gefa eða flytja burt úr hreppnum án samþykkis stjórnar hlutaðeigandi búnaðarfélags, sem hlutast til um, að bifreiðin sé áður auglýst til kaups fyrir hreppsbúa.

Nú vilja hreppsbúar ekki kaupa bifreiðina, og skal eigandi þá bjóða hana úthlutunarnefnd til ráðstöfunar, enda ábyrgist hún honum andvirði bifreiðarinnar. Vilji nefndin ekki sinna boði seljanda, eða honum hefur ekki borizt svar frá nefndinni mánuði eftir að víst er, að tilboðið barst henni í hendur, er eiganda heimilt að ráðstafa bifreiðinni.

Engar bifreiðar, sem um ræðir í lögum þessum, má selja nema með leyfi nefndarinnar og ekki yfir kostnaðarverði að meðtöldum söluskatti, þó að frádreginni hæfilegri fyrningu og skemmdum á bifreiðinni, ef einhverjar eru.

9. gr.

Nú þykir augljóst, að kaupandi, sem fengið hefur jeppabifreið fyrir atbeina úthlutunarnefndar, hefur notað sér yfirvarp til að eignast hana, þ. e. notar hana t. d. ekki á heimili sínu eða í sambandi við starf sitt eða atvinnurekstur, og ber nefndinni þá að krefjast þess, að bifreiðinni verði skilað aftur til nefndarinnar.

10. gr.

Bifreið, sem ráðstafað hefur verið gagnstætt ákvæðum laga þessara, skal afhent úthlutunarnefnd gegn upphaflegu kostnaðarverði að frádreginni fyrningu og skemmdum, er dómkvaddir menn meta.

11. gr.

Stjórnum hreppabúnaðarfélaga ber skylda til, hverri á sínu félagssvæði, að fylgjast með því, að fyrirmælum þessara laga sé fylgt, og tilkynna úthlutunarnefnd, ef út af ber, en úthlutunarnefnd hlutast til um rannsókn málsins.

12. gr.

Heimilt er landbúnaðarráðherra að setja með reglugerð samkvæmt tillögum úthlutunarnefndar ákvæði, er tryggi réttláta dreifingu stærri og minni dráttarvéla til landbúnaðarþarfa.

13. gr.

Brot gegn lögum þessum og reglugerð varða sektum frá 200—10000 kr.

Bráðabirgðaákvæði.

Þeir aðilar, sem áður hafa fengið gjaldeyris- og innflutningsleyfi fyrir jeppabifreiðum, greitt hluta andvirðis fyrir árslok 1947, en ekki fengið bifreiðarnar, skulu ganga fyrir um úthlutun að öðru jöfnu.

Ed. 675. Frumvarp til laga [16. mál]

um áburðarverksmiðju.

(Eftir eina umr. í Nd.)

1. gr.

Ríkisstjórninni er heimilt að láta reisa og reka verksmiðju með fullkomnum vélum og öðrum nauðsynlegum útbúnaði, til framleiðslu þessara áburðarefna:

ammoniaks, úr vatni og lofti,
ammonium-nitrats,
ammonium-fosfats.

Stærð verksmiðjunnar skal miðuð við það, að vinnslugeta hennar sé 5000—10000 smál. ársframleiðsla af köfnunarefni að minnsta kosti, en framleiðslunni skal að öðru leyti hagað á þann hátt, er ódýrastan má telja, en þó hagkvæman fyrir íslenzka jarðrækt. Jafnframt skal höfð hliðsjón af almennri þörf landsins og notum fyrir þau hráefni, sem verksmiðjan framleiðir á ýmsum stigum áburðarvinnslunnar.

2. gr.

Ríkissjóður leggur fram fé til stofnunar áburðarverksmiðju samkvæmt ákvæðum fjárlaga, og er fé þetta óafturkræft. Ef fjárveitingar samkvæmt fjárlögum hrökkva ekki til stofnkostnaðar verksmiðjunnar, er verksmiðjustjórninni heimilt að taka það fé, sem á vantar, að láni innanlands eða utan með samþykki ríkisstjórnarinnar og ábyrgð ríkissjóðs. Áburðarverksmiðjan skal standa straum af vöxtum og afborgunum þessara lána.

3. gr.

Verksmiðjan er sjálfseignarstofnun, er lýtur sérstakri stjórn. Verksmiðjuna má hvorki selja né veðsetja, nema heimild sé veitt til þess af Alþingi.

4. gr.

Stjórn verksmiðjunnar skal skipuð þremur mönnum, sem kosnir skulu hlutfallskosningu í sameinuðu Alþingi til fjögurra ára í senn. Landbúnaðarráðherra skipar einn þeirra formann verksmiðjustjórnar. Ráðherra setur stjórninni erindisbréf og ákveður laun hennar. Verksmiðjustjórnin hefur á hendi stjórn verksmiðjunnar.

5. gr.

Stjórn verksmiðjunnar ákveður, að fengnu samþykki landbúnaðarráðherra, hvenær og hvar hún skuli reist. Skal það gert svo fljótt sem ástæður leyfa, en áður skal þó hafa fengizt trygging fyrir nægri raforku og nægilegu fé til greiðslu stofnkostnaðar.

6. gr.

Verksmiðjustjórnin ræður framkvæmdastjóra með verkfræðilegri menntun til þess að hafa á hendi daglega stjórn verksmiðjunnar og umsjón með rekstri hennar. Framkvæmdastjóri hefur prókúruumboð fyrir verksmiðjuna og ræður starfsfólk, en hlítir að öðru leyti ákvæðum erindisbréfs, sem verksmiðjustjórnin setur honum. Til þess að skuldbinda verksmiðjuna þarf undirskrift tveggja stjórnenda.

7. gr.

Endurskoðendur verksmiðjunnar eru tveir, skipaðir af landbúnaðarráðherra til tveggja ára í senn, og ákveður hann þóknun þeirra að fengnum tillögum verksmiðjustjórnar.

8. gr.

Áburðarsala ríkisins kaupir af verksmiðjunni áburð til notkunar innanlands fyrir kostnaðarverð, er verksmiðjustjórn áætlar og ákveður fyrir 1. marz ár hvert, að fengnu samþykki landbúnaðarráðherra. Í hinu áætlaða kostnaðarverði skal reikna með nauðsynlegum og lögákveðnum tillögum í fyrningarsjóð og varasjóð verksmiðjunnar.

Áburðarsala ríkisins skal í byrjun hvers árs láta verksmiðjustjórninni í té áætlun um áburðarmagn til innanlandsnotkunar það ár.

9. gr.

Áburðarverksmiðjan skal undanþegin öllum sköttum og opinberum gjöldum nema útsvari til sveitarsjóðs. Aldrei má leggja á hana hærra útsvar en nemi 1% af tekjuafgangi hennar.

10. gr.

Framlag áburðarverksmiðjunnar til fastra sjóða hennar skal vera á hverju ári sem hér segir.

a. Til fyrningarsjóðs 2½% af kostnaðarverði húsa, lóðar og annarra mannvirkja og 7½% af kostnaðarverði véla og annarra áhalda.
b. Til varasjóðs allt að 3% af kostnaðarverði framleiðslunnar.

11. gr.

Reikningsár verksmiðjunnar er almanaksárið. Skal stjórn hennar gera reikningsskil fyrir hvert starfsár svo fljótt sem auðið er og svo snemma, að endurskoðun geti farið fram fyrir lok aprílmánaðar ár hvert. Reikningar skulu sendir landbúnaðarráðherra þegar að lokinni endurskoðun undirritaðir af stjórn og framkvæmdastjóra og áritaðir af endurskoðendum. Reikningana skal birta árlega í B-deild Stjórnartíðinda.

12. gr.

Nánari ákvæði um rekstur og tilhögun verksmiðjunnar setur landbúnaðarráðherra með reglugerð, að fengnum tillögum verksmiðjustjórnarinnar.

13. gr.

Ríkisstjórninni er heimilt þrátt fyrir ákvæði 2. gr. að leita eftir þátttöku félaga og einstaklinga um hlutafjárframlög til stofnunar áburðarverksmiðjunnar og leggja fram til hennar hlutafé úr rekstrarsjóði áburðarsölu ríkisins allt að einni milljón króna. Ef slík framlög nema minnst 4 milljónum króna, leggur ríkissjóður fram hlutafé, sem þá vantar til, að hlutaféð verði alls 10 milljónir kr., og skal verksmiðjan þá rekin sem hlutafélag.

Heimilt er að greiða hluthöfum í arð af hlutafé þeirra allt að 6 af hundraði, og hafi áður verið greiddur allur rekstrarkostnaður ársins svo og sjóðagjöld samkv. 10. gr.

Nú notar ríkisstjórnin heimild 1. mgr. þessarar greinar, og skal þá stjórn verksmiðjunnar skipuð fimm mönnum. Sameinað Alþingi kýs þrjá þeirra hlutfallskosningu til fjögurra ára í senn, og skipar landbúnaðarráðherra einn þeirra formann verksmiðjustjórnarinnar. Hluthafar, aðrir en ríkissjóður, kjósa tvo stjórnarnefndarmenn til eins árs í senn.

Endurskoðendur skulu vera tveir, annar tilnefndur af landbúnaðarráðherra, en hinn kosinn af hluthöfum, öðrum en ríkissjóði. Að öðru leyti skulu á hluthafafundi, þrátt fyrir ákvæði hlutafélagslaganna, engar takmarkanir vera á atkvæðarétti að því er hlutafé ríkisins snertir.

14. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Ákvæði til bráðabirgða.

Kosning fyrstu verksmiðjustjórnar samkvæmt 4. gr. fer fram á þingi því, er setur lög þessi, og gildir til ársloka 1952.

Ed. 676. Breytingartillaga [8. mál]

við frv. til l. um Landsbókasafn.

Frá Gísla Jónssyni.

Við 8. gr. Í stað orðanna „allt að 6“ í 2. mgr. komi: allt að 4.

Ed. 677. Frumvarp til laga [201. mál]

um viðauka við lög nr. 15 8. marz 1948, um innflutning búfjár.

(Eftir 3. umr. í Nd.)

1. gr.

Veita má Sambandi íslenzkra samvinnufélaga og Reykjavíkurbæ, öðrum aðila eða báðum, leyfi til þess að flytja inn nautgripi eða sæði úr nautum af hreinræktuðum holdakynjum og mjólkurkynjum til þess að kynbæta hinn innlenda nautgripastofn til kjötframleiðslu og mjólkurframleiðslu.

2. gr.

Leyfi til þess að flytja inn nautgripi eða sæði samkvæmt 1. gr. skal bundið þeim skilyrðum, að hlutaðeigandi aðili stofni eða reki bú í eyju í nágrenni Reykjavíkur og setji á stofn sóttvarnarstöð í sambandi við búið. Þar skulu viðhafðar fullkomnar varúðar- og sóttvarnarráðstafanir í öllum greinum. Skal rekstri búsins og einangrun að öllu leyti hagað svo sem fyrir er mælt í 4.—10. gr. laganna.

Á meðan ríkið hefur ekki reist sérstaka sóttvarnarstöð, skal sóttvarnarstöð sú, er hér greinir, taka að sér hlutverk hennar samkvæmt samningi við ríkisstjórnina.

3. gr.

Heimild þá, sem felst í lögum þessum, má landbúnaðarráðherra því aðeins nota, að Búnaðarfélag Íslands og Tilraunaráð búfjárræktar mæli með því og yfirdýralæknir samþykki innflutninginn. Búnaðarfélag Íslands og Tilraunaráð búfjárræktar skulu samþykkja val nautgripakynja þeirra, sem inn eru flutt eða sæði er flutt inn úr, svo og val hinna innlendu nautgripa, sem notaðir eru til kynblöndunarinnar.

4. gr.

Landbúnaðarráðherra setur reglugerð um framkvæmd laga þessara, að fengnum tillögum Búnaðarfélags Íslands og Tilraunaráðs búfjárræktar með samþykki yfirdýralæknis. Skal þar setja greinileg ákvæði um rekstur sóttvarnar- og kynblöndunarbúsins, svo og um hvenær og á hvern hátt má flytja þaðan sæði og búpening til frekari kynbóta annars staðar.

5. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Ed. 678. Breytingartillaga [184. mál]

við frv. til l. um hlutatryggingasjóð bátaútvegsins.

Frá Steingr. Aðalsteinssyni og Páli Zóphóníassyni.

Við 8. gr. Töluliður 2. orðist svo:

10% af árlegum nettohagnaði Landsbanka Íslands og Útvegsbanka Íslands, í fyrsta sinn af hagnaði ársins 1948.

Nd. 679. Nefndarálit [203. mál]

um frv. til l. um bráðabirgðabreyt. á l. nr. 56/1927, um skemmtanaskatt og þjóðleikhús.

Frá menntamálanefnd.

Nefndin mælir með því, að málið nái fram að ganga, en flytur breytingartillögur við frumvarpið, sem prentaðar eru á sérstöku þingskjali.

Einstakir nefndarmenn áskilja sér rétt til að flytja frekari breytingartillögur eða fylgja breytingartillögum, sem fram kunna að koma.

Alþingi, 9. maí 1949.

Páll Þorsteinsson, form., frsm.	Gunnar Thoroddsen, fundaskr.	Barði Guðmundsson.
Sigfús Sigurhjartarson.	Sigurður Bjarnason.	

Nd. 680. Breytingartillögur [203. mál]

við frv. til l. um bráðabirgðabreyt. á l. nr. 56/1927, um skemmtanaskatt og þjóðleikhús.

Frá menntamálanefnd.

1. Við 1. gr.
   a. Í stað „30%“ í a-lið komi: 25%.
   b. Í stað „25%“ í b-lið komi: 40%.
   c. Í stað „35%“ í d-lið komi: 25%.
2. Á eftir 1. gr. komi tvær nýjar greinar (og breytist greinatala frv. samkv. því):
   a. (2. gr.) Byggingarnefnd þjóðleikhússins er heimilt með samþykki ráðherra að taka lán til að ljúka byggingu þjóðleikhússins, enda skal lánið endurgreitt af tekjum þjóðleikhússjóðs.
   b. (3. gr.) Tekjur rekstrarsjóðs þjóðleikhússins árið 1948 skulu renna í þjóðleikhússjóð. Verði tekjuafgangur af rekstri þjóðleikhússins, skal hann renna í þjóðleikhússjóð, unz byggingarkostnaður hússins er að fullu greiddur.

Sþ. 681. Breytingartillögur [42. mál]

við frv. til fjárlaga fyrir árið 1949.

I. Frá *Steingrími Aðalsteinssyni.*
Við 12. gr. IX. (Fjórðungssjúkrahús á Akureyri).
Fyrir „300 000“ kemur 400 000

II. Frá *Jónasi Jónssyni.*
Við 13. gr. A. II. a. 76. Nýr liður:
Til Norðurlandsbrautar milli Húsavíkur og Laxamýrar vegna mjólkurflutninga að vetri til 45 000

III. Frá *Steingrími Aðalsteinssyni.*
Við 13. gr. C. VIII. 2. (Akureyri).
Fyrir „100 000“ kemur 300 000

IV. Frá *Brynjólfi Bjarnasyni.*
Við 13. gr. C. VIII. 26. (Vestmannaeyjar).
Fyrir „150 000“ kemur 200 000

V. Frá *Jóhanni Jósefssyni* og *Brynjólfi Bjarnasyni.*
Við 15. gr. XV. 5. Nýr liður:
Til Lúðrasveitar Vestmannaeyja, gegn jafnmiklu framlagi annars staðar að 10 000

VI. Frá *Barða Guðmundssyni, Lárusi Jóhannessyni* og *Páli Þorsteinssyni.*
Við 17. gr. 19. Nýr liður:
Til Fjórðungssambands Austurlands 10 000

VII. Frá *Ásgeiri Ásgeirssyni, Hermanni Jónassyni* og *Ólafi Thors.*
Við 17. gr. 22. Nýr liður:
Til Félags hinna Sameinuðu þjóða 6 000

VIII. Frá *Jörundi Brynjólfssyni, Steingrimi Steinþórssyni, Eiriki Einarssyni* og *Jóni Sigurðssyni.*
Við 22. gr. VII. Nýr liður:
Að veita 50 þús. kr. byggingarstyrk til húsmæðraskóla Árnýjar Filippusdóttur í Hveragerði og Ingibjargar Jóhannsdóttur að Löngumýri í Skagafirði, 25 þús. kr. til hvors skóla.

IX. Frá *Eiriki Einarssyni* og *Jörundi Brynjólfssyni.*
Við 22. gr. XI. Nýr liður:
Að gefa þeim Ásólfi og Stefáni Pálssonum eftir áfallinn en ógreiddan veitingaskatt vegna gistihúss þeirra á Ásólfsstöðum.

Ed. 682. Breytingartillaga [184. mál]

við frv. til l. um hlutatryggingasjóð bátaútvegsins.

Frá Gísla Jónssyni.

Við 8. gr. Við 1. tölulið bætist: Á meðan ríkissjóður greiðir lögboðið ábyrgðarverð fyrir sjávarafurðir, skal útflutningsgjaldið, sem um ræðir í þessari grein, dregið frá ábyrgðarverðinu.

Nd. 683. Nefndarálit [195. mál]

um frv. til l. um heimild fyrir ríkisstjórnina til að taka á móti og ráðstafa framlögum samkvæmt áætlun um fjárhagslega viðreisn Evrópu.

Frá minni hl. fjárhagsnefndar.

Fjárhagsnefnd hefur orðið ósammála um afgreiðslu þessa frv. Meiri hl. (ÁÁ, AG, JóhH, SkG) leggur til, að það sé samþykkt. Ég er hins vegar andvígur frv. af eftirfarandi ástæðum:

1. *Frumvarp þetta, ef að lögum yrði, misbýður virðingu þjóðarinnar.* Ísland hefur eftir síðasta stríð í fyrsta skipti í sögu sinni verið þess umkomið að gefa öðrum þjóðum gjafir fjárhagslegs eðlis. Gjafmildi Íslendinga og hjálpsemi við nauðstaddar Norðurálfuþjóðir var rómuð á fyrstu árunum eftir stríð og vakti virðingu og vinarhug til þjóðar vorrar. Sjálfum þótti oss Íslendingum vænt um það, eftir alda basl og niðurlægingu, að vera þess umkomnir að gefa gjafir. Það jók á þjóðarstolt vort og tilfinningu fyrir gildi þjóðar vorrar, er fréttirnar bárust um, að hún væri meðal hinna fremstu þjóða heims og stundum fremst í því, hlutfallslega við fólksfjölda, að gefa bágstöddum börnum fæði og föt. Það var ánægjulegt að geta hafið þannig göngu sína sem sjálfstætt lýðveldi.

Þegar núverandi ríkisstjórn síðsumars 1947 ákvað þátttöku Íslands í „viðreisnarsamstarfi Evrópuþjóðanna“ (Marshall-samtökunum), var því lýst yfir af hennar hálfu, að Ísland yrði þar sem *„veitandi“*, en ekki *„þiggjandi“*. Þá um haustið (17. okt. 1947) sagði utanríkisráðherra ríkisstjórnarinnar eftirfarandi um afstöðu til gjafa frá Bandaríkjunum: „Því miður er efnahagur margra Evrópuþjóða svo slæmur eftir eyðileggingar styrjaldarinnar, að þeim er um megn að standa sjálfar straum af endurreisnarstarfinu. Þess vegna er það von þeirra, að áætlanir þessar verði grundvöllur þess, að Bandaríkin veiti þeim fjárhagslegan tilstyrk. Ísland er

hins vegar ekki í hópi þeirra þjóða, sem hafa beðið um slíka aðstoð, og við skulum vona, að við berum gæfu til að haga svo málum okkar, að við þurfum ekki á henni að halda.“

Nú fer þessi sama ríkisstjórn fram á heimild Alþingis til þess að þiggja styrk án endurgjalds frá Bandaríkjastjórn, og blöð hennar stæra sig af því, að Ísland geti orðið eitt hið hæsta land, hlutfallslega við fólksfjölda, á meðal styrkþega Bandaríkjastjórnar. Það, að svona skuli vera komið nú, er ein sönnun þess, hver ógæfa stjórn núverandi stjórnarflokka á landinu hefur verið þjóðinni þessi tvö ár. Ég álít það niðurlægingu fyrir þjóð vora að gerast nú styrkþegi Bandaríkjastjórnar, og þegar af þeirri ástæðu bæri því að fella þetta frumvarp.

2. *Frumvarp þetta, ef að lögum yrði, skerðir efnahagslegt sjálfstæði Íslendinga.* Taki Íslendingar á móti slíku framlagi án endurgjalds, kemur til framkvæmda 4. gr. samningsins „milli Íslands og Bandaríkjanna um efnahagssamvinnu“ frá 3. júlí 1948. En samkvæmt þeirri grein skal Ísland leggja jafnvirði gjafanna inn á „sérstakan reikning“ í Landsbankanum og má aðeins nota það fé *„til þeirra ráðstafana, sem samkomulag kann að nást um á hverjum tíma við ríkisstjórn Bandaríkja Ameríku“* (4. gr., 6. málsgr.). Því fer fjarri, að Íslendingar fái þetta gjafafé til frjálsrar ráðstöfunar, eins og þjóðin álítur bezt samsvara hagsmunum sínum. Þvert á móti verða Íslendingar að gera tillögur þar um til Bandaríkjastjórnar, svipað og Alþingi gerði til dönsku stjórnarinnar, áður en vér fengum fjárforræði, og Bandaríkjastjórn leggur síðan sitt mat á tillögur Íslendinga. Segir þar um svo í samningnum (4. gr., 6. mgr.): *„Við athugun á tillögum, sem ríkisstjórn Íslands gerir um ráðstöfun á innstæðum á hinum sérstaka reikningi, mun ríkisstjórn Bandaríkja Ameríku hafa í huga þá þörf, sem er á því að efla eða viðhalda öryggi í peningamálum og fjármálum innanlands á Íslandi og á því að efla framleiðslustörf og milliríkjaviðskipti svo og leit að og eflingu á nýjum auðlindum á Íslandi“.*

Bandaríkjastjórn fær því valdið til ráðstöfunar á þessu gjafafé sínu. Alþingi og ríkisstjórn verða aðeins ráðgefandi, hafa málfrelsi og tillögurétt, en Bandaríkjastjórn atkvæðisréttinn. Í krafti þessa valds, sem Alþingi Íslendinga mundi veita Bandaríkjastjórn með þessum lögum, gæti sú stjórn farið að hlutast til um fjármál Íslendinga, sett skilyrði um gengi íslenzkrar krónu, um hvaða fyrirtæki skuli reist hér og hvers konar rekstrarfyrirkomulag skuli haft á þeim o. s. frv. Og slík afskipti Bandaríkjastjórnar af innanlandsmálum vor Íslendinga mundu að líkindum verða dulbúin þannig, að ríkisstjórn sú, sem orðin væri skuldbundin Bandaríkjastjórn sakir styrkþágunnar, mundi leggja tillögur Bandaríkjastjórnar fyrir Alþingi sem sínar, en hindra allar breytingar á þeim með dularfullum tilvísunum til þess, að með því að ganga ekki að þessum tillögum væru Íslendingar að útiloka sjálfa sig frá styrk, sem vér ættum von á, eða frá viðskiptum, sem vér gætum fengið. Og engum, sem til þekkir, þarf að blandast hugur um, á hvern veg Bandaríkjastjórn mundi nota afskipti sín af íslenzkum málum, þeim er hún áskilur sér rétt til að ráða um samkvæmt grein þeirri, er hér var vitnað til. Annars vegar mundu afskipti Bandaríkjastjórnar beinast að lækkun á gengi íslenzkrar krónu og frekari rýrnun á lífskjörum íslenzks almennings, hins vegar að því að tryggja íslenzkum og amerískum auðmönnum ítök og völd í fyrirtækjum hér á landi, eftir því sem þeim hentaði vegna íslenzkra þjóðfélagshátta. Bandaríkjastjórn yrði með samþykkt frumvarps þessa sköpuð aðstaða til óþolandi íhlutunar um innanlandsmál Íslendinga. Hin yfirlýsta stefna Bandaríkjastjórnar gegn ríkisrekstri og með yfirráðum auðmanna yfir atvinnutækjunum ýtir undir slíkar tilraunir auðmanna hér á landi, svo sem greinilega kom í ljós í gerbreytingu þeirri, sem gerð var nú á Alþingi á stjórn fyrirhugaðrar áburðarverksmiðju ríkisins.

Þá er og rétt að leggja áherzlu á, að það eyðileggur að mestu allar áætlanir vor Íslendinga um nýsköpun atvinnulífs vors til lengri tíma að þurfa að bíða eftir fjárveitingum Bandaríkjaþings og samþykki Bandaríkjastjórnar, sem þar að auki

fæst aðeins til eins árs í senn. Það er að vísu illt að þurfa að taka lán, en láni, er fengið væri á frjálsan hátt, gætum vér þó ráðstafað að eigin vild og óháðir búið til áætlanir um framkvæmdir með því lánsfé. En það, að þurfa að sækja um leyfi Bandaríkjastjórnar, hvernig fé þessu yrði varið, yrði uppbyggingu atvinnulífs vors fjötur um fót.

Ég álít, að íslenzk fjármál og íslenzkt atvinnulíf verði með samþykkt þessa frumvarps svo háð valdi Bandaríkjastjórnar, að þegar af þeirri ástæðu bæri að fella það.

3. Það er vægast sagt óviðkunnanlegt, að Bandaríkjastjórn gefi Íslandi fjárgjafir og auglýsi oss Íslendinga sem styrkþega sína fyrir gervöllum heimi, á sama tíma sem Bandaríkjastjórn svíkst um að greiða Íslandi þá tolla og skatta af vörum og mönnum á Keflavíkurflugvelli, sem henni samkvæmt samningi og íslenzkum lögum ber að gera. Og það bætir ekki að mínu áliti slíka framkomu, að Bandaríkjastjórn skuli áskilja sér 5% af því gjafafé, er hún veitir Íslandi, til ráðstöfunar vegna útgjalda hennar hér. Af þeim 16 milljónum króna, sem ríkisstjórninni nú standa til boða sem gjöf, eiga því 800 þúsundir að fara til starfsemi, sem Bandaríkjastjórn hefur með höndum hér, og mun þar með ekki átt við starfrækslu Keflavíkurflugvallarins, heldur upplýsinga- og áróðursstarfsemi Bandaríkjastjórnar hér á landi. Það ætti fyrst að láta Bandaríkin borga þá tolla og skatta, sem þeim ber að greiða hér, áður en þeim væri gefin aðstaða til að auglýsa Ísland sem styrkþega og sjálft sig sem góðgerðaaðilann, sem haldi lífi í oss Íslendingum af einskærri miskunnsemi.

4. Síðast en ekki sízt verður ekki hjá því komizt að álykta, að framlag það, sem Bandaríkjastjórn heitir ríkisstjórninni án endurgjalds, sé síður en svo endurgjaldslaust, þótt eigi skuli greitt í peningum, heldur í verðmætum, sem eigi verða til peninga metin. Bandaríkjastjórn hefur sjálf gefið opinberlega tilefnið til slíkrar ályktunar. Hún tilkynnti heiminum, að hún hefði ákveðið að veita Íslandi 2½ milljón dollara (16 millj. kr.) án endurgjalds, um leið og þrír íslenzkir ráðherrar flugu til Washington til þess að meðtaka Atlantshafssamninginn. Og eftir að sá samningur er gerður, fer nú ríkisstjórnin fram á að fá að meðtaka peningana. — Ríkisstjórn, sem verður að fá slíkt framlag sem hér um ræðir frá erlendri ríkisstjórn til þess að geta haldið áfram að stjórna landinu, er ekki sjálfráð gerða sinna. Og það ríki, sem slík stjórn ræður, er að glata sjálfstæði sínu með því að verða öðru ríki svona fjárhagslega háð.

Ég legg því til, að þetta frv. verði fellt.

Alþingi, 10. maí 1949.

Einar Olgeirsson.

Nd. 684. Frumvarp til laga [208. mál]

um breyting á lögum nr. 37 29. apríl 1946, um áhrif kjötverðs á framfærsluvísitölu.

Frá meiri hluta fjárhagsnefndar.

1. gr.

3. gr. laganna orðist svo:

Rétt til niðurgreiðslu samkvæmt 2. gr. hafa þó ekki:

1. Þeir, sem hafa landbúnað að atvinnu að einhverju leyti.
2. Atvinnurekendur, sem hafa 3 menn eða fleiri í þjónustu sinni.
3. Þeir, sem fá laun sín greidd að nokkru eða öllu leyti með fæði.

4. Þeir, sem hafa hreinar tekjur, sem nema persónufrádrætti margfölduðum með 2,5 eða meira, eins og hann er reiknaður á hverjum tíma. Nú eru hreinar tekjur lægri en að framan greinir, en þó ekki þeim mun lægri sem niðurgreiðslunni nemur, og skal þá borga hluta hennar unz tekjurnar að viðbættri niðurgreiðslu nema 2,5 sinnum persónufrádrætti samkvæmt framansögðu.

2. gr.

Lög þessi öðlast gildi þegar í stað, og skulu ákvæði þeirra lögð til grundvallar við útreikning og framkvæmd niðurgreiðslna frá 20. september 1948 að telja.

Greinargerð.

Frv. þetta er flutt samkv. ósk ríkisstjórnarinnar, og hafa einstakir nefndarmenn óbundið atkvæði.

Með þeim hækkunum á ýmsum útgjaldaliðum fjárlaganna, sem orðið hafa við meðferð málsins á Alþingi, er sýnt, að ekki verður náð jöfnuði á frumvarpið nema með auknum tekjum eða ráðstöfunum, sem þeim jafngilda. Niðurgreiðslurnar á kjöti eru nú svo þungur útgjaldabaggi, að ef þeim ásamt uppbótunum á kjötverði til bænda væri kippt út úr fjárlögunum, mundi það nærri geta komið jöfnuði á frv. eins og það er nú. Hér er lagt til að takmarka meir en nú er aðgang að niðurgreiðslu á kjöti, þegar tekjur manna hafa náð vissu lágmarki, sem jafngildir að vísu nokkurri hækkun á skatti, en nauðsynlegt er að gera það sem unnt er til þess að afgreiða fjárlögin greiðsluhallalaus.

Sþ. 685. Breytingartillögur [42. mál]

við frv. til fjárlaga fyrir árið 1949.

I. Frá *Skúla Guðmundssyni, Hannibal Valdimarssyni, Sigfúsi Sigurhjartarsyni, Páli Þorsteinssyni* og *Steingrími Steinþórssyni.*

Við 3. gr.

a. Við A. 3. (Áfengisverzlun ríkisins).

Aftan við liðinn komi svo hljóðandi athugasemd:

Enginn viðskiptamaður má njóta sérréttinda hjá verzluninni, hvorki um verðlag á áfengi né annað, nema ákveðin séu í lögum.

b. Við A. 4. (Tóbakseinkasala ríkisins).

Aftan við liðinn komi svo hljóðandi athugasemd:

Enginn viðskiptamaður má njóta sérréttinda hjá verzluninni, hvorki um verðlag á tóbaki né annað, nema ákveðin séu í lögum.

II. Frá *Gunnari Thoroddsen, Sigurði Bjarnasyni, Ásgeiri Ásgeirssyni* og *Hermanni Jónassyni.*

Við 15. gr. A. IX. (Skáld, rithöfundar og listamenn).

1. Við a. (Grunnstyrkir).
   Fyrir „150 000“ kemur 173 000
2. Við b. (Verðlagsuppbót).
   Fyrir „300 000“ kemur 346 000

III. Frá *Hermanni Jónassyni, Birni Ólafssyni, Ásgeiri Ásgeirssyni* og *Einari Olgeirssyni.*

Við 22. gr. XV. Nýr liður:

Að veita Helga Hjörvar skrifstofustjóra ársleyfi frá starfi með launum, er hann hefur unnið full 20 ár við útvarpið.

Sþ. 686. Breytingartillögur [42. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 84 6. júlí 1932, um bifreiðaskatt o. fl.

Frá meiri hl. fjárveitinganefndar.

1.	Við 20. gr. Út. VI. 2. (Til byggingar fávitahælis).		
		Fyrir „400 000“ kemur	100 000
2.	— 20. — Út. XII. (Byggingar á prestssetrum).		
		a. Fyrir „300 000“ kemur	700 000
		b. Nýir liðir:	
		1. Til útihúsa á prestssetrum	200 000
		2. Til byggingar farþegaskýlis vegna tolleftirlits	90 000
		3. Til byggingar sýslumannabústaða	400 000

Nd. 687. Nefndarálit [207. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 84 6. júlí 1932, um bifreiðaskatt o. fl.

Frá meiri hl. fjárhagsnefndar.

Meiri hl. leggur til, að frv. verði samþykkt.

Alþingi, 9. maí 1949.

Ásg. Ásgeirsson, form. Axel Guðmundsson, frsm. Jóhann Hafstein.
Skúli Guðmundsson.

Nd. 688. Nefndarálit [207. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 84 6. júlí 1932, um bifreiðaskatt o. fl.

Frá minni hl. fjárhagsnefndar.

Nefndin hefur ekki orðið sammála um frv. Ég legg til, að frv. verði fellt. Hjálagt birtist sem fylgiskjal álit bifreiðastjóra og bifreiðaeigenda á frv.
Breytingartillögur flyt ég á sérstöku þingskjali.

Alþingi, 10. maí 1949.

Einar Olgeirsson.

Fylgiskjal.

Reykjavík, 9. maí 1949.

Til Alþingis, Reykjavík.

Undirrituð félög bifreiðaeigenda í landinu leyfa sér hér með að senda hinu háa Alþingi eftirfarandi mótmæli við framkomnu frumvarpi um breytingu á lögum nr. 84 6. júlí 1932, um bifreiðaskatt o. fl.
Þessi fyrirhugaða hækkun á innflutningsgjaldi af benzíni mundi hækka rekstrarkostnað fólksflutningabifreiðar um kr. 1909.00 á ári, ef gert er ráð fyrir, að hver

benzínlítri hækki um 23 aura pr. lítra, þ. e. eyri bætt við vegna söluskatts og væntanlegrar þóknunar til benzínsala vegna innheimtu á þessum tollauka.

Ef hér væri aðeins um það að ræða að hækka rekstrarkostnað bifreiða um kr. 1909.00, eins og fyrrgreint frumvarp ber með sér, væri e. t. v. hægt að bæta bifreiðastjórum þessa hækkun með auknu ökugjaldi. En það er hins vegar staðreynd, að Alþingi hefur tvívegis á s. l. tveim árum stóraukið tolla og skatta á bifreiðastjórastéttinni, svo sem hér skal sýnt fram á.

Með setningu hinna svokölluðu dýrtíðarlaga um s. l. áramót var rekstrarkostnaður leigubifreiða aukinn um kr. 4833.89, sem fólst í hækkun á varahlutum, gúmmíi, ýmissi efnisvöru, hækkun á bifreiðaverði, söluskatti af viðgerðarkostnaði og hækkun á benzíni.

Á árinu 1947 var rekstrarkostnaður leigubifreiða hækkaður að beinni tilhlutun Alþingis með hækkun á benzínskatti, gúmmískatti og þungaskatti, tryggingagjöldum og verðtollshækkun. Nam þessi hækkun um það bil kr. 3000.00 á hverja bifreið á ári.

Aukinn rekstrarkostnaður fólksbifreiða vegna laga, er sett hafa verið af Alþingi s. l. tvö ár, nemur því:

Vegna lagasetningar á árinu 1947	kr. 3000.00
Vegna lagasetningar í ársbyrjun 1949	— 4834.89
Vegna fyrirhugaðrar hækkunar nú	— 1909.00
	Kr. 9743.89

Til þess að mæta þeim hækkunum, sem þegar hafa verið lagðar á leigubifreiðastjóra s. l. tvö ár, hafa þeir fengið hækkun á ökugjaldi einu sinni, þ. e. að byrjunargjald var hækkað um 50 aura á hverja ökuferð, og er þetta sú eina hækkun, sem orðið hefur á ökugjaldi fólksbifreiða síðan 19. apríl 1943, en þá var vísitala framfærslukostnaðar 262. Samtímis þessu hefur ökugjaldið verið lögþvingað og benzín takmarkað.

Bifreiðastjórafélagið Hreyfill telur það hina mestu óhæfu, að þegar skattar eða tollar eru hækkaðir, þá skuli hækkanirnar alltaf vera látnar verka þannig, að þær komi þyngst niður á launþegunum, sem hafa takmarkaðar tekjur, svo og, að þegar slíkar hækkanir eru gerðar, skuli þær ávallt koma þyngst niður á atvinnubifreiðastjórum og á tekjur þeirra með fimm- til sexföldum þunga, miðað við aðrar stéttir. Þetta á þó alveg sérstaklega við um leigubifreiðastjóra á mannflutningabifreiðum, en þeim er nú gert að greiða hærra gjald af bifreiðainnflutningi en t. d. vörubifreiðastjórum og innflytjendum jeppabifreiða. — Bifreiðastjórafélagið Hreyfill telur þetta vera hámark þeirra aðgerða ríkisvaldsins, sem virðast miða að því að útrýma atvinnubifreiðastjórum sem stétt, og vítir Hreyfill harðlega þau sjónarmið ríkisvaldsins að mismuna þegnunum eftir því, hvar í stétt þeir standa. Félagið telur, að við slíkt verði ekki öllu lengur unað, því að með slíku fyrirkomulagi er atvinna leigubifreiðastjóra algerlega dauðadæmd, vegna þess að ekki er nokkur leið til þess, að þeir geti haft kaup í þessari vinnu, sem nokkuð nálgast laun annarra stétta og þeim ber með hliðsjón af kaupi og kjarasamningum bifreiðastjóra, sem bein laun taka.

Þá má einnig benda á það, að verðlagseftirlitið hefur fram að þessu daufheyrzt við öllum óskum um lagfæringar á ökutaxta leigubifreiðastjóra. Þannig hefur kosti leigubifreiðastjóra verið þrengt í sífellu án nokkurs tillits til greiðslugetu þessarar atvinnustéttar.

Bifreiðastjórafélagið Hreyfill telur hins vegar, að það sé mjög hæpin leið, eins og nú standa sakir í þjóðfélaginu, að hækka bifreiðaleigu, sem virðist þó vera eina hugsanlega leiðin, eins og nú er málum komið, eða sæta þeim kosti að leggja atvinnugreinina í heild niður, og lætur félagið þjóðfélagið og þegnana dæma um, hvort það sé sæmandi nútíma þjóðfélagi.

Í trausti þess, að það sé ekki stefna ríkisvaldsins að útrýma þessari stétt manna úr þjóðfélaginu, þá skorar Bifreiðastjórafélagið Hreyfill á Alþingi að endurskoða nú þegar afstöðu sína til lífsafkomu leigubifreiðastjóra og gera þegar í stað ráðstafanir til úrbóta með því að tryggja þessari stétt manna laun í hlutfalli við aukinn tilkostnað og aukna dýrtíð og leiðréttingu á þeim óskaplegu tolla- og skattaálögum, sem hvíla á þessari stétt og enn á að hækka.

Enda þótt frumvarp þetta geri ráð fyrir, að atvinnubifreiðastjórum skuli tryggðar með auknu ökugjaldi tekjur, sem beri uppi þessar auknu álögur, þá telur Bifreiðastjórafélagið Hreyfill það ekki rétta leið með tilliti til dýrtíðarinnar í landinu og að hætta muni vera á því, að atvinna þeirra minnki við það og tekjurnar rýrni að sama skapi.

Enn fremur skorar Bifreiðastjórafélagið Hreyfill á Alþingi að sjá svo um, að gerðar verði ráðstafanir til þess, a. m. k. til bráðabirgða, að leigubifreiðum til mannflutninga fjölgi ekki, vegna hins gífurlega atvinnuleysis, sem í stéttinni er um þessar mundir. Hins vegar er að taka til starfa nefnd skipuð af bæjarráði, Bifreiðastjórafélaginu Hreyfli og væntanlega af ríkisstjórninni, sem á að gera tillögur um skipulag bifreiðaaksturs á leigubifreiðum til mannflutninga.

Í sambandi við frumvarp til laga um hækkun á benzínskattinum vill vörubílstjórafélagið „Þróttur“ taka fram eftirfarandi:

Vörubílstjórar hafa litið svo á, að hinn aukni innflutningur á bifreiðum og öðrum vélknúnum vinnutækjum, er átt hefur sér stað á undanförnum árum, væri einn liður í nýsköpun atvinnuveganna í landinu, en hið háa Alþingi virðist líta öðrum augum á notkun þessara tækja. Á síðasta ári, og þó einkum það, sem af er þessu ári, hefur verið gripið til þess ráðs að skattleggja atvinnubílstjóra og bifreiðaeigendur yfirleitt umfram aðra þjóðfélagsþegna, og með því virðist hið opinbera hafa slegið því föstu, að notkun bifreiða við atvinnurekstur sé munaður, sem heimilt sé og raunar sjálfsagt að skattleggja alveg sérstaklega.

Þannig hafa eftirtaldar nauðþurftir til bifreiða verið hækkaðar með beinum tollum og sköttum á árinu 1948 og það, sem ef er þessu ári, sem hér segir: Benzín um 5,8%, gúmmí um 23%, varahlutir um 39%, og ef lögfest yrði að hækka benzínlítrann um 22 aura á lítra, mundi það hækka benzínverðið um ca. 31%. Samkvæmt þessu mundi rekstrarkostnaður vörubíla hækka um a. m. k. 20% á tæpu hálfu öðru ári vegna beinna álaga á nauðþurftir til bifreiða. Á þessu tímabili hefur leigugjald fyrir vörubifreiðar staðið í stað, svo að hinn aukni rekstrarkostnaður hefur raunverulega verið beinn skattur, sem atvinnubílstjórar hafa orðið að greiða til hins opinbera vegna atvinnu sinnar, og þó að leigugjaldið yrði nú hækkað í sambandi við fyrirhugaða hækkun á benzínverði, mundi sú ráðstöfun að engu leyti rétta hlut vörubílstjórastéttarinnar.

Atvinnuleysi er nú mjög mikið í stéttinni og hækkun á leigugjaldinu mundi síður en svo bæta úr því, auk þess mundi sú hækkun ófrávíkjanlega auka almenna dýrtíð í landinu, sem að sjálfsögðu mundi bitna á vörubílstjórum engu síður en öðrum þegnum þjóðfélagsins.

Vörubílstjórar mótmæla því eindregið framkomnu frumvarpi um hækkun á benzínskattinum og telja, að lífsafkoma atvinnubílstjóra hafi nú þegar verið rýrð það freklega með tollum og sköttum á nauðþurftir til bifreiða, að þar sé ekki á bætandi.

Vegna frumvarps þess um hækkun í benzínskatti, sem nú liggur fyrir Alþingi vill Félag sérleyfishafa taka fram eftirfarandi:

Þar sem sannanlegt er, að sérleyfishafar hafa tapað á sérleyfisrekstri sínum undanfarið frá 6% til 60%, að frátöldum einum sérleyfishafa, sem sýndi hagnað, sem nam ca. 5%, vill félagið benda á, að þessi útkoma er bein afleiðing þeirra ráðstafana, sem hið opinbera hefur gert á umliðnum tveim árum með skatta- og tolla-

hækkunum á öllum nauðþurftum til bifreiða, og tregðu ríkisstjórnarinnar gegn því, að fargjöld hækki, þrátt fyrir óhrekjandi útreikninga, sem sýna það, að okkur er nauðsyn á að fá fargjöldin hækkuð. S. l. ár hefði þurft að hækka fargjöldin um 37%, en ríkisstjórnin leyfði ekki nema 25% hækkun, sem ekki kom til framkvæmda fyrr en í júlí s. l.

Um síðustu áramót lagði Alþingi enn nýja skatta og tolla á allar bifreiðar. Þessar ráðstafanir komu mjög þungt niður á sérleyfishafa vegna minnkandi flutninga á öllum sérleyfisleiðum.

Þótt fargjaldahækkun yrði leyfð, sem svarar skatta- og tollahækkunum þessa árs, er það augljóst mál, að sú ráðstöfun mundi enn draga stórlega úr fólksflutningum með sérleyfisbifreiðum vegna minnkandi kaupgetu almennings, auk þess sem alls konar smærri bifreiðum hefur fjölgað svo þúsundum skiptir á síðari árum og þeim leyfist að aka óhindrað. Ef fargjöld yrðu hækkuð frá því, sem nú er, mundi þessum bifreiðum skapast möguleiki til þess að aka fólki fyrir sama gjald og sérleyfishafar og mundu á þann hátt verða okkur skæðir keppinautar. Við þetta bætist svo, að flugfélögunum er leyft að hafa áætlunarferðir sömu daga og sérleyfisbifreiðar, án þess að flugfélögin taki á sig nokkrar skyldur gagnvart hinu opinbera eða almenningi.

Svo sem augljóst má vera af því, sem að framan er sagt, getur þess ekki orðið langt að bíða, að sérleyfishafar neyðist til þess að hætta þessum atvinnurekstri vegna hinna þungu skatta og tolla, sem á hann eru lagðir.

Með tilvísun til þess, sem áður segir, leyfir Félag sérleyfishafa sér að mótmæla þessum síauknu álögum á stéttina.

Sú hliðin, sem snýr að eigendum einkabíla, á þeim ráðstöfunum, sem stjórnarvöldin hafa framkvæmt í skatta- og tollamálum síðustu árin, er heldur ekki glæsileg. Það hafa verið uppi raddir um það, að einkabílar væru lúxustæki, sem notuð væru til þess að eyða gjaldeyri þjóðarinnar og gefa ríkum mönnum tækifæri til þess að sóa eigin fé, og bílarnir væru einn þátturinn í óhófslífi auðmanna í landinu. Sannleikurinn í þessu máli er hins vegar sá, að á síðustu árum hefur bíllinn nálgazt það meira og meira að vera þægindatæki almennings í landi, þar sem ekkert annað farartæki er til, sem sambærilegt sé við farartæki annarra þjóða, s. s. járnbrautir, sporvagnar o. fl., og hefur bíllinn verið jafnt í þjónustu ríkra og þeirra, sem kalla mætti millistéttarfólk í þjóðfélaginu, og er nátengdur störfum fjölda fólks. En með þeim ráðstöfunum, sem ríkisvaldið er nú að framkvæma og hefur framkvæmt á undanförnum árum með síhækkandi gjöldum á öllu því, sem til rekstrar eins bíls þarf, er hið opinbera smátt og smátt, og nú síðast í stóru stökki, að torvelda það, að almenningur geti veitt sér þau þægindi, sem bifreiðin er, og hlýtur með sama áframhaldi að reka að því, að einkabílar verði aðeins í eign þeirra manna í þjóðfélaginu, sem geta leyft sér þann lúxus að eiga einkabíl, og væri bíllinn þá orðinn að því lúxustæki, sem nú er talað um af þekkingarsnauðu fólki.

Fyrir tveimur árum voru gerðar athuganir á því í Danmörku af ríkisstjórninni þar í sambandi við benzínskömmtun, að hve miklu leyti benzíneyðslan gengi til óþarfakeyrslu á einkabílum, og niðurstaðan varð sú, að það magn væri svo lítið, að ekki væri hægt að taka tillit til þess í skömmtuninni. Í Danmörku, eins og í flestum öðrum löndum en Íslandi, er ekki litið á ferðalög manna sem lið í óhófslífi auðkýfinga, heldur fara þau eftir þörfum og geðþótta frjálsra manna.

Undirrituð samtök bifreiðaeigenda í landinu telja, að nú þegar sé svo langt gengið í ofsóknum gegn þessu eina farartæki á landi, að lengra verði ekki komizt, og mótmæla því harðlega umræddu frumvarpi og skora á Alþingi að fella það. Enn fremur skora samtök bifreiðaeigenda á Alþingi að endurskoða fyrri ofsóknir sínar að því er varðar skattlagningu bifreiða landsmanna, þar sem Alþingi hefur ekki gert neinar ráðstafanir til þess, að bifreiðin verði lögð niður á Íslandi og annað

farartæki taki við. Verði hins vegar haldið áfram á þessari braut, er ekki annað sýnilegt en að bifreiðaakstur leggist niður að verulegu leyti vegna gífurlegs kostnaðar við rekstur þeirra og þar af leiðandi hækkaðs ökugjalds fyrir leigubifreiðar. Mun þá skapast það hörmulega ástand, að almenningur geti ekki veitt sér það að ferðast með bifreiðum né að eiga bifreið, slíkt gætu auðkýfingar einir veitt sér.

Vegna framanritaðs og í trausti þess, að Alþingi skilji þörf bifreiðaeigenda fyrir lagfæringu þessara mála nú þegar og skyldur Alþingis við þjóðina til þess að tryggja almenningi afnot bifreiða í þessu strjálbyggða landi, þá skora bifreiðaeigendur á hið háa Alþingi að skjóta sér ekki undan þessari skyldu sinni, með því að vinna að því að skattar og tollar, er snerta bifreiðarekstur, verði lækkaðir, svo að allri þjóðinni gefist kostur á að notfæra sér þetta farartæki.

Virðingarfyllst,

f. h. Bifreiðastjórafélagsins Hreyfils:
Ingim. Gestsson,
formaður.

f. h. Vörubílstjórafélagsins „Þróttar“:
Friðleifur I. Friðriksson,
formaður.

f. h. Félags sérleyfishafa:
Guðbr. Jörundsson,
formaður.

f. h. Félags íslenzkra bifreiðaeigenda:
Aron Guðbrandsson,
formaður.

Nd. 689. Nefndarálit [1. mál]

um frv. til l. um viðauka við lög nr. 109 31. des. 1945, um togarakaup ríkisins.

Frá fjárhagsnefnd.

Nefndin leggur til, að frv. verði samþykkt með svofelldri

BREYTINGU:

Við 1. gr. Í stað „30 millj. kr. lán“ komi: 30 millj. kr. lán eða jafngildi þess í erlendum gjaldeyri.

Alþingi, 9. maí 1949.

Ásg. Ásgeirsson, form., frsm. Jóhann Hafstein. Skúli Guðmundsson.
Axel Guðmundsson. Einar Olgeirsson.

Nd. 690. Breytingartillögur [1. mál]

við frv. til l. um viðauka við lög nr. 109 31. des. 1945, um togarakaup ríkisins.

Frá Einari Olgeirssyni.

1. Við 1. gr. Í stað „allt að 10 togara“ í fyrstu málsgr. komi: allt að 20 togara.
2. Í stað „allt að 30 millj. kr.“ í annarri málsgr. komi: allt að 60 millj. kr.

3. Orðin „er greiðist upp, þegar skipin hafa verið seld“ í annarri málsgr. falli niður, en í staðinn komi ný málsgr., svo hljóðandi:

Ríkisstjórnin skal gefa bæjar- og sveitarfélögum þeim, sem þessa togara vilja kaupa, forgangsrétt að því að kaupa þá, ef þau ætla að kaupa þá til eigin rekstrar. Ríkisstjórninni heimilast að lána þessum bæjar- og sveitarfélögum 85% af andvirði togaranna og nota til þess það lán, sem ríkisstjórninni í þessum lögum heimilast að taka. Lánið skal greiðast með jöfnum afborgunum á 15 árum. Vextir séu hinir sömu og ríkisstjórnin greiðir.

Nd. 691. Breytingartillaga [1. mál]

við frv. til l. um viðauka við lög nr. 109 31. des. 1945, um togarakaup ríkisins.

Frá Skúla Guðmundssyni.

Á eftir 1. gr. komi ný grein, er verði 2. gr., svo hljóðandi:

Ríkisstjórninni er heimilt að ábyrgjast lán eða lána bæjar- og hreppsfélögum, sem kaupa togara, allt að 10% af kostnaðarverði skipanna, enda þarfnist viðkomandi bæjar- eða hreppsfélag þessa fjárhagsstuðnings að áliti ríkisstjórnarinnar.

Ábyrgðirnar eða lánin eru bundin því skilyrði, að viðkomandi skip verði rekin af bæjar- eða hreppsfélögum eða félögum, sem njóta bakábyrgðar bæjar- eða hreppsfélaga. Lán þessi mega vera afborgunarlaus fyrstu 2 árin, en greiðist síðan upp með jöfnum afborgunum á 10 árum.

Samkvæmt þessu er ríkisstjórninni heimilt að ábyrgjast fyrir hönd ríkissjóðs eða lána samtals allt að 1.5 millj. króna.

Nd. 692. Frumvarp til laga [8. mál]

um Landsbókasafn.

(Eftir 3. umr. í Ed.)

1. gr.

Landsbókasafnið er þjóðbókasafn Íslands.

2. gr.

Hlutverk Landsbókasafnsins er:

1. Að annast söfnun og varðveizlu íslenzkra rita og rita, er varða Ísland eða íslenzk efni, fornra og nýrra, prentaðra og óprentaðra;
2. að halda uppi safni erlendra bókmennta í öllum greinum vísinda, lista, tækni og samtíðarmálefna;
3. að annast rannsóknir í íslenzkri bókfræði;
4. að vinna að kynningu íslenzkra bókmennta og íslenzkrar menningar á erlendum vettvangi;
5. að efla bókfræðiiðkanir, m. a. með því að gefa landsmönnum kost á að kynna sér innlendar og erlendar bækur, sem í safninu eru.

3. gr.

Landsbókasafn skal þaulsafna öllu prentuðu máli á íslenzku eða því, sem Ísland og íslenzk málefni varðar. Það skal varðveita ónotað eitt eintak af öllu íslenzku prentmáli, sem kostur er á, og skal þeim eintökum fengin sérstaklega örugg geymsla.

4. gr.

Landsbókasafnið varðveitir handritasafn og skal vinna að söfnun íslenzkra handrita og erlendra handrita, er varða íslenzk efni, og greiða fyrir rannsókn þeirra og útgáfu. Það skal vinna að öflun eftirrita eða mynda af íslenzkum handritum, ef frumritin eru eigi fáanleg.

5. gr.

Landsbókasafn skal halda uppi rannsóknum í íslenzkri bókfræði og gefa út skrár íslenzkra bóka og handrita og önnur rit, er íslenzka bókfræði varða, eftir því sem fé er veitt til í fjárlögum.

6. gr.

Landsbókasafn veitir viðtöku skyldueintökum frá íslenzkum prentsmiðjum og annast ráðstöfun þeirra samkvæmt reglugerð.

Safnið skal reka miðstöð bókaskipta við erlend söfn og vísindastofnanir.

7. gr.

Landsbókasafn skal hafa samvinnu við Háskólabókasafn og sérfræðibókasöfn, sem ríkisstofnanir og félög eiga, um bókakaup og bókalán. Halda skal uppi sérstakri skráningarmiðstöð fyrir söfn þessi, og má fela Háskólabókasafni forstöðu hennar að fengnu samþykki háskólaráðs.

8. gr.

Forseti skipar landsbókavörð. Landsbókavörður stýrir safninu undir yfirstjórn menntamálaráðuneytisins.

Menntamálaráðherra skipar allt að 6 bókaverði, að fengnum tillögum landsbókavarðar.

9. gr.

Laun landsbókavarðar og bókavarða fara eftir launalögum.

10. gr.

Landsbókavörður ræður bókakaupum til safnsins, eftir því sem fé endist til.

Háskólaráð skipar safninu ráðunauta um bókaval, svo marga og í þeim fræðigreinum, sem ástæða þykir til. Starf þeirra er ólaunað.

Landsbókavörður skal leita tillagna ráðunautanna um bókakaup til safnsins.

11. gr.

Íslenzk tónverk og prentmyndir falla undir ákvæði laga þessara.

12. gr.

Menntamálaráðuneytið setur reglugerð um stjórn og starfshætti safnsins, samvinnu þess við önnur bókasöfn og önnur atriði, er ástæða þykir til. Í reglugerð má ákveða viðurlög við brotum notenda á starfsreglum safnsins.

13. gr.

Með lögum þessum falla úr gildi lög nr. 56 22. nóv. 1907, um stjórn landsbókasafnsins, og lög nr. 33 4. júní 1924, um sameiningu yfirskjalavarðarembættisins og landsbókavarðarembættisins.

14. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Nd. **693. Breytingartillaga** [203. mál]

við brtt. á þskj. 680 (Skemmtanaskattur og þjóðleikhús).

Frá menntamálaráðherra.

Við 1. tölul. Fyrir a- og b-liði till. kemur: Í stað „25%“ í b-lið kemur: 35%.

Ed. **694. Lög** [173. mál]

um eignarnámsheimild fyrir Siglufjarðarkaupstað á jörðunum Efri-Skútu og Neðri-Skútu í Siglufirði.

(Afgreidd frá Ed. 10. maí.)

Samhljóða þskj. 485.

Ed. **695. Lög** [188. mál]

um breyting á lögum nr. 28 18. febr. 1943, um stækkun lögsagnarumdæmis Neskaupstaðar.

(Afgreidd frá Ed. 10. maí.)

Samhljóða þskj. 548.

Ed. **696. Lög** [16. mál]

um áburðarverksmiðju.

(Afgreidd frá Ed. 10. maí.)

Samhljóða þskj. 675.

Nd. **697. Breytingartillaga** [207. mál]

við frv. til l. um breyt. á l. nr. 84 6. júlí 1932, um bifreiðaskatt o. fl.

Frá meiri hl. fjárhagsnefndar.

Á eftir 3. gr. komi ný grein, er verði 4. gr., og tala greinanna breytist samkvæmt því. Hún hljóði svo:

Aftan við 7. gr. laganna bætist svo hljóðandi málsgrein:

Enn fremur er ríkisstjórninni heimilt að setja reglur um atvinnuréttindi bifreiðastjóra samtímis því, sem benzínskömmtunin væri afnumin.

Nd. **698. Erfðalög.** [137. mál]

(Afgreidd frá Nd. 10. maí.)

Samhljóða þskj. 586 (sbr. 356).

Nd. 699. Lög [100. mál]

um innflutning og úthlutun jeppabifreiða til landbúnaðarþarfa o. fl.

(Afgreidd frá Nd. 10. maí.)

Samhljóða þskj. 674.

Nd. 700. Breytingartillaga [207. mál]

við frv. til l. um breyt. á l. nr. 84 6. júlí 1932, um bifreiðaskatt o. fl.

Frá Einari Olgeirssyni.

Aftan við 1. gr. laganna komi ný málsgrein, svo hljóðandi:

Vegna þessarar hækkunar á innflutningsgjaldi má hvergi á landinu hækka benzínverð um meira en þessari hækkun nemur.

Ed. 701. Frumvarp til laga [94. mál]

um nauðungaruppboð.

(Eftir 2. umr. í Ed.)

Samhljóða þskj. 174 með þessari breytingu:

32. gr. hljóðar svo:

Nú hefur veðhafi, þar á meðal handveðhafi að veðskuldabréfi, eða aðfararhafi orðið hæstbjóðandi á uppboði og fær samkvæmt boði sínu greiðslu að nokkru, en ekki að fullu, og er honum þá rétt að krefjast þess, að eign verði honum lögð út til eignar fyrir það verð, er hann hefur boðið, enda segi hann til, meðan þess er enn kostur að gera hærra boð. Nú bíður enginn betur, og skal þá hætta uppboði.

Aðili greiðir gjald í ríkissjóð sem fyrir árangurslaust uppboð.

Nú krefur einhver þeirra, sem í 1. málsgr. 21. gr. segir og gerzt hefur kaupandi að eign, án þess að krafa þeirra hafi greiðzt að fullu, skuldunaut eða aðra um eftirstöðvar kröfunnar eða hluta af þeim, og getur dómur þá fært kröfu niður um það, er svarar mismun á sannvirði eignar á uppboðsdegi, svo sem það sannast með mati óvilhallra manna eða með öðrum hætti, og kaupverði.

Rétt er og skuldunaut og öðrum, sem svara eiga til kröfu samkvæmt 1. málsgr., að höfða mál á hendur kröfuhafa til ákvörðunar á sannvirði eignar á uppboðsdegi, og getur dómur þá fært kröfu niður undir sama skilorði sem áður var mælt.

Nd. 702. Breytingartillaga [138. mál]

við frv. til l. um eftirlit með rekstri ríkisins og ríkisstofnana.

Frá fjárhagsnefnd.

Við 2. gr. Í stað „Hann hefur sömu laun og ráðherrar“ komi: Skal hann hafa sömu laun og skrifstofustjórar stjórnarráðsins.

Nd. 703. Breytingartillaga [138. mál]

við frv. til l. um eftirlit með rekstri ríkisins og ríkisstofnana.

Frá Einari Olgeirssyni og Axel Guðmundssyni.

Við 3. gr. Aftan við greinina bætist: Enn fremur skal stjórn Bandalags starfsmanna ríkis og bæja eða fulltrúar, er hún ákveður, kvaddir á fund ráðsmanns ríkisins, þegar um mál er að ræða, sem snerta hagsmuni starfsmanna ríkisins.

Sþ. 704. Breytingartillögur [42. mál]

við frv. til fjárlaga fyrir árið 1949 og við brtt. á þskj. 663.

I. Frá *Páli Zóphóníassyni.*
1. Við 10. gr. I. 1. b. (Risna).
Í stað „25 000“ kemur 10 000
2. Við 10. gr. I. 2. e. 3. (Ríkisráð).
Liðurinn fellur niður.
3. Við 10. gr. I. 2. e. 4. (Fálkaorðan).
Í stað „30 000“ kemur 15 000
4. Við 10. gr. III. 5. (Sendiráð í Moskva).
Liðurinn fellur niður.
5. Við 11. gr. A. 1. b. (Risna).
Í stað „5 500“ kemur 1 000
6. Við 11. gr. C. II. f. (Skattdómari).
Liðurinn fellur niður.
7. Við 13. gr. A. I. 1. (Vegagerðir, laun).
a. Við a. (Grunnlaun). Fyrir „189 900“ kemur 150 000
b. Við b. (Verðlagsuppbót). Fyrir „379 800“ kemur 300 000

II. Frá *Jón Sigurðssyni* og *Steingrími Steinþórssyni.*
Við 13. gr. A. II. a. 58. (Skagafjarðarvegur).
Fyrir „85 000“ kemur 120 000
Til vara 100 000

III. Frá *Páli Zóphóníassyni.*
1. Við 13. gr. A. II. a. 91.
Fyrir „Úthlíðarvegur“ kemur: Úthéraðsvegur.
2. Við 13. gr. A. IX. (Ræktunarvegir).
Liðurinn fellur niður.
3. Við 13. gr. A. X. (Vegalagning í Kópavogi).
Liðurinn fellur niður.

IV. Frá *Jóni Gíslasyni.*
Við 13. gr. A. II. a. 115. (Suðurlandsvegur).
Meginmálið orðist svo:
Suðurlandsvegur um Landbrot.

V. Frá *Jörundi Brynjólfssyni* og *Eiríki Einarssyni.*
Við 13. gr. A. II. a. 143. Nýr liður:
Til þjóðvegarins um Selfosskauptún 100 000

VI. Frá *Lárusi Jóhannessyni.*
Við 13. gr. C. VIII. 22. (Seyðisfjörður).
Fyrir „25 000“ kemur 75 000
Til vara 65 000

VII. Frá *Páli Zóphóníassyni.*
Við 13. gr. C. XI. (Ferjuhafnir).
1. Við 1. (Hvalfjörður).
Liðurinn fellur niður.
2. Við 2. (Hornafjörður).
Fyrir „125 000“ kemur 100 000
3. Við 3. (Brjánslækur).
Fyrir „50 000“ kemur 30 000
4. Við 13. gr. D. XI. (Styrkur til námsmanna o. fl.).
Liðurinn fellur niður.
5. Við 14. gr. A. III. (Söngmálastjóri).
Liðurinn fellur niður.
6. Við 14. gr. A. IV. (Efling kirkjusöngs).
Liðurinn fellur niður.
7. Við 14. gr. A. V. (Ársskýrsla þjóðkirkjunnar).
Liðurinn fellur niður.
8. Við 14. gr. B. XIII. 11. („Menntamál“ og „Heimili og skóli“).
Liðurinn fellur niður.

VIII. Frá *Finni Jónssyni.*
Við 15. gr. XV. 3. Nýr liður:
Til tónlistarskóla á Ísafirði, gegn að minnsta kosti jafnmiklu framlagi annars staðar að 10 000
Til vara 5 000

IX. Frá *Eiríki Einarssyni* og *Jörundi Brynjólfssyni.*
Við 16. gr. A. 8. Nýr liður:
Til endurbóta og aukningar á sjóvarnargarði á löndum ríkisins á Stokkseyri 12 000

X. Frá *Jóni Gíslasyni.*
Við 16. gr. A. 14. c. (Sandgræðsla). Nýr liður:
Til sandgræðslu í Meðallandi 150 000
Til vara 50 000

XI. Frá *Steingrími Steinþórssyni, Jóni Sigurðssyni* og *Bjarna Ásgeirssyni.*
Við 16. gr. A. 19. Nýir liðir:
a. Til Ólafs Sigurðssonar, Hellulandi, til leiðbeininga og tilrauna við ræktun æðarvarps 20 000
b. Til Loðdýraræktarfélags Íslands 6 000

XII. Frá *Sigurði E. Hlíðar.*
Við 17. gr. 22. Nýr liður:
Til Kvenréttindafélags Íslands, til þess að senda fulltrúa á alþjóðamót kvenréttindafélaga í Amsterdam í sumar 12 000

XIII. Frá *Hermanni Jónassyni.*
Við 18. gr. II. a. Nýr liður:
Benedikt Benjamínsson, fyrrv. póstur 975
Til vara 800

XIV. Frá *Lárusi Jóhannessyni.*
Við 18. gr. II. a. (Sveinn Árnason).
a. Fyrir „3 000“ kemur 4 110
b. Aths. á eftir: enda semji hann sögu fiskimats og saltfiskverkunar á Íslandi.

XV. Frá *Jóhanni Hafstein, Sigurði E. Hliðar* og *Finni Jónssyni.*
Við 18. gr. II. b. (ekkjur) bætist:
Kristín Thoroddsen, ekkja Steingríms Matthíassonar, fyrrv. héraðslæknis 600

XVI. Frá *Lárusi Jóhannessyni.*
Við brtt. 663,19. (Við 22. gr. XIV).
Á eftir orðunum „Síldarverksmiðjur ríkisins“ í b-lið kemur: og síldarverksmiðjan á Seyðisfirði.

XVII. Frá *Bjarna Ásgeirssyni, Hannibal Valdimarssyni* og *Sigurði Bjarnasyni.*
Við 22. gr. XV. Nýr liður:
Að greiða Haraldi Jósefssyni, Sjávarhólum, 5000 kr. og Pétri Jónatanssyni, bónda í Engidal, 12 000 kr. skaðabætur vegna langvarandi sóttkvíar á heimilum þeirra.

XVIII. Frá *Einari Olgeirssyni, Hermanni Jónassyni, Gunnari Thoroddsen* og *Ásgeiri Ásgeirssyni.*
Við 22. gr. XV. Nýr liður:
Að greiða Svavari Guðnasyni listmálara og Sigurjóni Ólafssyni myndhöggvara 15 þús. kr. byggingarstyrk hvorum.

XIX. Frá *Gylfa Þ. Gíslasyni, Ásgeiri Ásgeirssyni, Gunnari Thoroddsen, Sigurði Bjarnasyni, Steingrími Steinþórssyni, Jörundi Brynjólfssyni, Sigfúsi Sigurhjartarsyni* og *Einari Olgeirssyni.*
Við 22. gr. XV.
Að veita Gunnlaugi Ó. Scheving listmálara 15 þús. kr. styrk til að fullgera vinnustofu sína.
Til vara:
Að veita Gunnlaugi Ó. Scheving listmálara 15 þús. kr. lán til að fullgera vinnustofu sína.

XX. Frá *Hannibal Valdimarssyni.*
Við 22. gr. XV. Nýr liður:
Að verja 30 þús. kr. til að halda uppi kennslu, er svari til I. bekkjar menntaskóla, í sambandi við gagnfræðaskólann á Ísafirði veturinn 1949—1950.

XXI. Frá *Páli Zóphóníassyni.*
Við 22. gr. XV. Nýr liður:
Að taka lán, allt að þremur millj. króna, til lagningar notendasíma í sveitum, enda sé lántakan undirbúin það tímanlega, að hægt sé að gera efnispantanir og undirbúa málið að öðru leyti, svo að notendasímar geti orðið lagðir hjá þeim, er lán veita, á árinu 1950.

XXII. Frá *Sigurði Bjarnasyni* og *Hannibal Valdimarssyni.*
Við 22. gr. XV. Nýir liðir:
1. Að verja allt að 50 þús. kr. til bjargráðaráðstafana í Grunnavíkur- og Sléttuhreppum.
2. Að verja allt að 30 þús. kr. til kaupa á snjóbíl til samgöngubóta fyrir byggðina norðan Skorarheiðar í Norður-Ísafjarðarsýslu.

XXIII. Frá *Sigurði Bjarnasyni, Skúla Guðmundssyni, Barða Guðmundssyni, Sigfúsi Sigurhjartarsyni, Gylfa Þ. Gíslasyni* og *Gunnari Thoroddsen.*
Við 22. gr. XV. Nýr liður:
Að greiða Örlygi Sigurðssyni listmálara 15 þús. kr. byggingarstyrk.

XXIV. Frá *Steingrími Steinþórssyni, Áka Jakobssyni* og *Jóni Sigurðssyni.*
Við 22. gr. XV. Nýr liður:
Að greiða Skafta Stefánssyni 27 þús. kr í bætur vegna halla á rekstri m/b Mjölnis við flutninga um Skagafjörð árið 1947.

Nd. 705. Breytingartillaga [207. mál]

við frv. til l. um breyt. á l. nr. 84 6. júlí 1932, um bifreiðaskatt o. fl.

Frá Ingólfi Jónssyni.

Við 2. gr. Við greinina bætist:
Einnig skulu eigendur vörubifreiða, sem notaðar eru til aðdrátta og flutninga á framleiðsluvörum landbúnaðarins frá stöðum, sem eru 50 km eða meira frá höfn, fá endurgreidda 20 aura á lítra af sannanlegri benzíneyðslu við slíkan akstur.

Ed. 706. Frumvarp til laga [209. mál]

um gildistöku alþjóðasamnings um samræmingu nokkurra reglna varðandi loftflutninga milli landa.

(Lagt fyrir Alþingi á 68. löggjafarþingi, 1949.)

1. gr.

Meðan Ísland er aðili að alþjóðasamningnum um loftflutninga, er undirritaður var í Varsjá hinn 29. október 1929 og birtur er sem fylgiskjal með lögum þessum, skulu ákvæði hans hafa lagagildi hér á landi.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Hinn 21. ágúst 1948 tilkynnti sendiherra Íslands í Póllandi utanríkisráðuneyti Póllands í umboði forseta Íslands, að Ísland óskaði eftir að gerast aðili að Varsjársamningnum um loftflutninga. Samkvæmt 38. gr. samningsins telst aðild Íslands frá og með 31. nóvember 1948. Er því nauðsynlegt, að ákvæði samningsins verði lögfest hér á landi.

Auk Íslands eru þessi ríki nú aðilar að Varsjársamningnum:

Ástralía	Holland	Pólland
Bandaríki Ameríku	Írland	Rúmenía
Belgía	Ítalía	Sovétríkin
Brazilía	Júgoslavía	Spánn
Bretland	Lettland	Suður-Afríka
Canada	Líbería	Sviss
Danmörk	Liechtenstein	Tékkóslóvakía
Finnland	Mexiko	Ungverjaland
Frakkland	Noregur	Þýzkaland
Grikkland	Nýja Sjáland	

Fylgiskjal.

SAMNINGUR

um samræmingu nokkurra reglna varðandi loftflutninga milli landa.

Forseti þýzka ríkisins; forseti lýðveldisins Austurríkis; konungur Belgíu; forseti Brazilíu; konungur Búlgaríu; forseti þjóðstjórnar Kína; konungur Danmerkur og Íslands; konungur Egyptalands; konungur Spánar; ríkisstjóri lýðveldisins Eistlands; forseti lýðveldisins Finnlands; forseti franska lýðveldisins; konungur Stóra-Bretlands, Írlands og brezkra nýlendna handan hafs, keisari Indlands; forseti gríska lýðveldisins; ríkisstjóri ungverska konungsríkisins; konungur Ítalíu; keisari Japan; forseti lýðveldisins Lettlands; stórhertogafrú Lúxemborgar; forseti Mexikó; konungur Noregs, drottning Hollands; forseti lýðveldisins Póllands; konungur Rúmeníu; konungur Sviþjóðar; sambandsstjórn Sviss; forseti lýðveldisins Tékkóslóvakíu; miðstjórn Ráðstjórnarríkjanna; forseti Venezúela; konungur Jugoslavíu,

hafa gert sér grein fyrir því, að hagkvæmt myndi vera að setja samræmdar reglur um loftflutninga milli landa, að því er snertir skjöl þau, sem notuð eru

CONVENTION

pour l'Unification de certaines Règles relatives au Transport Aérien international.

Le Président du Reich Allemand; Le Président fédéral de la République d'Autriche; Sa Majesté le Roi des Belges; le Président des Etats-Unis du Brésil; Sa Majesté le Roi des Bulgares; le Président du Gouvernement Nationaliste de Chine; Sa Majesté le Roi de Danemark et d'Islande; Sa Majesté le Roi d'Egypte; Sa Majesté le Roi d'Espagne; le Chef d'État de la République d'Estonie; le Président de la République de Finlande; le Président de la République Française; Sa Majesté le Roi de Grande-Bretagne, d'Irlande et des Territoires Britanniques au delà des Mers, Empereur des Indes; le Président de la République Hellénique; Son Altesse Sérénissime le Régent du Royaume de Hongrie; Sa Majesté le Roi d'Italie; Sa Majesté l'Empereur du Japon; le Président de la République de Lettonie; Son Altesse Royale la Grande Duchesse de Luxembourg; le Président des Etats-Unis du Mexique; Sa Majesté le Roi de Norvège; Sa Majesté la Reine des Pays-Bas; le Président de la République de Pologne; Sa Majesté le Roi de Roumanie; Sa

í sambandi við slíka flutninga, og ábyrgð flytjanda,

og hafa því í þessu skyni tilnefnt fulltrúa sína sem með gildu umboði hafa komið sér saman um og undirritað samning þann, er hér fer á eftir:

Majesté le Roi de Suède; le Conseil Fédéral Suisse; le Président de la République Tchécoslovaque; le Comité Central Exécutif de l'Union des Républiques Soviétistes Socialistes; le Président des États-Unis du Venezuela; Sa Majesté le Roi de Yougoslavie,

ayant reconnu l'utilité de régler d'une manière uniforme les conditions du transport aérien international en ce qui concerne les documents utilisés pour ce transport et la responsabilité du transporteur,

à cet effet ont nommé leurs Plénipotentiaires respectifs lesquels, dûment autorisés, ont conclu et signé la Convention suivante:

I. KAFLI
Gildissvið og skýringar.

1. gr.

1. Samningur þessi gildir um allan flutning milli landa á mönnum, farangri og vörum flugleiðis gegn greiðslu. Hann gildir og um ókeypis flutning flugleiðis, enda annist flugfélag flutninginn.

2. Í samningi þessum er flutningur talinn vera „milli landa“, þegar brottfararstaður og ákvörðunarstaður samkvæmt flutningssamningi eru innan tveggja samningsríkja, og gildir það jafnvel þótt hlé verði á flutningum eða skipt sé um loftfar. Séu brottfararstaður og ákvörðunarstaður innan sama samningsríkis, er flutningur talinn vera milli landa, ef lenda skal innan annars ríkis á leiðinni, enda þótt það ríki sé eigi aðili að samningi þessum. Eigi skal flutningur talinn vera milli landa, ef flogið er án slíkrar viðkomu milli landssvæða, sem hlíta fullveldi, vernd, gæzlu eða yfirráðum sama samningsríkis.

3. Nú tekur eitt fyrirtæki við flutningnum af öðru, og skal þá flutningur talinn vera óslitinn, ef aðilar flutningssamnings eru sammála um það, hvort sem einn eða fleiri samningar hafa verið gerðir. Flutningur skal talinn vera milli landa, þótt einn eða fleiri af samningunum skuli framkvæmdir innan landssvæð-

CHAPITRE PREMIER
Objet — Définitions.

Article premier.

1) La présente Convention s'applique à tout transport international de personnes, bagages ou marchandises, effectué par aéronef contre rémunération. Elle s'applique également aux transports gratuits effectués par aéronef par une entreprise de transports aériens.

2) Est qualifié „transport international“, au sens de la présente Convention, tout transport dans lequel, d'après les stipulations des parties, le point de départ et le point de destination, qu'il y ait ou non interruption de transport ou transbordement, sont situés soit sur le territoire de deux Hautes Parties Contractantes, soit sur le territoire d'une seule Haute Partie Contractante, si une escale est prévue dans un territoire soumis à la souveraineté, à la suzeraineté, au mandat ou à l'autorité d'une Puissance même non Contractante. Le transport sans une telle escale entre les territoires soumis à la souveraineté, à la suzeraineté, au mandat ou à l'autorité de la même Haute Partie Contractante n'est pas considéré comme international au sens de la présente Convention.

3) Le transport à excécuter par plusieurs transporteurs par air successifs

is, sem lýtur fullveldi, vernd, gæzlu eða yfirráðum sama samningsríkis.

est censé constituer pour l'application de cette Convention un transport unique lorsqu'il a été envisage par les parties comme une seule opération, qu'il ait été conclu sous la forme d'un seul contrat ou d'une série de contrats et il ne perd pas son caractère international par le fait qu'un seul contrat ou une série de contrats doivent être exécutés intégralement dans un territoire soumis à la souveraineté, à la suzeraineté, au mandat ou à l'autorité d'une même Haute Partie Contractante.

2. gr.

1. Samningur þessi skal einnig gilda um flutning, sem framkvæmdur er af ríki, bæjarfélagi eða öðrum opinberum stofnunum með þeim kjörum, sem um ræðir í 1. gr.

2. Samningur þessi skal eigi gilda um flutning, sem framkvæmdur er samkvæmt alþjóðapóstsamningum.

Article 2.

1) La Convention s'applique aux transports effectués par l'Etat ou les autres personnes juridiques de droit public, dans les conditions prévues à l'article 1er.

2) Sont exceptés de l'application de la présente Convention les transports effectués sous l'empire de conventions postales internationales.

II. KAFLI

Flutningsskjöl.

1. hluti. Farmiðar.

3. gr.

1. Þegar farþegar eru fluttir skal flytjandi afhenda farmiða, þar sem eftirgreind atriði skulu talin:

a. útgáfustaður og dagsetning;
b. brottfararstaður og ákvörðunarstaður;
c. lendingarstaðir, sem ákveðnir hafa verið á leiðinni; flytjandi getur þó áskilið sér rétt til nauðsynlegra breytinga, og skal flutningurinn engu að síður talinn vera milli landa;
d. nafn og heimilisfang flytjanda eða flytjenda;
e. yfirlýsing um, að flutningurinn sé háður reglum samnings þessa um ábyrgð.

2. Nú er farseðill eigi afhentur, eða ofangreind atriði eigi í honum talin eða farmiði hefur týnzt, og skal þá flutningssamningurinn engu að síður talinn gildur, enda skulu reglur samnings þessa gilda um hann. Hafi flytjandi tekið við farþega án þess að farmiði sé afhentur, getur hann þó ekki borið fyrir sig þau ákvæði

CHAPITRE II.

Titres de transport.

Section I. — Billet de passage.

Article 3.

1) Dans le transport de voyageurs, le transporteur est tenu de délivrer un billet de passage qui doit contenir les mentions suivantes:

a) le lieu et la date de l'émission;

b) les points de départ et de destination;

c) les arrêts prévus, sous réserve de la faculté pour le transporteur de stipuler qu'il pourra les modifier en cas de nécessité et sans que cette modification puisse faire perdre au transport son caractère international;

d) le nom et l'adresse du ou des transporteurs;

e) l'indication que le transport est soumis au régime de la responsabilité établi par la présente Convention.

2) L'absence, l'irrégularité ou la perte du billet n'affecte ni l'existence, ni la validité du contrat de transport, qui n'en sera pas moins soumis aux règles de la présente Convention. Toutefois si le transporteur accepte le voyageur sans qu'il

samnings þessa, er ella myndu útiloka eða takmarka ábyrgð hans.

2. hluti. Farangursskírteini.

4. gr.

1. Þegar fluttur er farangur, sem farþegi hefur ekki í sínum vörzlum, er flytjandi skyldur til að gefa út farangursskírteini.

2. Gefa skal farangursskírteini út í tveim eintökum og heldur farþegi öðru en flytjandi hinu.

3. Skírteinið skal greina eftirtalin atriði:

a. útgáfustað og dag;
b. brottfararstað og ákvörðunarstað;
c. nafn og heimilisfang flytjanda eða flytjenda;
d. númer farmiða;
e. yfirlýsingu um að farangur verði afhentur handhafa skírteinisins;
f. stykkja tölu og þunga;
g. upphæð þá, sem tiltekin er samkv. 22. gr. 2. mgr.;
h. yfirlýsingu um, að flutningurinn sé háður reglum samnings þessa um ábyrgð.

4. Nú er farangursskírteini eigi afhent eða hefur eigi að geyma efni það, sem að ofan greinir, eða skírteinið hefur týnzt, og skal flutningssamningurinn þó talinn gildur og háður ákvæðum samnings þessa. Hafi flytjandi tekið við farangri, án þess að gefið sé út farangursskírteini eða hafi skírteinið eigi að geyma þau atriði, sem nefnd eru í liðunum d., f. og h. hér að framan, getur flytjandi þó eigi borið fyrir sig þau ákvæði samnings þessa, sem ella myndu útiloka eða takmarka ábyrgð hans.

3. hluti. Flugfarmskirteini.

5. gr.

1. Þegar fluttar eru vörur getur flytjandi krafizt þess, að sendandi gefi út og afhendi honum skjal, sem nefnt sé flugfarmskírteini og sendandi getur krafizt þess að flytjandi taki við því.

2. Nú er flugfarmskírteini eigi gefið

ait été délivré un billet de passage, il n'aura pas le droit de se prévaloir des dispositions de cette Convention qui excluent ou limitent sa responsabilité.

Section II. — Bulletin de bagages.

Article 4.

1) Dans le transport de bagages, autres que les menus objets personnels dont le voyageur conserve la garde, le transporteur est tenu de délivrer un bulletin de bagages.

2) Le bulletin de bagages est établi en deux exemplaires, l'un pour le voyageur, l'autre pour le transporteur.

3) Il doit contenir les mentions suivantes:

a) le lieu et la date de l'émission;
b) les points de départ et de destination;
c) le nom et l'adresse du ou des transporteurs;
d) le numero du billet de passage;
e) l'indication que la livraison des bagages est faite au porteur du bulletin;
f) le nombre et le poids des colis;
g) le montant de la valeur déclarée conformément à l'article 22 alinéa 2;
h) l'indication que le transport est soumis au régime de la responsabilité établi par la présente Convention.

4) L'absence, l'irrégularité ou la perte du bulletin n'affecte ni l'existence, ni la validité du contrat de transport qui n'en sera pas moins soumis aux règles de la présente Convention. Toutefois si le transporteur accepte les bagages sans qu'il ait été délivré un bulletin ou si le bulletin ne contient pas les mentions indiquées sous les lettres d), f), h), le transporteur n'aura pas le droit de se prévaloir des dispositions de cette Convention qui excluent ou limitent sa responsabilité.

Section III. — Lettre de transport aérien.

Article 5.

1. Tout transporteur de marchandises a le droit de demander à l'expéditeur l'établissement et la remise d'un titre appelé: "lettre de transport aérien"; tout expéditeur a le droit de demander au transporteur l'acceptation de ce document.

út eða er eigi þess efnis, er áskilið er, eða það hefur týnzt, og skal þá farmsamningurinn engu að síður talinn gildur og háður ákvæðum samnings þessa, sbr. þó 9. gr.

2) Toutefois, l'absence, l'irrégularité ou la perte de ce titre n'affecte ni l'existence, ni la validité du contrat de transport qui n'en sera pas moins soumis aux règles de la présente Convention, sous réserve des dispositions de l'article 9.

6. gr.

1. Flugfarmskírteini er gefið út af sendanda í þrem eintökum og skal afhent um leið og vörurnar.

2. Á fyrsta eintakið skal skrifa „handa flytjanda“ og skal það undirritað af sendanda. Á annað eintakið skal skrifa „handa viðtakanda“, og skal það undirritað af sendanda og flytjanda. Skal það fylgja vörunum. Þriðja eintakið skal undirritað af flytjanda, og skal því skilað sendanda, þegar tekið hefur verið við vörunum.

3. Flytjandi skrifar undir skírteinið við móttöku varanna.

4. Í stað undirskriftar flytjanda skal heimilt að nota stimpil; undirskrift sendanda má vera prentuð eða stimpluð.

5. Nú hefur flytjandi gefið út farmskírteini samkvæmt beiðni sendanda og skal þá talið að hann hafi gefið það í umboði sendanda, nema annað sannist.

Article 6.

1) La lettre de transport aérien est établie par l'expéditeur en trois exemplaires originaux et remise avec la marchandise.

2) Le premier exemplaire porte la mention "pour le transporteur"; il est signé par l'expéditeur. Le deuxième exemplaire porte la mention "pour le destinataire"; il est signé par l'expéditeur et le transporteur et il accompagne la marchandise. Le troisième exemplaire est signé par le transporteur et remis par lui à l'expéditeur après acceptation de la marchandise.

3) La signature du transporteur doit être apposée dès l'acceptation de la marchandise.

4) La signature du transporteur peut être remplacée par un timbre; celle de l'expéditeur peut être imprimée ou remplacée par un timbre.

5) Si, à la demande de l'expéditeur, le transporteur établit la lettre de transport aérien, il est considéré jusqu'à preuve contraire, comme agissant pour le compte de l'expéditeur.

7. gr.

Flytjandi getur krafizt þess, að sendandi gefi út sérstök flugfarmskírteini ef um fleiri en eitt stykki er að ræða.

Article 7.

Le transporteur de marchandises a le droit de demander à l'expéditeur l'établissement de lettres de transport aérien différentes lorsquil y a plusieurs colis.

8. gr.

Í flugfarmskírteini skal greina:

a. útgáfustað og dag;
b. brottfararstað og ákvörðunarstað;
c. lendingarstaði, sem ákveðnir hafa verið á leiðinni; þó skal flytjanda heimilt að áskilja sér rétt til að gera nauðsynlegar breytingar, og skal flutningurinn engu að síður talinn vera milli landa;
d. nafn og heimilisfang sendanda;
e. nafn og heimilisfang fyrsta flytjanda;

Article 8.

La lettre de transport aérien doit contenir les mentions suivantes:

a) le lieu où le document a été créé et la date à laquelle il a été établi;

b) les points de départ et dc destination;

c) les arrêts prévus, sous réserve de la faculté, pour le transporteur, de stipuler qu'il pourra les modifier en cas de nécessité et sans que cette modification puisse faire perdre au transport son caractère international;

f. nafn og heimilisfang viðtakanda; sé nafn hans tilgreint;
g. tegund vöru;
h. stykkjatölu, tegund umbúða, sérstök merki eða númer á stykkjum;
i. þyngd, magn, rúmtak eða stærð vöru;
j. sjáanlegt ástand vörunnar og umbúnað;
k. farmgjald, hafi það verið ákveðið, greiðsludag og stað, svo og upplýsingar um, hver greiði farmgjald;
l. verð vöru og kostnað, sem innheimta skal, ef sent er gegn eftirkröfu;
m. upphæð þá, sem tilgreind er samkv. 22. gr. 2. mgr.
n. fjölda þeirra eintaka, sem farmskírteini er gefið út í;
o. skjöl þau, sem afhent eru flytjanda og fylgja skulu flugfarmskírteini;
p. flutningstíma og stutta lýsingu á leið þeirri, sem fara skal (via), sé um það samið;
q. yfirlýsingu um, að flutningurinn sé háður reglum samnings þessa um ábyrgð.

d) le nom et l'adresse de l'expéditeur;
e) le nom et l'adresse du premier transporteur;
f) le nom et l'adresse du destinataire, s'il y a lieu;
g) la nature de la marchandise;
h) le nombre, le mode d'emballage, les marques particulières ou les numéros des colis;
i) le poids, la quantité, le volume ou les dimensions de la marchandise;
j) l'état apparent de la marchandise et de l'emballage;
k) le prix du transport s'il est stipulé, la date et le lieu de paiement et la personne qui doit payer;
l) si l'envoi est fait contre remboursement, le prix des marchandises et, éventuellement, le montant des frais;
m) le montant de la valeur déclarée conformément à l'article 22, alinéa 2;
n) le nombre d'exemplaires de la lettre de transport aérien;
o) les documents transmis au transporteur pour accompagner la lettre de transport aérien;
p) de délai de transport et l'indication sommaire de la voie à suivre *(via)* s'ils ont été stipulés;
q) l'indication que le transport est soumis au régime de la responsabilité établi par la présente Convention.

9. gr.

Nú hefur flytjandi tekið við vörum án þess að flugfarmskírteini hafi verið gefið út eða skírteinið greinir eigi öll þau atriði, sem talin eru í 8. gr. a.—i. og q., og getur þá flytjandinn eigi borið fyrir sig þau ákvæði samnings þessa, sem ella mundu útiloka eða takmarka ábyrgð hans.

Article 9.

Si le transporteur accepte des marchandises sans qu'il ait été établi une lettre de transport aérien, ou si celle-ci ne contient pas toutes les mentions indiquées par l'article 8 [a) à i) inclusivement et q)], le transporteur n'aura pas le droit de se prévaloir des dispositions de cette Convention qui excluent ou limitent sa responsabilité.

10. gr.

1. Sendandi ber ábyrgð á, að upplýsingar þær, sem greindar eru í flugfarmskírteininu varðandi vörurnar, séu réttar.
2. Hann ber ábyrgð á hvers konar tjóni, sem flytjandi eða aðrir kunna að bíða sökum þess að upplýsingar hans eru rangar eða ófullkomnar.

Article 10.

1) L'expéditeur est responsable de l'exactitude des indications et déclarations concernant la marchandise qu'il inscrit dans la lettre de transport aérien.
2) Il supportera la responsabilité de tout dommage subi par le transporteur ou toute autre personne à raison de ses indications et déclarations irrégulières, inexactes ou incomplètes.

11. gr.

1. Flugfarmskírteini gildir sem sönnun fyrir samningsgerð, móttöku vöru og skilmálum fyrir flutningi, unz annað sannast.

2. Upplýsingar í flugfarmskírteini varðandi þyngd vöru, rúmtak, umbúðir og stykkjatölu skulu taldar réttar þar til annað sannast. Aðrar upplýsingar um magn eða rúmtak vöru eða ástand gilda hins vegar ekki sem sönnun gegn flytjanda, nema hann hafi í viðurvist sendanda athugað þær og staðfest það með áritun á flugfarmskírteini eða upplýsingarnar snerta sýnilegt ástand vöru.

Article 11.

1) La lettre de transport aérien fait foi, jusqu'à preuve contraire, de la conclusion du contrat, de la réception de la marchandise et des conditions du transport.

2) Les énonciations de la lettre de transport aérien, relatives au poids, aux dimensions et à l'emballage de la marchandise ainsi qu'au nombre des colis font foi jusqu'à preuve contraire; celles relatives à la quantité, au volume et à l'état de la marchandise ne font preuve contre le transporteur qu'autant que la vérification en a été faite par lui en présence de l'expéditeur, et constatée sur la lettre de transport aérien, ou qu'il s'agit d'énonciations relatives à l'état apparent de la marchandise.

12. gr.

1. Nú hefur sendandi fullnægt öllum skuldbindingum sínum samkvæmt farmsamningi, og hefur hann þá þann ráðstöfunarrétt yfir vörunni, að hann getur endurheimt hana á brottfarar- eða ákvörðunarstöð, að hann getur stöðvað flutninginn, ef lent er á leiðinni, að hann getur látið afhenda vöruna á ákvörðunarstaðnum eða á leiðinni öðrum en þeim, sem tilgreindur er í flugfarmskírteini sem viðtakandi, eða hann getur krafizt þess að varan verði flutt aftur til brottfararstöðvar. Ráðstafanir þessar getur sendandi þó því aðeins gert, að þær hafi eigi í för með sér tjón fyrir flytjanda eða aðra sendendur og að endurgreiddur sé kostnaður, sem af flutningnum leiðir.

Með reglugerð, er sjóðstjórnin semur og samþykkt hefur verið af stjórnum eftirfarandi aðila: Landssambands íslenzkra útvegsmanna, Alþýðusambands Íslands og Fiskifélags Íslands, og staðfest af ráðherra, skal ákveða:

1. Bótatímabil, er miðist við vertíðarskipti í hverri veiðistöð. Stundi skip ekki veiði allt bótatímabilð, skerðist bótaréttur þess við það hlutfallslega.
2. Skiptingu veiðisvæða og verstöðva í flokka, þannig að í sama flokki séu þau veiðisvæði og þær verstöðvar, sem líkust hafa skilyrði fyrir sama meðalveiðimagni á hverri vertíð, hvort heldur um er að ræða síldveiði eða þorskveiði.
3. Skiptingu veiðiskipa í flokka, þannig að í sama flokki séu skip, sem líkust hafa skilyrði fyrir sama meðalveiðimagni, með tilliti til stærðar, veiðiútbúnaðar o. fl.
4. Meðalveiðimagn skipa í hverjum flokki fyrir sig, eftir því á hvaða svæði skipin veiða, hvaða tíma árs þau veiða og hvaða veiði þau stunda.

Meðalveiðimagn, sem þannig er ákveðið fyrir hvern flokk skipa, skal gilda sem meðalveiðimagn, er reikna skal út bótagreiðslur úr sjóðnum, þar til sömu aðilar hafa á sama hátt ákveðið annað. Verði ágreiningur um einstök ákvæði reglugerðarinnar, sker ráðherra úr.

5. gr.

Skylt er útgerðarmanni að láta innrita veiðiskip sitt hjá sjóðstjórninni eigi síðar en degi áður en það byrjar og tilkynna þá jafnframt, hvar og hvers konar veiði skipinu er ætlað að stunda. Skipar sjóðstjórnin þá skipinu þegar í ákveðinn

flokk, sbr. 4. gr. Skylt er einnig að tilkynna stjórninni, þegar skip hættir veiðum eða breytir um veiðiaðferð. Vanræksla á tilkynningu varðar réttindamissi til bótagreiðslu úr sjóðnum.

6. gr.

Það telst almennur aflabrestur, ef meðalafli skipa í einhverjum flokki er minni en 75% af hinu ákveðna meðalveiðimagni, sbr. 4. gr. Kemur þá til aðstoðar sjóðsins, með þeim takmörkunum, sem lög þessi ákveða.

7. gr.

Stjórn sjóðsins skipa 3 menn. Skulu þeir skipaðir af ráðherra til 4 ára í senn, á þann hátt sem hér segir: einn samkvæmt tilnefningu Landssambands ísl. útvegsmanna, annar samkv. tilnefningu Alþýðusambands Íslands og þriðji án tilnefningar, og er hann formaður stjórnarinnar. — Enn fremur skipar ráðherra tvo endurskoðendur.

Ráðherra ákveður þóknun sjóðstjórnarinnar og endurskoðenda.

Fiskifélag Íslands annast afgreiðslu sjóðsins undir eftirliti sjóðstjórnar og yfirstjórn ráðherra. Stjórnar- og afgreiðslukostnaður greiðist af fé sjóðsins, og skiptist hann á fiskideild og síldveiðideild í réttu hlutfalli við tekjur þeirra seinasta reikningsár.

Reikningsár sjóðsins er almanaksárið. Reikningar sjóðsins skulu birtir í B-deild stjórnartíðindanna.

8. gr.

Stofnfé sjóðsins er:

Helmingur eignaraukaskatts, sem innheimtur verður samkvæmt II. kafla laga nr. 128 1947, um dýrtíðarráðstafanir.

Nú nær stofnfé samkvæmt þessari grein ekki fimm milljónum króna, og skal ríkissjóður þá leggja fram það, sem til vantar.

Stofnfé sjóðsins skiptist að jöfnu milli fiskideildar og síldveiðideildar.

9. gr.

Árlegar tekjur sjóðsins eru:

1. ½% útflutningsgjald af öllum útfluttum sjávarafurðum, öðrum en þeim, sem koma frá botnvörpuskipum, hvalveiðum og selveiðum. Skal gjald þetta reiknað á sama hátt og annað útflutningsgjald af sömu vöru.
2. Framlag úr ríkissjóði á móti 1. lið.
3. Vextir og aðrar tekjur af eignum sjóðsins. Ríkissjóður sér um innheimtu tekna samkvæmt 1. og 2. tölulið þessarar greinar. Tekjur samkvæmt 1. tölulið skiptast á deildirnar þannig, að tekjur vegna síldveiða falla til síldveiðideildar, en tekjur vegna þorskveiða til þorskveiðideildar. Tekjur samkvæmt 2. lið skiptast til deildanna í sömu hlutföllum.

10. gr.

Nú hefur almennur aflabrestur orðið á einhverju veiðisvæði, svo að til sjóðsins kasta kemur um bætur. Skal þá hvert það skip, sem aflar 45% eða minna af meðalafla skipa þess flokks á viðkomandi veiðisvæði, fá bætt 40% af því, sem vantar á meðalafla, og síðan, með vaxandi afla, lækkandi hundraðshluta bóta samkv. eftirfarandi reglu:

Skip sem aflar	45 % af meðalafla	fær	40 % bætur af því sem á vantar	meðaltal.
— — —	46 — — —	—	39 — — — — — —	—
— — —	47 — — —	—	38 — — — — — —	—
— — —	48 — — —	—	37 — — — — — —	—
— — —	49 — — —	—	36 — — — — — —	—
— — —	50 — — —	—	35 — — — — — —	—

Skip sem aflar	51 % af meðalafla	fær	34 % bætur af því sem á vantar	meðaltal.
— — —	52 — — —	—	33 — — — — — —	—
— — —	53 — — —	—	32 — — — — — —	—
— — —	54 — — —	—	31 — — — — — —	—
— — —	55 — — —	—	30 — — — — — —	—
— — —	56 — — —	—	29 — — — — — —	—
— — —	57 — — —	—	28 — — — — — —	—
— — —	58 — — —	—	27 — — — — — —	—
— — —	59 — — —	—	26 — — — — — —	—
— — —	60 — — —	—	25 — — — — — —	—
— — —	61 — — —	—	24 — — — — — —	—
— — —	62 — — —	—	23 — — — — — —	—
— — —	63 — — —	—	22 — — — — — —	—
— — —	64 — — —	—	21 — — — — — —	—
— — —	65 — — —	—	20 — — — — — —	—
— — —	66 — — —	—	19 — — — — — —	—
— — —	67 — — —	—	18 — — — — — —	—
— — —	68 — — —	—	17 — — — — — —	—
— — —	69 — — —	—	16 — — — — — —	—
— — —	70 — — —	—	15 — — — — — —	—

Skip, sem fá 71—74% af meðalafla, fá bætt þannig, að þau fái það, sem á vantar, að afli þeirra nái 74,5% að meðaltali. Þau skip, sem náð hafa aflaverðmæti yfir 75% að meðaltali, njóta ekki bóta úr sjóðnum.

Hrökkvi fé sjóðsins ekki til úthlutunar samkvæmt ofanskráðu, skal úthlutun lækkuð hlutfallslega. Á sama hátt má stjórn sjóðsins, að fengnu samþykki ráðherra, hækka úthlutun, ef mikil þörf er fyrir bætur og fjárhagur sjóðsins leyfir.

Aldrei má ganga nær sjóðnum en svo, að eftir standi allt stofnfé hans.

11. gr.

Ef skip veiða minna en 20% af meðalafla viðkomandi flokks, skal sjóðstjórnin rannsaka sérstaklega, hvernig á slíku aflaleysi stendur. Ef þá kemur í ljós, að vítaverð vanræksla eða óstjórn á útgerðinni á verulegan þátt í aflaleysinu, er sjóðstjórninni heimilt að draga úr þeim bótum, sem viðkomandi skipum bæri samkv. hinni almennu reglu 10. greinar, eða fella bæturnar alveg niður, ef um mikil víti er að ræða.

12. gr.

Nú fær útgerðarmaður fé úr sjóðnum, og getur stjórn hans þá krafizt þeirrar tryggingar af útgerðarmanninum, sem henni þykir þörf, fyrir því, að fénu verði varið til greiðslu á eftirtöldum gjaldaliðum í þeirri röð, sem hér er talið: Kaup og fæði skipverja, vátryggingargjöld og önnur hliðstæð gjöld, eftir því sem greiðslur hrökkva til hverju sinni.

13. gr.

Sjóðurinn telst stofnaður með gildistöku laga þessara, og skulu tekjur samkv. 9. gr. innheimtar frá þeim tíma, en þó skulu bætur úr sjóðnum fyrst greiddar, er hann hefur starfað minnst eitt ár.

14. gr.

Þeir, sem fá bætur samkvæmt lögum þessum, eru skyldir að láta reikningaskrifstofu sjávarútvegsins í té reikninga um rekstur skipa þeirra, sem bætur eru miðaðar við, í því formi, sem reikningaskrifstofan ákveður.

15. gr.

Ráðherra setur með reglugerð nánari ákvæði um framkvæmd þessara laga.

16. gr.

Með lögum þessum eru úr gildi numin lög nr. 109 30. des. 1943, um hlutatryggingafélög.

17. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Nd. 727. Frumvarp til laga [138. mál]

um eftirlit með rekstri ríkisins og ríkisstofnana.

(Eftir 2. umr. í Nd.)

1. gr.

Í fjármálaráðuneytinu skal stofna sérstaka deild, er nefnist: Eftirlit með opinberum rekstri. Hlutverk þessarar deildar er:

1. Að hafa eftirlit með rekstri ríkisstofnana og starfsmanna ríkisins, starfsaðferðum, starfsmannahaldi, vinnuafköstum og vinnuskilyrðum þessara aðila;
2. að leiðbeina ríkisstofnunum og ríkisstarfsmönnum um starfstilhögun og mannahald;
3. að gera tillögur til hlutaðeigandi ráðherra um bætta starfstilhögun og breytt skipulag og sparnað, sem við verður komið, þar á meðal um niðurlagningu eða sameiningu stofnana eða starfa.

2. gr.

Fjármálaráðherra setur mann til forstöðu deildarinnar, og nefnist hann ráðsmaður ríkisins. Skal hann hafa sömu laun og skrifstofustjórar stjórnarráðsins. Eftir að hann hefur verið reyndur í starfinu árlangt, getur forseti Íslands skipað hann í stöðuna, enda séu allir ráðherrar sammála um að leggja til, að svo verði gert.

3. gr.

Skrifstofustjórar stjórnarráðsins, ríkisbókari, aðalendurskoðandi og forstöðumenn ríkisstofnana, sem heyra beint undir ráðherra, skulu vera ráðsmanni ríkisins til ráðuneytis og getur hann kvatt þá, einn eða fleiri, til sameiginlegra fundarhalda um tiltekin málefni.

4. gr.

Ríkisstofnunum og einstökum starfsmönnum ríkisins er skylt að veita stofnun þessari hverjar þær upplýsingar, sem hún þarfnast vegna starfs síns, og þeim ber einnig að leita samvinnu við deildina um hvað eina, sem varðar skrifstofuhald, svo og fjölgun og fækkun starfsliðs og hverjar aðrar endurbætur í rekstrinum, er til greina koma.

5. gr.

Engin ríkisstofnun né starfsmaður ríkisins má ráða starfsfólk til starfa við skrifstofuvinnu, iðnað, iðju, afgreiðslustörf eða önnur skyld verk, nema ráðsmaður hafi áður samþykkt, að maður skuli ráðinn til starfans. Hins vegar fer um veitingu starfa eftir þeim reglum, sem gilt hafa til þessa. Nú ræður forstöðumaður fólk til

starfa án samþykkis ráðsmanns, og er sú ráðning þá ógild. Ef ágreiningur verður um starfssvið ráðsmanns samkvæmt ákvæðum þessarar greinar, sker ráðherra úr.

6. gr.

Nýja stofnun má ekki setja á fót nema með lögum. Nú er ný stofnun eða embætti sett á fót, og skal þá ráðsmaður ríkisins ákveða mannahald og starfstilhögun að öðru leyti í stofnuninni í samráði við fyrirsvarsmann stofnunarinnar.

7. gr.

Skýrslur þær og aðrar upplýsingar, sem um ræðir í 4. gr., skulu afhentar ráðsmanni fyrir þann tíma, er hann ákveður, og getur ráðherra ákveðið, að hlutaðeigandi forstöðumenn sæti dagsektum, ef misbrestur verður á um afhendingu umbeðinna upplýsinga.

8. gr.

Fjármálaráðherra getur, að fengnum tillögum ráðsmanns, með reglugerð, erindisbréfi eða öðrum fyrirmælum, kveðið nánar á um starfssvið og önnur atriði, sem um ræðir í lögum þessum.

9. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. júlí 1949.

Ed. 728. Nefndarálit [120. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. um menntaskóla, nr. 58 frá 7. maí 1946.

Frá meiri hl. menntamálanefndar.

Nefndin hefur klofnað um málið, og leggur undirritaður meiri hluti til, að frv. verði samþ. óbreytt.

Alþingi, 12. maí 1949.

Bernh. Stefánsson, form. Eiríkur Einarsson, frsm. Björn Ólafsson.

Ed. 729. Nefndarálit [209. mál]

um frv. til l. um gildistöku alþjóðasamnings um samræmingu nokkurra reglna varðandi loftflutninga milli landa.

Frá allsherjarnefnd.

Nefndin hefur athugað frv. og leggur til, að það verði samþ. óbreytt.

Alþingi, 12. maí 1949.

Guðm. Í. Guðmundsson, form., frsm. Lárus Jóhannesson, fundaskr. Hermann Jónasson.

Brynjólfur Bjarnason. Þorst. Þorsteinsson.

Sþ. 730. Breytingartillögur [42. mál]

við frv. til fjárlaga fyrir árið 1949.

I. Frá *Gunnari Thoroddsen, Bjarna Benediktssyni, Einari Olgeirssyni, Sigurði Guðnasyni, Axel Guðmundssyni, Sigfúsi Sigurhjartarsyni, Jóhanni Hafstein, Gylfa Þ. Gíslasyni, Eiríki Einarssyni* og *Birni Ólafssyni.*
Við 12. gr. X. (Sjúkrahús í Reykjavík).
Liðurinn orðist svo:
Til heilbrigðisstofnana í Reykjavík 1 000 000

II. Frá *Gunnari Thoroddsen.*
Við 22. gr. Nýr liður:
Að ábyrgjast fyrir h/f Skipanaust vegna dráttarbrauta og skipasmíðastöðvar 3 millj. kr.

Nd. 731. Nefndarálit [118. mál]

um frv. til l. um breyt. á raforkulögum, nr. 12 2. apríl 1946.

Frá iðnaðarnefnd.

Nefndin hefur rætt frumvarpið og leggur til, að það verði samþykkt, en telur enga möguleika á að nota lagaheimildina á yfirstandandi ári, þar sem ekkert fé er veitt á fjárlögum til þess að mæta nýjum útgjöldum á því sviði, sem lögin ætlast til, en raforkusjóði ráðstafað að fullu fyrir yfirstandandi ár.

Alþingi, 12. maí 1949.

Sigurður E. Hlíðar, form. Gylfi Þ. Gíslason, fundaskr. Ingólfur Jónsson, frsm.
Páll Þorsteinsson. Hermann Guðmundsson.

Sþ. 732. Breytingartillögur [42. mál]

við frv. til fjárlaga fyrir árið 1949.

Frá fjármálaráðherra.

1. Við 2. gr. 3. (Vörumagnstollur).
Fyrir „20 000 000“ kemur 23 000 000
2. Við 2. gr. 4. (Verðtollur).
a. Fyrir „60 000 000“ kemur 64 000 000
b. Fyrir „22 000 000“ kemur 12 000 000
3. Við 2. gr. 5. (Benzíntollur).
Fyrir „4 000 000“ kemur 9 500 000
4. Við 2. gr. 6. (Gjald af innl. tollvörum).
Fyrir „3 000 000“ kemur 5 000 000

5. Við 2. gr. 15. (Veitingaskattur).
   Fyrir „1 500 000“ kemur 2 500 000
6. Við 2. gr. 17. a. (Tekjur dýrtíðarsjóðs af tolltekjum).
   Fyrir „22 000 000“ kemur 12 000 000
7. Við 3. gr. A. Sundurliðun 3. I. Tekjur — brúttóhagnaður Áfengisverzl.
   Fyrir „46 290 000“ kemur 51 790 000
8. Við 3. gr. A. Sundurliðun 4. I. Tekjur — brúttóhagnaður Tóbakseinkasölu.
   Fyrir „19 570 000“ kemur 22 070 000
9. Við 5. gr. (Óvissar tekjur).
   Fyrir „500 000“ kemur 1 500 000
10. Við 19. gr. 1. (Dýrtíðarráðstafanir).
    Fyrir „74 640 000“ kemur 64 640 000
11. Við 22. gr. XVI. Að taka að láni allt að 2 milljónum kr. vegna væntanlegs framlags ríkissjóðs í hlutatryggingarsjóð bátaútvegsins.

Sþ. 733. Breytingartillögur [42. mál]

við frv. til fjárlaga fyrir árið 1949.

I. Frá *Einari Olgeirssyni.*
Við 22. gr. V. Nýr liður:
Að greiða starfsmönnum ríkisins og ríkisstofnana 25% launauppbót á laun þeirra árið 1949 og skipa jafnframt nefnd, sem Bandalag starfsmanna ríkis og bæja á fulltrúa í, er endurskoði launalögin, þannig að unnt sé að leggja tillögur hennar fyrir næsta reglulegt þing.

II. Frá *menntamálaráðherra.*
Við 22. gr. XII. Nýr liður:
Að taka allt að 1,5 milljón króna lán til bygginga fyrir ríkisspítalana.

Sþ. 734. Breytingartillögur [42. mál]

við frv. til fjárlaga fyrir árið 1949.

I. Frá *Gylfa Þ. Gíslasyni, Gunnari Thoroddsen, Birni Kristjánssyni* og *Áka Jakobssyni.*
Við 15. gr. A. XVI. Nýr liður:
Til Þorsteins Hannessonar söngvara 6 000

II. Frá *Hannibal Valdimarssyni* og *Gylfa Þ. Gíslasyni.*
Við 22. gr. X. Nýr liður:
Að verja allt að átta milljónum króna af skattsektafé samkvæmt lögum um eignakönnun til uppbóta á laun þeirra starfsmanna ríkisins, sem laun taka samkvæmt launalögum. Upphæðin verði greidd samkvæmt reglum, er ríkisstjórnin setur að fengnum tillögum Bandalags starfsmanna ríkis og bæja.

Nd. 735. Nefndarálit [134. mál]

um frv. til l. um eignarnám á lóðum vegna bygginga fyrir Menntaskólann í Reykjavík.

Frá menntamálanefnd.

Nefndin fellst á þau rök, er liggja til grundvallar þessu frv. Telur nefndin sjálfsagt, eins og í aths. frv. greinir, að reyndir verði samningar við eigendur fasteignanna áður en til eignarnáms sé gripið. Einnig vill nefndin, að þeim, er þola verða eignarnámið, verði veitt fyrirgreiðsla af hendi stjórnarvaldanna til þess að eignast húsnæði í stað þess, er tekið yrði, t. d. með fjárfestingarleyfum.

Með þessum aths. leggur nefndin til, að frv. verði samþ.

Alþingi, 12. maí 1949.

Páll Þorsteinsson, form.	Gunnar Thoroddsen, fundaskr., frsm.	Sigfús Sigurhjartarson, með fyrirvara.
Sigurður Bjarnason.	Barði Guðmundsson.	

Nd. 736. Breytingartillögur [134. mál]

við frv. til l. um eignarnám á lóðum vegna bygginga fyrir Menntaskólann í Reykjavík.

Frá Sigfúsi Sigurhjartarsyni.

1. Við 1. gr. Orðin „vegna bygginga fyrir Menntaskólann í Reykjavík“ falli burt.
2. Fyrirsögn frv. verði:
   Frumvarp til laga um eignarnám á lóðum.

Nd. 737. Nefndarálit [193. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 35 12. febr. 1940, um heilbrigðisnefndir og heilbrigðissamþykktir, og l. nr. 22 23. júní 1932, um skipun læknishéraða.

Frá heilbrigðis- og félagsmálanefnd.

Nefndin hefur rætt frv. og orðið einhuga um að leggja til, að það verði samþykkt með eftirfarandi

BREYTINGUM:

1. Við 3. gr. Greinin orðist svo:
   5. gr. laga nr. 44 1932 orðist svo:
   Héraðslæknisstörfum í Reykjavíkurhéraði gegnir borgarlæknir. Skal hann skipaður af ráðherra samkvæmt tilnefningu bæjarstjórnar og taka laun úr bæjarsjóði. Um starfssvið hans að öðru leyti fer eftir reglugerð, er bæjarstjórn setur og ráðherra staðfestir.
2. Við 4. gr. Í stað „sömu laga“ kemur: laga nr. 35 1940.

3. Í stað 5.—8. gr. kemur ein grein (5. gr), svo hljóðandi:
Ákvæði 3. gr. þessara laga öðlast gildi, þegar núverandi héraðslæknir í Reykjavíkurhéraði lætur af embætti, en þangað til annast borgarlæknir í héraðslæknis stað allt heilbrigðiseftirlit í bænum samkvæmt heilbrigðissamþykkt. Jafnframt falla úr gildi l. nr. 21 13. júní 1937, um breyting á l. nr. 44 23. júní 1932, um skipun læknishéraða, verksvið landlæknis og störf héraðslækna. — Að öðru leyti öðlast lög þessi þegar gildi.

Alþingi, 12. maí 1949.

Sigurður E. Hlíðar, form. Helgi Jónasson, fundaskr. Gunnar Thoroddsen, frsm.
Gylfi Þ. Gislason. Katrín Thoroddsen.

Nd. 738. Breytingartillaga [138. mál]

við frv. til l. um eftirlit með rekstri ríkisins og ríkisstofnana.

Frá Einari Olgeirssyni og Axel Guðmundssyni.

Við 3. gr. Aftan við greinina bætist: Enn fremur skal formaður Bandalags starfsmanna ríkis og bæja eða fulltrúi, er hann í hvert sinn tilnefnir, kvaddur á fund ráðsmanns ríkisins, þegar um mál er að ræða, sem snerta hagsmuni starfsmanna ríkisins.

Nd. 739. Breytingartillaga [208. mál]

við frv. til l. um breyt. á l. nr. 37 29. apríl 1946, um áhrif kjötverðs á framfærsluvísitölu.

Frá Einari Olgeirssyni.

Við 1. gr. Í stað „2,5“ á tveim stöðum í tölul. 4 komi: 3.

Nd. 740. Breytingartillaga [208. mál]

við frv. til l. um breyt. á l. nr. 37 29. apríl 1946, um áhrif kjötverðs á framfærsluvísitölu.

Frá fjármálaráðherra.

Við 1. gr. Í stað orðanna „eins og hann er reiknaður á hverjum tíma“ í 4. tölul. komi: umreiknuðum með þeirri vísitölu, sem umreikningur tekna miðast við á hverjum tíma.

Ed. 741. Frumvarp til laga [208. mál]

um breyting á lögum nr. 37 29. apríl 1946, um áhrif kjötverðs á framfærsluvísitölu.

(Eftir 3. umr. í Nd.)

1. gr.

3. gr. laganna orðist svo:

Rétt til niðurgreiðslu samkvæmt 2. gr. hafa þó ekki:

1. Þeir, sem hafa landbúnað að atvinnu að einhverju leyti.
2. Atvinnurekendur, sem hafa 3 menn eða fleiri í þjónustu sinni.
3. Þeir, sem fá laun sín greidd að nokkru eða öllu leyti með fæði.
4. Þeir, sem hafa hreinar tekjur, sem nema persónufrádrætti margfölduðum með 2,5 eða meira, umreiknuðum með þeirri vísitölu, sem umreikningur tekna miðast við á hverjum tíma. Nú eru hreinar tekjur lægri en að framan greinir, en þó ekki þeim mun lægri sem niðurgreiðslunni nemur, og skal þá borga hluta hennar unz tekjurnar að viðbættri niðurgreiðslu nema 2,5 sinnum persónufrádrætti samkvæmt framansögðu.

2. gr.

Lög þessi öðlast gildi þegar í stað, og skulu ákvæði þeirra lögð til grundvallar við útreikning og framkvæmd niðurgreiðslna frá 20. september 1948 að telja.

Ed. 742. Frumvarp til laga [207. mál]

um breyting á lögum nr. 84 6. júlí 1932, um bifreiðaskatt o. fl.

(Eftir 3. umr. í Nd.)

1. gr.

1. gr. laganna orðist svo:

Greiða skal sérstakt innflutningsgjald og skatt af bifreiðum sem hér segir:

a. af benzíni 31 eyri innflutningsgjald af hverjum lítra, og tekur gjald þetta einnig til benzínbirgða innflytjenda, sem til eru í landinu, þá er lög þessi ganga í gildi, og sömuleiðis til birgða einstakra manna eða félaga, en undanþegnir hækkun þessari skulu þó vera 300 lítrar hjá hverjum eiganda;
b. af hjólbörðum og gúmmíslöngum á bifreiðar 3 — þrjár — krónur í innflutningsgjald af hverju kg;
c. af bifreiðum, sem aðallega eru gerðar til fólksflutninga, 36 — þrjátíu og sex — krónur á ári af hverjum fullum 100 kg af þunga þeirra;
d. af bifreiðum, sem nota annað eldsneyti en benzín, 90 — níutíu — krónur í þungaskatt árlega af hverjum fullum 100 kg af þunga þeirra.

Verði ágreiningur um gerð bifreiðar, sker fjármálaráðherra úr;

e. af bifhjólum 60 — sextíu — krónur árlega af hverju hjóli.

Undanþegnar gjaldi samkvæmt c- og d-liðum eru skólabifreiðar.

2. gr.

Við 2. gr. laganna bætist ný málsgrein, svolátandi:

Eigendur jeepbifreiða eiga rétt á endurgreiðslu skatts samkvæmt c-lið 1. gr., ef þeir sanna með vottorðum frá hlutaðeigandi skattanefndum, að bifreiðarnar hafi verið notaðar næstliðið ár að mestu eða öllu leyti við framleiðslu og jarðyrkjustörf.

3. gr.

4. gr. laganna orðist svo:

Eindagi skatts þess, sem um ræðir í 1. gr., c—e-lið, er 1. janúar ár hvert, og skal skatturinn innheimtast þar, sem bifreið er skrásett. Skattskyldan telst frá afhendingu bifreiðamerkis, ef um nýskrásetta bifreið er að ræða, en ella frá 1. janúar næsta ár á undan, og reiknast skatturinn hlutfallslega fyrir hluta úr ári, hvort svo sem stendur á, að merki hefur verið afhent á skattárinu eða skattskyld bifreið hefur ónýtzt. Skatturinn telst aðeins fyrir heila mánuði, þannig að 15 dagar eða meira telst heill mánuður, en minna broti er sleppt. Lækka skal þó skattinn samkvæmt c—e-lið 1. gr. að réttri tiltölu, ef einkennismerki bifreiðar er afhent lögreglustjóra í skrásetningarumdæmi hennar til geymslu um tíma, þó aldrei skemur en 3 mánuði, en sleppa skal broti úr mánuði við frádrátt skattsins, þannig að meira en hálfur mánuður skal reiknast sem heill mánuður, en hálfum mánuði eða minna broti skal sleppt.

Skattinn skal sá greiða, sem er skráður eigandi á gjalddaga eða síðast var það, ef bifreið er ónýt. Hafi bifreið skipt um eiganda (nothafa), án þess að það hafi verið tilkynnt til skráningar, hvílir greiðsluskyldan jafnframt á hinum nýja eiganda (nothafa).

Við aðalskoðun bifreiðar ár hvert skal eigandi hennar eða umráðamaður færa sönnur á, að greiddur hafi verið af henni bifreiðaskattur fyrir síðastliðið skattár, svo og skoðunargjald og vátryggingariðgjald ökumanns fyrir sama tímabil. Að öðrum kosti skal skoðunarmaður neita um skoðun á henni, taka af henni einkennismerki hennar og afhenda þau lögreglustjóra, en lögreglustjóri skal ekki afhenda þau aftur, fyrr en færðar hafa verið sönnur á greiðslu fyrrgreindra gjalda.

Sé ekki komið með bifreið til skoðunar á tilsettum tíma og gjöldin af henni eru ekki greidd, skal lögreglustjóri eftir kröfu skattheimtumanns eða skoðunarmanns stöðva bifreiðina, hvar sem hún hittist, og taka merki hennar til geymslu, svo sem að framan segir

Bifreiðaskatturinn, skoðunargjald af bifreiðum og vátryggingariðgjald ökumanns hafa lögtaksrétt, og skal bifreiðin vera að veði fyrir gjöldum þessum, og skal það veð ganga fyrir öðrum veðum.

4. gr.

Aftan við 7. gr. laganna bætist svo hljóðandi málsgrein:

Enn fremur er ríkisstjórninni heimilt að setja reglur um atvinnuréttindi bifreiðastjóra samtímis því, sem benzínskömmtunin væri afnumin.

5. gr.

8. gr. laganna, sem felld var niður með lögum nr. 27 14. apríl 1947, komi inn aftur og orðist svo:

Tekjum samkvæmt lögum þessum skal varið sem hér segir:

a. Í brúasjóð renni fjárhæð, sem svarar 5 aura innflutningsgjaldi af hverjum lítra af benzíni, er Alþingi ráðstafar, og skulu fyrstu tekjur hans ganga til byggingar Þjórsárbrúar.
b. Til viðhalds og umbóta akvegum renni fjárhæð, sem svarar 21 eyris innflutningsgjaldi af hverjum lítra af benzíni og tekjum samkvæmt b—e-lið 1. gr.

6. gr.

Með lögum þessum eru úr gildi numin lög nr. 27 14. apríl 1947, lög nr. 53 7. maí 1946 og lög nr. 101 29. des. 1948.

7. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi, og skal fella meginmál þeirra og 3. gr. laga nr. 34 1933 inn í lög nr. 84 1932 og gefa þau síðan út svo breytt.

Ákvæði til bráðabirgða.

Næsta bifreiðaskattsár skal vera 1. apríl til 31. desember 1949, að báðum dögum meðtöldum. Fyrir það ár skal einungis greiða ¾ af þeim bifreiðaskatti, sem lögum samkvæmt átti að greiða á skattárinu 1. apríl 1949 til 31. marz 1950.

Ed. 743. Frumvarp til laga [98. mál]

um breyting á lögum nr. 66 17. júlí 1946, um atvinnu við siglingar á íslenzkum skipum.

(Eftir eina umr. í Nd.)

1. gr.

Aftan við 3. gr. laganna bætist nýr stafliður, svo hljóðandi.

c. Skipstjórnarmönnum og vélamönnum ber að afla á 5 ára fresti læknisvottorða þeirra, er um ræðir í lögum þessum.

2. gr.

Fyrir „15“ í 30. gr. laganna komi: 25.

3. gr.

1. Fyrir „15“ í 31. gr. laganna komi: 25.
2. Fyrir „50“ á tveim stöðum í sömu gr. komi: 75.

4. gr.

1. Fyrir „15“ í 32. gr. laganna komi: 25.
2. Fyrir „50“ á tveim stöðum í sömu gr. komi: 75.

5. gr.

Fyrir „50“ í 33. gr. laganna komi: 75.

6. gr.

1. Fyrir „50“ á tveim stöðum í 34. gr. laganna komi: 75.
2. Fyrir „15“ , sömu gr. komi: 50.

7. gr.

Fyrir „600“ í 35. gr. laganna komi: 900.

8. gr.

1. Fyrir „600“ í 36. gr. laganna komi: 900.
2. Í stað orðanna „50 hestafla vél í 12 mánuði“ í b-lið sömu gr. komi: 75 hestafla vél í 18 mánuði.

9. gr.

37. gr. laganna orðist svo:

Sá einn hefur rétt til að vera yfirvélstjóri á mótorskipi með meira en 250, en ekki yfir 900 hestafla vél, sem fullægir skilyrðum þeim, sem um ræðir í 38. gr.

10. gr.

Aftan við 38. gr. laganna komi ný málsgr., svo hljóðandi:

Sá, er öðlazt hefur yfirvélstjóraskírteini samkv. 1. mgr. þessarar greinar, staflið a—e, getur öðlazt yfirvélstjóraskírteini á mótorskipi með allt að 900 hestafla

vél, ef hann auk skilyrða 1. mgr. hefur siglt sem 2. vélstjóri á skipi með meira en 250 hestafla vél í 24 mánuði, en 18 mánuði, hafi viðkomandi lokið hinu minna mótorvélstjóraprófi og siglt í 24 mánuði á skipi með yfir 50 hestafla vél.

11. gr.

39. gr. laganna orðist svo:

Sá einn hefur rétt til að vera aðstoðarvélstjóri á mótorskipi með meira en 900 hestafla vél, eða undirvélstjóri á mótorskipi með meira en 900, en ekki yfir 1300 hestafla vél, sem öðlazt hefur skírteini það, sem um ræðir í 40. gr.

12. gr.

Upphaf 40. gr. laganna skal orða svo:

Sá einn getur öðlazt aðstoðarvélstjóraskírteini á mótorskipi með meira en 900 hestafla vél, eða undirvélstjóraskírteini á mótorskipi með meira en 900, — o. s. frv.

13. gr.

Fyrir „600“ í 41. gr. laganna komi: 900.

14. gr.

Fyrir „600“ í upphafi 42. gr. laganna komi: 900.

15. gr.

a. Fyrir „50“ í b- og c-liðum 48. gr. laganna komi: 75.
b. Fyrir „42. gr.“ í e-lið sömu lagagr. komi: 38. eða 42. gr. — og fyrir „40. gr.“ komi: 36. og 40. gr.

16. gr.

55. gr. laganna orðist svo:

Ráðherra er heimilt, þegar skortur er á skipstjórnarmönnum og vélstjórum, að veita undanþágu frá skilyrðum laga þessara til skipstjórnar- og vélstjórastarfa, enda sé áður leitað umsagnar hlutaðeigandi stéttarfélaga eða sambanda þeirra.

17. gr.

Fyrir „þrjár vikur“ í 57. gr. laganna komi sex vikur.

18. gr.

Aftan við ákvæði til bráðabirgða bætast ný ákvæði, svo hljóðandi:

Þeir menn skulu eiga rétt á að öðlast skírteini samkvæmt 36. gr., án frekara náms eða prófs, sem að öðru leyti fullnægja ákvæðum hennar og siglt hafa sem vélstjórar á mótorskipum með yfir 150 hestafla vél í 36 mánuði fyrir gildistöku laga nr. 51 frá 1946.

Ríkisstjórnin skal nú þegar skipa nefnd til þess að endurskoða og samræma öll lög og reglugerðir um nám og réttindi vélstjóra á íslenzkum skipum. Skulu stéttarfélög mótorvélstjóra og vélstjóra eiga fulltrúa í þeirri nefnd. Skal nefnd þessi hafa lokið endurskoðun og skilað áliti til ríkisstjórnarinnar fyrir 1. október 1949. Kostnaður við nefndina greiðist úr ríkissjóði.

19. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi, og skal fella meginmál þeirra inn í lög nr. 66 frá 17. júlí 1946, um atvinnu við siglingar á íslenzkum skipum, og gefa þau út svo breytt.

Nd. 744. Frumvarp til laga [1. mál]

um viðauka við lög nr. 109 31. des. 1945, um togarakaup ríkisins.

(Eftir 2. umr. í Nd.)

1. gr.

Auk þeirra togara, sem um ræðir í 1. gr. laganna, er ríkisstjórninni heimilt að láta smíða eða kaupa allt að 10 togara erlendis og skal ráðstafa þeim á sama hátt og í lagagreininni segir.

Til þessara framkvæmda er ríkisstjórninni heimilt að taka allt að 30 millj. kr. lán, eða jafngildi þess í erlendum gjaldeyri, er greiðist upp, þegar skipin hafa verið seld.

2. gr.

Ríkisstjórninni er heimilt að ábyrgjast lán eða lána bæjar- og hreppsfélögum, sem kaupa togara, allt að 10% af kostnaðarverði skipanna, enda þarfnist viðkomandi bæjar- eða hreppsfélög þessa fjárhagsstuðnings að áliti ríkisstjórnarinnar.

Ábyrgðirnar eða lánin eru bundin því skilyrði, að viðkomandi skip verði rekin af bæjar- eða hreppsfélögum eða félögum, sem njóta bakábyrgðar bæjar- eða hreppsfélaga. Lán þessi mega vera afborgunarlaus fyrstu 2 árin, en greiðist síðan upp með jöfnum afborgunum á 10 árum.

Samkvæmt þessu er ríkisstjórninni heimilt að ábyrgjast fyrir hönd ríkissjóðs eða lána samtals allt að 1.5 millj. króna.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Nd. 745. Frumvarp til laga [193. mál]

um breyting á lögum nr. 35 12. febr. 1940, um heilbrigðisnefndir og heilbrigðissamþykktir, og lögum nr. 44 23. júní 1932, um skipun læknishéraða.

(Eftir 2. umr. í Nd.)

1. gr.

Á eftir 1. málsl. 1. gr. laga nr. 35 1940 komi nýr málsl., svo hljóðandi:
Í Reykjavík er borgarlæknir einnig sjálfkjörinn í nefndina.

2. gr.

Upphaf 6. gr. sömu laga orðist svo:
Í kaupstöðum utan Reykjavíkur skal bæjarstjórn o. s. frv.

3. gr.

5. gr. laga nr. 44 1932 orðist svo:

Héraðslæknisstörfum í Reykjavíkurhéraði gegnir borgarlæknir. Skal hann skipaður af ráðherra samkvæmt tilnefningu bæjarstjórnar og taka laun úr bæjarsjóði. Um starfssvið hans að öðru leyti fer eftir reglugerð, er bæjarstjórn setur og ráðherra staðfestir.

4. gr.

Fyrir „1000 kr." í 1. málsgr. 8. gr. laga nr. 35 1940 komi: 5000 kr.

5. gr.

Ákvæði 3. gr. þessara laga öðlast gildi, þegar núverandi héraðslæknir í Reykjavíkurhéraði lætur af embætti, en þangað til annast borgarlæknir í héraðslæknis stað allt heilbrigðiseftirlit í bænum samkvæmt heilbrigðissamþykkt. Jafnframt falla úr gildi l. nr. 21 13. júní 1937, um breyting á l. nr. 44 23. júní 1932, um skipun læknishéraða, verksvið landlæknis og störf héraðslækna. — Að öðru leyti öðlast lög þessi þegar gildi.

Ed. 746. Lög [207. mál]

um breyting á lögum nr. 84 6. júlí 1932, um bifreiðaskatt o. fl.

(Afgreidd frá Ed. 13. maí.)

Samhljóða þskj. 742.

Ed. 747. Nefndarálit [193. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 35 12. febr. 1940, um heilbrigðisnefndir og heilbrigðissamþykktir, og l. nr. 44 23. júní 1932, um skipun læknishéraða.

Frá heilbrigðis- og félagsmálanefnd.

Nefndin ræddi frumvarpið á einum fundi og leggur til, að það verði samþykkt með lítils háttar breytingu. Brynjólfur Bjarnason var ekki staddur á fundi, er málið var afgreitt. Páll Zóphóníasson tók fram, að hann væri ekki alls kostar ánægður með frumvarpið, en vildi þó ekki standa í vegi fyrir framgangi þess.

Nefndin leggur til, að frumvarpið verði samþykkt með svo hljóðandi

BREYTINGU:

Við 1. gr. Í stað orðanna „Á eftir 1. málsl. 1. gr.“ komi: Á eftir 2. málsl. 2. gr.

Alþingi, 14. maí 1949.

Páll Zóphóníasson, form.	Hannibal Valdimarsson, fundaskr., frsm.	Gísli Jónsson.
	Lárus Jóhannesson.	

Ed. 748. Nefndarálit [186. mál]

um frv. til l. um eyðingu refa og minka.

Frá landbúnaðarnefnd.

Nefndin hefur athugað frumvarpið nokkuð, og eru þeir ÞÞ, PZ og ÁS sammála um að leggja til, að það sé samþykkt með breytingum, sem fluttar eru á sérstöku þingskjali. EE og GÍG hafa ekki tekið afstöðu til málsins.

Alþingi, 14. maí 1949.

Þorst. Þorsteinsson, form.	Páll Zóphóníasson, fundaskr., frsm.	Ásmundur Sigurðsson.

Ed. 749. Breytingartillögur [186. mál]

við frv. til l. um eyðingu refa og minka.

Frá meiri hl. landbúnaðarnefndar.

1. Við 1. gr. Greinin orðist svo:
   Sýslumenn hafa hver í sínu umdæmi umsjón með framkvæmd þessara laga undir yfirstjórn landbúnaðarráðherra.
2. Við 3. gr. Greinin orðist svo:
   Sérhver hreppsnefnd skal á hverju vori annast um grenja- og minkaleitir í heima- og afréttarlöndum hreppsins, hvort sem lönd þessi liggja utan eða innan sýslufélagsins eða hreppsins, svo og um vinnslu grenja- og minkabæla. Þar, sem tveir eða fleiri hreppar eiga afréttarlönd saman, annast þeir í sameiningu, eða stjórn upprekstrarfélagsins, leitina og vinnslu dýranna á afréttinni.
   Ef unnt er, skal skotmaður eða skotmenn annast grenjaleitina, en bogmaður eða skotmaður, eftir því sem við á, minkaleitina.
3. Við 4. gr. Greinin orðist svo:
   Hreppsnefnd, stjórn upprekstrarfélags, þar sem hreppar eiga upprekstrarlönd saman, sbr. 3. gr., eða refaeyðingarstjóri, þar sem hann hefur verið ráðinn, sbr. 2. gr., ráða skotmann eða bogmann, einn eða fleiri, til að vinna greni eða minkabæli í þeim löndum, sem þeim ber að annast um í þessu efni. Skulu skotmenn eða bogmenn reiðubúnir til grenjavinnslu, hvenær sem greni eða minkabæli finnst. Vökumaður, sem skotmaður tekur gildan, skal vera ráðinn af sama aðila til að vera með skotmanni á grenjum.
4. Við 6. gr. Greinin orðist svo:
   Þegar greni eða minkabæli finnst, hvort heldur er í grenja- eða minkaleit eða þess utan, skal það ekki yfirgefið, ef kostur er. En finni það einn maður og geti ekki komið vitneskju til næsta bæjar nema fara sjálfur, skal hann hraða för sinni sem mest. Skotmanni eða bogmanni skal síðan gert aðvart tafarlaust. Kostnaður við slíkt telst með öðrum eyðingarkostnaði.
5. Við 7. gr.
   a. Á eftir fyrsta málslið komi nýr málsliður, er orðist svo: Sama gildir um borgun til bogmanns.
   b. Á eftir orðunum „ráðningarkjör skotmanns“ í öðrum málslið bætist: og bogmanns.
   c. Á eftir orðunum „ef yrðlingar“ í þriðja málslið bætist: eða minkahvolpar.
6. Við 8. gr. Greinin orðist svo:
   Nú vinnast hlaupadýr, og á þá sá, er vinnur, 60 kr. sem verðlaun fyrir hvert dýr, er hann sannar fyrir oddvita að hafa unnið, og sömu upphæð fyrir hvern mink.
7. Við 9. gr. Greinin orðist svo:
   Hreppsnefnd, stjórn upprekstrarfélags eða refaeyðingarstjóri heldur skrá yfir öll þekkt greni og minkabæli og gerir stutta lýsingu á þeim. Gera skal vörður eða skotbyrgi við greni þau, sem þörf er á, og halda þeim við. Heimilt er að laga skemmd greni, ef auðunnin eru, svo og ónýta önnur, sem torunnin eru, telji stjórn refaeyðinganna það hagkvæmt.
8. Við 10. gr. Greinin orðist svo:
   Skylt er að eitra fyrir refi og minka þriðja hvert ár í afréttum og heimalöndum. Oddvitar sjá um eitrunina, hver á sínu svæði, en þar sem fleiri hreppar eiga afréttir saman, skulu hlutaðeigandi oddvitar hafa samráð um eitrunina eða fá til sérstakan mann að sjá um hana. Héraðslæknar eða lyfjabúðir láta oddvitum í hendur eitur eftir fyrirmælum landbúnaðarráðherra.
9. Fyrirsögn II. kafla verði: Eyðing refa og minka.

10. III. kafli (11.—17. gr.) falli niður, og breytist kafla- og greinatala samkvæmt því.
11. Við 19. gr. Greinin orðist svo:
    Hreppsnefndir eða þeir, sem falið hefur verið að sjá um refa- og minkaeyðingu, skulu samhliða hreppsreikningi ár hvert hafa tilbúna reikninga yfir kostnað við starfsemi þessa, sundurliðaða, svo að glöggt sjáist kostnaður við hvort um sig, eyðingu refa og eyðingu minka. Að lokinni endurskoðun skulu þeir leggjast fyrir næsta sýslufund til úrskurðar. Nú úrskurðar sýslunefnd, að reikningarnir séu réttir og ekki úr hófi háir, og skal þá sá aðili, er lagt hefur kostnaðinn fram við refaeyðingu, fá hann endurgreiddan að ⅔ hlutum, að hálfu frá sýslunefnd, en að hálfu frá ríkinu. Kostnað við eyðingu minka skal endurgreiða að ⅚—⅔ frá ríki og ⅙ úr sýslusjóði.
12. Við 20. gr. Greinin orðist svo:
    Landbúnaðarráðuneytið setur reglugerð um nánari framkvæmd laga þessara, svo sem um eitrun fyrir refi og minka.
    Enn fremur geta sýslunefndir sett nánari reglur um framkvæmd laganna, en landbúnaðarráðherra skal samþykkja þær, áður en þær öðlast gildi.

Ed. 750. Nefndarálit [34. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 70 5. júní 1947, um fjárhagsráð, innflutningsverzlun og verðlagseftirlit.

Frá minni hl. fjárhagsnefndar.

Fjárhagsnefnd hefur rætt þetta mál og ekki orðið sammála. Tveir nefndarmenn (HermJ og BrB) mæltu með því í nefndinni, að frumvarpið yrði samþykkt. Einn nefndarmanna (BÓ) lýsti sig andvígan frumvarpinu, en GÍG vildi fresta frumvarpinu, þangað til séð væri, hvaða undirtektir frumvarp viðskiptamálaráðherra um fjárhagsráð, sem nú liggur fyrir neðri deild, fengi í fjárhagsnefnd þeirrar deildar. Einn nefndarmanna (ÞÞ) var ekki viðstaddur, og kom frestunartillagan ekki til atkvæða.

Undirritaðir nefndarmenn telja aðkallandi að afgreiða þetta mál og leggja til, að frumvarpið verði samþykkt.

Alþingi, 13. maí 1949.

Hermann Jónasson, frsm. Brynj. Bjarnason.

Ed. 751. Nefndarálit [120. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. um menntaskóla, nr. 58 frá 7. maí 1946.

Frá minni hl. menntamálanefndar.

Nefndin ræddi málið á einum fundi, og kom þar fram ósk um, að leitað yrði álits fræðslumálastjóra og rektors Menntaskólans í Reykjavík um málið. Var málaleitun þessi samþykkt í nefndinni gegn atkvæði eins nefndarmanns (BjÓl).

Fræðslumálastjóri og rektor Menntaskólans í Reykjavík eru sammála um, að ákvæði frumvarpsins stefni ekki í rétta átt. Fræðslumálastjórinn leggur þó megináherzlu á, að engin undanþága verði veitt, er nái yfir lengra tímabil en tvö ár, þar

eð nýja skólalöggjöfin eigi að vera komin til fullrar framkvæmdar að tveim árum liðnum. Rektor Menntaskólans í Reykjavík vekur athygli á, hversu óviðeigandi og óheppilegt sé að leyfa öðrum menntaskólanum að hafa miðskóladeild, án þess að hinum skólanum sé þá jafnframt veitt sams konar heimild.

Meiri hluti nefndarinnar beið ekki eftir viðtali við fræðslumálastjóra og rektor og skilaði þegar nefndaráliti. Vill meiri hlutinn, að frumvarpið verði samþykkt óbreytt.

Minni hlutinn telur frumvarpið ekki vera til bóta og óttast, að ýmiss konar vandkvæði geti leitt af framkvæmd þess.

Þar sem hér er þó um tímabundna undanþágu að ræða, sem ekki nær út yfir þann tíma, er fræðslulögin nýju skuli að fullu komin til framkvæmda, vill minni hlutinn sætta sig við, að frumvarpið verði samþykkt með svo hljóðandi

BREYTINGU:

Á eftir orðinu „miðskóladeild“ komi: fyrir utanbæjarnemendur.

Alþingi, 14. maí 1949.

Ásmundur Sigurðsson, frsm. Hannibal Valdimarsson.

Ed. 752. Breytingartillaga [23. mál]

við frv. til l. um meðferð ölvaðra manna og drykkjusjúkra.

Frá Birni Kristjánssyni, Sigurjóni Á. Ólafssyni og Guðm. Í. Guðmundssyni.

Við 15. gr.

Í stað orðanna „á árunum 1949—1955 verja hálfri annarri milljón króna á hverju ári“ komi: á árunum 1950—1956 verja 750 þúsund krónum á hverju ári.

Ed. 753. Nefndarálit [161. mál]

um frv. til l. um Laxárvirkjunina.

Frá fjárhagsnefnd.

Nefndin hefur athugað frv. og mælir með, að það verði samþ., þar sem það er í samræmi við þá stefnu, sem Alþingi hefur áður markað í þessum málum, sbr. lög um Sogsvirkjunina. Samkv. þeim lögum er svo fyrir mælt, að kaupverð ríkissjóðs skuli miðast við kostnaðarverð mannvirkjanna. Samkv. frv. því, sem hér liggur fyrir, er gert ráð fyrir, að kaupverð ríkissjóðs miðist við matsverð á þeim mannvirkjum, sem nú eru fyrir, en við kostnaðarverð á þeim mannvirkjum, er síðar verða gerð. Þetta er því talsvert óhagstæðari samningur fyrir ríkissjóð, en nefndin telur, að þrátt fyrir það sé eftir atvikum rétt að samþ. frv.

Alþingi, 14. maí 1949.

Björn Ólafsson, form., frsm. Hermann Jónasson. Þorst. Þorsteinsson.

Guðm. Í. Guðmundsson. Brynj. Bjarnason.

Ed. 754. Nefndarálit [208. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 37 29. apríl 1946, um áhrif kjötverðs á framfærsluvísitölu.

Frá meiri hl. fjárhagsnefndar.

Nefndin hefur athugað málið á fundi sínum í dag og mælir meiri hl. nefndarinnar með, að frv. verði samþykkt.

Alþingi, 14. maí 1949.

Björn Ólafsson, form., frsm. Hermann Jónasson. Þorst. Þorsteinsson.

Guðm. Í. Guðmundsson.

Ed. 755. Nefndarálit [195. mál]

um frv. til l. um heimild fyrir ríkisstjórnina til að taka á móti og ráðstafa framlögum samkv. áætlun um fjárhagslega viðreisn Evrópu.

Frá meiri hl. fjárhagsnefndar.

Meiri hluti nefndarinnar mælir með, að frv. verði samþykkt.

Alþingi, 14. maí 1949.

Björn Ólafsson, form., frsm. Hermann Jónasson, með fyrirvara. Þorst. Þorsteinsson.

Guðm. Í. Guðmundsson.

Nd. 756. Frumvarp til laga [210. mál]

um lántökuheimildir vegna símaframkvæmda.

Flm.: Halldór Ásgrímsson, Steingrímur Steinþórsson, Helgi Jónasson, Jörundur Brynjólfsson, Jón Gíslason, Skúli Guðmundsson.

1. gr.

Ríkisstjórninni er heimilt að taka lán, samtals allt að 3 millj. kr., hjá sveitarfélögum eða íbúum þeirra til lagningar notendasíma í viðkomandi sveitum.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Fjárframlög ríkisins til notendasíma í sveitum eru nú miklu minni ár hvert en þörf krefur. Hér er því lagt til, að ríkisstjórnin fái heimild til lántöku hjá sveitarfélögum, sem enn vantar síma, til þess að flýta þeim nauðsynlegu framkvæmdum.

Ed. 757. Nefndarálit [1. mál]

um frv. til l. um viðauka við lög nr. 109 31. des. 1946, um togarakaup ríkisins.

Frá fjárhagsnefnd.

Nefndin hefur rætt frv. Þrír nefndarmenn (GÍG, BÓ, ÞÞ) leggja til, að frv. verði samþykkt. Tveir nefndarmenn (HJ og BrB) hafa óbundið atkv. við afgreiðslu málsins.

Alþingi, 14. maí 1949.

Björn Ólafsson, form. Hermann Jónasson. Þorst. Þorsteinsson.

Guðm. Í. Guðmundsson.

Ed. 758. Nefndarálit [199. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 16 1943, um orlof.

Frá fjárhagsnefnd.

Nefndin hefur leitað umsagnar póst- og símamálastjóra og endurskoðunardeildar fjármálaráðuneytisins um málið. Þessir aðilar telja, að nauðsynlegt sé, að nokkuð af orlofsfénu sé jafnan í vörzlum póststjórnarinnar, vegna útborgunar á orlofsfé alla mánuði ársins.

Meiri hluti nefndarinnar telur ekki nauðsynlegt, að ákveðið sé í lögum, að orlofsféð sé jafnan geymt í sérstökum bankareikningi, því að þess verður að vænta, að póstsjóður hafi fé jafnan á vöxtum eða greiði af því hæstu bankavexti, er notaðir séu til greiðslu á kostnaði við framkvæmd orlofslaganna. Nefndin leggur því til, að frv. verði afgreitt með svo hljóðandi

RÖKSTUDDRI DAGSKRÁ:

Í trausti þess, að póstmálastjórnin geri ráðstafanir til, að orlofsfé sé jafnan ávaxtað á heppilegasta hátt og vöxtunum varið til greiðslu kostnaðar við framkvæmd orlofslaganna, tekur deildin fyrir næsta mál á dagskrá.

Alþingi, 14. maí 1949.

Björn Ólafsson, form., frsm. Þorst. Þorsteinsson. Guðm. Í. Guðmundsson.

Sþ. 759. Fjáraukalög [190. mál]

fyrir árið 1945.

(Afgreidd frá Sþ. 14. maí.)

Samhljóða þskj. 719 (sbr. 554 og 711)

Nd. 760. Nefndarálit [196. mál]

um frv. til l. um breytingu á lögum nr. 6 9. jan. 1935, um tekjuskatt og eignarskatt.

Frá minni hl. fjárhagsnefndar.

Við leggjum til, að frv. verði samþykkt.

Alþingi, 14. maí 1949.

Ásg. Ásgeirsson, form., frsm. Skúli Guðmundsson.

Ed. 761. Frumvarp til laga [141. mál]

um iðnfræðslu.

(Eftir 2. umr. í Ed.)

1. gr.

Iðnfræðslu til sveinsprófs skal halda uppi í þeim iðngreinum, sem löggiltar eru, og fer um framkvæmd hennar eftir því, sem segir í lögum þessum.

Með reglugerð skal ákveða, hverjar skuli vera iðngreinar, svo og um kennslu í þeim, eftirlit með kennslunni og prófkröfur. Þar skal og setja ákvæði um verkleg námskeið, er stofnað kann að verða til.

2. gr.

Iðnfræðsluráð stýrir framkvæmdum í iðnfræðslumálum undir yfirstjórn ráðherra.

3. gr.

Ráðherra skipar iðnfræðsluráð til 4 ára í senn. Það skal skipað 5 mönnum búsettum í Reykjavík og nágrenni. Skulu tveir þeirra vera meistarar, tilnefndir af Landssambandi iðnaðarmanna, og tveir þeirra sveinar, tilnefndir af Alþýðusambandi Íslands, að fengnum tillögum iðnsveinaráðs þess. Formann skipar ráðherra án tilnefningar.

4. gr.

Iðnfræðsluráð skipar iðnfulltrúa á þeim stöðum í landinu, er það telur þörf á, og ákveður umdæmi þeirra.

Iðnfulltrúar skulu hafa eftirlit með iðnnámi hver í sínu umdæmi í umboði iðnfræðsluráðs, eftir því sem segir í lögum þessum. Nánari fyrirmæli um störf iðnfulltrúa setur iðnfræðsluráð í erindisbréfi.

5. gr.

Iðnfræðsluráð skipar prófnefndir innan hverrar iðngreinar og á þeim stöðum, sem þörf er á.

Það er hlutverk prófnefnda:

1. Að vera iðnfulltrúum til aðstoðar við eftirlit með iðnnámi.
2. Að sjá um sveinspróf og dæma þau.

6. gr.

Leita skal iðnfræðsluráð tillagna iðnráða og iðnaðarmannafélaga, þar sem ekki eru iðnráð, um skipun iðnfulltrúa og prófnefnda.

7. gr.

Iðnfræðsluráð skal löggilda meistara sem hæfa til að taka nemendur til náms og ákveða, hversu marga nemendur megi hafa, út frá því sjónarmiði einu, að nemendur fái notið fullkominnar kennslu í iðninni. Á sama hátt skal löggilda iðnfyrirtæki, sem hafa hæfa meistara í þjónustu sinni. Við ákvörðun sína skal iðnfræðsluráð taka tillit til venjulegs fjölda sveina á vinnustöð, húsnæðis, vélakosts, áhalda og verkefna.

Nú hefur meistari eða iðnfyrirtæki rofið námssamning tvisvar eða vanrækt kennslu eða brotið á annan hátt gegn lögum og reglugerðum um iðnfræðslu í verulegum atriðum, og getur þá iðnfræðsluráð svipt hlutaðeiganda rétti til þess að hafa nemendur um tiltekinn tíma eða að fullu. Úrskurði iðnfræðsluráðs samkv. þessari grein má þó áfrýja til dómstóla, enda sé það gert innan 30 daga frá því að úrskurðurinn er birtur hlutaðeigandi aðila.

8. gr.

Iðnfræðsluráð skal halda uppi leiðbeiningastarfsemi um stöðuval.

Iðnfræðsluráð skal í því skyni fylgjast með afkomu og atvinnuhorfum innan einstakra iðngreina. Það skal leita þar um árlega álits félagssamtaka meistara og sveina.

Iðnfræðsluráð skal og eins fljótt og kostur er á koma á fót hæfnisprófum fyrir umsækjendur um iðnaðarnám, og ber því að neita að ráða umsækjendur til náms, ef árangur prófsins er neikvæður.

9. gr.

Sá, sem vill komast í iðnnám, skal sækja um það til iðnfulltrúa og geta þess í umsókninni, hvort hann eigi kost á kennslu hjá ákveðnum meistara eða fyrirtæki. Sé svo ekki, skulu iðnfulltrúar aðstoða umsækjanda við að koma sér í nám eða beina umsókninni til iðnfræðsluráðs.

10. gr.

Ekki má unglingur hefja iðnnám yngri en 16 ára. Þó er heimilt, með sérstöku samþykki iðnfræðsluráðs í hvert sinn, að veita nemendum í léttum iðngreinum undanþágu í þessu efni, enda sé umsækjandi orðinn fullra 15 ára.

11. gr.

Þegar meistari eða iðnfyrirtæki tekur nemanda til iðnnáms, skal gera um það skriflegan námssamning í samræmi við lög þessi og reglugerðir, er settar verða samkvæmt þeim. Iðnfulltrúar skulu staðfesta námssamninga með áritun sinni, og eru þeir ógildir ella.

Nú neita iðnfulltrúar að samþykkja námssamning, og má þá áfrýja því til iðnfræðsluráðs.

Námstími telst hafinn frá dagsetningardegi námssamnings, sem staðfestingu hefur hlotið, enda hafi nemandinn þá byrjað nám sitt.

Iðnfulltrúar skulu, eftir ráðstöfun iðnfræðsluráðs, hafa í höndum eyðublöð undir námssamninga og afhenda þau ókeypis.

Iðnfræðsluráð skal halda skrá yfir þá námssamninga, sem í gildi eru á hverjum tíma, og eiga iðnaðarmenn og aðrir rétt á að fá upplýsingar um þá, ef óskað er.

12. gr.

Námstími skal vera svo langur sem í reglugerð segir. Nú hefur nemandi áður stundað nám í verklegum skóla eða námskeiði, og skal iðnfræðsluráð þá ákveða, hversu námstími styttist.

Hafi nemandi áður stundað nám hjá öðrum meistara, en slitið námssamningi við hann á löglegan hátt, skal sá tími, er hann vann hjá honum, dragast frá fullum námstíma hjá hinum síðari. Rísi ágreiningur um það, hvort námssamningi hafi

verið slitið á löglegan hátt, ákveður iðnfræðsluráð, að hve miklu leyti sá tími, er nemandi hefur stundað nám, skuli dragast frá fullum námstíma hjá öðrum.

13. gr.

Þegar námstíminn er á enda, skal nemandinn hjálparlaust leysa af hendi prófsmíð eða inna af hendi eitthvert það verk, er sýni, að hann sé fullnuma í iðn sinni. Prófdómendur ákveða í samráði við meistara, hver prófverk skuli vera. Standist nemandi prófið, ber að gefa út handa honum prófskírteini, er sé undirritað af meistara hans og prófdómendum svo og hlutaðeigandi skólastjóra og lögreglustjóra, og heitir það prófskírteini sveinsbréf.

Nú hefur nemandi ekki staðizt próf það, sem um ræðir í 1. málsgr., og skal hann þá eiga rétt á að ganga undir það á ný, þegar það er næst haldið í iðngreininni, enda sé hann sjálfráður um það, hvar og á hvern hátt hann heldur náminu áfram. Enginn nemandi getur þó átt rétt til að ganga undir próf í sömu iðngrein oftar en þrisvar sinnum.

14. gr.

Heimilt er iðnfræðsluráði að ákveða lágmarkskaup nemenda með hliðsjón af gildandi kjarasamningum í hverri iðngrein og á hverjum stað. Heimilt er að breyta kaupákvörðunum, meðan á samningstíma stendur, ef kaupbreytingar verða í iðninni. Leita skal álits hlutaðeigandi iðngreina, áður en slíkar ákvarðanir eru teknar.

15. gr.

Daglegur vinnutími nemenda skal vera hinn sami sem sveina á hlutaðeigandi vinnustöð, sbr. þó 23. gr.

Nemendum er ekki skylt að inna af höndum eftirvinnu eða helgidagavinnu, og ekki má fá þeim neina vinnu, sem þeim er um megn eða skaðleg getur talizt heilsu þeirra.

16. gr.

Sumarleyfi iðnnema skal vera 12 dagar virkir með fullu kaupi.

17. gr.

Skylt er meistara eða iðnfyrirtæki að greiða iðgjöld fyrir nemendur sína samkvæmt gildandi lögum um almannatryggingar.

Í veikindaforföllum skal nemandi fá fullt kaup í allt að 6 mánuði samfals yfir allan námstímann.

18. gr.

Nú hefur nemandi verið veikur meira en 6 mánuði samtals á námstímanum, og getur þá iðnfræðsluráð ákveðið, að námstíminn skuli framlengjast um hæfilegan tíma.

19. gr.

Meistari skal veita nemanda sínum kennslu í iðngreininni og sjá svo um, að hann hafi að námstíma loknum hlotið hæfilega æfingu í öllum þeim störfum, er iðngreinin tekur til venjum samkvæmt, og hafi lært meðferð, hirðingu og beitingu allra áhalda, er tíðkuð eru í iðngreininni.

Iðnfræðsluráð getur sett námsreglur fyrir hverja iðngrein, að fengnum tillögum hlutaðeigandi iðngreina, þar sem sagt sé fyrir um störf þau, er nemendur skulu hljóta æfingu í á hverju ári námstímans. Það getur fyrirskipað, að færðar skuli vinnuskýrslur fyrir nemendur, þar sem í er skráð, hvaða verk þeir stundi daglega og hve lengi á dag. Skulu slíkar vinnuskýrslur gerðar eftir fyrirmynd, er iðnfræðsluráð samþykkir. Enn fremur skal iðnfræðsluráð gefa út eyðublöð undir missirislega umsögn meistarans um skólavist nemenda, hæfni þeirra, iðni og hegðun.

20. gr.

Iðnfulltrúar skulu hafa eftirlit með kennslunni, koma á vinnustöðvarnar, er nemendur eru að verki, skoða vinnuskýrslur að minnsta kosti árlega og árita þær þar um. Hafi nemandi að þeirra dómi ekki hlotið fullnægjandi fræðslu eða æfingu, miðað við það, sem á er liðið námstímann, geta þeir lagt fyrir meistarann að bæta úr því innan ákveðins tíma.

Skjóta má ákvörðun iðnfulltrúa undir iðnfræðsluráð.

Iðnfulltrúar kveðja prófnefndir sér til aðstoðar við eftirlit samkvæmt þessari grein, eftir því sem fyrir er mælt í reglugerð.

21. gr.

Nemendur skulu ganga til þeirra starfa, er þeim er skipað til, sbr. þó 15. gr. Þeir skulu sýna ástundunarsemi og trúmennsku við starfið.

22. gr.

Nú stendur yfir verkfall eða verkbann á vinnustöð þeirri, er nemandi stundar nám sitt á, og skal hann þá ekki taka þátt í framleiðslustörfum á meðan. Aftur á móti er nemanda skylt að mæta til æfinga og meðferðar véla og verkfæra á vinnustöð, þar sem því verður við komið.

Nú stendur vinnudeila svo lengi, að telja má, að nemandi missi verulega í verklegu námi hennar vegna, og getur þá iðnfræðsluráð ákveðið að framlengja námssamninginn um hæfilegan tíma.

23. gr.

Meistari og iðnfyrirtæki skulu láta nemendur ganga í iðnskóla og greiða fyrir þá skólagjöld, pappír, bækur og áhöld, sem námið útheimtir. Um skólanámið fer svo sem lög og reglur um iðnskóla segja til um.

Meðan skólavist stendur, skal vinnutími nemanda á vinnustöð vera 12 stundum styttri á viku en vinnutími sveina. Nú fer kennslan fram í dagskóla með fullum kennslustundum, og heldur þá nemandi kaupi sínu, en mætir ekki til vinnu.

24. gr.

Iðnfræðsluráð getur veitt undanþágu frá skólanámi:

1. Hafi nemandi þegar lokið iðnskólaprófi eða prófi við annan skóla, sem ekki hefur veitt minni fræðslu í neinni grein en heimtuð er til burtfararprófs úr iðnskóla.
2. Hafi meistari séð nemanda fyrir annarri kennslu, fullgildri að dómi iðnfræðsluráðs, enda ljúki hann fullnaðarprófi frá iðnskóla.

25. gr.

1. Fyrstu 3 mánuðir samningstímans skoðast sem reynslutími. Hvenær sem er á reynslutímanum getur hvor samningsaðila um sig slitið námssamningi án þess að tilgreina ástæður.
2. Meistari eða iðnfyrirtæki getur slitið námssamningi:
   a. Ef nemandi vanrækir nám sitt, verklegt eða bóklegt, eða gerir sig sekan um brot gegn öðrum samningsskyldum sínum.
   b. Hafi nemandi verið 6 mánuði samfleytt frá verki sakir sjúkleika síns.
   c. Ef nemandi að áliti embættislæknis hefur ekki heilsu til að stunda iðnina.
3. Nemandi getur slitið námssamningi:
   a. Ef komið er ósæmilega fram við hann á vinnustöð.
   b. Ef meistari eða iðnfyrirtæki brýtur samningsskyldur sínar.
   c. Ef meistari eða iðnfyrirtæki verður gjaldþrota eða hættir að reka iðn sína af öðrum ástæðum.

d. Ef nemandi sakir sjúkdóms eða annarra orsaka verður óhæfur til þess að geta unnið að iðninni, eða ef það að áliti embættislæknis er hættulegt fyrir líf hans eða heilsu að stunda iðnina.
e. Ef námsstúlka giftist.

4. Nú er svo ástatt, sem í 3. a.—b. greinir, og nemandi slítur ekki samningi, og geta þá iðnfulltrúar slitið samningi, að undangenginni rannsókn. Skjóta má þó ákvörðun iðnfulltrúa til iðnfræðsluráðs.
5. Aðilum er heimilt að slíta námssamningi, ef þeir koma sér saman um það.

Jafnan er námssamningi er slitið, skal það tilkynnt iðnfulltrúum.

26. gr.

Nemandi á rétt á skaðabótum, ef námssamningi er slitið af þeim orsökum, er greinir í 25. gr. 3. a.—c.

Skaðabótakröfur þessar skulu vera forgangskröfur í bú hlutaðeigandi meistara eða iðnfyrirtækis, og fer um þær samkvæmt 83. gr. laga nr. 3 12. apríl 1878, eins og vinnulaunakröfur væru, þær er þar koma til greina.

27. gr.

Ágreiningur milli nemanda og meistara eða iðnfyrirtækis út af námssamningi skal koma í gerð, nema aðilar komi sér saman um annað.

Í gerðardómi skal sitja lögreglustjóri, þar sem námið fer fram, og er hann oddviti, og tveir menn aðrir, sinn tilnefndur af hvorum málsaðila.

Nú vill einhver beiðast gerðar, og skal hann þá snúa sér til oddvita, og ákveður hann síðan gerðarfund og kveður báða málsaðila til að sækja þann fund ásamt gerðarmönnum þeirra, með 8 daga fyrirvara í mesta lagi. Skal á þeim fundi leggja úrskurð á málið, og ræður afl atkvæða úrslitum. Heimilt er oddvita að fresta fundi, þó ekki oftar en þrisvar sinnum og ekki lengur en 8 daga í hvert skipti, enda hafi gerðarmaður tjáð honum lögleg forföll eða oddvita þykir nauðsyn bera til, til þess að réttur úrskurður verði á lagður. Nú sækir annar hvor gerðarmanna ekki fund og hefur ekki tjáð lögleg forföll, og getur þá oddviti og hinn gerðarmaðurinn lagt fullnaðarúrskurð á málið.

Gerðardómur á úrskurð um slit námssamninga og dæmir skaðabætur.

Úrskurður gerðardóms skal vera aðfararhæfur.

Úrskurði gerðardóms má þó áfrýja til dómstóla, og skal áfrýjunarfrestur til héraðsdóms vera 30 dagar frá birtingu úrskurðarins.

28. gr.

Það varðar sektum að:

1. Taka nemanda til náms gagnstætt ákvæðum laga þessara.
2. Brjóta gegn ákvæðum laga þessara um daglegan vinnutíma nemanda.
3. Vanrækja að láta nemanda stunda skólanám.
4. Koma ósæmilega fram við nemanda.
5. Óhlýðnast fyrirmælum iðnfulltrúa eða iðnfræðsluráðs um kennslu nemanda.

Sektir skulu renna í ríkissjóð.

Mál út af brotum þessum skulu rekin sem almenn lögreglumál.

29. gr.

Kostnaður við starf iðnfræðsluráðs, iðnfulltrúa og prófnefnda greiðist úr ríkissjóði.

Í reglugerð skulu ákveðin prófgjöld. Þau renna í ríkissjóð.

30. gr.

Ráðherra gefur út reglugerðir þær, sem gert er ráð fyrir í lögum þessum, að fengnum tillögum iðnfræðsluráðs.

31. gr.

Með lögum þessum eru numin úr gildi lög nr. 100 11. júní 1938, um iðnaðarnám, og lög nr. 43 12. febr. 1940, um viðauka við og breytingar á lögum nr. 100/1938, um iðnaðarnám, þegar lokið er öllum námssamningum, er gerðir hafa verið eftir þeim.

32. gr.

Lög þessi taka aðeins til þeirra námssamninga, sem gerðir eru eftir að þau hafa öðlazt gildi.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1950.

Sþ. 762. Nefndarálit [73. mál]

um till. til þál. um að skora á ríkisstjórnina að leita eftir samkomulagi um að skila aftur Kaldaðarnesi.

Frá 1. minni hl. allsherjarnefndar.

Það hefur ekki náðst samkomulag innan nefndarinnar um þetta mál. Meiri hl. (JS, StgrSt, JG og ÁÁ) vill vísa tillögunni frá með rökstuddri dagskrá, undirritaður minni hl. vill, að málið nái fram að ganga, og leggur til, að tillagan á þskj. 119 verði samþykkt, en annar minni hl. (IngJ og SB) kaus hvoruga þessa leið og mun væntanlega gera grein fyrir afstöðu sinni í sérstöku nefndaráliti.

Í sambandi við þetta mál hefur, sem eðlilegt er, mjög verið rætt um drykkjumannahæli það, sem flutt var að Kaldaðarnesi í júní 1945, og því miður hefur oft skort mjög mikið á, að rétt væri frá skýrt. Því hefur jafnvel verið haldið fram, að reynslan hafi sýnt, að ekki kæmi til mála að reka hæli fyrir drykkjumenn á þessum stað, og að þegar af þeim sökum hafi verið réttmætt og eðlilegt að ráðstafa jörð og húsum til annarra nota, og hafi þá þingmaður Árnesinga, herra Jörundur Brynjólfsson, mátt heita vel að staðnum kominn. Jafnvel í nefndaráliti meiri hl. allsherjarn., á þskj. 653, virðist bóla á þessari skoðun, og svo langt er þar seilzt til raka, að sagt er, að vistmenn á Kaldaðarneshæli hafi verið 8 árið 1944, en sannleikurinn er, að fyrstu vistmennirnir komu þangað í júní 1945. Gefur þetta vissulega grun um, að víðar kunni nokkuð á að skorta um nákvæmni og rétta meðferð staðreynda hjá þeim, sem vilja mæla Kaldaðarnessölunni bót.

Af þeim sökum, sem ég nú hef greint, tel ég nauðsynlegt að rekja sögu drykkjumannahælisins til þess tíma, er það var látið lognast út af í Kaldaðarnesi.

Það er langt síðan ýmsir áhugamenn um bindindismál gerðu sér ljóst, að brýn þörf væri fyrir drykkjumannahæli hér á landi. Það var þó Guðrún Lárusdóttir, öðrum fremur, sem barðist fyrir framgangi málsins, meðan hún átti sæti á Alþingi. Hún bar oftar en einu sinni fram frv. um stofnun drykkjumannahælis, en þrátt fyrir einbeitta baráttu Guðrúnar var þessu máli ætíð drepið á dreif á Alþingi, og hvorki fékkst fjárveiting til drykkjumannahælis né lög um slíka stofnun. Að fenginni þessari reynslu töldu ýmsir bindindismenn, að eina leiðin til árangurs væri að stofna drykkjumannahæli án aðstoðar ríkisins og sýna þar með þörfina, svo að Alþingi gæti ekki komizt hjá því að láta málið til sína taka.

Árið 1942 ákvað Stórstúka Íslands að gera tilraun með að koma upp drykkjumannahæli. Í þessu skyni tók hún á leigu smábýlið Kumbaravog við Stokkseyri. Þar voru vistleg húsakynni fyrir 8 vistmenn. Stórstúkan tók við Kumbaravogi 1. okt. 1942, en fyrstu vistmennirnir komu þangað í marz 1943. Til að stjórna hælinu kaus Stórstúkan þá Kristin Stefánsson, Friðrik Á. Brekkan og Sigfús Sigurhjartarson. Þeir réðu Alfreð Gíslason sem lækni þess og Jón Sigtryggsson framkvæmdastjóra. Þessi tilraun Stórstúkunnar mætti hinni mestu velvild hjá borgarstjóra og bæjarstjórn Reykjavíkur svo og ríkisstjórnar og hlaut frá upphafi ríflegan stuðning þessara aðila.

Með lögum nr. 108 frá 30. des. 1943 var ákveðið, að ríkið skyldi taka við rekstri hælisins í Kumbaravogi, og jafnframt var ríkisstjórninni heimilað að ákveða að flytja hælið og reka það á öðrum stað, er hún teldi betur henta. Þriggja manna stjórnarnefnd skyldi annast rekstur hælisins, og var það starf falið sömu mönnum, sem Stórstúkan hafði áður til kjörið.

Um rekstur hælisins í Kumbaravogi er þetta helzt að segja:

Hælið var ætíð fullskipað, og komust þangað færri en vildu. Forráðamenn hælisins héldu vistmönnum til vinnu eftir því sem föng stóðu til, var þar einkum um að ræða garðrækt og heyskap á sumrin, en landkostir voru litlir og því ekki um mikil störf að ræða á þessu sviði. Var því einnig reynt að halda mönnum að handverki, t. d. var þeim leiðbeint í bókbandi. Þá unnu þeir og að uppsetningu lóða o. fl.

Árangur hælisvistarinnar var lítill, flestir, sem hennar nutu, hurfu eftir lengri eða skemmri tíma aftur til fyrri lifnaðarhátta.

Þegar hér var komið sögu (árið 1944), tók stjórn hælisins fyrir alvöru að svipast um eftir framtíðarstað fyrir drykkjumannahæli. Í sambandi við staðarvalið komu tvö meginsjónarmið til greina:

1. Að skilyrði væru fyrir hendi til fjölþætts stórbúskapar.
2. Að staðurinn væri ekki á alfaraleið, en þó ekki allfjarri Reykjavík.

Hið fyrra skilyrði var byggt á þeirri skoðun stjórnarinnar og læknis hælisins, að hægt væri að nýta vinnuafl vistmanna þeim sjálfum og þjóðfélaginu til gagns, og með því móti mætti áður en langur tími liði koma hælinu á heilbrigðan fjárhagsgrundvöll og reka það án verulegra framlaga af almannafé. En til þess að þetta mætti verða, þyrfti atvinnureksturinn að vera fjölþættur og allstór í sniðum, því að vistmönnum er bezt að vinna með heilbrigðum mönnum, og slíkir menn verða að mynda kjarnann og forustu í öllum vinnuhópnum á drykkjumannahælinu. Að öllum aðstæðum athuguðum virtist því stjórninni, að rétt væri að stefna að því að byggja upp stórbúskap, þrep af þrepi, í sambandi við hælisreksturinn, og einnig taldi hún æskilegt og jafnvel nauðsynlegt, að um nokkurn iðnað eða iðju gæti verið að ræða, og þó einkum með tilliti til vetrarstarfa. Um síðara atriðið, legu hælisins, þarf ekki að fjölyrða; öllum hlýtur að vera ljóst, að æskilegt er, að slíkt hæli sé ekki á alfaraleið og ekki heldur of fjarri þeim staðnum, sem flesta vistmennina mun leggja til.

Ýmsir mætir menn og valdamiklir fylgdust af áhuga með leitinni að hinum heppilegasta stað og létu stjórninni í té margs konar aðstoð og fyrirgreiðslu. Í því sambandi má sérstaklega nefna þáverandi dómsmálaráðherra Finn Jónsson, þáverandi borgarstjóra Bjarna Benediktsson, þáverandi sakadómara Jónatan Hallvarðsson, landlækni Vilmund Jónsson, ráðsmann ríkisspítalanna Guðmund Gestsson, og síðast en ekki sízt lækni hælisins, Alfreð Gíslason. Að ráði allra þessara manna var hið forna höfuðból Kaldaðarnes valið. Jörðin var þá nýlega heimt úr hershöndum og var svo grátt leikin, að varla munu stórborgir Þýzkalands að sínu leyti hafa verið verr farnar eftir loftárásir Bandamanna. Húsalaus var jörðin að kalla, braggar þöktu hið stóra og góða tún, og flugvöllur þakti hið bezta og nærtækasta engjanna.

Hér blasti við verkefni, stórfellt og veglegt verkefni, hér hafði verið „velt í rústir", hér þurfti „að byggja á ný", eitt hið frægasta og veglegasta höfuðból Íslands þurfti að hefja til vegs á ný. Í þessu sambandi var því ekki gleymt, að þó jörðin og sagan sé dýrmæt, þá er þó maðurinn, sem lifir í dag, dýrmætastur, og hvað var þá eðlilegra og sjálfsagðara en að gera tilraun til að bjarga í senn verðmætri jörð, fornri frægð og mönnum úr háska.

Um legu Kaldaðarness er það að segja, að það liggur á leiðarenda, bílvegur er þar í hlað, en lengra ekki, þar á enginn erindi um hlað, en frá Reykjavík er aðeins eins til tveggja tíma akstur á staðinn.

Staðurinn virtist kjörinn sem framtíðarsetur fyrir drykkjumannahæli.

Það varð því að ráði með öllum, sem hlut áttu að máli, að flytja hælið frá Kumbaravogi að Kaldaðarensi, og fór sá flutningur fram í júní 1945. Vistmenn voru

þá fluttir í hermannaskála, og var ætlunin, að þeir ynnu að byggingu á staðnum og niðurrifi herskála um sumarið. Jafnframt var ákveðið, að stjórn ríkisspítalanna skyldi taka við rekstri hælisins og annast fyrirhugaða uppbyggingu búskapar og starfa, er honum áttu að fylgja. Ráðsmaður ríkisspítalanna, Guðmundur Gestsson, tók við starfi þessu með áhuga, og er ég þess fullviss, að undir hans stjórn hefði hælisreksturinn á fáum árum komizt í tilætlað horf.

Nú er þess að geta, að stjórn hælisins og læknir höfðu komizt að þeirri niðurstöðu, að mikla nauðsyn bæri til, að hælið starfaði í sambandi við sjúkrahús í Reykjavík og þá helzt sjúkrahús, sem fengist við tauga- og geðsjúkdóma.

Tvennt bar einkum til:

1. Nauðsynlegt þótti að geta rannsakað heilsufar hinna sjúku sem rækilegast, áður en þeir færu á hælið; slík rannsókn var naumast framkvæmanleg nema á sjúkrahúsi.
2. Það ber oft við, að nauðsynlegt er talið að flytja vistmenn af drykkjumannahæli og á sjúkrahús um lengri eða skemmri tíma, áður en hælisvist er lokið að fullu.

Þetta leiddi til, að málið var rætt við dr. Helga Tómasson yfirlækni að Kleppi, og þar kom því tali, að doktorinn taldi sig fúsan til að taka að sér hina læknisfræðilegu forsjá hælisins og reka það í sambandi við hælið á Kleppi.

Stjórn hælisins þótti nú vel horfa, rekstur þess var falinn prýðilegri forustu Guðmundar Gestssonar, er skildi sjónarmið hennar til hlítar og var staðráðinn í að reisa þarna veglegan og vaxandi búskap, eftir því sem tímar og ástæður leyfðu. Hin læknislega forsjá var falin þrautreyndum lækni, sem hafði hinar ákjósanlegustu aðstæður til að rækja starfið, og enda þótt stjórnin teldi mikinn skaða að því, að Alfreð Gíslason hætti störfum sem læknir hælisins, þá þótti einsýnt að skipta um til þess að geta notið þeirra kosta, sem sambandið við sjúkrahúsið á Kleppi hafði í för með sér.

Það verkefni, sem stjórninni var nú eftir skilið, var að annast ýmsa fyrirgreiðslu, sem ætíð er nauðsynleg fyrir vistmenn, greiða götu þeirra á hælið, hjálpa þeim á ýmsan hátt meðan á vistinni stendur, og umfram allt að hjálpa þeim til að byrja lífið á ný að hælisvist lokinni. Þetta virtist hið eðlilega starfssvið stjórnarinnar.

Þegar hér var komið sögu, bar það til tíðinda, sem óvænt var, að þegar dr. Helgi Tómasson hafði verið ráðinn hælislæknir, tjáði hann ráðherra, að hann óskaði, að stjórnin léti af öllum afskiptum um hag vistmanna á hælinu.

Ráðherra fór þess á leit við stjórnina, að hún yrði við óskum doktorsins, og varð það að samkomulagi.

Nú víkur sögunni til þeirra vistmanna, er fluttust í herskálana að Kaldaðarnesi í júní 1945. Þetta sumar var unnið af kappi að því að endurbyggja gamla sýslumannshúsið og gera það nothæft fyrir vistmenn. Þá var og unnið að byggingu íbúðarhúss fyrir ráðsmann hælisins og stór herskáli lagaður fyrir eldhús og borðsal.

Vistmenn tóku þátt í þessum byggingarstörfum eftir föngum, en einkum fengust þeir við að rífa herskála. Flestir undu þeir lífinu vel eftir hætti, en þó bar það til þetta sumar, að nokkrir vistmenn struku af hælinu. Þeir voru undantekningarlaust fluttir aftur á hælið, og reyndist í flestum tilfellum nauðsynlegt að nota heimild í lögum til að fá aðstoð lögreglunnar við það starf.

Vistmönnum voru greidd laun fyrir vinnu þeirra. Var það gert með það fyrir augum, að slíkt mundi vekja manndóm þeirra, og í ýmsum tilfellum var launanna þörf vegna illa staddra fjölskyldna, en fyrir því var séð, að peningarnir færu til þeirra. Eitt sinn bar það við, að vistmenn gerðu verkfall. Þeim þótti kaup sitt of lágt. Þetta jafnaðist þó fljótt, og sáu vistmenn, að þeir höfðu ekki gætt fullrar sanngirni, og sættust á málið. En á þetta er hér minnzt af því, að þetta atvik hefur verið gert að stórmáli í þeirri rógsferð, sem ýmsir utan þings og innan hafa talið sér henta og sæma að hefja gegn því starfi, sem þarna var hafið til hjálpar bágstöddum mönnum.

Vegna rangra og villandi upplýsinga, sem gefnar eru um tölu vistmanna í Kaldaðarnesi í nefndaráliti meiri hlutans á þskj. 653, birti ég hér tölu vistmanna fyrsta og síðasta dag hvers mánaðar, eftir að hælið fluttist að Kaldaðarnesi:

1945.

Fyrsta	júlí	9	vistmenn,	síðasta	júlí	10	vistmenn
—	ágúst	10	—	—	ágúst	9	—
—	sept.	9	—	—	sept.	12	—
—	okt.	12	—	—	okt.	12	—
—	nóv.	12	—	—	nóv.	16	—
—	des.	16	—	—	des.	18	—

1946.

Fyrsta	jan.	18	vistmenn,	síðasta	jan.	18	vistmenn
—	febr.	18	—	—	febr.	17	—

Til skýringar þessum tölum er rétt að taka fram, að vistmenn fluttu í hið endurbyggða hús í okt. eða nóvember. Þar var pláss fyrir 17 menn. Í marzmánuði 1946 lauk afskiptum stjórnarinnar af vistmönnum. Dr. Helgi Tómasson tók við, og raunverulega lauk starfi stjórnarinnar þá að fullu og öllu, því að skammt var eftir af kjörtíma hennar, og var engin stjórn skipuð fyrir hælið, er honum lauk.

Hér á eftir fer yfirlit yfir tölu vistmanna eftir að dr. Helgi tók við hælinu:

1946.						1947.					
Fyrsta	marz	17	vistmenn,	síðasta	6	Fyrsta	jan.	8	vistmenn,	síðasta	8
—	apríl	6	—	—	1	—	febr.	8	—	—	8
—	maí	1	—	—	1	—	marz	8	—	—	8
—	júní	1	—	—	1	—	apríl	8	—	—	0
—	júlí	1	—	—	2	—	maí	0	—	—	3
—	ágúst	2	—	—	2	—	júní	3	—	—	1
—	sept.	2	—	—	0	—	júlí	1	—	—	2
—	okt.	0	—	—	8	—	ágúst	2	—	—	3
—	nóv.	8	—	—	10	—	sept.	3	—	—	3
—	des.	10	—	—	8	—	okt.	3	—	—	3
						—	des.	3	—	—	5

Þessar tölur hef ég fengið hjá skrifstofu ríkisspítalanna, en vegna flutninga skrifstofunnar voru tilsvarandi tölur fyrir 1948 ekki tiltækar, en á því ári var hælið látið lognast út af.

Af þessu verður ljóst, að meðan hin lögskipaða stjórn starfaði við hælið, var það fullskipað, þannig var það og í Kumbaravogi, og fengu færri hælisvist en vildu, en þegar dr. Helgi tók við, bar svo til, að hælið var ýmist fáskipað eða óskipað. Á þessu verður að gefa skýringu.

Öllum, sem eitthvað þekkja til drykkjusjúklinga, er ljóst, að ekki eiga allir slíkir samleið á hæli. Tveir flokkar koma hér einkum til greina. Þeir, sem veruleg von er um, að fái bata á tiltölulega skömmum tíma, og hinir, sem eiga litla batavon og þurfa að vera á hæli langdvölum. Stjórn hælisins og læknir þess, Alfreð Gíslason, leit fyrst og fremst á starf sitt sem þjónustu þeim til handa, sem um sárast áttu að binda vegna áfengisnautnar. Af þessu leiddi, að flestir þeir, sem hælið sóttu fram til marzmánaðar 1946, töldust til síðari flokksins. Dr. Helgi Tómasson taldi sitt hlutverk hins vegar fyrst og fremst vera að ná til þeirra, er töldust til fyrra flokksins, en vildi vera laus við þá, sem áttu sér lítils bata von. Hann vildi sem sé gera hælið að lækningahæli, en ekki að visthæli fyrir langdvalarsjúklinga. Eitt hið fyrsta, sem hann gerði, er hann tók við hælisforráðum, var að tjá vistmönnum, að

ef þeir færu af hælinu, yrðu þeir ekki sóttir, og létu flestir ekki segja sér þessa sögu oftar en einu sinni. Þeir fóru og komu ekki aftur.

Doktorinn fór nú að byggja upp hælið eftir sínu höfði. Hann vildi ekki hafa þar fleiri en 6—8 í senn, helzt vildi hann fá þessa 6—8 menn samtímis og láta þá alla dvelja jafnlengi og byrja svo á ný með annan 6—8 manna hóp. Virðist doktorinn helzt hafa litið svo á, að ofdrykkjumenn hegðuðu sér líkt og þeir, sem kenna magaveiki, færu til læknis hið bráðasta, og hann gæti ákveðið, hvenær og hvort þeir skyldu fara á sjúkrahús. En þetta sýnir aðeins, að hinum ágætustu og lærðustu mönnum getur skjátlazt. Þannig hegða ofdrykkjumenn sér yfirleitt ekki. Þeir þurfa handleiðslu heilla manna og sterkra, ef þeir eiga að leita sér lækninga. Og það er undir flestum kringumstæðum árangurslaust að segja við þá: „Komið þið á hæli eftir viku eða mánuð," — heldur verður að láta þeim vistina í té, þegar skilningur hefur verið vakinn hjá þeim á, að hún sé þeim holl. En skilningur þessara manna á eigin ástandi er sem hrævareldur. Þann tíma, sem dr. Helgi Tómasson réð hælinu, var mörgum synjað um hælisvist. Ýmist af því að hann vildi ekki taka við þeim, af því að hann taldi batavonir of litlar, eða af því að þeir komu ekki á þeim tíma, sem hann hafði ákveðið að taka við vistmönnum. Hælið, sem hafði rúm fyrir 17, tók ekki við nema 8, þegar bezt lét, en tugum saman voru vesælir, sem þessi rúm voru ætluð, á götum Reykjavíkur.

Ef litið er á árangurinn af starfi hælisins fyrr og síðar, þá er hann, að því er ég bezt veit, lítill. Þó virðist mér, að hann muni ekki öllu lakari en gerist um hliðstæðar stofnanir erlendis.

Engir erfiðleikar tel ég, að hafi komið fram í þessu starfi, sem ekki henda á hverju drykkjumannaheimili. Álit mitt er sem sé, að hér hafi verið um tilraun að ræða, sem gekk með eðlilegum hætti, og allt hafi bent til þess, að í Kaldaðarnesi mætti koma upp fyrirmyndar drykkjumannaheimili. Gegn þessu er það engin sönnun að benda á, að dr. Helgi Tómasson vildi reka þar lækningahæli einvörðungu, og að aðsókn að því varð ekki svo mikil sem húsrúm leyfði, og þessi ráðstöfun leiddi til, að hælinu var lokað fyrir þeim mönnum, sem mest þurftu þess með, en þessi staðreynd hefur verið notuð sem meginröksemd fyrir því, að rétt hafi verið að leggja hælið niður og ráðstafa eignum sem gert var.

Áður en ég hverf með öllu frá sögu þessa máls, vil ég benda á, hver ég tel, að þróun þess hefði átt að vera. Þessi eru meginatriðin:

1. Í Kaldaðarnesi hefði átt að vaxa upp hæli, sem gæti rúmað alla þá, sem sökum ofdrykkju þurfa langa dvöl á hæli, þar hefði átt að reisa stórbú smátt og smátt og efna einnig til smáiðju og iðnaðar, þannig að vistmenn hefðu næg og fjölbreytt verkefni og ynnu undir stjórn og með heilbrigðum mönnum.
2. Í Reykjavík þurfti að koma upptökudeild fyrir drykkjusjúklinga, er starfaði í sambandi við sjúkrahús.
3. Lítið lækningahæli þyrfti og að koma í Reykjavík eða nágrenni hennar fyrir þá, sem vænta má, að fái bata eftir stutta hælisvist.

Af þessu verður ljóst, að ég tel það óverjandi glapræði, að hætt skyldi rekstri hælisins í Kaldaðarnesi. Já, ég tel það meira að segja himinhrópandi ranglæti og synd gagnvart þeim nauðstöddu mönnum, sem áfengisverzlunin hefur gert að aumingjum. Frumvarp um meðferð ölvaðra manna og drykkjusjúkra, sem borið var fram á öndverðu þessu þingi, mun hafa átt að vera eins konar friðþæging fyrir þessa synd, en lítið skjól er ofdrykkjumönnum í Hafnarstræti í því frv., og lítið verður það, ef svo fer sem marga grunar, að það verði ekki að lögum.

Um það, með hvaða hætti og kjörum hin svo kallaða Kaldaðarnessala fór fram, skal ég ekki ræða, það hefur verið gert svo ýtarlega í greinargerðum og þingræðum. Ég vil aðeins taka það fram, að einnig sú hlið málsins er að mínum dómi óverjandi hneyksli.

Niðurstaða mín er því sú, að hvernig sem á málið er litið, þá gæti það ekki fengið nema eina afgreiðslu, sem sæmandi er. Það er, að samþykkt og framkvæmd verði til-

lagan á þskj. 119 og drykkjumannahælið taki aftur til starfa í Kaldaðarnesi, undir stjórn hæfra manna. Ég legg því til, að tillagan verði samþykkt.

Alþingi, 14. maí 1949.

Sigfús Sigurhjartarson.

Nd. 763. Nefndarálit [184. mál]

um frv. til l. um hlutatryggingarsjóð bátaútvegsins.

Frá meiri hl. sjávarútvegsnefndar.

Frv. þetta er komið frá hv. efri deild, og hefur n. mjög nauman tíma haft til athugunar á því. Undirritaður meiri hluti telur mikla nauðsyn bera til, að frv. nái fram að ganga á þingi því, er nú situr. Nefndarmenn eru sammála um, að frv. hefði þurft mikillar athugunar við, en þeir FJ og PO telja varhugavert að setja það í hættu með því að gera á því breytingar, einkum þar eð víst má telja, að l., er um þetta verða sett, muni endurskoðuð mjög fljótlega. HÁ áskilur sér rétt til að flytja brtt. við frv. SK vildi eigi taka þátt í afgreiðslu málsins, þar eð hann taldi, að Ed. hefði fært það mjög úr réttum skorðum. Einn nefndarmanna, ÁkJ, skilar sérstöku nefndaráliti.

Alþingi, 14. maí 1949.

Finnur Jónsson,	Pétur Ottesen,	Halldór Ásgrímsson,
form., frsm. meiri hl.	fundaskr.	með fyrirvara.

Ed. 764. Frumvarp til laga [23. mál]

um meðferð ölvaðra manna og drykkjusjúkra.

(Eftir 2. umr. í Ed.)

I. KAFLI
Um meðferð ölvaðra manna.

1. gr.

Þá, sem teknir eru höndum sakir ölvunar og eigi er unnt að sleppa þegar úr haldi, skal lögreglan að fengnu læknisvottorði flytja í þar til gert sjúkrahús eða sjúkrahúsdeild, ef fyrir hendi er, en annars í venjulegt sjúkrahús, sem hefur tök á að veita viðtöku slíkum sjúklingum.

Nú er ekki völ á sjúkrahúsi eða rúmi í sjúkrahúsi í þessu skyni, og skal þá láta hlutaðeigandi sjúklinga sæta læknismeðferð, eftir því sem við verður komið.

2. gr.

Ölvaða menn, sem sæta meðferð samkvæmt ákvæðum 1. greinar, skal hafa í gæzlu, unz af þeim er runnið, og allt að tveimur sólarhringum til læknisrannsóknar, eftir því sem ástæða þykir til samkvæmt ákvæðum 3. greinar.

3. gr.

Læknir, sem stundar ölvaða menn samkvæmt ákvæðum 1. og 2. greinar, skal sjá um, að hlutaðeigandi sjúklingum sé látin í té viðeigandi aðhlynning, en auk þess gerir hann sér far um að kynna sér líkamlegt og andlegt ásigkomulag þeirra, svo og allar aðstæður með tilliti til drykkjuhneigðar þeirra og drykkjuskapar. Komist hann að raun um, að um drykkjusýki eða yfirvofandi drykkjusýki sé að ræða, tilkynnir hann hlutaðeiganda sjálfum, eða aðstandendum hans, eftir því sem við á, niðurstöður sínar og er til ráðuneytis um, hvernig við skuli bregðast.

4. gr.

Sveitarfélög, sem koma upp sjúkrahúsum eða sjúkrahúsdeildum til fullnægingar ákvæðum 1.—3. gr., njóta til þess ríkisstyrks samkv. ákvæðum l. nr. 30 19. júní 1933, um sjúkrahús o. fl.

5. gr.

Ákvæði 1.—3. greinar raska ekki ákvæðum laga um viðurlög við ölvunarbrotum, enda mega ákvæði þessara laga ekki verða því til hindrunar, að þeim viðurlögum verði komið fram.

6. gr.

Kostnað af meðferð ölvaðra manna samkvæmt ákvæðum 1.—5. greinar skal greiða sem kostnað af löggæzlu, á sama hátt sem verið hefur.

7. gr.

Ráðherra setur nánari reglur um meðferð ölvaðra manna samkvæmt ákvæðum 1.—3. greinar, með sérstöku tilliti til þess, ef um endurtekin tilfelli, drykkjusýki eða yfirvofandi drykkjusýki er að ræða, að hlutaðeigendum gefist kostur á sem fullkomnustum leiðbeiningum og aðstoð sér til viðréttingar, og þá sérstaklega, ef unglingar eiga í hlut.

II. KAFLI
Um meðferð drykkjusjúkra manna.

8. gr.

Geðveikrahælið á Kleppi hefur með höndum yfirumsjón með gæzlu drykkjusjúkra manna þeim til umönnunar og lækningar samkvæmt ákvæðum laga þessara.

Á kostnað ríkisins skal reisa og reka í sambandi við geðveikrahælið og í hæfilegri nálægð þess gæzluvistarhæli fyrir drykkjusjúka menn, er fyrst og fremst sé miðað við þarfir þeirra sjúklinga, sem ætla má, að eigi sér sæmilegar batahorfur.

Nú vilja sveitarfélög, eitt eða fleiri saman, reisa og reka á sinn kostnað gæzluvistarhæli fyrir drykkjusjúka menn, er fyrst og fremst sé miðað við þarfir þeirra sjúklinga, sem ætla má að þarfnist vistar og umönnunar í slíku hæli í langan tíma, og fer þá um þær framkvæmdir og ríkissjóðsstyrk til þeirra eftir lögum nr. 30 19. júní 1933, um sjúkrahús o. fl., og síðari breytingum á þeim lögum.

Eftir athugun sjúklinganna á geðveikrahælinu á Kleppi, að svo miklu leyti sem því verður við komið, skal þeim ráðstafað í gæzluvist á þeim hælum, sem fyrir hendi eru, og skipt á hælin eftir því, hvers eðlis drykkjusýki þeirra er og hversu þeir eiga saman. Á sama hátt ráðstafar geðveikrahælið sjúklingum þessum þeim til viðréttingar í gæzluvist á völdum einkaheimilum, eftir því, sem á hverjum tíma telst henta. Læknar geðveikrahælisins hafa á hendi læknseftirlit með sjúklingum, sem ráðstafað hefur verið í gæzluvist samkvæmt ákvæðum þessarar greinar. Sérstakt eftirlit skal haft með aðbúnaði, atlæti, líðan og framferði sjúklinga, sem ráðstafað hefur verið í gæzluvist á einkaheimilum, og ræður geðveikrahælið til þess eftirlitsstarfs ármenn eða árkonur eftir þörfum.

9. gr.

Í gæzlu samkvæmt 8. gr. verða teknir:

1. Þeir, sem dæmdir eru til hælisvistar, sbr. 65. gr. laga nr. 19 12. febrúar 1940.
2. Þeir, sem sækja sjálfir um að verða aðnjótandi slíkrar gæzlu, eða lögráðamaður fyrir þeirra hönd, ef sjálfir eru ólögráða, eða dómsmálaráðuneytið samkvæmt ákvæðum 7. greinar, 6. b. í lögum nr. 95 5. júní 1947, um lögræði.

Taka skal fram í umsókn, hversu lengi umsækjandi skuldbindi sig til að hlíta gæzlunni, svo og að hann undirgangist að virða í einu og öllu reglur þær, sem um gæzlu og gæzluvistir eru settar.

10. gr.

Sá, sem tekinn hefur verið í gæzlu samkvæmt 1. tölulið 9. greinar, skal hlíta gæzlunni svo lengi sem segir í 65. gr. laga nr. 19 12. febrúar 1940.

Sá, sem tekinn hefur verið í gæzlu samkvæmt 2. tölulið 9. greinar, skal hlíta gæzlunni svo lengi sem yfirlæknir geðveikrahælis á Kleppi ákveður, þó aldrei lengur en sjúklingurinn samkvæmt umsókn er skuldbundinn til, nema samþykki hans eða lögráðamanns hans komi af nýju til.

Nú fer sá, sem tekinn hefur verið í gæzlu samkvæmt ákvæðum laga þessara, heimildarlaust af hæli eða heimili, þar sem hann er í gæzluvist, og er þá rétt að þröngva honum, eftir atvikum með lögregluvaldi, í gæzluna á ný og til að hlíta henni, unz lokið er gæzlutíma þeim, sem segir í 1. og 2. málsgrein þessarar greinar.

11. gr.

Gæzluvist fylgir vinnuskylda gæzluvistarmanns, eftir því sem yfirlæknir geðveikrahælisins á Kleppi segir fyrir um eða aðstoðarlæknar hans eða ármenn í hans umboði.

12. gr.

Hver sá, er gefur eða veitir áfengi þeim, sem vitanlega hefur verið tekinn í gæzlu samkvæmt ákvæðum laga þessara, eða aðstoðar hann við útvegun áfengis, skal sæta sektum.

13. gr.

Um greiðslu kostnaðar af meðferð drykkjusjúkra manna samkvæmt ákvæðum 8.—11. greinar fer á sama hátt sem um greiðslur fyrir aðra sjúklinga í sjúkrahúsum ríkisins.

14. gr.

Ráðherra setur nánari reglur um meðferð drykkjusjúkra manna samkvæmt lögum þessum, þ. á m. með hverjum skilyrðum þeir verði teknir í gæzlu, rekstur gæzluvistarhæla samkvæmt 8. gr., gæzluvist þar og á einkaheimilum, vinnu gæzluvistarmanna, svo og aðrar skyldur þeirra og réttindi.

III. KAFLI

Sjóðstofnun.

15. gr.

Af ágóða Áfengisverzlunar ríkisins skal á árunum 1950—1956 verja 750 þúsund krónum á hverju ári til að leggja í sjóð, gæzluvistarsjóð. Sjóðurinn hafi það hlutverk að standa undir kostnaði af framkvæmd laga þessara, eftir því sem heilbrigðisstjórnin ákveður, og þá fyrst og fremst af að reisa eða hjálpa til að reisa gæzluvistarhæli þau, sem um ræðir í 8. gr. laga þessara.

IV. KAFLI
Niðurlagsákvæði.

16. gr.

Lög þessi öðlast gildi þegar í stað og koma til framkvæmda, eftir því sem skilyrði verða fyrir hendi til að fullnægja ákvæðum þeirra. Jafnframt falla úr gildi lög nr. 108 30. desember 1943, um heilsuhæli fyrir drykkjumenn, svo og ákvæði annarra laga, er kunna að koma í bága við ákvæði laga þessara.

Nd. 765. Nefndarálit [184. mál]

um frv. til l. um hlutatryggingasjóð bátaútvegsins.

Frá minni hl. sjávarútvegsnefndar.

Frv. þetta hefur verið til athugunar í sjávarútvegsnefnd, og hefur hún ekki getað orðið sammála. Frv. hefur áður verið til umræðu í efri deild, og hafa þar ýmsar breytingar verið gerðar á hinu upphaflega stjórnarfrv. Aðalágreiningurinn í nefndinni er út af tekjuöflunaraðferðinni. Í frv. eins og það kom frá ríkisstjórninni var í 8. gr. gert ráð fyrir því, að tekna væri aflað með því, að lagt væri gjald á óskiptan vertíðarafla bátaflotans, er næmi 1%. Hefði þetta gjald átt að geta orðið, miðað við aflann 1947, um 1.6 millj. króna, en 1948 um 1.3 millj. króna. Á móti þessu átti ríkissjóður að leggja jafnhátt framlag, svo að tekjur sjóðsins hefðu skv. upphaflega frv. orðið um 3. millj. króna 1947, en ekki meira en um 2.6 millj. króna árið 1948. Við þenna lið er það að athuga, að iðgjald til hlutatrygginga af óskiptum afla og þar með að hálfu af sjómönnum, sem með samningum hafa tryggt sér bæði lágmarkstryggingu og tiltekinn hlut, er í alla staði óeðlilegt og óréttmætt. Höfuðtilgangur hlutatryggingasjóðsins er að gera útgerðum vélbáta kleift að standa við þá samninga, sem þær hafa gert við sjómenn, og það er því ranglátt, að ríkisvaldið skerist í leikinn og leggi gjald þetta að hálfu á sjómennina. Það er óþolandi ranglæti gagnvart verkafólki, að ríkisvaldið blandi sér þannig inn í samskipti verkafólks og atvinnurekenda, að það lækki umsamið kaupgjald. Hinn höfuðókostur þeirrar tekjuöflunarleiðar, sem var í upphaflega frv. stjórnarinnar, er sá, að fjárhagur bátaútvegsins er það bágur, að það mundi mjög miklum örðugleikum bundið að innheimta 1% af aflanum.

Í efri deild flutti fulltrúi Sósialistaflokksins í sjávarútvegsnefnd, Steingrímur Aðalsteinsson, tillögur um, að teknanna til þessara trygginga væri aflað þannig:

1. ¼% útflutningsgjalds af öllum útfluttum afurðum bátaflotans.
2. Að Landsbanki Íslands og Útvegsbanki Íslands leggi 10% af árlegum nettóhagnaði í sjóðinn.
3. Ef tekjur af þessum tveim gjöldum ná ekki 4 millj. króna, þá leggi ríkissjóður til það, sem á vantar, að árlegar tekjur sjóðsins séu 4 millj. króna.

Útflutningsgjald af sjávarafurðum mun þegar fram í sækir að miklu leyti lenda á bátaútveginum, en þeim mun minna þó, sem gjaldið er lægra, þannig að ¼% gjald mundi koma mjög óverulega niður á útveginum. Framlagið frá bönkunum er mjög eðlilegt; bæði er það, að fjárhagsafkoma bankanna hefur verið mjög góð, og svo er á hitt að líta, að hlutatryggingasjóðurinn er til þess ætlaður að tryggja útgerðir vélbáta gegn sjóveðskröfum, sem bankarnir mundu að öðrum kosti neyðast til að leysa af skipunum til þess að verja veðrétt sinn fyrir lánum þeim, sem þeir eiga hvílandi á skipunum.

Það er erfitt að fullyrða, hve mikil tekjuþörf sjóðsins þarf að vera, en allt bendir þó til þess, að árstekjurnar megi ekki fara niður fyrir 4 millj. króna, og því var lagt

til, að ríkissjóður legði árlega til sjóðsins það, sem á vantar, að tekjurnar nemi þeirri upphæð.

Við 2. umræðu þessa máls í efri deild var samþykkt að leggja á sérstakt innflutningsgjald, er næmi ½% af innfluttum vörum, og skyldi innflytjendum vera óheimilt að leggja gjald þetta á vörurnar, sem þeir flytja inn. Það verður ekki séð, að ósanngjarnt sé, að innflytjendur, sem reka ábatasamasta atvinnuveg, sem þekkist í þessu landi, og það einmitt vegna gjaldeyris þess, sem sjávarútvegurinn aflar og ríkið úthlutar þeim, án þess að þeir þurfi að taka á sig nokkra áhættu til að framleiða, leggi nokkuð af mörkum í þann sjóð, sem ætlaður er til þess að verja útveginn hinum þyngstu áföllum vegna veiðibrests. En svo kynlega brá við, er þessi tillaga hafði verið samþykkt við 2. umræðu, mynduðu Sjálfstæðisflokkurinn og Framsóknarflokkurinn samtök um að fella þetta niður. Þessir flokkar mega ekki heyra það nefnt, að innflytjendur taki nokkurn þátt í þeim áhættum, sem sjávarútveginum eru samfara, þó þeir fái allan gjaldeyrinn til ráðstöfunar. Og svo mikil er ákefðin í þessu efni, að ekki er hikað við að leggja stórgjöld á ríkissjóðinn, sem þessir sömu menn eru alltaf að stagast á, að rísi ekki undir þeim kröfum, sem til hans eru gerðar.

Með tilliti til þessa flyt ég tillögu um, að 2. tölul. 9. gr. verði breytt þannig, að innflutningsgjald verði lagt á innfluttar vörur án þess að bæta megi því við söluverð varanna, eins og samþykkt var við 2. umr. í efri deild. Frv. er eins og það kemur frá efri deild mjög mikið í brotum og þyrfti að gera á því ýmsar breytingar, sem leiðir af breytingum þeim, sem samþykktar voru í efri deild í upphaflega frv. Ég mun þó ekki bera fram nema sem fæstar tillögur, þar sem nú er komið að þinglausnum og mikil nauðsyn er á því að afgreiða þetta mál.

Með tilliti til þessa legg ég til, að frv. verði samþykkt með eftirfarandi

BREYTINGUM:

1. Við 5 gr. Málsliðurinn: „Vanræksla á tilkynningu varðar réttindamissi til bótagreiðslu úr sjóðnum“ falli niður.
2. Við 9. gr. 2. töluliður orðist svo:
   ½% innflutningsgjald af verðmæti allra innfluttra vara, hverju nafni sem nefnast. Skal gjald þetta reiknast af verði vörunnar á sama hátt og önnur innflutningsgjöld, og má ekki bæta því við söluverð varanna innan lands.

Alþingi, 14. maí 1949.

Áki Jakobsson.

Ed. 766. Nefndarálit [208. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 37 29. apríl 1946, um áhrif kjötverðs á framfærsluvísitölu.

Frá minni hl. fjárhagsnefndar.

Nefndin hefur klofnað um málið. Vill meiri hl. láta samþykkja frv. — Ég tel, að hér sé um mjög ranglátan skatt að ræða, enda ósæmileg framkvæmd af hálfu löggjafans að gera upptækan hluta af launum, sem menn eiga geymd hjá ríkissjóði, en það er einmitt þetta, sem felst í afnámi kjötuppbótarinnar til mikils fjölda landsmanna. Ég legg því til, að frv. verði fellt.

Alþingi, 13. maí 1949.

Brynj. Bjarnason.

Ed. 767. Nefndarálit [195. mál]

um frv. til l. um heimild fyrir ríkisstjórnina til að taka á móti og ráðstafa framlögum samkv. áætlun um fjárhagslega viðreisn Evrópu.

Frá minni hl. fjárhagsnefndar.

Meiri hl. vill láta samþykkja frv. — Ég var andvígur aðild Íslands að hinni svo kölluðu Marshalláætlun, tel hana háskalega fyrir efnahagslegt sjálfstæði landsins og niðurlægjandi fyrir Ísland að taka á móti „framlögum án endurgjalds“ samkvæmt henni. Samþykkt þessa frumv. munda vera staðfesting Alþingis á samningi þessum „milli Íslands og Bandaríkjanna um efnahagssamvinnu“ frá 3. júli 1948. — Ég legg því til, að frv. verði fellt.

Alþingi, 13. maí 1949.

Brynj. Bjarnason.

Ed. 768. Nefndarálit [203. mál]

um frv. til l. um bráðabirgðabreyting á lögum nr. 56 1927, um skemmtanaskatt og þjóðleikhús.

Frá menntamálanefnd.

Frv. var rætt á einum fundi. Voru nefndarmenn sammála um að leggja til, að frumvarpið verði samþykkt, en áskilja sér þó rétt til að flytja við það breytingartillögur og fylgja öðrum breytingartillögum, sem fram kunna að koma.

Alþingi, 14. maí 1949.

B. Kristjánsson, form., frsm. Hannibal Valdimarsson, fundaskr. Björn Ólafsson.

Eiríkur Einarsson. Ásmundur Sigurðsson.

Nd. 769. Breytingartillögur [184. mál]

við frv. til l. um hlutatryggingasjóð bátaútvegsins.

Frá Halldóri Ásgrímssyni.

1. Við 9. gr.
   a. Tölul. 1 orðist svo: 1% — einn af hundraði — af óskiptum vertíðarafla bátaflotans, sem stundar tryggingarskyldar veiðar.
   b. Orðin „Og 2.“ í 3. tölul. falli niður.
2. Við 10. gr. Fyrir „meðalafla“ alls staðar í greininni komi: verðmæti meðalafla.

Ed. 770. Breytingartillögur [193. mál]

við frv. til l. um breyt. á l. nr. 35 12. febrúar 1940, um heilbrigðisnefndir og heilbrigðissamþykktir, og l. nr. 44 23. júní 1932, um skipun læknishéraða.

Frá heilbrigðis- og félagsmálanefnd.

1. Við 1. og 2. gr. Greinarnar falli niður, og greinatala frumvarpsins breytist samkvæmt því.
2. Við 3. gr. Orðin „að öðru leyti“ falli niður.
3. Við 5. gr. Á eftir orðunum „samkvæmt heilbrigðissamþykkt“ komi: og á ásamt héraðslækni sæti í heilbrigðisnefnd.
4. Fyrirsögn frumvarpsins verði: Frumvarp til laga um breyting á lögum nr. 44 23. júní 1932, um skipun læknishéraða, og lögum nr. 35 12. febrúar 1940, um heilbrigðisnefndir og heilbrigðissamþykktir.

Nd. 771. Lög [158. mál]

um samþykkt á ríkisreikningnum fyrir árið 1945.

(Afgreidd frá Nd. 16. maí).

Samhljóða þskj. 432.

Nd. 772. Breytingartillaga [23. mál]

við frv. til l. um meðferð ölvaðra manna og drykkjusjúkra.

Frá Eysteini Jónssyni.

Við 15. gr. Í stað orðanna „á árunum 1949—1955 verja hálfri annarri milljón króna á hverju ári“ komi: á árunum 1950—1956 verja 750 þúsund krónum á hverju ári.

Nd. 773. Lög [118. mál]

um breyting á raforkulögum, nr. 12 2. apríl 1946.

(Afgreidd frá Nd. 16. maí).

Samhljóða þskj. 573.

Ed. **774. Frumvarp til laga** [138. mál]

um eftirlit með rekstri ríkisins og ríkisstofnana.

(Eftir 3. umr. í Nd.)

1. gr.

Í fjármálaráðuneytinu skal stofna sérstaka deild, er nefnist: Eftirlit með opinberum rekstri. Hlutverk þessarar deildar er:

1. Að hafa eftirlit með rekstri ríkisstofnana og starfsmanna ríkisins, starfsaðferðum, starfsmannahaldi, vinnuafköstum og vinnuskilyrðum þessara aðila;
2. að leiðbeina ríkisstofnunum og ríkisstarfsmönnum um starfstilhögun og mannahald;
3. að gera tillögur til hlutaðeigandi ráðherra um bætta starfstilhögun og breytt skipulag og sparnað, sem við verður komið, þar á meðal um niðurlagningu eða sameiningu stofnana eða starfa.

2. gr.

Fjármálaráðherra setur mann til forstöðu deildarinnar, og nefnist hann ráðsmaður ríkisins. Skal hann hafa sömu laun og skrifstofustjórar stjórnarráðsins. Eftir að hann hefur verið reyndur í starfinu árlangt, getur forseti Íslands skipað hann í stöðuna, enda séu allir ráðherrar sammála um að leggja til, að svo verði gert.

3. gr.

Skrifstofustjórar stjórnarráðsins, ríkisbókari, aðalendurskoðandi og forstöðumenn ríkisstofnana, sem heyra beint undir ráðherra, skulu vera ráðsmanni ríkisins til ráðuneytis og getur hann kvatt þá, einn eða fleiri, til sameiginlegra fundarhalda um tiltekin málefni. Enn fremur skal formaður Bandalags starfsmanna ríkis og bæja eða fulltrúi, er hann í hvert sinn tilnefnir, kvaddur á fund ráðsmanns ríkisins, þegar um mál er að ræða, sem snerta hagsmuni starfsmanna ríkisins.

4. gr.

Ríkisstofnunum og einstökum starfsmönnum ríkisins er skylt að veita stofnun þessari hverjar þær upplýsingar, sem hún þarfnast vegna starfs síns, og þeim ber einnig að leita samvinnu við deildina um hvað eina, sem varðar skrifstofuhald, svo og fjölgun og fækkun starfsliðs og hverjar aðrar endurbætur í rekstrinum, er til greina koma.

5. gr.

Engin ríkisstofnun né starfsmaður ríkisins má ráða starfsfólk til starfa við skrifstofuvinnu, iðnað, iðju, afgreiðslustörf eða önnur skyld verk, nema ráðsmaður hafi áður samþykkt, að maður skuli ráðinn til starfans. Hins vegar fer um veitingu starfa eftir þeim reglum, sem gilt hafa til þessa. Nú ræður forstöðumaður fólk til starfa án samþykkis ráðsmanns, og er sú ráðning þá ógild. Ef ágreiningur verður um starfssvið ráðsmanns samkvæmt ákvæðum þessarar greinar, sker ráðherra úr.

6. gr.

Nýja stofnun má ekki setja á fót nema með lögum. Nú er ný stofnun eða embætti sett á fót, og skal þá ráðsmaður ríkisins ákveða mannahald og starfstilhögun að öðru leyti í stofnuninni í samráði við fyrirsvarsmann stofnunarinnar.

7. gr.

Skýrslur þær og aðrar upplýsingar, sem um ræðir í 4. gr., skulu afhentar ráðsmanni fyrir þann tíma, er hann ákveður, og getur ráðherra ákveðið, að hlutaðeigandi forstöðumenn sæti dagsektum, ef misbrestur verður á um afhendingu umbeðinna upplýsinga.

8. gr.

Fjármálaráðherra getur, að fengnum tillögum ráðsmanns, með reglugerð, erindisbréfi eða öðrum fyrirmælum, kveðið nánar á um starfssvið og önnur atriði, sem um ræðir í lögum þessum.

9. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. júlí 1949.

Ed. 775. Frumvarp til laga [193. mál]

um breyting á lögum nr. 44 23. júní 1932, um skipun læknishéraða, og lögum nr. 35 12. febr. 1940, um heilbrigðisnefndir og heilbrigðissamþykktir.

(Eftir 2. umr. í Ed.)

1. gr.

5. gr. laga nr. 44 1932 orðist svo:

Héraðslæknisstörfum í Reykjavíkurhéraði gegnir borgarlæknir. Skal hann skipaður af ráðherra samkvæmt tilnefningu bæjarstjórnar og taka laun úr bæjarsjóði. Um starfssvið hans fer eftir reglugerð, er bæjarstjórn setur og ráðherra staðfestir.

2. gr.

Fyrir „1000 kr.“ í 1. málsgr. 8. gr. laga nr. 35 1940 komi: 5000 kr.

3. gr.

Ákvæði 1. gr. þessara laga öðlast gildi, þegar núverandi héraðslæknir í Reykjavíkurhéraði lætur af embætti, en þangað til annast borgarlæknir í héraðslæknis stað allt heilbrigðiseftirlit í bænum samkvæmt heilbrigðissamþykkt og á ásamt héraðslækni sæti í heilbrigðisnefnd. Jafnframt falla úr gildi l. nr. 21 13. júní 1937, um breyting á l. nr. 44 23. júní 1932, um skipun læknishéraða, verksvið landlæknis og störf héraðslækna. — Að öðru leyti öðlast lög þessi þegar gildi.

Nd. 776. Nefndarálit [209. mál]

um frv. til l. um gildistöku alþjóðasamnings um samræmingu nokkurra reglna varðandi loftflutninga milli landa.

Frá meiri hl. allsherjarnefndar.

Nefndin hefur athugað frv. og leggur til, að það verði samþykkt.

Alþingi, 16. maí 1949.

Stefán Stefánsson, form.	Finnur Jónsson, fundaskr.	Jörundur Brynjólfsson, frsm.
	Jóhann Hafstein.	

Ed. 777. Breytingartillögur [1. mál]

við frv. til l. um viðauka við l. nr. 109 31. des. 1945, um togarakaup ríkisins.

Frá Steingrími Aðalsteinssyni.

1. Við 1. gr. Orðin „er greiðist upp, þegar skipin hafa verið seld“ í 2. málsgr. falli niður.
2. Við 2. gr. Greinin orðist svo:

Ríkisstjórnin skal gefa bæjar- og sveitarfélögum þeim, sem þessa togara vilja kaupa, forgangsrétt að því að kaupa þá, ef þau ætla að kaupa þá til eigin rekstrar. Ríkisstjórninni heimilast að lána þessum bæjar- og sveitarfélögum 85% af andvirði togaranna og nota til þess það lán, sem ríkisstjórninni í þessum lögum heimilast að taka. Lánið skal greiðast með jöfnum afborgunum á 15 árum. Vextir séu hinir sömu og ríkisstjórnin greiðir.

Nd. 778. Nefndarálit [94. mál]

um frv. til l. um nauðungaruppboð.

Frá allsherjarnefnd.

Frv. þetta er komið frá hv. Ed., og hefur n. unnizt lítill tími til athugunar á því. Í frv. eru samandregin ýmis ákvæði, sem gilt hafa samkvæmt gömlum venjum, en óvíst er, hvort öll hafa lagagildi hér á landi. Þá eru og í því nokkur nýmæli til samræmis við breyttar aðstæður. N. leggur því til, að frv. verði samþykkt óbreytt. Einn nm. (ÁkJ) var fjarstaddur afgreiðslu málsins.

Alþingi, 16. maí 1949.

Stefán Stefánsson, form. Finnur Jónsson, fundaskr., frsm. Jóhann Hafstein.

Jörundur Brynjólfsson.

Nd. 779. Frumvarp til laga [180. mál]

um fiskiðjuver ríkisins í Reykjavík.

(Eftir 2. umr. í Nd.)

1. gr.

Ríkið rekur fiskvinnslustöð í Reykjavík, er nefnist fiskiðjuver ríkisins.

2. gr.

Fiskiðjuver ríkisins skal frysta og sjóða niður fisk og síld og verka þessi hráefni á annan þann hátt, sem stjórn þess ákveður í hvert sinn og aðstæður leyfa. Það skal framleiða ís, og enn fremur heimilast því að hafa á hendi fisksölu til bæjarbúa í Reykjavík.

Það skal og hafa forgöngu um að reyna nýjar aðferðir við verkun á fiski, enda verði veitt fé í því skyni í fjárlögum hverju sinni, ef slíkar tilraunir hafa í för með

sér verulegan kostnað. Sérstaklega skal unnið að athugunum á því, hvort niðursuða í stórum stíl sé arðvænleg hér á landi. Við tilraunir þessar skal höfð samvinna við atvinnudeild háskólans og fiskmatsstjóra.

3. gr.

Ríkisstjórninni heimilast að ábyrgjast lán allt að 1200000 króna, er tekið verður innanlands eða utan til þess að fullgera fiskiðjuverið. Enn fremur heimilast henni að ábyrgjast rekstrarlán, allt að 500000 kr., er tekið verður til þess að framleiða nýjar tegundir afurða, sem fiskiðjuverið reynir að afla markaða fyrir erlendis.

4. gr.

Stjórn fiskimálasjóðs annast stjórn fiskiðjuvers ríkisins. Fiskiðjuverið skal rekið sem sjálfseignarstofnun með sérstöku reikningshaldi, og skal fjárhagur þess vera algerlega aðskilinn frá fjárhag fiskimálasjóðs. Stjórn fiskimálasjóðs fær ekki sérstaka þóknun fyrir stjórn fiskiðjuvers ríkisins. Til að skuldbinda fiskiðjuverið þarf undirskrift meiri hluta stjórnenda.

5. gr.

Ríkissjóður ber ekki ábyrgð á skuldum fiskiðjuversins, nema heimild sé veitt til þess af Alþingi.

6. gr.

Stjórnin ræður framkvæmdastjóra, er hefur á hendi daglega stjórn fiskiðjuversins og umsjón með rekstrinum. Hann annast og sölu afurða í samráði við stjórnina. Framkvæmdastjóri hefur prókúruumboð fyrir fyrirtækið. Stjórnin ákveður með erindisbréfi starfssvið framkvæmdastjórans og laun hans að fengnu samþykki ráðherra. Áður en ráðizt er í meiri háttar framkvæmdir, skal jafnan leitað samþykkis ráðherra og leggja fyrir hann ýtarlega greinargerð og kostnaðaráætlun.

7. gr.

Endurskoðendur skulu skipaðir af ráðherra.

8. gr.

Reikningsár fiskiðjuversins er almanaksárið. Skal stjórn þess gera reikningsskil fyrir starfsárið eigi síðar en svo, að endurskoðendur geti lokið störfum fyrir 30. apríl ár hvert. Af byggingarkostnaði húsa og annarra mannvirkja skal afskrifa a. m. k. 3% og a. m. k. 10% af kostnaðarverði véla og annarra áhalda. Tekjuafgangur skal lagður í varasjóð. Þegar endurskoðun er lokið, skal senda ráðherra afrit af efnahags- og rekstrarreikningum fiskiðjuversins, undirskrifað af stjórn þess og áritað af endurskoðendum, ásamt skýrslu um störf og rekstur fiskiðjuversins á árinu. Reikningar skulu árlega birtir í B-deild stjórnartíðinda.

9. gr.

Fiskiðjuver ríkisins greiðir ekki útsvar né tekju- og eignarskatt.

10. gr.

Ríkisstjórninni er heimilt, ef meiri hluti hennar samþykkir, að selja fiskiðjuver ríkisins félagi útvegsmanna, útgerðarfyrirtækja eða samtökum samvinnufélaga.

11. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Ed. 780. Breytingartillaga [203. mál]

við frv. til l. um bráðabirgðabreyt. á l. nr. 56/1927, um skemmtanaskatt og þjóðleikhús.

Frá menntamálaráðherra.

Við 3. gr. Greinin falli niður, og breytist greinatala frv. samkv. því.

Ed. 781. Frumvarp til laga [203. mál]

um bráðabirgðabreyting á lögum nr. 56/1927, um skemmtanaskatt og þjóðleikhús.

(Eftir 2. umr. í Ed.)

1. gr.

6. gr. laganna orðist svo:

Skemmtanaskatti þeim, sem innheimtur er samkvæmt lögum þessum og viðaukum við þau, skal varið þannig:

a. 25% skattsins renni í rekstrarsjóð þjóðleikhússins, og skal honum varið samkvæmt ákvæðum laga nr. 86/1947, um þjóðleikhús.
b. 40% skattsins renni í félagsheimilasjóð, og skal honum varið eftir því sem fyrir er mælt í lögum nr. 77/1947, um félagsheimili.
c. 10% skattsins renni til lestrarfélaga og til kaupa á kennslukvikmyndum, og skal ⅓ hluti þess fjár renna í styrktarsjóð lestrarfélaga, en ⅔ til kennslukvikmyndasafns.
d. 25% skattsins renni í þjóðleikhússjóð, til að ljúka byggingu þjóðleikhússins.

2. gr.

Byggingarnefnd þjóðleikhússins er heimilt með samþykki ráðherra að taka lán til að ljúka byggingu þjóðleikhússins, enda skal lánið endurgreitt af tekjum þjóðleikhússins.

3. gr.

Lög þessi gilda frá 1. janúar 1949 og þangað til byggingarkostnaður þjóðleikhússins er að fullu greiddur.

Meðan þessi lög gilda, frestast framkvæmd laga nr. 85/1947, um breyting á lögum nr. 56 31. maí 1927, um skemmtanaskatt og þjóðleikhús.

Ed. 782. Nefndarálit [201. mál]

um frv. til l. um viðauka við l. nr. 15 8. marz 1948, um innflutning búfjár.

Frá meiri hl. landbúnaðarnefndar.

Nefndin hefur athugað frv., og eru undirritaðir nefndarmenn því meðmæltir, að frv. nái fram að ganga, en áskilja sér þó rétt til að hafa óbundnar hendur um brtt., er fram kunna að koma við það, og bera sjálfir fram breytingartillögur.

Einn nefndarmanna (PZ) mun skila sérstöku nefndaráliti.

Alþingi, 16. maí 1949.

Þorst. Þorsteinsson, form., frsm. Eiríkur Einarsson. Ásmundur Sigurðsson.

Guðm. Í. Guðmundsson.

Nd. **783. Breytingartillaga** [180. mál]

við frv. til l. um fiskiðjuver ríkisins í Reykjavík.

Frá Einari Olgeirssyni.

Við 10. gr. Greinin falli burt.

Nd. **784. Breytingartillaga** [180. mál]

við frv. til l. um fiskiðjuver ríkisins í Reykjavík.

Frá Einari Olgeirssyni.

Við 10. gr. Aftan við greinina bætist: enda sé almenn þátttaka í félagi því, er kaupir, og innganga í það heimil öllum útvegsmönnum.

Ed. **785. Lög** [208. mál]

um breyting á lögum nr. 37 29. apríl 1946, um áhrif kjötverðs á framfærsluvísitölu.

(Afgreidd frá Ed. 16. maí.)

Samhljóða þskj. 741.

Nd. **786. Tillaga til rökstuddrar dagskrár** [23. mál]

í málinu: Frv. til l. um meðferð ölvaðra manna og drykkjusjúkra.

Frá Jóni Pálmasyni.

Þar sem í gildi eru lög um heilsuhæli fyrir drykkjumenn, nr. 108 30. des. 1943; þar sem greitt var úr ríkissjóði kr. 867442.85 á árunum 1945—1946 til byggingar drykkjumannahælis í Kaldaðarnesi samkvæmt nefndum lögum; þar sem ríkisstjórnin hefur án samþykktar Alþingis afsalað þessu hæli til einstaklings fyrir lítið verð, og þar sem nú er búið að ákveða afgreiðslu fjárlaga fyrir árið 1949, þá getur þingdeildin eigi samþykkt margra milljóna króna framlög úr ríkissjóði til stofnunar annarra drykkjumannahæla og tekur því fyrir næsta mál á dagskrá.

Nd. **787. Breytingartillaga** [23. mál]

við frv. til l. um meðferð ölvaðra manna og drykkjusjúkra.

Frá menntamálaráðherra.

Við 8. gr. Í stað orðanna „sbr. lög nr. 33 12. febrúar 1945, um breyting á þeim lögum“ í 3. málsgr. greinarinnar komi: og síðari breytingum á þeim lögum.

Ed. **788. Frumvarp til laga** [23. mál]

um meðferð ölvaðra manna og drykkjusjúkra.

(Eftir eina umr. í Nd.)

I. KAFLI
Um meðferð ölvaðra manna.

1. gr.

Þá, sem teknir eru höndum sakir ölvunar og eigi er unnt að sleppa þegar úr haldi, skal lögreglan að fengnu læknisvottorði flytja í þar til gert sjúkrahús eða sjúkrahúsdeild, ef fyrir hendi er, en annars í venjulegt sjúkrahús, sem hefur tök á að veita viðtöku slíkum sjúklingum.

Nú er ekki völ á sjúkrahúsi eða rúmi í sjúkrahúsi í þessu skyni, og skal þá láta hlutaðeigandi sjúklinga sæta læknismeðferð, eftir því sem við verður komið.

2. gr.

Ölvaða menn, sem sæta meðferð samkvæmt ákvæðum 1. greinar, skal hafa í gæzlu, unz af þeim er runnið, og allt að tveimur sólarhringum til læknisrannsóknar, eftir því sem ástæða þykir til samkvæmt ákvæðum 3. greinar.

3. gr.

Læknir, sem stundar ölvaða menn samkvæmt ákvæðum 1. og 2. greinar, skal sjá um, að hlutaðeigandi sjúklingum sé látin í té viðeigandi aðhlynning, en auk þess gerir hann sér far um að kynna sér líkamlegt og andlegt ásigkomulag þeirra, svo og allar aðstæður með tilliti til drykkjuhneigðar þeirra og drykkjuskapar. Komist hann að raun um, að um drykkjusýki eða yfirvofandi drykkjusýki sé að ræða, tilkynnir hann hlutaðeiganda sjálfum, eða aðstandendum hans, eftir því sem við á, niðurstöður sínar og er til ráðuneytis um, hvernig við skuli bregðast.

4. gr.

Sveitarfélög, sem koma upp sjúkrahúsum eða sjúkrahúsdeildum til fullnægingar ákvæðum 1.—3. gr., njóta til þess ríkisstyrks samkv. ákvæðum l. nr. 30 19. júní 1933, um sjúkrahús o. fl.

5. gr.

Ákvæði 1.—3. greinar raska ekki ákvæðum laga um viðurlög við ölvunarbrotum, enda mega ákvæði þessara laga ekki verða því til hindrunar, að þeim viðurlögum verði komið fram.

6. gr.

Kostnað af meðferð ölvaðra manna samkvæmt ákvæðum 1.—5. greinar skal greiða sem kostnað af löggæzlu, á sama hátt sem verið hefur.

7. gr.

Ráðherra setur nánari reglur um meðferð ölvaðra manna samkvæmt ákvæðum 1.—3. greinar, með sérstöku tilliti til þess, ef um endurtekin tilfelli, drykkjusýki eða yfirvofandi drykkjusýki er að ræða, að hlutaðeigendum gefist kostur á sem fullkomnustum leiðbeiningum og aðstoð sér til viðréttingar, og þá sérstaklega, ef unglingar eiga í hlut.

II. KAFLI
Um meðferð drykkjusjúkra manna.

8. gr.

Geðveikrahælið á Kleppi hefur með höndum yfirumsjón með gæzlu drykkjusjúkra manna þeim til umönnunar og lækningar samkvæmt ákvæðum laga þessara.

Á kostnað ríkisins skal reisa og reka í sambandi við geðveikrahælið og í hæfilegri nálægð þess gæzluvistarhæli fyrir drykkjusjúka menn, er fyrst og fremst sé miðað við þarfir þeirra sjúklinga, sem ætla má, að eigi sér sæmilegar batahorfur.

Nú vilja sveitarfélög, eitt eða fleiri saman, reisa og reka á sinn kostnað gæzluvistarhæli fyrir drykkjusjúka menn, er fyrst og fremst sé miðað við þarfir þeirra sjúklinga, sem ætla má að þarfnist vistar og umönnunar í slíku hæli í langan tíma, og fer þá um þær framkvæmdir og ríkissjóðsstyrk til þeirra eftir lögum nr. 30 19. júní 1933, um sjúkrahús o. fl., og síðari breytingum á þeim lögum.

Eftir athugun sjúklinganna á geðveikrahælinu á Kleppi, að svo miklu leyti sem því verður við komið, skal þeim ráðstafað í gæzluvist á þeim hælum, sem fyrir hendi eru, og skipt á hælin eftir því, hvers eðlis drykkjusýki þeirra er og hversu þeir eiga saman. Á sama hátt ráðstafar geðveikrahælið sjúklingum þessum þeim til viðréttingar í gæzluvist á völdum einkaheimilum, eftir því, sem á hverjum tíma telst henta. Læknar geðveikrahælisins hafa á hendi lækniseftirlit með sjúklingum, sem ráðstafað hefur verið í gæzluvist samkvæmt ákvæðum þessarar greinar. Sérstakt eftirlit skal haft með aðbúnaði, atlæti, líðan og framferði sjúklinga, sem ráðstafað hefur verið í gæzluvist á einkaheimilum, og ræður geðveikrahælið til þess eftirlitsstarfs ármenn eða árkonur eftir þörfum.

9. gr.

Í gæzlu samkvæmt 8. gr. verða teknir:

1. Þeir, sem dæmdir eru til hælisvistar, sbr. 65. gr. laga nr. 19 12. febrúar 1940.
2. Þeir, sem sækja sjálfir um að verða aðnjótandi slíkrar gæzlu, eða lögráðamaður fyrir þeirra hönd, ef sjálfir eru ólögráða, eða dómsmálaráðuneytið samkvæmt ákvæðum 7. greinar, 6. b. í lögum nr. 95 5. júní 1947, um lögræði.

Taka skal fram í umsókn, hversu lengi umsækjandi skuldbindi sig til að hlíta gæzlunni, svo og að hann undirgangist að virða í einu og öllu reglur þær, sem um gæzlu og gæzluvistir eru settar.

10. gr.

Sá, sem tekinn hefur verið í gæzlu samkvæmt 1. tölulið 9. greinar, skal hlíta gæzlunni svo lengi sem segir í 65. gr. laga nr. 19 12. febrúar 1940.

Sá, sem tekinn hefur verið í gæzlu samkvæmt 2. tölulið 9. greinar, skal hlíta gæzlunni svo lengi sem yfirlæknir geðveikrahælis á Kleppi ákveður, þó aldrei lengur en sjúklingurinn samkvæmt umsókn er skuldbundinn til, nema samþykki hans eða lögráðamanns hans komi af nýju til.

Nú fer sá, sem tekinn hefur verið í gæzlu samkvæmt ákvæðum laga þessara, heimildarlaust af hæli eða heimili, þar sem hann er í gæzluvist, og er þá rétt að þröngva honum, eftir atvikum með lögregluvaldi, í gæzluna á ný og til að hlíta henni, unz lokið er gæzlutíma þeim, sem segir í 1. og 2. málsgrein þessarar greinar.

11. gr.

Gæzluvist fylgir vinnuskylda gæzluvistarmanns, eftir því sem yfirlæknir geðveikrahælisins á Kleppi segir fyrir um eða aðstoðarlæknar hans eða ármenn í hans umboði.

12. gr.

Hver sá, er gefur eða veitir áfengi þeim, sem vitanlega hefur verið tekinn í gæzlu samkvæmt ákvæðum laga þessara, eða aðstoðar hann við útvegun áfengis, skal sæta sektum.

13. gr.

Um greiðslu kostnaðar af meðferð drykkjusjúkra manna samkvæmt ákvæðum 8.—11. greinar fer á sama hátt sem um greiðslur fyrir aðra sjúklinga í sjúkrahúsum ríkisins.

14. gr.

Ráðherra setur nánari reglur um meðferð drykkjusjúkra manna samkvæmt lögum þessum, þ. á m. með hverjum skilyrðum þeir verði teknir í gæzlu, rekstur gæzluvistarhæla samkvæmt 8. gr., gæzluvist þar og á einkaheimilum, vinnu gæzluvistarmanna, svo og aðrar skyldur þeirra og réttindi.

III. KAFLI

Sjóðstofnun.

15. gr.

Af ágóða Áfengisverzlunar ríkisins skal á árunum 1950—1956 verja 750 þúsund krónum á hverju ári til að leggja í sjóð, gæzluvistarsjóð. Sjóðurinn hafi það hlutverk að standa undir kostnaði af framkvæmd laga þessara, eftir því sem heilbrigðisstjórnin ákveður, og þá fyrst og fremst af að reisa eða hjálpa til að reisa gæzluvistarhæli þau, sem um ræðir í 8. gr. laga þessara.

IV. KAFLI

Niðurlagsákvæði.

16. gr.

Lög þessi öðlast gildi þegar í stað og koma til framkvæmda, eftir því sem skilyrði verða fyrir hendi til að fullnægja ákvæðum þeirra. Jafnframt falla úr gildi lög nr. 108 30. desember 1943, um heilsuhæli fyrir drykkjumenn, svo og ákvæði annarra laga, er kunna að koma í bága við ákvæði laga þessara.

Nd. 789. Lög [141. mál]

um iðnfræðslu.

(Afgreidd frá Nd. 16. maí.)

Samhljóða þskj. 761.

Ed. 790. Breytingartillögur [98. mál]

við frv. til l. um breyt. á l. nr. 66 17. júlí 1946, um atvinnu við siglingar á íslenzkum skipum.

Frá Gísla Jónssyni.

1. Við 2.—15. gr. (að báðum meðtöldum). Greinarnar falli niður.
2. Við 17. gr. Greinin falli niður.
3. Á eftir 17. gr. komi ný grein, er orðist svo:
   Hestöfl þau, sem réttindi eru miðuð við samkvæmt lögum þessum, skal ávallt reikna sem framleiðsluhestöfl (I.H.K.), hvort sem um er að ræða eimvélar eða mótorvélar.

4. Við 18. gr. Fyrri meginmálsgreinin falli niður.
5. Við 19. gr. Greinin orðist svo:
   Lög þessi öðlast þegar gildi.

Ed. 791. Breytingartillaga [98. mál]

við frv. til l. um breyt. á l. nr. 66 17. júlí 1946, um atvinnu við siglingar á íslenzkum skipum.

Frá Steingrími Aðalsteinssyni.

Við 10. gr. Við greinina bætist ný málsgrein, er orðist svo:
Þeir, sem lokið hafa hinu meira prófi frá vélfræðideild vélskólans í Reykjavík, skulu njóta fullra réttinda til gæzlu mótorvéla upp að 900 ha. stærð, ef þeir uppfylla skilyrði þessarar greinar í stafliðunum a—e.

Ed. 792. Tillaga til rökstuddrar dagskrár [98. mál]

í málinu: Frv. til l. um breyt. á l. nr. 66 17. júlí 1946, um atvinnu við siglingar á íslenzkum skipum.

Frá minni hl. sjávarútvegsnefndar.

Deildin telur mjög varhugavert að gera þá bráðabirgðabreytingu á lögunum, sem stefnt er að með frv., og í trausti þess, að ríkisstjórnin láti fara fram gagngera endurskoðun á lögunum og leggi frv. um það efni fyrir næsta Alþingi, tekur deildin fyrir næsta mál á dagskrá.

Ed. 793. Breytingartillaga [1. mál]

við frv. til l. um viðauka við l. nr. 109 31. des. 1945, um togarakaup ríkisins.

Frá Steingrími Aðalsteinssyni.

Við 2. gr.
a. Í stað „10%“ í fyrstu málsgr. komi: 50%.
b. Í stað „1,5 millj.“ í 3. málsgr. komi: 7,5 millj.

Nd. 794. Lög [134. mál]

um eignarnám á lóðum vegna bygginga fyrir Menntaskólann í Reykjavík.

(Afgreidd frá Nd. 16. maí.)

Samhljóða þskj. 352.

Nd. **795. Lög** [196. mál]

um breyting á lögum nr. 6 9. jan. 1935, um tekjuskatt og eignarskatt.

(Afgreidd frá Nd. 16. maí.)

Samhljóða þskj. 588.

Nd. **796. Lög** [184. mál]

um hlutatryggingasjóð bátaútvegsins.

(Afgreidd frá Nd. 16. maí.)

Samhljóða þskj. 726.

Ed. **797. Lög** [195. mál]

um heimild fyrir ríkisstjórnina til að taka á móti og ráðstafa framlögum samkvæmt áætlun um fjárhagslega viðreisn Evrópu.

(Afgreidd frá Ed. 16. maí.)

Samhljóða þskj. 577.

Ed. **798. Lög** [1. mál]

um viðauka við lög nr. 109 31. des. 1945, um togarakaup ríkisins.

(Afgreidd frá Ed. 16. maí.)

Samhljóða þskj. 744.

Ed. **799. Nefndarálit** [201. mál]

um frv. til l. um viðauka við l. nr. 15. 8. marz 1948, um innflutning búfjár.

Frá minni hl. landbúnaðarnefndar.

Með lögum um innflutning búfjár, sem nú er lagt til að semja viðauka við, voru færð saman lög nr. 27/1931, 45/1933, 9/1934 og 16/1941, og jafnframt voru skerpt verulega öll ákvæði, er lutu að því að tryggja það, að sjúkdómar gætu ekki borizt til landsins með innfluttu búfé. Reynslan hafði kennt mönnum, að hér þurfti að gæta varúðar. Þótt ekki mætti 1931 og 1933 samþykkja, að innflutt búfé væri árlangt einangrað í eyju og síðan þar reynt, hvort smitunarhætta stafaði af því, þá hafði nú álit manna breytzt, svo að nú var sett í 5. gr. laganna, að einangra skyldi innflutt búfé 6 vikur í landinu, sem það væri flutt úr, áður en það færi af stað hingað til lands og að ríkið skyldi koma upp sóttvarnarstöð í eyju í nágrenni Reykjavíkur og þangað flytja allan fénað, er inn væri fluttur. Þar skyldi hafa hann í sóttkví í 16 vikur. Að þeim tíma liðnum má losa hann úr sóttkvínni og leyfa honum samgöngur við innlendan fénað í eynni, ef yfirdýralæknir leyfir. Eftir ársveru

í eynni má flytja sæði úr hinum innflutta fénaði í land (sbr. 10. gr.), en aldrei sjálfan fénaðinn.

Með þessum ákvæðum sýndi bæði Búnaðarþing og síðan Alþingi, hve varlega það vildi, að farið væri. Síðan þessi lög voru sett er nú liðið ár. Enn hefur ekkert verið gert til þess að koma upp sóttvarnarstöð þeirri, sem um ræðir í 4. gr. laganna, en hún mælir svo fyrir, að stöðin skuli byggð áður en nokkur innflutningur sé leyfður. Yfirdýralæknirinn hefur líka lent í vandræðum með einangrun skepna, sem inn hafa verið fluttar síðan — oftast ólöglega —, og það er tilviljun ein, að ekki hafa orðið slys af, og raunar alls ekki fullreynt enn, hvort svo hafi ekki orðið. En nú á að slaka til aftur með þeim viðauka á lögunum, sem nú liggur fyrir og fjórir nefndarmenn leggja til, að sé samþykktur. Sæði eða nautgripi af mjólkurkyni eða holdakyni á nú að leyfa að flytja inn, þó að sóttvarnarstöðin sé ekki byggð áður, eins og 4. gr. laganna frá 1948 þó mælir fyrir um. Ríkið á ekki að vera innflytjandi, eins og lögin frá 1948 ákváðu, ef búfé væri flutt inn, heldur einstaklingar, sem eiga að fá leyfi til þess eftir lögunum, þó að fengnum tillögum Búnaðarfélags Íslands og tilraunaráðs búfjárræktar. Engin ákvæði eru um það, að þeir, sem hafa með heilbrigðismál búfjárins að gera, skuli leggja orð þar að, og ætti þó ekki síður að leita álits yfirdýralæknis og rannsóknarstöðvarinnar á Keldum um málið en tilraunaráðs búfjárræktar.

Hins vegar gerir 2. gr. frumvarpsins nú ráð fyrir, að leyfi til innflutnings sé bundið því skilyrði, að innflytjandi sjálfur reisi og reki sóttvarnarstöð og sé gerður sérstakur samningur um rekstur hennar milli innflytjanda og ríkisstjórnarinnar.

Allt er þetta til að draga úr því öryggi, er reynt var að skapa með lögunum frá 1948, og þó að ég telji, að vel sé hægt að búa svo um, að sjúkdómar þurfi ekki að berast til landsins, þótt sæði eða nautgripir sé flutt inn, þá bendir frumvarpið til þess, að slaka eigi til frá þeim öryggisráðstöfunum, sem settar voru í lögin frá 1948, og gæti það bent til þess, að áður en menn vissu af, væri komin sýki í kýr okkar, t. d. smitandi kálfslát, sem getur borizt með sæði, en það er næst á eftir berklum og gin- og klaufaveiki versti sjúkdómur og skaðlegasti, sem bændur geta fengið í kýr sínar. Þegar af þessari ástæðu er ég á móti frumvarpinu. Ætti það að samþykkjast, ætti að skerpa öryggið frá því, sem það er í lögunum frá 1948, en ekki slaka til á því.

En hér kemur líka fleira til, og þá fyrst það, hvort okkur sé þörf á innflutningi nautgripa eða ekki. Frumvarpið gerir ráð fyrir, að bæði geti orðið að ræða um innflutning af mjólkur- og holdakyni. Í 2. gr. laganna frá 1948 er svo fyrir mælt, að Búnaðarfél. Íslands skuli ákveða, hvaða búfjárkyn skuli flutt inn og frá hvaða landi, og skuli, áður en það er gert, leita upplýsinga um heilbrigðisástand búfjár í því landi og landshluta, er búfé er tekið frá, frá viðkomandi heilbrigðisyfirvöldum. Líklegt er, að innflytjendur vildu nú ráða þessu sjálfir, en ekki sýnilegt eftir frumvarpinu, sem nú liggur fyrir, að þeir geti það, nema þá í samráði við þá, er það eiga að ákveða nú eftir lögum. Það er því erfitt að segja um, um hvaða mjólkurkyn kynni að verða að ræða. Þó hefur heyrzt, að Reykjavíkurbær hafi sérstaklega áhuga fyrir innflutningi „Ayrshire“, sem er hyrnt, rauðskjöldótt kúakyn í suðvestur-Skotlandi. Víða hefur það verið flutt og kynbætt frekar í Ameríku. Meðalnythæð kúa af þessu kyni í nautgriparæktarfélögum Skotlands er nú um 2900 kg með 3,80% fitu. Kýrnar vega um 450 kg lifandi. Einstaka hjarðir mjólka meira að meðaltali og í Ameríku til muna meira, eða kringum 6000 kg að meðaltali í góðum hjörðum, og í einstaka ef til vill mun meira. Til samanburðar er meðalnyt íslenzkra kúa 1946 og 1947 3100 kg með 3.76% fitu. Meðaltöl einstakra kúabúa hér eru um 4000 kg með um 4% fitu. Það verður því að sækja það bezta af Ayrshire-kúnum, ef þær eiga að taka okkar kúm fram.

Okkar kýr lifa mest af heyi. Meðalkýrin þarf um 1100 fóðureiningar á ári sér til viðhalds, en alls fást okkar kýr til að éta kringum 2600 fóðureiningar af heyfóðri og hafa því um 1500 fóðureiningar til þess að breyta í mjólk og kálf. Þær geta því

af heyfóðri einu mjólkað upp í kringum 3500 lítra af mjólk á ári og þurfa fyrst fóðurbæti, mjólki þær meira eða sé heyið ekki ágætt, en við það er miðað hér, þótt hitt sé raunar tíðara, að heyfóðrið sé ekki ágætt, ýmist af því að taðan er ekki góð í eðli sínu (raklent tún, léleg rækt o. fl.) eða hún hefur ekki verkazt sem skyldi. Ayrshirekýrin þarf aftur um 1400 fóðureiningar sér til viðhalds, og ef hún gæti ekki étið meira hey en sú íslenzka, þá hefði hún ekki nema um 1200 fóðureiningar til þess að breyta í kálf og mjólk og mundi því af sama heyfóðri og íslenzka kýrin mjólka yfir 600 kg minna. En fengi hún nægan fóðurbæti, þá gæti hún, ef hún væri valin af beztu stofnunum í Ameríku, vafalaust mjólkað meira en okkar kýr. Nú lít ég þannig á, að við höfum okkar kýr fyrst og fremst til þess að breyta því fóðri, sem við sjálfir öflum, í mjólk, og til þess eru okkar kýr beztar. Þjóðfélagslega séð eigum við ekki að kaupa fóðurbæti til að viðhalda stærri kúm, heldur til þess eins að fullnýta okkar beztu kýr og bæta upp lélegt fóður.

Hitt er svo annað mál, að eins og verðlag á heyi og fóðurbæti er nú, þá er fóðurbætirinn miklu ódýrari en heyið, og því getur borgað sig að gefa íslenzkum kúm lítið hey en mikinn fóðurbæti og fá erlendar kýr, stórar, nytháar og þurftarfrekar, hingað og kaupa handa þeim fóðurbæti og láta þær breyta honum í mjólk, en undir þá þróun á Alþingi ekki að ýta með löggjöf. Fyrir einstakling gæti því innflutningur á erlendu mjólkurkyni borgað sig, eins og verðlag í landinu er nú, ef hann ætti víst að fá nægan mais og olíukökur handa því. En ef hann þyrfti að ala þær á tómu heyi, þá hefði hann margfalt tap af því, samanborið við að hafa íslenzkar kýr. Þjóðfélagslega séð er því rangt að flytja inn erlent mjólkurkyn, nema þá Jersey-kýr, sem eru líkar að stærð okkar kúm, viðkvæmar, en hafa mjög feita mjólk, og gæti verið til athugunar, hvort ekki væri heppilegt að hafa þær á stöðum, þar sem smjör er unnið úr allri mjólkinni, því að vissulega þarf smjörframleiðslan að aukast. Það mál þarf þó miklu meiri athugunar við, þótt á það sé hér bent, að sá innflutningur gæti verið umtalsverður og athugandi.

Um holdakúakyn gildir allt annað. Hér á landi er nú vísir að slíku kyni út af nautkálfi þeim, er einn úr stjórn Búnaðarfélags Íslands bjargaði undan hnífnum, er ensku nautgripirnir voru fluttir inn og drepnir eftir einangrun í Þerney. Þrátt fyrir ýmsar ráðstafanir til að reyna að fá samanburð á vænleika kálfa undan áðurnefndu nauti og íslenzkum kúm og kálfa af alíslenzkum uppruna verður ekki sagt, að sá samanburður sé til. Þó var og er sýnilegt, að hálfblóðskálfarnir eru vænni. Hins vegar hafa flestar kýr, sem aldar hafa verið upp út af nefndum nautkálfi, reynzt mjólka með afbrigðum illa, og hafa þeir, er alið hafa upp mjólkurkýr út af honum, gert sér með því margfaldan skaða.

Sama gildir hér og um mjólkurkynið, að líklegt má þykja, að innflytjandinn vilji sjálfur ráða, hvaða kyn er flutt inn, en eftir 2. gr. laganna frá 1948 á hann ekki að gera það. Öll holdakúakyn eru miklu stærri en okkar kyn og þurfa miklu meira fóður. Sum þeirra eru ekki vandfóðruð, en af þeim er ekki fyrsta flokks kjöt (Langhyrningar, Galloway). Önnur þurfa gott fóður og er kjöt þeirra yfirleitt miklu betra (Stutthorn, Aberdeen-Angus o. fl.).

Helzt hefur mér skilizt, að menn hugsi sér innflutning af Langhyrningum eða Galloway-kyni. Þau eru bæði harðgerð og er beitt í heimkynnum sínum. Hér mundi það líka vera hægt, en þau krefjast valllendisbeitilands og mundu lítil skil gera mýra- og flóabeit. Innflutningur þeirra kemur því ekki til greina í þeim landshlutum, þar sem þegar vantar beitiland handa mjólkurkúnum, en það er nú að verða nokkuð víða, þótt úr því kunni að rakna með uppþurrkun lands, sem nú er mögulég með skurðgröfunum, og aukinni ræktun, en margir stefna nú að því að geta beitt kúnum allt árið á ræktað land.

Sumir hugsa sér þessa gripi koma í stað útigangshrossanna og halda, að þeir verði miklu arðsamari. Um það skal engu spáð, en eigi að slátra þeim á öllum árstímum, en ekki eins og sauðfé eingöngu að haustinu, þá er víst, að það þarf að fita þá áður en þeim er slátrað, og þá þarf um 4 fóðureiningar til 1 kg aukningar í lif-

andi þunga. Framleiðsla kjöts af holdanautgripum, sem ætti að vera nýtt á markaðinum á öllum ársins tímum, byggist þá að verulegu leyti á fóðurbætisgjöf. Og þá athugi menn, hvort réttara sé að láta sauðféð breyta gróðri afréttanna í kjöt, sem að vísu er þá ekki á markaðnum nýtt nema að haustinu, en hinn tíma ársins frosið, eða hafa nautgripi, sem fita má með aðkeyptum fóðurbæti og slátra jöfnum höndum allt árið.

Innflutningur af sæði til kynbóta er bæði dýr og seinvirkur. Ef hugmyndin er að koma hinum erlenda stofni hér upp með innflutningi sæðis og áframhaldandi blöndun, tekur það milli 10 og 20 ár, þar til blendingsskepnurnar teljast nokkuð hreinar. Slíkur innflutningur er geipidýr, m. a. vegna þess, hve vangæft er að fá sæði, þegar kýrnar, sem sæða á í eynni, beiðast. Væru 30 kýr í eynni, er sæða ætti, má ætla, að eins oft þyrfti að fá sæði erlendis frá, því að ólíklegt er, að tvær beiddust sama daginn. Næðist sæði í þær allar, yrðu til um 15 kvígukálfar á öðru ári. Í þá þyrfti að fá sæði næsta ár o. s. frv., svo að alltaf ykist erlenda blóðið í hjörðinni. Loks kæmi að því, að það elzta úr hjörðinni yrði talið hreint. Þá má eftir lögunum frá 1948 ekki flytja skepnurnar í land, heldur einungis sæði úr þeim. Og það þarf helzt að flytjast á þá staði á landinu, sem mjólkursala er ekki á og þar sem góð skilyrði eru fyrir útigangsfénað.

Allt þetta er miklum erfiðleikum háð og virðist þurfa að byggjast allt öðruvísi upp, ef ganga á inn á þá braut að breyta útigangspeningi hrossahéraðanna úr stóðhrossum í villinaut. En þar sem ég legg ekki til, að inn á þá braut sé farið nú að lítt yfirveguðu ráði, skal það ekki rætt hér og ekki gerðar breytingartillögur, sem þó er nauðsynlegt að gera, ef inn á þá braut á að fara.

Mjög mætti stytta þann tíma, sem til þess gengi að fá stofninn upp, ef inn væru fluttir nýbornir kálfar, og mundi það líklega kosta helming af því, sem það kostaði að flytja inn sæði til áframhaldandi kynblöndunar. En væri það hugsað, þarf enn að gera breytingar á lögunum frá 1948, m. a. því ákvæði 5. gr., er ákveður, að innfluttar skepnur skuli einangrast 6 vikur í útflutningslandinu áður en þær séu fluttar þaðan.

Af þessu öllu saman legg ég til, að frumvarpið sé fellt. Það er ekki þjóðhagslega rétt að flytja inn erlent mjólkurkúakyn. Það er alrangt að flytja inn erlend holdakúakyn til að „kynbæta hinn innlenda nautgripastofn“ og vafasamt mjög, hvort það er rétt til framleiðslu sláturgripa. Það er alrangt að slaka til um þær öryggisráðstafanir, sem settar voru í lögin frá 1948 til að tryggja það, að sjúkdómar berist ekki til landsins með innfluttum gripum. Vegna þess á að fella frumvarpið.

Ég óskaði þess, að fengið væri álit yfirdýralæknisins um málið, svo og rannsóknarstofnunarinnar á Keldum, en meiri hluti landbúnaðarnefndar þurfti ekki á upplýsingum frá þeim að halda, enn síður frá stjórn Dýralæknafélags Íslands. Reynsla innflutnings búfjár hina síðustu áratugi mun hafa kennt landbúnaðarnefndar meirihlutanum nóg, svo að hann gat tekið sínar ákvarðanir án frekari upplýsinga frá sérfræðingum.

Ég lagði á sínum tíma til ásamt Metúsalem Stefánssyni, að innflutta sauðféð væri einangrað árlangt í eyju og síðan þar blandað íslenzku fé, svo að séð yrði, hvaða gagn leiddi af blönduninni og hvort það smitaði íslenzka féð. Að því reyndu væri því blandað saman við stofninn í landi. Við því var þá skellt skollaeyrum. Nú legg ég til, að þetta frumvarp verði ekki samþykkt, en get eins búizt við því gagnstæða, þar sem fjórir af nefndarmönnum leggja það til. Og verði það, vænti ég, að mér verði ekki síðar kennt um afleiðingarnar, hverjar sem þær verða.

Alþingi, 16. maí 1949.

Páll Zóphóníasson.

Sþ. 800. Tillaga til þingsályktunar [211. mál]

um heimild fyrir ríkisstjórnina til að greiða uppbætur á laun opinberra starfsmanna.

Flm.: Sigurjón Á. Ólafsson, Jóhann Hafstein, Guðmundur Í. Guðmundsson, Sigurður Kristjánsson.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að láta nú þegar rannsaka, hvort rétt sé, að kaup og kjör starfsmanna ríkisins eftir launalögum séu nú mun lakari en annarra starfsstétta vegna kauphækkana þeirra og kjarabóta eftir setningu launalaganna 1945, og ef svo reynist, heimilar Alþingi ríkisstjórninni að verja allt að 4 milljónum króna úr ríkissjóði til greiðslu uppbóta á laun starfsmanna ríkisins á yfirstandandi ári. Ríkisstjórnin ákveður í samráði við stjórn Bandalags starfsmanna ríkis og bæja, hverjir fái uppbætur greiddar og eftir hvaða reglum.

Greinargerð.

Þegar laun opinberra starfsmanna voru ákveðin með l. nr. 60 frá 12. marz 1945, var höfð hliðsjón af launum þeirra, sem laun tóku samkvæmt ákvæðum kjarasamninga stéttarfélaga, að svo miklu leyti sem við átti. Síðan launalögin voru sett, hefur orðið veruleg breyting á launum samkvæmt ýmsum kjarasamningum stéttarfélaga til hækkunar. Telur B. S. R. B. þessa breytingu svo verulega, að í ýmsum tilfellum sé jafnvel um þriðjungshækkun grunnlauna að ræða. Hefur B. S. R. B. borið fram við ríkisstjórnina kröfu um, að laun opinberra starfsmanna verði á þessu ári hækkuð um 25%, og er sú krafa rökstudd með því, að þessi hækkun sé nauðsynleg til þess að ná svipuðu jafnvægi á milli launa opinberra starfsmanna og daglaunamanna og var 1945, er launalögin voru sett. Þessari kröfu er fylgt fast eftir af öllum félagsdeildum innan bandalagsins. Innan ríkisstjórnarinnar mun ekki hafa náðst samkomulag um að mæta þessum kröfum bandalagsins.

Flutningsmenn þessarar tillögu telja, að af hálfu B. S. R. B. hafi verið færð svo sterk rök fyrir því, að mjög halli nú á opinbera starfsmenn um launagreiðslur, miðað við aðra launamenn í landinu, að ekki verði komizt hjá að láta nú þegar fara fram rækilega rannsókn á því, hvort og að hve miklu leyti fullyrðingar og kröfur opinberra starfsmanna séu réttmætar. Leggja flutningsmenn tillögunnar til, að ríkisstjórninni verði falið að rannsaka þetta atriði. Reynist kröfur opinberra starfsmanna réttmætar, vilja flutningsmenn tillögunnar heimila ríkisstjórninni að verja allt að 4 millj. kr. úr ríkissjóði til þess að mæta kröfum B. S. R. B., og skal fénu ráðstafað að fengnum tillögum B. S. R. B.

Engin tillaga er gerð um það, með hverjum hætti tekna skuli aflað til þess að mæta þessum útgjöldum, en á það skal bent, að tekjur ríkissjóðs af almenna eignauppgjörinu eru áætlaðar yfir 8 millj. kr., og hefur aðeins helmingi þeirrar upphæðar verið ráðstafað. Um eða yfir 4 millj. kr. af þessu fé ættu því að vera handbærar, og virðist þeim ekki illa varið, þótt notaðar yrðu til þess að rétta hlut opinberra starfsmanna, ef rannsókn sú, sem tillagan fer fram á, gefur tilefni til þess.

Ed. 801. Lög [161. mál]

um Laxárvirkjunina.

(Afgreidd frá Ed. 17. maí.)

Samhljóða þskj. 446.

Nd. **802. Lög** [94. mál]

um nauðungaruppboð.

(Afgreidd frá Nd. 17. maí.)

Samhljóða þskj. 701 (sbr. 174).

Nd. **803. Lög** [209. mál]

um gildistöku alþjóðasamnings um samræmingu nokkurra reglna varðandi loftflutninga milli landa.

(Afgreidd frá Nd. 17. maí.)

Samhljóða þskj. 706.

Ed. **804. Lög** [23. mál]

um meðferð ölvaðra manna og drykkjusjúkra.

(Afgreidd frá Ed. 17. maí.)

Samhljóða þskj. 788.

Ed. **805. Lög** [120. mál]

um breyting á lögum um menntaskóla, nr. 58 frá 7. maí 1946.

(Afgreidd frá Ed. 17. maí.)

Samhljóða þskj. 652.

Ed. **806. Breytingartillaga** [180. mál]

við frv. til l. um fiskiðjuver ríkisins í Reykjavík.

Frá Hannibal Valdimarssyni.

Við 10. gr. Greinin falli niður.

Sþ. **807. Breytingartillaga** [211. mál]

við till. til þál. um heimild fyrir ríkisstjórnina til að greiða uppbætur á laun opinberra starfsmanna.

Flm.: Hermann Jónasson, Steingrímur Steinþórsson, Jörundur Brynjólfsson, Skúli Guðmundsson.

1. Tillögugreinin orðist svo:

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að láta nú þegar fara fram rannsókn á launum og aðstöðu starfsmanna ríkisins og launum, tekjum og aðstöðu annarra

stétta. Niðurstöður þessarar rannsóknar séu lagðar fyrir Alþingi hið bráðasta samhliða tillögum frá ríkisstjórninni til úrlausnar í dýrtíðar-, fjárhags- og atvinnumálum.

2. Fyrirsögn till. verði svo:
Till. til þál. um rannsókn á launum og aðstöðu starfsmanna ríkisins o. fl.

Ed. 808. Frumvarp til laga [186. mál]

um eyðingu refa og minka.

(Eftir 2. umr. í Ed.)

I. KAFLI
Yfirumsjón.

1. gr.

Sýslumenn hafa hver í sínu umdæmi umsjón með framkvæmd þessara laga undir yfirstjórn landbúnaðarráðherra.

2. gr.

Sýslunefndir skulu sjá um, að hreppsnefndir annist eyðingu refa og villiminka.
Heimilt er sýslunefnd að ráða í samráði við hreppsnefndir einn mann (refaeyðingarstjóra) til að stjórna refa- og minkaveiðum í allri sýslunni eða nokkrum hluta hennar.

II. KAFLI
Eyðing refa og minka.

3. gr.

Sérhver hreppsnefnd skal á hverju vori annast um grenja- og minkaleitir í heima- og afréttarlöndum hreppsins, hvort sem lönd þessi liggja utan eða innan sýslufélagsins eða hreppsins, svo og um vinnslu grenja- og minkabæla. Þar, sem tveir eða fleiri hreppar eiga afréttarlönd saman, annast þeir í sameiningu, eða stjórn upprekstrarfélagsins, leitina og vinnslu dýranna á afréttinni.
Ef unnt er, skal skotmaður eða skotmenn annast grenjaleitina, en bogmaður eða skotmaður, eftir því sem við á, minkaleitina.

4. gr.

Hreppsnefnd, stjórn upprekstrarfélags, þar sem hreppar eiga upprekstrarlönd saman, sbr. 3. gr., eða refaeyðingarstjóri, þar sem hann hefur verið ráðinn, sbr. 2. gr., ráða skotmann eða bogmann, einn eða fleiri, til að vinna greni eða minkabæli í þeim löndum, sem þeim ber að annast um í þessu efni. Skulu skotmenn eða bogmenn reiðubúnir til grenjavinnslu, hvenær sem greni eða minkabæli finnst. Vökumaður, sem skotmaður tekur gildan, skal vera ráðinn af sama aðila til að vera með skotmanni á grenjum.

5. gr.

Óheimilt er öðrum en þeim, sem til þess eru ráðnir samkvæmt 4. gr., að vinna greni eða taka yrðlinga, nema svo hafi staðið á, að ekki hafi náðst til skotmanns í tæka tíð.

6. gr.

Þegar greni eða minkabæli finnst, hvort heldur er í grenja- eða minkaleit eða þess utan, skal það ekki yfirgefið, ef kostur er. En finni það einn maður

og geti ekki komið vitneskju til næsta bæjar nema fara sjálfur, skal hann hraða för sinni sem mest. Skotmanni eða bogmanni skal síðan gert aðvart tafarlaust. Kostnaður við slíkt telst með öðrum eyðingarkostnaði.

7. gr.

Borgun til skotmanns og vökumanns fer eftir því, sem um semst við hreppsnefnd eða þann aðila, sem sér um grenjavinnslu. Sama gildir um borgun til bogmanns. Heimilt er að semja um verðlaun fyrir unnin dýr, en taka skal tillit til þess, þegar ráðningarkjör skotmanns og bogmanns eru ákveðin. Einnig skal taka tillit til þess við launaákvörðun, ef yrðlingar eða minkahvolpar eru verðmætir.

8. gr.

Nú vinnst hlaupadýr, og á þá sá, er vinnur, 60 kr. sem verðlaun fyrir hvert dýr, er hann sannar fyrir oddvita að hafa unnið, og sömu upphæð fyrir hvern mink.

9. gr.

Hreppsnefnd, stjórn upprekstrarfélags eða refaeyðingarstjóri heldur skrá yfir öll þekkt greni og minkabæli og gerir stutta lýsingu á þeim. Gera skal vörður eða skotbyrgi við greni þau, sem þörf er á, og halda þeim við. Heimilt er að laga skemmd greni, ef auðunnin eru, svo og ónýta önnur, sem torunnin eru, telji stjórn refaeyðinganna það hagkvæmt.

10. gr.

Skylt er að eitra fyrir refi og minka þriðja hvert ár í afréttum og heimalöndum. Oddvitar sjá um eitrunina, hver á sínu svæði, en þar sem fleiri hreppar eiga afréttir saman, skulu hlutaðeigandi oddvitar hafa samráð um eitrunina eða fá til sérstakan mann að sjá um hana. Héraðslæknar eða lyfjabúðir láta oddvitum í hendur eitur eftir fyrirmælum landbúnaðarráðherra.

III. KAFLI

Bann gegn minka- og refaeldi.

11. gr.

Sýslunefndir og bæjarstjórnir geta bannað minkaeldi í umdæmum sínum og sömuleiðis eldi refa. Verði slíkt bann framkvæmt þar, sem nú eru loðdýrabú, skal sýslusjóður eða bæjarsjóður greiða eigendum skaðabætur samkvæmt mati þriggja dómkvaddra manna.

IV. KAFLI

Skipting kostnaðar.

12. gr.

Hreppsnefndir eða þeir, sem falið hefur verið að sjá um refa- og minkaeyðingu, skulu samhliða hreppsreikningi ár hvert hafa tilbúna reikninga yfir kostnað við starfsemi þessa, sundurliðaða, svo að glöggt sjáist kostnaður við hvort um sig, eyðingu refa og eyðingu minka. Að lokinni endurskoðun skulu þeir leggjast fyrir næsta sýslufund til úrskurðar. Nú úrskurðar sýslunefnd, að reikningarnir séu réttir og ekki úr hófi háir, og skal þá sá aðili, er lagt hefur kostnaðinn fram við refaeyðingu, fá hann endurgreiddan að $\frac{2}{3}$ hlutum, að hálfu frá sýslunefnd, en að hálfu frá ríkinu. Kostnað við eyðingu minka skal endurgreiða að $\frac{5}{6}$, $\frac{2}{3}$ frá ríki og $\frac{1}{6}$ úr sýslusjóði.

V. KAFLI
Almenn ákvæði.

13. gr.

Landbúnaðarráðuneytið setur reglugerð um nánari framkvæmd laga þessara, svo og um eitrun fyrir refi og minka.

Enn fremur geta sýslunefndir sett nánari reglur um framkvæmd laganna, en landbúnaðarráðherra skal samþykkja þær, áður en þær öðlast gildi.

14. gr.

Brot gegn lögum þessum og reglugerðum, sem settar verða samkvæmt þeim, varða sektum, 200—5000 kr., nema þyngri refsing liggi við samkvæmt öðrum lögum.

15. gr.

Með lögum þessum eru úr gildi numin lög nr. 108 11. ágúst 1933, svo og önnur lagaákvæði, sem koma í bága við þessi lög.

16. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Ed. 809. Nefndarálit [34. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. um fjárhagsráð, innflutningsverzlun og verðlagseftirlit.

Frá meiri hl. fjárhagsnefndar.

Fjárhagsnefnd hefur klofnað um málið. Meiri hl. nefndarinnar (BÓ, GÍG, ÞÞ) telur sjálfsagt, að frv. um breyt. á sömu lögum, frá viðskiptamálaráðh., sem lagt hefur verið fyrir neðri deild, verði tekið til athugunar áður en tekin er ákvörðun um frv. það, sem hér liggur fyrir. Nefndin álítur eðlilegt, að gerð yrði tilraun til athugunar á samræming frumvarpanna. En þar sem sýnilegt er, að ekki vinnst tími til slíkrar athugunar, vegna þess að komið er að þinglokum, leggur nefndin til, að frv. verði afgreitt með svo hljóðandi

RÖKSTUDDRI DAGSKRÁ:

Með því að nú liggur fyrir neðri deild frv. um sama efni frá viðskiptamálaráðherra, sem ekki hefur unnizt tími til að athuga, með tilliti til samræmingar á þessum tveimur frv., en hins vegar æskilegt, að ekki sé tekin ákvörðun um svo mikilvægt mál án rækilegrar athugunar á samræmingu frumvarpanna, tekur deildin fyrir næsta mál á dagskrá.

Alþingi, 17. maí 1949.

Björn Ólafsson, form., frsm.	Guðm. Í. Guðmundsson, fundaskr.	Þorst. Þorsteinsson.

Sþ. **810. Frumvarp til laga** [98. mál]

um breyting á lögum nr. 66 17. júlí 1946, um atvinnu við siglingar á íslenzkum skipum.

(Eftir eina umr. í Ed.)

1. gr.

Aftan við 3. gr. laganna bætist nýr stafliður, svo hljóðandi:

c. Skipstjórnarmönnum og vélamönnum ber að afla á 5 ára fresti læknisvottorða þeirra, er um ræðir í lögum þessum.

2. gr.

55. gr. laganna orðist svo:

Ráðherra er heimilt, þegar skortur er á skipstjórnarmönnum og vélstjórum, að veita undanþágu frá skilyrðum laga þessara til skipstjórnar- og vélstjórastarfa, enda sé áður leitað umsagnar hlutaðeigandi stéttarfélaga eða sambanda þeirra.

3. gr.

Hestöfl þau, sem réttindi eru miðuð við samkvæmt lögum þessum, skal ávallt reikna sem framleiðsluhestöfl (I.H.K.), hvort sem um er að ræða eimvélar eða mótorvélar.

4. gr.

Aftan við ákvæði til bráðabirgða bætast ný ákvæði, svo hljóðandi:

Ríkisstjórnin skal nú þegar skipa nefnd til þess að endurskoða og samræma öll lög og reglugerðir um nám og réttindi vélstjóra á íslenzkum skipum. Skulu stéttarfélög mótorvélstjóra og vélstjóra eiga fulltrúa í þeirri nefnd. Skal nefnd þessi hafa lokið endurskoðun og skilað áliti til ríkisstjórnarinnar fyrir 1. október 1949. Kostnaður við nefndina greiðist úr ríkissjóði.

5. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Ed. **811. Lög** [180. mál]

um fiskiðjuver ríkisins í Reykjavík.

(Afgreidd frá Ed. 17. maí.)

Samhljóða þskj. 779.

Nd. **812. Lög** [193. mál]

um breyting á lögum nr. 44 23. júní 1932, um skipun læknishéraða, og lögum nr. 35 12. febr. 1940, um heilbrigðisnefndir og heilbrigðissamþykktir.

(Afgreidd frá Nd. 17. maí.)

Samhljóða þskj. 775.

Nd. **813. Lög** [203. mál]

um bráðabirgðabreyting á lögum nr. 56/1927, um skemmtanaskatt og þjóðleikhús.

(Afgreidd frá Nd. 17. maí.)

Samhljóða þskj. 781.

Nd. **814. Lög** [186. mál]

um eyðingu refa og minka.

(Afgreidd frá Nd. 17. maí.)

Samhljóða þskj. 808.

Sþ. **815. Breytingartillaga** [211. mál]

við brtt. á þskj. 807 (Heimild fyrir ríkisstjórnina til að greiða uppbætur á laun opinberra starfsmanna).

Frá Ingólfi Jónssyni.

Fyrri málsliður tillögugreinarinnar orðist svo:

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að láta nú þegar fara fram rannsókn á launum, vinnutíma og annarri aðstöðu starfsmanna ríkisins og launum, tekjum og aðstöðu manna í öðrum stéttum.

Nd. **816. Tillaga til rökstuddrar dagskrár** [194. mál]

í málinu: Till. til þál. um skipun rannsóknarnefndar samkv. 39. gr. stjórnarskrárinnar til að rannsaka tildrög og eðli óeirðanna 30. marz 1949.

Frá Finni Jónssyni, Halldóri Ásgrímssyni, Sigurði Kristjánssyni.

Þar eð alþingismenn voru sjónarvottar að óspektunum við Alþingishúsið hinn 30. marz s. l. og er því öllum ljóst, hverjir sök áttu á þeim, og málið auk þess er í rannsókn hjá sakadómara, telur neðri deild Alþingis tillögu þessa tilefnislausa og lætur í ljós undrun sína yfir flutningi hennar jafnframt og hún ætlar málflutning þm. Siglufjarðarkaupstaðar í greinargerð tillögunnar og tekur fyrir næsta mál á dagskrá.

Sþ. **817. Breytingartillaga** [211. mál]

við till. til þál. um heimild fyrir ríkisstjórnina til að greiða uppbætur á laun opinberra starfsmanna.

Frá Brynjólfi Bjarnasyni og Einari Olgeirssyni.

Í stað „allt að 4 milljónum króna“ komi: allt að 8 milljónum króna.

Sþ. **818. Fjárlög** [42. mál]

fyrir árið 1949.

(Afgreidd frá Sþ. 17. maí.)

I. KAFLI

Tekjur:

1. gr.

Árið 1949 er ætlazt til, að tekjur ríkissjóðs verði svo sem talið er í 2.—5. gr. og að þeirra verði aflað með tekjugreinum, sem þar eru taldar.

2. gr.

Áætlað er, að þessir skattar og tollar nemi:

		kr.	kr.
1.	Tekju- og eignarskattur, að meðtöldum tekjuskattsauka	40 000 000	
2.	Stríðsgróðaskattur 6000000		
	Þar af hluti bæjar- og sveitarfélaga 3000000		
		3 000 000	
			43 000 000
3.	Vörumagnstollur	23 000 000	
4.	Verðtollur 64000000		
	Þar af til dýrtíðarsjóðs samkv. 29. gr. l. 19. des 1948 12000000		
		52 000 000	
5.	Innflutningsgjald af benzíni	9 500 000	
6.	Gjald af innlendum tollvörum	5 000 000	
			89 500 000
7.	Fasteignaskattur	600 000	
8.	Lestagjald af skipum	250 000	
9.	Bifreiðaskattur	3 500 000	
			4 350 000
10.	Aukatekjur	1 800 000	
11.	Stimpilgjald	4 500 000	
12.	Vitagjald	900 000	
13.	Leyfisbréfagjald	150 000	
14.	Erfðafjárskattur	300 000	
15.	Veitingaskattur	2 500 000	
16.	Útflutningsleyfisgjald	300 000	
17.	Tekjur dýrtíðarsjóðs samkv. lögum:		
	a. Af tolltekjum (sbr. tölul. 4) 12000000		
	b. Söluskattur 36000000		
	c. Leyfisgjald samkv. 29. gr. dýrtíðarl. 10240000		
	d. Söluskattur bifreiða samkv. 31. gr. 5000000		

2. gr.

		kr.	kr.
e. Vöruleyfisgjöld	3500000		
÷ kostnaður við viðskipta- og verðlagsmál	2100000		
	1400000		
		64 640 000	
			75 090 000
Samtals ...		. . .	211 940 000

3. gr.

Tekjur af rekstri ríkisstofnana eru áætlaðar:

	kr.	kr.
A.		
1. Rekstrarhagnaður landssímans	719 000	
2. — áfengisverzlunar	47 530 000	
3. — tóbakseinkasölu	20 047 000	
4. — ríkisútvarps	1 111 672	
5. — ríkisprentsmiðju	200 000	
6. — landssmiðju	24 000	
7. — trésmiðju	90 000	
8. — oliuflutningaskipsins Þyrils	600 000	
		70 321 672
÷ tap á rekstri Bessastaðabús		21 300
Samtals ...	. . .	70 300 372
Sundurliðun.		
1. Póstsjóður.		
I. Tekjur		6 850 000
II. Gjöld:		
1. Póststjórnarkostnaður	357 000	
2. Póststofan í Reykjavík	2 600 000	
3. Önnur pósthús	1 550 000	
4. Póstflutningar	1 950 000	
5. Önnur gjöld	389 000	
6. Fyrning	4 000	
		6 850 000
2. Landssiminn.		
I. Tekjur		19 460 000
II. Gjöld:		
a. Til notendasíma í sveitum að frádregnum stofngjöldum	800 000	

3. gr.

		kr.	kr.
b. Til starfrækslu landssímanna m. m.:			
1. Kostnaður af aðalskrifstofu landssímans	825000		
2. Ritsíminn í Reykjavík	2514000		
3. Loftskeytastöðin í Reykjavík	295000		
4. Stuttbylgjustöðin í Reykjavík	470000		
5. Bæjarsíminn í Reykjavík og Hafnarfirði að frádregnum stofngjöldum	3300000		
6. Áhaldahúsið	290000		
7. Ritsíminn á Akureyri	631000		
8. Ritsíminn á Seyðisfirði	300000		
9. Ritsímastöðin á Ísafirði	325000		
10. Símastöðin á Borðeyri	195000		
11. Símastöðin í Vestmannaeyjum	296000		
12. Símastöðin á Siglufirði	400000		
13. Til annarra símstöðva og eftirlitsstöðva	2300000		
		12 141 000	
c. Eyðublöð, prentkostnaður, ritföng m. m.		300 000	
d. Viðbót og viðhald stöðva		1 100 000	
e. Viðhald landssímanna		3 300 000	
f. Framhaldsgjald		190 000	
g. Ýmis gjöld		100 000	
h. Fyrning á húsum og áhöldum		330 000	
i. Vextir af lánum		480 000	
			18 741 000
Fært á 3. gr. A. 1		. . .	719 000
Eignabreytingar landssímans.			
Út.			
I. Afborganir af lánum og til húsakaupa			600 000
II. Til viðauka símakerfa, smærri efnis- og áhaldakaupa			500 000
III. Til talstöðva í báta og skip			150 000
IV. Til loftskeytastöðva í skip			100 000
V. Til stækkunar á sjálfvirku stöðinni í Reykjavík			500 000
VI. Til stuttbylgjusambands við Vestmannaeyjar			400 000
Fært á 20. gr. Út I. 2. og III.		. . .	2 250 000
3. Áfengisverzlun ríkisins.			
I. Tekjur (brúttó hagnaður)			51 790 000
II. Gjöld:			
1. a. Grunnlaun	391080		
b. Verðlagsuppbót	782160		
		1 173 240	
2. Kostnaður við áfengisútsölur		415 000	
3. Annar rekstrarkostnaður		671 760	
4. Útsvar		2 000 000	
			4 260 000
Fært á 3. gr. A. 2		. . .	47 530 000

3. gr.

		kr.	kr.
4. Tóbakseinkasala ríkisins.			
I. Tekjur (brúttó hagnaður)			22 070 000
II. Gjöld:			
a. Laun:			
1. Grunnlaun	180946		
2. Verðlagsuppbót	361892		
		542 838	
b. Annar rekstrarkostnaður		730 162	
c. Útsvar		750 000	
			2 023 000
Fært á 3. gr. A. 3		. . .	20 047 000
5. Ríkisútvarpið.			
I. Tekjur:			
a. Afnotagjöld		3 500 000	
b. Aðrar tekjur		700 000	
			4 200 000
II. Gjöld:			
a. Laun:			
1. Grunnlaun	430000		
2. Verðlagsuppbót	860000		
		1 290 000	
b. Útvarpsefni		900 000	
c. Skrifstofukostnaður		325 000	
d. Húsaleiga, ljós og hiti		130 000	
e. Til útvarpsstöðva		500 000	
f. Til hleðslustöðva, viðgerðaferða o. fl.		40 000	
g. Iðgjöld í Lífeyrissjóð og til Tryggingastofnunar ríkisins		85 000	
h. Óviss útgjöld		30 000	
i. Vextir		5 000	
j. Fyrning á húsum og vélum		85 000	
			3 390 000
			810 000
III. Rekstur viðtækjaverzlunar:			
a. Tekjur		600 000	
b. Gjöld:			
1. Laun:			
a. Grunnlaun	69600		
b. Verðlagsuppbót	139200		
	208800		
2. Annar kostnaður	109528		
		318 328	
			281 672

3. gr.

		kr.	kr.
IV. Rekstur viðgerðarstofu og viðtækjasmiðju:			
a. Tekjur		415 275	
b. Gjöld:			
1. Laun:			
a. Grunnlaun	70925		
b. Verðlagsuppbót	141850		
	212775		
2. Efni	110000		
3. Annar kostnaður	72500		
		395 275	
			20 000
Fært á 3. gr. A. 4		. . .	1 111 672
Eignabreytingar:			
Afborgun af láni til stækkunar			33 525
Fært á 20. gr. Út I. 2.		. . .	33 525
6. Ríkisprentsmiðjan Gutenberg.			
I. Tekjur (prentvinna)			2 100 000
II. Gjöld:			
1. a. Laun starfsmanna:			
1. Grunnlaun	49133		
2. Verðlagsuppbót	98266		
	147399		
b. Vinnulaun og aðkeypt vinna:			
1. Grunnlaun	360000		
2. Verðlagsuppbót	720000		
	1080000		
		1 227 399	
2. Efnivörur		410 000	
3. Vélarekstur og viðhald		60 000	
4. Annar kostnaður		172 601	
5. Fyrning		30 000	
			1 900 000
Fært á 3. gr. A. 5		. . .	200 000
7. Áburðarsala ríkisins.			
a. Laun:			
1. Grunnlaun	28745		
2. Verðlagsuppbót	57491		
	86236		
b. Annar kostnaður	193764		
		280 000	
÷ Tekjur af vörusölu og fasteignum		280 000	

3. gr.

		kr.	kr.
8. Grænmetisverzlun ríkisins.			
a. Laun:			
1. Grunnlaun	43118		
2. Verðlagsuppbót	86237		
	129355		
b. Annar kostnaður	200645		
		330 000	
÷ Tekjur af vörusölu og fasteignum		330 000	
9. Landssmiðjan.			
I. Tekjur (ágóði af seldri vinnu og vörum)			1 203 000
II. Gjöld:			
1. Laun starfsmanna:			
a. Grunnlaun	107070		
b. Verðlagsuppbót	214140		
		321 210	
2. Vextir		163 000	
3. Fyrning		315 000	
4. Annar kostnaður		379 790	
			1 179 000
Fært á 3. gr. A. 6		. . .	24 000
10. Trésmiðja ríkisins.			
I. Tekjur (ágóði af seldri vinnu og vörum)			730 000
II. Gjöld:			
1. Laun starfsmanna:			
a. Grunnlaun	155000		
b. Verðlagsuppbót	310000		
		465 000	
2. Vextir		25 000	
3. Ýmis kostnaður		75 000	
4. Fyrning		75 000	
			640 000
Fært á 3. gr. A. 7		. . .	90 000
Eignabreytingar:			
Afborganir af lánum			75 000
Fært á 20. gr. Út I. 2.		. . .	75 000
11. Tunnuverksmiðjur ríkisins.			
I. Tekjur			2 753 400
II. Gjöld:			
1. Laun stjórnar og fastra starfsmanna		51 500	
2. Skrifstofu-, ferða- og símakostnaður		50 000	
3. Efniskaup (tunnustafir og járn)		1 785 000	
4. Verkalaun		381 000	

3. gr.

	kr.	kr.
5. Geymslugjald og flutningur á efni og tunnum í geymsluhús	93 000	
6. Vextir	240 000	
7. Varasjóðstillag	144 000	
8. Rafmagn	8 900	
		2 753 400
12. Oliuflutningaskipið Þyrill.		
I. Tekjur (farmgjöld)		1 805 000
II. Gjöld:		
1. Laun og fæðiskostnaður skipshafnar	662 000	
2. Eldsneyti	85 000	
3. Vátryggingar	86 000	
4. Hafnargjöld, hafnsögugjöld, vatnsgjöld o. fl.	110 000	
5. Viðhald og endurbætur	120 000	
6. Annar kostnaður	142 000	
		1 205 000
Fært á 3. gr. A. 8	. . .	600 000
13. Ríkisbúið á Bessastöðum.		
I. Tekjur		90 000
II. Gjöld		111 300
Mismunur (halli)	. . .	21 300
B.		
Tekjur af fasteignum ríkissjóðs eru áætlaðar		10 000

4. gr.

Tekjur af verðbréfum, bankainnstæðum, hlutafjáreign o. fl.

	kr.	kr.
1. Vextir af veðdeildarbréfum Landsbanka Íslands		47 385
2. Vextir af stofnfé Landsbanka Íslands 6% af 3 millj.		180 000
3. Aðrir vextir		370 000
4. Arður af hlutafjáreign		367 070
Samtals	. . .	964 455

5. gr.

Óvissar tekjur eru áætlaðar 1 500 000 krónur.

II. KAFLI

Gjöld:

6. gr.

Árið 1949 eru veittar til gjalda fjárhæðir þær, sem tilgreindar eru í 7.—19. gr.

7. gr.

Vextir af lánum ríkissjóðs eru taldir:

	kr.	kr.
1. Innlend lán		3 127 574
2. Lán í dönskum krónum		201 733
3. Lán í dollurum		374 037
4. Lausaskuldir		3 600 000
Samtals ...	. . .	7 303 344

8. gr.

	kr.	kr.
Kostnaður við æðstu stjórn landsins		287 344

9. gr.

Til alþingiskostnaðar og yfirskoðunar ríkisreikninga er veitt:

	kr.	kr.
1. Til alþingiskostnaðar		2 300 000
2. Til yfirskoðunar ríkisreikninga		13 406
3. Fyrning á alþingishúsi (sjá 20. gr.)		2 170
Samtals ...	. . .	2 315 576

10. gr.

Til ríkisstjórnarinnar er veitt:

			kr.	kr.
I. Stjórnarráðið:				
1. Til ráðherra:				
a. Laun:				
1. Grunnlaun	90000			
2. Verðlagsuppbót	180000			
		270000		
b. Til risnu samkvæmt reikningi		25000		
c. 1. Húsaleiga forsætisráðherra	3000			
2. Húsaleiguuppbót	1260			
		4260		
			299 260	
2. Til ráðuneytanna:				
a. Atvinnumálaráðuneytið, laun:				
1. Grunnlaun	78825			
2. Verðlagsuppbót	157650			
		236475		
b. Dómsmálaráðuneytið, laun:				
1. Grunnlaun	84600			
2. Verðlagsuppbót	169200			
		253800		
c. Félagsmálaráðuneytið, laun:				
1. Grunnlaun	44750			
2. Verðlagsuppbót	89500			
		134250		
d. I. Fjármálaráðuneytið, laun:				
1. Grunnlaun	72475			
2. Verðlagsuppbót	144950			
		217425		
II. Endurskoðunardeild fjármálaráðuneytisins, laun:				
1. Grunnlaun	111690			
2. Verðlagsuppbót	223380			
		335070		
e. Forsætis- og menntamálaráðuneytið, laun:				
1. Grunnlaun	39225			
2. Verðlagsuppbót	78450			
3. Ríkisráð	9000			
4. Hin íslenzka fálkaorða ..	30000			
		156675		
f. Samgöngumálaráðuneytið, laun:				
1. Grunnlaun	21300			
2. Verðlagsuppbót	42600			
		63900		
g. Utanríkisráðuneytið, laun:				
1. Grunnlaun	105535			
2. Verðlagsuppbót	211070			
		316605		

10. gr.

			kr.	kr.
h. Viðskiptamálaráðuneytið, laun:				
1. Grunnlaun	26100			
2. Verðlagsuppbót	52200			
		78300		
i. Aðrir starfsmenn, laun:				
1. Grunnlaun	21570			
2. Verðlagsuppbót	43140			
		64710		
j. Annar kostnaður ráðuneytanna		300000		
			2 157 210	
3. Ríkisféhirzla og ríkisbókhald:				
a. Laun:				
1. Grunnlaun	122817			
2. Verðlagsuppbót	245634			
		368451		
b. Annar kostnaður		30000		
			398 451	
4. Ýmis kostnaður:				
a. Pappír, prentun og hefting ríkisreikninga (áætlað)		20000		
b. Til þess að gefa út stjórnartíðindi:				
1. Þóknun fyrir ritstjórn tíðindanna o. fl.	1200			
2. Til pappírs og prentunar (áætlað)	100000			
3. Til kostnaðar af sendingu með póstum	7000			
		108200		
c. Til umbóta og viðhalds á stjórnarráðshúsinu og ráðherrabústað		30000		
d. Fyrning á stjórnarráðshúsi og ráðherrabústað (sjá 20. gr.)		2046		
			160 246	
II. Hagstofan:				3 015 167
a. Laun:				
1. Grunnlaun		91392		
2. Verðlagsuppbót		182783		
			274 175	
b. Pappír, prentun og hefting hagskýrslna			60 000	
c. Prentun eyðublaða			6 000	
d. Húsaleiga, hiti og ljós			30 000	
e. Annar kostnaður			15 000	
				385 175
III. Utanríkismál:				
1. Sendiráðið í Kaupmannahöfn:				
a. Laun sendiherra og annarra starfsmanna skv. launalögum	27000			
b. Laun annarra starfsmanna utan launalaga	7300			
		34300		
c. Risna og staðaruppbót á laun		64200		
d. Annar kostnaður		23100		
			121 600	

10. gr.

			kr.	kr.
2.	Sendiráðið í Stokkhólmi:			
	a. Laun sendifulltrúa og annarra starfsmanna	15200		
	b. Laun starfsfólks utan launalaga	13000		
			28200	
	c. Risna og staðaruppbót á laun		63000	
	d. Annar kostnaður		31100	
				122 300
3.	Sendiráðið í London:			
	a. Laun sendiherra og annarra starfsmanna	41400		
	b. Laun starfsfólks utan launalaga	9500		
			50900	
	c. Risna og staðaruppbót á laun		144600	
	d. Annar kostnaður		68000	
				263 500
4.	Sendiráðið í Washington:			
	a. Laun sendiherra og annarra starfsmanna	21600		
	b. Laun starfsfólks utan launalaga	50900		
			72500	
	c. Risna og staðaruppbót á laun		103200	
	d. Annar kostnaður		44500	
				220 200
5.	Sendiráðið í Moskva:			
	a. Laun sendiráðsritara samkv. launalögum	9000		
	b. Laun starfsfólks utan launalaga	42000		
			51000	
	c. Risna og staðaruppbót á laun		132600	
	d. Annar kostnaður		62700	
				246 300
6.	Sendiráðið í París:			
	a. Laun sendiherra og annarra starfsmanna skv. launalögum	33200		
	b. Laun starfsfólks utan launalaga	5500		
			38700	
	c. Risna og staðaruppbót		185500	
	d. Annar kostnaður		31000	
				255 200
7.	Sendiráðið í Oslo:			
	a. Laun sendiherra og annarra starfsmanna skv. launalögum		25400	
	b. Risna og staðaruppbót á laun		74600	
	c. Annar kostnaður		17300	
Loftskeytamenn í Gufunesi og á Rjúpnahæð. Samgmrn. leitar umsagnar fjvn. um ágreining milli Landssímans og loftskeytamanna, er vinna í Gufunesi og á Rjúpnahæð, um það hvort sá tími, er fer í ferðalög til og frá vinnustað, skuli reiknast með vinnutíma eða ekki. — Bréf 28. febr. (Db. 516.)
Ludvig C. Magnússon, sjá Námsstyrkir 4.
Lúðrasveit Vestmannaeyja fer þess á leit, að henni verði veittur í fjárl. 1949 10 þús. kr. styrkur til starfsemi sinnar. — Bréf 6. nóv. (Db. 136.)
Lúðvík Jónsson, sjá Varahlutir til jeppabifreiða 4.
Lúðvík Jósefsson, 2. þm. S-M., sjá Eftirlaun og styrktarfé 22, Varaþingmenn 4.
Lýsismatið, sjá Tillögur.
Læknafélag Íslands, sjá Heilbrigðisnefndir og heilbrigðissamþykktir 1.
Læknaskipun á Norðurlöndum. Landlæknir sendir stutta greinargerð um læknaskipun, þar á meðal bæjarlæknaskipun, á Norðurlöndum, til athugunar í sambandi við fyrirhugaða breytingu á læknaskipun Reykjavíkur. — Bréf 9. maí. (Db. 756.)
Læknisvitjanasjóðir. Fjmrn. sendir erindi heilbrmrn., dags. 20. jan., um, að 30 þús. kr. verði veittar í fjárl. 1949 til læknisvitjanasjóða. — Bréf 31. jan. (Db. 387.)
Lög um verzlunarskrár, firmu og prókúruumboð, sjá Endurskoðun laga um hlutafélög.
Lögberg, sjá Vesturheimsblaðið Lögberg.
Lögbinding vísitölunnar, sjá Afnám lögbindingar vísitölunnar.
Löggildingarstofan, sjá Tillögur.

Lögmannafélag Íslands, sjá Kyrrsetning og lögbann 2.
Lögreglustjórar utan Reykjavíkur, sjá Tillögur.
Lögreglustjórinn í Reykjavík. Lögreglustjórinn sendir yfirlit um skrifstofukostnað embættis síns árið 1948. — Bréflaust. (Db. 499.) — Sjá einnig: Meðferð opinberra mála 3, Tillögur.

Marshall-aðstoðin. Forsrn. fer þess á leit, að forseti Sþ. taki á dagskrá, í upphafi þings eða svo fljótt sem verða má, skýrslu ríkisstjórnarinnar um Marshall-aðstoðina. — Bréf 8. okt. (Db. 30.)
Matsveina- og veitingaþjónafélag Íslands, sjá Matsveina- og veitingaþjónaskóli Íslands.
Matsveina- og veitingaþjónaskóli Íslands. Matsveina- og veitingaþjónafélag Íslands skorar á Alþingi að veita 350 þús. kr. í fjárl. fyrir árið 1949 til matsveina- og veitingaþjónaskóla Íslands. — Bréf 23. febr. (Db. 496.)
Matthías Einarsson, sjá Eftirlaun og styrktarfé 9—10.
Matthías Jónasson, sjá: Greindarpróf, Uppeldisfræðirannsóknir.
Matvælaeftirlitið. Dómsmrn. sendir skýrslu um matvælaeftirlitið. — Bréf 14. febr. (Db. 843.) — Sjá einnig Tillögur.
Málarameistarafélag Reykjavíkur, sjá Iðnfræðsla 4.
Málarasveinafélag Reykjavíkur, sjá Atlantshafsbandalagið 10.
Málleysingjaskólinn, sjá Tillögur.
Málshöfðunarleyfi gegn þingmanni. Einar Ól. Sveinsson, prófessor, Gylfi Þ. Gíslason, 4. þm. Reykv., Pálmi Hannesson, rektor, Klemenz Tryggvason, hagfræðingur, og séra Sigurbjörn Einarsson fara fram á, að neðri deild Alþingis heimili þeim að höfða mál á hendur Ólafi Thors, þm. G-K., út af ummælum í þingræðu. — Bréf 6. apríl. (Db. 683.)
Málverkakaup.
1. Menntmrn. sendir bréf frá Ólafi Þorgrímssyni, hæstaréttarlögmanni, dags. 29. des., þar sem boðin eru til sölu nokkur málverk fyrir samtals kr. 237700.00 kr. — Bréf 2. marz. (Db. 529.)
2. Ólafur Þorgrímsson, hrl., fer þess á leit, að fjárveitinganefndarmenn skoði nokkur fræg erlend málverk, sem Sigurður Benediktsson blaðamaður hefur falið honum að bjóða ríkinu til kaups. — Bréf 5. febr. (Db. 789.)

Málverkasafn ríkisins. Félag ísl. myndlistarmanna viðurkennir að hafa fengið að láni hjá málverkasafni ríkisins þrjú landslagsmálverk eftir Jóhannes S. Kjarval. — Bréf 21. apríl. (Db. 707.)
Meðferð opinberra mála.
1. Dómsmrn. sendir áætlun um kostnað, er leiða mundi af samþykkt frv. til l. um meðferð opinberra mála. — Bréf 9. marz. (Db. 554.)
2. Umsögn félags héraðsdómara um sama frv. — Bréf 23. nóv. (Db. 776.)
3. Umsögn lögreglustjórans í Reykjavík um sama frv. — Bréf 11. marz. (Db. 562.)

Meðlög með setuliðsbörnum. Félmrn. leggur til, að í fjárl. 1949 verði fjárveiting til greiðslu meðlaga með setuliðsbörnum hækkuð í 750000.00 kr. — Bréf 19. apríl. (Db. 692.)
Meinert, Maria Anna Elise, sjá Ríkisborgararéttur.
Menningarsjóður. Tónskáldafélag Íslands leggur til, að lögum um Menningarsjóð verði breytt þannig, að Menningarsjóður styðji ekki eingöngu bókmenntir, fræðimennsku og myndlist, heldur einnig jöfnum höndum tónlist. — Bréf 7. des. (Db. 256.)
Menningarsjóður blaðamannafélagsins. Blaðamannafélag Íslands skorar á Alþingi: 1) að veita í fjárl. fyrir árið 1949 til Menningarsjóðs blaðamannafélagsins eigi lægri upphæð en undanfarin ár og 2) að lækka ekki listamannalaun úr þeirri fjárhæð, sem veitt er í því skyni á frv. til fjárl. fyrir árið 1949. — Bréf 28. marz. (Db. 674.)

Menntamálaráð Íslands, sjá: Námsstyrkir 5—6, Tillögur, Vísinda- og fræðimannastyrkir.
Menntamálaráðuneytið, sjá: Bókasafn að Vífilsstöðum, Bókasöfn og lesstofur, Friðun fugla 1, Greindarpróf, Handíða- og myndlistarskólinn, Iðnskólar 3, Kennslukvikmyndasafn ríkisins, Landsbókasafn 2—3, Leikfélag Akureyrar 2, Listamannalaun 3, Málverkakaup 1, Menntaskólar 2, Náttúrugripasafnið 1, Rannsóknarstöðin að Elliðahvammi, Sjóminjasafn 1, Skáksamband Íslands, Tillögur, Tónlistarskólinn í Reykjavík, Vatnsendastöðin, Þjóðleikhúsið, Örorkubætur til Gunnars Kristins Guðmundssonar.
Menntaskólar.
1. Hannibal Valdimarsson, 3. landsk. þm., sendir áskorun til Alþingis frá 60 alþingiskjósendum á Ísafirði um að samþykkja frumvarp hans og Páls Zóphóníassonar, 1. þm. N-M., um breyt. á l. nr. 58 1946, um menntaskóla. — Bréflaust. (Db. 199.)
2. Menntmrn. sendir umsagnir skólamálanefndar um frv. til l. um breyt. á l. nr. 58 7. maí 1946, um menntaskóla, á þskj. 60, og frv. á þskj. 302, um breyt. á sömu l. Menntmrn. leggur til, að frv. á þskj. 302 verði fellt. — Bréf 30. marz. (Db. 657.)
3. Sýslumaðurinn í Ísafjarðarsýslu sendir ályktun sýslunefndar N.-Ísafjarðarsýslu, þar sem skorað er á Alþingi að setja á yfirstandandi þingi lög um menntaskóla fyrir Vestfirði á Ísafirði. — Bréf 19. okt. (Db. 75.)

Menntaskólinn á Akureyri, sjá: Gagnfræðadeild Menntaskólans á Akureyri, Heimavistarhús Menntaskólans á Akureyri, Tillögur.
Menntaskólinn í Reykjavík, sjá Tillögur.
Meyer, Gerhard Paul Wilhelm, sjá Ríkisborgararéttur.
Mjólkurbú Flóamanna, sjá Vegamál 7.
Montanus, Gísli Ólafsson, sjá Ríkisborgararéttur.
Mortensen, Jens Victor Ludvig, sjá Ríkisborgararéttur.
Mótoristafélag Íslands, sjá Atvinna við siglingar 1.
Mótorrafstöðvar. Sýslumaður N-Múlasýslu sendir ályktun sýslunefndar, þar sem skorað er á Alþingi að breyta raforkulögunum þannig, að lán verði veitt til mótorrafstöðva með eigi lakari skilmálum en nú er um vatnsaflsstöðvar. — Bréf 19. apríl. (Db. 730.) — Sjá einnig Raforkulög.
Mótorvélstjórafélag Íslands, sjá Atvinna við siglingar 3, 5.
Múrarafélag Reykjavíkur, sjá Hlutfallskosinngar í verkalýðsfélögum 4.
Myndir í fornritin. Þórarinn Helgason beinir því til fjvn., að hún beiti sér fyrir því, að Ásgrímur Jónsson listmálari verði ráðinn í þjónustu ríkisins til þess að gera myndir í fornritin, og að fé verði veitt í fjárl. í því skyni. — Bréf 1. apríl. (Db. 648.)
Myndlistarskóli félags íslenzkra fristundamálara. Félag ísl. fristundamálara skorar á Alþingi að veita því 25 þús. kr. styrk úr ríkissjóði vegna myndlistarskóla félagsins. — Bréf 2. des. (Db. 290.)

Nautgriparækt í Þerney. Atvmrn. sendir bréf tilraunaráðs, dags. 13. nóv. s. l., um heimild fyrir Samband ísl. samvinnufélaga til að rækta holdanautgripi í Þerney við Reykjavík. — Bréf 29. apríl. (Db. 732.)
Námsbókagjald. Fjmrn. skýrir frá því, að undanfarin ár hafi námsbókagjald hvergi nærri staðið undir kostnaði við ríkisútgáfu námsbóka. — Bréf 8. febr. (Db.407.)
Námskeið bifreiðarstjóra, sjá Próf bifreiðarstjóra.
Námsstyrkir.
1. Fjmrn. sendir bréf frá Elíasi Eyvindssyni, dags. 10. sept., um styrk til framhaldsnáms í svæfingum. — Bréf 8. nóv. (Db. 119.)
2. Helgi Pálsson fer þess á leit, að Gerði dóttur hans verði veittur allt að 8 þús. kr. styrkur til framhaldsnáms í höggmyndalist. — Bréf 13. nóv. (Db. 134.)

3. Ingibjörg Guðmundsdóttir fer þess á leit, að Guðmundi Elíassyni verði í fjárl. fyrir árið 1949 veittur 8 þús. kr. styrkur til framhaldsnáms í höggmyndalist. — Bréf 12. febr. (Db. 434.)
4. Ludvig C. Magnússon fer þess á leit, að Guðrúnu Á. Simonar söngkonu verði veittur 10 þús. kr. styrkur í fjárl. 1949 til framhaldsnáms í Englandi og á Ítalíu. — Bréf 30. nóv. (Db. 226.)
5. Menntamálaráð Íslands fer fram á, að 400—450 þús. kr. verði veittar í fjárl. fyrir árið 1949 til námsmanna erlendis. — Bréf 5. marz. (Db. 666.)
6. Menntamálaráð Íslands fer þess á leit, að fjárveiting til námsstyrkja verði í fjárl. 1949 hækkuð úr 300 þús. kr. í 400—450 þús. kr. — Bréf 4. febr. (Db. 399.)
7. Páll S. Pálsson fer þess á leit, að bróður hans, Hermanni Pálssyni, verði veittur 11 þús. kr. styrkur í fjárl. 1949 til náms í keltneskum fræðum á Írlandi. — Bréf 8. febr. (Db. 478.)
8. Sigursveinn D. Kristinsson fer þess á leit, að honum verði í fjárl. 1949 veittar kr. 6000.00 til tónlistarnáms. — Bréf 2. febr. (Db. 797.)

Náttúrufriðun, sjá Friðun fugla.
Náttúrugripasafnið.
1. Menntmrn. leggur til, að 14400.00 kr. verði veittar í fjárl. fyrir árið 1949 til þess að líma upp grasasöfn í Náttúrugripasafninu. Bréf 31. marz. (Db. 686.)
2. Náttúrugripasafnið fer fram á, að fjárv. til safnsins verði í fjárl. 1949 hækkuð í 162400.00 kr. — Bréf 17. nóv. (Db. 177.)

— Sjá einnig Tillögur.
Nemendur söngskóla þjóðkirkjunnar, sjá Söngskóli þjóðkirkjunnar 18.
Norðri, sjá Flóabátaferðir 1—4.
Norræn garðyrkjusýning. Garðyrkjufélag Íslands fer þess á leit, að félaginu verði veittur 30 þús. kr. styrkur úr ríkissjóði til þess að taka þátt í norrænni garðyrkjusýningu, er halda á í Finnlandi næsta haust. — Bréf 9. des. (Db. 278.)
Norrænt stúdentamót. Undirbúningsnefnd norræns stúdentamóts fer þess á leit, að 15 þús. kr. verði veittar í fjárl. fyrir árið 1949 vegna fyrirhugaðs norræns stúdentamóts í Reykjavík á árinu 1949. — Bréf 23. nóv. (Db. 187.)
Norrænt söngmót í Kaupmannahöfn. Tónlistarfélagskórinn sækir um 25 þús. kr. styrk úr ríkissjóði vegna þátttöku í norrænu söngmóti í Kaupmannahöfn á s. l. sumri. — Bréf 9. febr. (Db. 460.)
Norrænt yrkisskólaþing, sjá Yrkisskólaþing.
Norska Snorranefndin, sjá Snorrastyttan í Bergen.
Notendasímar í Fljótum, sjá Vegamál 13.
Nóbelsverðlaun. Nóbelsverðlaunanefnd norska þingsins skrifar um veitingu Nóbelsverðlauna árið 1949. — Bréf 13. sept. (Db. 35.)
Ný orkuver og nýjar orkuveitur, sjá Orkuver og orkuveitur.
Nýbýlastjórn ríkisins, sjá Tillögur.

Oddur Valentínusson, sjá Aðstoðarmaður leiðsögumanns.
Oddviti Bessastaðahrepps, sjá Sjóvarnargarður á Álftanesi 3.
Oddviti Fáskrúðsfjarðarhrepps, sjá Vegamál 6.
Oddviti Grýtubakkahrepps fer þess á leit, að 47 þús. kr. verði veittar í fjárl. fyrir árið 1949 til lagningar talsíma frá Grenivík að Svínárnesi í Grýtubakkahreppi. — Bréf 3. febr. (Db. 402.) — Sjá einnig Slysavarnafélag Íslands.
Oddviti Hofsóshrepps, sjá Hafnargerðir og lendingarbætur 12.
Oddviti Ljósavatnshrepps, sjá Vegamál 5.
Oddviti Patrekshrepps, sjá Elliheimilið á Patreksfirði 1.
Oddviti Reykjarfjarðarhrepps, sjá Vegalög 1.
Oddviti Stokkseyrarhrepps, sjá: Dýralækningar, Sjóvarnargarður á Stokkseyri.
Oddviti Stykkishólmshrepps, sjá Vatnsveita Stykkishólmshrepps 1—2, 4.

Olíusamlag útvegsmanna í Neskaupstað, sjá Aðstoð við bátaútveginn 1.
Olíuskipið Þyrill, sjá Tillögur.
Opinber aðstoð við íbúðarhúsabyggingar, sjá Bygging íbúðarhúsa, Lán til bygginga íbúðarhúsa, Útrýming heilsuspillandi húsnæðis.
Opinberir starfsmenn, sjá: Launamál opinberra starfsmanna 3, Launaskrár starfsmanna ríkisins.
Orðabókarnefnd, sjá Íslenzk orðabók.
Orka h/f, sjá Innflutningur landbúnaðarvéla 6.
Orkuver og orkuveitur.
1. Atvmrn. sendir fjhn. Nd. frv. til l. um ný orkuver og nýjar orkuveitur rafmagnsveitna ríkisins og fer fram á, að nefndin flytji það á yfirstandandi þingi. — Bréf 11. marz. (Db. 565.)
2. Atvmrn. sendir útdrátt úr fundargerð raforkuráðs um sama frv. — Bréflaust. (Db. 741.)
3. Umsögn raforkumálastjóra um sama frv. — Bréf 16. maí (Db. 770.)

Orlof. Umsögn póst- og símamálastjórnarinnar um frv. til l. um breyt. á l. nr. 16 26. febr. 1943, um orlof. — Bréf 6. maí. (Db. 750.)
Ólafsfjarðarvegur, sjá Vegamál 13.
Ólafur Þorgrímsson, sjá Málverkakaup 1—2.
Óskar Lárusson, sjá Flóabátaferðir 5.

Páll Ísólfsson, sjá Eftirlaun og styrktarfé 7.
Páll S. Pálsson, sjá Námsstyrkir 7.
Páll Zóphóníasson, 1. þm. N-M., sjá Menntaskólar.
Páll Þorsteinsson, þm. A-Sk., sjá: Flóabátaferðir 6, Fyrirhleðsla í Jökulsá í Lóni, Skömmtun 3, Söngskóli þjóðkirkjunnar 13, Vegamál 21.
Pálmi Hannesson, sjá Málshöfðunarleyfi gegn þingmanni.
Pétur Jónatansson, sjá Vegamál 27.
Pétur Ottesen, þm. Borgf., sjá: Áfengisbann, Radíomiðunarstöð á Akranesi, Útrýming minka.
Philip, Sigurlaug Guðmundsdóttir, sjá Ríkisborgararéttur.
Pouline, Anne, sjá Ríkisborgararéttur.
Póstmannafélag Íslands, sjá Launamál opinberra starfsmanna 5.
Póst- og símahús í Hrútafirði. Póst- og símamálastjóri gerir grein fyrir hagnaðinum við að hraða byggingu fyrirhugaðs póst- og símahúss í Hrútafirði. — Bréf 1. marz. (Db. 523.)
Póst- og símamálastjóri. Póst- og símamálastjóri leggur til, að í fjárl. fyrir árið 1949 verði bætt nýjum gjaldalið hjá símanum, almannatryggingar, iðgjald kr. 220000.00. — Bréf 21. marz. (Db. 588.) — Sjá einnig: Eftirlaun og styrktarfé 5, 8, 19, 21, Landssíminn, Orlof, Póst- og símahús í Hrútafirði, Sérleyfisbifreiðar póststjórnarinnar 2—5, Tillögur.
Prentmyndasmiðafélag Íslands, sjá Atlantshafsbandalagið 10.
Prestafélag Íslands, sjá Byggingar á prestssetrum 7.
Prestssetur, sjá: Byggingar á prestssetrum, Jarðræktarframkvæmdir á prestssetrum.
Próf bifreiðarstjóra. Dómsmrn. sendir fjvn. til umsagnar erindi vegamálastjóra, dags. 5. nóv., ásamt fylgiskjölum, um leigu á húsnæði fyrir námskeið bifreiðarstjóra til meira prófs. — Bréf 25. nóv. (Db. 198.)

Radíomiðunarstöð á Akranesi. Samgmrn. sendir erindi Péturs Ottesens, þm. Borgf., dags. 30. nóv., þar sem farið er fram á, að 30 þús. kr. verði veittar úr ríkissjóði til starfrækslu á radíomiðunarstöð á Akranesi á árinu 1949. — Bréf 5. jan. (Db. 336.)
Rafmagn í Haganeshrepp, sjá Vegamál 13.
Rafmagn í Holtshrepp, sjá Vegamál 13.

Rafmagnsheimilistæki. Raforkumálastjóri sendir ályktun raforkuráðs, þar sem talið er óeðlilegt að leggja aukaskatt á rafmagnsheimilistæki, sem nauðsynleg verði að teljast og ekki eru framleidd í landinu, eins og gert sé með lögum um dýrtíðarráðstafanir vegna atvinnuveganna. — Bréf 12. jan. (Db. 342.)

Rafmagnsmál, sjá: Fljótaárvirkjun, Mótorrafstöðvar, Orkuver og orkuveitur, Rafmagnsheimilistæki, Rafmagnsmál á Vestfjörðum, Rafmagnsmál í A.-Landeyjum, Rafmagnsmál í V.-Landeyjum, Rafmagnsveitur á Reykjanesi, Rafmagnsveitur í Skagafirði, Rafmagnsveitur ríkisins, Raforkulög, Raforkumálastjóri, Vatnsréttindi í Dynjandisá, Vegamál 13.

Rafmagnsmál á Vestfjörðum. Sýslumaðurinn í Ísafjarðarsýslu sendir ályktun sýslunefndar V.-Ísafjarðarsýslu, þar sem skorað er á Alþingi að leysa sem fyrst og á sem hagkvæmastan hátt úr raforkuþörf byggðarlaga á Vestfjörðum. — Bréf 9. maí. (Db. 767.)

Rafmagnsmál í A.-Landeyjum. Þingmenn Rang. senda ályktun hreppsnefndar A.-Landeyjahrepps, þar sem skorað er á Alþingi að hlutast til um, að lögð verði háspennulína í hreppinn frá Sogsveitunni. — Bréflaust. (Db. 282.)

Rafmagnsmál í V.-Landeyjum. Þingmenn Rang. senda ályktun hreppsnefndar V.-Landeyjahrepps um rafmagnsmál, símamál og vegamál. — Bréflaust. (Db. 279.)

Rafmagnsstjóri, sjá Vatnsréttindi í Dynjandisá 1.

Rafmagnsveitur á Reykjanesi. Raforkumálastjóri sendir bréf rafmagnsveitustjóra ríkisins, dags. 1. marz, um skuldir rafmagnsveitnanna á Reykjanesi. — Bréf 1. marz. (Db. 824.)

Rafmagnsveitur í Skagafirði. Þingmenn Skagfirðinga senda ályktun hreppsnefndar og skólanefndar Lýtingsstaðahrepps, þar sem skorað er á Alþingi að hlutast til um, að fyrirhuguð raflína frá Sauðárkróki að Varmahlíð verði tengd við raflínu þá, sem lögð hefur verið á milli Skíðastaða og Steinsstaða, og að lögð verði aukalína að Mælifelli. — Bréflaust. (Db. 582.)

Rafmagnsveitur ríkisins.

1. Rafmagnsveitur ríkisins senda sundurliðun á rekstrarkostnaði rafmagnsveitna og greinargerð um raforkusölu. — Bréf 4. marz. (Db. 538.)
2. Rafmagnsveitustjóri ríkisins skrifar um fjárveitingu til rafmagnsveitna ríkisins í fjárl. fyrir árið 1949. — Bréf 3. marz. (Db. 832.)
3. Raforkumálastjóri sendir rekstraráætlun rafmagnsveitna ríkisins fyrir árið 1949 og bréf rafmagnsveitustjóra ríkisins, dags. 28. febr., um hana. — Bréf 28. febr. (Db. 823.)

— Sjá einnig Orkuver og orkuveitur.

Rafmagnsveitustjóri, sjá: Rafmagnsveitur á Reykjanesi, Rafmagnsveitur ríkisins 2.

Rafmagnsverð, sjá Raforkulög 3.

Raforkulög.

1. Raforkumálastjóri sendir brtt. raforkuráðs við frv. til l. um breyt. á raforkulögum, nr. 12 2. apríl 1946. — Bréf 29. apríl. (Db. 740.)
2. Stjórn Búnaðarsambands Snæfellsness- og Hnappadalssýslu skorar á Alþingi að samþykkja frv. Þorsteins Þorsteinssonar, 1. þm. Dal., um breyt. á raforkulögum, nr. 12 1946, um að styrkja kaup mótorrafstöðva til heimilisnota. — Bréf 8. febr. (Db. 450.)
3. Sýslumaðurinn í Ísafjarðarsýslu sendir ályktun sýslunefndar N.-Ísafjarðarsýslu, þar sem skorað er á Alþingi að breyta raforkulögunum þannig: 1) að ríkið greiði helming og láni 85% af hinum helmingi stofnkostnaðar héraðsrafmagnsveitna, 2) að ríkið reki ríkis- og héraðsrafmagnsveitur, og 3) að hver kílówattstund verði seld á sama verði alls staðar á landinu. — Bréf 19. okt. (Db. 73.)
4. Sýslunefnd N.-Ísafjarðarsýslu skorar á Alþingi að samþykkja brtt. búnaðarþings um breyt. á raforkulögum, nr. 12 2. apríl 1946. — Bréf 29. apríl. (Db. 738.)

5. Umsögn búnaðarþings um frv. til l. um breyt. á raforkulögum, nr. 12 2. apríl 1946. — Bréf 1. marz. (Db. 519.)
6. Umsögn raforkuráðs um sama frv. — Bréf 21. febr. (Db. 483.)
— Sjá einnig Mótorrafstöðvar.

Raforkumálastjóri.
1. Atvmrn. sendir bráðabirgðarekstrarreikning aðalskrifstofu raforkumálastjóra og áætlunar- og mælingadeildar. — Bréflaust. (Db. 822.)
2. Raforkumálastjóri sendir ársreikning raforkumála fyrir árið 1947. — Bréf 29. sept. (Db. 28.)
3. Raforkumálastjóri sendir greinargerð um fjárhagsáætlun fyrir árið 1949 til undirbúnings, rannsókna og áætlana um nýjar virkjanir og raforkuframkvæmdir. — Bréf 7. marz. (Db. 550.)
4. Raforkumálastjóri sendir yfirlit yfir veitur, sem þegar hefur verið samþykkt að leggja, fjárþörf þeirra og fjárveitingar til þeirra úr ríkissjóði, svo og tillögu um fjárveitingu til nýrra héraðsrafmagnsveitna ríkisins. — Bréf 11. nóv. (Db. 821.)
— Sjá einnig: Orkuver og orkuveitur 3, Rafmagnsheimilistæki, Rafmagnsveitur á Reykjanesi, Rafmagnsveitur ríkisins 3, Raforkulög 1, Tillögur, Vatnsréttindi í Dynjandisá 1—2.

Raforkuráð, sjá: Orkuver og orkuveitur, Rafmagnsheimilistæki, Raforkulög 1, 6.
Raforkuþörf byggðarlaga á Vestfjörðum, sjá Rafmagnsmál á Vestfjörðum.
Rafveita Siglufjarðar, sjá Fljótaárvirkjun.
Ragnheiður Magnúsdóttir, sjá Eftirlaun og styrktarfé 20.
Rannsóknaráð ríkisins, sjá Atvinnudeild háskólans 2, Búnaðardeild atvinnudeildar háskólans.
Rannsóknarstofa háskólans, sjá Tillögur.

Rannsóknarstöðin að Elliðahvammi. Menntmrn. leggur til, að 200 þús. kr. verði veittar í fjárl. 1949 til þess að auka húsakost rannsóknarstöðvarinnar í Elliðahvammi, svo að unnt verði að hafa þar hæli fyrir stúlkur, sem lent hafa á glapstigum. — Bréf 27. jan. (Db. 375.) — Sjá einnig Tillögur.

Rannsóknir á biksteini. Fjmrn. sendir fjvn. bréf atvmrn., dags. 23. okt., þar sem farið er fram á, að 23 þús. kr. verði veittar í fjárl. fyrir árið 1949 til rannsókna á biksteini. — Bréf 4. nóv. (Db. 103.)

Rannveig Fannhvít Þorgeirsdóttir, sjá Ríkisborgararéttur.
Rasmussen, Birna Halldórsdóttir Melsted, sjá Ríkisborgararéttur.
Rasmussen, Olgeir Möller, sjá Ríkisborgararéttur.

Ráðsfundur þingmannasambands Norðurlanda.
1. Utanrrn. fer fram á, að sendiráðinu í Stokkhólmi verði endurgreiddur ferðakostnaður, 200.00 sænskar kr., Jakobs Möllers, sendiherra, vegna ráðsfundar þingmannasambands Norðurlanda. — Bréf 20. apríl. (Db. 717.)
2. Utanrrn. fer fram á, að sendiráðunum í Stokkhólmi og Kaupmannahöfn verði endurgreiddur ferðakostnaður, 200.00 kr. sænskar og 145.54 kr. danskar, Jakobs Möllers, sendiherra, vegna ráðsfundar þingmannasambands Norðurlanda. — Bréf 26. apríl. (Db. 718.)

Rektor háskólans, sjá Háskóli Íslands 2.
Reykhólasveit, sjá Vegamál 12.

Réttindi Íslendinga á Grænlandi. Aðalfundur landssambands ísl. útvegsmanna skorar á Alþingi og ríkisstjórn að gera gangskör að því, að viðurkenndur verði réttur Íslendinga til atvinnurekstrar á Grænlandi. — Bréf 4. nóv. (Db. 113.)

Réttindi kvenna.
1. Kvenfélag Alþýðuflokksins skorar á Alþingi að samþykkja frv. Hannibals Valdimarssonar, 3. landsk. þm., um réttindi kvenna. — Bréf 22. apríl. (Db. 727.)
2. Kvenréttindafélag Íslands skorar á Alþingi að samþykkja sama frv. — Bréf ódags. (Db. 726.)

3. Verkakvennafélagið Brynja á Seyðisfirði skorar á Alþingi að samþykkja sama frv. — Bréf 20. apríl. (Db. 733.)
4. Verkakvennafélagið Framsókn skorar á Alþingi að samþykkja sama frv. — Bréf 2. apríl. (Db. 663.)

Réttindi og skyldur opinberra starfsmanna, sjá Launamál opinberra starfsmanna 6.

Rit Jóns Dúasonar. Dr. Jón Dúason fer þess á leit, að 25 þús. kr. verði veittar í fjárl. fyrir árið 1949 til þess að þýða rit hans, Réttarstöðu Grænlands og Landkönnun og landnám Íslendinga í Vesturheimi, á enska tungu. — Bréf 22. nóv. (Db. 184.)

Ríkisbifreiðar. Fjmrn. sendir sundurliðun á kostnaði við ríkisbifreiðar árið 1948. — Bréflaust. (Db. 837.)

Ríkisborgararéttur. Umsóknir um íslenzkan ríkisborgararétt frá: Aadnegård, Ola Olsen (Db. 665); Bender, Carl Christian (Db. 55); Benske, Sesselju Guðmundsdóttur (Db. 396); Billich, Carl (Db. 107); Blumenstein, Kurt Karl Andreas (Db. 107); Christiansen, Erik (Db. 236); Cyrillu, Maríu (Db. 78); Edelstein, Heinz Theodor (Db. 107); Edelstein, Stefan Emanuel (Db. 107); Edelstein, Wolfgang Michael (Db. 107); Elise, Maríu (Db. 55); Emerentiu, Maríu (Db. 55); Friedlaender, Heinz Karl (Db. 452—453); Gabriellu, Maríu (Db. 55); Gjoveraa, Frederik Sofus (Db. 433); Hansen, Aage (Db. 107, 142, 233); Haubold, Elise Margarethe Johanna (Db. 571); Haubold, Richard Hans Werner (Db. 571); Helland, Knut Knutson (Db. 320); Hirst, Karl Heinrich Max Moritz (Db. 107); Holm, Boye Thomsen (Db. 107); Hüter, Margarethe Justine Anna Elisabeth (Db. 854); Johannesen, Marie (Db. 446); Johansen, Aage Boyum (Db. 373); Julittu, Mariu (Db. 55); Meinert, Maria Anna Elise (Db. 241); Meyer, Gerhard Paul Wilhelm (Db. 107); Montanus, Gísla Ólafssyni (Db. 107); Mortensen, Jens Victor Ludvig (Db. 107); Philip, Sigurlaugu Guðmundsdóttur (Db. 276); Pouline, Anne (Db. 55); Rannveigu Fannhvít Þorgeirsdóttur (Db. 722); Rasmussen, Birnu Halldórsdóttur Melsted (Db. 66); Rasmussen, Olgeir Möller (Db. 66); Schrader, Harry Wilhelm (Db. 37, 780); Stangeland, Arne (Db. 396); Súsönnu Þórðardóttur (Db. 107); Svenson, Karl Johann Heinrich (Db. 722); Ulrich, Bertha Emma (Db. 107); Urbantschitsch, Peter Paul Martin (Db. 107); Urbantschitsch, Victor Ernst Johann (Db. 107); Versteeg, Nönnu Nagtglas (Db. 107); Vobbe, Friðbjörgu Júlíusdóttur (Db. 107); Vobbe, Rasmus Henriksen (Db. 107).

Ríkisbókhaldið, sjá Innheimtar ríkissjóðstekjur.

Ríkisféhirðir sendir lista yfir störf starfsmanna á skrifstofu ríkisféhirðis. — Bréflaust. (Db. 827.) — Sjá einnig Tillögur.

Ríkisprentsmiðjan Gutenberg, sjá Tillögur.

Ríkisráð, sjá Æðsta stjórn landsins.

Ríkisskattanefnd, sjá Tillögur.

Ríkisspítalarnir. Ríkisspítalarnir senda samanburð á áætluðum rekstrarhalla sjúkrahúsanna að Vífilsstöðum og Kristnesi. — Bréflaust. (Db. 818.) — Sjá einnig: Fávitahæli, Fæðingardeild Landsspítalans, Kleppsbúið, Tillögur.

Ríkisútvarpið.

1. Athugasemdir útvarpsstjóra við brtt. meiri hl. fjvn. varðandi fjárhagsáætlun Ríkisútvarpsins árið 1949. — Bréf 19. marz. (Db. 608).
2. Ríkisútvarpið sendir lauslegt yfirlit um fyrirhugaðar endurbætur útvarpsstöðvanna hér á landi. — Bréf 18. nóv. (Db. 806.)
3. Ríkisútvarpið sendir skrá yfir laun starfsmanna útvarpsins árið 1947 og 1. jan. — 30. sept. 1948. — Bréflaust. (Db. 807.)
4. Tillögur sparnaðarnefndar varðandi Ríkisútvarpið. — Bréflaust. (Db. 810.)
5. Umsögn útvarpsráðs um lækkun áætlunar um dagskrárfé árið 1949 og raunverulegs dagskrárkostnaðar með ráðstöfunum um sparnað. — Bréf 8. marz. (Db. 557.)

6. Útvarpsstjóri gerir grein fyrir leigu húsnæðis á Klapparstíg 26 fyrir fréttastofu Ríkisútvarpsins. — Bréf 18. nóv. (Db. 803.)
7. Útvarpsstjóri gerir grein fyrir ráðningu tónlistarráðunautar, Jóns Þórarinssonar, við Ríkisútvarpið. — Bréf 17. nóv. (Db. 802.)
8. Útvarpsstjóri sendir afrit af bréfi skrifstofustjóra útvarpsráðs, dags. 7. ág., um tilboð af hálfu útvarpsins um greiðslu fyrir tónlist. — Bréflaust. (Db. 836.)
9. Útvarpsstjóri sendir afrit af bréfi skrifstofustjóra útvarpsráðs, dags. 23. okt., um tilboð af hálfu útvarpsins um greiðslu fyrir tónlist. — Bréflaust. (Db. 829.)
10. Útvarpsstjóri sendir greinargerð um útvarpskórinn. — Bréf 18. nóv. (Db. 805.)
11. Útvarpsstjóri sendir greinargerð um yfirvinnu starfsmanna við Ríkisútvarpið árið 1947. — Bréf 18. nóv. (Db. 808.)
12. Útvarpsstjóri sendir yfirlit um greiðslur í framkvæmdasjóð Ríkisútvarpsins frá Viðtækjaverzlun ríkisins á árunum 1947 og 1948. — Bréf 18. nóv. (Db. 804.)
13. Útvarpsstjóri svarar tillögum sparnaðarnefndar um framlög úr ríkissjóði til Ríkisútvarpsins. — Bréf 15. febr. (Db. 795.)
14. Útvarpsstjóri svarar tillögum sparnaðarnefndar um rekstur Ríkisútvarpsins árið 1949. — Bréf 15. febr. (Db. 809.)

— Sjá einnig: Tillögur, Vatnsendastöðin.

Rímnafélagið, sjá Útgáfustarfsemi rímnafélagsins.

Rýmkun landhelginnar, sjá Farmanna- og fiskimannasamband Íslands.

Ræktunarframkvæmdir á nýbýlum. Aðalfundur stéttarsambands bænda, er haldinn var að Reykjaskóla í Hrútafirði 2.—3. sept. s. l., skorar á Alþingi að breyta skattalöggjöfinni þannig, að vinna nýbýlinga við byggingar og ræktunarframkvæmdir á nýbýlum verði ekki talin til skattskyldra tekna. — Bréf 2. nóv. (Db. 95.)

Ræktunarvegur á Stokkseyri. Fjmrn. sendir bréf atvmrn., dags. 27. sept., um ræktunarveg á Stokkseyri. — Bréf 8. nóv. (Db. 119.)

Ræstingarvinna. Forsrn. skrifar um hækkun á grunnkaupi við ræstingarvinnu. — Bréf 30. apríl. (Db. 743.)

Saga fiskverkunar og fiskmats hér á landi. Fiskmatsstjóri sendir ályktun, er samþykkt var 26. nóv. s. l. á sameiginlegum fundi kennara og nemenda við uppsögn fiskiðnaðarnámskeiðs sjávarútvegsmálaráðuneytisins. Í ályktuninni er skorað á Alþingi að fela Sveini Árnasyni, fyrrv. fiskmatsstjóra, að rita sögu fiskverkunar og fiskmats á Íslandi og veita nægilegt fé til þess. — Bréf 12. marz. (Db. 561.)

Sakadómarinn í Reykjavík. Sakadómari væntir þess, að fjvn. hverfi frá till. um lækkun launa við embættið. — Bréf 2. apríl. (Db. 668.) — Sjá einnig: Dómari í verðlagsmálum, Sjódómsmenn, Tillögur.

Sala á steinolíu. Atvmrn. sendir allshn. Nd. frv. til l. um sölu á steinolíu, hráolíu, benzíni og smurolíu og fer þess á leit, að nefndin flytji það á yfirstandandi þingi. — Bréf 2. febr. (Db. 390.)

Sala Hafnarness. Umsögn atvmrn. um frv. til l. um heimild fyrir ríkisstjórnina til að selja Hafnarhreppi þjóðjörðina Hafnarnes. — Bréf 21. marz. (Db. 589.)

Samábyrgð Íslands á fiskiskipum, sjá Trygging á skipum ríkisins 1—2, Vátryggingarfélög fyrir fiskiskip.

Samband austfirzkra kirkjukóra, sjá Söngskóli þjóðkirkjunnar 17.

Samband íslenzkra barnakennara, sjá Uppeldisfræðirannsóknir 3.

Samband íslenzkra berklasjúklinga, sjá: Bókasafn vinnuheimilisins að Reykjalundi, Vöruhappdrætti Sambands íslenzkra berklasjúklinga.

Samband ísl. karlakóra fer þess á leit, að sambandinu verði í fjárl. fyrir árið 1949 veittur 20 þús. kr. styrkur, að viðbættri verðlagsuppbót. — Bréf 29. nóv. (Db. 230.)
Samband íslenzkra samvinnufélaga, sjá: Innflutningur landbúnaðarvéla 7, Nautgriparækt í Þerney, Stjórn stærri kauptúna 2.
Samband skagfirzkra kirkjukóra, sjá Söngskóli þjóðkirkjunnar 14.
Samband ungra jafnaðarmanna, sjá Launamál opinberra starfsmanna 7.
Samband vestfirzkra kirkjukóra, sjá Söngskóli þjóðkirkjunnar 2.
Samgöngumálaráðuneytið, sjá: Aðstoðarmaður leiðsögumanns, Atvinna við siglingar 1, Bygging iðnskóla í Reykjavík 1, Flugmál 3, Hafnarbótasjóður, Hafnargerðir og lendingarbætur 13, Iðnfræðsla 5, Loftskeytamenn í Gufunesi og á Rjúpnahæð, Radíomiðunarstöð á Akranesi, Snjóbifreiðar frá Kanada, Tillögur, Veðurstofan 1—2, Vegamál 9—10.
Samkvæmistónleikar. Tónskáldafélag Íslands fer þess á leit, að Alþingi veiti í fjárl. fyrir árið 1949 að minnsta kosti kr. 2000.00 til hvers sendiráðs Íslands erlendis til samkvæmistónleika. — Bréf 25. okt. (Db. 81.)
Samvinnufélag útgerðarmanna í Neskaupstað, sjá Aðstoð við bátaútveginn 1.
Samvinnunefnd bindindismanna, sjá Áfengisbann 4.
Samvinnuskólinn, sjá Tillögur.
Sandgræðsla á Hólssandi, sjá Hefting sandfoks á Hólssandi.
Sandgræðsla í Landeyjum, sjá Landþurrkun í Landeyjum 3.
Sandgræðsla í Meðallandi.
1. Atvmrn. sendir fjvn. erindi sýslumannsins í Skaftafellssýslu, dags. 16. júlí, varðandi sandfokshættu og sandgræðslu í Meðallandi. — Bréf 10. nóv. (Db. 135.)
2. 15 bændur í Leiðvallahreppi fara þess á leit, að veitt verði í fjárl. 1949 fjárhæð sú, sem Jón Gíslason, þm. V.-Sk., fer fram á, að varið verði til sandgræðslu í Meðallandi. — Bréf í des. (Db. 289.)
3. Jón Gíslason, þm. V-Sk., fer þess á leit, að 150 þús. kr. verði veittar í fjárl. 1949 til sandgræðslu í Meðallandi. — Bréf 19. nóv. (Db. 172.)

Sandgræðslan. Fjmrn. leggur til, að fjárveiting til sandgræðslunnar verði í fjárl. fyrir árið 1949 hækkuð í 175 þús. kr. — Bréf 4. des. (Db. 244.) — Sjá einnig: Hefting sandfoks á Hólssandi, Landþurrkun í Landeyjum 3, Sandgræðsla í Meðallandi.
Sandholt, Þór, sjá Eignarnám á lóðum fyrir Menntaskólann í Reykjavík 2.
Sauðfjárveikivarnir. Sauðfjárveikivarnirnar fara fram á, að 340 þús. kr. verði veittar í fjárl. 1949 til fjárflutninga í sambandi við fjárskipti í Húnavatns- og Skagafjarðarsýslum, svo og að fjárveiting til sauðfjárveikivarna verði hækkuð um 150 þús. kr. vegna rannsókna og tilrauna. — Bréf 17. des. (Db. 323.) — Sjá einnig: Fjárskipti, Tillögur.
Sáttamenn í vinnudeilum, sjá Tillögur.
Scheving, Gunnlaugur, sjá Byggingarstyrkir listamanna 1.
Schrader, Harry Wilhelm, sjá Ríkisborgararéttur.
Sendiráð Dana í Reykjavík, sjá: Fjárhagsmál í Danmörku, Heimastjórn í Færeyjum.
Setuliðsbörn, sjá Meðlög með setuliðsbörnum.
Setu- og varadómarar, sjá Sjódómsmenn.
Sérleyfisbifreiðar póststjórnarinnar.
1. Gissur Þ. Eggertsson skrifar um flutninga á kostnað póststjórnarinnar á herskálum í einkaeign og telur það eina orsök lélegrar rekstrarafkomu á sérleyfisleiðum póststjórnarinnar. — Bréf 10. des. (Db. 784.)
2. Póst- og símamálastjóri sendir reikninga um rekstur fólksflutningabifreiða póststjórnarinnar á norðurleiðinni og Hafnarfjarðarleiðinni fyrir árið 1947 og frá 1. jan. til 31. okt. 1948. — Bréf 18. okt. (Db. 171.)

3. Póst- og símamálastjórnin sendir sundurliðun og greinargerð á áætlun um tekjur og gjöld áætlunarbifreiða póststjórnarinnar á leiðunum Reykjavík — Akureyri og Reykjavík — Hafnarfjörður. — Bréf ódags. (Db. 811.)
4. Póst- og símamálastjórnin svarar fyrirspurn fjvn. um kaup áætlunarbifreiða póststjórnarinnar á nokkrum hermannaskálum og flutning á þeim. — Bréflaust. (Db. 813.)
5. Póst- og símamálastjórnin svarar fyrirspurn fjvn. um sundurliðun á fé því, er póstsjóður hefur lánað sérleyfisbifreiðum póststjórnarinnar. — Bréf 29. marz. (Db. 814.)

Sérstakar fyrningarafskriftir, sjá Fyrningarafskriftir.
Sigfús Sigurhjartarson, 6. þm. Reykv., sjá: Áfengisbann, Innflutningsverzlun.
Sigurbjörn Einarsson, sjá: Atlantshafsbandalagið 13, Málshöfðunarleyfi gegn þingmanni.
Sigurður Bjarnason, þm. N.-Ísf., sjá: Hafnargerðir og lendingarbætur 18, 21, Vegalög, Vegamál 27.
Sigurður Guðnason, 8. þm. Reykv., sjá Afnám lögbindingar vísitölunnar.
Sigurður Kristjánsson, 5. þm. Reykv., sjá Almannatryggingar 4.
Sigurður Skúlason, sjá Framsagnarlist.
Sigurjón Pétursson, sjá: Atlantshafsbandalagið 14, Endurbygging klæðaverksmiðjunnar á Álafossi.
Sigursveinn D. Kristinsson, sjá Námsstyrkir 8.
Síldarbræðslan h/f, Seyðisfirði, fer fram á, að félaginu verði greiddar bætur úr ríkissjóði vegna tjóns við vinnslu Hvalfjarðarsíldar á síðastl. vetri. — Bréf 2. des. (Db. 252.)
Síldarbræðsluskipið Hæringur. Stjórn Síldarverksmiðja ríkisins sendir skýrslu Finnboga R. Þorvaldssonar verkfræðings um athugun á afgreiðslustöðum fyrir síldarbræðsluskipið Hæring. — Bréflaust. (Db. 400.)
Síldarmat ríkisins, sjá Tillögur.
Síldarverksmiðjur ríkisins senda afrit af bréfi til ríkisstjórnarinnar, þar sem farið er fram á, að áætlað tap á vinnslu vetrarsíldar 1947—48, kr. 3300000.00, verði greitt úr ríkissjóði. Þá fylgja bráðabirgðarekstraryfirlit yfir vinnslu síldar sumarið 1948 og veturinn 1947—48. — Bréf 11. febr. (Db. 651.) — Sjá einnig: Ábyrgð á láni vegna síldarflutninga, Bygging varðskips, Síldarbræðsluskipið Hæringur.
Símalagningar í sveitum. Aðalfundur búnaðarsambands Eyjafjarðar skorar á Alþingi að veita það mikla fjárhæð til símalagninga um sveitir landsins, að til verulegra úrbóta gæti orðið á næstu árum. — Bréf 16. febr. (Db. 454.)
Símamál, sjá Félag símstjóra, Landssíminn, Oddviti Grýtubakkahrepps, Póst- og símahús í Hrútafirði, Póst- og símamálastjóri, Símalagningar í sveitum, Símastöðin á Akureyri, Slysavarnafélag Íslands, Vegamál 12—13.
Símastöðin á Akureyri. Bæjarstjórn Akureyrar skorar á Alþingi að veita í fjárl. fyrir árið 1949 fé til kaupa á sjálfvirkri símastöð fyrir Akureyri. — Bréf 9. des. (Db. 309.)
Símon Jóh. Ágústsson, sjá Uppeldisfræðirannsóknir 1.
Sjávarútvegsmálaráðuneytið, sjá: Aðstoð til síldarútvegsmanna 3, Aðstoð við bátaútveginn 2, Fiskveiðar við Grænland.
Sjódómsmenn. Fjmrn. sendir bréf dómsmrn., dags. 10. ágúst, um fjárveitingar í fjárl. 1949 til: 1) saka- og lögreglumála 200 þús. kr., 2) sjódómsmanna 25 þús. kr., og 3) setu- og varadómara 100 þús. kr. — Bréf 8. nóv. (Db. 119.)
Sjómannadagsráð Reykjavíkur, sjá Sjómannadagurinn.
Sjómannadagurinn. Skemmtinefnd sjómannadagsráðs í Reykjavík fer fram á að fá afnot af svölum alþingishússins vegna hátíðahalda á sjómannadaginn 6. júní þ. á. — Bréf 3. maí. (Db. 5.)

Sjóminjasafn.
1. Menntmrn. sendir bréf þjóðminjavarðar, dags. 21. okt., um íslenzkt sjóminjasafn og bækling eftir Gils Guðmundsson um sama efni. — Bréf 9. des. (Db. 263.)
2. Umsögn Farmanna- og fiskimannasambands Íslands um till. til þál. um undirbúning að stofnun sjóminjasafns. — Bréf 10. des. (Db. 291.)
3. Umsögn Fiskifélags Íslands um sömu þáltill. — Bréf 16. febr. (Db. 451.)

Sjóvarnargarður á Álftanesi.
1. Atvmrn. sendir erindi vegamálastjóra, dags. 31. des., um sjóvarnargarð á Álftanesi, og fer fram á, að 100 þús. kr. verði veittar í fjárl. 1949 til þessa mannvirkis. — Bréf 4. jan. (Db. 334.)
2. Oddviti Bessastaðahrepps fer þess á leit, að veitt verði fé í fjárl. fyrir árið 1949 til sjóvarnargarðs á Álftanesi. — Bréf 21. nóv. (Db. 189.)

Sjóvarnargarður á Sauðárkróki. Jón Sigurðsson, 2. þm. Skagf., sendir símskeyti frá bæjarstjóranum á Sauðárkróki, þar sem sagt er, að bæjarstjórnin telji, að ríkissjóði beri að greiða allan kostnað við byggingu sjóvarnargarðs þar vegna þeirra mistaka, er orðið hafi við framkvæmd verksins. — Símskeyti 10. febr. (Db. 416.)

Sjóvarnargarður á Stokkseyri. Atvmrn. sendir erindi oddvita Stokkseyrarhrepps, dags. 3. nóv., þar sem þess er farið á leit, að 12 þús. kr. verði veittar í fjárl. 1949 til sjóvarnargarðs á Stokkseyri. — Bréf 9. des. (Db. 264.)

Sjóvarnargarður í Gerðahreppi.
1. Atvmrn. leggur til, að 40 þús. kr. verði veittar í fjárl. 1949 til sjóvarnargarðs í Gerðahreppi. — Bréf 11. marz. (Db. 564.)
2. Búnaðarfélag Gerðahrepps skorar á Alþingi að veita í fjárl. 1949 viðbótarstyrk til sjóvarnargarðs í Gerðahreppi. — Bréf ódags. (Db. 544.)
3. Hreppsnefnd Gerðahrepps fer fram á, að í fjárl. 1949 verði veittur viðbótarstyrkur til sjóvarnargarðs í Gerðahreppi. — Bréf 1. febr. (Db. 486.)

Sjóvarnargarður í Keflavík. Hreppsnefnd Keflavíkurhrepps fer þess á leit, að fé verði í fjárl. fyrir árið 1949 veitt til sjóvarnargarðs í Keflavík. — Bréf 4. des. (Db. 498.)

Sjóvátryggingarfélag Íslands h/f, sjá Aðstoð til síldarútvegsmanna 2.

Sjúkrahús o. fl. Umsögn landlæknis um frv. til l. um breyt. á l. nr. 33 12. febr. 1945, um breyt. á l. nr. 30 19. júní 1933, um sjúkrahús o. fl. — Bréf 2. des. (Db. 232.)

Sjúkrahúsið á Ísafirði.
1. Finnur Jónsson, þm. Ísaf., sendir Alþingi áskorun bæjarstjórnar Ísafjarðar um greiðslu á rekstrarhalla sjúkrahúss Ísafjarðar og styrk úr ríkissjóði til endurbóta á sjúkrahúsinu. — Bréf 11. nóv. (Db. 145.)
2. Finnur Jónsson, þm. Ísaf., sendir fjvn. áskorun bæjarstjórnar Ísafjarðar um greiðslu úr ríkissjóði á rekstrarhalla sjúkrahússins á Ísafirði og um styrk til endurbóta á sjúkrahúsinu. — Bréf 11. nóv. (Db. 144.)

Sjúkrahúsið á Patreksfirði.
1. Stjórnarnefnd sjúkrahússins á Patreksfirði fer þess á leit, að í fjárl. fyrir árið 1949 verði veittur hliðstæður styrkur til rekstrar sjúkrahússins þar og til sjúkrahúsanna á Sigluf. og í Vestm.eyjum. — Bréf 2. marz. (Db. 535.)
2. Sýslunefnd V-Barðastrandarsýslu fer þess á leit, að í fjárl. 1949 verði veittur 79 þús. kr. rekstrarstyrkur til sjúkrahússins á Patreksfirði. — Símskeyti 7. apríl. (Db. 709.)

Sjúkrahúsið Sólheimar.
1. Bjarni Bjarnason læknir skorar á Alþingi að undanþiggja sjúkrahúsið Sólheima í Reykjavík greiðslu skatta og útsvars. — Bréf 15. febr. (Db. 441.)
2. Fjmrn. sendir eftirrit af bréfi Bjarna Bjarnasonar læknis til Alþingis um eftirgjöf á sköttum og skattfrelsi sjúkrahússins Sólheimar. Ráðuneytið mælir með því, að Alþingi sinni beiðninni. — Bréf 23. febr. (Db. 510.)

Sjúkrastyrkir, sjá: Sjúkrastyrkur vegna utanfarar, Örorkubætur til Gunnars Kristins Guðmundssonar 1.

Sjúkrastyrkur vegna utanfarar.

1. Gísli Guðmundsson, fyrrv. alþm., fer fram á, að 15 þús. kr. verði veittar í fjárl. 1949 til þess að greiða helming sjúkra- og ferðakostnaðar fyrir Aðalstein Jónasson, tveggja ára dreng, sem nú dvelur í háskólasjúkrahúsinu í Fíladelfíu vegna bruna í hálsi. — Bréf 15. febr. (Db. 817.)
2. Gísli Guðmundsson, fyrrv. alþm., fer þess á leit fyrir hönd Jónasar Aðalsteinssonar, bónda á Brúarlandi í Þistilfirði, að í fjárl. 1949 verði veittur 10 þús. kr. sjúkrastyrkur vegna utanfarar Aðalsteins Jónassonar. — Bréf 24. nóv. (Db. 222.)
3. Umsögn landlæknis um erindi Gísla Guðmundssonar, fyrrv. alþm., dags. 24. nóv. 1948, þar sem hann sækir um 10 þús. kr. styrk úr ríkissjóði handa Jónasi Aðalsteinssyni, bónda á Brúarlandi í Þistilfirði, til að leita syni sínum læknishjálpar í Bandaríkjunum. — Bréf 2. febr. (Db. 391.)

Skallagrímur h/f.

1. Stjórn h/f Skallagríms fer fram á, að tap félagsins á v/s Víði árið 1947, kr. 150 þús., verði greitt úr ríkissjóði. — Bréf 24. jan. (Db. 365.)
2. Stjórn h/f Skallagríms sendir ýmsar samþykktir um rekstur v/s Laxfoss og þá erfiðleika, sem sú ákvörðun póststjórnarinnar að svipta skipið farþegum hafi í för með sér. — Bréf 23. jan. (Db. 364.)

Skattar og tollar, sjá: Aðflutningar til Keflavíkurflugvallar, Aðflutningsgjöld af tækjum og efnivörum til flugöryggisþjónustunnar, Atlantshafsbandalagið 7, Bifreiðaskattur, Dýrtíðarráðstafanir vegna atvinnuveganna, Endurgreiðsla aðflutningsgjalda af vélbátum, Endurgreiðsla tolls af sænskum timburhúsum, Ræktunarframkvæmdir á nýbýlum, Sjúkrahúsið Sólheimar, Skattfrelsi Eimskipafélags Íslands, Skattgreiðsla sjómanna, Skemmtanaskattur og þjóðleikhús.

Skattfrelsi, sjá: Ræktunarframkvæmdir á nýbýlum, Sjúkrahúsið Sólheimar.

Skattfrelsi Eimskipafélags Íslands. Eimskipafélag Íslands skorar á Alþingi að framlengja gildi l. nr. 33 7. maí 1928, um skattgreiðslu félagsins. — Bréf 13. okt. (Db. 39.)

Skattgreiðsla sjómanna. Stjórn Farmanna- og fiskimannasambands Íslands skorar á Alþingi að hlutast til um: 1) að tveggja ára laun hlutasjómanna verði lögð til grundvallar við skattálagningu, 2) að skattar verði almennt greiddir af kaupi eða launum jafnóðum, og 3) að skattstiginn verði almennt lækkaður eða að mönnum á fiskiflotanum verði ívilnað þegar tekjur þeirra eru komnar að vissu marki. — Bréf ódags. (Db. 220.)

Skattstofa Reykjavíkur, sjá Tillögur.

Skáksamband Íslands. Fjmrn. sendir fjvn. bréf menntmrn., dags. 15. okt., um hækkun á styrk til skáksambands Íslands úr kr. 3000.00 í kr. 5000.00. — Bréf 27. okt. (Db. 98.)

Skáldalaun, sjá Listamannalaun.

Skemmtanaskattur og þjóðleikhús. Umsögn stjórnar félagsheimilasjóðs um frv. til l. um bráðabirgðabreyt. á l. nr. 56/1927, um skemmtanaskatt og þjóðleikhús. — Bréf 5. maí. (Db. 777.)

Skemmtanir í sveitum, sjá Ölvun á skemmtunum í sveitum.

Skipaafgreiðsla í Vestmannaeyjum. Hraðfrystistöðin, Ísfélag Vestmannaeyja, Vinnslu- og sölumiðstöð fiskframleiðenda þar og stjórn Útvegsbændafélags Vestmannaeyja fara þess á leit, að allshn. Ed. leggi til, að fram komið frv. um einkaleyfi fyrir bæjarstjórn Vestmannaeyja til skipaafgreiðslu í Vestmannaeyjum verði fellt. — Bréf 9. nóv. (Db. 150.)

Skipaskoðunarstjóri, sjá: Atvinna við siglingar 6, Tillögur.

Skipasmíðastöð Austurlands, sjá Bygging vélskipa.

Skipasmíðastöð Siglufjarðar, sjá Bygging vélskipa.

Skipaútgerð ríkisins, sjá: Aðstoð varðskipanna við fiskiskip, Flóabátaferðir 7—8, Helicopterflugvélar 1, Landhelgisgæzlan 1, 4—5, Strandferðir, Tillögur.

Skipbrotsmannaskýli. Slysavarnafélag Íslands fer þess á leit, að það verði undanþegið greiðslu á tolli af tveimur bátum, er félaginu voru gefnir á s. l. sumri, til flutninga á vistum og öðrum nauðsynjum til skipbrotsmannaskýlanna við Hvalsíki og Veiðiós í V.-Skaftafellssýslu. — Bréf 26. nóv. (Db. 205.)

Skipstjórafélag Íslands, sjá Consol-radioviti.

Skipulag bæja og sveita. Bæjarstjórinn á Akranesi sendir ályktun bæjarstjórnar, þar sem skorað er á Alþingi að láta sem fyrst fara fram athugun á því, hvort ekki sé unnt að auðvelda bæjar- og sveitarfélögum framkvæmd skipulagningar bæja og sveita. — Bréf 4. des. (Db. 248.)

Skipulag kaupstaða og kauptúna. Umsögn verkfræðingafélags Íslands um frv. til l. um skipulag kaupstaða og kauptúna. — Bréf 25. febr. (Db. 504.)

Skipulagsnefnd prestssetra, sjá Byggingar á prestssetrum 2.

Skipulagsstjóri, sjá Eignarnám á lóðum fyrir Menntaskólann í Reykjavík 1.

Skipun læknishéraða, sjá Heilbrigðisnefndir og heilbrigðissamþykktir.

Skíðasamband Íslands, sjá Slysatrygging íþróttamanna 2.

Skógrækt ríkisins, sjá Tillögur.

Skógræktarfélag Íslands. Fjmrn. sendir bréf Skógræktarfélags Íslands, dags. 13. sept., um styrk úr ríkissjóði til félagsins og girðinga um skógarreiti. — Bréf 8. nóv. (Db. 119.)

Skógræktarfélag Skagfirðinga, sjá Héraðsskógræktarfélög.

Skólabyggingar.

1. Fræðslumálastjóri gerir grein fyrir nauðsynlegum fjárveitingum í fjárl. 1949 til byggingar barnaskóla, gagnfræðaskóla, héraðsskóla og húsmæðraskóla. — Bréf 18. febr. (Db. 792.)
2. Fræðslumálastjóri sendir áætlun um greiðsluþörf til skólabygginga árið 1949. — Bréflaust. (Db. 791.)

Skólafélag vélskólans, sjá Atvinna við siglingar 7.

Skólaíþróttir, sjá Handbækur í skólaíþróttum.

Skólamálanefnd, sjá Menntaskólar 2.

Skólanefnd Lýtingsstaðahrepps, sjá Rafmagnsveitur í Skagafirði.

Skólanefnd Nesskóla, sjá Eftirlaun og styrktarfé 22.

Skólaráð húsmæðraskólans að Laugum, sjá Vegamál 14.

Skrúðgarðurinn við alþingishúsið. Stjórn Fegrunarfélags Reykjavíkur fer þess á leit við forseta Alþingis, að skrúðgarðurinn við alþingishúsið verði opnaður fyrir almenning. — Bréf 29. nóv. (Db. 212.)

Skuldaskilasjóður vélbátaeigenda, sjá Tillögur.

Skurðgröfur, sjá Landþurrkun í Landeyjum 1—2.

Skúli Guðmundsson, þm. V.-Húnv., sjá: Hafnargerðir og lendingarbætur 11, Innflutningsverzlun, Útrýming minka 1, Vegamál 33.

Skylduvinna við framleiðslustörf, sjá Framleiðslustörf.

Skömmtun.

1. Aðalfundur Kaupfélags Reykjavíkur og nágrennis skorar á Alþingi að afnema alla skömmtun sem fyrst og þá fyrst og fremst skömmtun á lífsnauðsynjum almennings. — Bréf 9. maí. (Db. 760.)
2. Fulltrúafundur Kaupfélags Reykjavíkur og nágrennis skorar á Alþingi að gera þessar breytingar á skömmtunarkerfinu: 1) að veita aukaskammt af kornvöru og sykri, en afnema skömmtun þeirra vara um næstu áramót, 2) að auka verulega kaffiskammt til fullorðinna manna, 3) að rýra ekki vefnaðarvöru- og búsáhaldaskammt frá því sem fyrirhugað var á fyrri árshelmingi 1948. — Bréf 27. okt. (Db. 85.)
3. Páll Þorsteinsson, þm. A-Sk., og Ásmundur Sigurðsson, 8. landsk. þm., senda

ályktanir fulltrúafundar bænda í A.-Skaftafellssýslu um skömmtun á vörum og kostnað við rekstur ríkisins. — Bréflaust. (Db. 548.)
Skömmtunarseðlar, sjá Innflutningsverzlun.
Sléttu- og Grunnavíkurhreppur, sjá Bjargráðaráðstafanir í Sléttu- og Grunnavíkurhreppum.
Slysatrygging íþróttamanna.
1. Íþróttasamband Íslands skorar á Alþingi að breyta lögum um almannatryggingar þannig, að íþróttamenn verði slysatryggðir eins og gert var ráð fyrir í frv. því, er Hermann Guðmundsson, 11. landsk. þm., flutti um það efni á síðasta Alþingi. — Bréf 19. okt. (Db. 65.)
2. Stjórn skíðasambands Íslands skorar á Alþingi að samþykkja frv. Hermanns Guðmundssonar, 11. landsk. þm., um breyt. á l. nr. 50 7. maí 1946, um almannatryggingar, þess efnis, að íþróttamenn verði slysatryggðir. — Bréf 22. febr. (Db. 485.) — Sjá einnig Almannatryggingar.

Slysavarnafélag Íslands mælir með því, að í fjárl. 1949 verði veitt fé til lagningar talsíma frá Grenivík að Svínárnesi í Grýtubakkahreppi. — Bréf 9. febr. (Db. 417.) — Sjá einnig: Eftirlaun og styrktarfé 17, Oddviti Grýtubakkahrepps. Skipbrotsmannaskýli, Vegamál 29.

Snjóbifreiðar frá Kanada.
1. Samgmrn. sendir bréf vegamálastjóra, dags. 27. apríl, um 80 þús. kr. fjárveitingu í fjárl. 1949 til kaupa á tveim snjóbifreiðum frá Kanada. — Bréf 29. apríl. (Db. 731.)
2. Samgmrn. sendir erindi vegamálastjóra, dags. 25. febr., um kaup á tveim snjóbifreiðum frá Kanada. — Bréf 6. apríl. (Db. 673.)

Snorrastyttan í Bergen.
1. Norska Snorranefndin býður Alþingi að senda fulltrúa til að vera við afhjúpun Snorrastyttunnar í Bergen 23. júní þ. á. — Símskeyti 28. maí. (Db. 9.)
2. Norska Snorranefndin býður Alþingi að senda fulltrúa til að vera við afhjúpun Snorrastyttunnar í Bergen 23. júní þ. á. — Bréf 27. apríl og 28. maí. (Db. 10, 11).

Sóknarnefnd Stafholtssóknar, sjá Stafholtskirkja.
Sósíalistafélögin í Reykjavík, sjá Atlantshafsbandalagið 8.
Staðarfell í Dalasýslu, sjá Byggingar á prestssetrum 8.
Staðarhólsvegur, sjá Vegamál 15.
Stafholtskirkja. Sóknarnefnd Stafholtssóknar fer fram á, að 35 þús. kr. verði veittar í fjárl. fyrir árið 1949 til viðgerðar á Stafholtskirkju. — Bréf 22. febr. (Db. 497.)
Stangeland, Arne, sjá Ríkisborgararéttur.
Starfsmannafélag ríkisstofnana, sjá Launamál opinberra starfsmanna 4.
Starfsmenn á skrifstofu ríkisféhirðis, sjá Ríkisféhirðir.
Steingrímur Steinþórsson, 1. þm. Skagf., sjá: Innflutningsverzlun, Lax- og silungsveiði, Þingmenn Skagfirðinga.
Stéttarfélag barnakennara í Reykjavík, sjá Afnám lögbindingar vísitölunnar 4.
Stéttarfélög og vinnudeilur, sjá: Afnám lögbindingar vísitölunnar 3, Hlutfallskosningar í verkalýðsfélögum.
Stéttarsamband bænda, sjá: Almannatryggingar 1, Ræktunarframkvæmdir á nýbýlum.
Stíflugarður í ós Bessastaðatjarnar. Forsrn. leggur til, að ríkisstjórninni verði í fjárl. 1949 heimilað að verja allt að 300 þús. kr. til stíflugarðs í ós Bessastaðatjarnar. — Bréf 24. febr. (Db. 502.)
Stjórn stærri kauptúna.
1. Umsögn félmrn. um till. til þál. um undirbúning löggjafar um stjórn stærri kauptúna. — Bréf 3. des. (Db. 231.)
2. Umsögn sambands ísl. sveitarfélaga um sömu þáltill. — Bréf 9. des. (Db. 270.)

Stjórnarráðið. Fjmrn. gerir grein fyrir hækkun þeirri, sem orðið hefur í frv. til fjárl. fyrir árið 1949 á fjárv. til stjórnarráðsins frá tilsvarandi fjárv. í fjárl. þessa árs. — Bréf 10. nóv. (Db. 122.) — Sjá einnig Tillögur.

Stofnlánadeild sjávarútvegsins.

1. Aðalfundur landssambands ísl. útvegsmanna skorar á Alþingi og ríkisstjórn að leggja fram til stofnlánadeildar sjávarútvegsins nægilegt fé til þess að fullnægja lánaþörf sjávarútvegsins. — Bréf 4. nóv. (Db. 109.)
2. Umsögn Landsbanka Íslands um frv. til l. um breyt. á l. nr. 41 1946, um stofnlánadeild sjávarútvegsins við Landsbanka Íslands. — Bréf 22. marz. (Db. 599.)

— Sjá einnig Fiskiðjuver ríkisins 4.

Stortingsbiblioteket sendir skrá um tímarit safnsins. — Bréflaust. (Db. 8.)

Stóríbúðaskattur, sjá Húsaleiga 1.

Stórstúka Íslands. Dómsmrn. leggur til, að Stórstúku Íslands verði veittur 170 þús. kr. styrkur í fjárl. fyrir árið 1949. — Bréf 24. nóv. (Db. 193.) — Sjá einnig Bindindisstarfsemi 4.

Strandferðir.

1. Skipaútgerð ríkisins sendir greinargerð um fjárhagsáætlun fyrir strandferðirnar á árinu 1949. — Bréf 6. des. (Db. 257.)
2. Skipaútgerð ríkisins sendir rekstraryfirlit fyrir strandferðirnar á tímabilinu frá 1. jan. til 31. okt. þ. á. — Bréf 15. des. (Db. 292.)

— Sjá einnig Landhelgisgæzlan 5.

Stúdentamót, sjá Norrænt stúdentamót.

Stúdentaráð Háskóla Íslands, sjá Styrkur til háskólastúdenta.

Stúkan Bára í Vestmannaeyjum, sjá Áfengisbann 5.

Stukan Borg í Borgarnesi, sjá Áfengisbann 6.

Stúkan Brynja á Akureyri, sjá Áfengisbann 7.

Stúkan Dagrún, sjá Áfengisbann 8.

Stúkan Daníelsher í Hafnarfirði, sjá Áfengisbann 9.

Stúkan Einingin í Reykjavík, sjá Áfengisbann 10.

Stúkan Framtíðin, sjá: Afnám sérréttinda í áfengiskaupum, Afnám vínveitinga í opinberum veizlum 3, Áfengisbann 11.

Stúkan Freyja í Reykjavík, sjá Áfengisbann 12.

Stúkan Frón í Reykjavík, sjá Áfengisbann 13.

Stúkan Gleym mér eigi á Sauðárkróki, sjá Áfengisbann 14.

Stúkan Harpa í Bolungavík, sjá Áfengisbann 15—17.

Stúkan Íþaka í Reykjavík, sjá Áfengisbann 18.

Stúkan Minerva, sjá Áfengisbann 19.

Stúkan Straumhvörf á Flateyri, sjá Áfengisbann 20.

Stúkan Sunna í Vestmannaeyjum, sjá Áfengisbann 21.

Stúkan Verðandi í Reykjavík, sjá Áfengisbann 22.

Stúkan Vík í Keflavík, sjá Áfengisbann 23.

Stúkan Víkingur, sjá Áfengisbann 24.

Styrktarsjóður verkamanna- og sjómannafélaganna í Reykjavík. Stjórn styrktarsjóðs verkamanna- og sjómannafélaganna í Reykjavík sendir reikning og skýrslu um starfsemi sjóðsins fyrir árið 1948. — Bréf 9. marz. (Db. 605 og 606.)

Styrkur til háskólastúdenta. Stúdentaráð Háskóla Íslands fer þess á leit, að styrkur til háskólastúdenta verði í fjárl. 1949 hækkaður í 356 þús. kr. — Bréf 15. des. (Db. 305.)

Stýrimannaskólinn, sjá Tillögur.

Sumarvegur um Fjallabaksleið, sjá Fjallabaksleið.

Súðin, sjá Fiskveiðar við Grænland.

Súsanna Þórðardóttir, sjá Ríkisborgararéttur.

Svavar Guðnason, sjá Byggingarstyrkir listamanna 2.

Sveinafélag húsgagnasmiða, sjá Atlantshafsbandalagið 10.
